Alþingi 1952.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1952, miðvikudaginn 1. október, var sjötugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það 55. aðalþing í röðinni, en 87. samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Eiríkur J. Eiríksson steig í stólinn og lagði út af Mark. 12. kap. 10.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
8. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
9. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
10. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
11. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
12. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
13. Gísli Jónsson, þm. Barð.
14. Guðmundur Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm.
15. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
16. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
17. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
18. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
19. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
20. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
21. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
22. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
23. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
24. Jónas Rafnar, þm. Ak.
25. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
26. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
27. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
28. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
29. Ólafur Thors, þm. G-K.
30. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
31. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
32. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
33. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
34. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
35. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
36. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
37. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
38. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
39. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
40. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
41. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi. Enn fremur voru á fundi Magnús Jónsson, 2. (vara)-þm. Eyf., og Magnús Kjartansson, 1. landsk. (vara)þm.

Ókomnir til þings voru:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
3. Hannibal Valdimarsson, þm. Ísaf.
4. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
5. Hermann Jónasson, þm. Str.
6. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
7. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
8. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
9. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
10. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
11. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 4. september s. l. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum 4. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

Steingrímur Steinþórsson.

Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1952."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú 1022 ár. Frá því er Alþingi var endurreist og kom saman *af nýju* fyrir 107 árum, er þetta 87. samkoma þess, en frá því að það fékk aftur löggjafarvald fyrir 78 árum, er þetta þing hið 72. í röðinni, en 55. aðalþing.

Alþingi á langa sögu og er samgróið landi og þjóð. Í því speglast örlög þjóðarinnar á hverjum tíma. Vegur þess var mikill á tímum hins forna þjóðveldis. Það veslaðist upp á tímum niðurlægingarinnar. Á vorum dögum hefur þjóðin tekið miklum stakkaskiptum og Alþingi að sama skapi. Ég er þakklátur fyrir að hafa átt hér sæti nærfellt þrjá áratugi og fylgzt með þróuninni. Ég skal hvorki rekja atburði né löggjöf, en þeir, sem vilja kynna sér muninn á störfum og viðfangsefnum, sjá hann skýrast með því að bera saman fjárlög, sem nú gilda, við gömul fjárlög. Ég á ekki við „sparneytni" fortíðarinnar né „bruðl" nútímans, sem stundum er talað um, heldur á ég við hinn mikla uppgang í atvinnulífi þjóðarinnar og vöxt í viðfangsefnum Alþingis. Eftir hina fyrri styrjöld var vorkunn þó að margir héldu, að unnt væri að snúa til baka inn á forna troðninga, en nú eftir hina síðari styrjöld kemur það engum til hugar. Hvort eð mönnum fellur það betur eða verr, þá verður að halda áfram og troða nýjar slóðir, sinna nýjum skyldum og viðfangsefnum. Verðlag, fjárfesting, uppgrip og óáran, vinnudeilur, atvinna, markaðir og landvarnir; allt kemur þetta til kasta löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Um úrræði og leiðir má lengi deila, en hitt er viðurkennt af öllum, að hagur almennings, afkoma þjóðarinnar og öryggi er viðfangsefni þings og stjórnar. Á þessu ári, sem nú stendur yfir, er ýmsum erfiðleikum að mæta, og vafalaust er bezt þegið og mest metið, ef þing og stjórn snúast við þeim öndverðum, þó að framorðið sé kjörtímabilsins. Um það skal ég þó ekki ræða nánar; forseti hefur ekkert frumkvæði í löggjöf. En breyttum tímum sem þessum fylgir oft mikill ágreiningur og átök um það, hvernig skuli taka á viðfangsefnunum og samræma frjálsræði og íhlutun.

Á Alþingi hvílir mikil ábyrgð, og það sætir oft hörðum dómum. Um Alþingi verður aldrei fullur friður. Það mun jafnan hljóta ómælt lof og last, eftir því hverjir með völdin fara og hverjir dæma. Sjálft á Alþingi formælendur fáa, nema á stórhátíðum. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt. Á Alþingi heyr þjóðin sitt hagsmuna- og hugsjónastríð. Kosningar og flokkaskipting er sú borgun, sem vér greiðum fyrir afnám hnefaréttarins. Þarfirnar segja til sín um land allt og í öllum stéttum. Flokkar semja sér stefnuskrár og bræða þær saman í stjórnarsamvinnu. Svo kemur veruleikinn máske og takmarkar getuna. Það hendir jafnvel þingmenn, án þess að sé um að sakast, og ríkisstjórnir að þurfa stundum að gera fleira en gott þykir og annað en vonir stóðu til. En hvað sem því líður, þá er allt þetta framför og hámenning, borið saman við það, þegar höfðingjar kölluðu menn frá vinnu um hábjargræðistímann og fóru um héruð fylktu liði, drepandi, eyðandi og étandi upp búfé bænda á Sturlungaöld.

Ég sagði áðan, að ég væri þakklátur fyrir að hafa átt sæti á Alþingi um langt skeið. Það er ekki einungis vegna þess, að þar er gott að fylgjast vel með því, hvað gerist í löggjöf og þjóðmálum, heldur einnig hinu, hvernig það gerist. Ég segi það umbúðalaust, að þingmenn eru heiðarlegir menn og áhugasamir um að láta gott af sér leiða. Á Alþingi þróast engin spilling, sem ekki gætir eins á öðrum sviðum mannlegs samstarfs. Flokkar lúta að vísu að sumu leyti öðrum lögmálum en einstaklingar, hver út af fyrir sig, en bæði flokkar og einstakir þingmenn hafa sinn metnað, sem getur verið hvort tveggja, heilbrigður og óhóflegur. Það mætti miklu góðu koma til leiðar, ef ofmetnaður truflaði aldrei almenningsheill. Lýðræðinu er hætta búin, þegar harðstjórn og einræði ná tökum á flokkum. Þeirra er ekki sízt skyldan að vera demókratiskir, ef þjóðfélagið á að vera það í heild.

Hættur lýðræðisins eru hemlaðar með ýmsu móti, en þó mest af vakandi áhuga hinna almennu kjósenda. Á Alþingi sitja fulltrúar allra héraða, þaulkunnugir mönnum og málefnum um land allt. Í nefndarstörfum njóta margir sín bezt, því að þar njóta oft málavextir sín bezt í samtölum við samningaborð.

Alþingi og ríkisstjórn hefur sér til ráðuneytis margar stofnanir og sérfræðinga í öllum málefnum stétta og atvinnuvega. Stjórnarkerfið hefur vaxið með viðfangsefnunum. Alþingi nýtur því hinnar beztu sérþekkingar, sem völ er á, eftir því sem hver vill færa sér það í nyt. En stefnan sjálf og niðurröðun hinna einstöku atriða í heildarkerfinu verður jafnan ákveðin á Alþingi sjálfu af stjórnmálamönnum, sem á síðan sæta dómi sögunnar.

Ég nota þetta tækifæri til að þakka gömlum samstarfsmönnum á Alþingi, þakka þeim samstarf, öllum góða viðkynningu og mörgum vináttu. Í þeirra félagsskap hef ég fengið rökstudda trú á stjórnskipulagi voru í aðaldráttum og hæfileikum þjóðarinnar til að búa við það. Það er ekkert skipulag einhlítt, nema mannlegur þroski svari til þess, og stendur þó hvort tveggja til bóta. Alþingi er dýrmætur þjóðararfur. Það er, eins og Jón Sigurðsson segir, „eins konar þjóðskóli landsmanna til að venja þá á að hugsa og tala með greind og þekkingu um málefni þau, sem alla varða," og markmiðið er farsæld þjóðarinnar.

Að svo mæltu árna ég Alþingi allra heilla í

störfum sínum og bið alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson, mælti: „Lifi Ísland.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til er kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram.

Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum, en aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (JörB): Háttvirtu alþingismenn. Ég mun hefja mál mitt með því að flytja hér nokkur minningarorð um hinn ágætasta mann, herra Svein Björnsson, forseta Íslands, sem andaðist hér í sjúkrahúsi aðfaranótt 25. janúar s. l., eða nóttina eftir að síðasta þingi var slitið. Hann var, eins og kunnugt er, ekki heilsuhraustur hin síðustu árin, en andlát hans bar þó óvænt að og varð íslenzku þjóðinni mikið hryggðarefni, svo almennri virðingu og vinsældum sem hann átti að fagna sem æðsti valdsmaður landsins í rúman áratug og fyrsti forseti hins íslenzka lýðveldis.

Sveinn Björnsson fæddist í Kaupmannahöfn 27. febr. 1881 og skorti því rúman mánuð á 71 ár, þegar hann lézt. Faðir hans var hinn þjóðkunni maður Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar og síðar ráðherra Íslands, sonur Jóns bónda í Djúpadal í Gufudalssveit Jónssonar bónda s. st. Arasonar, en móðir forsetans, kona Björns ritstjóra, var Elísabet Sveinsdóttir prests, síðast á Staðastað, Níelssonar bónda á Kleifum í Gilsfirði Sturlaugssonar.

Sveinn Björnsson ólst upp í Reykjavík hjá foreldrum sínum, í andrúmslofti stjórnmála og þjóðlegra fræða. Á því öndvegisheimili kynntist hann snemma baráttu þjóðarinnar fyrir frelsi sínu, og mun hann þá þegar hafa drukkið í sig þá stefnu, er hann markaði sér, þegar hann náði þroskaaldri, að vinna að því að rétta þjóðina úr kútnum, bæði stjórnarfarslega og efnahagslega. Hann gekk menntaveginn, lauk stúdentsprófi í Reykjavík árið 1900 og lögfræðiprófi í Kaupmannahöfn 1907, sneri þá heim til Íslands og lagði stund á lögfræðistörf, var málflutningsmaður við landsyfirdóminn frá 1907 til 1920 og varð hæstaréttarlögmaður 1920. En á því ári var hann skipaður sendiherra í Kaupmannahöfn, hinn fyrsti sendiherra Íslands erlendis. Fellt var niður í bili 1924 í sparnaðarskyni að hafa sendiherra í Danmörku, og tók Sveinn Björnsson þá við fyrri störfum sínum hér heima. En tveim árum síðar var honum aftur falið sendiherraembættið, og gegndi hann því síðan óslitið þar til sambandið rofnaði við Danmörku 1940 vegna heimsstyrjaldarinnar. Á því ári hvarf hann heim til Íslands og gerðist ráðunautur ríkisstjórnarinnar um skipun utanríkismála o. fl. til 17. júní 1941, er hann var kjörinn ríkisstjóri Íslands. Á árunum 1942 og 1943 var hann endurkosinn ríkisstjóri, en 17. júní 1944, þegar lýðveldið Ísland var sett á stofn að Lögbergi, kaus sameinað Alþingi hann fyrsta forseta þess. Við þjóðkjör forseta Íslands árið eftir, 1945, var hann einn í kjöri og varð því sjálfkjörinn, og svo fór einnig að loknu kjörtímabili forseta fjórum árum síðar, 1949, að hann varð sjálfkjörinn. Þegar hann lézt, átti hann eftir um 1½ ár af síðara kjörtímabili sínu sem þjóðkjörinn forseti.

Eftir heimkomu sína frá námi tók Sveinn Björnsson brátt að gefa sig að fjölmörgum þjóðmálum, sem til framfara horfðu og viðreisnar í efnahagsmálum landsins, og ávann sér þegar hið mesta traust fyrir skipulagsgáfu, glöggskyggni, atorku, góðvild og þýðleik í samvinnu. Hann braut upp á ýmsum markverðum nýjungum, var einn af aðalhvatamönnum að stofnun fjölmargra félaga og fyrirtækja, sem of langt yrði hér upp að telja, og átti sæti í stjórn flestra þeirra meðan hann var búsettur hérlendis. Hér skulu aðeins fá ein nefnd. Hann átti mjög mikinn þátt í stofnun Eimskipafélags Íslands og var fyrsti formaður þess, eða frá 1914 til 1920, er hann fluttist af landi burt, tók síðan aftur við formennskunni, er hann kom heim 1924, og hélt henni þar til hann tók við sendiherraembætti af nýju 1926. Þá vil ég nefna Sjóvátryggingarfélag Íslands, en í stjórn þess átti hann sæti á sömu árum, hlutafélagið Hamar, hið íslenzka flugfélag og Rauðakross Íslands. Í bæjarstjórn Reykjavíkur átti hann sæti 1912—1920 og var fyrsti þingmaður Reykvíkinga á þrem þingum, 1914—1915 og 1920. Á árunum 1916—1920 og 1924—1926 var hann forstjóri Brunabótafélags Íslands. Hann var kosinn í velferðarnefnd 1914 og 1915 og var formaður milliþinganefndar í bankamálum 1925.

Það var almannarómur, þegar Sveinn Björnsson var skipaður fyrsti sendiherra landsins erlendis, að við hefðum ekki átt kost á hæfari manni í þá trúnaðarstöðu. Kom þar til kunnugleiki hans á atvinnuháttum landsmanna á flestum sviðum, þjóðhollusta, háttvísi og ljúfmennska. Það er og almælt, að hann hafi gegnt því starfi af mikilli prýði og notið þar jafnt vinsælda hjá báðum þjóðunum, Íslendingum og Dönum. Með báðum þjóðum fór orð af frábærri gestrisni hans og greiðasemi. Þegar til þurfti að taka, hélt hann á málstað lands síns með festu og lagni. Ríkisstjórn Íslands fól honum margsinnis formennsku sendinefnda um viðskiptasamninga við ýmis lönd í álfunni, og kom þar mjög að notum þekking hans og samningalipurð.

Þjóðinni var það mikið happ að eiga slíkan mann sem Sveinn Björnsson var, þegar hún skyldi kjósa sér ríkisstjóra og síðar forseta. Enginn innlendur maður hafði slíka reynslu sem hann til þess að móta störf þjóðhöfðingjans og gera embættið virðulegt. Aðsetur það, er hann og hin ágæta frú hans bjuggu embættinu á Bessastöðum, mun lengi bera vitni um smekkvísi þeirra og híbýlaprýði, jafnt fyrir sjónum erlendra manna sem innlendra.

Fyrirmennska, samfara alúð og látleysi, einkenndi Svein Björnsson forseta, hvar sem hann fór. Hann var einlægur ættjarðarvinur og bar mjög fyrir brjósti hag þjóðarinnar. Dyggur þjónn hennar vildi hann vera — og var. Því er hann Íslendingum harmdauði, og þeir munu geyma nafn hans á sögusþjöldum sínum í aldir fram og tengja það lokasigrinum í frelsisbaráttu sinni, endurreisn hins íslenzka lýðveldis.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu hins látna forseta virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Þá vil ég minnast annars fyrrv. þingmanns, sem látizt hefur milli þinga, Sigfúsar Sigurhjartarsonar. Hann varð bráðkvaddur hér í bænum hinn 15 marz s. l. og var þá fyrir skömmu heim kominn úr ferð, er hann fór til Ráðstjórnarríkjanna sér til heilsubótar, og tekinn til starfa af nýju.

Sigfús Annes Sigurhjartarson varð ekki nema rúmlega fimmtugur að aldri, fæddur 6. febr. 1902 á Urðum í Svarfaðardal. Foreldrar hans voru þau Sigurhjörtur bóndi á Urðum Jóhannesson bónda í Grýtu í Höfðahverfi Halldórssonar og seinni kona hans Sigríður Friðrikka Sigurðardóttir bónda á Draflastöðum í Fnjóskadal Þorsteinssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1920 og stúdentsprófi í Reykjavík 1924, hóf guðfræðinám í háskólanum hér og varð kandídat í þeirri grein 1928. Þegar á háskólaárum sínum og á næsta áratug að loknu embættisprófi stundaði hann kennslustörf í Reykjavík, og á árunum 1928—1938 var hann kennari í Gagnfræðaskóla Reykvíkinga. Samhliða kennslustörfunum tók hann brátt að gefa sig að almennum málum, hneigðist snemma að jafnaðarstefnunni og tók upp baráttu fyrir bættum kjörum verkamanna og allrar alþýðu, var blaðamaður við Alþýðublaðið 1934—1937, einn af stofnendum Sameiningarflokks alþýðu — sósialistaflokksins 1938, ritstjóri Nýs lands á því ári og Þjóðviljans á árunum 1938—1946. Varð hann á skömmum tíma einn af forustumönnum þess flokks og sá þeirra, er flokkurinn setti hvað mest traust á og sótti mjög undir ráð og tillögur. Margvísleg trúnaðarstörf voru honum falin. Hann var yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna 1934—1936, formaður útvarpsráðs 1935—1939, formaður milliþinganefndar til undirbúnings löggjafar um alþýðutryggingar 1935, átti sæti í milliþinganefnd, er skipuð var 1944 til þess að endurskoða fræðslulöggjöf landsins, og sat í tryggingaráði 1935—1939 og aftur frá 1946 til dauðadags. Á Alþingi átti hann sæti á 9 þingum, fyrst sem landskjörinn þingmaður á sumarþingi 1942 og síðan sem þingmaður Reykvíkinga frá haustþingi s. á. til 1949, og bæjarfulltrúi Reykjavíkur var hann frá 1942 til æviloka.

Áfengisbindindi varð honum ungum hjartfólgið mál, og vann hann mikið starf í góðtemplarareglunni. 29 ára gamall var hann kosinn stórtemplar og gegndi því embætti frá 1931 til 1934. Þá lét hann sig og mjög skipta samvinnu á verzlunarsviðinu og var í stjórn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis síðustu 12 árin, sem hann lifði. Formennsku stjórnarinnar hafði hann á hendi frá 1945.

Sigfús Sigurhjartarson var maður mjög vel gefinn og vel að sér, ötull og vinnusamur, að hverju sem hann gekk, prýðilega máli farinn og ritfær, einarður og fylginn sér, en þó þýður í viðmóti og samvinnu. Hann var fljótur að átta sig á hverju máli, og honum var einkar sýnt um að setja skoðanir sínar skipulega fram, þótt hann talaði að jafnaði blaðalaust. Ég hygg, að þeir, sem af honum höfðu kynni, séu á einu máli um, að hann hafi trúað fastlega á þann málstað, sem hann barðist einkum fyrir, gerbreytingu á þjóðfélagsskipun, og hitt er jafnvíst, að hann lagði sig allan fram því máli til gengis og öðrum áhugamálum sínum og gat verið andstæðingum sínum þungur í skauti á málþingum. Samherjar hans eiga á bak að sjá öruggum og ótrauðum liðsmanni, þar sem hann var.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að minnast þessi mikilhæfa manns með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað til næsta dags.

Fimmtudaginn 2. okt., kl. 1.30 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Þessir þingmenn voru nú til þings komnir, auk þeirra, sem áður eru taldir:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Hannibal Valdimarsson, þm. Ísaf.
3. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
4. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
5. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.

Allir þingmenn, sem til þings voru komnir, voru á fundi.

Þingmennskuafsal. — Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (JörB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Ísafirði, 22. maí 1952.

Þar sem ég hef tekið að mér að vera í kjöri fyrir Alþýðuflokkinn við aukakosningu þá til Alþingis, sem fram á að fara í Ísafjarðarkaupstað þann 15. júní n. k., leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, herra forseti sameinaðs Alþingis, að ég legg niður umboð mitt sem 6. landskjörinn þingmaður frá og með deginum í dag að telja.

Jafnframt óska ég þess, að þessi ákvörðun mín verði tilkynnt 1. varamanni Alþýðuflokksins, herra Guðmundi Í. Guðmundssyni sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Hafnarfirði, svo að hann geti þegar tekið sæti mitt á Alþingi.

Mér er fullvel ljóst, að það samrýmist að vísu bæði lögum og venjum, að þingmaður sé í framboði í aukakosningu til Alþingis, án þess að segja af sér þingmennsku, en ég óska ekki að eiga sæti á næsta Alþingi, nái ég ekki kosningu á Ísafirði þann 15. júní.

Samrit af þessu bréfi mínu til yðar, herra forseti, hef ég jafnframt sent hæstvirtum forsætisráðherra, formanni landskjörsnefndar og formanni Alþýðuflokksins.

Virðingarfyllst,

Hannibal Valdimarsson."

Þá hefur borizt svo hljóðandi skeyti:

„Kem ekki til Alþingis að svo stöddu sökum vanheilsu. Óska varamaður minn taki sætið fyrst um sinn.

Stefán Stefánsson."

Enn fremur hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Með því að herra alþingismaður Brynjólfur Bjarnason dvelur erlendis næstu mánuði til lækninga, hefur hann óskað þess, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til

Alþingis, að varamaður, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

F. h. Sameiningarflokks alþýðu — sósialistaflokksins.
Einar Olgeirsson.“

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jónas Rafnar og Pál Þorsteinsson.

Rannsókn kjörbréfa.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁB, BBen, BÓ, EirÞ, FRV, GG, GÞG, HV, JóhH, JJós, JG, JÁ, LJóh, PÞ, SÁ, SB, SG, ÞÞ.

2. kjördeild:

BSt, EmJ, GJ, GÍG, HG, IngJ, JS, JR, KK, KS, ÓTh, RÞ, SÓÓ, SkG, StSt, StgrA, VH.

3. kjördeild:

AE. ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EystJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, JPálm, JörB, LJós, PZ, PO, StJSt, StgrSt.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Eiríks Þorsteinssonar, þm. V-Ísf., og Hannibals Valdimarssonar, þm. Ísaf., og fékk 2. kjördeild bréfin til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Var nú fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr salnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Önnur kjördeild hefur athugað kjörbréf hinna tveggja nýkjörnu þm., Hannibals Valdimarssonar skólastjóra, sem kosinn er þm. Ísaf. við aukakosningu, og Eiríks Þorsteinssonar kaupfélagsstjóra, sem kosinn er þm. V-Ísf. einnig við aukakosningu. — Það er ekkert við kjörbréfin að athuga, og leggur því kjördeildin einróma til, að kosningar þessara tveggja þm. séu teknar gildar.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Þessu næst undirritaði Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf., drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,

með 29 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., fékk 9 atkv., en 8 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 32 atkv., en 15 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.,

með 30 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista JR. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jónas Rafnar, þm. Ak., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru RÞ og GG, á B-lista ÞÞ og LJóh og á C-lista SG. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Rannveig Þorsteinsdóttir,
Lárus Jóhannesson,
Gísli Guðmundsson,
Sigurður Guðnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi Sþ., 2. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu fjvn. og utanrmn. komu fram fjórir listar, en þrír listar við kosningu allshn. Voru á listunum hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Gísli Jónsson (D),
Helgi Jónasson (B),
Pétur Ottesen (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Ingólfur Jónsson (D),
Hannibal Valdimarsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Jónas Rafnar (D).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Ólafur Thors (D),
Hermann Jónasson (B),
Jóhann Jósefsson (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Bjarni Benediktsson (D),
Stefán Jóh. Stefánsson (A).

Varamenn:
Gunnar Thoroddsen (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Björn Ólafsson (D),
Haraldur Guðmundsson (A).

3. Allsherjarnefnd.

Jóhann Jósefsson (B),
Jón Gíslason (A),
Jón Sigurðsson (B),

Jörundur Brynjólfsson (A),
Áki Jakobsson (C),
Magnús Jónsson (B),
Eiríkur Þorsteinsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (A),
Jónas Rafnar (B),
Andrés Eyjólfsson (A),
Áki Jakobsson (C).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Þorsteini Þorsteinssyni, 11. landsk. þm. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
4. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
5. Gísli Jónsson, þm. Barð.
6. Guðmundur Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm.
7. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
8. Hermann Jónasson, þm. Str.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
11. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
12. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
13. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
14. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
15. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
16. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Allir þdm. voru á fundi nema Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm., sem hafði tilkynnt, að hann yrði að dveljast erlendis næstu mánuði til lækninga, Hermann Jónasson, þm. Str., og Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sem voru erlendis á vegum ríkisstj., og Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M., sem var ókominn til þings. Í stað Brynjólfs Bjarnasonar var á fundinum varamaður hans, Magnús Kjartansson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 9 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 3 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.,

með 9 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 9 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SÓÓ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Forseti (BSt): Þá ber að hluta um sæti hv. þingmanna í deildinni. — Er tillaga um, að þau afbrigði séu veitt frá þingsköpum, að menn sitji eins og þeir nú hafa tekið sér sæti? — Það er komin fram till. um það, að þau afbrigði séu leyfð frá þingsköpum, að þingmenn sitji eins og þeir nú hafa tekið sér sæti.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 2. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram þrír eða fjórir listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Gísli Jónsson (C),
Bernharð Stefánsson (A),
Þorsteinn Þorsteinsson (C),
Karl Kristjánsson (A),
Magnús Kjartansson (B).

2. Samgöngumálanefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson (C),
Karl Kristjánsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson (C),
Páll Zóphóníasson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jóhann Jósefsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Jónsson (C),
Rannveig Þorsteinsdóttir (A),
Jóhann Jósefsson (C),
Páll Zóphóníasson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (D),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (D),
Magnús Kjartansson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Lárus Jóhannesson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jörundi Brynjólfssyni, 1. þm. Árn., er lokið var fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
6. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
7. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
8. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
11. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
12. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
13. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
14. Hannibal Valdimarsson, þm. Ísaf.
15. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
16. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
17. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
18. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
19. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
25. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
26. Ólafur Thors, þm. G-K.
27. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
28. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
29. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
30. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
31. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir þdm. voru á fundi nema Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm., sem var erlendis á vegum ríkisstjórnarinnar, og Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., sem hafði tilkynnt veikindaforföll. Í stað Stefáns Stefánssonar var á fundinum varamaður hans, Magnús Jónsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jónas Rafnar og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 23 atkv. — Ásmundur Sigurðsson fékk 6 atkv., Hannibal Valdimarsson 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Jón Gíslason, þm. V-Sk.,

með 23 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,

með 22 atkv. — Helgi Jónasson fékk 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, en á B-lista MJ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson, 2. (vara)þm. Eyf., og
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Sætaskipun.

Forseti (SB): Þá ber samkvæmt þingsköpum að hluta um sæti þingmanna, annarra en forseta og skrifara, nema þingflokkar hafi komið sér saman um, að skipað sé í sæti eftir flokkum. Ekkert slíkt samkomulag hefur náðst, og verður því hlutað um sæti. Verður dregið um sæti samkvæmt venju. Vil ég biðja hv. þm., eftir því sem nöfn þeirra eru nefnd, að koma upp og draga um sæti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið venja að hluta um það, hver ætti fyrstur að draga sæti, en ekki byrja efst á nafnalistanum.

Forseti (SB): Ef þess er sérstaklega óskað, að hlutað sé um það, þá er orðið við þeirri ósk. Mér skilst, að hún liggi fyrir frá hv. þm. V-Húnv. Verður þá hlutað um það, hver skuli fyrstur draga, og kemur upp talan 20, en nú er það vandamál uppi, að ekki er búið að ganga frá prentuðum nafnakallslista í hv. þd., þannig að ég verð að biðja hv. þm. að doka aðeins við, meðan talið verður.

Sætahlutunin fór á þessa leið:

8. sæti hlaut Andrés Eyjólfsson,
9. — — Kristín Sigurðardóttir,
10. — — Sigurður Guðnason,
11. — — Lúðvík Jósefsson,
12. — — Stefán Jóh. Stefánsson,
13. — — Jónas Rafnar,
14. — — Gunnar Thoroddsen,

15. sæti hlaut Gylfi Þ. Gíslason,
16. — — Sigurður Ágústsson,
17. — — Helgi Jónasson,
18. — — Skúli Guðmundsson,
19. — — Ingólfur Jónsson,
20. — — Gísli Guðmundsson,
21. — — Pétur Ottesen,
22. — — Ásmundur Sigurðsson,
23. — — Jóhann Hafstein,
24. — — Hannibal Valdimarsson,
25. — — Jón Sigurðsson,
26. — — Ásgeir Bjarnason,
27. — — Emil Jónsson,
28. — — Jónas Árnason,
29. — — Einar Olgeirsson,
30. — — Eiríkur Þorsteinsson,
31. — — Halldór Ásgrímsson,
32. — — Jón Gíslason,
33. — — Áki Jakobsson,
34. — — Jörundur Brynjólfsson,
35. — — Jón Pálmason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 2. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu ýmist fram þrír eða fjórir listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Sigurður Ágústsson (D),
Skúli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Einar Olgeirsson (C),
Stefán Jóh. Stefánsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Sigurður Bjarnason (C),
Jón Gíslason (A),
Magnús Jónsson (C),
Ásgeir Bjarnason (A),
Lúðvík Jósefsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Jón Sigurðsson (C),
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Pálmason (C),
Andrés Eyjólfsson (A),
Ásmundur Sigurðsson (B),

4. Sjávarútvegsnefnd.

Pétur Ottesen (C),
Gísli Guðmundsson (A),
Sigurður Ágústsson (C),
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Lúðvík Jósefsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.

Gunnar Thoroddsen (D),
Andrés Eyjólfsson (B),
Skúli Guðmundsson (B),
Sigurður Guðnason (C),
Emil Jónsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Kristín Sigurðardóttir (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Helgi Jónasson (B),
Jónas Árnason (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

7. Menntamálanefnd.

Gunnar Thoroddsen (C),
Páll Þorsteinsson (A),
Kristín Sigurðardóttir (C),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jónas Árnason (B).

8. Allsherjarnefnd.

Jóhann Hafstein (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Jónas Rafnar (D),
Áki Jakobsson (C),
Emil Jónsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Tekjuöflun til íþróttasjóðs.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs** [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem voru gefin út 16. júní þ. á. Með l. nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, var veitt sérstök heimild til veðmálastarfsemi til þess að afla sjóðnum tekna. Þessi heimild hefur nú verið notuð og kom til framkvæmda fyrri hluta þessa árs. En það var sýnilegt, að hún mundi ekki koma að tilætluðum notum, nema því aðeins að vinningar í þessari veðmálastarfsemi nytu sömu friðinda, að því er skatt og útsvar snertir, og hliðstæð fyrirtæki, svo sem ríkishappdrættið og happdrætti Háskóla Íslands. Þess vegna var talin nauðsyn á að undanþiggja vinninga í þessari veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skatti og útsvari, er til fellur á árinu, öðrum en eignarskatti.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Á síðasta Alþ. var lagt fram frv., sem var til athugunar hjá heilbr.- og félmn., um að nokkur hluti af tekjum veðmálastarfsemi þeirrar, sem hér er vísað til í frv., yrði látinn renna til spítalabygginga og rekstrar sjúkrahúsa víðs vegar um land. Ég vildi mega leyfa mér að beina því til þeirrar hv. nefndar, sem fær þetta frv. til athugunar, að athuga jafnframt frv., sem ég áður nefndi, um skiptingu á þessum tekjum. Ég skal fullkomlega játa það, að ástæða er til að ætla íþróttastarfseminni í landinu, ef hún starfar á heilbrigðum grundvelli, sérstakar tekjur, sem aflað sé með svipuðum hætti og hér er gert ráð fyrir. En ég held, að það sé ekki rétt að loka augunum fyrir því, að það eru ýmsar aðrar þarfir, sem kalla að, og sízt minna aðkallandi, minna brýnar en þörf íþróttafélaganna í landinu. Í Noregi, sem mun hafa verið litið til, þegar þau l. voru sett, sem hér er gert ráð fyrir að breyta, er einmitt tekjunum af veðmálastarfsemi skipt á milli íþróttafélaganna annars vegar og ýmiss konar menningar- og mannbótastarfsemi hins vegar í sérstökum hlutföllum. Ég álít, að það væri því alveg rétt fyrir okkur að athuga, hvort ekki væri skynsamlegt að fara sömu eða svipaða leið eins og Norðmenn hafa gert.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. gat um í þessu sambandi, að á Norðurlöndum, þar sem þessi starfsemi hefur verið rekin um nokkurt skeið, rennur ákveðinn hluti teknanna til vísindastarfsemi, ef ég man rétt. Þetta var ákveðið, að mig minnir, eftir að þessi starfsemi hafði verið við líði um nokkurn tíma í þessum löndum og þegar séð varð, að tekjur þessar urðu æði miklar, sérstaklega í stærsta landinu, Svíþjóð, og það var talið réttmætt, að nokkur hluti þessara miklu tekna rynni til vísindastarfa eða annarra þjóðnytjastarfa. Þetta kom til tals, þegar reglur voru settar um þessa starfsemi hér, en vegna þeirrar óvissu, sem var um reksturinn í upphafi, og þar sem ómögulegt var að segja um, hversu miklar tekjur yrðu af rekstrinum, þá var ekki talið rétt að binda þetta að svo stöddu, fyrr en einhver reynsla fengist af starfseminni, er sýndi, hversu mikil tekjulind þetta mundi verða. Ég get sagt fyrir mitt leyti, ef það sýnir sig, að þessi starfsemi ætli að gefa af sér miklar tekjur í framtíðinni, og þó að íþróttastarfseminni sé mikil nauðsyn á talsverðum og auknum tekjum, þá mundi ég vera því fylgjandi, að tekjunum yrði skipt, ef það sýndi sig, að þær væru til skiptanna. En ég taldi rétt, að það fengist einhver reynsla á þessu, áður en sú ákvörðun væri tekin.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Menn vita það nú hér í deildinni, að ég er yfirleitt á móti happdrættum, og menn vita það líka, að ég er yfirleitt á móti öllum undanþegnum tekjum til skatta, móti því að gefa mönnum möguleika til þess að undanþiggja vissar tekjur, þessar eða aðrar, frá skattaframtali.

Þegar þetta mál var rætt hér í fyrra, þá voru þeir íþróttamenn, sem börðust fyrir þessu frv., spurðir að því, hvort þeir ætluðust til þess, að vinningar hér yrðu undanþegnir frá skatti, eins og væri um ýmis önnur happdrætti. Nei, nei, nei, ekkert slíkt var hugsað hjá þeim þá, ekki nokkurt. Svo fá þeir frv. samþykkt. En svo þegar búið er að samþykkja frv. á Alþ., þá bara nokkru seinna gefur stjórnin út brbl. til að láta menn fá það, sem þeir ekkert kæra sig um, þegar verið er að ræða málið á Alþ. Þetta er leið, sem höfð er til þess að koma fram málum, það er að byrja

eitthvað svolítið, en hreyfa ekki við því, sem þá mætir andúð, en svo þegar það er komið fram, þá er að færa sig upp á skaftið með meira og meira. Nú langar mig til að fræðast um það hjá hæstv. ríkisstj., hvaða breyting hefur orðið á þessu hjá íþróttamönnunum frá því að þeir lýstu því yfir í viðurvist minni og ýmissa fleiri manna, að þeir kærðu sig ekki um neina undanþágu hvað skattfrelsi vinninganna snertir. Hvaða breyting verður hjá þeim, sem er svo knýjandi, að þeir verða að fá þetta fram með brbl. á milli þinga um þetta skattfrelsi? Mér er hún alveg ókunn, og mér væri mikil þægð í því, ef hægt væri að upplýsa mig um það. Það kann að vera, að hæstv. ráðh. hafi minnzt á það eða imprað á því, þegar hann segir, að það hafi sýnt sig, að salan væri ekki það mikil, — það væri ástæðan til þess og til þess að fá nóga sölu hafi þetta verið gert, salan hafi verið svo lítil í happdrættinu, en þá finnst mér nú, að það hefði gjarnan mátt bíða þangað til það kom til Alþ. til samþykktar, hafi það verið bara fyrir það.

Ég mun verða á móti þessu frv., þegar að því kemur, líklega í hvaða mynd sem það verður, því að ég er á móti því að láta, hvort sem það eru happdrættisfélög eða hvað sem er, fá undanþágu frá þeim almennu lögum, sem gilda í landinu. Ég er á móti því að veita fleirum og fleirum undanþágu, það verður verra og verra.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég held, að það hljóti að vera einhver smámisskilningur hjá hv. 1. þm. N-M. um það, að íþróttamenn hafi verið hérna á þinginu í sambandi við þetta mál. Hins vegar lá fyrir þinginu í fyrra frv., sem var samþykkt og varð að lögum, um svokallað „Bingo"-happdrætti. En heimildin, sem þetta frv. byggist á, er í lögum frá 1940. Þar er tekið fram, að heimilt sé að stofna til þessarar tekjuöflunar, þessarar veðmálastarfsemi, til að auka tekjur íþróttasjóðs, og mér vitanlega hefur þetta ekki verið fyrir þinginu frá því að þau lög voru sett, svo að ekki getur verið um neina nýja umr. í þessu máli að ræða.

Ástæðan fyrir því, að brbl. voru gefin út, er aðeins sú, að það var byrjað á þessari starfsemi fyrri hluta ársins, eins og ég gat um áðan, en hafði satt að segja ekki verið athugað fyrr en þetta var komið til framkvæmda og þeir menn, sem fyrir þessu stóðu, sáu, að þeir gátu ekki rekið það, ef þeir hefðu ekki sömu friðindi og þau tvö happdrætti, sem ég gat um áðan, happdrætti ríkissjóðs og happdrætti háskólans, því að annars hefði að sjálfsögðu áður verið leitað slíkrar heimildar hjá Alþ. í sambandi við þá heimild, sem er í l. frá 1940, til þess að undanþiggja starfsemina skatti. Þeir komu þess vegna ekki fyrr til rn. en þessi veðmálastarfsemi var komin til framkvæmda. Eftir að búið var að gefa mér fulla skýringu á málinu og hvernig það lá fyrir, þá féllst ég á, að það mundi ekki vera hægt að reka það á öðrum grundvelli, og þess vegna voru brbl. út gefin. — Ég tel ekki, að það sé nein frekari skýring, sem hægt er að gefa í þessu sambandi, en það er sýnilegt, að ef þetta á að vera tekjulind fyrir íþróttasjóð eða fleiri stofnanir, þá er alveg greinilegt, að það er ekki hægt að framkvæma þetta svo, að það gefi nokkuð af sér, nema því aðeins að þetta happdrætti eða veðmálastarfsemi standi ekki verr að vígi en happdrætti háskólans og ríkissjóðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 8:6 atkv.

Frv. vísað til fjhn. með 9:3 atkv.

Á 8. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 70).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða brbl., sem útgefin voru í júní s. l. Fjhn. athugaði frv. og var sammála um að leggja til, að það yrði samþ. óbreytt. Er auðsætt, að því aðeins verður veðmálastarfsemin að verulegum tekjum fyrir íþróttasjóðinn, að þar séu vinningar, sem menn fái í bili, þannig að menn fái að halda þeim gróða, sem þar fæst, og missi ekki af miklu af því á því sama ári í tekjuskatt eða útsvar. Það getur farið svo, að mikill hluti af þeim vinning, sem fæst, fari upp í þau gjöld, og þá verður eftir litlu að slægjast, jafnvel þótt heppnin sé með, og veðmálahluttakan verður þar af leiðandi sáralítil, eins og undanfarandi ár hefur sýnt, og þyrfti að ráða bót á þessu nú, svo að ekki verði þetta hér um bil tekjulaus stofnun fyrir íþróttasjóð. — Sem sagt, n. var sammála um að leggja til, að frv. þetta yrði samþ. óbreytt hér í deildinni.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vakti máls á því við 1. umr. þessa frv., hvort hv. nefnd vildi ekki taka til athugunar við rannsókn málsins, hvort ekki væri rétt að ætla ákveðinn hluta af þeim hagnaði, sem verður af veðmálastarfseminni, til byggingar sjúkrahúsa og sjúkrahúsarekstrar, en frv. um þetta efni hafði verið afhent til heilbr.- og félmn. á síðasta þingi. Nú sé ég, að hv. n. hefur ekki tekið þessa ábendingu mína alvarlega, ef svo mætti segja, því að nál. ber ekki með sér, að þessi hlið málsins hafi nokkuð verið athuguð. Ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá n., hvort hún hefur ekki athugað málið eða hvort hún er því andvíg, að tekjunum verði skipt eins og í frv. er gert ráð fyrir. Ef svo skyldi vera, að hv. n. vildi ekki athuga málið eða taka neinar tillögur upp í sambandi við þessar ábendingar mínar, þá vildi ég óska þess, að hæstv. forseti gæfi nokkurn frest, áður en málið kemur til 3. umr., þannig að ég geti athugað, hvort ég tel réttara að bera fram brtt. við þetta frv. eða sérstakt frv. um hlutdeild sjúkrahúsanna í hagnaði af veðmálastarfseminni.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að geta þess, að það atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á, kom lítið eða ekkert til mála á fundi n. Og ég get tekið það fram, að mér þætti það vel við eigandi og skal hlutast til um

það, að fyrir 3. umr. verði þetta athugað í n. og hv. þm. látinn vita um, hvað skeður þar, svo að hann gæti komið að, ef honum sýndist, brtt. við þá umr. Annars er það eitt í þessu máli, hversu mikið þetta fé er nú til skipta, en það get ég ekki sagt um á þessu stigi málsins og þarf að athuga það, en eftir því, sem mér hefur borizt til eyrna, þá virðist það munu vera sáralítið og varla eins og nú standa sakir, að það sé hægt að fara að skipta því í tvo staði eða fleiri, ef aðila á að muna nokkuð verulega um það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér nú ekki að ræða um þetta mál, en neyðist til þess vegna þess misskilnings, sem kom fram hjá hv. frsm. Hann lýsti því yfir, að þetta atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á, hefði lítið eða ekkert komið til greina eða til umr. í n. En þetta er byggt á hreinum misskilningi. Ég lagði fyrir n. samkv. ósk hv. 4. þm. Reykv. alveg ákveðna fyrirspurn um það, hvort n. vilji taka þetta upp í frv., og minnti á það, að fyrir lægi hjá mér það frv., sem landlæknir hefði sent heilbr.- og félmn. á síðasta ári, og það væri til athugunar fyrir n., ef hún vildi sinna þessu máli. Það var þá skoðun meiri hl. n., að það væri ekki rétt að blanda því máli inn í þetta frv., m. a. vegna þess, að þessar breyt., sem hér eru gerðar á lögunum frá 1940, eru eingöngu um það, hvort það eigi að gefa skattfrelsi á vinningunum í happdrættinu, en ekkert um það, hvernig eigi að skipta eða hvort það eigi að skipta þeim ágóða, sem kunni að verða. Og það þótti ekki rétt að blanda því saman við þetta mál. Það er hins vegar alveg opið að gera breyt. við þessa löggjöf, ef það þykir eðlilegt, eða setja fram nýtt frv. um, hvernig skipta skuli þeim ágóða, sem væntanlega fæst af þessari starfsemi. En meiri hl. n. var alveg ákveðinn í að blanda því ekki saman við afgreiðslu þessa máls. — Þetta þykir mér rétt að láta koma fram vegna þess, sem hv. frsm. gat um þetta mál, og veit ég, að það muni vera af sérstakri gleymsku, en ekki af því, að honum sé ekki kunnugt um, hvernig var farið með málið í n.

Haraldur Guðmundsson: Eftir þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, þá sé ég ekki ástæðu til að ræða um þessa hlið málsins frekar, en vildi aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hraði ekki svo að taka málið til 3. umr., að mér gæfist ekki tóm til að bera fram brtt., ef ég teldi ástæðu til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 9. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef í smíðum brtt. við þetta frv., en hef ekki komið þeim í prentun enn þá, þannig að hægt hafi verið að leggja þær fram, og vildi leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki að sinni málið út af dagskrá og taki það ekki fyrir fyrr en á fundi á morgun. Ég mun þá hafa komið till. í prentun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 17. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 19, 88).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 88. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 88 nú á fundi sínum í dag, og telur hún þær ekki eiga heima í frv. þessu, sem aðeins er um skattfrelsi af vinningum. Er það ekki af andúð nefndarinnar til sjúkrahúsa, að hún er á móti till. eins og þær nú liggja fyrir. Tekjur af þessum vinningum virðast vera sáralitlar enn sem komið er, og eftir því, sem upplýst er, svara þær rétt kostnaði þeim, sem orðið hefur við getraunastarfsemina, — að því er mér er tjáð, — og þar af leiðandi sýnist það ekki til margskiptanna, enda er svo farið um íþróttasjóð, að hann þarf á sínu að halda, þótt einhver ágóði yrði. Nú voru, eftir því sem mér er tjáð, nokkrar tekjur fyrst af starfseminni, en hafa farið mjög þverrandi, og meðan ekki er séð fyrir, hvernig því lyktar, þá tel ég frá mínum bæjardyrum séð ekki tímabært að fara að skipta þessum tekjum upp, þótt einhverjar kunni að verða, sem vafasamt er.

Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til brtt. að efni til, ef þær koma fram í sérstöku frv., en eins og þær nú liggja fyrir, þá leggur hún til, að þær verði felldar, ef flm. dregur þær ekki til baka, og að frv., eins og það nú liggur fyrir, verði samþykkt óbreytt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir afstöðu n. til þessara tillagna, og eftir það, sem áður var komið hér fram, þá get ég ekki sagt, að þessi afstaða komi neitt flatt upp á mig. Hins vegar verð ég að segja, að sú röksemd, sem hv. frsm. færir fyrir því, að ekki sé rétt að fella þessar brtt. inn í frv., virðist mér næsta haldlítil. Hún var sú, að í frv. væri aðeins gert ráð fyrir að breyta ákvæðum um skattlagningu vinninga, en brtt. mínar á þskj. 88 fjölluðu um allt annað efni. Þetta er vissulega rétt, en bæði frv. og brtt. mínar efna til breyt. á sömu lögum, l. nr. 84 frá 1940, og því er að sjálfsögðu eðlilegra, þegar komið er fram frv. um breyt. á þeim l., — og ég hef í huga að gera á þeim ríkari breyt., — að breyta því frv., sem fyrir liggur, heldur en að hafa tvö frv. í gangi samtímis um breyt. á sömu lögum. — Hin önnur viðbára hv. frsm. var sú, að ágóðinn væri svo lítill, — mér skildist nánast enginn nú upp á síðkastið, — að alveg væri ástæðulaust að fara að setja reglur um að skipta honum milli fleiri aðila. Það kann vel að vera rétt hjá hv. frsm., að til þessa hafi ágóðinn af þessari starfsemi lítill orðið. En ætlunin er einmitt með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sú að undanþiggja vinningana sköttum, að þá eigi að ýta undir með þessari starfsemi og skapa þannig möguleika til tekjuöflunar fyrir íþrótta-

félögin, sem nú eru ekki fyrir hendi, vegna þess að sú breyting hefur ekki fengizt á lögunum enn.

Ég tel því, að ástæða sé til að ætla, að af þessari starfsemi geti orðið nokkur hagnaður, og því álít ég einmitt eðlilegt og sjálfsagt, um leið og þessi starfsemi byrjar, að setja reglur um, hvernig hagnaðinum skuli skipt, því að það liggur hverjum manni í augum uppi, að miklum mun erfiðara verður og miklum mun verr verður tekið undir það af hálfu íþróttasamtakanna í landinu, að fara eftir á, þegar séð er, að af þessu verður verulegur hagnaður, sem samtökin hafa kannske með vinnu sinni nokkuð unnið að, — að fara þá að taka hluta af þeim hagnaði, sem þau voru farin að reikna með, og leggja til annarra hluta. Það er eðlilegt og sjálfsagt, ef menn fallast á að skipta þeim væntanlega hagnaði af þessu líkt eins og ég geri ráð fyrir, að það sé gert strax í byrjun, þannig að ekki fari síðar að rísa deilur um, hvernig skuli skipta þeim hagnaði, sem íþróttafélögin fá í sinn hlut, og taka af þeim það, sem þau hafa fengið. Ég álít því, að ef menn á annað borð eru því hlynntir, að einhver hluti af hagnaðinum af þessari starfsemi renni til sjúkrahúsa í landinu, þá sé sjálfsagt að gera það nú um leið og skattfríðindin eru veitt. Það er eðlilegt, að það verði samferða, því að um leið og ríkið afsalar sér öllu tilkalli til skatts, er mjög eðlilegt, að það setji það sem skilyrði, að viss hluti af hagnaðinum renni til sérstakrar starfsemi, sem þarf að auka frá því, sem nú er, eins og bæði byggingu og rekstur sjúkrahúsa í landinu.

Meginefni breyt., sem ég legg til, að gerðar verði, er að finna í 3. gr. Samkv. henni er lagt til, að ágóðinn af getraunastarfseminni skuli skiptast milli íþróttasamtakanna í landinu að ⅓ hluta, segir hér, og að ⅔ hlutum til eflingar sjúkrahúsa í landinu, bæði til að koma nýjum upp og einnig til að styrkja rekstur hinna, sem fyrir eru og á hverjum tíma eru starfandi.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það, hvílík nauðsyn er fyrir hendi í þessu efni. Hér í Reykjavík er t. d. sjúkrahúsaskorturinn svo tilfinnanlegur, eins og allir vita, að hundruð manna bíða tímum saman eftir því að geta fengið nauðsynlega sjúkrahúsvist. Og það sýnir sig með hverju ári, sem líður, með þeirri vaxandi dýrtíð, sem er hér í landinu, að það verður erfiðara með rekstur og starfsemi sjúkrahúsa, ekki einasta ríkisins, heldur einnig bæjar- og sveitarfélaga, sem starfa úti um land. Því er mikil þörf á því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að sjá þessum stofnunum fyrir ákveðnum tekjustofni. Landlæknir, sem hefur kynnt sér þetta mál og er höfuðsmiður þeirra till., sem ég ber hér fram, tjáir mér, að eftir viðræður við ýmsa mætustu menn íþróttahreyfingarinnar í landinu megi segja, að þeir séu þessu ekki andvígir, heldur hafi þeir, eins og landlæknir segir, glöggan skilning á þessum málum, enda ósýnt, bætir hann við, hverju íþróttamálin töpuðu á félagsskapnum, því að eflaust má gera ráð fyrir stóraukinni þátttöku í getraunununum um land allt, ef ágóðanum er dreift út svo víða og einmitt til styrktar þeirri starfsemi, sem allir bera góðan hug til og telja skylt að efla. — Ég vil taka undir þessi ummæli landlæknis. Ég álít, að það renni fleiri stoðir undir þessa starfsemi, ef farið væri að till. hans í þessu efni, og að líkur séu til þess, að hlutur íþróttafélaganna af hagnaðinum yrði kannske ekki öllu minni en ef þau héldu áfram að vera ein með starfsemina án nokkurrar þátttöku hins opinbera, þ. e. a. s. að leysa þarfir sjúkrahúsanna í sambandi við þá starfsemi.

Ég skal taka það fram, að í brtt. minni, 3. brtt., er gert ráð fyrir því, að ⅓ af hagnaðinum renni til íþróttastarfseminnar, en ⅔ til sjúkrahúsanna, sem skiptist að hálfu til nýbygginga og að hálfu til rekstrar. Ég vil gjarnan lýsa því yfir nú þegar, að ég mundi fyrir mitt leyti vilja fallast á, að þessi hlutföll yrðu önnur, að fé skiptist til helminga milli íþróttastarfseminnar og sjúkrahúsanna, ef það mætti verða til samkomulags í þessu efni. — Um 1. og 2. brtt. sé ég ekki ástæðu til að hafa nein orð; þær eru raunverulega afleiðing af efni 3. gr., sem ég nú þegar hef gert grein fyrir. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. deild sjái nauðsyn þessa máls, sem ég hef drepið á hér, og sjái sér fært að samþ. þessar till. nú þegar.

Ég þakka að vísu hv. frsm. fyrir þann væntanlega stuðning, sem mér skildist hann að minnsta kosti gefa ádrátt um að veita sérstöku frv., sem borið yrði fram um þetta efni, en ég álít, að það sé að seilast um hurð til loku að fara að bera fram sérstakt frv. um þessa breyt. á l. frá 1940 og úr því að á annað borð er verið að breyta þeim samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, þá sé eðlilegast að fella breyt. inn í það frv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil eindregið styðja þá till., sem hv. allshn. setur fram í nál. á þskj. 79 um það, að ekki verði gerð breyt. á frv. að svo stöddu.

Eins og ég sagði, þegar frv. var lagt fram, þá kom það nokkuð til umr., er íþróttasjóði var veitt þessi heimild, að hagnaður af getraununum rynni einnig til einhverra annarra nauðsynlegra mála en íþróttahreyfingarinnar. En sökum þess að engin reynsla er til hér á landi fyrir getraunum sem þessum og því ómögulegt að segja um fyrir fram, hvaða árangur yrði af þeim, þá var talið rétt — og ég að vel athuguðu máli féllst á það — að dreifa ekki væntanlegum hagnaði í fleiri staði fyrr en sjáanlegt væri, hvernig árangurinn yrði.

Sá árangur, sem fengizt hefur síðan þetta byrjaði, gefur ekki mikla ástæðu til þess að samþ. nú till. um skiptingu á hagnaðinum. Ég skil vel afstöðu hv. 4. þm. Reykv. í þessu máli, er hann vill nota þetta til þess að styrkja byggingu sjúkrahúsa á landinu, og vafalaust er enginn á móti slíkri hugmynd, en sú hugmynd kemst þó ekki í framkvæmd, nema því aðeins að einhverjar tekjur verði af þessari starfsemi. Enn þá hafa vist tekjurnar ekki verið meiri en svo, að þær hafa rúmlega hrokkið fyrir rekstrarkostnaði. Ég álít þar að auki, að hér sé ekki mikil nauðsyn fyrir lagabreyt. Getraununum hefur verið gefin heimild til þriggja ára, og þetta 3 ára tímabil er miðað við, að á því fáist reynsla um tekjur starfseminnar. Ef að loknu þessu 3

ára tímabili kemur í ljós, að miklar tekjur verða af því, þá er innan handar fyrir þann ráðherra, sem þá fer með þau mál, að gera breytingu á reglugerðinni.

Ég sé, að hv. þm. rekur upp stór augu, en ég held, að mér sé óhætt að segja, að ég fari með rétt mál hér. Það er að vísu ekki tekið neitt fram í lögum um þetta, en það leiðir af sjálfu sér, að viðkomandi ráðh. getur sett skilyrði fyrir heimildinni. Ég tel því, að ráðh. geti sett skilyrði fyrir áframhaldandi heimild getraunanna að þessu tímabili loknu, þar á meðal um, að nokkur hluti teknanna skuli renna til ákveðinna þjóðnytjafyrirtækja.

Haraldur Guðmundsson: Mér virðist hæstv. ráðh. vera sömu skoðunar og hv. frsm. fjhn. um, að hugmyndin að styrkja sjúkrahúsabyggingar og sjúkrahúsarekstur í landinu sé góð, en það sé hugmynd, sem sjálfsagt sé að gæla við og tala vel og fagurlega um, en forðast vandlega, í sambandi við þetta mál að minnsta kosti, að gera nokkuð málinu sjálfu til stuðnings.

Hæstv. ráðh. telur, að ekki sé ástæða til þess að fara að setja ákvæði um að dreifa hagnaðinum fyrr en séð er, hver hann verði, og bendir á það, að enn sé hann enginn orðinn eða mjög lítill. Ég vísa til þess, sem ég fyrr sagði. Ég held, að það sé miklu betra að ákveða þegar í upphafi, — einmitt nú í sambandi við þau skattfríðindi, sem verið er að ræða um hér og ráðgert er að veita beinlínis til þess að þessi starfsemi geti aukizt og hagnaðurinn af henni því vaxið, — að setja einmitt þá í byrjun ákvæði um það, hversu hagnaðinum skuli skipt, því að það er alveg víst, að ef svo fer, að mikill hagnaður verður af þessu á næstu árum, þá verða íþróttasamtökin og þeir menn, sem vilja halda fram þeirra málstað, skiljanlega ekki fús á að láta taka einhvern hluta af þeim hagnaði, sem þau eru þá farin að reikna með sem vissum tekjum, frá sér til annarrar starfsemi í landinu. Slíkt mundi valda hinum mestu átökum; það er ég ekki í neinum vafa um, að hæstv. ráðh. gerir sér fullkomlega ljóst. Hæstv. ráðh segir (ég hef nú ekki haft tóm til að athuga lögin), að hægt sé með reglugerð að liðnum þremur árum að setja hver þau skilyrði sem ráðh. sýnist fyrir áframhaldandi leyfum til íþróttasamtakanna í þessu efni, þar á meðal að taka svo og svo mikið af hagnaðinum til allt annarrar og óskyldrar starfsemi. Ég fæ nú ekki séð, að lögin heimili slíkt. Þetta væri ákaflega viðtækt vald fyrir ráðh. Mig minnir, að ráðh. hafi heimild til þess að veita samtökum íþróttamanna heimild til þess að reka þessa starfsemi, sem ákveðin er í 1. gr. l. frá 1940, — og að hæstv. ráðh. geti, eftir að þeir eru búnir að hafa tekjurnar allar af þessari starfsemi í 3 ár, bundið síðan áframhaldandi leyfi því skilyrði, að ⅔ af tekjunum renni t. d. til sjúkrahúsa í landinu, sem hvergi er minnzt á í lögunum og ekki sjáanlegt, að Alþingi hafi haft í huga, þegar það setti lögin, það virðist mér vera mjög hæpið, vægast sagt, og ég vil fullyrða, að það mundi trauðla nokkur ráðh. gera það án þess að hafa samráð um það við Alþingi. En það breytir ekki því, sem ég fyrr sagði, að verði verulegar eða drjúgar tekjur af þessari starfsemi, þá verður þeim mun erfiðara að fá l. breytt í það horf, að nokkur hluti teknanna gangi til sjúkrahúsabygginga og sjúkrahúsarekstrar í landinu, og því er eðlilegt frá sjónarmiði þeirra manna, sem telja eðlilegt og æskilegt, að einhver hluti teknanna renni til þeirrar starfsemi, að setja ákvæði um það nú þegar, um leið og skattfríðindin eru veitt, þau skattfríðindi, sem ætlað er að tryggja það, að verulegar tekjur hljótist af starfseminni, en ekki koma eftir á með ráðstafanir, sem þá virðist fráleitt að ætla að gera.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki margt að segja nú hér í þessu máli og ætla mér ekki að gera það, en það var aðeins eitt, sem ég vildi vekja athygli á, að þessir vinningar — eða réttara sagt gróðinn af þessum vinningum hefur nú um 4 mánaða skeið þegar verið skattfrjáls. Bráðabirgðalögin voru sett í júní, þá var í raun og veru komið á skattfrelsi, og það er hægt að miða við það, hvernig undirtektirnar verða undir lögin, undir þessa vinninga og veðmálastarfsemi, þegar núna, eftir þetta sumar, þar sem það hefur verið í gangi, án þess að menn þyrftu að gera ráð fyrir, að þeir yrðu að borga skatt af því.

ATKVGR.
Brtt. 88,1 felld með 9:2 atkv.
— 88,2 tekin aftur.
— 88,3 felld með 9:2 atkv.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 10. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 16. júní þ. á. Það hefur legið fyrir hv. Ed. og verið samþ. þar breytingalaust. Ástæðan fyrir því, að þessi lög voru gefin út, er sú, að rn. notaði heimild í l. nr. 84 frá 1940 um tekjuöflun til íþróttasjóðs, og sú heimild er þess efnis, að íþróttasjóði er gefið leyfi til þess að stofna til veðmálastarfsemi. Þessi heimild var gefin í vor, en þegar til framkvæmda átti að koma, var sýnilegt, að starfsemin mundi ekki verða rekin með neinum hagnaði, nema því aðeins að hún hefði sömu fríðindi og happdrætti háskólans og happdrætti ríkissjóðs, eða með öðrum orðum, að vinningar í veðmálastarfseminni væru skattfrjálsir á því ári, sem þeir falla til útborgunar, að öðru leyti en því, að greiddur er af vinningunum eignarskattur, eins og er um þau happdrætti, sem ég hef nefnt.

Það kom til tals, þegar þessi heimild var gefin, sem ég nú hef minnzt á, að nokkuð af þeim hagnaði, sem kæmi af þessari starfsemi, rynni til annarra þjóðnytjafyrirtækja en íþróttasjóðs eða íþróttastarfseminnar í landinu, og var þar meðal annars talað um, að eitthvað af hagnaðinum rynni til vísindastarfsemi. Þetta tíðkast nú orðið á Norðurlöndum, að hagnaði af þessari

starfsemi þar sé skipt á milli íþróttastarfseminnar og vissrar vísindastarfsemi. Hins vegar þótti ekki fært að setja þessi skilyrði hér þegar í byrjun, að nokkuð af hagnaðinum skyldi renna til annars en íþróttastarfseminnar, fyrr en fengin væri nokkur reynsla af því, hversu mikinn hagnað þessi starfsemi gæfi. Með það fyrir augum var heimildin gefin til 3 ára og gert ráð fyrir því, að á þessu 3 ára tímabili mundi koma í ljós, hvort hagnaður væri svo mikill, að ástæða væri til að skipta honum. Þessi hlið málsins var nokkuð rædd í Ed. Hv. 4. þm. Reykv. kom þar með till. um, að ¾ hlutar hagnaðarins gengju til byggingar sjúkrahúsa, en d. féllst á, að sanngjarnt væri, að nokkur reynsla fengist fyrir þessari starfsemi og hvað mikið hún gæfi af sér, áður en hagnaðinum væri ráðstafað öðruvísi en í öndverðu var gert ráð fyrir. — Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 117).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 155).

---

2. Umboð þjóðjarða.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um afnám l. nr. 41 26. okt. 1917, um breyt. á l. nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með lögum hafa hin fornu umboð þjóðjarða verið felld niður nema eitt, þ. e. Arnarstapaumboð og Skógarstrandar. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því, að þetta umboð verði lagt niður og störf þau, sem umboðsmanninum bar að vinna, verði lögð undir sýslumanninn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. — Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 78).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér og er í raun og veru ósköp sjálfsagt. Það var svo, að umboð með þjóðjörðum höfðu vissir umboðsmenn, og landinu var skipt á milli þeirra. 1913 var þessu breytt á þann hátt, að umboðin voru öll lögð niður og ætlazt til þess, að umboðsjarðirnar, hver í sínu umdæmi, féllu undir umsjón viðkomandi hreppstjóra. Þetta mun þó aldrei hafa komizt að fullu í framkvæmd. Umboðsmaðurinn, sem þá hafði umboð Arnarstapa- og Skógarstrandarjarða, mun hafa haldið því. Sömuleiðis umboðsmaðurinn, sem hafði Múlaumboð, sem nær yfir Múlasýslurnar báðar. Þegar stjórninni þótti hentara að láta þessa menn hafa umboðið áfram, þá var l. frá 1913 aftur breytt og tekin upp þessi tvö umboð. Sveinn sálugi Ólafsson í Firði var umboðsmaður Múlasýsluumboðanna, en þegar hann féll frá, þá var l. breytt að því leyti, að þá var Múlasýsluumboðið lagt niður. 1950 sagði svo bóndinn á Brimilsvöllum, Ólafur Bjarnason, sem hefur haft Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð, því umboði lausu, og þess vegna er sjálfsagður hlutur að afnema nú þau lög, sem hér er lagt til, að séu afnumin. Það, sem þá skeður, er, að þessar jarðir eiga að falla undir umboð hreppstjóranna, hver í sínum hreppi, eftir l. frá 1913.

En þó að þetta frv. sé að þessu leyti sjálfsagt og sjálfsagt að samþ. það, þá er á hinn bóginn ástæða til þess að láta það koma hér fram, að ég er hræddur um, að athuga þurfi betur, hvernig er háttað og hver fer með umboð þessara opinberu jarða. Þau munu nú vera í ýmsum höndum. Það mun ekki vera annað en fyrirkomulagsatriði hjá stjórnarráðinu að koma því í annað horf en nú er. Það mun vera svo, að umráð yfir sumum af þeim jörðum, sem ríkið á nú, heyra beint undir stjórnarráðið, ekki kannske að l., heldur að venju, umráð yfir öðrum undir prestana, enn öðrum undir sýslumennina og loks flestum að réttu lagi undir hreppstjórana. Ég vil ekki neitt segja um það, hvernig þetta er rækt núna, en þegar maður aðgætir annars vegar, að verðmæti þeirra jarða að fasteignamati, sem ríkið er talið eiga í sveitum landsins, nemur um 8 millj. og það, sem þær eru taldar gefa af sér í fjárlögum, nemur 10 þús., þá lítur svo út sem þessu sé einhvern veginn ábótavant í framkvæmdinni og þurfi þess vegna að gera á því athugun hjá stjórn-

arráðinu — landsstjórninni sjálfri — og koma því í betra skipulag en nú er. Nú er vitanlegt, að af þessum ca. 8 millj., sem eru eign ríkisins, þá eru ekki allar þær jarðir leigðar út. Í því eru t. d. 4 stórjarðir eins og Bessastaðir, Hvanneyri, Hólar og Vífilsstaðir, sem eru um 600 þús. og ríkið er ekki talið hafa neinar tekjur af, en vitanlega hefur einhverjar tekjur af samt sem áður óbeint, þó að það sé ekki talið, — og fleira: Prestssetrin eru mörg, og þau hafa ekki verið metin neitt til afgjalds fyrir prestana síðan 1918. Þeir búa við það, sem þau voru metin þá, þeirra heimatekjur hafa aldrei verið metnar síðan. Af þessum eignum ríkisins, sem þarna er um að ræða og eru nokkuð miklar, fær ríkið lítinn arð. Ríkisstjórnin þarf öll að taka sig til um það að aðgæta, hvernig yfirstjórn og leigumáli á jarðeignum ríkisins er núna, og koma þeim betur og skipulegar fyrir heldur en nú er gert. En við nm. sjáum ekki ástæðu til þess að setja um það sérstök lög. Það þarf engin lög um það. Lögin eru til. Þetta er framkvæmdaratriði, og þess vegna sjáum við enga ástæðu til annars en leggja til, að þetta litla frv., sem hér er á ferðinni, verði samþ. óbreytt, og þá er þess þó jafnframt vænzt, að gefnu tilefni samt, að umboð það, sem áður heyrði til bóndanum á Brimilsvöllum og hann fór með og rækti vel, verði afhent hreppstjórunum, svoleiðis að ekki líði fleiri ár, sem enginn landseti veit, hvert hann á að borga afgjaldið af býlinu, sem hann býr á, eins og átt hefur sér stað á Austurlandi fyrstu árin eftir að umboðið þar var lagt niður. Það mun vera ógoldið þriggja ára eftirgjald hjá öllum, sem í því umboði eru.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 119).
Enginn tók til máls.
Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 146).

---

3. Manntal 16. okt. 1952.

Á 6. fundi í Ed., 10. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um manntal 16. okt. 1952 [61. mál] (stjfrv., A. 61).

Á 7. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að koma svona seint, en hafði nú lögmæt forföll, en hugmyndin var að segja aðeins örfá orð, um leið og þetta frv. er hér lagt fram.

Þetta frv. er, eins og þingskjalið ber með sér, til staðfestingar á brbl., sem voru gefin út 10. sept. s. l., og þar sem það þykir nú alltaf heldur óviðkunnanlegt að gefa brbl. út fáum dögum áður en Alþingi kemur saman, þá er rétt að endurtaka — þó að það sé að mestu leyti endurtekning — það, sem sagt er hér í forsendunum fyrir því, að þetta var gert. En það er verið að fá hér miklar vélar til þess að taka upp spjaldskrá yfir alla landsmenn, og að þessu fyrirtæki, sem er alldýrt, standa ýmsar stofnanir, bæði beinar ríkisstofnanir og sömuleiðis Reykjavíkurbær, því að þetta getur komið að miklu gagni við störf þeirra, sem hér er um að ræða. En til þess að væri hægt að fara að vinna að þessu nú — vélarnar eru að koma —, þá var talið nauðsynlegt af hagstofustjóra og öðrum fróðum mönnum í þeim efnum, að sérstakt manntal færi nú fram, — ekki væri látið nægja hið árlega manntal, sem miðað er við áramót og prestarnir annast úti um sveitir, heldur yrði látið fara fram alveg sérstakt manntal sama dag um land allt. Það var talið heppilegast af öllum ástæðum, að það manntal færi fram 16. okt. Og til þess að koma þessu á þennan hátt fyrir, voru þessi brbl. sett. Það skal tekið fram, að hér er aðeins um að ræða þessa breytingu á manntalinu í þetta eina skipti, þannig að það er ekki um neina skipulagsbreytingu á því að ræða með þessum l., nema aðeins nú, til þess að full trygg-

ing sé fyrir því, eftir því sem unnt er, að allir landsmenn verði þá skráðir með réttum heimilum og öðrum þeim upplýsingum, sem því fylgja. Ég vænti þess, að hið háa Alþingi geti á það fallizt, að það hafi eftir atvikum verið rétt að fara þessa leið, setja brbl. um þetta, til þess að hægt væri að hefjast handa um að koma þessu í framkvæmd. — Að öðru leyti sé ég nú ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég held, að það sé sjálfsagt að láta þetta frv. fara til n. og sjálfsagt að athuga það í sambandi við lög eða frv., sem hér er komið fyrir þingið, um vegabréf, — það er að vísu frv., sem er ætlazt til, að gildi um vegabréf manna, sem fara úr landi, en jafnframt hefur verið talað um það allhávært undanfarið, í blöðunum t. d., að menn, sem keyptu áfengi, þyrftu að geta sannað aldur sinn, o. s. frv., og enn er talað um það, að sums staðar hér á landi þurfi menn vegabréf til þess að komast ferða sinna. Ég vil athuga þetta frv. í sambandi við vegabréfafrv. og hvort ekki er hægt að koma því þannig fyrir að skylda menn hér á landi til að bera kort, sem sýni, hverjir þeir eru, og þar með þá líka, að menn fái ákveðin lögheimili, en nú eru margir menn í landinu, sem ekki eiga lögheimili. Ég vil þess vegna fá þetta frv. í allshn., og ég vil í henni athuga þetta allt saman, hvort það er ekki hægt að tengja þetta saman, því að við vitum vel, að það eru til á hverju ári, — ja, það er sízt náttúrlega, þegar árið endar á 10, — að það eru alltaf til við venjuleg manntöl menn, sem hvergi eru taldir og hvergi borga sín gjöld, og það þarf að reyna að sporna við því, og þau l., sem við eigum um heimilisföng, gera það ekki. Ég vil þess vegna leggja til, að frv. fari til allshn., eins og ráðh. stakk upp á, og vinna að því í n., að þetta verði allt athugað saman.

Þá ástæðu að leggja þetta frv. fram núna, vegna þess að vélarnar eru komnar, skil ég nú satt að segja ekki, því að það er ekki enn þá búið að vinna úr manntalinu 1950, sem þá var gert lögum samkv. 1. des. um allt land og þá líka skráðir þeir, sem voru fjarverandi, og allir þeir, sem voru staddir, og það hefur ævinlega sýnt sig við hvert 10 ára manntal, þegar manntalið hefur endað á heilum tug, að skráðir staddir einhvers staðar eru ævinlega fleiri en heimilisfastir taldir einhvers staðar. Og nú á ekki að skrá þá stöddu, heldur á einungis hver húsráðandi að gefa upp eftir lögunum, hverjir eigi lögheimili á hans heimili, — ég hef t. d. nú í augnablikinu 3 gesti heima hjá mér, og ef þeir eru ekki farnir þann 16., þá á ég engan þeirra að telja. Það á að telja þá þar, sem þeir eiga heima, og ég hef enga vissu fyrir, að þeir séu taldir þar. Það er ekki venja að gera það í manntölunum, sem fara fram árlega, heldur bara í manntölunum, sem fara fram 10. hvert ár, og þess vegna held ég, að þarna sé veila í l., en það er nú ekki hægt að breyta því hvað það snertir hér eftir fyrir manntalið. Það er búið að bera skýrslurnar í hús til húsráðenda og þeir beðnir að fylla á þær og hafa þær til þann 16., svoleiðis að miða það við þann dag og hafa þær þá til, þannig að því verður ekki breytt hvað færslu snertir á skýrslunum, þó að ég telji þetta galla á þeim, að láta ekki telja þá, sem eru staddir alls staðar, eins og er í 10 ára manntölunum. En sem sagt, ég vil reyna að athuga hitt samt, og þess vegna óska ég eftir að fá það í allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 6:4 atkv.

Á 10. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 79).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það var nú eftir ósk minni, að þetta frv. fór til n., og þess vegna má nú kannske þykja undarlegt, þegar ég hef bæði framsögu í því og legg til, að það sé samþ. óbreytt. Til þess liggja þær orsakir, sem ég skal nú reyna að greina. Í fyrsta lagi var nú það, að mér þótti á skorta við þetta frv. að því leyti til, að með því voru menn ekki skyldaðir að telja menn, sem staddir voru á staðnum 16. okt., og þar með mátti telja alveg víst, að eftir þessu frv. færi eins og við venjuleg manntöl, að það yrðu nokkuð margir menn, sem hvergi kæmi fram, hvar væru og hvar ættu heima. Eftir að hafa talað um þetta atriði við hagstofustjórann, þá segir hann mér, að þetta verði haft þannig í framkvæmd, að þetta manntal, sem gert var þann 16., verði borið saman við manntalið, sem gert var 1. des. 1950. Hagstofan fær á hverjum tíma upplýsingar um alla dána menn, og þeir eru teknir út úr manntalinu, sömuleiðis um fædda menn, sem teknir eru inn í það, og þeir menn, sem ekki finnast eftir manntalinu núna, annaðhvort dánir eða þá einhvers staðar taldir, þeir verða leitaðir uppi með aðstoð presta og hreppstjóra. Og það er í raun og veru manntalið 1950, sem lagt er til grundvallar þessu manntali núna, þó að það sé talið, að það sé manntalið 16. okt. 1952. Það hefði líka verið of seint að gera breytingu á frv. í þessa átt, þar sem það kom ekki hér í þingið fyrr en rétt áður en manntalið átti fram að fara. Þessi breyting, sem ég minntist á við 1. umr. og taldi vöntun á frv., verður þess vegna í framkvæmdinni engin vöntun, því að það verður framkvæmt miðað við manntalið 1950 — allsherjarmanntalið, sem fór fram 1950.

Hitt var það, að ég hef haft áhuga fyrir því og raunar í sambandi við bæði þetta frv. og frv., sem hér liggur fyrir um vegabréf, að koma inn ákvæðum um það, að maður gæti út frá vottorði, sem hver maður bæri á sér, séð, hvar hann ætti heima, — það sýndi, hver maðurinn væri og hvar hann ætti heima. Að þessu er stefnt með þessu frv. Þetta er eiginlega fyrsti liður í mikilsverðum aðgerðum, sem er verið að byrja að gera til að koma manntali hér á landi í sams konar eða svipað form — eiginlega sams konar form og er í flestum eða öllum menningarlöndum. Við höfum lifað við það ófremdarástand fram að þessu,

að við höfum ekki haft neitt reglulegt manntal eftir að fara nema á 10 ára millibili, þegar ártalið hefur staðið á núlli. Og þá hefur gangur málanna ekki verið fljótari en það, að úrvinnslu úr manntalinu 1940 var lokið 1948. Átta árum eftir að manntalið fór fram, fengum við að vita, hvort manneskjan hefði vinnu t. d. af iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi, verzlun o. s. frv., o. s. frv. í landinu. Það langt hefur það verið á eftir tímanum, og þessar upplýsingar höfum við ekki fengið nema tíunda hvert ár og þá alltaf þetta 7—9 ára gamlar, þegar þær hafa komið til okkar. Með þessum vélum, sem nú eru komnar til landsins og eru leigðar í sameiningu af ríkisstjórn, Reykjavíkurbæ og fleirum, sem nota þær, er möguleiki til þess að fá að vita, ja, einhvern tíma þegar kemur fram í marzmánuð og síðan hvaða dag sem er á árinu og hvenær sem er síðar, allar þær upplýsingar, sem við annars höfum fengið með 10 ára manntalinu. Þegar manntalið er búið núna, þá á að samræma það, þá verður það allt saman tekið upp í þessar vélar, og þá fær hver maður í landinu þar sitt kort, sem segir til, hvað hann heitir, hver hann sé, hvenær hann sé fæddur o. s. frv., allt, sem maður vill um manninn vita og láta liggja fyrir á spjaldskránni. Til þess svo seinna að geta fylgzt með þessum manni, þá eru nú í l. ákvæði um það, að prestarnir eru skyldir til að senda vottorð bæði gagnvart mönnum, sem deyja, og gagnvart mönnum, sem fæðast, svoleiðis að það fær hagstofan alltaf, — núna fær hún það ekki nema einu sinni á ári, en það er hugsað í framtíðinni, að hún fái það miklu oftar, mánaðarlega, þannig að hún geti alltaf rétt manntalið af hvað þetta snertir. — Seinna á þessu þingi er gert ráð fyrir, að hér komi fram frv., sem skyldi hvern mann til að segja til, þegar hann hefur bústaðaskipti, a. m. k. ef það er til lengri tíma, — ég hef nú ekki séð frv., en líklega verður talað um 3 mánaða dvöl á sama stað annars staðar eða eitthvað svoleiðis, og þá verður það líka alltaf fært á manntalið. Þess vegna er hugsað með þessu frv., sem hér er, að koma grunninum undir það, og með frv., sem von er á í þingið og kemur fyrir þetta þing, eiga að fást upplýsingar, svo að alltaf megi samræma og laga manntalsspjaldskrána eftir því og þá sé ávallt hægt að hringja í hagstofuna og fá upplýsingar um hvern einstakan mann, hvað hann gerir, hvar hann sé o. s. frv. Þetta er það, sem er hægt alls staðar annars staðar, en það hefur ekki verið hægt hér. Nú tekur þetta tíma, og það verður ekki fyrr en einhvern tíma á árinu, sem þessi spjaldskrá er tilbúin og þetta komið allt í rétt gengi. Ef það heppnast að koma því í það gengi, sem það á að koma í og er ætlað að fara í með þessu, þá verður þetta árlega manntal, sem haldið er núna, óþarft, þá hefur hagstofan alltaf við hver áramót hjá sjálfri sér rétt manntal og getur svo bara sent þeim mönnum, sem þurfa með það að hafa að gera, bæjarstjórum og oddvitum o. s. frv., manntalið, eins og það er á hverju ári, rétt frá sér við hver áramót. Þá eru líka fleiri ákvæði, sem verða óþörf, og þess vegna er búizt við því, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir annars vegar, sem er fyrsta byrjun á að koma þessu í rétt horf í framtíðinni, og öðru frv., sem kemur hér fram og hagstofan er víst mikið til búin að semja, — ég held búin að semja, — þá er meiningin, að þegar kemur fram á mitt næsta ár, þá verði komið lag á þetta. Og þá er hugmyndin, að fyrir næsta þing verði hægt að leggja frumvarp og fella úr gildi ýmis eldri ákvæði, sem verða óþörf, þegar þetta er komið á, — steypa saman þessu frv. og hinu frv., þegar það kemur, og ég hefði hugsað, að þá væri tímabært að setja inn þau ákvæði, sem ég talaði hér um við 1. umr., er ég vildi hafa vegabréf fyrir hvern einstakan mann, sem sannaði hans heimilisfang. Þó að það kostaði hagstofuna að vísu ekki neitt — ekkert nema pappírinn — að taka tvö spjöld fyrir hvern mann og láta þá hreppstjóra í hverjum hreppi fá öll spjöldin fyrir hreppinn, svo að menn gætu fengið þau, sem vildu, þá óskaði hún eftir því, á meðan hún stæði í þessum breytingum, að vera laus við að þurfa að gera það, þar til spjaldskráin fyrir alla væri komin í lag, og þess vegna féllst ég á að láta það bíða þangað til kemur að því, að það þarf að sameina þessi lög og nema úr gildi önnur lög, þegar búið er að koma þessu í kring. En þetta frv. er fyrsti grundvöllurinn til þess að gera mögulegt, að hér geti myndazt manntal líkt og er annars staðar í heiminum. Og það verður sem sagt manntalið 1950 í raun og veru, sem lagt verður til grundvallar. Þó að atvinna manna á manntalinu, sem núna fer fram, verði lögð til grundvallar, þá verða þeir menn, sem ekki koma fram á því manntali, leitaðir uppi eftir manntalinu, sem fór fram 1950.

Annars get ég sagt það svona sem sýnishorn og sönnun á því, sem ég var nú að finna að þessu hér við 1. umr., að það væru ekki teknir staddir menn, að heima hjá mér er núna staddur maður austan af Norðfirði. Hann býr einn í húsi. Það er enginn í húsinu núna, þegar hann er ekki heima, og ég spurði hann í gærkvöld, hvort hann hefði gert nokkrar ráðstafanir til þess, að hann yrði talinn fyrir austan á Norðfirði, og hann sagði nei. Auðvitað taldi ég hann sem staddan hjá mér, eftir viðtalið við Klemens Tryggvason, enda þótt skýrslan ætlaðist ekki til þess. Þá þarf ekki að leita að honum. Ég taldi hann hér og sagði, að hann væri frá Norðfirði. Svoleiðis koma þó nokkrir menn, sem geta fallið undan því að vera skráðir á manntalið, þegar því er hagað eins og í ár, af því að það eru ekki taldir staddir menn í því líka, eins og ævinlega var gert við 10 ára manntalið.

N. er sammála um að leggja til, að þetta frv. nái fram að ganga, og ég trúi því illa, ef þingmönnum framtíðarinnar finnst oft ekki gott að geta leitað upplýsinga um eitt og annað viðvíkjandi manntalinu, þegar það er komið í það horf, sem það á að komast núna á næsta ári eftir þessu frv., því að oft hefur a. m. k. mig vantað tilfinnanlega að vita, hve margir menn í landinu vinna í hverri atvinnugrein fyrir sig o. s. frv., sem fyrst eftir þetta manntal verður örugglega hægt að vita. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., og ég tel þessa byrjun ákaflega mikla réttarbót hvað okkar hagfræði, statistik og manntal snertir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 120).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get skírskotað til nál. af hálfu n. um þetta mál. Þó að það sé stutt, þá er þar drepið á þau atriði, sem máli skipta um samþykkt frv.
Það er búið að framkvæma þetta mál, svo að að því leyti skiptir það ekki miklu máli, hvort frv. væri samþykkt eða ekki, en vera kann þó, að framkvæmd þess hafi einhvern kostnað í för með sér, og er þess vegna réttara, að frv. sé samþykkt og afgreitt sem lög frá þinginu. — N. mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 157).

---

4. Gengisskráning o. fl. (framlenging uppbótarákvæða o. fl.).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í fyrra var afgr. hér lagasetning, sem ákvað, að verðlagsuppbætur á laun skyldu vera þær sömu og um samdist milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, og gilti þetta ákvæði til 1. júní í vor. Með þessu frv. er lagt til að framlengja þetta ástand, framlengja þessi ákvæði næsta ár, þ. e. a. s. frá þessum tíma og til loka næsta árs. Ef til vill hefði mátt segja, að ríkisstjórnin hefði átt í sumar að gera ráðstafanir til að bæta við einhverjum nýjum ákvæðum í þessu sambandi, þar sem eldri ákvæði um launagreiðslurnar féllu niður 1. júní. En þess ber að gæta, að það kom aldrei til þess, að verðlagsuppbót þyrfti að breytast nokkuð eftir 1. júní og nú til þessa tíma, og þótti af þeim ástæðum ekki nauðsynlegt að grípa til brbl., heldur eðlilegt að bíða Alþingis, þar sem tími var til þess, til ákvörðunar um þetta málefni. Ég hygg, að ekki sé nauðsynlegt að hafa um þetta lengri framsögu, en leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 98, 109).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur á þskj. 98 lagt fram nál. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum, 12. mál, þskj. 12. Lagabreytingin, sem um ræðir í frv., er ákvæði um það, að með sama hætti og áður skuli verðlagsuppbótin breytast 1. sept. og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953. Mælir fjhn. samhljóða með frv. Þó telja tveir nm., þeir hv. 8. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv., æskilegra, að verðlagsuppbótin breytist mánaðarlega samkvæmt kaupgjaldsvísitölunni næsta mánuð á undan, en ekki eftir hverja 3 mánuði, eins og frv. kveður á um.

Hafa þeir flutt um það brtt. á þskj. 109. Meiri hl. n. fellst ekki á þetta sjónarmið, enda hefur verðlagsuppbótin verið framkvæmd á þennan hátt, sem frv. kveður á um, síðan 1. júní 1951.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Við tveir í minni hl. hv. fjhn. þessarar d. höfum leyft okkur að leggja fram brtt. hér á þskj. 109, sem hv. frsm. n. vék að. Brtt. er í því fólgin, að frá 1. nóv. n. k. og allt árið 1953 verði greidd verðlagsuppbót á laun mánaðarlega, í stað þess, sem lagt er til í frv., að það verði greitt ársfjórðungslega. Þau rök, sem ég tel fyrir mitt leyti að styðji þessa brtt., eru í fyrsta lagi þau, að nú er svo komið hag launamanna, að hann er síversnandi með hverju árinu sem líður, og mismunurinn á milli verðvísitölunnar og kaupgjaldsvísitölunnar vex nú óðum, þannig að hann er nú orðinn 12 stig, því að kaupgjaldsvísitalan eða sú vísitala, sem reiknuð er á kaup, er nú 150, en verðlagsvísitalan 162 stig. Kjör allra launþega fara þannig síversnandi eftir því, sem þessi mismunur vex, og þar sem verðvísitalan hækkar eða hefur hækkað nokkuð jafnt og þétt, þó að minna hafi orðið hina allra síðustu mánuði, þá er það augsýnilegt, hversu mikil kjararýrnun felst í því fyrir launafólkið í landinu, ef það fær kaupgjaldsvísitöluna greidda þriðja hvern mánuð, í stað þess, sem við leggjum til að verði þó hvern mánuð. Það er í raun og veru það minnsta, sem hægt er að fara fram á fyrir launafólkið í þessum efnum.

En þá kunna menn að segja, að með því að greiða kaupgjaldsvísitöluna á kaupið mánaðarlega sé stefnt að vaxandi dýrtíð, sem komi launafólkinu sjálfu í koll. Ef það loks væri nú að rætast, sem forvígismenn gengislækkunarinnar héldu fram, að smám saman mundi skapast það jafnvægi í þjóðarbúskapnum, að ekki yrðu miklar sveiflur á verðlagi yfirleitt, — ég segi, ef það væri loks að rætast, þá ætti það ekki að vera hættulegt að greiða vísitöluna mánaðarlega á kaup launafólks í landinu. Ég vil ekki gera það að mínum orðum, að jafnvægi sé myndað í íslenzku þjóðfélagi, og átti það í raun og veru, eftir spásögnum fræðimanna og þeirra stjórnmálamanna, sem stóðu að gengisbreytingunni, að vera komið á fyrir langa löngu, en skyggn augu held ég að eigi nú örðugt með að festa augu á því jafnvægi, sem komið sé á í íslenzku þjóðfélagi. En hvað sem því líður, þá er það algert óréttlæti gagnvart launafólkinu í landinu að láta það viðgangast að greiða kaupgjaldsvísitöluna aðeins þriðja hvern mánuð, heldur er þó svolítið spor í rétta átt að gera það mánaðarlega. Menn tala oft um það, að hækkað kaup valdi verðbólgu, en ef að er gáð, þá er það verðhækkunin, eins og ég orðaði það einu sinni, sem fer með hraða lyftunnar upp á við, en kaupgjaldið lallar á eftir upp krókótta og þrönga stiga. Og þegar menn líka tala um það, að landbúnaðarvörurnar hafi hækkað vegna hækkaðs kaupgjalds, þá er það í raun og veru algerlega röng ályktun, kaupgjaldið í landinu hefur ekki hækkað, en dýrtíðin hefur stórvaxið. Það er dýrtíðin, hækkað vöruverð, sem veldur þá því, að bændurnir telja sér, í skjóli laga, sem um það gilda, rétt að hækka sínar afurðir. Það er ekki kaupgjaldið, ekki hækkun kaupsins, ef rökrétt er hugsað, sem veldur þessu, heldur vaxandi dýrtíð, því að kaupgeta fólksins minnkar eftir því, sem lengra líður, vegna hinnar stórhækkuðu dýrtíðar.

Það er nú komið svo, að gamla verðvísitalan, sem í gildi var, áður en gengislækkunin var ákveðin, hefur hækkað um hartnær 100% frá því, að sú stjórn lét af völdum, sem ég átti forsæti í. Á þessu tæpu þriggja ára tímabili hefur þessi verðvísitala hækkað um 100%, og það mun vera heimsmet, og þá þurfum við ekkert að miða við fólksfjölda á Íslandi, eins og við erum stundum að státa okkur af út af einstaka íþróttaafrekum, að miðað við fólksfjölda séu þetta ágæt afrek. Það þarf ekki að miða við neinn fólksfjölda á Íslandi, til þess að íslenzka þjóðin eða íslenzka ríkisstjórnin hafi slegið heimsmet á seinustu 3 árum með hækkun á verðlagi í landinu. Og það verður ekki til þess ætlazt til lengdar, að það fólk í landinu, sem býr við kröppust kjör, verði eitt að sætta sig við það, að kaupgeta þess síminnki með hverju árinu sem líður, samtímis því sem fjöldi forréttindafólks í þjóðfélaginu ber ekki skarðan hlut frá borði. Það er örlítil leiðrétting, sanngjörn og örlítil leiðrétting, sem fólgin er í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, og ég vil ítreka það á ný, að þeir menn, sem trúa á það, að jafnvægi sé nú skapað í þjóðfélaginu, ættu ekki að vera hræddir við að láta l. ákveða, að verðvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu væri nú bætt ofan á kaupið mánaðarlega, í staðinn fyrir það, sem áður hefur gilt, ársfjórðungslega. Með þessum rökum mæli ég fyrir mitt leyti eindregið með því, að brtt. á þskj. 109 verði samþ.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 109, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 109 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EirÞ, GÞG, HV, JÁ, LJós, SG, StJSt, EOl.
nei: EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JR, JörB, MJ, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, SB.
KS greiddi ekki atkv.
8 þm. (EmJ, GTh, IngJ, JS, ÓTh, PO, ÁkJ, ÁS) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 142, 143, 153).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. Nd. hefur sent hingað þetta frv., og eins og menn sjá, er efni þess einungis það að framlengja þau ákvæði, sem gilt hafa um breytingu verðlagsuppbótar á vissum tímum skv. gildandi lögum. En nú er sá tími útrunninn, sem verðlagsuppbótin á að breytast, og er farið fram á það, að þessi ákvæði séu framlengd til 1. des. næsta ár.

N. þykir eftir atvikum rétt, að þessi ákvæði séu framlengd um þann tíma, sem óskað er eftir, og þess vegna er það till. n., að frv. sé að því leyti samþ. óbreytt. En einn nefndarmanna, hv. 1. landsk., hefur þó áskilið sér rétt til að bera fram brtt. En þó að n. leggi til, að frv. og þau ákvæði, sem í því felast, sem eru eingöngu um verðlagsuppbótina, séu samþ., þá mun vera langt frá því, að nefndarmenn séu allir sammála um það, að það sé rétt stefna að halda svo áfram í það óendanlega um greiðslu verðlagsuppbótar, og býst ég við, að ýmsir nefndarmenn hafi nokkuð aðra skoðun á þessu máli í heild heldur en þá, sem í fljótu bragði virðist koma fram í nál. Ég fyrir mitt leyti leyni því ekki t. d., að ég er alveg sannfærður um það, að þetta kapphlaup stéttanna, sem þetta frv. m. a. ber vott um, verður einhvern tíma að hætta, ef þjóðin á yfirleitt að geta lifað og rekið sína atvinnuvegi. Hins vegar er það, að það ástand er ekki hægt að laga með einhliða ráðstöfunum, eins og t. d. þeirri að festa verðlagsuppbótina. Það verður að gera miklu víðtækari ráðtafanir, ef á a. m. k. að nema staðar á þeirri óheillabraut, sem að ýmsu leyti er haldið nú. Þá verða að koma til víðtækir samningar milli stétta, ellegar þá valdboð, sem þjóðfélagið verður þá að sjá um, að framfylgt sé. Skal ég ekki fara nánar út í það.

Till. n. er sú, að frv. sé samþ. óbreytt, og á n. að sjálfsögðu þar við það efni, sem í frv. er, sem eru ákvæðin um verðlagsuppbótina. En á dagskrá þessa fundar er annað mál með nákvæmlega sömu fyrirsögn og þetta frv. og einnig komið frá hv. Nd. Það er þskj. 37. Efni þess er eingöngu um framleiðslugjald af síld. Mér þykir nú í raun og veru furðulegt, að hv. Nd. skyldi samþ. þessi tvö frv. sitt í hvoru lagi, jafnvel þó að annað sé flutt sem staðfesting á brbl., þar sem bæði frv. eru um breyt. á einum og sömu lögum. Mér fyrir mitt leyti finnst réttara að steypa þessum frv. saman í ein lög og taka það frv. t. d., sem nú er til 1. umr. hér, upp í þetta frv., sem hér liggur fyrir, sem brtt. Og ég mun sjá um það sem form. fjhn. þessarar d., að n. taki þetta atriði til athugunar á milli umr. En það út af fyrir sig haggar engu í því áliti n., að samþ. beri ákvæði þess frv., sem fyrir liggur, óbreytt. Það er allt annað atriði, sem þá kæmi til greina að láta verða samferða þessu, og þess vegna ekkert ósamræmi í því í sjálfu sér, þó að lagt sé til að samþ. frv. óbreytt, jafnvel þó að tekin væri till. um að bæta þar alveg nýju atriði við, sem einnig liggur fyrir þinginu og einnig er líklegt að nái fram að ganga.

Að sjálfsögðu styð ég þá till. n., að við þessa umr. sé frv. samþ. óbreytt, því að þá kemur fram, hvort hv. d. yfirleitt aðhyllist efni frv. Og ef svo verður, þá er tími til að taka það til athugunar, hvort hitt frv. geti ekki orðið samferða. Og mér finnst nú í raun og veru, að hérna gæti komið fleira til, og vildi nú skjóta því til hæstv. fjmrh., sem hér er viðstaddur, — það hafa nefnilega síðan gengislögin voru í fyrstu sett verið gerðar ýmsar breyt. á þeim, — hvort ekki væri nú rétt að steypa þessum breyt., þó að það séu núna gildandi lög, saman í eitt í sambandi við þetta frv. Til skýringar þessu skal ég aðeins lesa fyrirsögn þessa frv., sem hv. þm. að vísu hafa fyrir framan sig: „Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreyt., stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.“ Mér finnst, að það mundi vera handhægara að steypa þessum breyt. saman í eitt, svo að það væru ekki nema ein lög, sem væru um breyt. á l. frá 1950. Þetta er til athugunar. Mér hefur ekki gefizt tóm til, eftir að ég veitti hinu málinu athygli, að ræða um þetta við n., og þess vegna er nú þetta sagt aðeins fyrir eigin reikning. En, sem sagt, nefndarmenn hafa nú þegar heyrt, hvað ég muni hafa til málanna að leggja, og þetta mun verða tekið fyrir á nefndarfundi á milli umr.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Með þeirri till., sem ég hef lagt fram á þskj. 153, er lagt til, að gerðar verði talsvert víðtækar breyt. á brbl. ríkisstj. um vísitöluuppbætur á kaup. Ég vil taka það strax fram, að brtt. er ekki alveg rétt prentuð hér. Hún verður prentuð upp réttilega. Það vantar orðin „næsta mánaðar á undan“ fyrir aftan orðið „framfærsluvísitölu“, þannig að till. á að hljóða svo: „Frá og með 1. nóv. 1952 skal greiðast mánaðarlega verðlagsuppbót skv. framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan á fyrrnefnd grunnlaun allra launþega í landinu.“

Brbl. hæstv. ríkisstj. taka aðeins til opinberra starfsmanna, en ég legg til, að vísitöluuppbót allra launþega verði ákveðin í þessum lögum. Í annan stað legg ég til, að kaup verði greitt skv. framfærsluvísitölu, en ekki skv. kaupgjaldsvísitölu, og í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að kaup breytist mánaðarlega í stað ársfjórðungslega.

Undanfarin ár hefur dýrtíð haldið áfram að vaxa jafnt og þétt og örar en í flestum ef ekki öllum öðrum löndum heims. 1. okt. s. l. var framfærsluvísitala sú, sem mörkuð var með gengislækkunarlögunum, t. d. komin upp í 162 stig, hafði sem sé hækkað um 62%, þótt sérfræðingar ríkisstj. héldu því hins vegar fram á sínum tíma, að hún mundi aðeins hækka um rúm 10% af völdum gengislækkunarinnar. Eins og

kunnugt er, gefur þessi vísitala þó mun takmarkaðri mynd af verðlagsþróuninni en gamla vísitalan, sem í gildi var fram að gengislækkuninni, en um síðustu mánaðamót hefði hún verið komin upp í 640 stig, ef hún hefði verið reiknuð út. Samkvæmt henni hefur því allt verðlag í landinu meira en tvöfaldazt á undanförnum 5 árum. Hver áhrif þetta hefur haft á kjör verkafólks, má glöggt sjá á því, að ef kaup Dagsbrúnarmanna væri reiknað skv. gömlu vísitölunni, eins og gert var fram til 1947, ætti tímakaup þeirra nú að vera tæpar 20 kr. um tímann. En það samsvarar því, að Dagsbrúnarmaður, sem hefur fulla 300 vinnudaga á ári, ætti að hafa um 14 þús. kr. meira árskaup en hann fær nú. Þetta er sem sagt sú upphæð, sem á vantar, að Dagsbrúnarkaupið hafi fylgzt með verðlagsþróuninni síðan 1947. Í þokkabót kemur svo hin stórvægilega kjaraskerðing, sem stafar af atvinnuleysinu, en það hefur á undanförnum vetrum náð til þúsunda manna um land allt vikum og jafnvel mánuðum saman.

Þetta eru þær staðreyndir, sem nú blasa við íslenzkum almenningi undir vetur, sem ef til vill á eftir að færa enn meira atvinnuleysi en undanfarnir vetur. Þessar staðreyndir eru einnig forsenda þess, að verkalýðsfélögin búast nú til kaupgjaldsbaráttu, eins og hv. alþm. er kunnugt. 20. okt. s. l. héldu fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði og stjórnir verkalýðsfélaganna á þessum stöðum sameiginlegan fund um þessi mál, og þar var samþ. ályktun, þar sem m. a. var komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „að sakir vaxandi dýrtíðar og mikils atvinnuleysis sé kaupmáttur launanna orðinn svo lítill, að þau nægi ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum hjá öllum þorra verkafólks, og hinn sívaxandi mismunur á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu raski mjög jafnvæginu á milli launa hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins, svo að ekki verði við unað lengur. Fundurinn álítur, að mismunurinn á framfærsluvísitölunni og kaupgjaldsvísitölunni ýti undir ábyrgðarlausa verðskráningu landbúnaðarafurða, bændum og verkalýð til stórtjóns, þar sem verkalýðurinn getur ekki keypt hinar nauðsynlegu landbúnaðarafurðir vegna fjárskorts, svo að bændur verða að ónýta framleiðslu sína í stórum stíl vegna ört vaxandi sölutregðu. Fundurinn bendir á það, að 23. þing Alþýðusambands Íslands verður háð í næsta mánuði. Hann álítur, að dýrtíðar- og launamálin hljóti að verða aðalmál þingsins, en þau mál verða vart afgreidd á þinginu án þess, að tilraun verði gerð til þess af hálfu verkalýðssamtakanna að fá Alþingi það, sem nú situr, til að koma til móts við réttlátar kröfur alþýðunnar í landinu um aukinn kaupmátt launanna og úrbætur á atvinnuleysinu.“ Og enn fremur segir í þessari ályktun: „Fundurinn væntir þess, að skilningur Alþingis á kjörum alþýðunnar og sanngjörnum kröfum verkalýðsins verði svo mikill, að ekki þurfi að koma til kaupdeilna, þótt samningum verði sagt upp. En með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, ályktar fundurinn, að segja beri upp gildandi samningum við atvinnurekendur fyrir 1. nóv. n. k., með það fyrir augum, að verkalýðsfélögin heyi baráttu til þess að rétta hlut launþega.“

Áframhaldið af þessum fundi hefur svo orðið það, að eitt félagið af öðru hefur nú ákveðið að segja upp samningum, og eru flest stærstu félögin nú þegar búin að taka þessa ákvörðun. Þetta eru staðreyndir, sem nú blasa við hv. þm. Og hjá því verður ekki komizt, að Alþ. taki þessi stórmál til skjótrar og röggsamlegrar meðferðar. Illa væri þá komið Alþ., ef það hefði ekki þrek til að reyna að gera þær ráðstafanir, sem komið geta í veg fyrir víðtækar og alvarlegar vinnudeilur. Till. mín er hugsuð sem liður í þeim viðbrögðum. Ég veit, að verkalýðssamtökin mundu líta á slíka ákvörðun, sem í till. felst, sem framrétta hönd Alþ. til að leysa vanda, þótt vissulega sé ekki langt gengið með henni og þörf sé mun stórfelldari aðgerða. Sjái hv. alþm. sér ekki fært að fallast á þessa till. að svo stöddu, vil ég nota þetta tækifæri til að skora á þá að taka þessi víðtæku vandamál til alvarlegrar og skjótrar umhugsunar og finna þá lausn, sem forðað geti dýrum átökum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég ber hér fram ásamt hv. 6. landsk. (GÍG) brtt. á þskj. 143. Þessar brtt. voru bornar fram í Nd. af hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. þm. (StJSt). Efni þeirra er í stuttu máli það, að frá áramótunum næstu skuli kaupgjald breytast, ekki ársfjórðungslega, heldur mánaðarlega skv. vísitölu næsta mánaðar á undan. Þótt undarlegt megi virðast, þá var þessi litla till. felld. í Nd., og af því að ég hygg, að þar hljóti að hafa verið um misskilning að ræða, þá leyfi ég mér að sýna hana hér aftur í þessari hv. d., því að það virðist augljóst, að hún getur á engan hátt, hvaða sjónarmið sem á er lagt, orðið til þess að gera lögin lakari en þau nú eru, heldur færa þau þó örlítið í réttlætisátt. Hv. frsm. drap í ræðu sinni á það kapphlaup, sem illu heilli væri nú milli stéttanna um að hækka tekjur sínar, laun og tekjur, á skrúfuganginn milli afurðaverðs og kaupgjalds. Ég veit, að hv. frsm. er svo greindur maður, að hann gerir sér ljóst, að það kapphlaup breytist á engan hátt, hvort sem kaupgjaldið breytist samkvæmt verðlagsvísitölu mánaðarlega eða á 3 mánaða fresti. Það breytir engu. Og það breytir í raun og veru heldur engu í því efni, hvort fylgt er kauplagsvísitölunni svonefndu eða framfærsluvísitölunni, að öðru leyti en því, að ef fylgt er kauplagsvísitölunni við ákvörðun verðlagsuppbótar, þá er tryggt, eins og reynslan hefur sýnt síðasta hálft annað árið, að hún er alltaf lægri og vaxandi mismunur verður á henni og framfærsluvísitölunni. En togstreitan, kapphlaupið, víxlverkunin er í báðum tilfellum sú sama, það er bara öðrum aðilanum með lögum haldið skör lægra en hinum, nokkrum stigum lægra. Ég fæ því ekki annað séð, hvað sem menn annars um þessi ákvæði gengisbreytingarl. segja, en það sé svo eðlilegt og sjálfsagt réttlætismál að samþ. þessa litlu till. á þskj. 143, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hún nái ekki samþykki hv. d.

Eftir að þessi brtt. mín eða okkar hv. 6. landsk. þm. var lögð fram, hefur komið á þskj.

153 brtt. frá hv. 1. landsk. Þar er um veigamikið efnisatriði að ræða, sem sé það, að framvegis verði kaupgjaldið ekki miðað við kauplagsvísitöluna, eins og ákveðið er að hún skuli reiknuð út samkv. gengisbreytingarl., heldur skuli miða við framfærsluvísitöluna. Ég er ekki enn þá, — ég var einmitt að athuga þetta mál, áður en ég kom hingað á fundinn og sá þessa till. fyrst hér þá, — ég er ekki viss um það, að þó að þessi till. verði samþ., þá sé það nægilega tryggt vegna annarra ákvæða í l., sem verið er að breyta, að hún nái tilgangi sínum. Allt um það mun ég greiða þessari till. atkv. nú. Verði hún samþ., er nægur tími til þess við 3. umr. að ganga úr skugga um, hvort svo er, hvort af henni hljóti að leiða aðrar breytingar á l., sem mér er ekki kunnugt um. En til viðbótar því, sem hv. flm. till. sagði, þá vil ég benda á það, að sá mismunur, sem hér er gerður á framfærsluvísitölunni og kaupgjaldsvísitölunni, hefur farið mjög ört vaxandi, er nú kominn, ef ég man rétt, nokkuð yfir 10 stig, og veldur þar mestu um sú stórfellda verðlagshækkun, sem varð á landbúnaðarvörum á s. l. hausti. Kann að vera, að eitthvað sé til í því, sem hv. frsm. sagði, að það, að framfærsluvísitalan sé ekki í samræmi við kaup, ýti undir ábyrgðarlausa verðskráningu. Þó fæ ég nú ekki látið vera að benda hv. flm. till. á það, að þær reglur, sem 6 manna n., — sem hans flokksmenn voru miklir stuðningsmenn að og ötulir forvígismenn fyrir, að sett yrði á stofn, — þær reglur, sem hún starfar eftir, ráða mestu um þennan mismun. Mér þykir vænt um, að þessi till. hv. þm. er fram komin. Það er eins konar yfirbót fyrir það, sem þeir hafa gert í þessum efnum. Ég mun greiða henni atkv., en áskil mér rétt til þess, ef hún verður samþykkt, að geta fyrir 3. umr. athugað nánar, hvort ekki leiði af henni fleiri breyt. á l., sem nauðsynlegt yrði að gera, til þess að hún kæmi að haldi.

Forseti (ÞÞ): Brtt. á þskj. 153, frá 1. landsk. varaþm., er of seint fram komin, og verður því að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 153 leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. frsm. fjhn., 1. þm. Eyf., fann nokkuð að formi frv., og ég verð að viðurkenna, að hann hafði í sjálfu sér rétt fyrir sér í því efni. Það er ákaflega óviðkunnanlegt, að þannig skuli vera komið, að fram komi fleiri en eitt frv. á sama þingi frá stjórninni um breytingar á sömu löggjöfinni eða, eins og hv. þm. orðaði það, með sömu fyrirsögn. En stjórninni er ekki einni um þetta að kenna, heldur má segja, að hér sé um sameiginlega sök að ræða, stjórnarinnar og hv. Alþ. Þannig er nefnilega í pottinn búið, að á síðari árum hefur tíðkazt að setja í lög bálka mikla, og í þeim bálkum hefur verið haft mjög mismunandi efni, sundurleitt efni, sem um hefur verið fjallað af mörgum ráðh. Þannig fór nú, þegar gengislækkunin var samþ., þá var settur um það lagabálkur, og í honum voru lögfestar ýmsar ráðstafanir, sem snertu starfssvið fleiri en eins ráðh. og fleiri en eins rn. Af þessu hefur svo leitt, að þegar átt hefur að breyta þessum l., þá hefur ekki ætíð sami ráðh. fjallað um þær breyt., sem átti að gera, og úr orðið það ósamræmi, sem hv. þm. benti á. Ég hygg, að það mætti viðhafa þá aðferð, sem hann stakk upp á, að sameina hér í eitt frv. í þessari deild þau tvö frv., sem hingað eru nú komin og hann gat um og bæði eru breyt. á þessum sömu l., en ég vildi mjög eindregið óska eftir því, að það yrði ekki til þess að tefja málið, þó að sá háttur yrði á hafður, og að ekki væri farið að bíða hér með málið til þess að tína inn í þetta frv. allar þær breyt., sem hafa verið gerðar á gengislögunum.

Þá eru það nokkur orð um efni málsins og þær brtt., sem fram hafa komið. Ég ætla ekki að gefa tilefni til langra umr. um málið, en ég vildi þó segja út af brtt. frá hv. landsk. þm., Magnúsi Kjartanssyni, að þar eru mjög veigamiklar breyt. á ferðinni, eins og hann dró enga dul á í sinni ræðu, og þrjú höfuðatriði. Eitt er að ákveða nú í hv. Alþ. löggjöf um verðlagsuppbætur til allra launþega eða allra þeirra, sem taka kaup, annað það, að uppbætur fylgi framfærsluvísitölunni, en ekki kauplagsvísitölunni, og hið þriðja að breyta uppbótinni mánaðarlega eftir því, sem vísitalan gefur tilefni til, en ekki ársfjórðungslega.

Um þessar ráðstafanir allar, sem hv. þm. leggur til, er það að segja, að ég hlýt að óska eftir því, að hv. d. felli þessa brtt. hv. þm. Fyrir því er í fyrsta lagi sú ástæða, að þessi brtt., ef hún væri samþ., mundi verða til þess, að verðbólguáhrif verðlagsuppbótarinnar hlytu að vaxa stórkostlega frá því, sem þau eru nú, og valda mjög hröðum vexti dýrtíðarinnar. Auk þess er um þetta að segja, að það hefur ekki verið hér undanfarið ákveðin verðlagsuppbót til annarra en starfsmanna ríkisins með l., og verkafólk yfirleitt vill ekki láta setja sér kaupgjald með löggjöf. Það hefur verið stefna verkalýðssamtakanna, og upp á síðkastið hefur hún verið tekin til greina hér á Alþ. Þess vegna finnst mér dálítið einkennilegt, að hv. þm. skuli nú stinga upp á því að lögfesta þennan mikilsverða þátt í kaupgjaldsgreiðslunni.

Þá vil ég benda á í þessu sambandi, að það væri ekki mikill vandi að lifa, ef hægt væri að leysa allan vanda manna með því að hækka kaupið. Ef hægt væri í hvert skipti, sem mönnum finnst þeir hafa of lítið fyrir vinnu sína, að leysa þann vanda með því að hækka kaupið og það þyrfti ekki að hafa neitt annað sjónarmið, þá væri létt að leysa sáran vanda. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þessu er nú ekki þannig háttað, því miður. Allir óbrjálaðir menn ættu að geta gert sér grein fyrir því. Sumarið 1950 settu launasamtökin í landinu, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, nefnd til þess að íhuga þetta mál. N. átti að íhuga, að hve miklu leyti m. a. kauphækkanir gætu bætt kjör launastéttanna, og n. skilaði um þetta mjög greinilegu áliti sumarið 1950. Það er í stuttu máli niðurstaðan í þessu nál. trúnaðarmanna verkalýðssamtakanna sjálfra, að ef þannig sé ástatt í landinu, að ekki sé gróði á at-

vinnurekstrinum og gróði og aukin framleiðsla geti staðið undir hækkun kaups, þá sé ekki hægt að vænta kjarabóta af því að hækka kaupið. Þessi niðurstaða er útfærð þannig, að sé svo ástatt í þjóðfélaginu, að kauphækkanir, sem gerðar eru, hafi í för með sér, að verðlag þurfi að hækka og verð á þjónustu, og ef einnig þurfi að gera ráðstafanir fyrir útflutningsframleiðsluna, til þess að hún geti borið kauphækkanirnar og þær verðlagshækkanir, sem af þeim leiðir innanlands, þá sé ekki hags að vænta af kauphækkunum. Þetta er niðurstaða n. Og niðurstaða þessi hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar þannig er komið, er hætt við því, að óhjákvæmilegt verði talið að rétta við hlut útflutningsframleiðslunnar, þ. e. a. s., vinnuafl að öðrum kosti mundi flytjast þaðan, sú framleiðsla dragast saman, innflutningurinn og þjóðartekjurnar minnka. Ef þessi yrði afleiðing launahækkunarinnar, mundu kjör launþega ekki batna um þau 1,9%, sem talað var um hér að framan, þar sem magn innfluttrar vöru mundi minnka. Meira að segja ekki ólíklegt, að um kjaraskerðingu yrði að ræða fyrir launþega í stað kjarabóta.“ En n. er áður búin að reikna, hvernig 10% kauphækkun mundi verka, og segir, að af 10% hækkun mundi fyrst étast upp meginhlutinn vegna hækkana, sem leiddi af kauphækkun á mörgum sviðum, en er síðan að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort það, sem þá yrði eftir, sem verður 1,9%, mundi verða hreinn ávinningur. Hún kemst svo að þeirri niðurstöðu, að ef til viðbótar þessum verðhækkunum innanlands þyrfti svo að gera ráðstafanir vegna útflutningsframleiðslunnar, þá mundi ekki hafast neitt upp úr kauphækkuninni fyrir launþegasamtökin og jafnvel geta orðið um tjón að ræða, eins og ég las áðan úr nál. Á þessu sjáum við, að þó að um það megi deila oft, hvort ástandið í þjóðfélaginu sé þannig, að hægt sé að hafa eitthvað upp úr launahækkun, þá er það alveg augljóst, og um það má ekki deila og á ekki að deila, að það er ekki hægt að hafa hagnað af almennri kauphækkun, hvernig sem á stendur. Það er ekki alltaf þannig ástatt í þjóðfélaginu, að hægt sé að hafa hagnað af kauphækkunum. Þvert á móti komast þessir sérfræðingar verkalýðssamtakanna að þeirri niðurstöðu, að það geti verið þannig ástatt, að það verði jafnvel óhagur að kauphækkunum fyrir launastéttirnar. Þess vegna er þetta ekki svo einfalt mál, og það er ekki ætið ávinningur að því að samþ. yfirboð, sem kunna að koma fram í sambandi við þessi mál, fremur en önnur.

Eitt mesta vandamál verkalýðssamtakanna í öðrum löndum, þar sem þau starfa með ábyrgu móti, er að ákveða, hvenær muni vera hagur af því fyrir verkalýðsstéttina að knýja fram kauphækkanir. Það er þetta atriði, sem forráðamenn verkalýðsstéttanna í öðrum löndum sífellt reyna að gera sér grein fyrir: Hvenær er þjóðfélagsástandið þannig, að búast megi við því, að ávinningur sé að kauphækkunum? Ef þeir komast að þeirri niðurstöðu, að þjóðfélagsástandið sé þannig, að ávinningur sé að kauphækkunum, þá reyna þeir að knýja þær fram. Ef þeir komast hins vegar að þeirri niðurstöðu, að ástandið sé þannig, að ekki sé gróði á framleiðslunni, sem geti staðið undir kauphækkunum, og þær muni þess vegna koma fram aftur með fullum þunga, þá reyna þeir ekki að knýja fram kauphækkanir. Ég leyfi mér að efast um, að nógu mikil áherzla sé lögð á það hér innan þessara voldugu og þýðingarmiklu samtaka að kryfja þetta atriði fullkomlega til mergjar. Ein af helztu þjóðfélagsskyldum þessara samtaka er þó vitanlega sú að reyna að gera sér sem fyllsta grein fyrir þessu. Séu knúnar fram kauphækkanir, sem geta ekki skilað neinum nettóhagnaði til launastéttanna, þá er verr farið en heima setið. Það verður alltaf mikið tjón í öllum þeim stimpingum, sem verða í sambandi við þessi mál — það þekkjum við, og slíkar launahækkanir auka ætíð verðbólguna til stórtjóns fyrir heildina og þar með verkalýðsstéttina. Kaupið á vitanlega að vera eins hátt og mögulegt er að fá út úr atvinnurekstrinum á hverjum tíma, þegar á heildina er litið. Það er sjónarmiðið, sem hafa á. Vandinn er svo að finna, hvenær þjóðfélagsástæður eru þannig, að hægt sé að knýja fram kauphækkanir, sem gera gagn, sem skila sér heim, en tapast ekki á leiðinni.

Þessar athugasemdir vildi ég gera til skýringar því, að ég mæli gegn brtt. þeirri, sem hv. landsk. þm., Magnús Kjartansson, hefur lagt fram. Það er nær ómögulegt, að nokkur maður geti haft þá skoðun, að það muni verða ávinningur fyrir verkalýðinn, eins og núna er ástatt, að knýja fram, þótt hann gæti, efni þessarar till. Það er nokkurn veginn augljóst, að nú er þannig ástatt fyrir atvinnurekstri hér, að þar er ekki um hreinan gróða að ræða, sem staðið gæti undir slíkum greiðslum, og þær hækkanir mundu því ekki skila sér heim til launþega, þegar öll kurl væru til grafar komin.

Ég vildi líka mæla gegn því, að till. hv. 4. þm. Reykv. yrði samþ. Sú regla, sem ákveðin er í lögunum um greiðslu verðlagsuppbótarinnar, er alveg nákvæmlega eins og sú regla, sem verkalýðsfélögin og atvinnurekendur komu sér saman um, og það er ætlunin að lögfesta þá reglu áfram, en ekki að taka upp nýja reglu um greiðslu verðlagsuppbótarinnar, eins og hv. þm. stingur upp á. Niðurstaða þeirra samninga, sem gerðir voru í fyrra, varð einmitt sú að breyta kaupgjaldinu aðeins fjórum sinnum á ári, og átti það að verða til þess að draga úr víxlverkunum eða réttara sagt draga úr áhrifum þeirrar verðskrúfu, sem ætið er samfara uppbótargreiðslum eins og þeim, sem hér er gert ráð fyrir. Átti að draga úr þeirri hættu með þessu ákvæði. Ég held því fram, að eðlilegast sé, að málið verði afgr. óbreytt og áfram verði lögfest sú sama regla, sem verið hefur í gildi um sinn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst láta í ljós þakklæti mitt til frsm. n. fyrir það að ætla nú að reyna að sameina þessi tvö frv., sem hér liggja fyrir um breyt. á sömu l., í eitt. Mönnum er ekki of létt að finna og fylgjast með öllum þeim breyt., sem gerðar eru á l. hér á landi, þó að við þurfum ekki í sömu stjórnartíðindunum að leita að fleiri breyt. en einni á einhverjum ákveðnum l. Ég hef áður á

a. m. k. tveimur þingum deilt á þetta, þegar verið er að breyta sömu l. á sama þinginu með fleiri frv. um lagabreytingar, og mér þykir ákaflega vænt um, að n. ætlar að reyna að taka þær til athugunar og láta þetta ekki henda nú í þetta sinn.

Út af einu atriði, sem frsm. sagði, langar mig svo til að bæta nokkru við. Hann sagði, að það væri sýnilegt, að sá víxlgangur, sem ætti sér stað milli afurðaverðs og kaupgjalds hér á landi, gæti ekki haldið áfram endalaust, — hann yrði að stoppa. Hins vegar taldi hann, að n. sæi ekki neina leið til þess að stoppa hann nú. Nú er það öllum vitanlegt, að á hverju hausti um mánaðamótin september og október kemst á jafnvægi á milli kaupgjaldsins og verðs þeirra afurða, sem framleiddar eru í landinu og með l. er ákveðið verð á, og þess vegna stöndum við einmitt núna á því stigi, að það er nýbúið að samræma landbúnaðarafurðaverðið við kaupgjaldið, eins og það var s. l. ár, — við stöndum á því stigi núna. Við stöndum á því stigi núna, að það er nýtt kapphlaup að byrja eða þá byrjað, með því að kaupgjald hækki, sem svo aftur leiðir til hækkaðs afurðaverðs um mánaðamótin september—október næsta haust. Þess vegna vil ég beina því mjög ákveðið til n., hvort hún ekki sér sér fært að stoppa þetta kapphlaup. Það lítur út fyrir, eftir því sem sagt er, að sá aðilinn, sem nú á leikinn til að hækka það og getur haldið áfram að hækka það allt næsta ár, eða fram í septemberlok, sé nú 1. desember að segja upp kaupsamningum og langi í kapphlaupið áfram. Hann veit, að hann á næsta ári ber dálítið úr býtum. Það hækka ekki t. d. neinar landbúnaðarvörur, þangað til í sept. n. k., nema eitthvað kannske fyrir frystikostnaði, ef það þá verður leyft, annað ekki, — hann veit það, og þess vegna sér hann, að hann á árinu getur kannske unnið eitthvað á hvað þetta snertir, en fær það svo allt saman yfir sig aftur næsta haust. Þá verður það allt saman umreiknað og kemur aftur fram í hærra afurðaverði. Þess vegna vil ég mjög ákveðið biðja n. að athuga það, hvort hún getur ekki stöðvað þetta með því að ákveða í frv., að næsta ár skuli hvorki verða kaupgjalds- né afurðaverðshækkun í landinu. Það yrði þá óbreytt, og stöðvaðist þá kapphlaupið milli kaupgjalds og afurðaverðs, sem hefur verið og hefur skrúfað þetta alltaf á víxl upp sitt á hvað. Ég vil biðja n. að athuga það. Ég mun fylgja því alveg ákveðið, ef það kemur hér fram, — alveg ákveðið.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það skulu vera aðeins örfá orð, sem ég segi. Það var nú misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að ég hefði verið með nokkrar ásakanir til ríkisstj. út af því, að hér eru borin fram tvö frv. með sömu fyrirsögn um breyt. á sömu l. Mér er það vel ljóst og hefur verið það frá upphafi, að þetta kemur til af því, að frv. eiga upptök sín sitt í hvoru ráðuneyti. Það, sem ég sagði, var það, að mér þætti dálítið einkennilegt, að hv. Nd. skyldi ekki hafa steypt þessum frv. saman í eitt, þar sem þau lágu bæði fyrir henni samtímis, en ekki, að ég væri að ásaka hæstv. ríkisstjórn. Út af þeim brtt., sem fyrir liggja, vil ég aðeins taka það fram, að n. var vitanlega kunnugt um, að þessar till. mundu liggja fyrir, a. m. k. sú till., sem tekin er hér upp orðrétt frá því, sem hún var borin fram í hv. Nd. Ég geri því ráð fyrir, að afstaða n. til þeirra atriða breytist ekki neitt, og þó að till. hafi ekki verið sérstaklega ræddar í n., þá sé mér óhætt að lýsa því yfir fyrir hönd meiri hl. fjhn., að hún fallist ekki á slíkar till., enda er till. hennar, að þetta frv. verði efnislega samþ. óbreytt. Um rök fyrir þessu áliti læt ég nægja að vísa til ræðu hæstv. fjmrh.; þó að ég færi að rökstyðja þetta nánar, þá yrði það ekki annað en endurtekning á því, sem hann sagði. Ég vil þó aðeins taka það fram út af þessum till., í raun og veru báðum, að mér finnst ekki vera verulegt samræmi í stefnu þessara hv. þm., sem þessar till. bera fram. Það má ekki orða það hér að setja lagaákvæði um það, hvað kaupgjald skuli vera í landinu. Það er helgur samningsréttur — að því er flokkar beggja þessara hv. þm. telja — verkalýðsfélaganna að semja um kaup sín og kjör. En samt sem áður vilja þeir endilega, að Alþ. ákveði það, að hluti kaupsins skuli vera ákveðinn með lögum. Mér finnst ekki gott samræmi í því. Ef þeir vildu fallast á það, sem vel getur rekið að, að verði óhjákvæmilegt fyrir þjóðfélagið, að kjör stéttanna séu ákveðin með lögum, þá væri ekkert við þetta að athuga.

Það eina, sem hæstv. ráðh. hafði á móti því að steypa þessum tveimur frv. saman í eitt, var það, að af því kynni að hljótast töf. Ég veit, að ef það verður gert, þá þarf málið aftur að fara til einnar umr. í hv. Nd., en ég vona, að það megi haga því svo, að af þessu hljótist næsta lítil töf og a. m. k. ekki nema um einn dag. Ég mun við fyrsta tækifæri kalla fjhn. saman á fund til þess að taka ákvörðun um það, hvort hún vill fallast á það að steypa frv. saman eða ekki. Það getur vel verið, að það mundi valda töf, sem ég hreyfði í minni fyrri ræðu, að það væri æskilegt að taka þær breyt., sem gerðar hafa verið á gengislögunum, síðan þau voru sett, og steypa þeim saman við þetta einnig, og má athuga það nánar, og er sjálfsagt að taka tillit til óska ráðh. um það, að málið gangi sem fyrst fram.

Frá minu sjónarmiði var ræða hv. 1. þm. N-M. mjög athyglisverð, og ég er alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti, en þar get ég ekki talað fyrir n. hönd, að ef þessi þróun, sem hefur verið í landinu undanfarið, heldur áfram, — og ég sé nú ekki, að það muni breytast af sjálfu sér, hún hljóti að halda áfram, — þá sé ég ekki annað en að á endanum verði þjóðfélagið neytt til að fara þá leið, sem hann er hér að tala um, hv. þm., að lögbinda bæði kaup og afurðaverð. Þjóðfélagið hefur svo mikil afskipti af kjörum manna í landinu og lífi, að ég sé ekki, að þetta sé eins mikil goðgá og sumir vilja vera láta. Samt sem áður, — þó að ég líti svona á og sé á margan hátt hv. 1. þm. N-M. sammála um þetta, — þá get ég ekki tekið undir það, að það sé fjhn. þessarar hv. d., sem geti haft forgöngu um það eða eigi að hafa forgöngu um það. Slíkt mál er svo stórt, að vitanlega þyrfti um það samninga á

milli flokka og hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir slíku máli. Og því miður er ég nú hræddur um, að sá tími, sem nú er, þegar við höldum þetta Alþ., sé ekki hentugur til slíkra stórræða, enda sjálfsagt rétt, að það er ekki gerandi nema í ýtrustu neyð að hafa slík afskipti af löggjafarvaldsins hendi af einkamálum manna og stétta, en það getur nú að því rekið, að þjóðfélagið hafi ekki nema um tvennt að velja, annan kostinn þann, að hreint og beint farast að meira eða minna leyti, og hinn, að hafa meiri afskipti af því, hvernig fólk í landinu hagar sér, heldur en verið hefur. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, hvorn kostinn beri að taka, ef að því kæmi. Og það kann að verða fyrr en menn búast við nú, að ekki verði nema þessir tveir kostir fyrir hendi, ef sama þróun heldur að öllu leyti áfram.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði að koma með örfáar athugasemdir við hugleiðingar hæstv. fjmrh. hér áðan. Það er alger rökvilla hjá hæstv. ráðh. og rökvilla, sem kemur undarlega oft fram, að vísitölukerfi í sjálfu sér sé verðbólguaukandi. Þetta er algerlega rangt. Fullkomið vísitölukerfi, sem tekur til allra breytinga, sem verða á verðlagi, merkir það eitt, að raunverulegt kaupgjald, þ. e. a. s. hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags, helzt óbreytt. Vísitöluuppbætur eru engin forsenda, heldur afleiðing; fyrst breytist verðið, síðan kaupið. Ef verðið lækkar, lækkar kaupið einnig í slíku kerfi. Allar hugleiðingar hæstv. ráðh. um afleiðingar kauphækkana í sambandi við till. mína eru því alveg út í bláinn. Till. mín er ekki um neinar kauphækkanir; hún er ekki einu sinni um óbreytt kaup, því að framfærsluvísitalan tryggir það engan veginn. Hún fjallar aðeins um það, að kaupið lækki ekki eins stórkostlega ört og það hefur gert undanfarið. Þetta er vissulega lítil till. og hófsamleg, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, og mér dettur ekki í hug, að verkalýðssamtökin líti á hana sem neina lausn á hinum stóru vandamálum, sem íslenzkt alþýðufólk á nú við að etja. Hins vegar væri samþykkt slíkrar till. eins og framrétt hönd frá Alþingi, viljayfirlýsing frá Alþingi um það, að það vildi semja við verkalýðssamtökin, sem hafa þegar lýst því yfir, að þau finni sig knúin til að grípa til sinna ráðstafana til að knýja fram umbætur fyrir meðlimi sína. En sem sagt, þetta finnst hæstv. fjmrh. allt of mikið. Hins vegar sýndu hugleiðingar hæstv. ráðh. það, að hann er þeirrar skoðunar, að raunverulegt kaupgjald á Íslandi geti ekki haldizt óbreytt, það verði að halda áfram að lækka, því að afleiðingar þess kerfis, sem nú er, eru þær, að raunverulegt kaupgjald heldur áfram að lækka jafnt og þétt.

Ég sýndi fram á það hér áðan, að ef Dagsbrúnarmaður ætti að halda óbreyttu kaupi sínu frá 1947, miðað við gömlu vísitöluna, ætti hann að hafa um 14 þús. kr. meira í árslaun. Þetta merkir, að það vantar 14 þús. kr. upp á, að kaupgjald hans hafi haldizt óbreytt á þeim fimm árum, sem síðan eru liðin. Og þá þróun vill hæstv. ráðh. láta halda áfram.

Hugleiðingar hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Eyf. um það, að þessi till. skjóti dálítið skökku við það, að það hafi ævinlega verið stefna sósíalista, að Alþingi eigi ekki að skipta sér af samningsrétti verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, eru einnig út í hött. Þessi till. skerðir auðvitað á engan hátt samningsrétt verkalýðsfélaganna eða samningsrétt verkamanna og atvinnurekenda. Þetta er aðeins till. um það, að gerðar verði örlitlar umbætur á sjálfu vísitölukerfinu, sem er allt annars eðlis og fjallar um það, að raunverulegt kaupgjald haldist að sem mestu leyti óhaggað þrátt fyrir breyt. á verðlagi.

Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. vék að áðan í sambandi við landbúnaðarverð, er hann var að tala um einhverja yfirbót af minni hálfu fyrir gerðir sósíalista í þeim efnum, vildi ég aðeins segja það, að landbúnaðarverðið er núna ákveðið af 6 manna n., þar af eru 3 fulltrúar neytenda. Af þessum fulltrúum hygg ég að tveir muni vera Alþfl.-menn og þar af einn, sem mjög hefur beitt sér í þessum málum, einn af forustumönnum Alþfl., Sæmundur Ólafsson. Samkv. lögunum er þessum þrem fulltrúum neytenda heimilt að segja upp samkomulaginu hvenær sem þeim sýnist. Þessir þrír menn undir forustu Alþfl. hafa ekki séð neina ástæðu til að segja þessu samkomulagi upp á undanförnum árum, og ég vildi biðja hv. þm. að skýra það út fyrir mér, fyrst þetta samkomulag er svona slæmt, eins og hann vill vera láta, hvernig á því stendur þá, að fulltrúar hans flokks segja því ekki upp.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Út af orðum hv. 1. landsk. í lok ræðu hans áðan vil ég bara segja þetta: Í sex manna n. eru fulltrúar mismunandi stétta, eins og kunnugt er, og þeir geta annaðhvort komið sér saman um það samkomulag, sem áður hefur gilt, gert annað nýtt eða slitið allri samvinnu. En þó að samkomulaginu sé sagt upp og samvinnunni slitið, breytir það á engan hátt þeim reglum, sem gilda um verðlagningu landbúnaðarafurða, þannig að það mein, sem skapað var með löggjöfinni um 6 manna n., situr eftir sem áður. Þó að fulltrúar Alþfl. segðu sig úr 6 manna n. eða vildu ekkert samkomulag hafa við aðra menn í henni, þá breytir það ekki reglunum um verðlagningu landbúnaðarafurða, en einir höfuðsmiðirnir að þeim reglum voru einmitt samflokksmenn þessa hv. þm., eins og ég áður gat um.

Ég vil taka undir það, sem bæði hv. frsm. n. og hv. 1. þm. N-M. sögðu hér áðan um nauðsynina á því að steypa saman gengisbreytingarlöggjöfinni í eina heild. Sannleikurinn er sá, að þó að þessi l. væru nú ekki nein snilldarsmíði í upphafi, — þau voru satt að segja mjög ambögueleg, — þá eru þau orðin þannig núna, að varla er hægt að gera sér grein fyrir, hvað er lög og hvað ekki lög. Heilir kaflar úr l. hafa sumpart ekki komizt í framkvæmd, þau hafa sumpart verið felld úr gildi og öðrum ákvæðum breytt. Það verður því frá því sjónarmiði hin mesta nauðsyn að steypa þessu öllu saman. Ég vil taka undir orð þessara hv. þm. um það efni.

Mér skildist á hæstv. ráðh. áðan, að hann teldi, að ef samþ. væri till. á þskj. 153, þá væri þar með í raun og veru verið að lögfesta kaupið. Það

er náttúrlega fjarri sanni, eins og hv. .... (Gripið fram í.) .... það er einmitt það, sem um er að ræða hér, það er að lögfesta hluta kaupsins, og er þá ekki gengið inn á neina nýja braut, það er gert núna. Það er aðeins spurningin um það, hvað á að lögfesta, við hvað á að miða við lögfestinguna, enda er þetta alveg fullkomlega eðlilegt á allan hátt. (Gripið fram í.) Hv. þm. mælir þar áður en hann hugsar, eins og stundum kemur fyrir hann. Þegar samið er um kaupgjald, þá er gengið út frá því, að minnsta kosti af verkamönnum, sem um kaupgjaldið semja, að fyrir það kaup, sem þeir fái, geti þeir fullnægt ákveðnum þörfum sínum og óskum, og þá er að sjálfsögðu miðað við verðlagið á þeim tímum sem samningarnir eru gerðir. Með stórfelldum breytingum á verðlagi, án þess að kaupgjaldið breytist um leið, eru þessir samningar gerðir gagnslausir og ónýtir og einskis virði, eftir því hvað breyt. eru stórfelldar. Alþingi í heild sinni hefur viðurkennt, vegna þeirra stórfelldu verðbreytinga, sem hafa orðið hér, nauðsynina á því að ganga að minnsta kosti í þá átt að tryggja, að kaupmáttur launanna sé nálægt því, þrátt fyrir verðbreytingarnar, sem hann var, þegar samningarnir voru gerðir, og það er fullkomlega réttlátt og eðlilegt. En nú hina síðari tíma hefur verið meira og meira unnið að því að gera þennan hluta kaupsins ekki jafnvissan og til var ætlazt með visitöluuppbótinni, með því að láta visitöluuppbótina vera lægri heldur en svarar hinni raunverulegu verðrýrnun peninganna. Það er því fullkomlega eðlilegt í alla staði, að slík ákvæði séu í samningum eða lögum til þess að tryggja verkamanninum, að það kaup, sem hann semur um í dag, haldist sem næst því óbreytt, þ. e. a. s. kaupmáttur þess hafi sama verðgildi fyrir hann eins og þegar hann gerði samninginn.

Ég veit ekki, hvort maður á að fara að ræða hér um kaupbindingu eða ekki kaupbindingu, rök með eða móti í því efni og hvaða ástæður væri hægt að bera fram til að réttlæta kaupbindingu, en ég býst við, að það sé þarfleysa. Ég býst ekki við, að það sé alvara, að ætlunin sé að binda kaup verkafólks nú á þessu þingi að minnsta kosti. En mér finnst eitt ákaflega eftirtektarvert í sambandi við það, sem fram hefur komið hér um það efni í þessum umr. Í fyrsta lagi var því slegið föstu af hv. 1. þm. N-M., að einmitt nú, eftir að hækkun landbúnaðarvara hefur verið ákveðin nokkuð yfir 12%, sem ég held, að í sumum tilfellum sé nú meiri, en það er það, sem opinberlega er talið, þá sé einmitt kominn réttur tími til að binda kaupið, og þegar raddir hafa komið fram um þetta hér á þingi, hefur það ævinlega hreint verið að afstaðinni stórfelldri verðhækkun á vörum, sérstaklega landbúnaðarvörum, og eftir að kaupgjaldið hefur verið óbreytt eða lítið breytt langan tíma. Það sýnir, hvert stefnir í þessu efni. Það sýnir, að það á að tryggja það hlutfall að minnsta kosti, sem þeir í augnablikinu telja sínum umbjóðendum hagfelldast. Þetta er nú sannleikurinn í málinu. Og á öðrum tímum er því ekki hreyft.

Menn ræða hér um hækkun kaups, um lögbindingu á kaupgjaldi, en nefna ekki lögbindingu á húsaleigu, nefna ekki lögbindingu á álagningu á verzlunarvöru og umsetningu í landinu, nei, það er kaupið fyrst og fremst. Hæstv. ráðh. sagði alveg réttilega, að ef ekki væri annar vandi til að bæta kjör launafólks í landinu heldur en sá að hækka launin á pappírnum eða með lagaboði, þá væru sannarlega ekki miklir erfiðleikar við að fást. Ég er honum sammála um þetta. Hæstv. ráðh. heldur því enn fremur fram, að launastéttunum sé það gagnslítið, gagnslaust eða jafnvel til skaða, ef laun þeirra séu hækkuð að krónutölu. Þegar svo sé ástatt sem nú er, segir hann, að ekki sé gróði á atvinnuvegunum, þá verði þetta ekki nema sýndur gróði. Það geti farið svo, að launahækkun, eins og hann orðaði það, snúist upp í kjararýrnun eða verði bein kjararýrnun. Nú er mjög fjarri því, að allur sannleikur sé sagður með þessu hjá hæstv. ráðh., því að hann veit það jafnvel og ég og allir aðrir, að tekjur hinna ýmsu atvinnustétta og einstaklinga í þjóðfélaginu eru ákaflega mismunandi, þannig að alveg gersamlega að óbreyttri aðstöðunni í viðskiptunum við útlönd má að sjálfsögðu mikið bæta kjör þeirra, sem lægst eru launaðir, án þess að það hafi áhrif á viðskiptin við útlönd, — það er öllum kunnugt um. En við skulum nú setja sem svo, að þessi kenning hæstv. ráðh. væri rétt og ætti við, en gildir hún þá eingöngu um verkamenn og laun þeirra, þessi fræðisetning hæstv. ráðh.? Er launahækkun til verkamanna og tekjuaukning fyrir þá þeim hættuleg og þjóðfélaginu, en tekjuaukning og launahækkun annarra stétta hvorki hættuleg þjóðfélaginu né þeim sjálfum? Ég vildi fá skýringu hjá hæstv. ráðh. á þessu efni. Ég vil fullyrða, að sé sú kenning hæstv. ráðh. rétt, að það sé kjararýrnun fyrir verkamenn að fá hækkað kaup, þá hlýtur það líka að vera kjararýrnun fyrir bændurna að hækka þeirra tekjur, þeirra afurðaverð. Sé það kjararýrnun, leiði það til kjararýrnunar fyrir verkamenn að fá t. d. kaupið sitt hækkað um 10%, er það þá ekki kjararýrnun fyrir heildsala, ef þeir hækka sína meðalálagningu úr 6% upp í 17%? Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að það sé þjóðfélaginu til bölvunar, að slíkt sé leyft og gert. En ég er ekki alveg viss um, að heildsalarnir telji, að þeir séu að spilla sínum kjörum með því. Ef það leiðir til kjararýrnunar fyrir verkamanninn að fá 50 aura hækkun um tímann, er það þá til hagsbóta fyrir bóndann og fyrir þjóðfélagið yfirleitt að fá krónu hækkun á kjötkílóið? Ég vil mjög vara hæstv. ráðh. við því að bera slíkar fræðisetningar fram hér í þingi, því að það er sagt í góðri bók, að hálfur sannleikur sé oft og tíðum verri en enginn, en það er einmitt sú málfærsla, sem hæstv. ráðh. temur sér í sambandi við þetta mál. Sé það rétt, að þjóðfélagsástandið hjá okkur sé orðið slíkt, að ekki sé hægt að halda óbreyttum kaupmætti launanna hjá verkamönnum, þá er hver skerfur, sem er aukinn til annarra stétta, beinlínis frá þeim tekinn.

Það eru engin önnur fjárhagslögmál, sem gilda um tekjur verkamanna, heldur en tekjur annarra atvinnustétta í landinu, eins og bændastéttarinnar og þeirra, sem í sveitum búa, og ekki nema að litlu leyti, í einu atriði, sem annað gildir um

tekjur þeirra en tekjur gróðamanna og þeirra, sem hafa stærri fyrirtæki umleikis, eins og þeir, sem hafa með verzlunina að gera og annað slíkt. Ég held því, að það sé full ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh., ef hann er þeirrar skoðunar, að það leiði til ófarnaðar, bæði fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir launastéttirnar og verkamennina sérstaklega, að athuga það gaumgæfilega og með fullum rannsóknarvilja, hvort þá sé ekki einnig hættulegt að hækka svo verðlag á landbúnaðarvörunni sem gert hefur verið og hvort nokkurt vit sé í því að láta einstökum stéttum í landinu, eins og verzlunarstéttinni, alveg í sjálfsvald, hversu miklar tekjur þær skammta sér af því að dreifa út vörum, meira og minna nauðsynlegum, til almennings í landinu í gegnum heildverzlun og smásölu, og athuga þá einnig um húsaleigu, vexti bankanna og annað slíkt, sem til athugunar kemur í sambandi við dýrtíðarskrúfuna, sem hann var svo mjög fjölorður um áðan. Að sjálfsögðu er rétt, að kaupgjald launamanna í landinu er einn þátturinn í þeim vír, sem snúinn er af þessari dýrtíðarskrúfu, en það er einn þátturinn og ekki einu sinni sá veigamesti, sem ljósast er af því, að allan tímann síðan gengislækkunarlögin voru sett hefur kaupgjaldið alltaf verið fyrir neðan aðra kostnaðarliði í þjóðfélaginu, aldrei náð þeirri hæð, sem framfærsluvísitalan segir til, og er þó ekki sennilegt, að hún sýni fullkomlega alla þá hækkun, sem orðið hefur.

Forseti (BSt): Hv. 1. landsk. þm. gat þess, að það hefði fallið niður orð í brtt. hans á þskj. 153. Nú hefur hann borið fram skriflega brtt. þessu til leiðréttingar, við brtt. á þskj. 153, um gengisskráningu o. fl., frá Magnúsi Kjartanssyni. Á eftir orðinu „framfærsluvísitölu" komi: næsta mánaðar á undan.

Þessi skriflega brtt., þó að hún sé nú reyndar leiðrétting, er of seint fram komin og þar að auki skrifleg og þarf afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 161) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. landsk. þm. (MK) sagði, að það væri mikill misskilningur, sem ég hefði haldið fram, að vísitölukerfið væri verðbólguaukandi. Ég vil benda hv. þm. á, hvernig þetta getur verkað, og ætla, að það verði þá ljósara, hvað ég átti við. Ef sá háttur er á hafður að mæla mönnum, heilum stéttum, — ekki aðeins launastéttunum, heldur líka bændastéttinni, eins og hér er gert, því að verðlag á afurðum bændastéttarinnar er að verulegu leyti miðað við kaupgjaldið, — út tekjur eftir framfærslukostnaði, kostnaðinum við að framfleyta heimilum sínum, mældum eftir vísitölu, þá gefur auga leið, að hækki erlend vara í verði, þá hækkar vísitalan, og þá eiga tekjur þessara stétta í krónutölu að aukast — ég segi í krónutölu. Þannig ætti, eins og hv. landsk. þm. (MK) orðaði það, að koma í veg fyrir, að sú hækkun eða lífskjararýrnun, sem stafar af hækkuðu verði á innfluttum vörum, kæmi niður á þessum stéttum og öllum öðrum, sem fá tekjur sínar mældar eftir vísitölu. Nú skulum við gera okkur það í hugarlund, — sem þó þarf ekki að gera sér í hugarlund, því að það er sú reynsla, sem við höfum haft nú um sinn, — að á sama tíma sem verðlag hækkar mjög á innfluttri erlendri vöru, þá hækki ekki verðlag á okkar útflutningsvörum að sama skapi. Hvernig halda menn þá, að vísitölukerfið verki í fjárhagskerfinu? Þá verkar það vitanlega verðbólguaukandi, því að þá verkar það þannig, að menn fá hækkaðar tekjur sínar í krónutölu, á sama tíma sem þjóðartekjurnar minnka. Þetta kerfi verkar því þannig, vísitölukerfið, að þó að þjóðartekjurnar fari minnkandi fyrir verðlagsáhrif utanlands frá, eiga tekjur manna innanlands að fara vaxandi, og slíkt veldur verðbólgu. Við höfum reynsluna fyrir okkur, ólygna, í þessu efni frá s. l. tveimur eða þremur árum. Ef við tökum árið 1949 annars vegar og hins vegar árið 1951, þá er niðurstaðan sú, að verzlunarkjör eða viðskiptakjör Íslendinga gagnvart öðrum löndum eru um 30% lakari 1951 en var 1949, m. ö. o., þjóðartekjurnar hafa rýrnað verulega af þessum ástæðum. Ef menn eiga hins vegar að fá útmæld laun sín stórhækkuð að krónutali, þrátt fyrir það að þjóðartekjurnar rýrna stórkostlega vegna áhrifa utanlands frá, þá verkar það vitanlega verðbólguaukandi. Það er alveg sama, hvort verkamenn eða bændur eiga hér hlut að máli.

Þessi mælikvarði, að mæla mönnum kaupgjald eða setja verðlag á afurðir eftir vísitölu, sem miðuð er við framfærslukostnaðinn, er óhafandi með öllu og tryggir auðvitað ekki, að menn hafi eðlilegar tekjur. Það ætti auðvitað fyrst og fremst að ákveða kaupgreiðslur og afurðaverð eftir því, hvað ætla má, að sanngjarnt sé að borga og eðlilegt, miðað við þjóðartekjurnar, miðað við það, hve mikið þjóðin framleiðir og hvað fyrir það fæst. Það er sá eini mælikvarði, sem hægt er að leggja á þetta, sem er réttmætur, fullkomlega réttmætur og öruggur. Vísitöluregla, sem byggð er upp með hinu mótinu, gæti að vísu komið í veg fyrir, að lífskjör manna rýrnuðu, og þyrfti ekki að vera verðbólguaukandi, ef framleiðslan eykst og ef verðlag á framleiðsluvörum og verðlag á útflutningsvörum eykst jafnmikið og verðlag á aðfluttum varningi eða meira. Ef þjóðartekjurnar fara vaxandi, þá mundi þessi regla ekki þurfa að auka verðbólguna, en ef þjóðartekjurnar standa í stað eða fara minnkandi, þá er greiðsluaðferðin verðbólguaukandi og er því óhæf aðferð.

Hv. 1. landsk. þm. sagði, að ég liti þannig á, að kaupgjald hlyti að fara lækkandi á Íslandi. Það er alger misskilningur. Frá mínu sjónarmiði á ekki að nota framfærsluvísitöluna sem mælikvarða, eins og ég gat um áður, vegna þess að hún er óhæfilegur mælikvarði fyrir kaupgjaldið; hún getur bæði orðið til þess, að kaupgjaldið hækki í krónutölu örara en nokkur grundvöllur er fyrir, og hún gæti undir vissum kringumstæðum einnig orðið til þess, að það yrðu ekki þær hækkanir á kaupgjaldinu, sem í raun og veru væru réttmætar. Það væri undir þeim kringumstæðum, að þjóðartekjurnar færu raunverulega vaxandi og viðskiptakjörin færu batnandi, þann-

ig að það væri alveg eðlilegt, að raunveruleg kauphækkun ætti sér stað. Þessi mælikvarði er því með öllu ónothæfur.

Hv. 4. þm. Reykv. fór hér nokkrum orðum um það, sem ég sagði. Hann minntist á það, sem hann kallaði kenningu ráðh. um, að kauphækkanir gætu undir vissum kringumstæður verið tvíeggjaðar. Þetta er ekki mín kenning, þetta er viðurkennd staðreynd. Og ég vitnaði í þessu tilliti til mjög vandaðs nál., sem gert hefur verið innan launþegasamtakanna af þeirra trúnaðarmönnum til afnota fyrir launþegana. Það getur víst enginn haldið því fram, að slík álitsgerð muni vera samin í fjandsamlegum hug í garð launþeganna.

Í þessu nál. ræða höfundar þetta málefni mjög ýtarlega. Þeir taka sem dæmi, að framkvæmd væri í landinu 10% kauphækkun. Þeir benda á, að hækki verðlag innlendrar vöru og þjónustu í hlutfalli við þessa kauphækkun vegna aukins framleiðslukostnaðar, þá mundi vísitalan hækka af þeim ástæðum um 6%. Kjör launþega, segja þeir, hafa þá batnað um 3,8% við 10% kauphækkun. Launþegar fá því ekki kjarabætur, sem neitt nálgast það að nema sömu upphæð og launahækkunin nemur, heldur taka þeir þegar í stað hver af öðrum, vegna þess að launahækkunin er almenn, ⅝ af hinni upphaflegu launahækkun. Kjör þeirra, sem að útflutningsframleiðslunni vinna, atvinnurekenda og annarra, sem halda óbreyttum peningatekjum, mundu hins vegar hafa rýrnað um 5,7%. En svo er meira. Þeir bæta því við, að sé ástandið þannig í landinu, að ekki sé hægt að láta þessa rýrnun skella á atvinnurekstrinum og útflutningsframleiðslunni og gera þurfi ráðstafanir til þess að vega þann halla upp að verulegu eða öllu leyti, þá muni sennilega fara þannig, að enginn nettóhagnaður verði af kauphækkuninni, — orðrétt er þetta í nál.: „Það er meira að segja ekki ólíklegt, að um kjaraskerðingu yrði að ræða fyrir launþega í stað kjarabóta.“ Það voru því ekki mín orð eða mín kenning, sem ég flutti í minni fyrri ræðu. Þetta eru orð trúnaðarmanna verkalýðsfélaganna. Vitanlega er þetta alveg laukrétt. Ef hins vegar þjóðfélagsástandið væri þannig, að hægt væri t. d. að láta húsaleigu standa í stað, benda þeir á, að einhver örlítill ávinningur gæti orðið af þessum ráðstöfunum. þótt gera þyrfti ráðstafanir vegna útflutningsframleiðslunnar. Hins vegar benda þeir greinilega á, — og það er þýðingarmikið atriði, — að einstakir hópar mundu geta bætt sín kjör, t. d. mundu einstakir hópar innan launþegasamtakanna geta bætt sín kjör á kostnað annarra launþega og annarra landsmanna með því að ýta sínu máli sérstaklega fram og ef ekki væri um almennar kauphækkanir að ræða. En hér er verið að ræða um almennar kauphækkanir í sambandi við brtt. þær, sem hér liggja fyrir. Fram hjá þessu er ómögulegt að komast. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn.

Þá vildi ég minnast á það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, þegar hann spurði: Gildir þessi formúla um hættuna á því að hækka kaupið aðeins fyrir verkamenn? Gildir hún ekki einnig fyrir aðrar þjóðfélagsstéttir? Vitanlega spyr hv. 4. þm. Reykv. ekki af því, að hann viti ekki, hvert svarið er. Þetta gildir vitanlega alveg eins um aðrar þjóðfélagsstéttir. Þetta gildir vitanlega alveg eins um bændastéttina. Við skulum segja t. d., að bændur tækju nú þá stefnu, í stað þess að sætta sig við það, sem er, að heimta afurðir sínar hækkaðar eftir framfærsluvísitölunni, þeir segðu eitthvað á þessa leið: Við sættum okkur ekki við kaupgjaldsvísitöluna, eins og hún er. Við sættum okkur ekki við þær reglur, sem farið er eftir við útreikning vísitölunnar og útreikning kaupsins, vegna þess að okkar vörur eru miðaðar við kaupið, og við teljum, að þetta sé allt of lágt og það sé stórlega af okkur haft með þessu. Við viljum fá kjarabætur með því að krefjast þess, að verðlag á landbúnaðarvörum sé miðað við fulla framfærsluvísitölu, en ekki kaupgjaldsvísitölu, eins og nú er. — En þetta væri hliðstæð afstaða þeirri, sem talsmenn verkalýðsstéttarinnar telja vera henni til hags. Ef bændur tækju upp þá stefnu að knýja þannig fram hækkun á afurðaverðinu umfram þær reglur, sem nú eru í gildi, þá mundu þeir vitanlega vera í alveg nákvæmlega sömu hættunni og verkalýðurinn, þ. e. a. s. þeirri hættu að gera ráðstafanir, sem þeir hefðu ekkert gagn af í reyndinni, en væru til tjóns fyrir þá og heildina. Það stendur alveg nákvæmlega eins á með þá og verkamenn að þessu leyti. Það er nokkurn veginn gefið mál, að af þessu mundi leiða hringrás, sem eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu mundi ekki geta fært bændum hinar minnstu kjarabætur. Hins vegar gæti verið þannig ástatt, það gæti verið slíkt góðæri í atvinnurekstri og þannig ástatt að öðru leyti, að nettóverðhækkun af hálfu bændastéttarinnar gæti fært henni einhvern hag, alveg eins og það gæti auðvitað verið þannig ástatt, — og er sem betur fer stundum þannig ástatt, — að hækkað kaup getur fært verkamönnum hagsbætur. En þegar ástandið er eins og nú og eins og hefur verið núna undanfarin 2 ár, þá er ég alveg sannfærður um, að bændur mundu ekki hafa haft nokkurn minnsta hag af stefnu sem þessari. Og það er af sömu ástæðum og þeim, er gilda um kaupgjaldið, eins og svo glöggt og greinilega er dregið fram í nál. trúnaðarmanna verkalýðshreyfingarinnar. Það er einnig getið um það hér í þessu áliti trúnaðarmanna verkalýðshreyfingarinnar, að ef hægt væri að hækka kaupið og festa á sama tíma verðlag á landbúnaðarafurðum og verðlag á þjónustu innanlands, þá væri vitaskuld hagur að því fyrir launastéttirnar að hækka kaupið, þó að útflutningsframleiðslan gæti ekki borið hækkunina. En þá er sú hækkun, þau bættu lífskjör, sem launþegarnir fengju, algerlega fengin á kostnað bændastéttarinnar, iðnaðarstéttanna og þeirra, sem láta í té þjónustuna, sem verðfest væri um leið, en ekki á kostnað útflutningsframleiðslunnar nema að litlu leyti. En nú hygg ég, að það verði að viðurkennast af öllum, að það sé ekki hægt að hugsa sér, að hægt sé að hækka kaupgjald í landinu og binda fast afurðaverð landbúnaðarins um leið og láta þá tekjuaukningu, sem launastéttirnar þannig ætluðu að fá, skella að verulegu leyti á bændastéttinni og iðnaðarstéttunum, það sé því tómt mál um að tala.

Hafi hv. 4. þm. Reykv. þótt ég ekki segja nema hálfan sannleikann áðan, þá vona ég, að hann fallist á, að með þessum orðum hafi verið úr því bætt. Annars finnst mér ekki, að menn ættu að þurfa að vera að skattyrðast um það, hvort sú kenning, sem ég hef haldið fram í þessu máli, sé villukenning eða ekki. Mér þætti t. d. fróðlegt að vita, hvort menn halda, að forráðamenn verkalýðssamtakanna í Bretlandi, svo að við tökum aðeins eitt dæmi, sem nú hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það muni ekki vera hagkvæmt fyrir verkalýðsfélögin í Bretlandi að hækka kaupið, mundu hafa komizt að þeirri niðurstöðu, ef þeir teldu, að brezkur verkalýður hefði sérstakt tækifæri til þess að bæta lífskjör sín með því að hækka kaupið. Þeir hafa bara komizt að þeirri niðurstöðu með því að athuga allar ástæður, að eins og nú standa sakir muni ekki vera hægt að hafa kjarabætur, raunverulegar kjarabætur í aðra hönd með því að knýja fram kauphækkun. Ég er alveg viss um, að hefðu þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að hægt væri að fá raunverulegar kjarabætur með því að knýja fram kauphækkun, þá mundu þeir gera það. Þetta dæmi til viðbótar öðru sýnir, að þetta mál er ekki svo einfalt, að það sé ætíð sú sjálfsagða og eina leið að hækka kaupgjaldið, hvernig sem á stendur. Og þetta er atriði, sem trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna hér, sem ég hef nokkuð oft vísað til í þessum umr., hafa einmitt tekið til meðferðar og komizt að niðurstöðu um á þann hátt, sem ég hef minnzt á.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þó að ég hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara og sé samþykkur því að leggja til við þessa hv. d., að frv. verði samþ. óbreytt, þá þykir mér þó rétt að gera hér nokkra grein fyrir afstöðu minni til málsins í heild.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er raunverulega framlenging á því, sem hefur verið lögfest hér áður og gilt hefur nú síðan 1950, um það, hvernig verðlagsuppbætur skuli greiðast til ársloka 1953. Hér er því ekki um neitt nýtt mál að ræða, það hefur verið margrætt hér í hv. Alþ., m. a. hér í þessari hv. d. Ég hef þar áður lýst afstöðu minni til málsins, og sú afstaða er ekkert breytt. Hv. frsm. meiri hl. n. gat þess og í sinni framsöguræðu, að hann væri ekki ánægður með þetta fyrirkomulag og hann teldi einnig, að ýmsir nm. væru á þeirri skoðun, að það væri ekki heppilegt að viðhalda því, þó að þeir hins vegar féllust á framlenginguna að þessu sinni. Ég tek mjög undir þessi orð hv. frsm. En vegna þess, að það mætti þykja nokkuð einkennilegt, að meiri hl. n. skuli þá leggja til, að þetta kerfi sé framlengt til ársloka næsta árs, þykir mér rétt að fara hér nokkrum orðum um málið.

Þessu kerfi hefur verið haldið, að vísu nokkuð breyttu í einstökum atriðum, en í meginatriðum hefur því verið haldið nú um áratug, og það hefur ekki leitt til þess, að um þetta væri nokkurt samkomulag, hvorki á milli launþega né þeirra, sem greiða laun, ríkisins, bæjanna eða annarra atvinnurekenda. Það er því ekki kerfi, sem þessir aðilar geta komið sér saman um, ekki hefur skapazt sá grundvöllur, sem þeir geta mætzt á, það eitt út af fyrir sig er nægilegt til þess, að það ber brýna nauðsyn til þess að finna annað kerfi og annan grundvöll í sambandi við launakjör og atvinnurekstur í landinu. Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að ég er ósamþykkur því, að þessu kerfi sé haldið áfram, nema af brýnni nauðsyn, þar til endanlega verður séð út um það, hvort ekki næst samkomulag milli aðilanna um að skapa sér annað hollara og heilbrigðara kerfi í atvinnumálum þjóðarinnar. Þegar litið er á þátt launþegans í þessu máli, þá þarf ekki að líta langt til baka til þess að sjá, að launþeginn hefur aldrei verið ánægður. Það var hugsað í upphafi að taka þetta kerfi upp til þess að fyrirbyggja uppsögn á samningum, fyrirbyggja óeðlilegar hækkanir í launakröfum, sem atvinnuvegirnir gætu ekki staðið undir og röskuðu þannig atvinnumálunum í landinu. Þetta hefur ekki tekizt. Það hafa sí og æ verið átök í sambandi við grunnlaunahækkanirnar í landinu. Ofan á átökin, sem hafa verið um þetta mál, hafa ávallt verið sterk átök um grunnlaunahækkanir í landinu, en einmitt þetta kerfi átti að fyrirbyggja, að slík átök ættu sér stað. En þegar það er vitað, að ekki hafa minnkað átökin að nokkru leyti í sambandi við kröfur um grunnlaunahækkanir annars vegar og neitun atvinnuveitendanna hins vegar að verða við þeim kröfum, sem þeir þó hafa orðið að láta undan í hvert skipti, þá er alveg fallinn burt grundvöllurinn undir því að halda við þessu verðlagsuppbótakerfi eða kaupuppbótakerfi, sem hér hefur verið lögtekið og á að halda áfram til ársloka 1953. Þá er alveg eins gott að taka baráttuna upp fyrir kaupgjaldinu í heild, bæði grunnlaunum og uppbótum, eins og að vera í sífelldri baráttu um grunnlaunahækkanir fyrir utan þingsalina og síðan um verðlagsuppbæturnar í þingsölunum. Þetta er eina ástæðan fyrir því, að ég er mótfallinn þessu fyrirkomulagi.

Jafnvel þótt tekizt hafi samningar milli verkalýðsfélaganna annars vegar og vinnuveitenda hins vegar um kaupgjald einhvern ákveðinn tíma, þá er vitað, að margar af þeim stéttum, sem hafa fellt sig við þá samninga og undirritað þá, hafa strax beitt ýmsum brögðum til þess að fá hærri bætur eða fá laun sín bætt eftir öðrum leiðum, og alveg sérstaklega í þeim atvinnugreinum, sem vitað er að hafa getað þolað á vissum tímum þær kaupkröfur. Þarf ekki annað en að benda á þær kröfur, sem hafa verið gerðar meðal annars í iðnaðarstéttinni, segjum t. d. hjá múrurunum, þar sem þeir hafa raunverulega tekið stórar fjárfúlgur fram yfir það, sem samið hefur verið um, og fallið hefur ákaflega athyglisverður dómur um þetta í hæstarétti, að óleyfilegt hafi verið að taka, — ég skal skýra hæstv. ráðh. frá því, ef hann vill, — og ef ætti að framfylgja þeim málum, þá mundu þeir skulda nú ýmsum atvinnuveitendum stórkostlegar fjárfúlgur í sambandi við sín verk og sín laun, sem þeir hafa tekið þannig fram yfir samningsbundnar greiðslur. En í því felst dómurinn, að viðkomandi aðilar höfðu samið við verktaka að vinna ákveðið verk samkv. samningi í tímavinnu, sem hann lauk og fékk fullgreitt fyrir og kvittaði fyrir, en hans samtök kúguðu hann til þess

að fara í mál út af því og fá greiðslu síðar eftir uppmælingu samkv. ákvæðisvinnutaxta, sem þeir sjálfir höfðu samið. Það skakkaði um hér um bil helming upphæðarinnar, sem um var deilt, og dómurinn féll þannig, að verktakinn tapaði málinu. Og þá var því einnig slegið föstu, að allar slíkar fjártökur, sem hefðu verið þannig teknar óleyfilega, væru ólöglega teknar. Það nákvæmlega sama má segja um t. d. vörubílstjóra, sem vitað er að hafa ekki viljað beygja sig undir þá samninga, sem gerðir hafa verið af þeirra félagssamtökum, og neitað að vinna eftir þeim, en hins vegar viljað vinna ákvæðisvinnu, sem þeir hafa sjálfir ákveðið, og hafa þannig tekið miklu meiri laun heldur en ákveðið hefur verið með þeirra samningum. Og svona má lengi telja. Ef leitað er í embættismannastéttinni, þar sem laun embættismannanna eru ákveðin með lögum og með lögum er einnig ákveðið, hvað mikið skuli greiða í verðlagsuppbætur á hverjum tíma, þá þarf ekki að leita lengi til þess að sjá, hversu þar hefur verið farið langt út fyrir þau lagafyrirmæli á ýmsum sviðum, og ég veit, — hv. 1. landsk. er nú ekki hér inni, — en ég veit, að hann eða hans flokkur getur fengið um það ýmisleg gögn í fjvn., hvernig þeim málum er komið. Það er ekki einasta, að menn fái þar launauppbætur með því að vinna oft og tíðum fram yfir sinn vinnutíma, sem er ekkert við að segja, heldur fá þeir þær í ýmsum og margvíslegum myndum, m. a. í risnu, til þess að ekki þurfi að telja það fram til skatts, og jafnvel í áhættuþóknun í sínu starfi, sem venjulegir menn geta ekki skilið, að nokkur áhætta sé að vera í. En þetta segi ég aðeins til þess að sýna fram á, hversu það er fjarri því, að nokkur af þessum aðilum vilji lúta fyrirmælum um launauppbætur samkv. þeim reglum, sem lögteknar hafa verið á Alþ., síðan farið var inn á þetta kerfi.

Það er því alveg sýnilegt, að það eru hvorki verkamenn, embættismenn né aðrir launþegar í landinu, sem vilja lúta því að vinna fyrir sín samningsbundnu eða lögbundnu laun að viðbættu því, sem ákveðið er hér í l. um uppbætur vegna dýrtíðar, og er því fullkomlega kominn tími til þess að afnema þetta kerfi að fullu og öllu.

Þá vildi ég benda á hina hliðina, sem hæstv. fjmrh. kom mjög mikið inn á, sem er raunverulega kjarni málsins, og það er, hvort atvinnuvegirnir í landinu raunverulega þola nú þessar hækkanir. Hvort heldur þær koma fram í beinum grunnlaunahækkunum eða í hækkandi verðlagsvísitölu eða á hvaða hátt sem þær koma fram, þá er það raunverulega kjarni málsins: Þola atvinnuvegirnir í landinu þær? Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, en ég skal aðeins benda á, að vegna þess, hversu margir staðir á Íslandi nú hafa átt í erfiðleikum í sambandi við atvinnumálin, m. a. vegna þess, að atvinnuvegirnir þar hafa ekki getað borið útgjöldin, hvorki launin né önnur útgjöld, eins og hefur þurft að greiða það, þá hafa þessir staðir komizt í atvinnuþrot. Þeir hafa síðan leitað til ríkissjóðs um margvíslega hjálp, eins og hv. Alþ. er kunnugt. Þangað hefur verið dreift togurum, sem taldir hafa verið einhver hin beztu atvinnutæki hér á landi, þeim hefur verið dreift út um landsbyggðina með hvorki meira né minna en 90% ábyrgð frá ríkissjóði, og það hafa verið byggð frystihús, fiskimjölsverksmiðjur og ýmislegt fleira í sambandi við atvinnumálin, beinlínis til þess að geta haldið atvinnunni uppi í landinu á þessum stöðum, vegna þess að einstaklingarnir hafa horfið frá því að halda atvinnuvegunum þar uppi, vegna þess að þeir hafa ekki getað borið sig. Það er skammt að minnast þess, að Siglufjörður hefur fengið tvo af nýsköpunartogurunum, og síðari togarann fékk Siglufjörður í fyrra með mikilli aðstoð frá ríkissjóði. Nú liggur fyrir frá Siglufirði beiðni um það til Alþ. eða hæstv. ríkisstjórnar að losa sig undan því að þurfa að greiða aðkallandi gjöld, eins og vexti og afborganir af lánum, svo að þeir missi ekki þessi fyrirtæki, — og upplýsingar um það, að á s. l. ári hafi þessi fyrirtæki hvort fyrir sig, þ. e. hvor togari, tapað um 1½ millj. kr. á sínum rekstri, einni og hálfri millj. króna. Nú sé það fjarri mér að halda því fram, að það hefði verið hægt að jafna allt þetta tap með því að ganga á laun þeirra manna, sem við fyrirtækin vinna bæði á sjó og landi, en enginn vafi er á því, að þetta er sönnun fyrir því, að þessi atvinnurekstur þolir ekki undir neinum kringumstæðum það kaupgjald, sem greitt er í landinu. Hitt er svo allt annað mál, hvernig á að fara að því að jafna þessi met, en þau verði náttúrlega sízt af öllu jöfnuð með því að gera kaupgjaldið enn hærra.

Það, sem mestum erfiðleikum hefur valdið í atvinnumálum á Íslandi undanfarið, síðan þetta kerfi var tekið upp, er ekki einasta kauphækkunin út af fyrir sig, heldur og hið óvenjulega öryggisleysi í sambandi við kaupgjaldsmálin. Það hefur enginn atvinnurekandi, ríkissjóður eða nein önnur stofnun eða bæjarfélögin, ekki einu sinni hinar almennu tryggingar, haft nokkurt öryggi fyrir því 1. jan., hvað raunverulega þarf að greiða það ár, sem þá er að byrja, í sambandi við laun eða þær upphæðir, sem eru háðar verðlagsvísitölunni, og þetta er einn stórkostlegasti ókosturinn við kerfið. Menn eru sí og æ í óvissu um það, hvað þarf að reikna í sambandi við kaupgjald, og það kippir bókstaflega grundvellinum að fullu og öllu undan öllum atvinnurekstri þjóðarinnar, svo lengi sem því kerfi er haldið áfram. Við höfum orðið varir við það hér í þessum bæ, að það hafi orðið m. a. að leggja á aukaútsvar til þess að geta náð inn nægilegu fé til þess að mæta þeim útgjöldum, sem þessu hafa orðið samfara og skollið hafa á, eftir að var búið að semja allar fjárhagsáætlanir. Þetta er ein ástæðan fyrir því, hversu ég er andvígur þessi kerfi yfirleitt. Auk þess er alveg vitað, að kerfið sjálft hefur borið í sér þá veilu, sem nú er í fjárhagskerfi þjóðarinnar. Það hefur raunverulega smitað allt fjárhagskerfi þjóðarinnar þannig, og það vita allir, að eins og það er nú, þá er það sjúkt og getur ekki staðið þannig lengi, nema því aðeins að eitthvert annað fyrirkomulag verði tekið upp.

Hæstv. ráðh. benti hér mjög skýrt á, hvernig kaupmátturinn væri ekki til hagsbóta fyrir neina þá aðila, sem gera kröfur um hækkandi kaup, í

hvaða formi sem það er, nema fyrir þá eina, sem teknir eru út úr hópnum til þess að gera það á kostnað annarra. En ég vil hér, áður en ég lýk máli mínu, leyfa mér að fara nokkrum orðum um það, hvaða atvinnuvegur það nú er í landinu, sem getur þolað hækkandi vísitölu og hækkandi kaupgjald og hækkandi grunnlaun. — Er það sjávarútvegurinn? Ég hef lýst því nokkuð, hvernig hefur gengið með útveginn á Siglufirði, og það er ekkert einsdæmi. Þessar sömu kröfur liggja nú í sambandi við tvo togara, sem gerðir eru út af bæjarstjórn Vestmannaeyja og upplýst er, að hafi tapað milljónum undanfarin ár. Sömu kröfurnar liggja einnig hér fyrir frá togurum, sem gerðir eru út á Norðfirði. Sömu kröfurnar liggja fyrir um togara, sem gerðir eru út frá Akranesi, og sömu kröfurnar liggja fyrir um þó nokkuð marga mótorbáta, sem gerðir hafa verið út á Vesturlandi. Þetta, samfara þeirri vitneskju, sem við vitum um og þekkjum í sambandi við greiðslur, sem greiddar hafa verið svo milljónum skiptir til þess að halda útgerðinni við líði, að ógleymdum alveg þeim stóru fúlgum, sem liggja í því, að útgerðin fær friðindi í sambandi við bátagjaldeyrinn, sýnir, að þessi útvegur, að þessi atvinnugrein, sem er þó aðalatvinnugrein landsmanna, getur ekki undir neinum kringumstæðum staðið undir þessu, nema einhvers staðar komi frá tillag, styrkur frá einhverjum aðila, og hann hefur verið sóttur undanfarin ár beint í ríkissjóðinn, svo að ekki þyrfti að stöðva þessi atvinnumál. Ríkissjóðurinn eða ríkisvaldið hefur svo aftur orðið að leggja þetta á þjóðina til þess að taka það af henni aftur í sköttum. Þar er komin, eins og við vitum, önnur hringrás, sem ekki er æskilegt, að þróist lengur en nú er orðið, nema síður sé. — Þá skulum við líta á landbúnaðinn. Eru þeir menn, sem nú ræða alltaf um það, að landbúnaðarafurðirnar mættu ekki hækka, svo kunnugir afkomu bænda yfirleitt, að þeir treysti sér til þess að fullyrða það með rökum, að þessi atvinnuvegur þoli annaðhvort hærri laun eða, sem kemur í sama stað niður, minna verð fyrir sínar afurðir? Mér skildist það m. a. á hv. 4. þm. Reykv., að hann teldi, að allt meinið lægi í því, að ekki væri hægt að stöðva verðið á landbúnaðarafurðunum og þá náttúrlega að leggja byrðina á þá aðila. Ég held, að þeir menn, sem kynna sér út af fyrir sig afkomu bænda almennt, lífskjör þeirra, húsakynni og lífsþægindi, og bera það saman almennt við lífskjör, húsakynni og þægindi annarra manna í þessu landi og það einnig m. a. hér í Reykjavík, komist fljótt að þeirri niðurstöðu, að þessir menn hafi ekki farið með stærri skerf úr atvinnuvegunum heldur en aðrir þegnar þjóðfélagsins, nema síður sé. Og ein sönnun fyrir því og raunverulega viðurkenning fyrir því, að þetta sé rétt, er einmitt sá fjárhagslegi styrkur, sem veittur hefur verið hér á Alþ. til þess að halda þessum atvinnuvegi áfram, m. a. líka vegna þess, að það er talið, að þjóðin geti ekki án þeirra manna verið í þeim atvinnuvegi, en vitað hins vegar, hversu ásóknin er að leita í burtu frá honum í bæina.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði m. a. í sambandi við þetta mál áðan, hvort það væri þá nokkur hagur fyrir bændurna að vera að hækka afurðirnar nú um 12%, eða rúml. 12%, úr því að hæstv. ráðh. hefði haldið því fram, að það væri enginn hagur fyrir verkamennina að hækka sín laun. Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að það getur vel farið svo og er þegar ef til vill komið á það stig, að það sé enginn hagur, og þessi hv. ágæti sami þm. minntist einmitt á þetta í annarri ræðu á öðrum fundi í þessari hv. d., að það væri komið svo núna, að kaupgjald þessara bænda, þ. e. a. s. gjaldmiðill þessara bænda, sem er þeirra afurðir, þær seldust ekki lengur, hann væri ekki lengur gildur, hann væri fallinn í verði, það lægju hér ostar og smjör og aðrar ágætar afurðir í stóru magni, mjög stóru magni, sem alþýðan hefði ekki aðstæður til þess að kaupa. Það er síður en svo, að það sé útilokað, að það mætti ræða um þann möguleika, að landbúnaðarafurðirnar jafnvel hættu að hækka í verði, jafnvel þótt kaupgjald verkamannsins hækkaði hlutfallslega á einhverju tímabili. Það gæti vel komið til mála frá mínu sjónarmiði, að þeir menn sæju, að það væri hagur fyrir þá að hafa ekki hækkað landbúnaðarafurðirnar, t. d. í ár, og geta þannig selt sínar afurðir til þeirra manna, sem þurfa að kaupa og verða að kaupa þær, og þeirra heildartekjur gætu því orðið hærri, ef það væri farið út á þá leið. En þá gildir og nákvæmlega það sama um verkamanninn. Það kynni að vera svo, að hann kæmist, og hann er þegar kominn á það stig, að það er ekki spurningin um, hvað hægt er að hafa margar krónur um klukkutímann, heldur hvað er hægt að hafa margar krónur í árslaun, hvað marga tíma sem svo þarf að láta fyrir þær, og gildir þar það sama fyrir báðar stéttirnar eins og raunverulega allar aðrar stéttir í landinu.

Þá skulum við taka iðnaðinn. Mér hefur nú heyrzt það, að þessir hv. þm., sem hér ræða nú mest um það að breyta þannig l., að það valdi stórkostlegri verðbólgu enn í landinu og stórkostlegum launahækkunum, eins og t. d. hv. 1. landsk., hafi haldið því fram hér, að það hafi ekki verið nein blómaöld núna hjá iðnaðinum þessi s. l. ár. Það hefur verið talað um stórkostlega afturför í iðnaðinum, það hafi orðið að segja tugum og hundruðum og þúsundum manna upp. En þá af hverju? Fyrst og fremst af því, að kaupmáttur þjóðarinnar hefur ekki getað keypt af þeim það magn, sem þeir hafa getað framleitt, fyrir það verð, sem hefur kostað að framleiða það; það er það einasta. — Þá er eftir einn atvinnuvegurinn enn þá, þ. e. verzlunin. Ja, hv. 4. þm. Reykv. kom nú inn á það og minntist á það, að þeir væru víst ekki alveg sammála um það, heildsalarnir, að 10% eða 20% hækkun á verzlunarálagningu væri ekki þeim hagur. En það er alveg nákvæmlega sama um þá atvinnugrein eins og allar aðrar í landinu, það er því aðeins hagur, að hægt sé að fá einhverja aðila til þess að kaupa vörurnar með þeirri álagningu, og ef kaupmáttur þjóðarinnar almennt er orðinn slíkur, að hún getur ekki keypt vörur, sem lagt er á, hvort sem er 10% eða 110%, þá verður sú álagning að lækka af sjálfu sér. — Og þá er ekkert orðið eftir hér annað en embættismannalaunin, en það er náttúrlega stórkostlegur hagur

fyrir embættismannastéttina, og það er sannarlega barizt ötullega fyrir því af hv. 4. þm. Reykv. og hans flokksmönnum hér í þinginu, að þetta sé ekki skert, og ég veit nú ekki, hvort hv. 1. landsk. hefur gert sér ljóst, ef hans tillaga er samþykkt, hversu gífurleg launahækkun verður hjá embættismannastéttinni í landinu. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert sér það ljóst, hvaða áhrif það hefur, ef hans tillaga hér á þskj. 153 er samþ. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert sér það ljóst, að hann er þar sannarlega ekki að vinna fyrir verkamannastéttina eina, — sannarlega ekki. Þá er nú fyrst og fremst það, að það er kippt í burtu þeirri viðmiðun, sem nú er, þ. e. að greiða ekki fulla uppbót á þau laun, sem eru yfir 1830 kr. á mánuði, Þeim takmörkunum er kippt í burtu með tillögunni. Þetta mundi hækka stórkostlega verðlagsvísitöluna. Það mundi ekki eingöngu ganga út yfir verkamanninn, það mundi einnig hafa áhrif á launin, sem á að greiða til embættismanna. Nú get ég upplýst hv. þm. um það, og hann getur fengið það upplýst hjá sínum flokksmönnum, að það eru ekki allfáir embættismenn í þessu landi, sem eru með yfir 100 þús. kr. árstekjur. Og ég verð að segja það, að þó að ekkert annað væri því til fyrirstöðu heldur en það að hækka enn laun þeirra, þá vildi ég ekki vera með því, þótt það jafnframt bætti laun verkamanna; það fengi enginn mig til þess að samþykkja það, þegar sá böggull fylgdi því skammrifi að vera einnig að hækka allverulega laun til þeirra manna, sem hafa slík laun og ég hef hér bent á.

Í sambandi við atvinnumálin í landinu er það einnig ljóst, að allmörg sveitarfélög — og miklu fleiri sveitarfélög en ég hefði getað gert mér hugmynd um — hafa orðið að leita til ríkissjóðs til þess að greiða vexti og afborganir af þeim lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir í sambandi við atvinnureksturinn í landinu. Og þessi upphæð nemur nú 1. okt. hvorki meira né minna en rúml. 30 millj. kr. og fer síhækkandi, og þetta er beinlínis vegna þess, að atvinnuháttunum er þannig komið í þessum stöðum, að sveitarsjóðirnir standa ekki undir tapi atvinnuveganna og verða að flýja til ríkissjóðs til þess að fá aðstoð. Hækkandi kaupgjald í landinu mundi ekki undir neinum kringumstæðum geta bætt þetta, nema síður sé. Ríkisstj. á hins vegar engin önnur ráð en leggja þessar 30 millj. kr. aftur á þegnana. Og í stað þess að geta notað þessar 30 millj. kr. til þess að byggja upp aðkallandi heilsustofnanir í landinu, svo sem sjúkrahús og ýmsar aðrar aðkallandi þarfir, þá verður hún að setja þessar þarfir til hliðar til þess að mæta þessum kröfum hér.

Þannig er nú ástandið orðið í þjóðfélaginu. Í fyrstu var álitið, að atvinnuvegirnir gætu þolað þessar kröfur allar. Því var haldið mjög fast fram, m. a. af þeim tveim þingfl. hér, sem nú vilja breyta þessari till., að þetta væri annaðhvort af skipulagsleysi eða af nizku einstaklinganna, sem ráku þessi fyrirtæki. Þess vegna væri það bót allra meina að taka nú þessi tæki eða koma því þannig fyrir, að þau skyldu nú ekki rekin af þeim lengur, heldur af því opinbera. Og meiri hl. Alþ. hafði einmitt sett um það löggjöf að hjálpa með miklu meiri peningafúlgum þeim aðilum, sem margir menn stóðu á bak við, til þess að reka þessi fyrirtæki, þótt þeir hefðu miklu minni ábyrgðartilfinningu og minni möguleika og miklu minni hæfni og miklu minni þekkingu á málinu til þess að reka þessi fyrirtæki, heldur en hinum, sem höfðu kannske margra ára reynslu og sterkan vilja til þess að halda áfram. Og það var fyrir þá stefnu og þann áróður, sem hafinn var gegn þessu, að þessum málum er komið eins og komið er. Nú hafa þessir sömu menn fengið fullkomna vissu fyrir því, að ekki heldur hinir stóru hópar, hvorki bæjarfélög né önnur mannmörg félög, hafa treyst sér til þess að halda þessum atvinnuvegum þannig áfram, að þeir geti gert hvort tveggja í senn, mætt öflugum kröfum einstaklinganna, sem gerðar voru á einkaframtakið, og greitt allan kostnað, sem því er samfara, án þess að hafa til þess verulegan styrk frá því opinbera, heldur er nú svo komið, að það er ekki einungis búið að ausa upp þær auðlindir, sem þeir höfðu sjálfir heima fyrir, eins og t. d. sveitarsjóðina, heldur er nú einnig sótt í ríkissjóðinn.

Þetta er ástæðan, sem ég hér gef fyrir því, að ég er því andvígur, að þessu kerfi sé haldið áfram. En þá má spyrja: Hvers vegna læt ég þá mitt atkv. með því, að þessu sé haldið áfram til ársloka 1953? Skal ég gera hér grein fyrir því. Það er beinlínis vegna þess, að ég álít, að það verði ekki bætt úr þessu vandamáli nema með fullkomnu samkomulagi atvinnurekandans, ríkissjóðs, bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, annars vegar og vinnuþiggjanda hins vegar. Það er min bjargföst skoðun, að það sé nauðsynlegast í þessu máli að fá um það samkomulag hjá þessum aðilum, og það er í því fulla trausti, að á þessum tíma, sem gefinn er frestur hér, þ. e. rúmt ár enn, þá verði unnið að því í alvöru að fá báða þessa aðila til þess að skilja þetta mál og til þess að setja sig niður til þess að semja um það, — ekki til þess að einn hópur eða einn aðili hafi gott af því, heldur til þess að þjóðfélagið í heild hafi gott af því og það sé hægt að snúa af þeirri braut, sem við erum inn á í þessum málum. Það er eina ástæðan fyrir því, að ég enn legg til, að þetta frv. verði samþ. Mér er það alveg fullkomlega ljóst, að takist það ekki, þá verða þeir menn, sem bera ábyrgð á þessum málum, hverjir sem það verða, að beita þeim tökum til þess að bjarga þjóðinni, sem ekki þarf að beita, ef sýndur verður fullur vilji og fullur skilningur á málinu. Og það mundi hafa meira böl í för með sér fyrir þjóðina að þurfa að beita þeim tökum til þess að bjarga henni heldur en ef um það tækist samkomulag hjá þeim aðilum, sem ég hef hér minnzt á.

Ég hef þá fullkomlega gert grein fyrir minu atkv. í sambandi við þetta mál. En ég vil að síðustu mega taka undir það, sem hv. frsm. meiri hl. minntist hér á um að steypa þessum tveim frv. saman, og vildi í því sambandi benda hæstv. forseta á, hvort hann vildi nú ekki eða þætti það ekki þinglegt að taka út af dagskránni 4. málið og láta ekki fara fram um það 1. umr. hér í þessari hv. d. Mér sýnist það ákaflega auðvelt, að á milli 2. og 3. umr. um 3. mál, sem nú er hér til

umr., megi setja inn, að 2. gr. þess frv. skuli hljóða svo sem 1. gr. segir í 4. máli. Það mál hefur fengið fullkomna þinglega meðferð í hv. Nd., það ákvæði hefur verið samþ. þar við þrjár umr., auk þess sem þar er um staðfestingu á brbl. að ræða, og sé ég ekki, að það tefji á nokkurn hátt málið og þurfi neitt við það síðar að gera annað en að senda það til einnar umr. í hv. Nd. síðar, og að þá séu bæði málin afgreidd. Ég vildi aðeins beina þessu til hæstv. forseta, mér finnst það eðlilegasta meðferðin á því máli.

Forseti (BSt): Út af þessu vil ég taka fram, að mér finnst eiginlega réttara, ef það gæti gengið umræðulaust, að vísa 4. málinu til nefndar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið í umr., sem ég get ekki látið ósvarað. Fyrst vil ég taka undir ummæli hv. þm. Barð. hér í ræðu hans áðan, að ég er sammála því, að ástandið sé þannig, að það hefði verið vel athugandi á s. l. hausti, þótt ekki hefði verið fyrir aðra en bændastéttina, að hugleiða a. m. k. það vel, hvort ástæða væri til þeirrar hækkunar, sem gerð var á verði landbúnaðarafurða á síðasta hausti. Þar með hef ég einnig í rauninni að nokkru svarað hæstv. ráðh., sem lýsti því yfir hér áðan, að hann væri því mótfallinn, að bændur gerðu tilraunir til þess að hækka verð á afurðum sínum meira en orðið væri, og taldi fjarri lagi að gera ráð fyrir, að bændur mundu reyna að sprengja upp vöruverðið. Honum hef ég því einu til að svara, að það er nú svo um hnútana búið í löggjöfinni, að ómakið er tekið af bændum í þessu efni, eins og reglur 6 manna nefndarinnar eru, eins og hæstv. ráðh. er kunnugt um. Hins vegar er ég alveg sammála því, sem hv. þm. Barð. sagði, að það hefði virkilega verið athugunarefni, hvort ekki hefði verið réttara fyrir bændur sjálfa að íhuga, hvort það væri ástæða til að neyta hækkunarheimildarinnar á s. l. hausti.

Hv. þm. Barð. gaf ófagra lýsingu á ástandinu í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar nú. Ég hygg, að það sé að ýmsu leyti ekki fjarri sanni, þótt sú lýsing sé ófögur, en ég vil minna hann á, að ástandið er svona nú, eftir að núverandi ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar hafa í næstum 3 ár stöðugt verið að kreppa að þjóðinni með gengislækkun, með bátagjaldeyri, með sífelldum sköttum og álögum, með álagningarfrelsi og með því að afnema þær hömlur, sem áður voru á því, að einstakir menn gætu gert ástandið með öllu óverjandi. Í þessari lýsingu hv. þm. felst mjög eindreginn og ákveðinn og að verulegu leyti að minni hyggju réttur dómur á afrekum hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar á s. l. tæpum 3 árum.

Hæstv. fjmrh. hefur mjög oft lesið hér upp kafla úr því, sem hann kallar „álit trúnaðarmanna verkalýðssamtakanna", sem ég hef grun um, að tekið sé upp úr handbók frambjóðenda Framsfl. við síðustu kosningar. En það er eins með þessar fullyrðingar hæstv. ráðh. og aðrar, sem hann kom með í sinni fyrstu ræðu, sem sé það, að það fer mjög fjarri því, að sannleikurinn sé allur sagður. Það er alveg rétt, að fulltrúar verkalýðssamtakanna hafa mjög eindregið varað við því að festa á það trúnað, að einhliða kauphækkanir gætu orðið til frambúðarhagsbóta fyrir verkamenn, eins og ástatt er í landinu. Þess vegna hafa þeir fyrst og fremst beint kröfum sínum til hæstv. ríkisstj. í þá átt, að hún beiti aðstöðu sinni og því valdi, sem hún hefur á málefnum þjóðarinnar, til þess að stöðva eða lækka dýrtíðarflóðið í landinu, og í því hefur legið beint fyrirheit um samvinnu af hálfu verkalýðsfélaganna til slíkra aðgerða. En það, sem hæstv. ráðh. sleppir í þessu áliti trúnaðarmanna verkalýðsfélaganna, er það, að svo framarlega sem þetta sé ekki gert, eigi verkalýðsstéttin enga aðra aðferð til heldur en þá að reyna að fyrirbyggja það, að hennar kjör versni frá því, sem nú er, ekki aðeins raunverulega, heldur samanborið við aðrar stéttir, — enga aðra leið en þá að reyna að fá kaup sitt hækkað. Það er nauðvörn verkalýðssamtakanna, ef ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar láta undir höfuð leggjast að halda dýrtíðinni í skefjum og hafna þeirri samvinnu, sem fram var boðin af verkalýðssamtökunum til slíkrar starfsemi. Þessu gleymdi hæstv. ráðh. Allir vita, að á þessu tímabili hefur dýrtíðin sífellt farið vaxandi, sumpart fyrir aðgerðaleysi ríkisstj. og sumpart beinlínis fyrir hennar aðgerðir, fyrir það, að hún hefur haldið að sér höndum, meðan álagning á innfluttar vörur í landinu hefur verið aukin svo gífurlega, að ekkert hóf er á. Jafnvel viðskmrh. sjálfur viðurkennir, að í ýmsum tilfellum hafi verið um óhæfilegt okur að ræða, og ber fram tillögu um, að heimilt sé að birta nöfn þessara manna til þess að setja skorður gegn okrinu. (**Forseti:** Þetta átti að vera stutt aths.) Ég veit það. — Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að til langframa er það hlutfallið á milli verðlags útflutningsvaranna og innflutningsvaranna, sem ræður miklu um afkomu þjóðarinnar í heild, og hún getur ekki til langframa miðað hærra heldur en framleiðslumagn hennar og verðmæti leyfir, það er augljóst mál. En það er enn sem fyrr ekki nema hálfur sannleikur, vegna þess að þegar talað er um þjóðina í heild, þá verður maður að gæta þess, að þar er ákaflega mikið mismunað hinum ýmsu stéttum og einstaklingum. Það er staðreynd, að á þeim árum, sem kaup verkamanna raunverulega hefur lækkað að verðmæti, þá hafa aukizt tekjur heildsalastéttarinnar og kaupmannastéttarinnar stórkostlega, bæði í krónutali og að raunverulegu verðmæti. Og ég hygg, þó að ég hafi ekki skýrslur í höndum um það, að aukning hafi orðið á tekjum bændastéttarinnar í heild sinni umfram það, sem orðið hefur hjá launastéttum landsins. Það er rannsóknaratriði, ég vil játa það, en bara hlutfallið milli verðlags og kaups bendir mjög eindregið til þess, að svo hljóti að hafa verið. Og það kemur einnig fram, að aukin vinna hefur skapazt ár frá ári í sveitum landsins. En það játa ég, að það er rannsóknaratriði.

Það, sem er hróplegast við andmæli hv. þm. og hæstv. ráðh. í sambandi við þetta frv., er það, að samtímis því, sem það er beinlínis ýtt undir, að einstakar stéttir í landinu auki sínar tekjur,

bæði í krónum og raunverulegu verðmæti, þá er ómögulegt að fá viðurkenningu á því, að eðlilegt sé, að verkamaðurinn líti einnig til sinna þarfa í þessum efnum. Hæstv. ráðh. spurði, hví verkalýðssamtökin í Bretlandi berðust ekki fyrir eindreginni almennri kauphækkun. Þau gera það kannske ekki fyrir almennum kauphækkunum, en í ýmsum atriðum gera þau það að vísu. En beri bara hæstv. ráðh. saman ástandið í því landi og hér. Fram til stjórnarskiptanna síðustu í Bretlandi var dýrtíðin þar hverfandi lítið brot af því, sem hér er. Ég vísa hæstv. ráðh. til Danmerkur. Hvernig stendur á því, að í Danmörku er enn haldið vísitölukerfinu með góðu samkomulagi allra aðila? Af því, að sáttasemjari í vinnudeilum, sem er kunnugastur þessum málum, segir: „Bezta ráðið til að forðast launadeilur, kaupdeilur og vinnustöðvun af þeim sökum er að hafa vísitölukerfi — og réttlátt vísitölukerfi, því að ef hægt er að auka dýrtíðina í landinu, án þess að hætta sé á, að kaupgjaldið hækki samkv. lögum, þá er hætta á, að það yrði misnotað, og það leiddi svo til nýrra launadeilna og vinnustöðvana af þeim sökum."

ATKVGR.
Brtt. 161 samþ. án atkvgr.
— 153, svo breytt, felld með 8:5 atkv.
— 143 felld með 8:5 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 12, 162).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. ber fram brtt. á þskj. 162 um það, að á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi: „Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkv. 3. gr. l. af síld, sem lögð var á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952." — Eins og menn sjá, er þessi brtt. sama efnis og brbl. frá 11. júlí þetta ár, en frv. um staðfestingu á þeim var vísað til fjhn. í gær. Till. er þó ekki alveg samhljóða efnisgrein brbl., því að sleppt er að vísa nákvæmlega til þess, við hvaða lög er átt. Það sýnist óþarfi, þar sem frv. er um breyt. á þeim l., og í öðru lagi er orðalagi breytt vegna þess, að nú er síldveiðitíminn 1952 liðinn, og er orðalagi breytt í samræmi við það. Þessi brtt., sem fjhn. þannig gerir, er eingöngu byggð á því, að henni þykir réttara að afgreiða ein lög heldur en tvenn um breytingu á einum og sömu lögum. Kom þetta til orða við 2. umr. þessa máls og sætti ekki neinum mótmælum í raun og veru frá hv. þdm., aðeins benti hæstv. fjmrh. á það, að þetta mundi frekar seinka málinu. En það ætti ekki verulega að vera, og ef sérstaklega liggur á því, ættu nú að vera möguleikar á því að fá hv. Nd. til að taka þetta mál fyrir til einnar umræðu á fundi í dag. — Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.
Brtt. 162 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 19. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 164).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 172).

---

5. Bann við okri, dráttarvextir o. fl.

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. [43. mál] (stjfrv., A. 43).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Þetta frv. er hér lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 30. maí þ. á. Eins og kunnugt er, þá voru hækkaðir útláns- og innlánsvextir Landsbanka Íslands í byrjun aprílmánaðar s. l., og kom þá fljótt í ljós, að sú hækkun innlánsvaxta, sem ákveðin var af bankanum, mundi valda miklum erfiðleikum fyrir sparisjóðina í landinu, þar sem þeir, eins og kunnugt er, lána mjög mikið af sínu fé gegn fasteignaveði og í lögum er ákveðið, að ekki megi taka hærri vexti en 6% af slíkum lánum. Þegar innlánsvextir eru hækkaðir hjá aðallánastofnun landsins, þá er ekki hægt annað fyrir sparisjóðina en að greiða svipaða innlánsvexti, ef þeir vilja ekki missa sparifé úr höndum sér.

Það komu mjög eindregin tilmæli frá öllum helztu sparisjóðum í landinu, að þessu ákvæði laganna yrði breytt og heimilað yrði að taka hærri vexti af lánum, sem tryggð væru með fasteignaveði, en 6%, eins og ákveðið er í lögum. Talið var, að ekki væri hægt undan því að aka að gera þessa breytingu, ef starfsemi sparisjóðanna átti ekki að verða fyrir miklum hnekki.

Í sambandi við síðustu setningu 1. gr. l., sem hljóðar svo: „Aldrei má samt taka hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma" — þá hefur verið vakið máls á því, að þetta ákvæði gæti reynzt óheppilegt að því leyti, að þá yrðu þeir vextir, sem ákveðnir væru af lánum á hverjum tíma, að fylgjast með útlánsvöxtum Landsbankans og þeim breytingum, sem þeir vextir tækju. Mér finnst, að vel gæti komið til greina að kveða nánar á um þetta efni, ákveða t. d., að lán skuli halda þeim vöxtum áfram, sem þeim upphaflega eru ákveðnir, þó að þau lán, sem veitt eru svo

eftir að breyting verður, að sjálfsögðu fylgi ákvæðum laganna um það, að vaxtafóturinn fylgi því, sem er hjá Landsbankanum á þeim tíma, sem lánið er veitt.

Að lokinni þessari umræðu vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 99 og 105).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í l. frá 1933 er ákveðið, að frjálst skuli að taka í vexti af skuld allt að 6% á ári, sé skuld tryggð með veði í fasteign eða handveði. Í aprílmánuði s. l. voru innlánsvextir og almennir útlánsvextir Landsbanka Íslands og ýmissa annarra lánsstofnana hækkaðir nokkuð, og hæstv. ríkisstj. taldi þá óhjákvæmilegt að veita heimild til þess, að teknir yrðu nokkru hærri vextir af skuldum, þótt tryggðar væru með veði í fasteign eða handveði, heldur en ákveðið er í l. frá 1933. Gaf því stjórnin út brbl. um þetta efni 20. maí s. l., og eru þau um það, að heimilt sé að taka allt að 7% á ári í vexti af slíkum lánum, ef Landsbanki Íslands áskilur sér svo háa vexti. En hins vegar er engum heimilt að taka hærri vexti af slíkum lánum heldur en Landsbanki Íslands reiknar sér á hverjum tíma.

Þetta mál hefur verið til athugunar í fjhn. deildarinnar, og hefur meiri hl. n. gefið út álit sitt á þskj. 99. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 43. Einn þeirra manna, sem eru í meiri hl., hv. 8. landsk. þm., skrifar þó undir nál. með fyrirvara. Kom það fram í n., að hann virtist telja, að ekki hefði átt að hækka vextina eins og gert var, en lýsti sig þó fylgjandi því, úr því að það hefði verið gert, að þetta frv. yrði samþ.

Það mun m. a. hafa valdið nokkru um það, að hæstv. ríkisstj. gaf út þessi brbl., að það kom í ljós, að sparisjóðir víðs vegar á landinu hefðu lent í fjárhagsvandræðum, ef þeim hefði ekki verið gert mögulegt að taka nokkru hærri vexti en áður var leyft að taka, þar sem þeir urðu að sjálfsögðu að hækka vexti af innlánsfé eins og bankarnir gerðu á þessu ári.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð af hálfu meiri hl., — ef til vill gerir hv. 8. landsk. grein fyrir sínum fyrirvara, ef hann telur ástæðu til, — en einn nm., hv. 2. þm. Reykv., hefur gefið út sérálit á þskj. 105 og leggur til, að frv. verði fellt. Hann virðist telja auðvelt að lækka alla vexti, jafnvel þó að skortur sé á fjármagni til margra hluta, og hefur um það sínar sérskoðanir, sem hann að líkindum gerir einhverja grein fyrir hér við umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. formaður og frsm. fjhn. skýrði frá um ástæður fyrir hæstv. ríkisstj. við útgáfu þessara brbl. Það var raunverulega erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að gera annað en að gefa lögin út, eftir að búið var að taka þær ákvarðanir af hálfu Landsbankans, sem getið er um í forsendum fyrir brbl.

Það, sem ég álít hins vegar að komi nú til að ákveða hér fyrir Alþingi, er, hvort við álítum þessa stefnu ríkisstj. og bankastjórnarinnar rétta. Það er ekki hægt að láta þessa stefnu, sem fram hefur komið í vaxtahækkunum Landsbankans, halda áfram, svo framarlega sem hún er ekki raunverulega eftirstaðfest með brbl. Sá aðili, sem hefur valdið til að segja til um, hvort þessi vaxtahækkun skuli standa, er Alþingi sem sá aðili, sem skapað hefur alla bankana á landinu og ræður að öllu leyti þeirra stjórn og stjórnarháttum.

Ég álít þess vegna, að í sambandi við þetta frv. sé rétt fyrir hv. d. að gera sér alveg ljóst, hvort hún prinsipielt er samþykk því að halda áfram á þeirri braut, sem þetta frv. er einn áfangi af. Það er alveg rétt, að ef gengið er inn á að samþykkja þá stefnu, sem Landsbankinn tók með vaxtahækkuninni, þá er þetta frv. hæstv. ríkisstj. eðlileg afleiðing af þeirri stefnu, enda kom það greinilega fram, eins og hv frsm. n. skýrði frá, hjá einum hv. nm., hv. 8. landsk., að hann — og mér virtist nú jafnvel fleiri, jafnvel líka stjórnarstuðningsmenn í fjhn. — þeir væru ósamþykkir þeirri pólitík, sem hér er verið að staðfesta, sjálfri vaxtahækkuninni, en álitu hins vegar, að eftir að vaxtahækkunin hefði átt sér stað, þá hefði ekki verið um annað að ræða en gefa út brbl. Í því eru rétt rök, ef maður gengur út frá því, að bankinn eigi í þessu efni að ráða stefnunni. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að það sé Alþingi, sem eigi að ráða stefnunni í þessum efnum, að það sé Alþingis að taka ákvarðanir um vaxtapólitíkina, það, hvort það skuli í sífellu hækka vextina, eins og nú er stefnt að með þessu frv. og eins og gert var á síðasta þingi. Og ég vil í því sambandi segja, að þessi vaxtahækkunarpólitík Landsbankans er ekki fyrst og fremst — ja, að mínu áliti — sök Landsbankans. Hún er sök meiri hlutans á Alþingi, sem hefur valdið í þessum efnum og getur stöðvað þessa þróun, svo framarlega sem meiri hlutinn vill gera það.

Ég vil taka það fram, að ég álít alla þessa vaxtahækkun ranga og skaðlega pólitík. Og þó að þetta sé ekki sérstaklega stórt mál, sem hérna liggur fyrir, þá vil ég fyrir mitt leyti gera það að prófsteini á það, hvort Alþingi vill halda áfram þessari pólitík eða ekki. Ég skal í því sambandi taka fram, að sjálf vaxtahækkunin er, eins og hv. formaður og frsm. fjhn. sagði réttilega um mína skoðun, afleiðing af lánsfjárstefnunni og vaxtahækkunin er rökstudd með því, bæði af Landsbankanum og eins á síðasta þingi af hálfu hæstv. fjmrh., að það sé svo mikil eftirspurn eftir lánsfé, að vegna þessarar eftirspurnar eftir lánsfé verði að hækka vextina á lánsfénu, það sé eftir þeim eðlilegu lögmálum framboðs og eftirspurnar. En þá vil ég vekja athygli á því, að sá aðili, sem ræður framboðinu á lánsfé í landinu, er Landsbankinn og Alþingi fyrst og fremst. Það er alveg rétt, að vaxtahækkun og vaxtalækkun er aðeins afleiðing af þeirri stefnu, sem ríkir um útlán á lánsfé, og þegar menn þess

vegna ætla að deila um, hvort það sé rétt stefna að hækka vexti, þá hljóta menn líka, eins og hv. formaður fjhn. talaði um, að gera sér ljóst, hvort sjálf lánsfjárpólitíkin er rétt eða röng. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að þessar skaðlegu og röngu vaxtahækkanir, sem nú eru framkvæmdar þing eftir þing, séu afleiðingar af rangri lánsfjárpólitík, séu afleiðingar af því, að það er of lítil lánsfjárvelta og of lítil seðlavelta með þjóðinni, sem fer saman. Þar vil ég taka það fram, að lánsfjárvelta og seðlavelta á Íslandi er ekki einhver hlutur, sem kontrollerar sig sjálfur, vegna þess að hér ríkir ekkert privat-kapitalistiskt kerfi í þessum efnum. Lánsfjárveltan og seðlaveltan er hlutur, sem ríkið sjálft og ríkið eitt ræður og fyrirskipar. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að lánsfjárveltunni og seðlaveltunni sé núna sem stendur haldið óeðlilega niðri, að það sé rekin algerlega röng pólitík hvað snertir lánsfjárveltuna í landinu og gengið út frá hringlandi vitlausum forsendum um allt það, sem ákveður seðlaveltu og lánsfjárveltu í landinu núna, álíka vitlausum og óraunhæfum forsendum eins og þeim, sem gengið var út frá í verzlunarmálunum og þegar hafa beðið skipbrot. Og verði þessari heimskulegu pólitík með lánsfjárveltuna og seðlaveltuna haldið áfram, þá leiðir það til sams konar skipbrots fyrir pólitík ríkisstj. eins og þegar hefur orðið í verzlunarmálunum. Og þetta stafar allt saman af því, að það er verið að yfirfæra á Ísland kerfi, sem á við í gömlum, ríkum, privat-kapítalistiskum ríkjum eins og Bandaríkjunum og Englandi, kerfi, sem verður algerlega óheyrilegt fyrir okkar þjóðfélag.

Um lánsfjárveltuna og seðlaveltuna vil ég segja, — ég hef nú áður oft bent á, hvað hún er miklu lægri nú á þessu ári heldur en hún var fyrir gengislækkun, hvernig hefur verið dregið úr hvoru tveggja alveg óeðlilega, síðan gengislækkunin var gerð, — en ég vildi í fyrsta lagi benda á, án þess að ég ætli mér að fara langt út í þessi mál núna, að lánsfjár- og seðlaveltan er langt fyrir neðan það, sem þjóðfélag á eins háu tæknistigi og Ísland er þarf á að halda. Þjóðfélag, sem er eins vel útbúið með vélar og íslenzkur sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður, þarf allt öðruvísi lánsfjár- og seðlaveltu heldur en gamaldags þjóðfélag, við skulum segja, eins og okkar þjóðfélag var fyrir stríðið 1914 með frumstæðum hætti. Það að ætla sér að viðhalda lánsfjárveltu og seðlaveltu í eins tæknilega háþróuðu þjóðfélagi og þjóðfélag Íslands er núna, að ætla sér að viðhalda lánsfjár- og seðlaveltu, sem passaði fyrir þjóðfélag á miklu lægra tæknistigi, þýðir sama sem að kyrkja atvinnuvegina og hindra þá í því að geta notað sína tækni, hindra þá í því að geta notfært sér þau stórkostlegu tæki, sem flutt hafa verið inn til þjóðarinnar. Þetta er í fyrsta lagi: Lánsfjár- og seðlaveltan er ekki í neinu samræmi við það tæknistig, sem Ísland stendur á.

Í öðru lagi: Atvinnulíf Íslands er með þeim hætti, að við framleiðum í fyrsta lagi til útflutnings tiltölulega meira en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Í öðru lagi er þeim vörum, sem við framleiðum, þannig háttað, að það verður að liggja með þær í hálft ár til eitt ár, áður en þeim er komið í peninga á erlendum markaði, sem þýðir, að það verður að binda lánsfé í þessum vörum, sem framleiddar eru, lánsfé, sem ekki er í neinu samræmi við t. d. íbúafjölda landsins eða neyzlu. Svo framarlega sem ekki er nægilegt lánsfé til þess að binda í saltfiski, hraðfrystum fiski eða öðru slíku, þá þýðir það, að á ákveðnu stigi, við skulum segja kannske á miðju ári, kannske í ákveðnum mánuði síðari hluta árs, þá er svo að segja hætt að lána út á þessa hluti. Svo er hætt máske að framleiða þessa hluti, þó að nóg sé hægt að selja af þeim, vegna þess að það er of lítið lánað út á þá. Og fátæk bæjarfélög, sem binda fé í t. d. saltfiski og freðfiski, sem þau fá ekki lánað nema ⅔ út á, verða að leggja fram ⅓ af lánsfénu sjálf. Þessi ⅓ verður þeim ofvaxinn, þau hafa ekki efni á að liggja með svo mikinn freðfisk og svo mikinn saltfisk, þegar þau þurfa að leggja fram ⅓ af andvirðinu sem lánsfé sjálf. Og það fer út í það, að þau hætta við að framleiða saltfiskinn og freðfiskinn og selja fiskinn kontant út úr landinu. M. ö. o., það er stöðvuð framleiðsla á útflutningsverðmæti, stöðvuð sköpun á erlendum gjaldeyri, vegna þess að lánsfjárveltunni er haldið of lítilli. Ísland þarf miklu meiri lánsfjárveltu heldur en önnur lönd á svipuðu tæknistigi vegna þess, hve sérstakar vörur það framleiðir, þ. e. a. s. fiskinn, og vegna þess, hve lengi verður að liggja með hann. — Þetta var í öðru lagi.

Svo vil ég minna á það, eins og ég býst við, að flestum hv. þm. sé ljóst, að seðlaveltan á Íslandi núna er langt fyrir neðan það, sem eðlilegt er. Ég hef t. d. verið að bera hana saman við það, sem hún var 1915, með tilliti til íbúafjölda og breytinga, sem orðið hafa á tímabilinu síðan, og hún er núna um ⅓ minni en hún var 1915. Og það veit nú hver einasti þm., hvaða breyt. hefur orðið á högum landsins síðan. Með öðrum orðum: Það er verið í þessum efnum að framkvæma tóma hringavitleysu út frá röngum forsendum, út frá þekkingarleysi á íslenzkum staðháttum. Það er verið að framkvæma ranga lánsfjárpólitík í landinu út frá þekkingarleysi á nauðsyn íslenzkra atvinnuvega, þekkingarleysi á því tæknistigi, sem við stöndum á, og hirðuleysi um nauðsyn íslenzks atvinnulífs fyrir lánsfé. Ég skal ekkert lýsa, hvað þessi óeðlilega lága lánsfjár- og seðlavelta er skaðleg fyrir atvinnulífið. Það veit hver einasti maður, sem í atvinnulífinu stendur. Það er ekki af engu, að hv. þm. sjálfir bera hér hvert málið eftir annað fram, þar sem þeir óska eftir enn meira lánsfé. En þeim sömu hv. þm., sem bera þessar óskir fram, ber að reyna að gera sér ofur lítið ljóst, af hverju þetta stafar. Og ég vil í öðru lagi taka það fram, að þessi ranga lánsfjárpólitík kostar ríkið meira í peningum þar að auki, — fyrir utan þau hundruð milljóna, sem það kostar atvinnulífið, þá kostar það ríkið stórfé, því að það er verið að taka erlend lán núna til íslenzkra framkvæmda, sem þyrfti ekki að taka, svo framarlega sem eðlileg lánsfjárpólitík væri rekin í landinu. Það er verið að taka með 4½%, 5% og 5½% vöxtum lán núna erlendis, og þá verðum við að borga

vexti af þessum lánum í útlendum gjaldeyri, án þess að nokkur þörf sé fyrir að taka þetta fé í útlendri mynt. Það væri hægt af hálfu Landsbankans eða seðlabankans hér innanlands að lána þetta, svo framarlega sem Alþingi léti reka aðra lánsfjárpólitík en nú er rekin. Og þetta kostar okkur stórfé í vöxtum, sem við alls ekki þyrftum að borga, og í gjaldeyri, sem við gætum sloppið við að borga. En þó er það minnst móts við það, sem það kostar atvinnulífið. Og ég skal svo segja það um leið viðvíkjandi þessari röngu lánsfjárpólitík, sem rekin er í landinu og ríkisstj. fyrst og fremst er ábyrg fyrir, að ég skil ósköp vel, af hverju þessi ranga lánsfjárpólitík er rekin. Hún á upptök sín í því, að ríkisstj. heldur, að minnkun lánsfjárins í landinu sé heppileg og rétt aðferð til að takmarka eftirspurn á útlendum gjaldeyri. Ég vil taka það fram, að ég held ég ætli ríkisstjórninni þarna ekki neitt skakkt. Ég veit alveg, að ríkisstj. segir, að svo framarlega sem það væri miklu meira fé í veltu í landinu, þá mundi um leið vera aukin eftirspurn eftir útlendum gjaldeyri — og það er rétt. Það mundi verða aukin eftirspurn eftir útlendum gjaldeyri. Og það, sem ég svara því til, er, að það yrði miklu meiri framleiðsla á útlendum gjaldeyri, svo framarlega sem lánsfjárveltan væri meiri, — miklu meiri framleiðsla á útlendum gjaldeyri heldur en samsvarar þeirri eftirspurn, sem þyrfti að vera með réttri pólitík. En ég veit, að ríkisstj. afsakar sína röngu lánsfjárpólitík, sem nú er að kyrkja atvinnulífið, ræna fjöldann allan af mönnum sínum húsum, íbúðum, verkstæðum, bátum og öðru slíku, með því, að hún sé að takmarka eftirspurnina eftir útlendum gjaldeyri. Ég vil taka það fram, að þessi takmörkun á lánsfjárveltunni sveltir atvinnulífið, eins og ég hef minnzt á, og hún skapar svartan markað á peningum í landinu, ægilegan svartan markað, sem er að gera vaxtafótinn hærri og hærri með hverju árinu sem líður. Ef maður þess vegna er að deila á vaxtahækkunina og deilir þess vegna á ranga lánsfjárpólitík, sem veldur vaxtahækkuninni, þá verð ég út frá þessu að deila á þá pólitík, sem ég veit, að í augum hæstv. ríkisstj. veldur þessari röngu lánsfjárpólitík, sem sé á þá hugmynd, að það sé hægt að takmarka eftirspurnina eftir útlendum gjaldeyri með lánsfjárminnkuninni. Þetta er alveg óhugsandi á Íslandi. Þetta er alveg vonlaust fyrirtæki; það er vonlaust fyrirtæki á Íslandi, landi, sem flytur út næstum helminginn af öllu, sem það framleiðir, og hefur þannig sérstöðu meðal allra landa veraldarinnar. Það er vonlaust að ætla að takmarka eftirspurnina eftir útlendum gjaldeyri með lánsfjárminnkuninni. Hins vegar er vitanlegt, að með lánsfjárminnkuninni er nú verið að leiða yfir þjóðina atvinnuleysi og sára fátækt.

Núverandi atvinnuleysi, núverandi vaxandi fátækt hjá alþýðumönnum er bein afleiðing af því, hvernig dregið er úr atvinnulífinu og rekstri þess og framleiðslu þess með rangri lánsfjárpólitík. Það þýðir með öðrum orðum, að það er beinlínis verið að minnka framleiðsluna í landinu, draga úr starfsemi atvinnulífsins og minnka þar með hagnýtingu þeirra möguleika, sem við höfum til útflutnings, og minnka þar með raunverulega útflutninginn til þess að takmarka eftirspurnina eftir útlendum gjaldeyri. Það er sem sé verið að hætta við að nota okkar tækni til að framleiða útlendan gjaldeyri í því skyni að minnka eftirspurnina eftir útlendum gjaldeyri. Sem sagt, öll fjármálapólitík ríkisstj. á þessu sviði er tóm hringavitleysa. Meðalið, sem ríkisstj. þarna er að nota til að draga úr eftirspurninni, er verra en sjúkdómurinn sjálfur, sem hún ætlaði að lækna. Og það er satt að segja ekki að undra, þegar ríkisstj. raunverulega fer blint í þessum efnum eftir fyrirmælum manna, sem hafa ekki hundsvit á íslenzku atvinnulífi né íslenzku fjármálalífi. Og ég hélt, að væru nógu dýr fyrir ríkisstj. og nógu dýr fyrir þjóðina þau hundruð milljóna króna í útlendum gjaldeyri, sem búið er að eyða til einskis í vitlausar tilraunir í sambandi við gjaldeyrismálin, þó að hún héldi ekki áfram sömu vitlausu stefnunni í lánsfjármálum þjóðarinnar. Það verður að stöðva þessa fjármálastefnu. Það verður að stöðva hana, það verður að auka lánsfjárveltuna í landinu, það verður að koma seðlaveltunni og lánsfjárveltunni í eðlilegt horf, sem samsvarar tæknistigi Íslands, samsvarar þörfum atvinnuveganna og samsvarar getu okkar til að hagnýta okkur aukna lánsfjárveltu í landinu. Og ég vil taka það fram, að ríkisstj. og hennar flokkar eru ábyrgir fyrir þessari pólitík; það er meiri hlutinn á Alþingi, sem ræður þessari pólitík. Það er þess vegna raunverulega hlægilegt, þegar hv. þm. stjórnarflokkanna eru að flytja hér hvert frv. á fætur öðru og biðja um meira lánsfé, — biðja um meira lánsfé og meira lánsfé, en þora ekki að breyta sjálfri lánsfjárpólitík ríkisstj. Ef hv. þm. stjórnarflokkanna yfirleitt reyndu nokkurn tíma að gera sér grein fyrir fjármálastefnunni á Íslandi og fjármálaástandinu og skildu það, þá væri þetta óþarft. En vegna þess að þeir eru flæktir í fræðikenningar, sem þeim er talin trú um, að séu réttar, og þeir aldrei hafa lagt sig niður við að kryfja til mergjar, þá gera þeir þetta sjálfsagt allt saman í góðri meiningu og halda því vafalaust áfram, eins og þeir studdu verzlunarpólitík ríkisstj., jafnvel þó að það væri fyrirsjáanlegt, hvernig hún mundi enda. Ég held þess vegna, — og það var nú það, sem gerði það að verkum, að ég klauf nefndina út af þessu annars tiltölulega litla máli, — ég álít, að það væri heppilegt, að Alþingi léti í ljós sína meiningu um þá röngu stefnu í fjármálunum, sem orsakar síhækkandi lánsfjárvexti, síhækkandi útlánsvexti, stefnu, sem skapast af rangri lánsfjárpólitík, stefnu, sem er að þrengja að atvinnulífinu og kyrkja það meir og meir og brjála allt efnahagslíf þjóðarinnar. Ég held það væri heppilegt, að Alþingi léti í ljós þá skoðun, að það verði að breyta um þessa lánapólitík, að það verði að stöðva þetta, sem leiðir til þess, að atvinnulífið kiknar undir vitlausri lána- og vaxtapólitík.

Ef hv. deild fellir þetta stjórnarfrv., þá segir neðri deild Alþingis þar með, að hún vilji ekki áframhald þessarar stefnu, það verði að breyta um, það verði að endurskoða þessa stefnu. Og ég held það sé nauðsynlegt að segja það, alveg

nauðsynlegt. Það er stór hætta í því fyrir þjóðina, ef haldið er áfram eins rangri stefnu og nú er rekin. Og það eru ekki bankarnir sjálfir, sem ákveða þetta; þetta er stefna, sem á upptök sín hér í þingsölunum og er framkvæmd á ábyrgð þeirra flokka, sem styðja hæstv. ríkisstj. Þess vegna legg ég til, að þetta frv. sé fellt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. eða meiri hlutans gat um og kemur fram í nefndarálitinu á þskj. 99, þá hef ég skrifað undir það með fyrirvara, og hv. frsm. gat í raun og veru um, vegna hvers sá fyrirvari væri gerður, en mér þykir rétt með fáum orðum að skýra nánar afstöðu mína.

Það er, eins og hv. frsm. tók fram, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að ég álít, að það hafi verið rangt að hækka útláns- og innlánsvextina eins og gert var nú í aprílmánuði s. l. Það voru höfð sem rök af hálfu Landsbankans, sem í raun og veru ákvarðaði þessa vaxtahækkun, að það væri til þess að auka innlánsfé í lánsstofnunum. En það var í raun og veru einsýnt, að það mundi ekki til þess duga. Og ég held einnig, að bak við hafi legið önnur rök — eða rökvillu mætti kannske kalla það, — að með vaxtahækkuninni, útlánsvaxtahækkuninni ætti enn þá meira en áður var að torvelda útlán til manna yfirleitt. Ég held nú, að högum sé svo háttað í íslenzku þjóðfélagi, að jafnvel hversu geysiháir sem útlánsvextirnir eru, þá sé fjöldi manna og fyrirtækja neyddur til þess að taka lán, ef þess er nokkur kostur. Og það munu mörg dæmi um það, því miður, vegna þess, hvað lítið er um útlán lánsstofnana, að menn flýja á náðir svartamarkaðs hvað útlán snertir og taka þar fé að láni með okurvöxtum.

Ég held þess vegna, að það hafi engin þörf verið, ekki rétt og ekki heldur náð tilgangi sínum að hækka vextina til þess að reyna að draga meir úr útlánunum. En hvað hinu atriðinu viðkemur, að örva innlánastarfsemina til lánsstofnananna, þá held ég, að það hafi líka komið á daginn, að það hafi ekki til þess orðið. Þess vegna tel ég, að þessi vaxtahækkun hafi verið frá upphafi röng og rökin fyrir henni hæpin eða engin, ef rétt var greint.

Nú er það hins vegar svo, að þjóðbankinn eða Landsbankinn hefur rétt til slíkra hluta. Án tillits til l. frá 1933, sem ákvarða bönn eða viðurlög við svo kölluðu „okri", þá hefur Landsbankinn rétt til þess að ákvarða útlánsvexti sína nokkuð án hliðsjónar af ákvæðum l. frá 1933. Þegar Landsbankinn hafði ákvarðað þessa breyt. á vöxtunum, varð ekki komizt hjá því af hinum bönkunum og sparisjóðunum að sigla í sama kjölfarið, en ég hygg, að þessar stofnanir hafi í raun og veru dansað nauðugar. En þegar að því kom, t. d. varðandi hina mörgu sparisjóði úti um allt landið, að þeir þyrftu vegna innlánsfjárins að hækka innlánsvextina og þá einnig til þess að geta haldið rekstrinum áfram útlánsvextina, þá var það óheimilt hvað snerti lán, sem voru tryggð með veði í fasteignum, öðruvísi en að breytt væri okurlögunum frá 1933. Þess vegna gaf ríkisstj. út þessi brbl., sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar.

Ég vildi skýra þennan fyrirvara minn við undirskrift undir nefndarálitið, en ég sé mér ekki fært að ganga á móti frv. sjálfu, og er það fyrir þá sök, að mig uggir, að Landsbankinn mundi eftir sem áður taka sínar eigin ákvarðanir varðandi útláns- og innlánsvexti. En ef svo væri og ekki væru til í l. þau ákvæði, sem eru í þessu frv., sem hér liggur fyrir, mundi það þýða það, að t. d. sparisjóðirnir úti um landið mundu verða, ja, kannske allt að því gjaldþrota. Ég vil ekki eiga það undir ákvörðunum Landsbankans að koma því til leiðar, að starfsemi sparisjóðanna úti um landið hálfstöðvaðist eða lamaðist. Og þess vegna sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði á móti frv. sjálfu, þótt ég telji mjög óheppilegt, að til þess þyrfti að koma að setja slík lög eins og hér liggja fyrir af þessari ástæðu, að vaxtahækkunin var framkvæmd af hálfu Landsbankans. Ég vil ekkert eiga á hættu með það. Mér er kunnugt um það nú þegar, að þeir sparisjóðir sums staðar úti um landið, sem hafa haft sæmilega afkomu, verða nú vegna vaxtabreytingarinnar jafnvel að halda áfram rekstri sínum með allt að því tapi, vegna þess að þó nokkuð af varasjóðum þeirra og sjóðum var bundið í ódýrari eða vaxtalægri útlánum og í verðbréfum, sem voru með miklu lægri vöxtum heldur en nú tíðkast, verðbréfum, sem gefin voru út á tímabili með tiltölulega lágum vöxtum, eins og við þekkjum sumar deildir af veðdeildinni, þar sem vextir voru 4%. Ég held, að þessi ákvörðun um vaxtahækkunina hafi ekki orðið til þess að greiða fyrir auknum innlánum til peningastofnananna, en hafi orðið til þess að torvelda margan atvinnurekstur, sem er fyrir í landinu, en sannarlega mátti þó ekki leggja frekari stein í götu hans nú heldur en áður var gert, og einnig að torvelda það, að menn með lánum gætu byggt yfir sig húskofa og annað slíkt, nema þá með svo örðugum kjörum, að örðugt væri undir að rísa. Ég tel, að vaxtahækkunin hafi verið mislukkuð í sjálfu sér, en úr því að hún var framkvæmd, þá þori ég ekki að eiga það á hættu, að horfið verði frá því ráði að framkvæma þessa vaxtahækkun, og tel því illa nauðsyn að samþykkja frv.

Magnús Jónsson: Það voru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara að blanda mér hér sérstaklega í þær umr., sem hv. 2. þm. Reykv. hafði hér áðan varðandi fjármálastefnu ríkisstj. og vaxtapólitík yfirleitt. Það var nánast fsp. til þeirrar hv. n., sem með þetta mál hafði að gera, sem ég vildi beina til hennar. Það virðist svo, og mun enda vera, að ég hygg, rétt skilið skv. 1. gr. þessara l., að vextir skuli breytast eftir því, sem vextir Landsbankans eru á hverjum tíma, þannig að sé samið um 7% vexti nú, þá skuli þeir breytast til lækkunar eða hækkunar eftir þeim reglum, sem Landsbankinn fylgir á hverjum tíma. Nú vill svo til, að ég hef dálítið fengizt við skuldabréfasölu fyrir opinbera aðila, og það mun öllum hv. þm. ljóst, að það er ekki hvað sízt í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem alltaf er takmarkaður lánamarkaður, að þess er oft mikil þörf og nauðsyn að afla peninga með skuldabréfasölu til ýmiss konar framkvæmda,

enda ekki nema æskilegt, að slíkt sé gert. En þá vaknar aftur sú spurning, að ef svo er málum háttað í l., að þeir vextir, sem ákveðnir eru af skuldabréfum, þegar þau eru seld, eiga að vera háðir óvissum ákvörðunum, þannig að þeir kunni að breytast til verulegrar lækkunar einhvern tíma á lánstímanum, þá hlýtur annaðhvort að leiða til þess, að skuldabréf seljist ekki, eða að minnsta kosti það torveldi mjög sölu þeirra, þegar um opinber lánsútboð er að ræða, þar sem ekki er reiknað með afföllum á lánum, og svo aftur á hinn bóginn, þar sem um er að ræða sölu á skuldabréfum, sem einstaklingar annast um og því miður — því er ekki að neita — hafa verið seld með allverulegum afföllum að undanförnu, — að það er að minnsta kosti mjög hætt við því og enda næstum víst, að sú bréfasala hlýtur mjög að torveldast og það hlýtur að auka mjög hættuna á því, að hærri affalla verði krafizt af bréfunum við sölu þeirra, ef kaupandi bréfanna á það á hættu, að þeir vextir, sem ákveðnir eru í bréfinu, kunni að breytast og lækka verulega einhvern tíma á lánstímanum, án þess að hann hafi nokkur tök á að ráða þar neinu um. Sem sagt, samkv. ákvæðum 1. gr. virðist vera gert ráð fyrir því, að samningsréttur manna um vexti af skuldum sé að þessu leyti takmarkaður, að það sé ekki hægt að ákveða endanlega vaxtaupphæðina, þannig að hámarkið kunni að lækka, ef svo fer síðar, að Landsbankinn breytir sínum vöxtum til lækkunar.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu atriði, af því að ég hygg, að það skipti nokkuð miklu máli, og beina þeirri fsp. til hv. nefndar, hvort hún sérstaklega hafi tekið þessa hlið málsins til athugunar og hvort beri að skilja hennar nefndarálit þannig, að hún telji, að það sé ekki neitt við þessa hlið málsins að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:5 atkv.
2. gr. samþ. með 15:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SÁ, SkG, StJSt, AE, ÁB, EmJ, HÁ, HV, JG, JPálm, JS, KS, MJ, SB.
nei: SG, ÁkJ, EOl, JÁ, LJós.
15 þm. (ÓTh, PO, StgrSt, ÁS, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GTh, GÞG, HelgJ, IngJ, JóhH, JR, JörB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með tilvísun til grg. minnar við umr. málsins segi ég já.

Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið fyrir hv. Nd. og hlotið samþykki d. óbreytt. Ástæðan fyrir því, að frv. er lagt fram, er sú, að í byrjun aprílmánaðar þessa árs voru innlánsvextir hækkaðir í Landsbankanum. Nú er það kunnugt, að sparisjóðir verða að greiða sömu innlánsvexti og bankarnir gera, til þess að þeir geti haldið því fé á vöxtum, sem þeir hafa. En við þessa hækkun, sem varð á innlánsvöxtum Landsbankans, varð mjög óhagstætt fyrir sparisjóðina að greiða slíka vexti án þess að geta tekið hærri vexti af útlánum sínum. En eins og kunnugt er, lána sparisjóðirnir aðallega fé sitt gegn fasteignaveði, en samkv. gildandi lögum er ekki heimilt að taka hærri vexti en 6% af lánum, sem tryggð eru með fasteignaveði. Nefnd frá helztu sparisjóðum í landinu kom til ráðuneytisins og bar sig illa vegna þess skaða, sem þeir yrðu fyrir af þessari vaxtahækkun, ef þeir fengju ekki að taka hærri vexti af lánum sínum en þeir hafa fengið til þessa. Það var sýnilegt við nánari athugun, að ekki var hægt að komast hjá því að heimila sparisjóðunum að taka hærri vexti en 6%, til þess að þeir gætu staðið undir þeim forvaxtagreiðslum, sem nauðsynlegt væri. Þess vegna er þetta frv. fram borið. Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 183).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og gerð er grein fyrir í nál. á þskj. 183, mælir meiri hl. fjhn., 4 af 5 nm., með því, að frv. þetta, sem er flutt til staðfestingar á brbl., verði samþ. að mestu leyti óbreytt.

S. l. vetur hækkaði Landsbankinn innlánsvexti í allstórum stíl frá 1. apríl að telja: vexti af venjulegum sparisjóðsinnstæðum úr 3½% í 5%, af innstæðum uppsegjanlegum með 6 mánaða fyrirvara í 6% og af umsömdum innstæðum til 10 ára upp í 7%. Þetta var að vísu sanngjarnt gagnvart þeim þörfu þegnum, sem leggja fé inn í lánsstofnanir til ávöxtunar og hjálpa með því þeim, sem eru að leita eftir lánum og segja má um marga hverja að séu í lánsfjárhungri. En jafnframt hækkaði þá bankinn líka vexti af útlánum og þar á meðal fasteignaveðslánum og handveðslánum; í þeim lánaflokkum var hækkunin úr 6% upp í 7%. Þetta var bankanum heimilt samkv. þeim sérstöku l., sem um hann gilda. Hins vegar mæla l. um bann við okri, nr. 73 frá 19. júní 1933, svo fyrir, að óheimilt sé að taka hærri vexti en 6% af fasteignaveðslánum

og handveðslánum, en þeim l. er þjóðbankinn óháður.

Þegar Landsbankinn hafði hækkað innlánsvexti sína, hlutu aðrir bankar og sparisjóðir að hækka innlánsvexti líka hjá sér, því að annars hefðu þeir misst innlánsfé sitt; það segir sig sjálft.

Þetta var að minnsta kosti sparisjóðunum mjög erfitt og alls ekki hægt, nema þeir fengju heimild til að hækka vexti af útlánum gegn fasteignaveði og handveði, að minnsta kosti eins og Landsbankinn hækkaði vextina hjá sér. Með tilliti til þess gaf hæstv. ríkisstj. út brbl., sem hér liggja nú fyrir í frv. til staðfestingar. Samkv. framansögðu er alls ekki um það að ræða í sambandi við þetta frv., hvort hækkun vaxtanna hjá Landsbankanum var æskileg, heldur um það að gefa sparisjóðum og öðrum, sem lána, rétt til að taka sömu vexti og Landsbankinn tekur og breyta l. um bann gegn okri á þá leið. Ef Alþingi synjaði um þetta, væri það dauðadómur yfir öllum sparisjóðum í landinu. Þann dauðadóm telur meiri hl. fjhn. ekki koma til mála að kveða upp og leggur því til, að frv. verði samþ.

Þó leggur meiri hl. til, að síðasta málslið aðalgreinar frv. verði breytt. Eins og þessi málsliður hljóðar í frv., felur hann í sér, að ef Landsbankinn lækki aftur umrædda útlánsvexti, megi aðrir ekki heldur taka hærri vexti en hann af sams konar lánum. Meiri hl. n. lítur svo á, að rangt sé að setja lagaákvæði um að rifta þeim samningum, sem þá þegar hafi verið gerðir um 7% vexti, þótt Landsbankinn lækki vextina hjá sér; það verði að vera frjálst samkomulagsmál milli lántakanda og lánveitanda, hvort umsamin lán, að því er vextina snertir, verði óbreytt. Hins vegar eigi ákvæði þetta aðeins að ná til samninga, sem gerðir verði eftir að Landsbankinn lækkar vextina, ef til kemur. Þess vegna leggur meiri hl. til, að í stað þess, að í frv. segir nú, að ekki megi „taka hærri vexti“ en Landsbankinn reiknar sér, komi, að ekki megi „semja um hærri vexti“. Og er það í fullu samræmi við orðalag gr. á undan og einnig í fullu samræmi við, að nú, þegar heimilað er að hækka vextina, þá nær sú heimild ekki til eldri samninga, hafi þeir verið með fastbundnum vöxtum. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um málið fleiri orð.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og sjá má á nál. meiri hlutans, lagðist ég gegn þessu frv. í n., þótt ég hafi ekki séð ástæðu til að skila sérstöku nál. af þeim ástæðum. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir minni afstöðu.

Þegar Landsbankinn ákvað í byrjun aprílmánaðar að hækka vexti sína, innlánsvexti og útlánsvexti, voru ástæðurnar fyrir þeirri ráðstöfun einkum taldar tvær, í fyrsta lagi að draga úr óeðlilegri eftirspurn eftir lánsfé og í öðru lagi að ýta undir sparifjármyndun almennings. Ég tel, að hvorug þessara röksemda fái staðizt. Eins og nú er ástatt í landinu, er eftirspurn eftir fjármagni geysilega mikil og útlánastarfsemi bankanna þannig, að það fé, sem tiltækt er, er í engu samræmi við þær miklu framkvæmdir, sem verið er að vinna. Og hækkun á vöxtum um 1% gerir ekkert til þess að hamla á móti neinni óeðlilegri eftirspurn eftir fjármagni. Ég tel það einnig ekki vera rétt, að hækkun á innlánsvöxtum muni að nokkrum mun ýta undir sparfjármyndun, eins og nú er ástatt, vegna þess að það er alkunna, að kaupmáttur peninganna rýrnar svo ört, að jafnvel þeir vextir, sem bankarnir borga núna, vega engan veginn upp á móti þeirri rýrnun. Og enginn maður, sem komið getur peningum sínum fyrir á annan hátt, leggur í það að geyma peninga, — hann veit, að það er sama og að bjóða upp á að ræna af sjálfum sér. Hins vegar eru áhrifin af hækkun útlánsvaxtanna skaðleg og eru einn þáttur í lánsfjárpólitík, sem ég tel mjög hættulega og skaðlega, og væri hægt að rekja það í löngu máli, en ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé kunnugt um afstöðu míns flokks í því máli.

Þegar Landsbankinn tók þessa ákvörðun að hækka vextina, þá er mér nær að halda, að hæstv. ríkisstj. hafi samþ. það með allmiklum semingi. Og mér er einnig kunnugt um, að Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn voru andvígir þessari hækkun, þótt þeir gerðu hana, eftir að Landsbankinn var búinn að framkvæma hana. Og ég þykist hafa nokkuð fyrir mér í því, að meiri hluti alþm. muni hafa verið á móti þessari vaxtahækkun, þegar hún kom til framkvæmda, enda kom það einnig fram í hv. n., að meiri hl. nm. lýsti því yfir, að hann hefði verið andvígur þessari breyt., þegar hún var gerð. Hins vegar fjallar þetta mál, eins og það liggur fyrir, ekki um Landsbankann eða Útvegsbankann eða Búnaðarbankann, heldur um sparisjóðina. Og mína afstöðu, að vera á móti þessu frv., ber engan veginn að skoða sem fjandskap við sparisjóðina eða ég vilji kveða upp dauðadóm yfir þeim, eins og hv. frsm. meiri hl. komst að orði. Mín afstaða er þannig hugsuð, að ef Alþingi lýsti yfir andstöðu sinni við vaxtahækkunina með því að fella þetta frv., þá væri Landsbankanum ekki stætt á því að halda fast við ákvörðun sína frá því s. l. vetur. Nú, en ef Landsbankinn hins vegar vildi standa á þeirri afstöðu, eftir að Alþingi væri búið að lýsa yfir eindregnum vilja sínum í þessu efni, þá gæti Alþingi náttúrlega með annarri lagabreyt. komið vilja sínum fram.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég tel nú ekki ástæðu til í sambandi við þetta mál að fara að ræða vaxtahækkunina sjálfa, eða vaxtahækkun Landsbankans; það er mál út af fyrir sig. En af því að hv. síðasti þm., sem talaði, gat þess, að ríkisstj. muni hafa samþ. þessa vaxtabreyt. með talsverðum semingi, þá þykir mér rétt að taka fram, að ríkisstj. gaf aldrei samþykki sitt til þessarar vaxtahækkunar, enda taldi bankinn, að hann hefði fulla heimild til slíkrar hækkunar án þess að spyrja ríkisstj., — enda taldi hún sig ekki að athuguðu máli hafa rétt til þess að banna þessa vaxtahækkun, ef bankinn vildi framkvæma hana.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, án þess að ég ætli að fara nokkuð frekar inn á þessa hlið málsins eða taka afstöðu til þess í sambandi við þessar umr. En ég vil gjarnan skýra nokkuð, hvað fyrir ráðuneytinu vakti með setningu brbl.,

svo að ekki verði misskilningur um það, hvað átt er við með l. Það er viðurkennt, að taka megi 6% af lánum, sem tryggð eru með fasteignaveði, en hækki Landsbankinn útlánsvexti fram yfir 6%, þá er öðrum heimilt að taka það sama, allt að 7% vexti. Lækki Landsbankinn sína vexti, ber öðrum einnig að lækka vexti sína, að því leyti, sem lagagreinin heimilar lækkunina, þ. e. a. s., að fylgjast verður með vaxtalækkun Landsbankans niður að 6%. Landsbankinn og Búnaðarbankinn fylgja þeirri reglu í sambandi við lán, sem tryggð eru með fasteignaveði, sem önnur, að vextir af þeim lánum fylgja almennum vaxtabreyt. bankanna, sem af öðrum lánum. Þar sem þessi lagabreyt., sem hér er til umr., er sérstaklega gerð með hagsmuni sparisjóðanna fyrir augum, var talið eðlilegt, að þeir fylgdu sömu reglum í þessu um breyt. vaxta eins og bankarnir. En breyt. sú, sem hv. n. ber fram á þskj. 183, felur það í sér, að þeir vextir, sem upphaflega er samið um, skuli standa, þótt vaxtabreyt. verði síðar. Að sjálfsögðu má deila um það, hvort sparisjóðir og einstakir lánveitendur skuli geta fylgt öðrum reglum um vaxtagreiðslu af fasteignalánum en bankarnir. En ég vil þá, að það sé ljóst hv. þm., hvað breyt., sem um er rætt á þskj. 183, felur í sér í raun og veru. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að taka afstöðu til þessa sérstaka atriðis. Það má segja ýmislegt bæði með því og móti. Ég mun láta það afskiptalaust.

ATKVGR.
Brtt. 183 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 23. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 197).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 214).

---

6. Sogs- og Laxárvirkjanir.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og deildarmenn rekur vafalaust minni til, þá var samið um það fyrir nokkru, að Alþjóðabankinn veitti allt að 40 millj. kr. lán í erlendri mynt til Sogs- og Laxárvirkjana. Um þetta voru á sínum tíma samþykkt sérstök lög, þ. e. a. s. heimild handa stjórninni til þess að taka fé þetta að láni. Þegar samningarnir áttu sér stað, þá kom í ljós, að það þurfti að gera nokkra formsbreytingu á þeim lögum, sem áður voru sett af þinginu, og var hún gerð með brbl., en fyrir alveg sérstök mistök láðist að leggja bráðabirgðalögin, sem sett voru á sínum tíma, fyrir hv. Alþ. Þetta frv. er þess vegna borið fram til þess að bæta úr þeirri vanrækslu. Ég leyfi mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 69).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Mál þetta er svo einfalt til afgreiðslu, að ég tel ástæðulaust að hafa um það mörg orð af hálfu hv. fjhn. Frv. er samhljóða brbl. frá 1951, eins og segir í athugasemdum, sem því fylgja. Þau brbl. hefði að vísu átt að leggja til staðfestingar fyrir síðasta Alþingi að réttum venjum. En hæstv. ríkisstj. láðist að leggja þau fyrir þá. Að því er auðvitað hægt að finna og rétt að taka fram, að slíkt á ekki að koma fyrir. „Það er ljótt að gleyma, Jón," er haft eftir presti einum, „en guð er góður og fyrirgefur alltaf, ef hann veit, að það hefur ekki verið viljandi." Engin ástæða er til þess að ætla þetta viljandi gleymsku af hálfu hæstv. ríkisstj., og enginn skaði hefur skeð. Málið er þess eðlis, að ekkert hefur farið úr böndunum við biðina á staðfestingunni. Brbl. fólu í sér hækkun lántökuheimildar, sem hæstv. ríkisstj. hafði fengið frá Alþingi með lögum 1950 vegna virkjananna við Sogið og Laxá. Hækkunin var 14 millj. kr., úr 26 millj. upp í 40 millj. Lánið var tekið á sínum tíma. Virkjun Sogsins og Laxár er ekki deilumál. Enginn ágreiningur er um nauðsyn lántökunnar. Staðfesting laganna er því aðeins sjálfsagt formsatriði. Fyrir hönd hv. fjhn. lýsi ég yfir því, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Á sínum tíma voru samþ. sérstök lög um heimild handa ríkisstj. til að taka hjá Alþjóðabankanum allt að 40 millj. kr. lán í erlendri mynt til Sogs- og Laxárvirkjana. Við samningana við bankann kom í ljós, að gera þurfti nokkra formsbreytingu á lögunum, og var hún gerð með brbl., en fyrir alveg sérstök mistök láðist að leggja brbl. þessi á sínum tíma fyrir hv. Alþ. Þetta frv. er því borið fram nú til að bæta úr þeirri vanrækslu. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 201).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þessu var vísað til fjhn. til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 201, hefur n. athugað málið, og eru allir nefndarmenn sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

---

7. Tilkynningar aðsetursskipta.

Á 14. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um tilkynningar aðsetursskipta [95. mál] (stjfrv., A. 122).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. hér á þskj. 122, um tilkynningar aðsetursskipta, er í raun og veru framhald af því frv. um manntal, sem hefur legið hér fyrir þessari hv. d. og hún nú þegar hefur afgr. til hv. Nd. Það fylgir frv. allýtarleg grg., og leyfi ég mér að vísa til hennar um það, hvers vegna lögð er áherzla á það af Hagstofu Íslands og öðrum þeim aðilum, er standa að því verki að koma upp spjaldskrá yfir alla landsmenn, að þetta frv. sé nú gert að lögum. En það er þess vegna í meginatriðum, að manntalið, sem nú hefur verið framkvæmt um miðjan þennan mánuð, nær ekki tilgangi sínum öðruvísi en að jafnframt sé ákveðið, að þeir, sem skipta um bústað á einn eða annan hátt, tilkynni það jafnótt og bústaðaskiptin fara fram, og frv. þetta fjallar einmitt um það atriði. Ég skal taka það fram, að það, sem fyrir vakir með þessu, er það, að eftirleiðis sé hægt að losna við hin árlegu manntöl, þannig að ekki þurfi eftirleiðis að fara fram manntal nema 10. hvert ár, eins og aðalmanntölin eru, en þessi tilkynningarskylda um skipti á aðsetrum eða heimilisfangi komi í þess stað. Hins vegar hefur þó ekki þótt rétt að gera heildarlöggjöf um þetta núna, heldur verði reynt nú næsta ár, hvernig til tekst með þetta í sambandi við manntalið, sem fór fram nú um miðjan þennan mánuð, en það er tilgangur hagstofunnar og þeirra, sem með þessi mál fara, að hægt verði þá að taka þessi mál saman, manntalsfrv., sem gildir nú aðeins fyrir þetta eina ár, og þau lög, sem gilda yfirleitt um þetta nú, og þetta frv., sem hér liggur fyrir. En það er lögð mikil áherzla á það, að þessu frv. verði hraðað, ef hið háa Alþingi getur fallizt á að samþ. þetta, til þess að það komi strax í gang nú að aflokinni þessari manntalsgerð, að tilkynningarskyldan verði tekin upp og lögleidd. Ég hefði því viljað leyfa mér að biðja þá hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hraða afgreiðslu þess eins og hún sér sér fært. Vilji hv. n. og hv. d. yfirleitt fá frekari fræðslu um þetta og hvernig þetta er hugsað, þá mun hagstofustjóri að sjálfsögðu gefa þær upplýsingar, sem um er beðið. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta við þessa 1. umr. frv., en leyfi mér að leggja til, að að aflokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, n. 135).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar frv. til l. um manntal var hér á ferðinni, þá minntist ég á það, að von væri á öðru frv., sem væri beint áframhald af því, og það er það, sem hér liggur fyrir. Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og rætt það við hagstofustjóra. Það voru nokkur atriði í frv., sem ég taldi að þyrfti og ætti að breyta, og sum af þeim hef ég minnzt hér á áður og skal ekki gera þau frekar að umtalsefni. En það, sem mér sérstaklega og reyndar nefndinni fannst ábótavant við þetta frv., eru þær undantekningar, sem gerðar eru frá skyldu manna til að tilkynna aðsetursskipti og felast í 2. og 4. tölul. 3. gr. Það er augljóst mál, að ef hafa á það gagn af manntalinu, sem við allir óskum eftir, það gagn að geta, auk þess að vita á hverjum tíma, hvar hver einstakur maður hefur aðsetursstað, líka vitað, að hverju hann vinnur, þá má ekki sleppa fólkinu, sem fer úr bæjunum í kaupavinnu, því að það gefur upplýsingar um þá menn, sem að þeirri atvinnugrein vinna, sem landbúnaður er, né heldur þeim mönnum, sem færa sig á milli staða á vertíð, hvort sem það er nú á milli þorpa eða þá beinlínis menn úr sveit, sem koma til að stunda sjóróðra í verstöðvunum. Þess vegna hefði ég — og reyndar nefndin — gjarnan viljað breyta bæði 2. tölul. og 4. tölul. og taka upp tilkynningarskyldu um þá menn, sem fara annars vegar í sveit, og eins þá unglinga, sem sumarlangt dvelja í sveit og hjálpa óneitanlega oft mikið til við framleiðslu þar. En hagstofustjóri sagði okkur, að það að koma í kring manntalinu, eins og lög þessi eru nú, væri svo mikil vinna, að ef við bættum á þá þessari tilkynningarskyldu, sem undan er felld núna í 2. og 4. tölul. 3. gr., þ. e. um börnin, sem eru sumarlangt í sveit, og fólkið, sem fer í árstíðabundinn stað, sumt að sumrinu og sumt að vetrinum, eftir 4. lið 3. gr., þá gætu þeir bara alls ekki annað því, og bað okkur þess vegna í nefndinni að gera það fyrir sín orð að breyta þessu ekki núna. Eins og okkur væri ljóst, þá yrðu bæði lögin um manntalið og þessi lög að sameinast í eitt á næsta þingi og þá felld úr gildi lögin um venjulegt manntal, sem enn þá gilda og eru ekki felld úr gildi með þessum lögum, en verða óþörf, þegar þetta kemst í kring, og þá skyldi hann vera með okkur í því að taka þessar breytingar upp, því að þá mundu þeir verða búnir að komast svo vel í gang með þetta, að þeir gætu bætt því við sig, þó að þeir gætu það ekki núna. Það væri þess vegna þýðingarlaust að breyta því núna og skylda þá til þess, því að þeir gætu það ekki. Á þessum röksemdum féllum við frá því að flytja brtt. við bæði 2. og 4. tölul. 3. gr., sem ég annars hafði mjög mikla tilhneigingu til — og ég held nefndin öll, því að n. allri er það ljóst, að það er ákaflega mikil þörf á því að hafa sem nánasta vitneskju um það á hverjum tíma, hve margir menn vinna við þessa eða hina atvinnugreinina í landinu, en eftir þeim upplýsingum verðum við þó að bíða þangað til eftir liðugt ár, þegar þetta verður allt endurskoðað, og þá taka það inn. — Sömuleiðis var frá mínu sjónarmiði ákaflega vafasamt, hvort ætti að undanskilja tilkynningu til manntalsskrifstofunnar eða hagstofunnar námsmenn erlendis, eins og gert er í síðari hluta 6. gr. frv. Menn, sem dvelja árum saman við nám erlendis, hafa oft verið taldir eiga heimilisfang hér og hafa aðsetur hér og þá venjulega eða alltaf hjá sínum foreldrum eða aðstandendum hér heima, en ekki nærri alltaf. Ég veit t. d., að ég sjálfur hef átt syni við nám árum saman erlendis, og ég taldi þá ekki hér, þeir voru taldir þar. Eins og þetta er nú í þessum lögum, þá mundu þeir allir taldir hér með dvalarstað, þó að þeir væru árum saman við nám erlendis. Þetta taldi n. dálitið vafasamt, en við að ræða um þetta við menn, sem hafa nú átt námsmenn erlendis, þá virtist allur fjöldinn hafa fylgt alveg gagnstæðri venju og ég hef gert við mína syni, þegar þeir voru ytra, talið þá hér, meðan þeir voru við nám, og ekki hætt að telja þá, eins og ég gerði, og látið þá telja sig ytra. Og með tilliti til þess var nú þetta látið standa óbreytt í frv., það mundi þá verða til athugunar næsta haust, um leið og þetta allt verður endurskoðað og fært saman í einn bálk, hvort það ætti að gera það eða ekki. Þetta tvennt, sem ég taldi fyrst, var það, sem allri nefndinni fannst ástæða til að breyta, þótt hún félli frá að gera það núna, en um þennan þriðja lið, sem ég talaði um, síðari málslið 6. gr., var n. ekki alveg sammála, sumir vildu jafnvel sleppa honum og aðrir ekki, og endalokin voru þau, að við létum hann standa. Hann liggur þá líka til athugunar að hausti, þegar lögin verða sameinuð og steypt í einn bálk.

Hagstofan leggur ákaflega mikla áherzlu á að fá þessi lög afgreidd sem fyrst úr þinginu. Hún segist þurfa að láta prenta í sambandi við þau ýmis eyðublöð, sem þurfa að komast til hreppstjóra og sýslumanna sem fyrst og alltaf fyrir áramót. Og þess vegna bað hagstofustjóri mig að skila því til hæstv. forseta að reyna að hraða gangi þessa máls í gegnum deildina eins og hægt væri, og helzt ef hann gæti sent það til Nd. í dag. Ef deildin er sammála um að taka ekki þessar breytingar, sem ég hef minnzt á og við höfum látið liggja, og sér ekki ástæður til annarra breytinga, sem ég held nú, að ekki séu, þá vildi ég mælast til þess við forseta, að hann reyndi að þessum fundi loknum að setja annan fund og koma málinu til Nd., svo að það geti komið þar fyrir á fimmtudag og þá kannske öðru hvoru megin við helgina orðið að lögum, svo að það sé hægt að fara að starfa eftir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það eru nú óveruleg atriði, sem ég ætlaði

hér að hreyfa, en mér sýnist þó fara betur á, að leiðrétt séu.

Annað er það, að í 9. gr. frv. er sagt, að tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvíli á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 18 ára aldur, — það stendur 18 ára. Ég tel, að það sé réttara að setja hér 16 ár, vegna þess að 16 ára aldur er sjálfræðisaldur, og mér virðist beinlínis felast í því, að sjálfráðum manni eigi að vera treystandi til þess að tilkynna um sinn verustað, enda má segja, að hann hafi engan slíkan forráðamann, að á honum geti hvílt skylda til þess að segja, hvar maðurinn er staddur. Sjálfráður maður, en ekki fyllilega lögráður, hefur að vísu mann, sem á að veita honum forræði, en einungis um fjármál. Mér virðist því einsætt, að það sé rétt að breyta þessu í 16 ára aldur, og vil leyfa mér að bera fram brtt. skriflega, sem hljóði svo:

„Við 9. gr. Í stað „18 ára“ tvisvar í 1. mgr. komi: 16 ára.“

Svo er í 14. gr. tekið fram, að lögreglustjórar utan Reykjavíkur skuli hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara o. s. frv. Í framkvæmdinni kann þetta nú að verða svo, að þetta lendi einungis á lögreglustjórum utan Reykjavíkur. Þó er í kenningunni hugsanlegt, að það þurfi einnig að leita aðstoðar lögreglustjóra í Reykjavík, að það þurfi að láta lögregluþjóna hjálpa til við, að þessari tilkynningarskyldu sé fullnægt, og víst er um það, að almenn skylda hvílir á lögreglustjóra í Reykjavík, ekki síður en öðrum lögreglustjórum, til þess að halda uppi lögum og rétti í landinu. Og það væri nokkuð einstakt fyrirmæli, ef hafa ætti sérstök lög, en lögreglustjórinn í Reykjavík ætti ekki að fylgjast með því, að þau væru haldin. Ég legg því til, að þessi orð — „utan Reykjavíkur“ — séu felld niður úr 14. gr. Ég vil leyfa mér að bera fram skriflegar brtt. og vænti þess, að þetta geti ekki valdið ágreiningi.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi skriflegar brtt. við frv. frá Bjarna Benediktssyni:

„1. Við 9. gr. Í stað „18 ára“ tvisvar í 1. mgr. komi: 16 ára.

2. Við 14. gr. Orðin „utan Reykjavíkur“ í 1. mgr. falli niður.“

Þessar till. eru of seint fram komnar og þar að auki skriflegar og þurfa því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 146) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Breyting á aldurstakmarkinu, sem þarna er lögð til, var rædd í n., og eiginlega var n. öll sammála um, að 16 ára takmark væri eðlilegra. Það var þm. Seyðf., sem benti á þetta, en af því að það var hugsað, að það ætti að endurskoða þetta aftur að ári, þá var það látið eiga sig, en ég veit, að n. er áreiðanlega sammála þeirri brtt. — Um hina brtt., sem þarna er um að ræða, við 14. gr., þá var nú litið svo á, að störf lögreglustjóra hér hvíldu eiginlega á hagstofunni. Þar sem hagstofan væri hér starfandi og hefði manntal hér með höndum, þá kæmi ekkert til framkvæmda lögreglustjórans í Reykjavík. En það kann vel að vera eðlilegra að fella það líka niður, og ég geri ráð fyrir, að ég geti mælt með því líka fyrir hönd n. allrar, þó að hún hafi nú ekki borið sig saman og ekki verið talað sérstaklega um það í n.

ATKVGR.

Brtt. 146,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 146,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 147).

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 187).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 187 (ný 17. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 195).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 24. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 231).

---

8. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv. er einnig staðfesting á brbl., sem gefin voru út 30. apríl 1952 og standa í beinu sambandi við það mál, sem hér var rætt á undan, þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Í þessu frv. mælir fyrir um, að á hinu nýja friðunarsvæði skuli bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Það er þó heimilað að leyfa undanþágu varðandi kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegum kampalampavörpum og leturhumarvörpum. Einnig er ráðherra heimilað að veita undanþágu til þess að nota flotvörpu til síldveiða í landhelgi, og þó því aðeins, að það skip, sem slíka undanþágu fær, stundi eingöngu síldveiðar, og getur ráðh. bundið þetta leyfi öllum þeim skilyrðum, sem honum sýnist og hann telur nauðsynlegt, þ. á m., að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Þetta er, eins og ég sagði, bein afleiðing af friðunarráðstöfununum. Og leyfi ég mér að mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í 2. málsgr. þessa frv. er tekið fram, að það verði heimilt ráðh. að veita vélbátum undanþágu frá banni til þess að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Það hefur verið framkvæmt þannig fram að þessu, að þeir, sem hafa viljað stunda þennan veiðiskap, hafa orðið að sækja til atvmrn. um leyfi til að mega stunda þessa veiði. En þannig hefur nú til tekizt á liðnu sumri, að þeir menn, sem hafa sótt um þetta leyfi, hafa þurft að láta sumarið líða án þess að fá þetta leyfi. Það stundaði einn bátur á Ísafirði kampalampaveiði eða rækjuveiði í sumar, og aflinn var óvenjulega góður. Til þess að vinna úr afla þessa eina báts þurfti milli 30 og 40 manns, mest konur og unglinga, og var þetta ágæt vinnubót í atvinnulitlum bæ. Þá var það, að tveir aðrir sjómenn, eigendur lítilla báta, sem eru hentugir til þessara veiða, sóttu til atvmrn. um að mega stunda rækjuveiði, sendu símskeyti til atvmrn. og biðu svo svars. Og sumarið leið fram í septembermánuð, síðari hluta septembermánaðar, án þess að þeir fengju svar við því, hvort þeir mættu bjarga sér á þennan hátt. Þá var rekizt í því við atvmrn., að svör fengjust við þessum umsóknum þessara sjómanna. Og það var leitað í atvmrn., og önnur umsóknin fannst og var þá enn óafgreidd og mun þá hafa verið nýlega komin úr ferðalagi frá Fiskifélagi Íslands, því að leitað hafði verið umsagnar Fiskifélagsins um þessa umsókn. En hin fannst ekki, og var þess getið til af skrifstofustjóranum, að hún mundi vera til umsagnar hjá Fiskifélagi Íslands.

Nokkru eftir að rekistefna hafði verið gerð út af þessari afgreiðslu, kom tilkynning til annars sjómannsins um, að honum væri veitt leyfi til þess að veiða rækjur í einn mánuð. Hann var búinn að bíða, hann var búinn að endurnýja umsókn sína og láta rekast í því persónulega í ráðuneytinu að fá þetta leyfi. Það hafði gengið í það meginhluti sumarsins, og svo fékk hann leyfi til eins mánaðar. Í októbermánuði mátti hann svo veiða rækjur. Þá á aftur að byrja umsóknarherferð, og ég veit ekki, hvort búið er að framlengja heimild þessa sjómanns til þess að bjarga sér á þennan hátt. Nú, það er bezt að segja söguna til enda. Hinn sjómaðurinn fékk svo að vísu leyfi, þegar svar hafði komið frá Fiskifélaginu, og hann fékk líka að síðustu leyfi í einn mánuð, eftir að það hafði staðið miklu lengri tíma að fá þetta leyfi.

Nú sýnist eiga að lögfesta þessa mjög svo þunglamalegu og seinvirku aðferð, til þess að menn megi bjarga sér að því er þetta snertir, og þykir mér það miður. Ég tel því miklu ráðlegra, að 2. mgr. frv. væri á þá leið, að heimilt væri að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu og það þyrfti engar slíkar herferðir eins og þurft hefur til þessa til þess að fá leyfi til að stunda þessa veiði. Ég get ekki séð, að það þurfi neina varfærni gagnvart hagsmunum Englendinga, að því er þetta snertir, þeir stunda ekki þennan veiðiskap hér við okkar land, og það er ekkert stigið á þeirra strá fyrir það, þó að Íslendingum sé að lögum heimilað óskorað frelsi til að stunda þennan veiðiskap, og þykir það allt of þunglamalegt, einkanlega þegar menn hafa brennt sig á þessari reynslu, að það gangi svona þunglega að fá slík leyfi. Ég vildi því helzt ekki, að það yrði neinum leyfum háð frá hæstv. stjórnarráði, að menn megi stunda þennan veiðiskap, þar sem þeir hafa hafið hann.

Ég hygg, að það hafi ekki orðið neitt árekstramál milli Norðmanna og Breta, að þeir stundi kampalampaveiðar innan fjögurra mílna landhelginnar þar. Kampalampaveiðar eru geysimikill atvinnuvegur í Noregi, og þær hafa átt sér stað þar áratugum saman árekstralaust, að því er ég bezt veit, bæði innan þriggja mílna landhelginnar og eins innan fjögurra mílna landhelginnar. Kampalampaveiðar voru hafnar hér við land, meðan samningurinn við Breta frá 1901 gilti og landhelgin var miðuð við 3 sjómílur, og þá held ég, að það hafi ekki þurft að sækja um neitt leyfi til þessa veiðiskapar. Ég tel alveg sjálfsagt, að það sé frjálst öllum mönnum, sem vilja stunda þennan veiðiskap innan íslenzkrar landhelgi, að stunda hann, án þess að þurfi neina baráttu um það að fá leyfi til þess, og mun leggja til, að 2. mgr. þessa frv. verði breytt á þann veg, að heimilt sé að stunda kampalampaveiðar og að ákvæðið um, að undanþágu skuli leitað til ráðh., verði fellt niður. Það eru undir öllum kringumstæðum, þó að afgreiðsla slíkra leyfa gangi normalt fyrir sig og ekki með slíkum undandrætti eins og á síðastliðnu sumri, tafir að því og ófrelsi að þurfa að vera að biðja um leyfi til þess að bjarga sér.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég er ákaflega sammála hv. þm. Ísaf. um það, að það er mjög óviðfelldið, að borgararnir skuli alltaf þurfa að ganga betlandi um leyfi til þess að gera þetta og leyfi til að gera hitt. Og ég vil því taka höndum saman við hann og aðra þá, sem slíka skoðun hafa, um að afnema öll þessi bönn og höft, sem hér eru á borgurunum, í miklu ríkari mæli en gert hefur verið. Bönnunum hefur nú verið komið á mikið fyrir hans tilstilli og hans flokks og annarra slíkra ágætismanna, þó að ég geti sjálfur ekki talið mig syndlausan í þeim efnum, en hef nú gert það þá frekar gegn mínum óskum heldur en samkvæmt þeim.

Ég vil um þetta að öðru leyti segja, að ég treysti mér ekki alveg til þess að dæma um, hvort það er nauðsynlegt eða hversu rík nauðsynin er til að hafa þetta ákvæði eins og það er. Og ég skal sízt hafa á móti því, ef þeir, sem þessum málum eru kunnugastir, telja, að þetta sé ekki nein nauðsyn, að greininni verði breytt eins og hv. þm. lagði til. Hitt er ekki nema eðlilegt, að þegar við vorum að setja þessi lög þarna í byrjun, núna í vor, þá þætti okkur varlegra að hafa allt sem öruggast gagnvart þeirri ásókn útlendinga, sem við þóttumst sjá fram á, að fyrir dyrum stæði, — að við værum að meina þeim að veiða, en leyfa okkar mönnum að gera það á þessum friðuðu svæðum. Nú má ekki í þeim efnum frekar en öðrum fara í öfgar, og það er auðvitað alveg rétt, að ekki er líklegt, að Bretar fari — eða aðrar erlendar þjóðir — að sækja til slíkra veiða hingað til Íslands, og ég veit nú ekki, hvort það er líklegt heldur, að Bretar færu að sækja til dragnótaveiða til Íslands. Það er ekki aðalatriðið í málinu. Aðalatriðið verður það, úr því að við byggðum á annað borð á friðunarlögum, að við getum þá sem gleggst staðið á þeim rökum, að við höfum yfirleitt lagt megináherzlu á að friða. En ég sem sagt segi það, að hvað mig og minn vilja áhrærir, þá eru mínar skoðanir og vilji að engu leyti brotið, þó að þessi málsgr. yrði felld niður, og vildi ég mælast til þess, að hv. n. ræddi það nú við t. d. forseta Fiskifélagsins og skrifstofustjórann í atvmrn., en þeir eru mjög kunnugir og allra manna kunnugastir þessum efnum.

Ég vil svo ekki neitt sérstakt um þessar aðfinnslur segja, að dregizt hafi umsóknir frá tveimur mönnum um leyfisveitingu til að stunda þessar veiðar. Ég er alveg viss um, að svo miklu leyti sem þær hafa komið til mín, sem ég man nú ekki svo eftir, vil ekki fullyrða neitt um, þá hefur mín tilhneiging verið sú að fara varlega. Og ætli það hafi nú ekki verið svona meðfram hjá okkur öllum viss hvöt til þess að ljá ekki höggstað eða leyfa ekki fangs á okkur? Og það getur, eins og ég segi, farið út í öfgar í þessum efnum eins og öðrum. En þessi bönn verða sem sagt með minu fulla samþykki afnumin, ef þeir, sem gerst þekkja málin, telja það óhætt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, þó að því væri skotið til hinna kunnugustu manna, eins og t. d. fiskimálastjóra, hvort það mundi ekki að ósekju mega haga lagasetningu þessari á þann veg, að íslenzkum vélbátum væri heimilt að stunda þessa veiði, og ég trúi því ekki, að niðurstaða þeirra færustu sérfræðinga ríkisstj. yrði á aðra lund en þá, að það væri að öllu leyti óhætt og að minnsta kosti algerlega að ósekju gagnvart Bretum, þó að við notuðum þessi verðmæti inni á fjörðum hér við okkar strendur. Ég varð þess var, að það átti að einhverju leyti að afsaka þennan drátt með því, að okkur væri lífsnauðsyn að fara varlega, meðan þessi deila gagnvart Bretum út af landhelgisbreytingunni væri svo viðkvæm. En ég fékk þó enga skynsamlega niðurstöðu í því máli. Það hafði þó einum vélbát verið heimilað að stunda þessa veiði, og þar með hafði sannazt, að með þessu var hægt að fá nokkur útflutningsverðmæti og skapa töluverða, alveg óvenjulega vinnu í raun og veru, að því er snerti það veiðimagn, sem þarna var um að ræða. Þess vegna gat ég ekki séð, að við stofnuðum okkur í neina hættu gagnvart Bretum, þó að leyft væri tveimur smábátum í viðbót að stunda sams konar veiði og þarna hafði verið leyfð einum. Og ég verð að segja það, að þar sem þessi veiðiskapur hafði þó verið leyfður innan þriggja mílna landhelginnar, þá hlutum við að líta svo á, að okkur væri heimilt að stunda sams konar veiði innan þeirrar nýju landhelgislínu, — og það var þó að minnsta kosti hægt að fá leyfi innan þriggja mílna línunnar gömlu. Og ég verð að segja það, að hvort sem við deilum við Breta um þetta mál eða við aðrar þjóðir um önnur mál, þá er þó myndarlegra að haga sér eins og frjáls maður gagnvart þeim, en ekki eins og þræll.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Um þetta hef ég ekkert að segja annað en það, að það er alltaf viðfelldnara að hegða sér eins og skynsamur maður, eins og vitiborinn maður, heldur en eins og fáráðlingur. Og í deilu smáþjóðar við stórþjóð er það alltaf meginatriðið að standa á svo öruggum rétti, að maður þori að horfast í augu við þann stóra og segja: Ég vík í engu frá minni merkingu. — En þá er líka bezt að standa á réttinum, og það er betra, að rétturinn sé öruggur, þó að einhver, einn sjómaður eða fleiri, hafi farið á mis við að veiða kampalampa, heldur en að þurfa að vera hikandi í deiluefninu. Fyrst er að hafa réttinn, og svo er að hafa þorið til að horfast í augu við hvern sem er.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 219, 210).

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur athugað þetta mál og varð sammála um að mæla með framgangi þess aðeins með einni breytingu, sem snertir 2. málsl. 1. gr. Þetta frv. er borið fram til staðfestingar á brbl., sem ríkisstj. gaf út á s. l. sumri, og brbl. hljóða eingöngu um það, í fyrsta lagi, að bann gegn fiskveiðum með botnvörpu taki einnig til flotvörpu, sem nú er farið að nota allmikið, bæði til þorskveiða og síldveiða. Í öðru lagi er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá

banninu til þess að stunda kampalampa- og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með vörpum, sem eingöngu eru ætlaðar til þessara veiða. Í þriðja lagi er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu, en í 3. málsl. 1. gr. eru sett skilyrði fyrir slíkum leyfisveitingum, og getur þá ráðherra yfirleitt bundið þetta þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg, þ. á m., að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs. Þetta er að sjálfsögðu gert í varúðarskyni í sambandi við það, að eigi sé í þessum veiðum farið út fyrir þau takmörk, sem leyfið hljóðar upp á.

Sjútvn. hefur fallizt á þessi frávik frá höfuðstefnu hinnar nýju friðunar, en lítur svo á, að í þessum efnum beri að fara varlega og gætilega í allar sakir, því að Íslendingum er í þessu efni allmikill vandi á höndum, bæði að því er það snertir, að hin aukna friðun nái sem fyrst þeim tilgangi, sem stefnt er að með henni, að auka fiskmagnið og vernda ungviði fisksins, og í öðru lagi, að ekkert það sé aðhafzt í þessu efni, sem gæfi erlendum fiskveiðaþjóðum átyllu til þess að bera brigður á, að friðunarráðstafanir okkar væru oss lífsnauðsyn. Það er af þeirri ástæðu, sem sjútvn. hefur á það fallizt, að réttara sé að hafa þessar undanþágur í heimildarformi, því að með því móti er betur hægt að fylgjast með þessum undanþágum heldur en annars væri, ef leyfi til þeirra væru veitt skilyrðislaust.

Með tilliti til þeirrar varúðar, sem nefndin álítur að beri að gæta um öll frávik frá friðunarákvæðunum, hefur hún lagt hér til, að áður en ráðherra veitir undanþágu frá banni þessu til þess að stunda kampalampa- og leturhumarveiðar, verði leitað um það álits Fiskifélags Íslands, og er það í samræmi við ákvæði 3. liðar 1. gr., þegar um er að ræða að veita leyfi til þess að nota flotvörpu til síldveiða. Það er gert ráð fyrir því, að um það verði áður fengnar tillögur frá Fiskifélagi Íslands. Fiskifélag Íslands er sú stofnun, sem ber að fylgjast með í þessum málum, og á því að vera nokkurt öryggi í því, að Fiskifélagið sé haft með í ráðum um veitingu slíkra undanþága. Hins vegar telur nefndin eðlilegt, að veitt sé undanþága til kampalampa- og leturhumarveiða, en ástæðan til þess, að nefndin lítur svo á, að þetta eigi að vera í heimildarformi, en ekki gefið alveg frjálst, er sú, að með því móti ætti að vera hægt að fylgjast betur með því, að í blóra við þessar veiðar væri ekki farið inn á þá braut að stunda óleyfilegar botnvörpuveiðar innan hins friðlýsta svæðis. Hins vegar gengur nefndin út frá því sem sjálfsögðum hlut, að þar sem um er að ræða leyfisveitingar fyrir slíkum undanþágum, þá sé þannig til hagað, að ekki þurfi að valda neinum erfiðleikum þeim, sem um þær sækja og rétt þykir að veita slíkar undanþágur. Það kom einmitt fram við 1. umr. þessa máls, að á s. l. sumri hefði orðið einhver dráttur á að fá úr því skorið, hvort slíkar undanþágur yrðu leyfðar eða ekki, og var svo gerð grein fyrir því af viðkomandi ráðh., að þetta hefði einmitt borið að í þann mund, sem var verið að koma á hinni nýju friðun, og þess vegna fór fram mjög gaumgæfileg athugun á því, hvað gera bæri á fyrsta stigi þessa máls. Af því mun hafa stafað sá dráttur, sem kvartað var hér um, að átt hefði sér stað, en þegar þetta er komið í nokkuð fast form, ætti ekki að þurfa að óttast, að það yrði til að valda neinum erfiðleikum. — Það er nú komin hér fram brtt. um að gefa þetta alveg frjálst. En ég hef þegar gert grein fyrir afstöðu nefndarinnar til þess, en hún kýs frekar eða telur réttara, að þetta sé haft í heimildarformi. Það er eingöngu af þeirri ástæðu, að þá er frekar hægt að fylgjast með því, að í blóra við þessar leyfisveitingar séu ekki stundaðar óleyfilegar botnvörpuveiðar. — Nefndin leggur til, að þetta frv. verði samþykkt með þeirri brtt., sem flutt er á þskj. 219.

ATKVGR.
Brtt. 210 felld með 17:4 atkv.
Brtt. 219 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 236).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 271).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 30. apríl s. l. Og tilefnið til þeirrar breyt., sem þótti nauðsynlegt að gera á l. um bann við botnvörpuveiðum, voru þær breyt., sem gerðar hafa verið á sjálfri landhelginni með reglugerðinni, sem gefin var út um það efni 19. marz 1952. Breytingarnar, sem felast í þessu frv., eru á 1. gr. laganna frá 18. maí 1920. Í 1. mgr. þessarar 1. gr. er tekið upp efni þeirrar greinar, þ. e. a. s. algert bann, sem þá var sett við botnvörpuveiðum í landhelgi, en á þessu er hins vegar gerð sú breyting, að til viðbótar við að banna þessar veiðar með botnvörpu er einnig lagt bann við því að veiða í landhelginni með flotvörpu, og er það auðvitað vegna þess, að nú nýlega hefur það veiðarfæri verið

tekið upp, og vantaði þess vegna af þeirri ástæðu ákvæði um það í eldri lögin. Að öðru leyti er ekki breytt þessari 1. gr. eldri laganna, nema að því, sem kemur til þess, að landhelgin hefur verið færð út. En síðan eru í framhaldi af þessari 1. gr. þessa frv., sem nú liggur fyrir, gerðar nokkrar undanþágur frá þessu banni. Í 2. mgr. er tekin upp undanþága, sem veitt var með l. nr. 56 23. júní 1936, um að leyfa kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Þetta ákvæði hygg ég að sé tekið upp alveg óbreytt frá því, sem var í þessum l. frá 1936, en þau eru aftur felld niður samkv. fyrirmælum í 2. gr. þessa frv. Við þetta hefur svo aðeins verið bætt því, að áður en sú undanþága, sem hér er rætt um, er veitt, þá skuli leita um það álits Fiskifélags Íslands. Þessi breyt. eða þessi viðbót var sett inn í frv. í hv. Nd. Og n. taldi rétt, að þessi fyrirvari væri settur eða þetta skilyrði fyrir því, að undanþágan yrði veitt. Nú, síðan eru í 1. gr. þessa frv. tekin upp ákvæði, sem sett höfðu verið með l. nr. 34 13. júní 1936, þar sem Síldarverksmiðjum ríkisins hafði verið gefin heimild til þess að gera tilraunir til að veiða síld í botnvörpu inni í fjörðum og flóum. Þetta ákvæði er hér tekið upp með þeirri breytingu, að heimild er veitt til þess að leyfa síldveiði í landhelgi með flotvörpu. Eins og hv. þm. er kunnugt um, þá hafa menn gert sér vonir um það, að hægt mundi að veiða síld með þessu nýja veiðitæki, þ. e. flotvörpunni, þó að á það sé ekki komin nein reynsla, og því hefur verið talið rétt að hafa slíka heimild í lögum. Og breytingin á þessu er aðeins sú, að í staðinn fyrir, að áður var heimild til þess að leyfa tilraunir til síldveiða með botnvörpu, þá er það nú leyft með flotvörpu. — Aðrar breytingar held ég, að ekki felist í því frv., sem hér liggur fyrir. Það er sem sé búið að ganga í gegnum hv. Nd., og sjútvn. þessarar d. hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. hér óbreytt, eins og það liggur fyrir á þskj. 236.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 293).

---

9. Verndun fiskimiða landgrunnsins.

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins [38. mál] (stjfrv., A. 38).

Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, er til staðfestingar brbl., sem gefin voru út 19. marz s. l. Frv. þetta er örstutt og þarfnast út af fyrir sig ekki annarra skýringa en grg. ber með sér, en það er hins vegar flutt í sambandi við ráðstafanir, sem varða hagsmuni Íslendinga í nútíð og framtíð meir en flest annað, sem Alþ. hefur fjallað um síðustu árin. Á ég þar, eins og öllum er ljóst, við stækkun friðunarsvæðisins úti fyrir ströndum landsins eða víkkun landhelginnar, eins og þjóðin kallar það.

En þó að frv. sjálft gefi ekki tilefni til skýringar, þá þykir mér eiga við að fara nokkrum orðum um friðunarmálið, vegna þess að ákvarðanir þær, sem hnigið var að, voru teknar eftir að síðasta Alþ. lauk og þær hafa ekki verið ræddar á Alþ. Ég hef hlutazt til um, að þetta mál hefur ekki komið fyrr á dagskrá, í von um að sjá fyrir endi málsins betur en enn er hægt, en tel ekki ástæðu til þess að draga þetta lengur eða fresta umr., og mun ég þá snúa mér að sjálfu friðunarmálinu.

Eins og allir hv. alþm. vita, þá hafa ríkisstjórnir Íslands á undanförnum árum unnið markvisst að því að vernda fiskimiðin umhverfis landið og forða þeim frá eyðileggingu, sem fyrirsjáanleg var, ef ekkert yrði að gert. Grundvöllurinn var lagður með landgrunnsl. 1948, en þar var ráðh. heimilað að setja nauðsynlegar friðunarreglur innan endimarka landgrunnsins. — Næsta skrefið var stigið, þegar ríkisstj. 3. okt. 1949 sagði upp samningnum við Breta frá 1901, en framkvæmd landgrunnslaganna var ósamrýmanleg ákvæðum þess samnings. Féll þá samningurinn úr gildi 3. okt. 1951. Skömmu eftir að landgrunnsl. frá 1948 voru sett, hófust málaferli Breta og Norðmanna fyrir Haag-dómstólnum. Í upphafi varð ljóst og við það miðað, að það mundi Íslendingum mjög hagkvæmt að hafa hliðsjón af úrslitum Haag-málsins. Þó var ákveðið að hefja fyrstu framkvæmdir á grundvelli landgrunnsl. með útgáfu reglugerðar um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, sem var gefin út 22. apríl 1950, þar sem afmarkað var svæði eftir skandinavísku reglunni, þ. e. a. s., að dregin var grunnlína um yztu sker og fyrir mynni flóa og fjarða, en markalínan sjálf var sett 4 mílum utar. Á þessu svæði voru Íslendingum jafnt sem erlendum mönnum bannaðar allar veiðar með botnvörpu og dragnótum og Íslendingum einum leyfðar síldveiðar. Þegar samningurinn við Breta frá 1901 féll úr gildi 3. okt. 1951, þótti rétt að fresta frekari aðgerðum skv. landgrunnsl., þar

til sýnt væri, hvernig málið horfði við eftir úrslit málaferlanna í Haag. Varð samkomulag um, að viðræður milli Íslendinga og Breta færu fram í ljósi dómsins áður en frekar yrði aðhafzt. Þegar Haag-dómurinn lá fyrir, gerði utanrrh. grein fyrir honum á lokuðum fundi í Alþ., en endanleg ákvörðun um ráðstafanir ríkisstj. hafði, svo sem fyrr segir, ekki verið tekin, þegar þingi var slitið.

Í janúarmánuði s. l. átti ég í umboði íslenzku ríkisstj. viðræðu við brezk stjórnarvöld um málið, svo sem gert hafði verið ráð fyrir. Voru þeir Agnar Kl. Jónsson sendiherra og Hans G. Andersen deildarstjóri viðstaddir þær umr. Var af okkar hendi samin skýrsla um málið að viðræðunum loknum, og fer því ekki á milli mála, hvað þar gerðist. Mér þykir rétt að víkja stuttlega að þessum viðræðum, einnig vegna þess, að nokkur ágreiningur hefur virzt vera milli íslenzku og brezku stjórnarinnar um það, hvað þar hafi farið fram, og vegna þess að eitt íslenzkt dagblað hefur gerzt til þess, svona eins og venjulegt er af þess hálfu, að reyna að styrkja málstað útlendinganna gegn málstað Íslendinga.

Af Breta hálfu var því haldið fram í umr. þessum, að rétt væri, að mál þetta yrði leyst með samkomulagi, en ekki gripið til einhliða ráðstafana. Var sérstaklega á það bent, að tryggð væri gildistaka samningsins frá 1946 um möskvastærð o. fl., þar sem einmitt væri gert ráð fyrir ákveðinni n., sem hefði það hlutverk að gera till. um friðunarráðstafanir í sambandi við verndun fiskimiða. Þar væri þess vegna fenginn vettvangur til að ræða slíkar ráðstafanir. Þá gæti og vel komið til mála, sögðu Bretar, að Íslendingar og Bretar semdu sín á milli um ný fiskveiðatakmörk við strendur Íslands, en taka yrði tillit til þess, að hér væri um hagsmuni beggja að ræða; liti fiskimálarn. Breta svo á, að Haagdómurinn fæli ekki í sér nein sérstök friðindi Íslendingum til handa, og bentu fulltrúar Breta á, að einhliða ákvarðanir í þessum efnum mundu mælast mjög illa fyrir í Bretlandi og gætu leitt til gagnráðstafana. Ýmislegt fleira kom fram af hálfu Breta í þessum viðræðum.

Það yrði nú að sjálfsögðu of langt mál að skýra hér frá öllu því, sem fram kom af hendi Íslendinga í þessum viðræðum. En mér þykir rétt að drepa á nokkur aðalatriði, og þá er gleggst að vitna beinlínis í þá skýrslu, sem ég áður nefndi og samin var að loknum viðræðunum af okkur Íslendingunum. Þar segir m. a.:

„Ég svaraði þessari ræðu (þ. e. a. s. Bretanna) á þá lund, að ég teldi, að það mundi skýra línurnar, að ég segði þegar afdráttarlaust frá því, hvert væri álit Íslendinga á málinu. Las ég nú upp hið stutta plagg, sem við höfðum samið áður en við fórum á fundinn, og er það svo hljóðandi:

„1. Skv. beiðni brezku ríkisstjórnarinnar frestaði íslenzka ríkisstjórnin frekari ráðstöfunum í sambandi við verndun fiskimiðanna, þangað til vitað yrði um úrslit Haag-dómsins.

2. Lögfræðilegir ráðunautar ríkisstj. Íslands, bæði innlendir og erlendir, telja nú, að íslenzku stjórninni sé heimilt að taka upp að minnsta kosti sams konar reglur og Norðmenn. Þetta fyrirkomulag höfðum við Íslendingar einnig áður en samningurinn frá 1901 var gerður, bæði að því er varðar grunnlínur og 4 mílna fjarlægð frá þeim.

3. Íslendingar eru nú að undirbúa ráðstafanir sínar á þessum grundvelli.“

Ég tók síðan fram, að það væri skoðun íslenzku stjórnarinnar, að frá þessu væri hvorki réttmætt né mögulegt að víkja, og yrði þá að reyna á það, hvað af því leiddi. Varðandi hugsanlegar refsiaðgerðir benti ég þá þegar á, að frá íslenzku sjónarmiði yrði talið óskiljanlegt, að það sætti sérstökum refsiaðgerðum af hendi Breta, að Íslendingar hagnýttu sér löglegan og í rauninni tildæmdan rétt, sem þeir gætu ekki án verið, enda þótt af því leiddi, að Bretar yrðu að hætta að hagnýta sér friðindi, sem þeim væru til framdráttar, en þeir hefðu ekki löglegan rétt til að notfæra sér.“ — Þetta er nú orðrétt upp úr skýrslunni.

Um refsiaðgerðirnar sagði ég enn fremur, „að allur heimurinn vissi, að það væri brezka ríkisstj., sem réði í Bretlandi, en ekki ofstopafullir málsvarar einhverra þröngra sérhagsmuna.“ Og um þörf Íslendinga og rétt í þessum efnum sagði ég einnig, að „Íslendingar ættu löglegan rétt til að víkka landhelgina og engin stjórn gæti leyft sér að hagnýta ekki þann rétt til hins ýtrasta. Það væri sannleikur, að Íslendingar gætu ekki lifað í landi sínu, nema þeir losnuðu við hinn örlagaríka ágang erlendra fiskiskipa á íslenzkum fiskimiðum. Sem dæmi um afleiðingu þessa ágangs vildi ég aðeins nefna, að í Faxaflóa — en þar væru nú aðalfiskimið Íslendinga — hefði meðalafli í veiðiferð vélbáta árið 1949 verið 7.1 tonn, á árinu 1950 6.1 tonn og á árinu 1951 5.3 tonn. Þessi afli hefði fyrst eftir stríðið verið allt upp í 14 tonn. Það væri augljóst af þessu og allri annarri reynslu, að fiskimiðin væru að þrjóta vegna ofveiði. Af þessu öllu væri ljóst það, sem ég áður hefði sagt, að ekki aðeins ættu Íslendingar þennan rétt að lögum, heldur gætu þeir alls ekki án hans verið.“ — Þetta er einnig orðrétt upp úr skýrslunni.

Þá tók ég enn fremur fram, að „skv. Haagdómnum væri ljóst, að strandríki væri ætlað einhliða að ákveða landhelgi sína, en auðvitað yrði að gæta þess, að sú ákvörðun væri í samræmi við alþjóðarétt.“ Og síðan bætti ég við, að „eins og ég þegar hefði tekið fram, teldu Íslendingar sig eiga rétt til þess sjálfir að ákveða landhelgi sína og að minnsta kosti hagnýta sér sams konar rétt og Norðmönnum var dæmdur.“

Loks tók ég fram, og enn kemur orðrétt, „að samningar um þetta mál kæmu ekki til greina, enda væri ljóst, að ef samið yrði við Breta, yrði einnig að semja við aðrar þjóðir.“

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa skýrslu, en ég get óhikað staðhæft, að í engu var hvikað frá rétti Íslendinga í málinu né heldur farið dult með fyrirhugaðar aðgerðir okkar, en það er rétt, að hin nýja friðunarlína var ekki rædd í einstökum atriðum, því þótt ljóst væri, að Bretar óskuðu þess, var það gagnstætt vilja Íslendinga, sem töldu Haag-dóminn sýna, að þeir hefðu rétt til einhliða ákvörðunar

í þessu efni innan þeirra marka, sem þar eru nánar greind.

Á þessum fundi voru ýtarlega ræddar skoðanir beggja aðila, en það tókst ekki að samrýma þær.

Jafnframt þessu hafði svo málið verið í nánari athugun og hafði m. a. verið rætt við málfærslumenn þá, sem komið höfðu fram fyrir Noregs hönd fyrir Haag-dómstólinn. Síðan var hinn 19. marz 1952 gefin út reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland. Efni hennar er það, að dregin er grunnlína frá yztu annesjum og skerjum og þvert yfir mynni flóa og fjarða, en síðan sjálf markalínan 4 mílum utar. Á þessu svæði eru bannaðar allar botnvörpu- og dragnótaveiðar, jafnt Íslendingum sem útlendingum, útlendingum einnig hvers konar aðrar veiðar. — Þá segir einnig: Atvmrn. getur takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips, ef það telur, að um ofveiði verði ella að ræða, og að sækja verði um leyfi til sumarsíldveiða fyrir Norðurlandi, eins og verið hefur. — Loks eru sett refsiákvæði í samræmi við brbl. um það efni. Reglugerðin er gefin út skv. landgrunnsl. frá 1948 og gekk í gildi 15. maí 1952. Þegar þessi reglugerð var gefin út, eða hinn 19. marz s. l., flutti ég útvarpsræðu um málið. Var hún birt í víðlesnum blöðum landsins, og leyfi ég mér að vísa til hennar um ýmis atriði, sem snerta forsögu málsins, til þess að forðast óþarfa málalengingar.

Síðan reglugerðin var gefin út, hafa orðsendingar farið á milli ríkisstj. Íslands og Bretlands út af henni. Skulu þær nú mjög stuttlega raktar. Jafnframt þykir rétt að geta þess, að mótmæli hafa borizt frá ríkisstj. Belgíu og Hollands. Hinn 2. maí barst orðsending frá brezku ríkisstj. Segir þar, að enda þótt brezka ríkisstj. geri sér grein fyrir þeirri þýðingu, sem fiskveiðar hafi fyrir Íslendinga, og eðlilegt sé, að þeir vilji endurskoða fiskveiðatakmörkin í ljósi Haag-dómsins, þá telji hún mjög miður, að reglugerðin um verndun fiskimiðanna umhverfis landið skuli hafa verið gefin út án þess, að viðræður færu fram um efni hennar við brezku ríkisstj. Um hálfrar aldar skeið hafi brezk skip stundað veiðar á þeim slóðum, sem þeim séu nú bannaðar allar veiðar á, og hefði það því verið í betra samræmi við hina vinsamlegu sambúð landanna, að ekki hefði verið gripið til einhliða ráðstafana, heldur samið um takmörk, þannig að tillit hefði verið tekið til hagsmuna beggja þjóðanna. Jafnframt er að því vikið, að nauðsynlegar ráðstafanir hefði mátt gera sameiginlega skv. möskvastærðarsamningnum frá 1946. Síðar í orðsendingunni er vikið að því, að óheimilt sé fyrir Íslendinga að ákveða fiskveiðatakmörkin 4 mílur frá grunnlínu, Haagdómurinn hafi ekki um það mál fjallað og 3 mílna reglan hafi verið lögfest að alþjóðalögum, áður en samningurinn frá 1901 hafi verið gerður, og hafi samningurinn að því leyti fjallað um staðreynd, sem ekki hefði breytzt, þó að samningnum hefði verið sagt upp. — Að því er snertir grunnlínurnar, sem markaðar eru í reglugerðinni, kveðst brezka ríkisstjórnin skilja, að Íslendingar vilji endurskoða grunnlínu sína í ljósi Haag-dómsins, en hins vegar geti hún ekki fallizt á þá grunnlínu, sem dregin hafi verið yfir Faxaflóa, heldur verði sú lína að dragast frá Garðskaga í Malarrif í samræmi við meginreglur Haag-dómsins. Segir í orðsendingunni, að brezka stjórnin álíti línu þá, sem dregin hafi verið, fara algerlega í bága við alþjóðal., og fer því fram á, að nauðsynlegar leiðréttingar séu gerðar á reglugerðinni til þess að færa hana til samræmis við þau, þ. e. a. s., að línan sé dregin frá Garðskaga í Malarrif og að miðað sé við þrjár mílur frá grunnlínunni. Það er ljóst af orðsendingunni, að brezka ríkisstjórnin hefur ekki talið aðrar grunnlínur samkv. reglugerðinni fara í bága við alþjóðalög, og það má því segja, að viðurkenning Breta hafi þar með verið fengin fyrir því, að hinar grunnlínurnar væru löglegar, t. d. línan yfir Breiðafjörð og lína yfir Firði og flóa norðanlands.

Ríkisstjórn Íslands svaraði hinn 12. maí brezku orðsendingunni frá 2. maí. Efnislega var þar aðallega um þrjú atriði að ræða. Í fyrsta lagi var á það bent, að þegar samningnum frá 1901 var sagt upp, hafi verið samkomulag um, að æskilegt væri fyrir báða aðila, að viðræður færu fram um fyrirætlanir íslenzku ríkisstj. Í samræmi við það hefði atvmrh. átt slíkar viðræður við brezk stjórnarvöld, þar sem ýtarlega hefðu verið raktar skoðanir íslenzku ríkisstj. og berum orðum tekið fram, að ráðstafanir væru í undirbúningi svipaðar þeim, sem Haagdómurinn hefði talið löglegar að því er Noreg snerti. Einnig var sagt, að ráðh. hefði lagt á það mikla áherzlu, að íslenzka ríkisstj. áliti, að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir væru í samræmi við alþjóðalög og ekki væri hægt með milliríkjasamningum að afsala rétti til að taka einhliða ákvarðanir um mestu velferðarmál þjóðarinnar. Segir í orðsendingunni, að það sé því ljóst, að viðræður hafi átt sér stað, enda þótt samningaviðræður hafi ekki farið fram, eins og Bretar vildu.

Í öðru lagi segir í orðsendingunni frá 12. maí, að ríkisstj. telji, að sú grunnlína, sem brezka stjórnin gerði till. um í orðsendingunni frá 2. maí, sé mjög óeðlileg miðað við staðhætti, því að hin eðlilegu takmörk Faxaflóa séu hin yztu mörk hans, þ. e., að norðanverðu á staðnum, sem valinn var, Gáluvíkurtanga, en að sunnan Eldeyjardrangur, sem ásamt Eldey myndi framhald af Reykjanesskaga. Segir, að það sé sannfæring íslenzku ríkisstj., að ákvörðun grunnlínustaðanna hafi fulla stoð í alþjóðalögum.

Í þriðja lagi segir í orðsendingunni frá 12. maí, að það sé skoðun íslenzku ríkisstj., að hin svo nefnda þriggja mílna regla hafi enga stoð í þjóðarétti, og það sé vissulega skoðun íslenzku ríkisstj., að hvert ríki megi sjálft innan sanngjarnra takmarka ákveða víðáttu fiskveiðalögsögu sinnar með hliðsjón af efnahagslegum, landfræðilegum og fiskifræðilegum aðstæðum á staðnum, og að ekki verði sagt, að nýja reglugerðin gangi lengra en þær aðstæður gefa tilefni til, auk þess sem miðað hafi verið við fjórar mílur á Íslandi, áður en samningurinn frá 1901 var gerður. — Enn fremur segir, að þess hafi verið vandlega gætt, að takmörkin væru þegar í upphafi dregin þannig, að ekki væri hægt að

gera sanngjarnar eða réttlátar kröfur um breytingar, og væri það að öllu athuguðu einlæg von íslenzku ríkisstj., að ráðstafanir þær, sem gerðar hefðu verið og gervöll íslenzka þjóðin byggði afkomu sína á, verði ekki til þess að spilla hinni góðu sambúð þjóðanna.

Þessari orðsendingu svaraði brezka ríkisstjórnin 18. júlí. Er þar enn vikið að þeim þremur atriðum, sem áður eru nefnd. Í fyrsta lagi telur brezka ríkisstjórnin, að viðræður þær, sem fram fóru í London milli atvmrh. og fulltrúa brezku ríkisstjórnarinnar, geti ekki talizt hafa verið um efni reglugerðarinnar, því að engar upplýsingar hafi verið gefnar um einstök atriði varðandi hana og neitað hafi verið um samninga, enda þótt brezka ríkisstjórnin gerði till. um það, í því skyni að samkomulag næðist um veiðitakmörk, þar sem tekið yrði, eftir því sem unnt væri, tillit til löglegra hagsmuna beggja aðila. — Í öðru lagi segir, að brezka stjórnin geti ekki fallizt á, að grunnlínan yfir Faxaflóa sé í samræmi við alþjóðalög, heldur fari hún beinlínis í bága við meginreglur Haag-dómsins. Og í þriðja lagi segir, að brezka ríkisstjórnin geti ekki fallizt á þá skoðun, að sú regla, sem lengi hefur verið viðurkennd, að engu ríki sé heimilt að framfylgja kröfu um stærri landhelgi en þrjár mílur, nema það eigi rétt á rýmra svæði vegna hefðar, eigi ekki stoð í þjóðarétti, — segir, að meginreglurnar um þriggja mílna viðáttu landhelginnar hafi verið þáttur almenns þjóðaréttar síðan á 19. öld og það sé alveg ljóst, að engu ríki sé skylt að samþykkja kröfur, sem önnur ríki kunni að gera um veiðitakmörk, aðrar en þær, sem byggjast á lögmætri hefð. Lýsir brezka ríkisstjórnin yfir því, að henni þyki það mjög miður, að íslenzka ríkisstj. skuli ekki vilja gera ráðstafanir til þess að breyta hinni nýju reglugerð þannig, að hún verði í samræmi við reglur þjóðaréttarins. — Loks er gerður fyrirvari um, að hún áskilji sér rétt til skaðabóta frá íslenzku ríkisstjórninni að því er snertir hvers konar afskipti af brezkum fiskiskipum á svæðum, sem hún telji vera á úthafinu.

Íslenzku ríkisstj. fannst þessi síðasta orðsending ekki gefa tilefni til sérstaks svars, þar sem í raun og veru ekkert nýtt kom fram í henni og málinu virtist lokið með því, að Bretar lýstu yfir óánægju sinni og gerðu fyrirvara um hugsanlegar skaðabótakröfur. Ákvað íslenzka ríkisstjórnin því, er hún hafði athugað orðsendinguna, að hún gæfi ekki tilefni til sérstaks svars.

Vegna aðgerða Íslendinga í þessu máli hefur komið upp andúð hjá brezkum togaraeigendum í garð Íslendinga, og gekk hún svo langt, eins og kunnugt er, að útgerðarmenn í Hull og Grimsby gerðu ráðstafanir til að hindra landanir íslenzkra togara í þessum höfnum. Hafa fulltrúar íslenzkra útgerðarmanna nýlega verið í Englandi til að vinna að lausn þessa máls, en ríkisstj. taldi nauðsynlegt að vekja athygli brezku ríkisstjórnarinnar á þessum aðferðum og sendi henni orðsendingu, sem afhent var Anthony Eden utanríkisráðherra persónulega hinn 11. okt. Við það tækifæri var málið allýtarlega rætt við Eden utanríkisráðherra. Í þessari síðustu orðsendingu íslenzku ríkisstj. segir, að í orðsendingu Breta frá 18. júlí séu að vísu mikilvæg atriði, sem ríkisstjórnir landanna greini á um. Í fyrsta lagi telji íslenzka ríkisstj., að viðræður hafi farið fram um meginatriði reglugerðarinnar, áður en hún var gefin út. Í öðru lagi telji Íslendingar grunnlínuna yfir Faxaflóa löglega, og í þriðja lagi sé íslenzka ríkisstjórnin alveg ósammála brezku ríkisstjórninni um, að þriggja mílna landhelgin sé ákveðin af alþjóðalögum, þannig að ekki verði breytt með einhliða ákvörðun. Ekki hafi þó verið ástæða til að gera athugasemdir um þessi atriði í sérstakri orðsendingu, þar sem íslenzka stjórnin hafði áður lýst skoðunum sínum, sem væru óbreyttar. Hefði því verið talið, að frekari orðaskipti, sem jafnóðum væru birt, mundu einungis auka á óánægju á báða bóga. Að vísu hafi brezka stjórnin gert fyrirvara um skaðabætur, en íslenzka ríkisstj. hafi ekki haft neitt við það að athuga, enda þótt hún teldi, að Bretar ættu ekki skaðabótakröfur, þótt reglugerðinni væri framfylgt. Hins vegar hefði virzt koma fram viðurkenning á því, með fyrirvaranum eða með fyrirvaragerðinni, að ef úr deilu yrði, bæri að ráða henni til lykta á lögformlegan hátt, svo sem tíðkast milli þeirra einstaklinga og þjóða, sem hafa lög og reglur í heiðri, og hefðu Íslendingar vonað, að ekki kæmi til slíkrar deilu og að Bretar mundu að athuguðu máli fallast á skoðanir Íslendinga í þessum efnum. Því meiri hefðu vonbrigði íslenzku ríkisstj. orðið, þegar það virtist staðreynd, að brezkir útgerðarmenn ætluðu að taka lögin í sínar eigin hendur og beita útilokun við Íslendinga til að knýja fram vilja sinn. Segir, að skiljanlegt væri, að slíkum harðræðum væri beitt, ef Íslendingar vildu ekki hlíta löglegum aðgerðum um lausn deilunnar. Það hefðum við hins vegar ekki gert. Íslendingar hefðu í raun og veru ekki gert annað en að beita alþjóðalögum, svo sem þeir skilja þau, til að vernda hagsmuni sína. Hitt yrði að teljast óvinsamlegur verknaður, ef utan laga og réttar ætti að beita svo harkalegum ráðum sem útilokun frá mörkuðum, til að reyna að neyða Íslendinga frá því að fylgja fram því, sem þeir telja rétt sinn. Segir síðan í orðsendingunni orðrétt á þessa leið: „Er áreiðanlegt, að þótt það bitni hart á mörgum, munu allir Íslendingar sameinast um að standa þá atlögu af sér.“ Í orðsendingunni er bent á, að viðskipti Breta og Íslendinga hafi verið þeim hagstæð og að landið hafi haft mikla þýðingu fyrir Breta í sambandi við varnir þeirra. Þá er bent á, að bann á togveiðum á hinum umdeildu miðum bitnar ekki síður á Íslendingum en Bretum, og segir loks, að íslenzka ríkisstjórnin treysti því í lengstu lög, að vinsemd brezku stjórnarinnar endist til að fallast á sjónarmið íslenzku stjórnarinnar og að hún a. m. k. komi í veg fyrir, að kúgunaraðferðum verði beitt í þessu lífsspursmáli Íslendinga. — Við þessari orðsendingu hefur enn þá ekkert svar borizt, en sendiherra Íslands í London hefur rætt við utanrrh. Breta um refsiaðgerðir brezkra útgerðarmanna. Þær viðræður hafa enn ekki leitt til endanlegrar niðurstöðu, og ég treysti mér ekki á þessu stigi málsins að segja neitt með vissu um horfurnar. Hér hefur risið viðkvæmt vandamál milli vinaþjóða. Ég leyfi mér að mæl-

ast til þess, að enginn þm. gerist ber að því að reyna að nota það til þess að veikja gömul vináttubönd milli Íslendinga og Breta. Slíkt sæmir ekki. Að hinu ber að stefna, að halda fullu vinfengi við Breta, en hvika þó í engu frá rétti Íslendinga, hvað sem á dynur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta miklu fleiri orðum, enda hefur málstaður Íslendinga verið vel skýrður og sterkum rökum studdur í orðsendingu utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands. Það er ekki orðmælgi á Alþ., sem þjóð og þing krefst af ríkisstjórn Íslands í þessu máli, en það er málinu sjálfu og öllum aðilum þess fyrir beztu, að ekki sé farið dult með þá staðreynd, að núverandi ríkisstjórn Íslands mun halda fast á málstað Íslendinga. Ef henta þykir, mun stjórnin ekki hika við að flytja mál sitt með fullri einurð á sérhverjum erlendum vettvangi, þar sem rödd Íslands heyrist. Stjórnin mun hvergi hopa, heldur sækja fram til sigurs með öllum löglegum ráðum. Íslendingar munu og aldrei þola neinni ríkisstjórn sinni undanhald í málinu. Rík þjóðarþörf og einhuga þjóðarvilji er slagbrandur fyrir öllum útgöngudyrum til undanhalds í þessu velferðarmáli Íslendinga. — Ég vil svo aðeins leyfa mér, hæstv. forseti, að mælast til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 220).

Frsm. (Pétur Ottesen): Þetta er einnig stjfrv., sem borið er fram til staðfestingar á brbl., sem ríkisstj. gaf út á s. l. sumri. Þessi brbl. voru gefin út í sambandi við hina nýju reglugerð frá 19. marz 1952 um friðun landgrunnsins, og er efni þeirra það eitt, að sektarákvæði þeirra laga, sem í 1. gr. frv. getur, gildi á friðunarsvæðinu eins og það er nú ákveðið. — N. mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 274).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur, eins og sjá má á þskj. 274, lagt til, að frv. það, er hér um ræðir, verði samþ. óbreytt. Það er staðfesting á brbl., útgefnum 19. marz s. l., um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og segir svo í ástæðum hæstv. ríkisstjórnar: „Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna fyrirhugaðra ráðstafana í sambandi við verndun fiskimiða umhverfis Ísland beri brýna nauðsyn til að breyta refsiákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, í því skyni að tryggja samræmi í framkvæmd þessara ráðstafana.“ — Og í 1. gr., eða einu efnisgrein frv., segir svo, að brot á reglum, sem settar verði samkv. 1. gr. þessara laga, varði viðurlögum samkv. ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum. Ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, varðar það 1000—100000 kr. sektum. Það er þessi breyting á sektarákvæðum, sem mér skilst að sé til þess, eins og komizt er að orði í forsendunum, að tryggja samræmi í framkvæmd þeirra ráðstafana, sem stefnt er að og hv. dm., öllum þingheimi og öllum landsmönnum eru vel kunnar.

Ég tel mig ekki þurfa að orðlengja frekar um þetta mál. Það er eitt nauðsynlegt atriði í sambandi við þá sókn á þessu sviði, vernd íslenzkrar landhelgi, sem hafin var með lagasetningu þeirri, er um ræðir, með lögum frá 5. apríl 1948. Að öðru leyti sé ég ekki þörf á frekari skilgreiningu frá hálfu hv. n., nema önnur ástæða gefist til.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er ekki af því, að ég hafi neitt annað um afgreiðslu málsins að segja í þessari hv. d. en það að þakka fyrir góða og fljóta afgreiðslu þess, að ég hef kvatt mér hljóðs. En mér þótti réttara, aðeins vegna þess að þetta mál og málið, sem var hér á dagskrá á undan, 1. mál dagskrárinnar, frv. til l. um breyt. á l. um bann gegn botnvörpuveiðum, standa í sambandi við hinar nýju tilraunir okkar til að friða landhelgina, að láta það koma fram í þessari hv. d., að ég hef leyft mér að láta undir höfuð leggjast að flytja um þetta mál hér í d. skýringar, sem að öðru leyti mætti kannske telja eðlilegar, í trausti þess, að hv. þm. hefðu lesið það, sem um þetta mál hefur birzt, og m. a. þær skýringar, sem ég gaf um það, þegar málið var til 1. umr. í hv. Nd. Ég vil aðeins, að þetta komi fram hér í hv. d. við umræðurnar, en sem sagt hef ekki um það fleiri orð, af þessum ástæðum, sem ég greindi. En

málið er svo stórt, viðurhlutamikið, umfangsríkt, að mér fannst viðfelldnara, að þessi fáu orð yrðu sögð af minni hendi, um leið og það nú fær afgreiðslu við 2. umr. í þessari hv. deild.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekkert við þetta frv. að athuga og ekki heldur við álit og till. hv. sjútvn. En mig langar til í sambandi við þetta mál að leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvmrh., hverjar frekari aðgerðir hæstv. ríkisstj. hefði hugsað sér í þessu máli. Á ég þar við, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsi sér að svara þeim aðgerðum, sem einstök samtök manna í Bretlandi hafa nú með miklum árangri tekið upp til þess að koma í veg fyrir, að íslenzk botnvörpuskip geti selt afla sinn í Bretlandi. Ég vildi því mega beina til hæstv. ráðh. fyrirspurn um það, hvort hæstv. ríkisstj. hefði rætt um það sín á milli eða tekið til athugunar, hvort málið væri nú ekki komið á það stig, að sjálfsagt væri að láta hreyfa því á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem nú situr. — Að vísu eru þær aðgerðir, sem hafðar eru í frammi af brezkum félagasamtökum til þess að koma í veg fyrir löndun á íslenzkum afla í Bretlandi, á engan hátt aðgerðir brezkra stjórnarvalda, en ég hygg, að við höfum við Breta beztu kjara samning, og það er augljóst, að með þeim aðgerðum, sem ríkisstj. þolir, að hafðar séu í frammi í Bretlandi gagnvart okkar skipum, eru ákvæði beztu kjara samningsins gerð að engu. Ég tel alveg víst, að hæstv. ríkisstj. hafi athugað þetta mál frá ýmsum hliðum. Og mér væri þökk á, eins og ég áðan sagði, ef hún sæi sér fært að skýra þessari hv. d. frá því, hvort hún ekki telur, að ástæða sé til að taka nú málið upp á þingi Sameinuðu þjóðanna, gera þar glögga grein fyrir okkar afstöðu og okkar aðstöðu, því að ég þykist þess fullviss, að Bretar eigi erfitt með að sannfæra umheiminn um það, að þeim beri að hegða sér á þann veg við smáþjóð og vinaþjóð um aldaraðir sem þeir nú gera. Mér væri þökk á, ef hæstv. ráðh. gæti gefið upplýsingar um áform og hugleiðingar stjórnarinnar í þessu sambandi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv. vildi ég aðeins leyfa mér að segja það, að auðvitað er það rétt til getið hjá honum, að ríkisstj. hefur mikið hugsað og fjallað um þetta mál. Og ég hygg, að það sé sannmæli, að af þeim mörgu vandamálum, sem ríkisstj. hefur þurft að fjalla um undanfarna mánuði, þá sé nú þetta það, sem hefur verið hvað tímafrekast og einna bezt sinnt af hendi stjórnarinnar. Ég er hins vegar ekki reiðubúinn að gera nú grein fyrir áframhaldandi þróun málsins af hendi ríkisstj., en að gefnu tilefni vil ég þó segja það, að það hefur auðvitað verið fullkomlega til athugunar, — og síðast í morgun, — hvar á erlendum vettvangi við eigum að taka málið upp, og koma þá til greina ekki aðeins Sameinuðu þjóðirnar, heldur og aðrar þær samkundur, þar sem rödd Íslands heyrist. Brezka stjórnin hefur, eins og kunnugt er, haldið því fram, að þessar kúgunartilraunir, — og ég skal nú reyna að hafa hér ekki um það fleiri stóryrði, hvað sem nú hugur minn kann að hafa tilhneigingu til, — þessar kúgunartilraunir brezkra þegna gagnvart Íslendingum, manna, sem hér hafa um langan aldur notið góðs og einskis nema góðs, þær séu enn sem komið er lögmætar og að ríkisstjórn Breta hafi ekki vald til að hindra þær. Við getum í ríkisstj. Íslands haft okkar hugmyndir um aðgerðir og aðgerðaleysi brezku stjórnarinnar í málinu. Það fer vel á því að tala varlega um þau efni og gera sér sem gleggsta grein fyrir hverju orði, sem þar er sagt, því að mælt orð verða þar ekki aftur tekin, og varðar mestu að fylgja málinu fram af fullum hug og fullri einurð, án þess að láta of mikið gæta þar þeirrar óánægju, sem að sjálfsögðu hlýtur að gera vart við sig hjá öllum íslenzkum mönnum út af þessu máli.

Ég hygg, að það sé ekki rétt af mér á þessu stigi málsins að segja annað eða meira um þetta, en vænti þá líka, að hv. þm. sjái af þessu, að ríkisstj. hefur fullan hug á að láta ekki sinn hlut að óreyndu og mun raunar ekki hopa í þessu máli, hvaða afleiðingar sem það hefur. Það er aðalsjónarmið málsins. Hitt sjónarmiðið er að rétta okkar hlut, þannig að við getum notið fulls frelsis til að selja okkar vöru í Bretlandi, að svo miklu leyti sem það ekki brýtur í bága við þau réttindi, sem aðrar þjóðir njóta þar, sem sömu kjara eiga að njóta eins og við.

Ég býst við, að ég geti aðeins bætt því einu við, að þess ætti ekki að vera langt að bíða, að íslenzka stjórnin komi sínu máli á framfæri — — ja, ef maður vildi orða það — á áhrifaríkari hátt en verið hefur fram að þessu, og höfum við þó einskis látið ófreistað. En því verðum við að gera okkur grein fyrir, að þó að við höfum frá okkar sjónarmiði lög að mæla í þessum efnum, þá er það hvort tveggja, að aðrir kunna að líta á það öðrum augum, sem hitt, að heimurinn hefur nú um fleira að hugsa en það, hvort smáþjóð á hjara veraldar nýtur síns réttar til hins ýtrasta á þá lund, sem hennar eigin réttlætiskennd telur hana eiga skýlausan rétt á, þ. e. a. s., að það er nokkuð sitt hvað að eiga réttinn og hitt, að fá allan heiminn til þess að veita því nægilega athygli, að við eigum hann, og með því að koma að þeim áhrifum, sem annars vilja nú réttlætinu fylgja, okkur til framdráttar. Menn mega reiða sig á, að ríkisstj. mun gera það, sem hún telur í sínu valdi í þeim efnum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf, svo langt sem það náði, en ekki get ég látið hjá líða að bæta því við, að mér þótti þær ná fullskammt, þar sem ég fékk engin svör við því hjá hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hefði í huga að snúa sér til Sameinuðu þjóðanna og hliðstæðra stofnana í sambandi við þetta mál. Hitt sagði hæstv. ráðh., sem ég veit að er fullkomlega rétt, að stjórnin hefði hugleitt þetta mál og hefði það enn til athugunar og eins hverjar leiðir væru heppilegar til þess að fá úr þessu skorið.

Ég mun ekki bera neina till. fram þess efnis að fela ríkisstj. að snúa sér til Sameinuðu þjóðanna að svo stöddu. En ég vildi mega vænta

þess, að áður en þessu þingi lýkur, þá gæti hæstv. ríkisstj. séð sér fært að gefa þinginu skýrslu um það, hvað hún hyggst fyrir í málinu. Þegar Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum og gerðist þátttakandi í ýmsum greinum af starfsemi þeirra, þá var það álit mitt, og ég held þm. allra án undantekningar, að einn stærsti vinningurinn, stærsti kosturinn við þátttökuna í þessum samtökum væri sá, að þar væri fenginn vettvangur, þar sem við gætum komið þeim málum okkar á framfæri, sem snertu viðskipti okkar, lífsnauðsynleg og þýðingarmikil viðskipti og samskipti við aðrar þjóðir. Og ég er þeirrar skoðunar enn. — Ég fæ ekki betur séð, ef brezk stjórnarvöld láta aðgerðir togaraeigenda í Bretlandi halda áfram, án þess að hreyfa þar hönd eða fót, en að þá verði rétt að álykta, að þær aðgerðir séu í frammi hafðar með vitund og þegjandi samþykki brezkra stjórnarvalda. Og að minnsta kosti er það víst, eins og ég áðan sagði, að afleiðing þessara aðgerða hlýtur að verða sú, að við njótum ekki beztu kjara sem viðskiptaþjóð hjá Bretum.

Hæstv. ráðh. sagði alveg réttilega, að það væri sitt hvað að eiga réttinn og vita sjálfir, að við ættum hann. Það væri annar þáttur málsins ekki minna áríðandi, og hann væri sá að sýna heiminum, sýna öðrum þjóðum fram á, að við hefðum rétt fyrir okkur. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. í þessu efni, og kem ég þá aftur að því, sem ég fyrst sagði, að einmitt sá vettvangur, sem eðlilegastur og sjálfsagðastur er til þess að sýna öðrum þjóðum fram á, hver er okkar réttur, og sannfæra þær um, að við förum í engu lengra en lög standa til og alþjóðaréttur, það er einmitt að taka málið upp á samkomu Sameinuðu þjóðanna og í þeim n., sem starfa á þeirra vegum. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, þar til annað kemur fram, að hæstv. ríkisstj. athugi þetta gaumgæfilega og sjái sér fært að láta Alþingi vita um fyrirætlanir sínar í þessum efnum, áður en þing fer heim, þannig að alþm. eigi þess kost að bera fram þær ábendingar í því sambandi, sem þeir telja nauðsynlegar.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég var nú að seilast til að ná í þessa prentuðu ræðu. Ég vil í tilefni af því, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur sagt um málið, leyfa mér að endurtaka hér aðeins örfá niðurlagsorð úr þeirri ræðu, sem ég flutti um málið við 1. umr. þess í hv. Nd., en lokaorð ræðunnar voru þessi:

„Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál miklu fleiri orðum, enda hefur málstaður Íslendinga verið vel skýrður og sterkum rökum studdur í orðsendingu utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands. Það er ekki orðmælgi á Alþingi, sem þjóð og þing krefst af ríkisstj. Íslands í þessu máli, en það er málinu sjálfu og öllum aðilum þess fyrir beztu, að ekki sé farið dult með þá staðreynd, að núverandi ríkisstj. mun halda fast á málstað Íslendinga. Ef henta þykir, mun stjórnin ekki hika við að flytja mál sitt með fullri einurð á sérhverjum erlendum vettvangi, þar sem rödd Íslands heyrist. Stjórnin mun hvergi hopa, heldur sækja fram til sigurs með öllum löglegum ráðum. Íslendingar munu og aldrei þola neinni ríkisstj. sinni undanhald í málinu. Rík þjóðarþörf og einhuga þjóðarvilji er slagbrandur fyrir öllum útgöngudyrum til undanhalds í þessu velferðarmáli Íslendinga."

Þetta er það, sem stjórnin sagði um þetta mál við 1. umr. þess í Nd., og það fylgdi fullur hugur máli. Ég endurtek það, sem ég áður sagði, að það er réttara að rasa ekki um ráð fram, og sérstaklega er full ástæða til þess af ríkisstj. að hafa ekki í frammi fullyrðingar, fyrr en hún hefur grandskoðað málið. En ég vil út af orðum hv. 4. þm. Reykv. enn taka fram, að meðal þeirra úrræða, sem stjórnin er að athuga, er ekki aðeins vettvangur Sameinuðu þjóðanna til áframhaldandi umr. um þetta mál, heldur koma þar til greina aðrar stofnanir og kannske engu síður. Ef það er rétt, sem hv. þm. segir, að hér sé um brot á samningum að ræða gagnvart Íslendingum, þá væri eðlilegur vettvangur, að Íslendingar stefndu Bretum fyrir Haag-dómstólinn fyrir brot á lögum, svo að ég nefni það. Nú, það er einnig til stofnun, sem heitir Efnahagssamvinna vestrænu þjóðanna og hefur aðsetur í París. Þar er líka full ástæða til að ræða þetta mál. Það er einnig til stofnun, sem heitir Evrópuþingið. Þar er líka vettvangur til að ræða þetta mál. Ég hef ekki handbærar fleiri leiðir til að benda á, sem þó vel gætu komið til greina. Ég veit ekki, hvort brezka stjórnin telur sig hafa athugað það nægilega gaumgæfilega til þess, að við enn þá sjáum framan í, hver er hennar lokavilji í málinu. Og það gæti náttúrlega verið rétt að ganga enn betur úr skugga um það en orðið er. En þegar þær vonir þverra, að þar megi sækja málið til sigurs, þá er um allar þessar leiðir að ræða og ekki síst, vil ég segja, þær leiðir, sem okkur eru opnar einmitt á vettvangi Evrópusamstarfsins, þeim sem ég nú hef greint frá.

Allt þetta lá að baki þeim orðum, sem ég leyfði mér að hafa hér við 1. umr. þessa máls, og voru það ekki aðeins mínar hugleiðingar, heldur það, sem mér var vel kunnugt um, að öll hæstv. ríkisstj. stóð á bak við. — Vona ég, að hv. þm. telji nú, að ég hafi þá nokkuð greinilega svarað því, sem hann hefur um spurt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiðrétta fyrir hæstv. forseta, að ég sagði ekki, að Bretar hefðu brotið samninga við okkur um beztu kjara viðskipti, heldur að með þessum aðgerðum væru ákvæði þessa samnings að engu gerð, með þeim aðgerðum, sem togaraútgerðarmenn í Bretlandi hafa í frammi og er til lengdar lætur varla verður annað ætlað en séu gerðar með vitund og þegjandi samþykki brezkra stjórnarvalda, ef það verður framhald á þeim tímum saman.

Ég hef heyrt það, sem hæstv. ráðh. nú sagði um hugleiðingar ríkisstj. í sambandi við, hvar málið ætti að taka upp. Ég get vel fallizt á, að rétt sé að taka það upp á þeim stöðum innan þeirra samtaka, sem hæstv. ráðh. benti á, eftir því sem bezt þykir henta. En það breytir ekki því, að Sameinuðu þjóðirnar eru í sjálfu sér sá eðlilegi og rétti vettvangur í þessu. Og verði þetta mál deilumál þjóðanna í langan tíma, þá hlýtur

að reka að því, að það kemur þangað. En ég vil aðeins endurtaka ósk mína, sem ég flutti hér fyrr, að áður en þessu þingi lýkur, þá geri hæstv. ríkisstj. þinginu grein fyrir nánari ákvörðunum sínum og fyrirætlunum í þessu efni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 294).

---

10. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, hafa margvísleg vandamál spunnizt af síldarleysi undanfarinna 8 ára. Meðal þeirra eru þau vandkvæði, sem hafa stafað af getuleysi útgerðarmanna til að greiða áfallið kaupgjald eftir síldarvertíðina, og á undanförnum árum hefur það getuleysi bitnað þunglega á sjómönnum, sem hlut eiga að máli og auðvitað hafa ekki haft efnalega aðstöðu til að þola þá löngu bið, sem orðið hefur á greiðslum á kaupgjaldi þeirra. Smátt og smátt hefur nú flestum orðið ljós þörfin á því að reyna að ráða bót á þessu, án þess að jafnverulegur dráttur yrði á og verið hefur á undanförnum árum, og að þessu sinni var nú eftir atvikum ráðið skjótt og sæmilega vel fram úr málinu. Ég held það hafi verið með bréfi 9. ágúst, sem L. Í. Ú., stjórn síldarverksmiðja ríkisins og síldarútvegsnefnd skrifuðu atvmrn. og leiddu athygli að þessu vandamáli, sem að sjálfsögðu þá einnig var kunnugt rn., og gerðu um það ýmsar tillögur, hvernig fram úr skyldi ráða. Ég var nú að vísu sjálfur um þær mundir ekki heill heilsu, en gat þó haft símleiðis samband við skrifstofustjórann í mínu rn., og eftir að hann hafði talað um málið bæði við stjórn hlutatryggingasjóðsins og þá fyrst og fremst formann hennar, Davíð Ólafsson fiskimálastjóra, og einnig ýtarlegast við fjmrh. og fjmrn., þá varð að ráði að leysa málið á þeim grundvelli, sem kunnugt er og ég held að ég geri stytzt grein fyrir með því aðeins að leyfa mér að lesa hér upp örstutt bréf frá rn. til hlutatryggingasjóðs, en það sýnir efni málsins í aðalatriðum. Það bréf er dagsett 11 dögum eftir að fyrra bréfið, sem ég gat um, er dagsett, en það er skemmra á milli frá því okkur barst hið fyrrnefnda bréf og þar til þetta bréf var ritað. Bréfið er frá atvmrn. til stjórnar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins og hljóðar svo:

„Ráðuneytið skírskotar til samtala við stjórn hlutatryggingasjóðsins um aðstoð við síldarútvegsmenn vegna aflabrests í sumar. Sjóðsstjórnin telur eftir lauslega áætlun, að um 8—8½ millj. kr. þurfi til þess að greiða síldveiðiskipunum, sem veitt hafa með herpinót eða hringnót, þar með taldir togarar, bætur samkv. reglum hlutatryggingasjóðsins. Síldveiðideildin á í reiðufé 2 millj. og 250 þús. kr. auk stofnframlags ríkissjóðs, 2½ millj., en skuldar hins vegar vegna bráðabirgðalána fyrir árið 1950 2½ milljón. Ráðuneytinu er ljóst, að alger vá er fyrir dyrum, ef síldarútvegsmönnum verður ekki veitt aðstoð vegna aflabrestsins, og telur eftir atvikum rétt, að aðstoðin verði veitt samkv. reglum aflatryggingasjóðsins.

Til þess að gera sjóðnum kleift að veita aðstoð, telur ráðuneytið rétt, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar:

1. Samþykki bankanna verði fengið til frestunar á greiðslu afborgana á bráðabirgðalánum frá 1950, og mun ríkissjóður taka að sér að greiða vexti af lánum þessum.

2. Ráðuneytið heimilar stjórn hlutatryggingasjóðs, að hún f. h. síldveiðideildar taki lán hjá hinni almennu fiskveiðadeild allt að 3½ millj. kr. Lán þetta endurgreiðist af tekjum síldveiðideildarinnar, en ríkissjóður mun taka að sér bakábyrgðarlán, þannig að tryggt sé, að hin almenna fiskideild fái lánsupphæðina endurgreidda, þegar á henni þarf að halda til bótagreiðslu. Ríkissjóður mun greiða í vexti 5% af lánsupphæðinni frá lántökudegi. Hér er gert ráð fyrir, að togarar þeir, sem stunduðu síldveiðar síðastliðið sumar, fái bætur á sama hátt og síldveiðiskip í fyrsta flokki."

Ég held, að þetta skýri í aðalefnum það ráð, sem að var hnigið, og eins og ég áðan gat um, þá var þetta gert allt saman í samráði við fjmrn.

Ég skal aðeins geta þess, að það þótti ekki fært að útiloka þá togara, sem síldveiðar höfðu stundað, frá bótum úr hlutatryggingasjóðnum, enda ekki réttlátt, þó að hin almennu ákvæði hlutatryggingasjóðs eða aflatryggingasjóðs nái ekki til togara, því að togararnir eru náttúrlega, þegar þeir eru við síldveiðar, fyrst og fremst eins og önnur síldveiðiskip. Auk þess áttu hér aðallega hlut að máli skip, sem ríkissjóður hefur nú að nokkru leyti hvort eð er á sínum herðum, og það réð nokkuð sjónarmiðinu einnig til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar. Ég vil aðeins segja frá því, að þessar ráðstafanir hafa að því leyti komið að góðu gagni, að menn hafa fengið úrlausn vandamálanna, sem hafa þjakað fjölda sjómanna mán-

uðum saman, og oft raunar hefur nú endirinn orðið sá, að nokkur og ekki eðlilegur hluti af kaupgjaldi sjómanna hefur orðið eftir í vasa málfærslumanna, sem meira hafa nú litið á sinn hag en sjómannanna og tekið að sér innheimtur á þessum kröfum þeirra á útgerðina.

Ég held þess vegna, að það hafi eftir atvikum verið vel ráðið fram úr þessum brýnu þörfum, en að vísu — og það er rétt, að menn geri sér það ljóst — vekur allt þetta mál athygli á því, að hlutatryggingasjóðurinn stendur enn ekki svo traustum fótum sem þörf er á og allir, sem að þessu máli hafa unnið og staðið, en það er sjálfsagt yfirgnæfandi meiri hluti alls Alþ., mundu óska eftir. Það er þess vegna til athugunar einnig í þessu sambandi, hvort mönnum þykir ekki nú alveg óhjákvæmilegt að gera nýjar tillögur um auknar tekjur fyrir þennan sjóð. Ég hef nú ekki viljað á þessu stigi málsins bera fram um það till., en ég beini því til n., sem fær málið til meðferðar, að taka einnig þá hlið málsins til athugunar. — Ég leyfi mér svo, herra forseti, að mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 130).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar brbl. frá 20. ágúst s. l., um breyt. á l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Í frv. felast þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi, að heimilt sé að skerða stofnfé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðsins á árinu 1952 þrátt fyrir ákvæði l. um, að þetta stofnfé megi ekki skerða. Í öðru lagi, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, sem síldveiðideildin tekur hjá hinni almennu fiskideild sjóðsins, og sömuleiðis að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum deildarinnar. Í þriðja lagi, að togarar, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1952, njóti bóta úr sjóðnum, en skv. l. er svo til ætlazt, að sjóðurinn greiði eingöngu bætur til bátaflotans, enda eingöngu greitt í sjóðinn af þeim afurðum, sem hann aflar. — Þessu til viðbótar, sem ég nú hef sagt, má taka það fram, að á árinu 1950 var með sérstökum l. veitt heimild til þess að skerða stofnfé síldveiðideildarinnar. Þetta stofnfé er að upphæð 2.5 millj. kr. Það kom ekki til þess á árinu 1950, að stofnféð yrði skert, heldur var sú leið farin, að sjóðurinn tók lán til greiðslu bóta, sem staðið hefur síðan, að því leyti sem hann notaði ekki sínar eigin tekjur til að greiða bæturnar. Þess vegna var það svo nú, þegar til mála kom að greiða bætur eftir sumarsíldveiðarnar 1952, að þetta stofnfé var enn fyrir hendi, og þurfti því sérstaka heimild til þess að skerða það. Það fé, sem nú hefur verið notað til þess að greiða bætur vegna sumarsíldveiðanna í ár, er samtals 6.4 millj. kr., skv. upplýsingum, sem n. hefur fengið hjá stjórn sjóðsins um það efni. Sú upphæð er þannig fengin, að það er fyrst og fremst stofnfé deildarinnar, 2.5 millj., sem nú verður notað, og þar að auki nokkrar tekjur, sem deildinni höfðu safnazt síðan 1950, og svo í þriðja lagi lán, sem stjórn sjóðsins hefur tekið með ábyrgð ríkisins skv. brbl., en ég skal taka það fram, að skv. þessum sömu upplýsingum hefur 4 millj. kr. heimildin ekki verið notuð nema að nokkru leyti. Lánin, sem síldveiðideildin hefur tekið 1950 og aftur 1952, eru nú samtals um 4 millj. kr., og af þeirri upphæð á ríkissjóður að greiða vexti samkvæmt því, sem segir í þessu frv.

Sjútvn. hefur haft frv. til athugunar og borið það saman við brbl., sem gefin voru út 20. ágúst s. l., og að lokinni þessari athugun leggur hún til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 273).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. frá 20. ágúst s. l., um breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Tilefni þeirra brbl. var aflabresturinn á síldveiðunum, og ég ætla, að hv. þdm. sé fullkunnugt um efni þeirra. — Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. og afgr. þar án breytinga. Sjútvn. þessarar d. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 295).

---

11. Búnaðarbanki Íslands (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í umræðum þeim, sem fram fóru hér í hv. Sþ. í gær um fjárlfrv., var gerð nokkur grein fyrir þessu máli og einnig allmikil grg. í aths. við lagafrv. Ég leyfi mér að vísa til þessa og vil ekki endurtaka það, sem áður hefur komið fram um málið, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn. að afloknni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 97 og 106, 74).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur athugað þetta frv., eins og henni var falið. Nm. eru samþykkir því, að sú lántökuheimild, sem gert er ráð fyrir í frv., verði veitt. Er þess að vænta, að unnt verði að fá þetta lán, sem frv. gerir ráð fyrir handa stofnlánadeildum Búnaðarbankans, þar sem það verður að teljast mjög þýðingarmikið, að Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður geti haldið áfram að veita lán til ræktunar og bygginga í sveitum. — Komið hefur fram brtt. við frv. á þskj. 74, og var hún einnig athuguð í n. Meiri hl. n., sem hefur gefið út nál. á þskj. 97, telur sér ekki fært að fallast á þessa brtt., þar sem hún mundi hafa í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð, og er það því till. meiri hl., að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 5.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið sammála hv. meiri hl. fjhn. um afgreiðsluna á þessu máli og þess vegna gefið út sérstakt nál. og legg þar til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem felst í till. á þskj. 74, sem borin er fram af hv. 5. landsk. þm.

Það, sem greinir á málefnalega milli mín og meiri hl., er raunverulega eftirfarandi: Svo framarlega sem ríkisstj. er heimilað að taka lánið með þeim hætti, sem lagt er til í frv. stj., og lána það aftur með sömu kjörum og hún tæki það, þá mætti ætla, ef um samsvarandi lánskjör yrði að ræða eins og síðast, t. d. þegar tekið var lán hjá Alþjóðabankanum, að slík lán yrðu til t. d. 20 ára og a. m. k. með 4½% vöxtum, eða ef ríkisstj. síðar endurlánar Búnaðarbankanum með þessum sömu kjörum, þá þýðir það, að þessar deildir Búnaðarbankans, Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður, verða að lána þetta fé aftur út, Ræktunarsjóðurinn til 20 ára með 2½% vöxtum og Byggingarsjóðurinn til 42 ára með 2% vöxtum. Þennan vaxtamismun, sem í þessu felst í fyrsta lagi, yrðu þá þessir sjóðir að greiða, og það gengi aftur út yfir möguleika þessara sjóða til þess að veita fé að láni. Enn fremur hvað Byggingarsjóð snertir, sem lánar út til 42 ára, en fær að láni til 20 ára, þá skapar þetta náttúrlega á vissu tímabili mjög mikil vandræði í lánastarfsemi hans. Ég álít eðlilegt, að meðan ríkið með lögum fyrirskipar Búnaðarbankanum að lána fé sitt út með 2½% vöxtum og með 2% vöxtum og ýmist til 20 ára eða til 42 ára, þegar þessir tveir sjóðir eiga í hlut, þá verði það sama ríki sem tekur sér vald til að fyrirskipa þessa útlánastarfsemi með þessum kjörum að bera tjónið af því að lána með kjörum, sem eru orðin svona óeðlileg með tilliti til hins svo kallaða frjálsa lánsfjármarkaðar. Svo fremi sem ríkið breytir þarna út af og lánar sjálft þessum sjóðum með miklu verri kjörum en þeir eiga að lána út, þá er ríkið að kippa grundvellinum undan þeirri starfsemi þessara sjóða, sem þeir hafa haft með höndum fram að þessu, því að það mun þá varla líða á mjög löngu, ekki sízt með þessum vaxandi kröfum um, að allt eigi að vera fjármálalega og ákaflega heilbrigt og allt eigi að bera sig eins og kallað er, — það mun þá varla líða á löngu þangað til það koma fram brtt. um að hækka vextina frá Ræktunarsjóðnum og frá Byggingarsjóðnum út til bænda. Ég vil minna hv. þm. á, að það voru á síðasta þingi hækkaðir vextir, sem Alþ. hafði áður með lögum fyrirskipað að skyldu vera 2½%, upp í 5½%, og það er stór hætta á, að það yrði fyrr eða síðar farið inn á sömu brautina viðvíkjandi Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði, ef það á að lána þessum sjóðum fé, sem þeir eiga að nota til starfsemi sinnar, með 4½% eða jafnvel með hærri vöxtum. Ég held þess vegna, að ef á að svipta Ræktunarsjóð og Byggingarsjóð, eins og raunar ýmsa aðra sjóði lands okkar, sem eiga að hjálpa til þess að byggja landið upp, þeim raunverulegu möguleikum til þess að lána út með 2½% vöxtum, þá fari svo, áður en langt um líður, að vextirnir verði hækkaðir og þar með grundvellinum kippt undan þeirri þjóðþrifastarfsemi, sem þessir sjóðir hafa með höndum, því að hvorki landbúnaðurinn né raforkuframkvæmdirnar né verkamannabústaðirnir og aðrar slíkar nauðsynjaframkvæmdir á Íslandi bera til lengdar þá háu vexti, sem nú er verið að reyna að innleiða. Ef

ríkið þess vegna viðurkennir, að það sé nauðsynlegt að halda því, sem upphaflega var ákveðið um útlánsvexti Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs, þá á ríkið þess vegna að lána þessum sjóðum með sömu vöxtum og ætlazt er til að þeir láni út á, en ekki með tvöfalt hærri vöxtum, og ég álít þess vegna, að Alþ. eigi að láta í ljós vilja sinn nú um það, að það sé ríkið, sem tekur á sig kostnaðinn af þessum vaxtamismun, en að því sé ekki skellt yfir á þessa sjóði. Það er þess vegna þannig, að það er ríkið, sem tekur lán, og það er ríkið, sem ræður þeirri lánsfjárstarfsemi, sem gerir það að verkum, að tekið er lán með svona háum vöxtum, og það á þess vegna að láta þennan mun lenda á ríkinu sjálfu. Og ég vil alvarlega vara þá við, sem núna hefðu annars tilhneigingu til að greiða atkv. móti brtt. á þskj. 74, að afleiðingin af því að fella hana er ég hræddur um að yrði sú innan ekki langs tíma, að útlánsvextir frá Ræktunarsjóðnum og Byggingarsjóðnum yrðu hækkaðir. Það er þess vegna till. mín, að þetta frv. sé ekki afgr. óbreytt, eins og hv. meiri hl. leggur til, heldur afgr. þannig breytt, að samþ. sé till. á þskj. 74, sem mælir svo fyrir, að lánið skuli endurlána þessum sjóðum Búnaðarbankans með sömu kjörum og lögum samkvæmt gilda um útlán þessara sjóða.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af þessari brtt. á þskj. 74, þó að það þurfi ekki að vera mikið, vegna þess að hv. 2. þm. Reykv. hefur þegar gert vel grein fyrir henni. Ég ætla aðeins að undirstrika það, sem hann var að tala um, hvert stefnir, ef haldið verður áfram að láta Búnaðarbankann fá það fjármagn, sem hann hefur til umráða, með mun lakari kjörum en hann þarf að lána það út. Nú er því t. d. þannig varið, að lán úr Byggingarsjóðnum þarf að lána út til 42 ára, en þau lán, sem Búnaðarbankinn hefur fengið undanfarin ár, sem hafa verið þrjú, þ. e. lán af gengishagnaði bankanna samkv. gengisskráningarlögunum, lán til Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 og sömuleiðis hið erlenda lán, sem tekið er á þessu ári samkv. sérstökum l. frá Alþ., þau eru öll lánuð bankanum með miklu lakari kjörum en hann þarf að lána þau út; þau eru lánuð yfirleitt til 20 ára, en verulegan hluta þeirra þarf hann að lána út aftur til 42 ára. Það er ómögulegt að reka bankastarfsemi á þennan hátt. — Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það hlýtur hver maður að sjá, sem athugar það, að það verður að breyta til frá þessu fyrirkomulagi og hætta að láta Búnaðarbankann fá það fé, sem hann fær til útlána, með svo miklu lakari kjörum en hann er skyldugur lögum samkvæmt að lána það út aftur.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég verð nú að lýsa því yfir, að ég tel það mjög þýðingarmikið fyrir bændastéttina, að ekki einasta þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., heldur og að þessi lántaka verði framkvæmd. Og ég ber fullt traust til hæstv. ríkisstj. um það, að hún sæti svo góðum kjörum um þessa lántöku sem völ er á.

Varðandi vaxtaspursmálið, sem hér hefur verið gert að umræðuefni, þá tel ég óþarft að setja það í samband við þessa lántöku, því að það er lagaatriði, og hingað til hafa ekki verið hækkaðir neitt vextir í þessum sjóðum Búnaðarbankans, enda þótt aðrir vextir í landinu hafi verið hækkaðir. Þá er ekki hægt að hækka nema með lagabreytingu. — Það vandamál, sem hér hefur verið gert að umræðuefni af tveim síðustu ræðumönnum, að þetta verði bankanum ekki til lengdar fært, það er vandamál, sem ég vil ekki setja í samband við þessa lántöku, en fyrr eða síðar náttúrlega kemur til athugunar að öðru leyti í sambandi við rekstur bankans. Ég vil taka þetta fram, að með þessum fyrirvara mun ég greiða atkv. alveg hiklaust gegn þessari till., því að ég vil ekki setja þetta mál neitt í samband við þá lánsheimild, sem hér er verið að fara fram á.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Hv. þm. A-Húnv. var að tala um, að hann vildi ekki setja ákvæðin um endurlánin í samband við þetta frv., sem hérna væri til umræðu. Ákvæðin um endurlánin eru ákveðin með þessu frv. Þetta frv. er um tvennt, eins og það kemur fyrir frá ríkisstj., þ. e. annars vegar um að taka lánið erlendis, hins vegar um að endurlána það til Byggingarsjóðsins og Ræktunarsjóðsins með sömu kjörum og það sé tekið, og það má ganga út frá því, að þrátt fyrir kannske mjög góða viðleitni ríkisstj. fái hún ekki lægri vexti en 4½—5%, þannig að þá er ákveðið með þessu frv. ríkisstj., að það skuli lána til þessara sjóða með 4½% eða 5% vöxtum, en þessir sjóðir skuli lána það út aftur með 2% og 2½% vöxtum og hvað snertir annan sjóðinn, sem sé Byggingarsjóðinn, til helmingi lengri tíma en það er tekið. Þess vegna er um það að ræða í sambandi við þetta mál nú að ákveða kjörin, sem féð skuli endurlánast með til þessara tveggja sjóða. Það er núna, sem liggur fyrir að taka ákvarðanir um það, og okkar till. er, að þegar ríkið endurlánar, skuli það lána með sömu kjörum og það uppáleggur Byggingarsjóðnum og Ræktunarsjóðnum að lána aftur út fyrir. Það þýðir ekki í raun og veru að skjóta sér fram hjá því að taka ákvörðun um afstöðu viðvíkjandi þessum kjörum núna. Það er alveg gefið mál, að það að skylda Byggingarsjóðinn og Ræktunarsjóðinn til að lána út með helmingi verri kjörum en hann fær lánið þýðir að draga úr starfsemi þessara sjóða. Það er ómögulegt að koma sér undan því, það þýðir að draga úr starfsemi þessara sjóða, það þýðir að minnka þau lán, og það þýðir lítið fyrir menn að vera að koma með till. um aukin lán til landbúnaðarins og annað slíkt og betri lánskjör, ef menn á sama tíma ætla með því að samþykkja þetta stjfrv. óbreytt og stuðla að því, að það verði dregið úr lánunum og kjörin fyrr eða síðar rýrð.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Þeir ræðumenn, sem um þetta mál hafa talað, þ. e. a. s. hv. 2. þm. Reykv., sem er frsm. minni hl. fjhn., og hv. 5. landsk. þm., hafa látið alveg hjá líða í þessum umr. að vekja athygli á því, að bæði Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður fá nú töluverð framlög frá ríkinu ár hvert, sem þessir sjóðir þurfa ekki að end-

urgreiða, og hafa því meiri möguleika en ella mundi til þess að taka á sig nokkurn vaxtahalla. Ef hins vegar kæmi í ljós, að það væri óhjákvæmilegt að veita þessum sjóðum meiri fjárhagslegan stuðning, til þess að þeir gætu gegnt þeim hlutverkum, sem þeim eru ætluð, heldur en nú er gert, og menn vildu gera till. um slíkt, þá væri vitanlega æskilegt, að það fylgdi með, hvernig ætti að afla fjár til þessa eins og annars, sem ríkið þarf að greiða. Þessir hv. þm. hafa hins vegar ekki gert neina grein fyrir því, með hverjum hætti ríkið eigi að afla fjár til að greiða þennan vaxtamun, og var þess kannske raunar naumast að vænta frá þeim heldur, að slíkar till. kæmu fram, en þó er það svo, að þetta þarf að fylgjast að.

Eins og ég hef áður sagt, þá telur meiri hl. n. ekki rétt að svo stöddu að ákveða það, að ríkið taki á sig þennan vaxtamun, og væntir þess, að d. geti á það fallizt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það var ræða hv. þm. V-Húnv., sem kom mér til þess að biðja um orðið aftur, og skal ég gera lítið eitt frekar grein fyrir þessu máli. — Hann vildi verja afstöðu meiri hl. n. með því, að bæði Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður fengju nokkurt árlegt framlag frá ríkinu, sem þyrfti ekki að endurgreiða. Þetta er rétt. Þegar lögin um þá sjóði voru samþ. á Alþingi, þá var svo ákveðið, að þeir skyldu fá það fasta framlag um 10 ára bil, hvor sjóður. Nú eru liðin 6 ár af þeim tíma. En það var einnig gert ráð fyrir í l. þá, að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir þá þegar til þess að afla þeim meira stofnfjár, og var gert ráð fyrir, að það yrði gert að sumu leyti með útgáfu bankavaxtabréfa, og að öðru leyti, hvað snertir Ræktunarsjóðinn, þá var svo ákveðið í 8. gr. l. um hann, að seðladeild Landsbankans væri skyldug til að lána honum 10 millj. kr., ef ríkisstj. óskaði þess, og skyldi það greiðast aftur á 20 árum með 1½% vöxtum. Þessari skyldu hefur aldrei verið fullnægt, hvort sem það er fyrir það, að engin þeirra ríkisstjórna, sem hefur farið með völd síðan 1947, er l. voru samþykkt, hafi óskað þess, eða hitt, að Landsbankinn hafi ekki viljað leggja fram þessa upphæð. Þetta skal ég láta ósagt, en staðreynd sú liggur fyrir, að þessari skyldu, sem búin er að vera í lögum í 5 ár, er ófullnægt enn þá, og afleiðingin hefur verið sú, að allt það framlag, sem sjóðurinn hefur fengið og átti að fara til þess að greiða vaxtamismun, sem hv. þm. V-Húnv. var að tala um, fór beint til þess að lána út og hefur ekki nærri hrokkið til þess.

Þá skal ég enn fremur benda á það, að gagnvart Byggingarsjóðnum hefur ekki heldur verið gengið inn á þá braut, sem gert var ráð fyrir í l., að afla stofnfjár með útgáfu bankavaxtabréfa, og afleiðingin var sömuleiðis sú gagnvart honum, að hið árlega framlag hefur farið til þess að lána út, í staðinn fyrir að anna því hlutverki, sem það átti að gera, og afleiðingin er svo sú, að sjóðurinn hefur verið meira og minna tómur nú um lengri tíma. Það hefur að vísu verið hlaupið undir bagga af hálfu Alþ. við og við með það að bæta úr allra brýnustu þörfum, þegar komið var í óefni. Þetta var gert með ákvæðunum, sem samþykkt voru í gengisskráningarl., að sjóðir þessir tveir skyldu fá nokkurn hluta af gengishagnaði bankanna; það bætti úr brýnustu þörf í bili. Þegar aftur var komið í þrot, bætti það úr brýnustu þörf í bili, þegar ákveðið var, að sjóðirnir skyldu fá nokkurn hluta af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951, og það er núna aðeins í bili að bæta úr, að á þessu ári hefur fengizt hluti af erlendu láni, sem ríkisstj. hefur verið heimilað með lögum að taka í Alþjóðabankanum, og til þess að bæta úr brýnustu þörf, en þó hefur ekki tekizt enn þá að fá nema 6 millj. í bankann af þeim 16 millj., sem heimilað var að taka.

Enn fremur skal ég benda á það í sambandi við þetta, að þessu síðasta láni, sem tekið er núna á þessu ári, fylgja þau ákvæði frá Alþjóðabankanum, að það má ekki nota það til neinna framkvæmda, sem unnar hafa verið fyrir 1. nóv. 1951, og afleiðingin er sú, að þó að það bæti úr brýnustu þörf, hvað snertir að greiða út lán fyrir framkvæmdir, sem verið er að vinna á þessu ári, þá er bankinn núna í alveg hreinum vandræðum með að lána til vissra framkvæmda, sem búið var að vinna fyrir þennan tíma, fyrir 1. nóv. 1951, og ekki má nota þetta lán til og hann hefur ekkert fé til þess að lána út á.

Hvorugur þeirra hv. þm., sem hafa talað hér fyrir hönd hv. fjhn., hefur neitað því, að það mundi skapa vandræði, áður en langt líður, að bankanum skuli vera gert að skyldu að lána fé út til helmingi lengri tíma en hann þarf til að borga sín eigin lán. Það liggur líka í augum uppi, að slíkt hlýtur að valda vandræðum. En þá var hv. þm. V-Húnv. með aths. um það, að það vantaði gersamlega frá okkur, mér og hv. 2. þm. Reykv., till. um það, hvernig ætti að afla fjár til þess að standa straum af þeim mun, sem verður hér á milli, t. d. þeim vaxtamun, sem um er að ræða hér. Það er rétt, þetta kom ekki fram í minni ræðu, og sennilega ekki heldur í ræðu hv. 2. þm. Reykv. En ég skal núna benda hv. þm. V-Húnv. á þá leið, og ég skal bæta við, að ég mun benda á hana í frv., sem ég mun leggja fram um þessi mál alveg nú á næstunni. Sú leið er að hætta að kalla inn frá bankanum þau lán, sem ríkið hefur lagt honum af fé, sem það hefur fengið í hendur meira af tilviljun en að það hafi verið gert ráð fyrir, að því væru ætlaðar þær tekjur. Ég ætla að benda á það, að gengishagnaður bankanna kom upp í hendur ríkisins vegna ákvæða gengislækkunarl., en alls ekki vegna þess, að með þeim væri beinlínis verið að hugsa um að afla ríkissjóði tekna. Og ég vil enn fremur benda á það, að greiðsluafgangur ríkissjóðs 1951 skapaðist vegna þess, að eftir að fjárlög voru samþykkt fyrir það ár, var stórbreytt um fyrirkomulag á verzluninni, stóraukinn innflutningur með erlendu lánsfé, og það skapaði ríkissjóði miklu meiri tekjur en gert var ráð fyrir áður og mikinn greiðsluafgang. Þetta fé, þessi lán bæði, sem Búnaðarbankinn hefur fengið, bæði af gengishagnaði og greiðsluafgangi, eru þess vegna fengin frá ríkinu af því fé, sem því ber ekki nauðsyn til að innheimta aftur. Þess vegna er það, sem gera þarf í þessu máli, það, að í staðinn fyrir þessi lán, sem Búnaðarbankinn fær og

þarf að lána út, sumt til 20 ára, sumt til 25 ára og sumt til 42 ára, en þarf aftur að greiða ríkinu á 20 árum, þá er það einfaldasta leiðin, að ríkið hætti við að innheimta þessi lán og þeim verði breytt í fast framlag. Það mundi verulega mikið leysa úr þessu vandamáli, sem þessir hv. þm. viðurkenna, að hlýtur að koma til, áður en langt líður, ef svo verður haldið áfram sem nú virðist vera gert, þ. e. að lána bankanum fé með miklu verri kjörum en hann er skyldaður til að lána út aftur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, að í ræðu hv. 2. þm. Reykv. kom það fram, að Búnaðarbankinn mundi eiga erfitt með í framtíðinni að standa undir þeim vaxtamismun og þeim mismun á lengd lána, sem fram kæmi í sambandi við lántöku annars vegar til bankans og hins vegar lánveitingar úr bankanum, en lánveitingar úr bankanum eru í ýmsum dæmum til lengri tíma en lánin, sem tekin eru. Og vextirnir á þeim lánum, sem Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður lána, eru yfirleitt mun lægri en vextir af þeim lánum, sem tekin eru til bankans. Hv. þm. hefur nú sjálfsagt verið ljós þessi vandi nú um nokkurt skeið, eftir að farið var að taka lán til bankans, þannig að það er ekkert nýstárlegt, sem hv. þm. bendir á. Ríkisstj. hefur verið þetta ljóst og er þetta ljóst og er að athuga þessi mál, en ég get ekki um það sagt, hvenær till. hennar um það komi fram.

Síðasti hv. ræðumaður, 5. landsk. þm., sagði, að það væri til í þessu ein leið, sem manni skildist, að hann hefði uppgötvað; hún væri sú að gera ráðstafanir til þess, að Búnaðarbankinn þurfi ekki að borga ríkissjóði til baka vexti eða afborganir af þeim lánum, sem ríkissjóður hefur sjálfur lánað bankanum af gengismun annars vegar og hins vegar af greiðsluafgangi. Þessi hugmynd hv. þm. er nú ekki ný, því að á síðasta aðalfundi sínum ályktaði einmitt miðstjórn Framsfl. að beita sér fyrir þessari lausn á því vandamáli, sem hér er verið að ræða, og er þetta eitt þeirra úrræða, sem í athugun eru. Ég stóð aðeins upp til þess að láta menn vita, að þetta vandamál er til íhugunar hjá ríkisstj. og að mönnum er þetta fullkomlega ljóst, að hér þarf að gera ráðstafanir, en hins vegar alveg ástæðulaust að tengja nokkuð þess konar við þetta frv., því að hér liggur það aðeins fyrir, hvort menn vilja heimila ríkisstj. þessa lántöku eða ekki.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. 5. landsk. þm., að ég vildi vekja athygli á því, hvað sú upphæð er mikil, þessi vaxtamunur, sem um er að ræða hér. Það er að vísu ekki vitað, með hvaða kjörum þetta lán fæst, hvort það verður með 3% vöxtum eða 4½%, eins og hv. 2. þm. Reykv. var að tala um. Ef þetta lán fengist nú með 3½%, þá væri undir flestum kringumstæðum aðeins um 1% að ræða í vaxtamismun, og það, sem lánað væri með 2%, eins og úr Byggingarsjóði, þá væri um 1½% að ræða, — og þá væri hér um að ræða 200—300 þús. kr. í vaxtamismun af þessari upphæð, sem gert er ráð fyrir að taka til láns samkv. frv. Það er náttúrlega ákaflega slæmt fyrir Búnaðarbankann að eiga við þann vaxtamismun, en ég hélt, að þessi upphæð, í augum hv. 5. landsk. og hv. 2. þm. Reykv., væri ekki stór, eða manni hefur a. m. k. stundum heyrzt það, þegar þeir hafa talað hér um fjármál og annað þess konar, að svona smáupphæðir væru yfirstíganlegar og viðráðanlegar. En það er alveg rétt, sem hefur verið sagt hér, að þetta er vandamál, sem þarf að yfirstíga, bæði með mismunandi lengd á lánstíma og vaxtamismun. En það er, eins og sagt hefur verið hér, algerlega ástæðulaust að vera að blanda því saman við þetta mál, við lántökuheimildina. Lausn þess máls hlýtur að verða að koma fram hér í öðru formi. Það er rétt, sem hv. 5. landsk. sagði hér áðan, að það væri eðlilegt, að ríkissjóður hætti við að innkalla a. m. k. eitthvað af því, sem Búnaðarbankanum hefur verið látið í té sem lán frá ríkissjóði, og ef það væri gert, þá væri það náttúrlega bezta lausnin, en eins og á hefur verið bent hér, þá er þetta mál löngu komið á dagskrá, og hefur verið bent á það sem lausn málsins. Annars er gott að heyra það hér í hv. Alþ., hvað áhugi manna er mikill fyrir því, að Búnaðarbankinn megi eflast, og að hér er skilningur líka hjá sósíalistum í þessu máli, því að það varðar vitanlega alþjóð, að sú stofnun megi blómgast og hafa fjárráð til handa landbúnaðinum.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Þeir hv. ræðumenn, sem undanfarið hafa talað af hálfu stj., hafa verið að leggja áherzlu á það, að það væru nú máske ekki sérstaklega stórar upphæðir, sem hér væri um að ræða og Ræktunarsjóðnum og Byggingarsjóðnum yrði gert að greiða með þessu móti, og það er rétt, að það eru ekki neinar gífurlegar upphæðir, sem um er að ræða hérna. Að vísu hefur dálítið stangazt hjá þessum hv. þm., sem þarna hafa talað. Sá hv. forsvarsmaður stj., sem síðast talaði, sagði, að þetta væri nú svo lítið, en hv. frsm. og form. fjhn. talaði um, að þetta væri nú þó svo tilfinnanlegt, að það væri eiginlega skömm að því, að minni hl. hefði ekki gert grein fyrir, hvaðan ætti að skaffa önnur eins framlög og þyrfti til þess að bæta þetta upp. Það er rétt, að það eru ekki nema nokkur hundruð þúsunda, sem hérna mundi vera um að ræða, en hvað er það þá, sem lagt er til af hálfu meiri hl. fjhn. með því að leggja til að láta Ræktunarsjóðinn og Byggingarsjóðinn greiða þetta? Hv. þm. V-Húnv. benti á, að það væru til framlög í fjárl. til þessara sjóða, t. d. er framlagið til Ræktunarsjóðs 500 þús. kr. Hv. 2. þm. Rang. sýndi fram á, að það væru 200—300 þús., sem hér væri um að ræða. Nú, það samsvarar þó helmingnum af *því framlagi, sem á* fjárl. er ætlað til Ræktunarsjóðs. Það er sem sé greinilegt, ef menn vilja nú skella þessu öllu saman yfir á Ræktunarsjóðinn og miða það við framlag hans, að þá er hér á ferðinni till. frá hæstv. ríkisstj., studd af Framsfl. og Sjálfstfl., um það að taka helminginn af því framlagi, sem nú er ætlað til Ræktunarsjóðs, og taka það til ríkissjóðsteknanna almennt, verja því til þess að greiða það niður. Ég býst við, að ef það kæmi fram brtt. við fjárl. um að minnka úr 500 þús. í 250 þús., — við skulum nú segja, að það yrði

látið óskert, sem væri hjá Byggingarsjóðnum; það er náttúrlega miklu hærri upphæð, — þá mundi nú koma hljóð úr horni. En það er bara það, sem er verið að gera með þessu. Það er verið að ákveða að minnka raunverulega þau framlög, sem ríkið leggur fram til þessara sjóða, og það hefði einhvern tíma heyrzt hljóð úr horni frá Framsfl., ef till. hefði komið fram um slíkt, en það er annað, ef ríkisstj. gerir það sjálf og ef það er Alþjóðabankinn, sem stendur á bak við fyrirskipunina; þá á að hlýða, þá er það ekki árás á bændur. — Ég held þess vegna, að þessir hv. þm. ættu að fara sér rólega í þessum efnum; þeir mundu vera viðkvæmir, ef þessi árás hefði komið úr annarri átt.

Þá talaði hv. þm. V-Húnv. um, að það væri nú eiginlega anzi hart, að þessir þm., sem flyttu þessa brtt. eða stæðu að henni, sýndu ekki fram á neinar tekjur til þess að afla í staðinn. Hv. 5. landsk. hefur nú rætt það mál nokkuð frá sínu sjónarmiði, en mig langaði nú aðeins til að skjóta því að hv. þm. V-Húnv., þegar hann er að prédika það, að við stjórnarandstæðingar ættum að gera grein fyrir tekjuöflun í hvert skipti, sem við kæmum fram með till., sem næmu þó ekki meiru en 200—300 þús. kr., — þá held ég, að hann ætti að beina geiri sínum þangað, sem þörfin er meiri fyrir, og athuga frv., sem hv. þm. Framsfl. bera fram nú á Alþ. Við skulum segja, að þeir vildu t. d. athuga þskj. 76, um Byggingarsjóð kauptúna, sem 3 hv. þm. Framsfl. flytja. Það eru litlar 5 millj. kr., sem ríkissjóður á að lána þar ákveðnum sjóði. Eða ef hann vill athuga frv. á þskj. 82, sem 4 þm. Framsfl. bera fram, litlar 4 millj. kr. árið 1953 og 2 millj. kr. árlega næstu 10 ár þar á eftir. Það er ekki verið að takmarka við hundruð þúsundin í þessum tillögum. Nei, það eru milljónirnar og milljónatugirnir; það er til Búnaðarbankans, en það er ekki verið að gera grein fyrir, hvar eigi að taka peningana, og vafalaust hafa þessi frv. verið rædd vel og skilmerkilega í Framsfl., áður en þau voru lögð fram hér á Alþ., og ég efast ekki um, að Framsfl. standi allur á bak við. Það eru þessi frv. um mjög þarfar framkvæmdir, sem annars vegar þrír og hins vegar fjórir af þm. hans leggja hér fram um milljónir og milljónatugi, án þess að gera nokkra grein fyrir, hvar eigi að afla teknanna. Ég efast ekki um, að Framsfl. og einn helzti fjármálaspekingur hans, hv. þm. V-Húnv., ekki aðeins viti af þessu, sé ekki aðeins samþykkur þessu, heldur álíti það alveg brýna nauðsyn, að þetta sé framkvæmt, og samt hirðir hann ekki nokkurn skapaðan hlut um að gera grein fyrir því, hvar eigi að afla peninganna til þess. Það er þess vegna alveg út í hött hjá þeim að vera að ásaka okkur sósíalista eða stjórnarandstæðingana yfirleitt í þessum málum. Og ég efast ekki um, að þær till., sem sjálfstæðismenn hafa borið fram, séu líka góðar og nytsamar, eins og atvinnubótasjóður, um litlar 4 millj. kr. í hann, ef ég man rétt, að það sé líka gert ekki aðeins með fullri vitund Framsfl. og fullum stuðningi alls Sjálfstfl., heldur einnig með stuðningi Framsfl. sjálfs. Ég veit það, að þeir hv. þm. stjórnarflokkanna, þrungnir af ábyrgðartilfinningu gagnvart fjárhag ríkisins, bera ekki fram svona frv. hér á Alþ., án þess að vita, að þeir megi treysta á næga tekjuöflun, og vera búnir að hugsa sér tekjuöflunina fyrir þessu öllu saman. Hv. þm. V-Húnv. verður að fyrirgefa, að það, sem „höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það". Svoleiðis að meðan milljónatugafrv. rignir niður frá þm. stjórnarflokkanna, þá verður hann að fyrirgefa, þó að við gerum eina smávægilega brtt. upp á 200—300 þús. kr. við eitt stjfrv. og gerum það í anda, sem ég býst við, að Framsfl. venjulega mundi nú hafa talið sinn anda.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að þessi mál væru til íhugunar hjá ríkisstj. Já, það er nú svo margt, sem er til íhugunar hjá ríkisstj. Ég man satt að segja ekki eftir einu einasta stórmáli þingsins, sem sé ekki búið að vera til íhugunar hjá ríkisstj., ekki aðeins síðasta þing, heldur mörg undanfarin þing. Ef við ætlum að bíða með afgreiðslu skattamála, afgreiðslu bankamála, afgreiðslu yfirleitt flestallra þeirra mála, sem frestað er frá þingi til þings, þangað til ríkisstj. væri búin að íhuga þau, þá er ég hræddur um, að það yrði lítið um framkvæmdir. Ég held þess vegna, að það sé rétt að láta hæstv. ríkisstj. vita alveg vilja þingsins í þessu máli, sem sé, að það sé ekki gengið á þessa sjóði og útlánakjör þeirra eins og yrði gengið með samþykkt stjfrv. óbreytts.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. Ég fylgi frv. því, sem hér liggur fyrir, eins og komið hefur í ljós með undirskrift minni undir nál. meiri hl. fjhn., en það voru hinar almennu umr., sem sprottið hafa upp í sambandi við þetta mál, sem gefa mér tilefni til þess að minnast með örfáum orðum á sambærilega sjóði, að ef ríkið ætti að fara að greiða vaxta- og við skulum segja lánslengingarmismun á útveguðu fé til Byggingarsjóðs Búnaðarbankans, þá fyndist mér sjálfsagt, að sama yrði látið gilda um annan líka mjög merkan sjóð, sem er Byggingarsjóður verkamanna. Hann hefur líka fengið að láni af hagnaði bankanna í sambandi við gengisbreytinguna hluta af rekstrarafgangi ríkisins árið 1951, en verður að greiða í vexti af þessum lánum miklu hærra en nemur þeim vöxtum, sem samkv. l. um verkamannabústaði eiga að greiðast til hans fyrir þau útlán, sem hann veitir til byggingar verkamannabústaða. Ég sá ekki ástæðu fyrir mitt leyti að taka Byggingarsjóð Búnaðarbankans út úr og með því móti fylgja brtt., sem hér hefur verið til umr., en ég er mjög til umræðu um það, ef farið yrði inn á breyttar leiðir í þessu efni, að þá teldi ég alveg sjálfsagt, að það sama yrði látið gilda um sambærilega útlánasjóði eins og Byggingarsjóð verkamannabústaðanna. Og þegar hæstv. fjmrh. minntist á það, að hans ágæti flokkur hefði, að mér skilst á seinasta flokksþingi, talað um það, að ein leiðin til þess að greiða fyrir meira rekstrarfé, m. a. til Byggingarsjóðs Búnaðarbanka Íslands til bændanna, væri sú, sem hv. 5. landsk. minntist á, að gefa eftir þau lán, sem ríkissjóður hefur veitt bankanum eða sjóðnum í þessu skyni, þá vildi ég mega vænta, að litið yrði þá líka til Byggingarsjóðs verkamanna og ekki yrði beitt einni aðferðinni gagnvart Byggingarsjóði bænda og ann-

arri aðferð gegn Byggingarsjóði verkamanna. Ég er sem sagt mjög til viðræðu um það atriði, ef það ætti að fara að breyta út af þessu, og teldi þá alveg sjálfsagt, að Byggingarsjóður verkamanna nyti þess ekki síður en Byggingarsjóður bændanna. Hvor tveggja er mjög nytsamur sjóður og hefur greitt fyrir því, að alþýðan, bæði í kaupstöðum og kauptúnum annars vegar og sveitum landsins hins vegar, hefur átt þess kost að reisa sér býli með lánsfé, sem veitt hefur verið með tiltölulega hagkvæmum kjörum. Ég vildi mega vænta þess, að það væri hægt að halda þessum kjörum enn þá betri, bæði til bænda og verkamanna, en ég vildi alveg sérstaklega drepa á það nú í þessu sambandi, að það eru fleiri en alþýðan í sveitunum, sem eiga við örðugleika að búa varðandi lánsfé til nauðsynlegra íbúðarhúsabygginga. Það er kannske ekki síður alþýðan í kaupstöðum og kauptúnum, og þá fyndist mér rétt, að ekki yrði látið á hallast, og vildi ég mega vænta þess, þegar hæstv. fjmrh. kemur í ríki sitt og fer nánar að íhuga þessi mál, að hann muni ekki einungis eftir bændunum, heldur hugsi hann til þess líka, að það er til önnur stór stétt í landinu, sem heitir verkamenn, og þeir eiga líka ekki síður rétt en blessaðir bændurnir.

ATKVGR.
Brtt. 74 felld með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, HV, JÁ.
nei: KS, MJ, PÞ, SÁ, SkG, StJSt, AE, ÁB, EirÞ, EystJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, SB.
8 þm. (ÓTh, PO, StgrSt, BÓ, EmJ, GG, GÞG, JóhH) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 317).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Afgreiðsla þessa frv. í fjhn. hefur dregizt nokkuð. Ástæðan til þess dráttar er þó ekki sú, að neinn ágreiningur væri í n. um það, að nauðsyn bæri til að útvega stofnlánadeildum Búnaðarbankans, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, nýtt fjármagn. Um það eru allir nm. sammála. En n. var í töluverðum vafa um það, hvernig það ákvæði 1. gr. frv., að sjóðirnir skyldu greiða vexti af láninu með sömu kjörum og það er fengið, gæti staðizt, þar sem alveg er vitað fyrir fram, að þegar um lántöku verður að ræða, þá verður það með verulega hærri vöxtum en sjóðirnir mega taka af lánum sínum samkv. lögum. Út af þessu atriði alveg sérstaklega óskaði n. umsagnar Búnaðarbanka Íslands, og er svar bankastjórans við bréfi n. birt sem fskj. með nál. á þskj. 317. Kemur það að sjálfsögðu fram í því svari, að bankastjórinn sér ekki heldur, hvernig þetta megi verða. Í niðurlagi bréfs bankastjórans er sagt, að nánari upplýsingar verði gefnar í skýrslu á sérstöku blaði. N. hefur nú ekki séð ástæðu til að láta prenta þá skýrslu, sem ég hef hér. Ég held einnig, að það yrði vafasamt gagn af því, þó að ég færi að lesa þessa skýrslu upp, en hún er um það, að gert er ráð fyrir, að Ræktunarsjóður taki 1 millj. kr. lán til 20 ára með 4½% vöxtum og láni það aftur út til sama tíma með 2½% vöxtum, og er sundurliðað hvert ár fyrir sig hallinn af þessu, sem kemur fram 14 fyrstu árin, en snýst svo ofur lítið við, eftir því sem greiðist inn af lánunum. Ég held, að um þetta nægi að lesa niðurstöðutölurnar. Greiðslur Ræktunarsjóðs verða samtals 1 472 500 kr. og árgjöld til sjóðsins verða 1 282 940 kr., og halli á þessu láni er talinn munu nema 417 303 kr.

Það er nú auðsætt, að á sínum tíma muni þurfa að gera einhverjar ráðstafanir út af þessu, því að það mundi enda með því, að þessir sjóðir yrðu ekki til, ef það ætti að útvega þeim lán með miklu hærri vöxtum en þeir taka og þeir ættu algerlega að standa undir því sjálfir. En n. tók þó enga ákvörðun um till. í þessu efni, og er auðvitað mál, að það getur hér komið fleira en eitt til.

Ég nefni það aðeins, án þess að ég sé að gera það að minni till., að meðan vextir eru jafnháir og þeir eru nú yfirleitt, þá væri ef til vill ekki endilega sjálfsagt, að sjóðirnir lánuðu út með jafnlágum vöxtum og nú er. Það er vitanlega töluvert vafasamt, að útlánsvextir, jafnvel í þessum stofnlánadeildum, eigi að vera mjög miklu lægri en innlánsvextir sparisjóðsdeilda og sparisjóða. Ég slæ nú þessu aðeins fram, að það gæti verið um fleiri leiðir að ræða en aðeins þær, að framlög úr ríkissjóði þyrftu að koma til — og þá sízt að öllu leyti. En sem sagt, n. hefur ekki gert neinar till. um þetta og segir ekkert um það í sínu nál., hvernig með þetta skuli fara í framtíðinni, en leggur til, að frv. verði samþ. Það verður svo sennilega einhvern tíma til sérstakrar athugunar, hvernig með þetta atriði verður farið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 350).

---

12. Laun forseta Íslands.

Á 3. fundi í Sþ., 7. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37/1944, um laun forseta Íslands [49. mál] (stjfrv., A. 49).

Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 49 er borið fram til staðfestingar á brbl. um breyt. á l. nr. 37 frá 1944, um laun forseta Íslands. Þessi brbl. voru gefin út 20. marz s. l. vetur. Í röksemdum fyrir brbl., sem prentaðar eru hér sem fskj., er skýrt frá, hvernig stendur á því, að þessi brbl. voru sett. Mætti í raun og veru vitna til þess, sem þar er tekið fram, en ég vil þó leyfa mér að láta fylgja aðeins örfá orð.

Tildrög þessa máls eru þau, að þegar laun forseta Íslands voru ákveðin árið 1944 og voru þá ákveðin 50 þús. kr., þá giltu ákvæði um það, að greiða skyldi verðlagsuppbót einungis á hluta grunnlaunanna. Í þessu tilfelli var þá greidd verðlagsuppbót á tæpar 10 þús. kr. Síðar var tekið í lög að greiða fulla verðlagsuppbót á embættislaun, en fyrrverandi forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, tók samt áfram laun eftir gömlu reglunni, og stóð svo þangað til á miðju síðasta ári, árinu 1951. En frá þeim tíma fékk forseti greidda fulla verðlagsuppbót á öll launin, og urðu þau þá, með þeim uppbótum öllum, um 17 þús. kr. á mánuði í stað 6 þús. kr. áður. Það var sameiginlegt álit ríkisstj. og herra forsetans, að þessu þyrfti að breyta, og var það algerlega í samráði við vilja fyrrverandi forseta, að launakjörunum yrði breytt eins og gert er hér með brbl. En þegar frá fall forseta bar að höndum og vitað var, að nýr forseti yrði kjörinn, áður en Alþ. kæmi saman nú á þessu hausti, þá varð ekki hjá því komizt að leysa launamál forsetans með brbl., þar eð launakjörum forsetans verður ekki breytt til lækkunar á kjörtímabilinu samkv. þeim ákvæðum, sem gilda. Út frá þessu var það, sem ríkisstj. ákvað að setja þessi brbl. og varð ásátt um að ákveða grunnlaunin 85 þús. kr. á ári, auk þeirrar verðlagsuppbótar, sem nú er lögskipuð, og verða þá mánaðarlaun forseta alls rétt um 10 þús. kr. eins og nú er, ef til vill aðeins rösklega það. Það má sjálfsagt alltaf um það deila, hvort þetta séu hæfileg laun eða ekki, en á það má benda, sem öllum hv. alþm. er kunnugt, að auk launa hefur forseti fríðindi, sem aðrir þjóðfélagsborgarar hafa ekki, eins og ókeypis bústað, ljós og hita, ýmis fríðindi í sambandi við þjónustufólk og hefur fengið greiddar 70 þús. kr. árlega vegna risnu, sem að vísu má ekki blanda neitt saman við launaspursmálið. En auk þess greiðir hann svo hvorki útsvar né skatta. — Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Tildrög þess eru þau, sem hér eru fram tekin, og leyfi ég mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 203).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. forsrh. nokkra grein fyrir efni frv. og ástæðunum fyrir því, að gefin voru út þau brbl., sem hér liggja fyrir til staðfestingar.

Fjhn. hefur fyrir sitt leyti einróma mælt með því, að frv. þetta verði samþ. En efni þess er, eins og sjá má á grg. og hinum fáorðu tveim gr. frv., að ákvarða laun forseta Íslands á annan veg en áður var gert, því að þegar sett voru lög 1944 um laun forseta Íslands, þá gilti sú almenna regla um launauppbætur til opinberra starfsmanna, að þær skyldu aðeins greiddar á ákveðinn hluta af launum, sem nam þá aðeins fimmtungi launa forsetans, eða af tæpum 10 þús. kr. Þegar svo dýrtíð óx jafnmjög eins og öllum er kunnugt um, var alveg sýnilegt, að það var skapað misræmi í þessum launakjörum forsetans, miðað við það, sem var ákvarðað um aðra þá ríkisstarfsmenn, sem launalögin náðu til. Og eftir að gengislækkunarlögin höfðu verið sett, þegar ákvörðuð voru eiginlega nánast ný grunnlaun og ákveðið að veita uppbætur á þau eftir þeim reglum, sem þar voru settar í öndverðu og framlengdar hafa nú verið á tveim þingum, þá var orðið augsýnilegt, að það mátti ekki lengur við svo búið standa með launakjör forseta Íslands. Þess vegna gaf hæstv. ríkisstj. út nú í vor, 20. marz, æði löngu fyrir forsetakosningarnar, þau brbl., sem hér liggja fyrir, því að það eru ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, að það megi ekki breyta launum forseta á kjörtímabilinu til lækkunar. En brbl. ákváðu ákveðin grunnlaun, 85 þús. kr., og var það miðað við það á vissan hátt, að eins og grunnlaun opinberra starfsmanna höfðu breytzt af sjálfu sér með ákvæðum gengislaganna, þá þyrfti að festa einhver ákveðin grunnlaun einnig fyrir forseta Íslands.

Fjhn. virðist rétt og eðlilegt að setja slík lög sem hér liggja fyrir, og leggur n. einróma til, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv. er, eins og skýrt hefur verið, staðfesting á brbl., sem út voru gefin í marzmánuði s. l.

Ég hef orðið mjög var við þann misskilning meðal almennings og jafnvel hjá sumum hv. þm., að þetta frv. þýði hækkun á launum forseta Íslands, en þetta er þvert á móti, og því þykir mér ástæða til að segja nokkur orð.

Þetta er þannig, að þessi brbl. þýddu það að lækka grunnlaun forseta Íslands úr 150 þúsundum niður í 85 þúsund, m. ö. o. að lækka þau um 65 þúsund. Ég hygg, að þetta sé eina dæmið í mörg ár um það, að nokkur laun hafi verið lækkuð, og þess vegna finnst mér óþarfi að láta þann skilning vera ríkjandi meðal almennings, að þetta þýði hækkun, því að það hefur verið sagt þannig frá þessu eins og það væri hækkun úr 50 þús. kr. grunnlaunum upp í 85 þúsund. Þetta vildi ég aðeins taka fram, til þess að ekki væri neinn misskilningur um það, hvað í þessum lögum felst.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég get að öllu leyti staðfest það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði um þetta atriði, en vildi aðeins benda á það um leið, að það er a. m. k. óþarft að álíta, að hv. alþm. þyrftu að líta á málið öðruvísi en hann skýrði það, því að ég gerði mjög glögga grein fyrir því hér við 1. umr. málsins, hvernig þetta mál hefði verið til komið í upphafi og hér væri um lækkun að ræða frá þeim lagaákvæðum, sem í gildi hefðu verið. En hins vegar er rétt að geta þess um leið, að forsetinn, herra Sveinn Björnsson, fékk ekki laun eftir þessu, miðað við 150 þús. kr. grunnlaun, nema örfáa síðustu mánuðina. Laun hans voru alltaf reiknuð eftir allt öðrum skala og miklu lægri. En ég vil aðeins endurtaka það, sem ég tók fram hér við 1. umr. málsins, að þessi breyting á launakjörum forsetans var ákveðin í samráði við hann, áður en hann andaðist. Og af þeim ástæðum, sem frsm. þeirrar n., sem hafði þetta með höndum, lýsti hér við 2. umr. málsins, þá varð að gera þetta með brbl., af því að ekki er hægt að breyta launum á kjörtímabili forsetans.

Ég vildi aðeins rifja þetta upp, þó að það sé allt rétt, sem hv. þm. A-Húnv. sagði um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 202).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og mun ekki hafa verið neinn ágreiningur um það þar. Frv. er borið fram til staðfestingar á brbl. frá 20. marz 1952, og eru það ný ákvæði um laun forseta Íslands, um það, að í stað 50 000 kr. komi 85 000 kr.

Ég man það, að þegar þessi brbl. voru gefin út af þáverandi handhöfum forsetavaldsins, þá voru ýmsir, sem skildu það svo, að þessir heiðursmenn væru að hækka sín eigin laun fyrst og fremst með setningu þessara brbl. En þetta frv. og brbl. eru ekki um neina hækkun á launum þessa æðsta embættismanns þjóðarinnar, heldur um allverulega lækkun, og eru þau gefin út á þeim tíma, þegar enginn vissi, hver yrði næsti forseti Íslands, og þar af leiðandi getur ekki verið að ræða um, að þar sé miðað á nokkurn hátt við sérstaka persónu. Að öðru leyti tel ég, að í forsendum brbl. sé alveg nægilega tekið fram, hvaða ástæður liggja til þess, að brbl. voru gefin út. N. hefur athugað málið og leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 351).

---

13. Hafnarbótasjóður.

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð [36. mál] (stjfrv., A. 36).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og hv. þdm. munu kannast við, margir hverjir a. m. k., þá voru lögin um hafnarbótasjóð, áður en þessi brbl. voru gefin út, á þá lund, að skylt var að binda þriðja part af höfuðstólnum hverju sinni, þannig að honum yrði ekki ráðstafað, og höfuðtilgangurinn mun hafa verið sá, að hann væri handbær, ef brýna nauðsyn bæri snögglega til þess að ráða bót á skemmdum eða tjóni,

sem hefðu orðið af óvæntum, ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum orsökum.

Nú hefur reyndin verið sú, að til þessa hefur alls ekki verið gripið, og ég held, að það hafi verið vaxandi skilningur á og vilji fyrir, að niður féllu þessi ákvæði, þannig að ekki væru lengur þessar kvaðir á þriðja parti af stofnfénu.

Nú bar svo einnig undir, að rík þörf var að ráða fram úr ákveðnum framkvæmdum á sviði hafnarmálanna, sem ráðuneytið sá ekki möguleika til að hrinda í framkvæmd eða hrundið yrði í framkvæmd, nema með því að grípa til þessa fjár, sem þarna var bundið. Það varð því að ráði, og var um það samráð milli hafnarmálastjóra og hafnarmálaráðuneytisins, að gera þær breytingar á þessu, sem lögin greina frá, og kveða skýrt á um, hvert væri hlutverk sjóðsins, og það er gert í 1. gr., og sé ég ekki ástæðu til að rekja það. Það er einnig skýrt frá því í grg., hverjar þær aðalframkvæmdir séu, sem ráðuneytið taldi svo mikla nauðsyn að ráðast í, að það lét það nú ráða úrslitum, að fremur nú en síðar væri gerð breyting á lögunum um sjóðinn. Það er skýrt frá, hverjar þær eru, og ef menn vilja fá um það fyllri upplýsingar við meðferð málsins á Alþ., þá er það að *sjálfsögðu til reiðu, og leyfi* ég mér í því sambandi að vísa til hv. vita- og hafnarmálastjóra, sem sæti á hér í hv. deild og er þessum málum allra manna bezt kunnugur.

Frekari grein sé ég ekki ástæðu til að gera fyrir þessu frv. og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 188).

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur athugað þetta frv., og eins og nál. ber með sér, þá hefur orðið samkomulag um það í n. að mæla með framgangi þess, en frv. er borið fram til staðfestingar á brbl., *sem ríkisstj. gaf út á s. l. sumri* um breyt. á l. um hafnarbótasjóð. En jafnframt því, sem n. mælir með framgangi frv., leggur hún til, að á því séu gerðar tvær breytingar.

Í þessu frv. er gerð allveruleg breyting á ráðstöfun á fé hafnarbótasjóðs frá því, sem verið hefur frá öndverðu, eða frá árinu 1945, að fyrst var farið að ráðstafa fé úr þessum sjóði. Ráðstöfun á fé úr sjóðnum hefur farið fram með þeim hætti, að ríkisstj. hafði heimild til að verja á hverjum tíma ⅔ hlutum af höfuðstól sjóðsins til viðbótarframlaga til hafnargerða, þar sem svo stóð á, að hraðar var farið í framkvæmdir en svo, að framlög á fjárlögum hverju sinni hrykkju til, að hluti ríkissjóðs yrði að fullu greiddur. Hefur á þennan hátt verið árlega veitt nokkurt fé úr sjóðnum til viðbótar framlögum ríkisins á fjárlögum, og hefur þetta orðið til þess að auðvelda allverulega hraðari framkvæmdir í hafnargerðum en annars hefði orðið. En svo er ákveðið, að það fé, sem varið er úr hafnarbótasjóði á þennan hátt, skuli endurgreiðast sjóðnum aftur úr ríkissjóði á næstu þremur árum. Sjóðurinn hefur þess vegna vaxið, bæði af því að í hann rennur árlegt framlag til hans í fjárlögum og enn fremur af vöxtum af þeim ⅓ af sjóðnum, sem ekki má hreyfa, en með endurgreiðsluskyldunni er tryggt, að engin rýrnun verður á sjóðnum endanlega. Höfuðstóll sjóðsins nemur nú um 5.7 millj. kr. — Þetta er þá sú tilhögun, sem verið hefur á fjárframlagi úr hafnarbótasjóði allt til þess að þessi brbl. voru gefin út. En sú breyting er gerð samkv. þessum brbl., að nú er heimilað samkv. 1. tölul. 1. gr. brbl. að veita styrki til hafnargerða og lendingarbóta, þar sem tjón hefur orðið af náttúrunnar völdum, en hins vegar ekki gert ráð fyrir því, að það fé, sem veitt er úr sjóðnum með þessum hætti, verði endurgreitt úr ríkissjóði inn í sjóðinn aftur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, sem einnig er breyting frá því, sem áður gilti, að vaxtalaus lán verði veitt til hafnar- og lendingarbóta úr sjóðnum; að öðru leyti verði haldið áfram sams konar framkvæmd og verið hefur með fjárframlög úr sjóðnum.

N. leit svo á, að með þessum breytingum um óendurkræfan styrk og vaxtalaus lán væri stigið spor, sem gæti haft í för með sér, að mjög yrði gengið á sjóðinn, og ef til vill gæti, þegar frá líður, svo farið, að sjóðurinn yrði ekki einasta skertur, heldur gæti að því rekið, að hann yrði étinn upp. Þetta taldi n. að þyrfti að fyrirbyggja. Reynslan, sem fengizt hefur af hafnarbótasjóði, sýnir það, að hér er um mjög þarfa stofnun að ræða, *sem hefur auðveldað mjög framkvæmdir í* hafnargerðum, og aðstaðan til þess batnar hröðum skrefum, eftir því sem sjóðurinn vex, og gætu þá fleiri orðið þessarar aðstoðar aðnjótandi heldur en enn hefur verið. N. leit þess vegna svo á, að það yrði að gera ráðstafanir til þess og taka upp í þetta frv. breytingar, sem fælu það í sér, *að fyrirbyggt væri, að sjóðurinn yrði rýrður*, bæði að því er snertir 1. og 2. lið, og lúta brtt. n. að þessu. Viðvíkjandi 1. liðnum leggur n. til, að það fé, sem veitt er sem styrkur til hafnargerða og lendingarbóta undir þeim kringumstæðum, sem þar um ræðir, verði endurgreitt í sjóðinn með sama hætti og verið hefur. Í öðru lagi, að því er snertir lánveitingar úr sjóðnum, verði tekið inn í frv. ákvæði um það, að ávallt sé fyrir hendi ríkisábyrgð á þessum lánum, svo að það sé einnig tryggt, að það fé komi aftur í sjóðinn að lánstíma liðnum, sem þannig er úr honum varið. Það á þess vegna að vera tryggt með þessum brtt. n., að sjóðurinn haldi áfram að vaxa og þrátt fyrir það að nokkuð sé breytt frá því, sem áður hefur verið um tilhögunina á greiðslum úr honum, þá verði það ekki til þess að skerða sjóðinn að neinu leyti endanlega. Ég vil taka það fram, að sjútvn. ræddi um þessar tillögur við vitamálastjóra, sem hafði átt nokkurn þátt í samningu þessara brbl., og var hann sammála n. um það, að það væri til bóta og öryggis að setja slík ákvæði inn í frv. Það hefur að vísu áður verið veitt nokkurt fé sem óendurkræfur styrkur, þegar svo hefur staðið á, að skemmdir hafa orðið af náttúrunnar völdum. Þetta fé hefur hingað til ávallt verið veitt á fjárl., en ekki varið fé hafnarbótasjóðs að neinu leyti til slíkra

hluta. Það leiðir af sjálfu sér, eins og að er vikið í nál., að það er nokkur hætta á því, að menn muni gera sitt ýtrasta til að fá nokkurn grundvöll fyrir kröfum um að fá fé, sem ekki þarf að leggja fram á móti heima fyrir, eftir að slík ákvæði eru upp tekin, og þar verður vitanlega að gjalda varhuga við, og mundi vera út af fyrir sig nokkurt aðhald í því, að þetta fé eigi að greiðast aftur inn í hafnarbótasjóðinn. Nefndin leggur sem sé til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég nú hef lýst og eiga að dómi nefndarinnar að vera öruggar, til þess að sjóðurinn verði ekki skertur, heldur haldi áfram að vaxa og vinna það stóra hlutverk að stuðla að bættri aðstöðu til þess að hrinda í framkvæmd þeim nauðsynlegu málum, sem hafnar- og lendingarbætur eru hér á landi.

ATKVGR.
Brtt. 188 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 205).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 272).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur athugað þetta frv. Það er lagt fyrir þingið til staðfestingar á brbl. frá 16. júní s. l. Fram að þeim tíma var svo ráð fyrir gert í l., að fé hafnarbótasjóðs mætti verja í viðbótarframlög til þeirra hafnarframkvæmda, sem í gangi væru á hverjum tíma, eins og nánar er til tekið í l., og skyldu þessi framlög endurgreiðast í hafnarbótasjóð á 3 árum.

Með brbl. var þessu breytt í verulegum atriðum. Þar eru aðallega tvær nýjungar teknar upp. Í fyrsta lagi má veita beinan styrk úr sjóðnum til greiðslu á kostnaði vegna skemmda af náttúruhamförum, og í öðru lagi er heimilt að veita vaxtalaus lán með þeim kjörum og til þess tíma, sem ráðherra ákveður. Þessu var breytt nokkuð við meðferð málsins í Nd., á þann hátt fyrst og fremst að tryggja, að allar greiðslur úr sjóðnum, hvort heldur það eru kallaðir styrkir eða lán, skuli koma inn í sjóðinn aftur. Þetta er hvað lánin snertir tryggt frekar en í brbl. með því að setja beina ríkisábyrgð að skilyrði.

Nefndin hefur sem sagt athugað þetta frv. og borið það saman við fyrri löggjöf svo og brbl. og getur fallizt á, að það gangi fram eins og það er nú. Hún leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Samkvæmt fyrirmælum 1. gr. á þskj. 205 er gert ráð fyrir því, að styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum, megi veita úr hafnarbótasjóði. Hins vegar er ekki á það minnzt hér, hvernig skuli fara með það tjón, sem beinlínis orsakast af vanrækslu vitamálastjórnarinnar, nema því aðeins að hv. sjútvn. líti svo á, að það eigi að falla undir síðustu orð gr., þ. e. „eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum“. Sé það hugmynd n., tel ég, að það sé nauðsynlegt að breyta þessari grein þannig, að enginn ágreiningur sé um þau atriði.

Það er að gefnu tilefni, að ég hreyfi þessu máli hér. Undanfarin ár hafa komið fjöldamargar kröfur til fjvn. um að bæta að fullu úr ríkissjóði tjón, sem beinlínis stafa af þeim orsökum, sem ég hér hef talað um, þ. e. vanrækslu af hendi þeirra manna, sem ríkið sjálft hefur falið að framkvæma þessi verk.

Skal ég m. a. minnast fyrst og fremst á Bolungavík, þar sem upplýst var, að það væri beinlínis vegna þess, að verkið var framkvæmt gegn mótmælum frá hafnarnefnd Bolungavíkur. Mótmælti hún því, að verið væri að vinna slíkt verk þegar komið var fram í ágústmánuð og vitað var, að steypan gæti ekki verið búin að ná fullum styrkleika áður en vænta mátti hafróts í byrjun septembermánaðar. Kom það einnig á daginn. Hefur þetta kostað ríkissjóðinn hvorki meira né minna en 1.8 millj. kr. og það beinlínis vegna þess, að því er talið er af viðkomandi hafnarnefnd, að það sé sök þeirra manna, sem stjórnuðu verkinu.

Þetta hefur að vísu verið greitt hér, eins og kunnugt er. En það eru ýmis önnur tjón, sem hafa orsakazt af sömu ástæðum sem ég þegar hef lýst, en hafa ekki verið bætt, og vísa ég þar alveg sérstaklega til 159. máls í Sþ., á þskj. 261, sem er till. til þál. um, að Alþ. bæti Ísafjarðarhöfn hvorki meira né minna en 400 þús. kr. án mótframlags vegna skemmda, sem orðið hafa á hafnarmannvirkjum þar og sýnilegt er af grg. og þeim gögnum, sem fyrir liggja, að eingöngu stafa af vanrækslu frá þeim, sem hafa stjórnað verkinu. Hér er ekki um að ræða nein tjón af völdum ofviðris, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, heldur er orsökin eingöngu sú, að þeir verkfræðingar, sem hafa haft með þessi mál að gera, og sú stofnun, sem hefur átt að bera ábyrgð á verkinu, hafa undirbúið það á þann hátt, að hér hefur orðið slíkt tjón sem sést í þessu þskj.

Ég vildi því mjög vænta þess, þó að þessari umr. verði ekki frestað, — ég læt hv. frsm. um það, — að þá verði þetta mál tekið til athugunar fyrir 3. umr. og alveg ákveðið sagt um það í greininni, hvort einnig bætur fyrir slík tjón skuli greiðast úr sjóðnum. Ég vil vænta þess, að hv. sjútvn. kynni sér þskj. 261 með öllum þeim fskj., sem þar fylgja og eru prentuð með, en þau sýna glögglega, hversu nauðsynlegt er að athuga þetta mál nánar.

Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að minna á, að Bakkafjörður varð á sínum tíma fyrir allmiklu tjóni, og þegar sótt var til Alþ. um styrk án framlags til þess að bæta það tjón, þá fylgdu því alveg skýlaus ummæli úr héraði, að þetta verk hefði verið framkvæmt gegn mótmælum hafnarnefndarinnar og að það væri meginorsökin fyrir tjóninu, að svo hafði verið gert.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að sömu rök hafa verið færð fyrir því tjóni, sem nú er vitað, að orðið er á Sauðárkrókshöfn og talið er að muni nema allt að 2 millj. kr. að fá bætt. Ég hygg, að eins og greinin er orðuð, þá sé hægt að bæta það samkv. l., því að þetta tjón hefur skeð af sandburði, en hins vegar er talið, að sandurinn hafi komizt inn í höfnina fyrir vanrækslu af hálfu verkfræðinganna, eftir því sem hafnarnefnd Sauðárkróks fullyrðir.

Ég teldi hins vegar, að það væri ekki að ófyrirsynju að láta fara fram gagngerða rannsókn á þessum málum öllum. Það sýnist vera æði þung byrði fyrir hin einstöku héruð að standa fyrir milljónaframkvæmdum í hafnargerðum, þó að þar bætist ekki við, að það sé verið að baka þeim stórkostlegt tjón, vegna þess að kastað er höndunum til undirbúningsins, og þá kannske vegna þess, að sá maður, sem á að gæta þessara mála og bera ábyrgð á þeim, ver svo og svo miklu af sínum tíma til annarra starfa, eins og kunnugt er. Það hefði ekki verið að ófyrirsynju, að hv. sjútvn. hefði eitthvað vikið að þessu málefni í grg. sinni, vitandi hvernig þessu er háttað í landinu.

Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að ekki hafa valdið litlu tjóni fyrir hafnarbætur um land allt þau mistök, sem hafa verið gerð í sambandi við kaupin á dýpkunarskipinu Gretti, þar sem þetta skip er þannig útbúið, að það verður að hafa 16 menn um borð við uppgröft inni í höfnunum til þess að uppfylla ákvæði sjómannalaganna. Hefði mátt komast af með ⅓ af þessu liði, ef þess hefði verið gætt í upphafi, auk þess sem hér hefur verið útbúið skip með kolakyndingu, eins og gert var fyrir 50 árum, í stað þess að hafa þar dieselmótor til mikils sparnaðar í eldsneyti. Stappar nærri, að það væri heppilegra fyrir ríkissjóðinn að sökkva þessu skipi og kaupa sér nýtízku tæki heldur en að reka það á kostnað ríkissjóðs annars vegar og kostnað fátækra sveitarfélaga og hafnargerða hins vegar eins og það er nú útbúið. Það hefur ekki einu sinni verið hugsað fyrir því, að þetta skip gæti haft um borð sanddælu, og er nú verið að kosta hundruðum þúsunda til þess að reyna að koma upp sérstakri sanddælu fyrir hafnargerðirnar, svo að hægt sé að nota ódýrari aðferð til þess að dæla upp sandi hingað og þangað í höfnunum, sem sumpart hefur komizt inn í hafnirnar fyrir mistök vitamálastjórnarinnar. Þessi mál eru öll svo stórkostleg, að það er ekki hægt að láta þetta frv. fara hér út úr þessari deild án þess að minnast á þessi mál. Ég vænti því, að hv. sjútvn. þessarar deildar athugi þetta, áður en frv. verður gert að lögum.

Ég vil enn fremur leyfa mér að minnast hér á annað atriði. Hv. frsm. sagði, að það væri nú tryggt með frv., eftir að því hefði verið breytt í hv. Nd., að allar greiðslur úr sjóðnum kæmu inn í hann aftur. Ég tel, að þetta sé byggt á nokkrum misskilningi.

Hér stendur í 3. tölul. 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkv. fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar. — Styrkir og framlög, sem greidd eru úr hafnarbótasjóði samkv. 1. og 3. lið, skulu endurgreidd sjóðnum úr ríkissjóði á næstu 3 árum."

Hins vegar er ekkert sagt um, hvernig eigi að fara með það, sem látið er úr sjóðnum samkv. 2. lið, því að þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts. Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs skv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til," — en þessi grein, sem vísað er í, segir ekki annað eða meira en að ríkissjóður þurfi að ábyrgjast sitt framlag. Það er annaðhvort 40% eða 50% af því, sem lagt er til hafnarbótanna. Hins vegar ber ríkissjóði eftir þessum fyrirmælum í frv. á þskj. 205 hvorki að endurgreiða úr ríkissjóði það framlag, sem á að koma að heiman frá héruðunum, né heldur að ábyrgjast það. Vildi ég því biðja hv. sjútvn. að athuga þetta mál fyrir 3. umr. Ég sé ekki, að það sé ástæða til þess að stöðva málið við þessa umr., en vildi mjög biðja n. að athuga þetta fyrir 3. umr. Ég hygg, að eins og frv. liggur nú fyrir, þá sé það alveg skýlaust, að sjóðurinn fái endurgreitt á 3 árum allt það, sem lagt er til, annað en þann hluta, sem héruðin eiga að greiða samkv. 1. gr.

Þá vil ég að síðustu benda á, að mér þætti mjög vel við eigandi, að betur væri tekið fram í 1. gr. frv., hvort þetta fé, sem ætlazt er til að greitt sé úr sjóðnum samkv. fyrirmælum 1. liðar 1. gr., sé lagt fram alveg án mótframlags eða hvort það sé látið að jafnaði í hendur ráðuneytisins að dæma um það, hvort eigi að greiða það aftur, annaðhvort allt eða einhvern hluta þess. Það er ekki nægilega skýrt eins og það er tekið fram í greininni, það mætti skilja svo, að það ætti allt að vera án mótframlags, þó að það sé ekki nákvæmlega tekið fram. En það kynnu að vera ýmsar ástæður þannig, að það væri full ástæða að heimta á móti eitthvert framlag, þó að það væri ekki fullt, en um það er ekkert sagt í greininni.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að benda á, að

í 1. gr. er málsl., þar sem sagt er, að leita skuli umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar. Þetta hefur verið í brbl., en mér þykir ákaflega miklu miður, ef þessi grein á að standa í því, og mér finnst það vera algerlega óverjandi, að hún standi, svo lengi sem vitamálastjóri situr á Alþ., því að till. hans geta engan veginn orðið hlutlausar, á meðan hann situr í þessu embætti samfara því að vera á Alþ. og á þá oft og tíðum að sækja m. a. fyrir hönd síns héraðs um greiðslur úr sjóðnum. Ég vil því mjög mælast til þess, að hv. nefnd vildi gera till. um það að fella þennan lið niður. Það er ekki heldur nú í l., en hefur komizt inn í brbl. fyrir einhverja vangá. Þetta veldur aðeins erfiðleikum fyrir hæstv. ríkisstj., að þurfa að leita til þessara stofnana, og engan veginn eðlilegt, að það sé leitað til vitamálastjóra, meðan hann situr á þingi, eins og ég hef tekið fram. Sjái hv. nefnd sér ekki fært að fella þennan lið niður, þá neyðist ég til að bera fram brtt. í sambandi við það, en vonast til, að til þess komi ekki.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð vék að nokkrum atriðum þessa frv., sem hann telur þörf á að athuga nánar. Meðal annars er það síðasta mgr. 1. gr. Þar segir, að leita skuli umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar. — Mér finnst fljótt á litið, að þetta sé eðlilegt og að það sé ekki eðlilegt að ganga alveg fram hjá vitamálastjóra í þessu sambandi. Það má þó vera, að þetta sé athugunarvert, og sjálfsagt verður n. við þeirri ósk hv. þm. að líta á málið á milli umræðna.

Ég verð að játa það, að ég skil ekki fyllilega, hvað hv. þm. á við í sambandi við 2. tölulið. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til.“ Ég fæ nú ekki betur séð en að þetta ákvæði sé alveg skýlaust um það, að lánin megi ekki veita án ríkisábyrgðar. Ég fæ ekki annað skilið. Og ef það er eitthvað í tilvitnaðri grein, sem kemur í veg fyrir ábyrgð ríkissjóðs, þá sýnist mér, að ekki megi veita lánið.

Annars ræddi hv. þm. mest um það atriði, að rétt væri að taka inn í frv. skýlaus ákvæði um þau tjón, sem hlytust beint af vanrækslu opinberra ráðamanna vitamálanna. Nú kann vel að vera, að þeim hafi oft verið mislagðar hendur, og ég ætla ekki að fara út í að ræða það hér. En það er augljóst mál, að ef setja á í lög nákvæm fyrirmæli um það, hversu með skuli fara í slíkum tilfellum, þegar hafnarmálin eiga í hlut, þá er einnig eðlilegt, að tekin verði inn sams konar ákvæði á fjöldamörgum öðrum sviðum, t. d. um vegagerðir, brúargerðir og fleira, sem ríkið hefur með að gera. Það getur alltaf komið fyrir, því miður, að viðkomandi ráðamönnum skjátlist og það megi segja og sanna, a. m. k. sanna með sterkum líkum, að þeirra sé sökin, hversu fór. Það getur vel verið, að ákvæði vanti um þetta inn í íslenzka löggjöf, ég skal ekkert um það segja, en ég ætla, að þetta sé mál út af fyrir sig, miklu stærra og umfangsmeira en svo, að það verði afgreitt með einni lítilli brtt. við þetta frv. Mér finnst, í fljótu bragði að minnsta kosti, að það eigi ekki heima hér.

Ég held ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég get sjálfsagt lofað því fyrir hönd n., að hún líti á frv. milli umr. og þá með hliðsjón af þeim einstöku atriðum, sem hv. þm. Barð. hefur bent á.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í umræðurnar, en út af þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, og samkvæmt því loforði, sem hv. frsm. n. hefur gefið fyrir hennar hönd, þá vil ég taka undir þau fyrirheit frá hans hálfu, að þetta mál verði athugað, en vildi þá mælast til þess við hæstv. forseta, að málið yrði ekki tekið á dagskrá, fyrr en n. hefur lokið þeirri athugun og gefið vísbendingu þar að lútandi.

Gísli Jónsson: Ég vil nú þakka bæði hv. frsm. og hv. formanni n. fyrir að vilja taka til athugunar fyrir 3. umr. þau atriði, er ég benti á, og mun ég að sjálfsögðu ekki standa á móti því, að málið nái fram að ganga við þessa umræðu, og greiða atkv. með því, að því verði vísað til 3. umr.

Út af því, sem hv. frsm. sagði, að það væri erfitt að komast fram hjá till. vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, þá vil ég benda hv. frsm. á það, að á þessu hafa ekki verið neinir erfiðleikar síðan sjóðurinn var stofnaður. Þetta ákvæði hefur ekki verið í lögunum. Það er fyrst komið inn í lögin af einhverri vangá í brbl., svo að ég hygg, að það séu ekki meiri vandkvæði á að framfylgja því framvegis heldur en hefur verið hingað til. Um hitt, að það væri eðlilegt að setja um það heildarlöggjöf, hvaða kostnað ríkissjóður ætti að bera af tjónum, sem stafa af vanrækslu ráðamanna ríkisins, — og minntist hann þar á bæði vegamál og brúarmál, — þá vil ég benda hv. flm. á, að það bara gegnir þar allt öðru máli. Öll þau tjón, sem verða á brúm og vegum, eru borin af ríkissjóði, en ekki af héruðunum. Ef brú fellur niður, eins og dæmi eru til, annaðhvort við flóð eða af öðrum náttúruvöldum eða fyrir vanrækslu, þá er þetta samstundis bætt af ríkinu, án þess að nokkuð komi á móti úr héraði, það er hv. þm. vel kunnugt um. (Gripið fram í.) Það dreg ég ekkert í efa, því að ég veit það. Ég get m. a. bent hv. þm. á það nú, að það hafa hvorki meira né minna en 570 þús. kr. verið látnar í brú í Skaftafellssýslu í sumar, vegna þess að flóð tóku hana af. Mér er kunnugt um aðrar brýr á landinu, sem hafa hrunið, ýmist vegna þess að náttúruöfl hafa verið að verki eða ekki hefur verið nægilega gengið frá þeim frá tæknilegu sjónarmiði, og það hefur aldrei komið til héraðanna að greiða það. Það kann að vísu að vera, — ég þekki það ekki, — að brýr, sem hafa verið endurbyggðar yfir ár, sem liggja yfir sýsluvegi, hafi að einhverju leyti verið greiddar úr héraði; en þá hefði sannarlega verið sanngjarnt, að það væri greitt að fullu úr ríkissjóði. — Hér er um að ræða atriði,

þar sem viðkomandi aðilum er fyrirskipað og gert að skilyrði til þess að fá styrk, að ákveðnir verkfræðingar og ákveðin yfirstjórn skuli ráða öllum þessum málum, og hér fá þeir ekkert um það að segja. Það er ekki einu sinni tekið til athugunar, þó að kunnugir menn heima fyrir bendi alveg ákveðið á, að það sé verið að fara út í forað í vissum framkvæmdum, heldur er haldið áfram til stórkostlegs tjóns, ekki einungis fyrir ríkissjóðinn, heldur og fyrir héruðin, og það á hvergi nokkurs staðar heima annars staðar en í þessum lögum að setja varnagla við slíku. Ég vildi gjarnan spyrja hv. frsm. að því, hvað er átt hér við í enda 1. liðar greinarinnar, þar sem sagt er: „eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.“ Ef orðið „slíkum“ er fellt í burtu, þá er fullnægt alveg mínum kröfum hér í þessu máli, því að þá er sýnilegt, að það á að bæta, ef tjónið verður af völdum ofviðris, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og það er sannarlega fyrir héraðið óviðráðanleg orsök, að einhver maður hérna í Reykjavík situr og gerir vitlausar teikningar eða undirbýr verk þannig, að það getur ekki staðizt. Ég vil því mjög mælast til þess, að nefndin athugi þetta við 3. umr., því að þetta er ákaflega mikið atriði fyrir héruðin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Sjútvn. deildarinnar hefur athugað þetta frv. að nýju á fundi sínum í gær samkv. tilmælum hv. þm. Barð. Þess skal getið, að á þeim fundi voru fjarstaddir Guðmundur Í. Guðmundsson og Steingrímur Aðalsteinsson.

Nefndin sér ekki ástæðu til að flytja brtt. við frv. Um einstaka ábendingar hv. þm. Barð. skal ég taka þetta fram:

Varðandi 1. tölul. í 1. gr. frv. gerði hv. þm. nokkrar athugasemdir. Virtist mér í fyrstu, að hann vildi láta setja þar ákvæði um það, hversu með skyldi fara, ef hafnarmannvirki skemmdust beinlínis fyrir handvömm vitamálastjóra eða vitamálastjórnarinnar. Ég gat þess við 2. umr., að ég sæi ekki í fljótu bragði, að slík ákvæði gætu átt við í þessu frv., og ég hef sannfærzt enn betur um það við nánari athugun. Eigi að setja ákvæði sem þetta inn í íslenzka löggjöf, þá á það ekki heima hér. Það þarf um það sérstaka löggjöf og almenna. En mér skildist nú á seinni ræðu hv. þm. við 2. umr., að hann teldi nægja að fella niður orðið „slíkum“ í 1. tölul. En 1. tölul. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.“

Ég tel alveg ástæðulaust að fella þetta orð niður. Mér skilst, að greinin, eins og hún er orðuð, feli það í sér, að heimilt sé að veita styrk til hafnargerða og lendingarbóta, þar sem tjón hefur orðið af einhvers konar náttúruhamförum. Það er að vísu svo, að það getur verið um að ræða tjón af öðrum ástæðum en af völdum náttúrunnar, en langoftast hlýtur tjónið þó að vera þannig tilkomið einmitt á mannvirkjum hafnanna. Og ég get ekki séð ástæðu til þess að kveða á um það í l. í eitt skipti fyrir öll, að hafnarbótasjóði sé ætlað að bæta öll tjón, alveg undantekningarlaust, hvað sem fyrir kann að koma. Sem sagt, mér finnst þessi grein nógu rúm, og ég mæli eindregið gegn því, að henni verði breytt. Aðrir nm. áskildu sér hins vegar rétt til að fylgja brtt., sem fram kynni að koma um þetta atriði.

Þá kem ég að 2. tölul. þessarar sömu gr. um vaxtalaus lán til óákveðins tíma. Hv. þm. virtist telja tilvísunina í l. um hafnargerðir og lendingarbætur hortitt. Þetta mun ekki vera rétt og mun stafa af misskilningi. 3. tölul. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkv. fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.“

M. ö. o., vanti framlag ríkissjóðs í bili í framkvæmdir, sem eru í gangi, þá má hafnarbótasjóður lána ríkissjóði — raunverulega ríkissjóði — til allt að 3 ára það, sem vanta kann af ríkisframlaginu. 2. tölul. gr. hljóðar hins vegar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð eða nokkuð á veg komin, en ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts. Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. l. nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til. — Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.“

Hér ræðir sem sagt um lán með ríkisábyrgð til óákveðins tíma samkv. ákvörðun ráðherra. Tilvísunin í l. um hafnargerðir og lendingarbætur bindur þessa aðstoð hafnarbótasjóðs við þann hluta kostnaðar, sem héruðin standa straum af. Þetta ákvæði er þess vegna fyllilega eðlilegt á þessum stað. Það virðist ástæðulaust, að hafnarbótasjóður láni ríkissjóði upp í framlag hans sjálfs til lengri tíma en 3 ára. N. leggur því til, að þetta atriði standi óbreytt.

Þriðja atriðið, sem hv. þm. Barð. gerði aths. við, er í síðustu mgr. 1. gr. Þar segir:

„Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.“

Hv. þm. andmælti því, að leitað væri álits vitamálastjóra. Nú er það hins vegar alkunna, að vitamálastjóri er starfsmaður ríkisins, hann er sérstakur trúnaðarmaður þess varðandi þennan málaflokk. Það virðist því ákaflega eðlilegt, að ráðh. hafi samráð við hann sem slíkan. Hv. þm.

taldi á þessu þau tormerki m. a., að vitamálastjóri væri þm. sérstaks kjördæmis. Við því verður náttúrlega ekki gert og ómögulegt að miða löggjöf við slíkt. Ég held þetta sé út af fyrir sig hrein rökleysa. Ráðherrar eru líka oftast þm. einstakra kjördæma, svo að það er vandsiglt fram hjá því skeri að komast með úrskurði þessu viðkomandi fram hjá embættismönnum, sem líka kunna að vera þm. á vissum tímum. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að taka meira fram um þessi einstöku atriði. En sem sagt, n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann frestaði málinu, tæki það út af dagskrá og gæfi mér tækifæri til þess að bera fram brtt., því að hv. form. n. hefur ekki látið mig vita um afstöðu n., þrátt fyrir það að mér hafi verið lofað því, og ég er því ekki tilbúinn í dag til þess að bera fram brtt. við frv. Og vildi ég vænta þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá og gefi mér tækifæri til þess að bera fram þær brtt., sem ég hef rætt, og mun ég þá ræða þær, þegar þær koma í deildina.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 205, 359).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér þrjár brtt. við 1. gr. Það er fyrsta brtt., að orðið „slíkum“ í 1. tölulið 1. gr. falli niður og hef ég rætt áður, hvers vegna þessi brtt. er fram borin, og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér. — Ég hef einnig borið fram brtt. við 2. tölulið, að orðin „samkv. 1. gr. l. nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur“ falli niður. Ef þessi till. verður samþ., þá er ekkert um það deilt, að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum þeim lánum, sem lánuð eru samkv. þessari mgr. úr hafnarbótasjóði, og þykir mér rétt, að það sé tekið fram ákveðið í lögunum. — Ég hef í þriðja lagi borið fram hér undir c-lið till. um það, að síðasta mgr. falli niður: „Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.“ Þetta ákvæði hefur ekki verið í lögunum áður, og ég sé ekki ástæðu til þess að setja það nú, eins og ég hef tekið fram áður, tel enda, að það sé mjög óheppilegt, á meðan sjálfur vitamálastjóri situr á þingi og hefur þar að gæta hagsmuna ákveðins héraðs. — Ég skal ekki orðlengja þetta meira, en vænti þess, að þessar till. allar verði samþykktar.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál nú. Ég gerði grein fyrir afstöðu n. við 2. umr. þess og hef þar sáralitlu við að bæta. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli hv. deildarmanna á því, að þótt brtt. hv. þm. Barð. virðist ekki vera um mikilvæg atriði, þá hníga þær allar í eina átt, og það er nokkur eðlismunur á þeim og niðurstöðum n. Þegar l. um hafnarbótasjóð voru sett, þá voru þau í rauninni frávik frá þeirri almennu reglu, að Alþ. fari með fjárveitingarvaldið, en það lagt að nokkru í hendur ráðh. Ég vil aðeins leyfa mér að benda hv. þdm. á það, að ef samþ. verða brtt. hv. þm. Barð., þá miða þær að því að gera enn óskoraðra vald hæstv. ráðh. yfir sjóðnum frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Annað sé ég ekki ástæðu til að taka fram nú, því að ég gerði grein fyrir afstöðu n. og minni eigin við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 359,a felld með 8:6 atkv.
— 359,b felld með 8:6 atkv.
— 359,c felld með 9:2 atkv.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 376).

14. Tollskrá o. fl. (bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er lagt til í þessu frv. að framlengja fyrir næsta ár viðauka á vörumagnstoll og verðtoll og enn fremur heimildir til þess að undanþiggja þessum hækkunum vissar vörutegundir, sem greinir í 2. gr. laganna. Þessir viðaukar hafa verið lögfestir ár eftir ár undanfarið, og fjárlagafrv. ber það með sér, að ríkissjóður má ekki án þessara tekna vera. — Ég legg til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 96 og 104).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. geta séð á nál. frá fjhn., nál. meiri hl. á þskj. 104, nál. minni hl. á þskj. 96, þá hefur fjhn. ekki orðið algerlega sammála um afgreiðslu þessa máls. Við 4 nm., sem erum í meiri hl., leggjum til, að þetta frv. sé samþ. óbreytt, en minni hl. telur sig vilja fella frv., en virðist þó vilja samþ. 3. gr. þess. Gerir hann sjálfsagt nánari grein fyrir þessari afstöðu.

Þetta frv. er gamall kunningi hér í Alþ. og hefur verið framlengt undanfarin ár um eitt ár í senn. Meiri hl. lítur svo á, að það séu allar þær sömu ástæður fyrir hendi nú til að framlengja frv. um eitt ár eins og verið hafa, og byggir till. sína á því áliti. Frv. er svo kunnugt

hér í þingi og þau lög, sem gilt hafa og frv. er framlenging á, að það er óþarfi að rekja efni þess. 1. gr. þess er um að auka nokkuð þær tekjur, sem ríkissjóður hefur, en 2. og 3. gr. eru aftur um undantekningu á tollum, 2. gr. um að undanþiggja nokkrar nauðsynjavörur þeirri tollahækkun, sem 1. gr. ákveður, og 3. gr. um heimild til að fella með öllu niður toll á nokkrum nauðsynjum. Þetta hvort tveggja telur meiri hl. n. jafnnauðsynlegt. Undantekningar, eins og ég sagði áðan, eru eingöngu um brýnar nauðsynjar, en til þess að geta fellt slíkar nauðsynjar undan tollum og til þess að inna greiðslur ríkissjóðs af hendi, þarf hann auðvitað að hafa tekjur, og þótt þær komi þungt niður á landsmönnum sem gjöld til ríkissjóðs og annarra opinberra þarfa, þá er ekki hægt að komast hjá því og verður að taka það eins og það er.

Í n. var nokkuð rætt um það, að ef til vill væri rétt að nota það tilefni, að þetta frv. liggur fyrir, til þess að breyta tollskránni í fleiri atriðum og þá til frambúðar. Var það sérstaklega hv. þm. Barð., sem hreyfði þar ákveðnu atriði, sem hann vill gjarnan breyta í tollskránni. Eftir nokkra athugun leit þó, held ég, n. öll svo á, að rétt væri að afgr. þetta frv., sem fyrir liggur, samþ. það eða fella sérstaklega, en breytingar, sem menn kynnu að vilja gera á tollskránni og ættu að gilda til frambúðar, ætti frekar að gera með sérstöku lagafrv., þar sem þetta frv. gildir aðeins til eins árs, þótt að lögum verði. Að vísu má búast við, að það verði framlengt oftar en nú, en það breytir engu í þessu tilliti, það verða tímabundin lög, en tollskráin almennt séð er það ekki, og þó að frá almennu sjónarmiði megi segja það, að óviðkunnanlegt sé að breyta sömu lögunum með tvennum lögum á sama þingi, þá lítur n. svo á, að það sé ekki í þessu tilfelli, af þessum ástæðum, sem ég hef greint, að þetta frv. er aðeins tímabundið, og er miklu réttara að hafa frambúðarbreytingu á tollskránni í sérstökum lögum, og yrði að minnsta kosti umsvifaminna, ef að þeim tíma kæmi, að ekki væri þörf á að framlengja þessi lög, sem hér um ræðir. Eins og ég hef áður sagt, er það því till. meiri hl. n., að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fremur yfirlætislítið að ytri búningi. Það er prentað hér á eina síðu, og því fylgir engin grg. Þó hefur þetta frv. að geyma verulegan hluta af tekjum ríkissjóðs, eða 1. gr. þess réttara sagt. Hún fjallar um vörumagnstoll og verðtoll, og í henni er gert ráð fyrir, að vörumagnstollur af benzíni tvítugfaldist frá því, sem var hér fyrir nokkrum árum, og af öðrum vörum verði tekið 250% álag og enn fremur, að verðtollur verði innheimtur með 45% álagi. Þessir tveir liðir, vörumagnstollur og verðtollur, eru á fjárlagafrv. þessa árs áætlaðir 127.5 millj. kr., þannig að þarna er um mjög verulega upphæð að ræða og næsta stórt mál. Og enda þótt ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram greinargerðarlaust, sé auðvitað sú, að það er lagt hér fram árlega, þá fyndist mér þó ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. gerði hverju sinni nokkra grein fyrir því, sem hún telur nauðsyn þess, að þessar álögur verði framlengdar ár frá ári.

Það hefur orðið þróunin hér undanfarin ár, að tekjur ríkissjóðs hafa meir og meir verið teknar með óbeinum tollum og sköttum, óbeinum nefsköttum á almenning, þannig að á fjárlagafrv. þessa árs t. d. eru beinir skattar aðeins rúmlega ⅓ hluti af heildarupphæð skatta og tolla. Hitt er tekið með nefsköttum allt saman. Þessi þróun hefur farið vaxandi ár frá ári. Árið 1947 t. d., þegar þessi stefna var þó hafin fyrir alvöru og lagðir höfðu verið á mjög miklir nýir tollar, voru þó beinu skattarnir enn þá rúmur ¼ af þessum tekjum. Og þessir óbeinu skattar hafa verið lagðir þannig á í mjög mörgum tilfellum, að þar hefur átt að vera um bráðabirgðaráðstafanir að ræða til þess að leysa ákveðin vandamál, margsinnis t. d. í sambandi við verðuppbætur á fiski, og þá hefur ævinlega verið sagt, að þar sem tekjurnar væru eingöngu við þessi atriði miðaðar og ef þær aðstæður breyttust, að ekki þyrfti að verja fé til þeirra þarfa, þá mundi tekjuöflunin einnig falla niður. Hins vegar hefur reynslan ævinlega orðið sú, að enda þótt hætt hafi verið við slíkar ráðstafanir, þá hafa hinir óbeinu tollar og skattar ævinlega haldið áfram. Ég geri ráð fyrir, að það sé orðið þannig ástatt, að óvíða í heimi sé eins mikill hluti af tekjum ríkissjóðs tekinn á þennan hátt, og stefna okkar sósíalista er sú, að þessi tekjuöflunaraðferð sé ekki réttlát.

Þegar teknar eru tekjur með óbeinum tollum og sköttum, hlýtur það að leggjast hlutfallslega þyngst á þá, sem erfiðast eiga með að greiða, en meira réttlæti er auðvitað í hinu, að það verði lagt á menn eftir getu þeirra til að bera byrðarnar. Ég skal t. d. benda á, að þessi tvö atriði, sem felast í þessu frv., vörumagnstollur og verðtollur, eru, eins og ég sagði áðan, áætluð 127.5 millj. á fjárlagafrv. Maður þekkir hæstv. fjmrh. það vel, að hann hefur eflaust farið varlega í sínar áætlanir, þannig að ekki mun vera fjarri sanni, að þessir liðir tveir nemi allt að því þúsund krónum á hvert mannsbarn í landinu, allt frá vöggu til grafar, á ári, eða upp undir 5 þús. kr. á 5 manna fjölskyldu á ári. Það er enginn smáræðis biti, sem hæstv. ríkisstj. heggur þannig af tekjum almennings.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, þetta hefur oft verið rætt hér á þingi, en ítreka það sem sagt, að ég er andvígur 1. gr. frv. Verði hún hins vegar samþ., mun ég að sjálfsögðu fylgja undanþágum þeim, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., og einnig ákvæðum 3. gr.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það kemur nú sjálfsagt engum á óvart, hvað hv. 1. landsk. hafði til málanna að leggja í þessu efni, því að það var nú ekkert nýtt í því. Fyrirrennari hans hefur á liðnum þingum haft það sama að segja um þetta mál. Ég ætla því ekki að lengja hér umr. með því að svara þessari ræðu hans að neinu ráði. Hann byrjaði á því að benda á það, að þó að þetta frv. léti lítið yfir sér, eins og hann orðaði það, þá væri það verulegur hluti af tekjum ríkissjóðs, sem það heimilaði að innheimta af þjóðinni. Það er nú rétt, að það er

allmikið fé, sem kemur inn í ríkissjóðinn samkv. 1. gr., en samt sem áður virðist þessum hv. þm. vera hægt að afnema þessar tekjulindir, án þess að hann bendi á nokkrar aðrar tekjulindir í staðinn. Hann sagði, að óbeinir skattar hefðu aukizt. Það er rétt. Óbeinir skattar hafa aukizt. En hefur þá ekki einnig aukizt mjög það, sem ríkissjóður leggur fram í eitt og annað og landsmönnum kemur að notum, og er hans flokkur hógværari en aðrir í því að krefjast framlaga frá ríkissjóði til eins og annars, oft að sjálfsögðu góðra mála í sjálfu sér, ef peningar væru fyrir hendi? Hann talaði um stefnu síns flokks. Í fjármálum virðist mér, að sú stefna sé skýrt mörkuð og hafi alltaf verið, það er yfirleitt að vera á móti því, að ríkissjóður leggi gjöld á eða fái tekjur, og með öllum útgjöldum. Hvernig þeir gætu svo komið þessu heim og saman, ef þeir ættu að stjórna og bera ábyrgð á fjármálunum, það er mér ekki skiljanlegt og líklega fáum og sennilega ekki þeim sjálfum, og þess vegna þýðir ekki að ræða það. Það er öllum vitanlegt, að þetta er gert til þess að reyna að fá af því vinsældir, því að flestum er illa við að greiða skatta, og allir vilja þó fá sem mest úr ríkissjóði til þeirra hluta, sem þeir telja nauðsynlegt að gera, og þess vegna kann það að virðast í fljótu bragði vænlegt til fylgisauka og vinsælda að vera á móti sköttum, en með framlögum úr ríkissjóði. En ég hef nú þá trú, að mikill hluti fólks sé þó enn það vitiborinn, að hann sjái það, að slík pólitík er ekki raunveruleg, og þess vegna efast ég mjög um, að vinsældirnar af svona stefnu og fylgisaukinn vegna hennar verði eins og þessi hv. flokkur ef til vill gerir sér vonir um. Um þetta þýðir ekki að ræða við hv. frsm. minni hl., það verður auðvitað klippt og skorið, og skal ég ekki orðlengja þetta frekar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Ég hafði fyrst hugsað mér að bera fram tvær brtt. við þetta frv. og hreyfði því í hv. fjhn., en þær voru í því fólgnar að fella niður allverulega innflutningstolla af hálfunnum dósum utan um niðursuðuvörur og fullunnum sérstökum tegundum dósa, sem kallaðar eru dingle-dósir, og enn fremur að endurgreiða hliðstæðan hluta af þeim tollum, sem greiddir hafa verið af þessum innflutningi á yfirstandandi ári. Eftir að ég hafði hreyft þessu í n., ræddi hv. frsm. meiri hl. við hæstv. ráðh. um þessi mál og flutti mér þá þær fréttir, sem hann að vísu gat ekki um hér í sinni framsöguræðu, að það væri von á frv. til breyt. á tollalöggjöfinni frá hæstv. ríkisstjórn. Og í trausti þess, að það frv. komi svo snemma á þessu þingi, að það gefist tækifæri til þess að afgreiða það mál, þá mun ég ekki bera fram þær brtt., sem ég hafði hugsað að bera fram við þetta frv. Bregðist það mót von minni, þá mun ég að sjálfsögðu bera fram sérstakt frv. í sambandi við þetta mál síðar á þinginu. Mér þótti rétt að gera þessa grein fyrir þeim fyrirvara, sem ég hef skrifað hér undir nál.

Út af ræðu hv. frsm. minni hl. vildi ég aðeins, úr því að ég stóð upp, leyfa mér að benda á, að honum er fullkomlega ljóst, að það muni þurfa 127.5 millj. kr. í ríkissjóðinn til þess að mæta útgjöldum í staðinn fyrir þá tekjustofna, sem hann hér mælir á móti, að sé haldið áfram næsta ár. Mér eru það vonbrigði, að ekki skyldi hafa verið sett fram í fjhn. þetta sjónarmið af hans hálfu, því að það kom þar alls ekki fram. Þar kom ekkert fram frá honum um það, að hann teldi, að það ætti að skipta hér um og fara inn á beina skatta í staðinn fyrir óbeina, eins og hann ræddi hér nú. En það er þá sýnilegt, að ef hann ætlast til þess, að farið yrði inn á þá braut, þá yrði að hækka úr 54 millj. kr. beina skatta samkv. fjárlögunum um 127.5 millj. Það yrði með öðrum orðum nærri því að fjórfalda skattaálagninguna í sambandi við tekju- og eignarskatt í landinu. Ég veit nú ekki, hvernig þessi hv. þm. hefur hugsað sér framkvæmdina á því. Hitt er mér kunnugt um, að það eru mjög sterkar kröfur hér í Alþ. fyrir því að lækka allverulega tekju- og eignarskattsbyrðina hjá þjóðinni, og ég held, að það sé enginn ágreiningur um það út af fyrir sig, að það þurfi að hækka persónufrádráttinn allverulega, það þurfi að lækka skattstigann á þeim, sem hafa minnstar tekjur hins vegar, og það sé lítil hagsýni í því að innheimta mjög lágar upphæðir eftir þessum leiðum; það þurfi þess utan að gefa ýmis fríðindi til atvinnufyrirtækjanna í sambandi við skattalögin til þess að örva atvinnulífið í landinu. Og ef þarf að uppfylla allar þessar kröfur, sem mér skilst nú raunverulega, að meiri hl. hv. alþm. standi nú að, þá hljóta þær að rýra ákaflega mikið þennan tekjustofn, og þá er ekkert eftir annað en að hækkka þeim mun meira það, sem eftir er. Og það sér nú hver lifandi maður, að hverju það mundi stefna. Það mundi stefna að því, að allt atvinnulíf í þessu landi færi í rústir. Ef það er því hugsun þessa hv. þm. með sinni framsöguræðu hér að stefna að því, að allt atvinnulíf á Íslandi fari í rústir, þá er náttúrlega miklu betra að viðurkenna það opinberlega heldur en að vera að ræða um það á þennan hátt, sem hann hefur gert hér. Það er eitthvert það allra mesta ábyrgðarleysi, sem ég hef heyrt hér, að halda því fram í alvöru, að það sé hægt að fella niður þennan tekjustofn ríkisins, rúmar 127 millj. kr., og láta ekkert annað koma í staðinn heldur en beina skatta á einstaklingana í þjóðfélaginu, því að sú hugsun er ekki hugsuð til enda undir neinum kringumstæðum, hvorki af þessum hv. þm. né neinum hans flokksbræðra. Það er eingöngu ábyrgðarlaust hjal, og ég trúi því nú satt að segja ekki frekar en hv. forseti þessarar d., að það finnist margir menn í landinu, sem taka það alvarlega. — Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta atriði. Hv. frsm. meiri hl. hefur gert því skil, en mér þótti rétt að láta þetta koma fram, úr því að ég þurfti að ræða um málið á öðrum sviðum.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hélt því fram, að það væri stefna sú, sem ég hefði markað hér í ræðu minni áðan, að vera á móti öllum tekjum ríkissjóðs, en með öllum útgjöldum hans. Þetta er auðvitað ekki rétt túlkað. Auðvitað er mér það

ljóst eins og öðrum, að ríkissjóður verður að hafa sínar ákveðnu tekjur til nauðsynlegra þarfa, þó að ekki sé þar með sagt, að öll útgjöld ríkissjóðs séu nauðsynleg; því fer fjarri. En það, sem ég sagði í minni framsöguræðu, var það, að ég drap nokkrum orðum á það prinsip-atriði, þá meginreglu, hvernig á að innheimta þessar tekjur. Ég benti á, að það væri ranglát aðferð að minni hyggju að innheimta slíkar tekjur með nefsköttum, sem legðust á menn án nokkurs tillits til þess, hverjar ástæður þeirra væru, og legðust af þeim ástæðum auðvitað hlutfallslega þyngst á þá, sem minnst tök hafa á að bera þær. Í staðinn ætti að innheimta þessar tekjur í hlutfalli við það, hvað þegnar þjóðfélagsins gætu borið, hvað aðstæður þeirra leyfðu. Og það var þetta, sem ég minntist á í minni framsöguræðu, og það er hártogun hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann leggur það út á annan hátt. Annars vil ég benda hv. frsm. á það, að nú viðgengst það hér í okkar þjóðfélagi, að hundruðum milljóna króna sé kastað á glæ á hverju einasta ári. Það vita allir, að framleiðslutæki okkar eru aðeins hagnýtt að hluta af því, sem hægt væri. Bæði skipakostur okkar og einnig verksmiðjur til að vinna aflann geta framleitt langtum meira en nú er gert. Það hefur t. d. verið talið af mönnum, sem hafa kynnt sér þessi mál, að það væri hægt að flytja út fyrir um það bil 200 milljónum meira en nú er gert. Og önnur sóun, sem stendur auðvitað í sambandi við þessa, er það, að nú viðgengst það í sívaxandi mæli, að dýrmætustu eign þjóðarinnar, vinnuaflinu, sé sóað í mjög stórum stíl, að þúsundir og aftur þúsundir manna gangi atvinnulausir mánuðum saman. Þarna eru vissulega verðmæti, sem ríkisstj. ætti að hafa hug á að hagnýta og mundu auðvitað færa ríkisstj. tekjur í ríkissjóð.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. Barð. sagði, kom mér það nokkuð á óvart, að hann skyldi halda því fram, að ég legði til, að 127½ millj. kr. væri svipt út úr fjárl. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar ekki um neinar 127½ millj. kr., heldur um hluta af þeirri upphæð, eins og hv. þm. ætti að vera fyllilega ljóst. Þarna er lagt til, að innheimta þessi gjöld, vörumagnstoll og verðtoll, með vissu álagi, og álagið er auðvitað ekki upphæðin öll, heldur aðeins hluti af henni. Hins vegar kom hv. þm. einnig inn á það, að það væri furðuleg stefna að ætlast til þess, að tekjur ríkissjóðs væru frekar innheimtar með beinu en óbeinu móti, og taldi, að með því væri raunverulega lagt til að drepa allt atvinnulíf í landinu, hvorki meira né minna. Mér hefur virzt um hæstv. ríkisstj., að hennar athafnir miðuðu einmitt frekar að því að lama atvinnulífið í landinu en tillögur okkar úr stjórnarandstöðunni, og væri hægt að ræða það ýtarlegar. En það gefur auga leið, svo að ég minnist örlítið meira á þetta prinsip-atriði, að þegar með þessum tveimur tollum, vörumagnstolli og verðtolli, eru innheimtar, eins og nú er gert, að meðaltali 1000 krónur á hvert mannsbarn í landinu á ári, eða um 5000 krónur á hverja fimm manna fjölskyldu, þá getur það út af fyrir sig ekki verið atriði fyrir slíka fjölskyldu, hvort hún borgaði þetta fé í matvörum sínum eða hún borgaði það beint. Auðvitað mundi allt vöruverð lækka sem þessum tollum svarað, og tollaupphæðir eru, eins og kunnugt er, mjög stór hluti orðinn af vöruverðinu í landinu, í mjög mörgum dæmum þriðjungur og meira en það. En ef það væri farið út í beinu aðferðina, þá mundu þessi gjöld auðvitað leggjast á menn eftir tekjum þeirra; það yrði breytingin, þannig að þeir, sem minni hefðu tekjurnar, bæru minni byrðar. Ég veit, að hv. þm. skilur þetta fullvel, og ég vænti þess einnig, að hann vilji skilja það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

Á 13. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Meginefni þessa frv. er í 1. gr. um hækkun á tollum, eins og þar segir. Ég er andvígur þessari gr. og efni hennar, og þó að ég telji, að 2. og 3. gr. eigi fullkomlega rétt á sér, hlýt ég þó að vera á móti frv. og mun greiða atkv. gegn því við atkvgr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, GJ, BSt.
nei: MK, FRV, HG.
7 þm. (LJóh, PZ, StgrA, BBen, GÍG, HermJ, JJós) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég bjóst nú við, að hæstv. fjmrh. mundi hafa svo mikið við að segja að minnsta kosti nokkur orð, um leið og frv. um framlenginguna á vörumagnstollinum og verðtollinum væri lagt fyrir d., en hann hefur nú ekki gert það. Innihald þessa frv. er að framlengja óbreytta vörumagnstollinn og verðtollinn, tolla, sem gefa ríkinu á annað hundrað milljóna króna, tolla, sem hvað eftir annað er búið að lofa að lækka, og samtímis hefur hæstv. ríkisstj. lofað þinginu að láta athuga mjög gaumgæfilega um aðrar leiðir um tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Hins vegar heyrist ekki eitt orð viðvíkjandi endurskoðun skattakerfisins og ekki eitt orð frá ríkisstj. um, að að neinu leyti sé tilætlunin að reyna að létta einhverju af þeim tollum, sem þyngst hvíla á almenningi, og það verður að telja slíkt mjög illa farið. Það er engum vafa bundið, að dýrtíðin er orðin það tilfinnanleg fyrir fólkið í landinu, að þess væri full þörf, að nokkuð væri farið að

reyna að létta að minnsta kosti á þeim tollum, sem fyrst og fremst hvíla á aðalnauðsynjavörunum. Ég vildi þess vegna aðeins geta þess, um leið og ég lýsi yfir því, að ég er andstæður þessari 1. gr. óbreyttri, — og Sósfl. hefur verið það á undanförnum þingum, — að ég mun gera brtt. viðvíkjandi því, þegar þetta mál kemur til fjhn., sem ég geng út frá, að það fari nú til, en vildi hins vegar aðeins segja þessi fáu orð við þessa fyrstu aðalumræðu málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 301 og 326).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mér þykir nú leitt, að út af því, hvernig búið er að breyta þingsköpunum, þá lítur nú út eins og það hafi ekki verið rétt, sem hæstv. forseti var að segja áðan, að meiri hl. hefði nú gert grein fyrir sínu máli, þótt stutt væri, því að eins og hann heyrði, þá gerði hv. þm. V-Húnv. grein fyrir áliti meiri hl. í nokkrum orðum úr sínum stól, en nú er enginn þingskrifari, sem skrifar þau fáu og snjöllu orð niður, þannig að þau koma hvergi nokkurs staðar fram í þingtíðindum, og það lítur út eins og meiri hl. hafi alls ekki viljað koma nokkurn skapaðan hlut nærri því að mæla með þessu frv. Hins vegar liggur nú fyrir skriflegt frá honum hans álit í þessu, en það er leitt, að hann skuli ekki hafa séð sér fært að reyna að einhverju leyti að rökstyðja það.

Það hefur nú máske verið dálítið skiljanlegt, sem hér er um að ræða, þ. e. að framlengja með 1. gr. hækkunina á vörumagnstollinum og verðtollinum, sem oft er búið að lofa að endurskoða, eins og tolla- og skattalöggjöfina yfirleitt, en lítið hefur borið á, að ætti að nokkru leyti að efna. Þetta sama frv. hefur verið fyrir okkur hér þing eftir þing. Samtímis þessum frv. hefur svo legið fyrir loforð frá ríkisstj. um að láta endurskoða skatta- og tollalöggjöfina, því að öll tollalöggjöfin er nú orðin þannig, að hún er í ótal pörtum og meginið af því í lögum, sem framlengd eru ár eftir ár, og þannig heitir t. d. þetta frv., sem hér liggur fyrir, „frv. til laga um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939". Það er þannig bráðabirgðabreyting á l., sem búin er að ganga í gegn frá 1939, svoleiðis að það hefur ekki verið aldeilis neitt svona til bráðabirgða, þegar litið er yfir tímabilið. Ég veit ósköp vel, að hæstv. ríkisstj. mun halda fast á að fá þetta samþ., og það er ekki óeðlilegt frá hennar hálfu. Mínar till. eru þess vegna meira til þess að minna aðeins á þetta, að framlenging þessara hækkana er ekki eðlileg, og sérstaklega ekki þegar þess er ekki gætt um leið að efna þau loforð, sem hvað eftir annað eru gefin um endurskoðun á tolla- og skattalöggjöfinni. Nú mun það t. d. vera svo, að hæstv. ríkisstj. mun hafa sett eins konar milliþn. í skattamálum, en ekkert heyrist frá milliþn. Við höfum ekki hugmynd um, hvort við ættum ef til vill von á því að fá alveg nýja skatta, rétt eftir að búið væri að framlengja alla gömlu nefskattana, alla gömlu tollana, þannig að mín mótmæli gegn þessu frv., sem hérna liggur fyrir, eru fyrst og fremst gerð út frá þeim forsendum að minna hæstv. ríkisstj. á þær endurskoðanir, sem hún var búin að lofa. Ég er sem sé á móti þessari 1. gr. Hins vegar er ekki nema gott um 2. gr. að segja, þ. e. undanþágur undan 1. gr., og 3. gr. fjallar hins vegar um að fella niður ákveðin aðflutningsgjöld, sem felld hafa verið niður ár eftir ár og ég auðvitað er með.

Ég læt svo útrætt viðvíkjandi þessu máli. Það hefur verið rætt þing eftir þing, þannig að ég hirði ekki um að fara að endurtaka þær umr., þær eru öllum þm. svo kunnar.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 9, sem hér er til umr., er framlenging á ákvæðum laga nr. 106 1951 varðandi innheimtu vörumagnstolls og verðtolls á árinu 1953. Meiri hl. fjhn. hefur gefið út nál. á þskj. 301, þar sem hann mælir með því, að frv. verði samþ. Minni hl., hv. 2. þm. Reykv., hefur lagt fram sérstakt nál. á þskj. 326, þar sem hann lýsir andstöðu sinni við 1. gr. frv. Með þeim kröfum um fjárhagsleg útgjöld, sem gerðar eru á hendur ríkissjóði í æ ríkari mæli, verður ekki séð, að hægt sé að mæla með því að fella af 1. gr. frv. Meiri hl. n. leggur því eindregið með því, að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 34. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 385).

---

15. Áburðarverksmiðja.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það var ákveðið á sínum tíma, að efnahagsaðstoð frá Bandaríkj-

unum á tímabilinu frá 1. júlí 1951 til jafnlengdar árið 1952, þ. e. a. s. til jafnlengdar þetta ár, skyldi nema 5½ milljón dollara. Það varð að samningum, að 1 milljón dollara af þessari fjárhæð yrði veitt sem lán, en hitt sem óafturkræft framlag, og er þetta sízt tiltölulega meira lán af allri fjárhæðinni heldur en tíðkast að veita yfirleitt. Þegar þessir samningar tókust, þá var ekki fyrir hendi löggjöf frá hv. Alþingi til þess að ganga frá láninu, en gripa varð þá til þess að gefa út brbl. Þó að það sé heldur óvenjulegt um lántökur að grípa til brbl., þá þótti það mikið vitað um þingviljann, að ríkisstj. taldi það óhætt. Var það þess vegna gert og lánið tekið samkv. brbl., og það frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á þeim brbl. — Ég leyfi mér að óska eftir, að málinu verði vísað til fjhn. að aflokinni umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki sérstaklega mikið um þetta frv. að segja. Það kom fyrir okkur á síðasta þingi líka frv. um lán til áburðarverksmiðjunnar, og ég gerði í sambandi við það nokkuð að umtalsefni, á hvern hátt þessi lán væru látin í té og til hvaða aðila. Þau mál voru þá afgr., án þess að það fengist endanlega úr því skorið, hver sá aðili raunverulega væri, sem ríkisstj. væri að láta þessi lán í té.

Lögin um áburðarverksmiðju hljóða um það, að ríkisstj. sé heimilt að láta reisa og reka verksmiðju, hún skuli leggja fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju og verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn, og sé hvorki heimilt að selja hana né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. M. ö. o.: Allar 12 greinar laganna um áburðarverksmiðju hljóða um, að áburðarverksmiðjan sé sjálfseignarstofnun á sama hátt og t. d. Landsbankinn og aðrar slíkar eignar ríkisins, og það er ekkert í þessum lögum, sem raunverulega breytir þessu atriði. Hins vegar hef ég nú á tveim þingum komið fram með fyrirspurnir um það, hvernig hæstv. ríkisstj. liti á með eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni, og það hafa komið fram í umræðum yfirlýsingar frá ýmsum ráðherrum um það, að þessi áburðarverksmiðja væri eign hlutafélags. Ég hef mótmælt þessum yfirlýsingum og lýst því yfir, að ég álíti, að þær hefðu ekki neitt lagalegt gildi, þær gætu ekki breytt eignarréttinum á áburðarverksmiðjunni, eins og hann er ákvarðaður í öllum þeim afgerandi lagagreinum, 1.—12. gr. laganna. Hins vegar hafa nú verið settar í gegn hvað eftir annað í hv. deild ákvarðanir um að lána Áburðarverksmiðjunni h/f, sem er fyrirtæki, sem er ekki minnzt á í lögum um áburðarverksmiðjuna, fyrr en að nokkru leyti í 13. gr., en aldrei undir því nafni, allar þær lánsupphæðir, sem ríkið lætur þannig í té. Hvernig er hins vegar hin lagalega afstaða þessarar Áburðarverksmiðju h/f? Hún er þannig eftir 13. gr. laganna, að heimilt er að stofna hlutafélag, svo framarlega sem hægt er að fá 4 millj. kr. annars staðar að en frá ríkissjóði, og skal þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag. Með öðrum orðum: Það eina, sem segir í l., er, að svo framarlega sem hægt er að fá hlutafé að upphæð 4 millj. kr. annars staðar að en frá ríkissjóði, þá skuli verksmiðjan rekin sem hlutafélag. Það stendur hvergi nokkurs staðar í þessum lögum, að verksmiðjan skuli fá að vera eign hlutafélags, — hvergi nokkurs staðar einn einasti bókstafur fyrir því. Og hitt er vitanlega fyrirkomulag, sem er mjög vel hugsanlegt, að rekstur eins fyrirtækis er hafður í hlutafélagsformi, þó að eigandi fyrirtækisins sé annar en hlutafélagið. Það er hægt að stofna t. d. hlutafélag um að reka togara, sem t. d. bær eða ríki á.

Ég álít þess vegna, að lögin skeri alveg ótvírætt úr um það, að Áburðarverksmiðjan h/f sé hlutafélag, sem eftir lögunum eigi að annast rekstur á þessu fyrirtæki, en ekki eiga það, og ég vil nú, eins og ég hef gert áður, þegar þessi mál hafa verið hér til umræðu, láta þessa skoðun koma skýrt og greinilega fram, þannig að það sé ekki hægt að skilja, að nein af þeim ákvörðunum, sem teknar eru viðvíkjandi ráðstöfuninni á lántökunni, eigi að löghelga það, að Áburðarverksmiðjan h/f sé eigandi áburðarverksmiðjunnar. Ég verð líka að segja það, að það mundi vera undarlegt fyrirkomulag, ef á að stofna áburðarverksmiðju, sem kostar líklega 108 millj. kr., og ríkið á að taka að láni eða útvega á ýmsan hátt máske yfir 100 millj. kr. í þetta fyrirtæki, en síðan eigi þetta fyrirtæki, sem er sem sé að 98 hundraðshlutum skaffað fé af hálfu ríkisins, að vera eign hlutafélags, þar sem einstaklingar eiga 4 millj. og ríkið 6. Það mundi m. ö. o. þýða, að svo framarlega sem þessi áburðarverksmiðja yrði gott fyrirtæki, sem ég geng út frá, að allir voni, sem að henni hafa staðið, og borgaði smám saman niður sínar skuldir, þá yrðu, þegar búið væri að borga allar hennar skuldir, hún væri orðin skuldlaus að lokum og væri búin að eignast þessar 108 milljónir, sem í hana hafa verið lagðar, sem sé 9/10 hlutar hennar eign ríkisins og 1/10 hlutar eign einstaklinga. Ég vil, að það komi alveg skýrt og greinilega fram, hvort það sé hugmynd Alþ. að ráðstafa þannig eignum ríkisins, að það skuli skaffa af hálfu ríkisins 100 millj. kr. og það skuli vera lagt fram þannig, að ef allt gengur vel, þá skuli að lokum 9/10 hlutar áburðarverksmiðjunnar vera eign þeirra einstaklinga, — og þegar ég tala um einstaklinga, þá veit ég, að Samband íslenzkra samvinnufélaga er þar með, ég meina einstaka hluthafa, — og 9/10 hlutar eign ríkisins, þegar að lokum er búið að borga allar skuldir. Ég vil, að þetta komi alveg skýrt og greinilega fram, hvort það er hugsað að ráðstafa á þennan hátt framlögum ríkisins, og ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. fjmrh.: Er það rétt, að einhver hluti af þeim framlögum, sem veitt eru áburðarverksmiðjunni, sé hugsaður sem óafturkræf framlög? Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því í 2. gr. laganna, að það, sem ríkissjóður leggi fram samkv. ákvæðum fjárl., sé óafturkræft. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort það fé eigi sem sé að verða óafturkræft, eigi að verða gjöf, sem þýðir, ef litið er á Áburðarverksmiðjuna h/f sem eiganda fyrirtækisins, að ríkissjóður eigi að gefa 1/10 hluta af sínum framlögum þessum einstöku hluthöfum. Ég vildi í fyrsta lagi spyrja að því og hvernig hæstv. fjmrh. álítur, að það samrýmist tilgangi 2. gr. — Í öðru lagi vildi ég spyrja að því, hvort einhver hluti af því fé, sem ríkið fær sem Marshalllán til áburðarverksmiðjunnar, sé látinn

ganga áfram til áburðarverksmiðjunnar sem gjöf, því að þá mundi það líka þýða, að 1/10 hlutar af því færu sem gjöf raunverulega til einstakra hlut-hafa. Ég býst hins vegar ekki við, að sé fyrir hendi, að slíkt sé gert. Ég býst við, að það fé, sem ríkið tekur þannig við sem óafturkræfum framlögum, sem Marshallaðstoð, það verði eign ríkisins og áburðarverksmiðjan fái það aftur eins og aðrar þær stofnanir, sem þannig fá lán frá ríkinu. En þetta væri gott að fá upplýsingar um.

Nú er það vitanlegt öllum, sem fylgdust með, þegar þessi lög voru sett, að það var aldrei tilgangur Alþ., að sú áburðarverksmiðja, sem upp væri sett, væri annað en eign ríkisins. Frv. um áburðarverksmiðju kom fyrst fram hér í Nd., var samþ. hér í Nd. í þeirri mynd, að það væri einvörðungu hugsað sem eign ríkisins og rekið af ríkinu. Við 1. og 2. umr. í Ed. var þetta líka óbreytt, en við 3. umr. í Ed. er komið þarna inn með þessa brtt., — ég man ekki hver það var, sem flutti hana, það er kannske misminni hjá mér, að það hafi verið hæstv. núverandi viðskmrh., — en við 6. umr. í þinginu, síðustu umr. í síðari deild, var komið inn með þessa breytingu, sem þarna var samþykkt, þannig að 13. gr. lítur nú út eins og hún er, að þessu megi breyta í rekstrarhlutafélag, og síðan eru l. þannig samþ. á síðasta degi þingsins, samþ. í Nd. við eina umr. Og svo á næsta þingi á eftir er því lýst yfir af einum ráðh., að þessi ríkisverksmiðja sé eign þessa hlutafélags. M. ö. o.: Það er smeygt inn í lögin í 13. gr. ákvæðum, sem eru þveröfug við allar aðrar greinar laganna, smeygt inn í af einum ráðh. á síðustu dögum þingsins, smeygt í gegnum báðar d. við sína umr. í hvorri, þegar þingið hefur yfirdrifið að gera og mikið af málum að afgreiða, ordalagið haft þannig, að það er ekki hægt eftir orðanna hljóðan að skilja það öðruvísi en að það eigi að reka verksmiðjuna sem hlutafélag, og svo er byrjað að lýsa því yfir á næsta þingi á eftir, að þessi verksmiðja, þetta fyrirtæki, þetta 108 millj. kr. fyrirtæki, sem ríkið ríkið eigi að skaffa alla peninga í fyrir utan þær 4 millj. kr., sem ríkisbankarnir lána ákveðnum hluthöfum, eigi að vera eign þessa hlutafélags. Ég vil, að þessir hlutir komi alveg greinilega fram. Ég hef að vísu áður spurt um þetta, og hæstv. fjmrh. óskaði þá eftir því, af því að það lá á að afgreiða þau lög, sem þá lágu fyrir, að við afgreiddum þetta í fjhn. sem allra skjótast, og það var líka gert. Við gerðum þetta ekki að neinu löngu umtalsefni þá, en ég vil vonast til þess, að það verði betra næði á þessu þingi, til þess að þannig sé gengið frá þessum málum, að hér sé ekki neitt hægt að blanda málum. Þ. e. a. s., ef það er meiningin að gefa áburðarverksmiðjuna þessu hlutafélagi, þá álít ég nauðsynlegt, að það komi alveg greinilega fram, og þá þyrfti helzt líka að ganga þannig frá því, að l. sé alveg breytt og t. d. þeir menn, sem hafa í góðri trú lagt fram hlutafé til Áburðarverksmiðjunnar h/f, geti ekki löngu seinna, af því að þeir hafa haldið, að þeir væru að eignast þessa verksmiðju, farið að fara í mál á grundvelli þess, að þeir hafi verið blekktir til þess að leggja það fram, því að sem skiljanlegt er, þá munu þeir líta svo á, að þeir séu að eignast verksmiðjuna núna, en Alþ. liti þannig á seinna, eða dómstólar litu þannig á seinna, samkv. 1.—12. gr. l., að þeir hafi alls ekki verið að eignast hana, heldur hafi þeir bara verið að taka að sér rekstur á henni. Ég álít líka, að gagnvart þeim, sem hafa verið fengnir til að leggja þetta fram, sé alveg nauðsynlegt, að þetta komi núna alveg skýrt og ótvírætt í ljós, áður en á það er reynt, hvort áburðarverksmiðjan verður gott eða slæmt fjárhagslegt fyrirtæki, og það er hreinlegast, að Alþ. gangi þarna alveg greinilega frá þessu og hæstv. ríkisstj. kæmi þá sjálf fram með brtt. á l., ef hún vill hafa l. þannig, að þessi Áburðarverksmiðja h/f verði eigandi fyrirtækisins, en ríkið sleppi sínum eignarrétti á þessu, eins og það á að hafa eftir 1.—12. gr. l. Ég þarf ekki að geta þess, að ég er á móti slíkri breytingu, en ég álít, að það geti ekki gengið, að þessu sé svo að segja lætt í gegn í andstöðu við öll lagafyrirmæli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og lögin um áburðarverksmiðju bera með sér, þá er gert ráð fyrir, að það sé mögulegt að koma henni upp með tvennu móti. Annars vegar er ráðgert í l., að henni yrði komið upp þannig, að hún yrði hreint ríkisfyrirtæki, ríkið byggði hana og ræki. En svo er einnig gert ráð fyrir því í lögunum, að önnur leið geti orðið farin og hún sé sú, að stofnað sé hlutafélag. Og það getur enginn, sem athugar lögin, verið í vafa um, og ekki heldur þeir, sem fylgdust með málinu, að ef slíkt hlutafélag væri stofnað, ætti það að vera stofnað til þess að byggja og reka áburðarverksmiðju. Nú var þessi síðari leið farin, og þess vegna hefur ríkisstj. samkvæmt heimildum, sem um það hafa verið samþykktar, lánað hlutafélaginu, sem reisir áburðarverksmiðjuna, það fé, sem til hennar hefur farið. Og hlutafélagið reisir verksmiðjuna og rekur hana.

Nú segist hv. 2. þm. Reykv. hafa á þessu annan skilning, og vitaskuld getur enginn bannað honum að mótmæla þessu, vegna þess að hann hefur málfrelsi til þess hér á hv. Alþingi og annars staðar, ef hann vill. En þannig er þessu háttað og á því getur enginn vafi leikið.

Nú spurði hv. 2. þm. Reykv., hvort það væri meiningin að gefa áburðarverksmiðjunni eða hlutafélaginu eitthvað. Það er hægt að lýsa því hreinlega yfir, — en ég hélt, að það væri nú öllum vitanlegt, — að það er ekki ætlunin að gefa hlutafélaginu neitt. Það, sem ríkissjóður leggur fram sjálfur, er lagt fram sem hlutafé. Og ef þannig fer, að þeir, sem leggja í áburðarverksmiðjuna, verða ríkir á því, eins og hv. 2. þm. Reykv. heldur að verði, þá verður ríkissjóður einnig ríkur af þessum 6 millj., sem hann leggur fram sem hlutafé, og ætti það að minnka a. m. k. um 3/5 áhyggjur hv. 2. þm. Reykv. í þessu sambandi. Annað fjármagn, sem áburðarverksmiðjan fær, er henni veitt að láni, sem hún á að endurborga.

Hv. 2. þm. Reykv. finnst þetta vera slæmt fyrirkomulag, og ég get í sjálfu sér skilið það, vegna þess að hann mun vilja ríkisrekstur á sem allra flestu, og frá hans sjónarmiði er þetta vafalaust skökk aðferð. En við því er auðvitað ekkert að gera, hann getur reynt að vinna þeirri skoðun

sinni fylgi, og eins og ég sagði áðan, er honum heimilt að sjálfsögðu að telja þetta skakkt og mótmæla því. En ég minni hv. 2. þm. Reykv. á, að hann talar til þingmanna eins og hér hafi skeð eitthvert skelfilegt óhapp og það geti farið svo, að þarna verði einhverjir „voðalega“ ríkir á þessari aðstoð, sem hlutafélagið fær með því að fá fé að láni. Það er nú ekki annað, sem gert er. Aðstoðin á ekki að vera í öðru fólgin. Þetta gefur mér tilefni til þess að minna hv. 2. þm. Reykv. á, að hann hefur ekki ævinlega verið svona hræddur um það, að einstaklingar græddu, þó að náð væri saman lánsfé með tilstuðlun Alþingis og það lánað aftur einstaklingsfyrirtækjum. Ég held, að það hafi enginn endir verið á því, hvað þessi hv. þm. og hans flokksbræður gortuðu af því að eiga þátt í stofnun stofnlánadeildar sjávarútvegsins t. d. Sú löggjöf fjallaði um að ná saman lánsfé og að það fé skyldi afhent einstaklingum og hlutafélögum til þess að kaupa margvísleg tæki. Það var einkennilegt, að þessi hv. þm. skyldi ekki þá vera jafnhræddur um, að menn gætu orðið ríkir, eins og hann virðist vera í sambandi við rekstur áburðarverksmiðjunnar. En hvað um það, ég segi þetta síðasta nú meira í gamni heldur en að það hafi verið beint þörf á því. En aðalatriðið er þetta, og til þess fór ég hingað í ræðustólinn, að lýsa því yfir einu sinni enn, að hlutafélagið reisir að sjálfsögðu verksmiðjuna og á hana, framlag ríkissjóðs sjálfs er lagt í fyrirtækið sem hlutafé, en allt annað fé, sem verksmiðjunni er útvegað, er lánað og á að greiðast til baka, og þess vegna verður engum gefið eitt eða neitt í sambandi við þessi viðskipti.

Einar Olgeirsson: Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. er byrjaður að draga eitthvað í land í sambandi við þetta. Þegar hann svaraði minni fyrirspurn við 1. umr. svipaðrar lántökubeiðni á síðasta þingi, þá sagði hann alveg skýrt og skorinort, að þessi verksmiðja væri eign Áburðarverksmiðjunnar h/f. **(Fjmrh.:** Sagði ég það ekki áðan líka?) Nei, hann sagði nú ekki nema að félagið skyldi byggja og reka, en hæstv. fjmrh. hefur kannske ekki meint það, að hún væri alveg ótvírætt eign þessa fyrirtækis, en það var það, sem ég vildi fá fram hjá honum.

13. gr. í lögunum um áburðarverksmiðju hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að 1 millj. króna. Ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 millj. króna, og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.“ **(Gripið fram í:** Það er verið að stofna verksmiðjuna.) Það er verið að koma henni af stað. **(Gripið fram í:** Hún þarf þó að vera til.) Þá er verið að skapa hana. Með öðrum orðum: Í 13. gr. er ákveðið, að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. megi hafa þarna hlutafélagsform. Hvað segir nú 2. gr.? 2. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstj. og á ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.“ 2. gr., sem 13. gr. að einhverju leyti breytir, á aðeins við, hvernig fé sé fengið til stofnunar áburðarverksmiðju, og breytir það í raun og veru engu öðru en því, að það, sem ríkið leggur fram samkv. 2. gr. og á að vera óafturkræft, það verður nú hlutafé. 13. gr. segir þarna greinilega, að þrátt fyrir ákvæði 2. gr., greinarinnar, sem tekur fram, að ríkissjóður skuli leggja fram óafturkræft fé, þá megi breyta því þannig, að í staðinn fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé, sem sé óafturkræft, þá skuli það vera lagt fram sem hlutafé. Og það er það eina, sem 13. gr. breytir, enda er það tekið fram í byrjun hennar, að þetta sé „þrátt fyrir ákvæði 2. gr.“ Það er ekki verið að breyta 3. gr. með byrjun 13. gr. Það er ekki minnzt á 3. gr. En hvernig hljóðar 3. gr.? Hún hljóðar þannig: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“ Þessari gr. er ekki breytt að neinu leyti með 13. gr. Þannig er þeirri grein í þessum lögum, sem fjallar um það, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn, að engu leyti breytt. Eignarrétturinn á verksmiðjunni er algerlega óbreyttur þrátt fyrir 13. gr., og 13. gr. tekur það sjálf greinilega fram, að það er aðeins útvegun fjárins og formið á því, sem verið er að breyta, og þar með reksturinn á verksmiðjunni. Þetta held ég að sé alveg ótvírætt, ef ætti að leggja þetta fyrir dómstóla. Hins vegar veit ég það, að hvert orð, sem hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa sagt um þetta mál, verður dýrt fyrir ríkið seinna meir, ef áburðarverksmiðjan verður gott fyrirtæki. Ef áburðarverksmiðjan verður gott fyrirtæki og ef Alþingi seinna meir lítur þannig á, að þetta sé stofnun, sem ríkið á, en hlutafélagið hafi aðeins fengið hana, eins og segir í 13. gr., til þess að reka verksmiðjuna sem hlutafélag, þá verður fyrir dómstólum af hálfu hluthafanna, þegar þeir hafa ekki lengur eignarréttinn á verksmiðjunni, vitnað í það, að ákveðnir ráðherrar Framsfl. hafi í þessum umræðum lýst því yfir, að hluthafarnir ættu þessa verksmiðju. Og þá verður það dæmt þannig af hálfu dómstóla, að ríkið hafi tekið á sig ákveðna ábyrgð og blekkt þessa menn til þess að leggja fram hlutafé og þeir hafi greitt það í góðri trú. Þetta er það, sem ég held að sé alveg hreint óhjákvæmilegt að komi fram, og þess vegna vil ég segja strax, að ef hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. eru á þeirri skoðun, að þessi verksmiðja, sem eftir 1. og 3. gr. l. er sjálfseignarstofnun og ríkisverksmiðja, eigi að vera eign þessa hlutafélags, þá er rétt fyrir þá að breyta lögunum í samræmi við það. Ég get ekki séð, hvað hæstv. ríkisstj. getur haft á móti því að ganga alveg hreinlega frá þessum málum. Það er ákveðið enn fremur í 3. gr., að verksmiðjan lúti sérstakri stjórn og Alþingi ráði líka, hvort

hana megi selja eða veðsetja. Stjórn hlutafélagsins hefur sem sé engan rétt til neinnar veðsetningar eða neinnar sölu á nokkru í þessu sambandi. Enn fremur liggur það í hlutarins eðli samkvæmt þessum lögum, að það er Alþingi og Alþingi eitt, sem hefur rétt til þess að ákveða, hvernig þessari verksmiðju skuli stjórnað. Ef Alþingi samþykkir lagabreytingu á þessu, um að það skuli kosin 3 manna stjórn af Alþingi til að stjórna þessari verksmiðju, þá er Alþingi í sínum fulla rétti. Það er ekki hægt fyrir það hlutafélag, sem þarna á í hlut, að kvarta neitt, vegna þess að eftir lögum landsins er það Alþingi eitt, sem ræður stjórn verksmiðjunnar og getur gert það aðeins með því að breyta 13. gr. Hins vegar er alveg gefið mál, að stjórnendur og vissir hluthafar í hlutafélaginu Áburðarverksmiðjan h/f líta auðvitað þannig á og ganga út frá því í góðri trú, að þeir hafi um aldur og ævi fengið rétt til þess að ráða því, hvernig verksmiðjunni sé stjórnað, þannig að líka um þetta atriði getur seinna meir orðið alger ágreiningur. Ég vil þess vegna vekja eftirtekt hæstv. ríkisstj. á því, að það er að öllu leyti hættulegt frá hennar sjónarmiði, ef hún álítur, að þessi verksmiðja eigi að vera eign hlutafélagsins, að láta þessi lagaákvæði haldast, og ég vil þá skora á ríkisstj. að leggja fram frv. um breytingu á þessum l.

Það, sem ég hef fyrst og fremst verið að mótmæla hér, er þessi aðferð, sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla að hafa við að koma eignarréttinum á verksmiðjunni yfir í hendur Áburðarverksmiðjunni h/f. Það er það, sem ég hef fyrst og fremst verið að gagnrýna hér. Ef á að gera það, þá er rétt að gera það alveg hreinlega með því að breyta þessum l., þannig að 13. gr. stangist ekki við allar hinar og það komi alveg greinilega fram og sé þá samþ. af löglegum meiri hluta hér, þeim mönnum, sem vilja taka ábyrgð á því. Hitt er svo aftur allt annað mál, sem hæstv. fjmrh. var að koma inn á og okkur greinir á um, hvor reksturinn sé skynsamlegri út af fyrir sig, að hafa þetta sem einkahlutafélag eða að hafa þetta sem ríkisfyrirtæki. Það er allt annað mál. Það snertir allt annað en það, sem við erum hérna að deila um. Ég skil nú ekki, af hverju hæstv. fjmrh. fer alveg sérstaklega að veitast að því og telja það næstum því ákaflega óskynsamlega skoðun af mér, að áburðarverksmiðjan skuli vera rekin sem ríkisfyrirtæki. Má ég bara spyrja: Hefur ekki Framsfl. barizt fyrir því alla sína tíð, að áburðarverksmiðjan væri ríkisfyrirtæki, að það væri ríkiseign, að ríkið kæmi því upp, að ríkið ætti það? Hefur ekki sjálfur þessi hæstv. ráðherra lagt fram frv. hér á Alþingi til laga um áburðarverksmiðju, sem væri eingöngu eign ríkisins og stjórnað af Alþingi, sem kysi stjórn hennar, Alþingi einu saman? Hefur ekki þessi hæstv. ráðherra sjálfur beitt sér fyrir framgangi slíks frv. hér í Nd. og fengið það í gegn? Hefur hann ekki líka fylgt því eftir í Ed. gegnum tvær umr. þar? Ég held, að í staðinn fyrir að vera með einhverjar svona ákúrur til mín fyrir það, að ég skuli hafa leyft mér annað eins og að standa með því, að áburðarverksmiðjan væri eign ríkisins, þá ætti hæstv. ráðh. að gefa okkur upplýsingar um, hvernig stóð á því, að Framsfl. breytti þannig um skoðun á rekstri áburðarverksmiðjunnar, eftir að hafa verið á þeirri skoðun, að hún ætti að vera eign ríkisins, við 1. umr. í Nd., við 2. umr. í Nd., við 3. umr. í Nd., við 1. umr. í Ed., við 2. umr. í Ed., en breytir svo allt í einu um skoðun við 3. umr. Hvernig skyldi hafa staðið á því? Ætlar hæstv. fjmrh. að reyna að telja mér trú um, á sama tíma sem hann er með sveittan skallann að reyna að útvega upp undir 100 millj. kr. í þetta fyrirtæki, sem kostar 108 millj. kr., að hann hafi séð það fyrir fram af sinni miklu fjármálavizku, þegar þetta mál hafi verið að fara í gegn 1949, að það yrðu svo óskaplegir erfiðleikar á að útvega 4 millj. kr. þarna í viðbót, upp í þessar 108, að það yrði þess vegna að fara að skapa áhuga hjá hluthöfum út í frá? Ætlar hann að fara að segja mér, þegar S. Í. S. leggur fram 2 millj. kr. hlutafé í þetta og gefur vafalaust ávísun á Landsbankann til þess, að það hefði verið miklu erfiðara fyrir Landsbankann að lána ríkinu þessar 2 millj. heldur en að lána Sambandinu þær? Ég held, að ef hæstv. fjmrh. ætlar að fara að ráðast á þá skoðun mína núna, að það væri heppilegt, að áburðarverksmiðjan sé ríkisfyrirtæki, þá ætti hann að skýra það, af hverju Framsfl. breytti um skoðun á þessu máli við allra síðustu umr. málsins. Var þetta vink utan frá? Kom einhver krafa um það kannske vestan að í sambandi við lánamöguleika eða slíkt, að vissir menn litu þannig á, voldugir menn þar, að það væri betra, að þetta væri hlutafélag, og að það væri bezt að smokka því yfir í það smátt og smátt, að það væri ekki aðeins rekið sem hlutafélag, heldur væri það líka eign þess? Ég held, að hæstv. ráðh. ætti þess vegna alveg að spara sér að vera með nokkrar ákúrur út af því. Ég stend bara á grundvelli, sem Framsfl. hefur staðið á mestalla sína tíð og barizt fyrir, þó að hann hafi vikið burt frá því þarna við 6. umr. í þinginu og farið inn á þennan ákaflega hættulega grundvöll, sem 13. gr. gerir.

Hæstv. ráðh. talaði í þessu sambandi um, að það væri nú hálfundarlegt, að ég, sem hefði barizt fyrir stofnlánadeild sjávarútvegsins, skyldi vera svona hræddur við að fara að gefa einstaklingum aðstöðu til þess að fá lán. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að ég barðist eins mikið fyrir stofnlánadeild sjávarútvegsins eins og hann barðist á móti henni. Ég barðist fyrir því, að togarar, t. d. á Austfjörðum, gætu fengið að láni 75% og meira til úr stofnlánadeild sjávarútvegsins til 20 ára með frekar lágum vöxtum, þegar honum fannst það firra, — enda fannst honum þá þeir togarar ekki nema gums, sem ekkert væri við að gera og veslings ríkisstj. sæti uppi með og ómögulegt væri að nota, svo að það var náttúrlega skiljanlegt, að honum fyndist það vera hræðileg vitleysa að fara að lána til þess, að hægt væri að kaupa slíka togara og gera út. Ég hef heldur ekkert haft á móti því út af fyrir sig, að fyrirtækjum væri hrundið hér af stað, þar sem einstaklingar ættu hlutafé, og að það væru á ýmsan hátt veitt lán til þess, en þá kann ég betur við, að það sé gengið hreint frá þeim málum, og það er ekki gert í sambandi við þessi mál. Og mér liggur

nú við að spyrja, hvort hæstv. fjmrh. finnist það nú svona að öllu leyti eðlilegt, að ríkið beiti sér fyrir því, þegar verið er að byggja fyrirtæki, sem kostar 108 millj. kr., að útvega með lánum og hlutafjárframlagi sjálfs sín um 100 millj. kr. eða rúmlega það, en hluthafarnir, sem útvega 4 millj. og eiga, ef allt gengur vel, að eiga 1/10 hluta fyrirtækisins, útvegi raunverulega ekki neitt og standi ekki í neinni ábyrgð að neinu leyti, ef illa fer fyrir einhverju af þessu. Það er ríkið, sem ber alla ábyrgðina. Það er ríkið, sem tekur á sig alla ábyrgðina, alla saman eins og hún leggur sig. Hins vegar hliðraði hæstv. ráðh. sér hjá því að lýsa því yfir, hvernig væri með óafturkræf framlög til þessarar áburðarverksmiðju, og mun ég nú máske við seinna tækifæri við umr. í þessari deild sjá um, að því verði svarað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 24. og 25. fundi í Nd., 11. og 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 10, n. 202).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram borið til staðfestingar brbl. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju. Þau brbl. voru útgefin af hæstv. ríkisstj. í næstliðnum aprílmánuði. Er gert ráð fyrir í þeim l. að heimila ríkisstj. að taka allt að 1 milljón dollara að láni og endurlána Áburðarverksmiðjunni h/f lánsupphæðina.

Frv. þessu var vísað til fjhn. d., sem hefur rætt það á tveim fundum, og hefur nú meiri hluti n. skilað áliti á þskj. 202. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ., en einn þeirra, sem skrifa undir það álit, hv. 8. landsk. þm., hefur þó undirritað með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir sínum fyrirvara, ef hann telur ástæðu til. Aðrir þrír nm., sem mynda meiri hlutann, leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en fimmti nm., hv. 2. þm. Reykv., gerði ráð fyrir að skila sérstöku áliti um málið, sem þó liggur ekki enn fyrir, og mun hann ef til vill gera hér grein fyrir afstöðu sinni. — Það er þannig, eins og ég hef lýst, till. meiri hluta fjhn., að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki skilað því nál. enn þá, sem ég hafði nú ætlað mér að semja um þetta, og stafar það að nokkru leyti af því, að það er satt að segja ákaflega erfitt, meðan ekki liggja fyrir fleiri upplýsingar en eru um þetta mál, að útbúa þess háttar nál., sem maður álítur að mundi ekki gera neinn skaða, hvernig sem færi um þær brtt., sem í því væru.

Ég þarf ekki að rekja hér þá deilu, sem ég hef átt í við hæstv. ríkisstj. út af skilningnum á l. um áburðarverksmiðjuna og um þá skoðun mína, að áburðarverksmiðjan ætti að vera eign ríkisins, eða þá skoðun hæstv. ríkisstj., að hún sé eign hlutafélagsins. Ég hef viljað nota þær umr., sem orðið hafa um þessar lánveitingar til áburðarverksmiðjunnar, til þess að reyna að fá úr þessu skorið, en mér hefur ekki tekizt það. Því hefur verið svarað af hálfu hæstv. ríkisstj., að svo framarlega sem ég vildi knýja fram einhverja breyt. á því, sem hún áleit vera það lögformlega ástand, þá bæri mér að koma með brtt. við áburðarverksmiðjulögin. Ég hef hins vegar álitið, að ég stæði á grundvelli laganna, en ríkisstj. gæfi yfirlýsingar, sem ekki samrýmdust l., sem sé yfirlýsingar um það, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélags. Og ég hef þess vegna ekki viljað koma fram með brtt., hvorki í sambandi við þetta frv. né heldur við l. sjálf, sem gætu skilizt eins og ég gengi inn á afstöðu ríkisstj. og ég þyrfti að koma fram með brtt. um að breyta lögunum. Hins vegar er það alveg hreint ljóst, — ég ætla ekki hér að fara að verja neinum tíma í það að ræða áfram um þennan ágreining, ég er búinn að gera það svo oft og það ýtarlega, — að það er að skapast hreinasta ófremdarástand í þessum málum. Lögin um áburðarverksmiðjuna eru raunverulega eins konar ólög, þ. e. a. s. það eru lög, þar sem ein grein stangast við aðrar. Það eru lög, þar sem 13. gr. stangast við 1., 2. og 3. gr. Og ég hef bent á, að ef dómstólar seinna meir eiga að fara að dæma um þetta, þá er sú hætta fyrir hendi, eins og við höfum þegar rekið okkur á, að dómstólar á Íslandi þora varla að dæma á móti ríkisstj. eða dæma þannig, að það geti orðið ríkinu að skaða. Hins vegar verður allt flækt svo um túlkanir á þessum málum, viðvíkjandi eignarréttinum á verksmiðjunni, að ég hef satt að segja ekki hugmynd um, út frá hverju dómstólarnir ættu að dæma, þegar allt kæmi til alls, en í öllu falli hlyti hver dómari, sem ætlaði að reyna að gera upp fyrir sér, hvernig málin stæðu, að álasa því Alþ., sem gengi þannig frá þessum málum, að það væri algerlega ómögulegt að dæma nokkurn veginn öruggt eftir lögunum. Ég vil þess vegna nú aðeins við þessa umr. enn einu sinni minna á, að það verður að breyta þessu ófremdarástandi, sem þarna hefur verið skapað, og hæstv. ríkisstj. verður að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum með öðru en tómum yfirlýsingum ráðh. Hins vegar stend ég sjálfur fast á því, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins og það eigi að fara þannig með hana. En ég stend frammi fyrir því, að ríkisstj. nú sem stendur lítur á áburðarverksmiðjuna sem einkafyrirtæki og ætlar sér að beita þeim aðferðum svo lengi sem hún fær því ráðið, og nú mun ég þess vegna ræða nokkuð um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og afleiðingar af því og aðstæður allar, gangandi út frá því í svipinn, að hæstv. ríkisstj. líti á hana sem einkafyrirtæki.

Það á að endurlána eftir frv. Áburðarverksmiðjunni h/f, þ. e. a. s. þessu hlutafélagi, alla lánsupphæðina með skilmálum, sem ríkisstj. telur nauðsynlega, og gegnum tryggingar, sem hún metur gildar. Þá vil ég í fyrsta lagi leyfa mér að spyrja: Hverjar eru þær tryggingar, sem einkafyrirtækið, eins og ríkisstj. álítur það,

einkafyrirtækið Áburðarverksmiðjan h/f lætur ríkisstj. í té fyrir þá milljónatugi, sem einkafyrirtækið á að fá að láni frá hæstv. ríkisstj.? Hverjar eru þær tryggingar, sem Áburðarverksmiðjan h/f lætur í té? Ég býst við, að þegar ríkisstj. almennt lánar út fé, þá muni hún spyrja: Hvernig er því háttað með þetta fyrirtæki, hvað er þetta gott fyrirtæki, hvað er þetta öruggt, hvað á það miklar eignir og annað slíkt, — og ég vildi gjarnan, að það kæmi hér strax fram, af því að ég veit, að það er búið að veita þetta lán eftir brbl. Hvaða tryggingar hefur hæstv. ríkisstj. fengið fyrir endurláninu á þessum milljónum, sem á að veita eftir þessu? Er það aðeins ábyrgð ríkissjóðs, sem er látin sem trygging fyrir láninu til einkafyrirtækisins? Í fyrsta lagi er það náttúrlega áburðarverksmiðjan sjálf, sem ekki má veðsetja án leyfis Alþ. og aldrei hefur verið beðið um neitt veðsetningarleyfi fyrir. Ég býst við, að það hafi verið veðsett ólöglega. En í öðru lagi er það þá á ábyrgð ríkissjóðs. Þannig er ríkissjóður að lána Áburðarverksmiðjunni h/f gegn ábyrgð ríkissjóðs. Er það tryggingin, sem einkafyrirtækið lætur í té? Ég vildi eindregið óska eftir því að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. ríkisstj.

Þá vil ég í öðru lagi leyfa mér að spyrja: Hefur ríkisstj. gengið úr skugga um, að þetta fyrirtæki, þetta einkafyrirtæki að hennar áliti, sem hún er að lána þarna í, sé fjárhagslega séð öruggt fyrirtæki, að það sé fyrirtæki, sem kemur til með að borga sig, að það sé fyrirtæki, sem kemur til með að standa undir sínum rekstri og öllum þeim skuldbindingum, sem á það eru lagðar? Ég mun þurfa að ræða um þessa áburðarverksmiðju með hliðsjón af tvenns konar möguleikum, eins og með öll slík fyrirtæki, — með hliðsjón af þeim möguleika, að það sé gott fyrirtæki, sem gefur ágóða, og svo þeim möguleika, að þetta fyrirtæki kunni að eiga erfitt og jafnvel gefa tap. Ég vil minna á, að þegar lögin um áburðarverksmiðjuna voru lögð fyrir Alþ. 1948 og afgreidd 1949, þá var rætt um áburðarverksmiðju, sem átti að kosta 45 millj. kr. Og þá var lagt gríðarlega mikið upp úr því að fá 4 millj. kr. sem kapital frá einkahluthöfum þarna í, af því að það væri upp undir tíundi hluti af kostnaði fyrirtækisins. Nú kostar þetta fyrirtæki 108 millj. kr., þetta einkafyrirtæki kostar 108 millj. kr., og það væri ekki vanþörf á í sambandi við þær lánveitingar, sem Alþ. nú tekur ákvörðun um, að það fengist upplýst, hvernig rekstraráætlun þessa fyrirtækis er nú í dag. Það var lögð fyrir Alþ. 1948 rekstraráætlun, miðuð við það, að þetta fyrirtæki kostaði 45 millj. kr. Ég mundi mjög gjarnan vilja sjá rekstraráætlun þessa fyrirtækis í dag, miðaða við, að það kosti 108 millj. kr., með þeim öðrum skyldum, sem því eru lagðar á herðar.

Þetta er sem sé það, sem ég vildi sérstaklega biðja um að fá upplýsingar um: Með hvaða tryggingum er þarna lánað? Er ríkið að lána út gegn ábyrgð ríkissjóðs til einkafyrirtækis — eða ekki? Eru einhverjar meiri tryggingar? Það er t. d. vitanlegt, að þegar einkafyrirtækjum er lánað hér frá ríkisbönkunum, þá verða hluthafarnir ákaflega oft sjálfir að láta svo og svo mikla ábyrgð í té. Ef þetta einkafyrirtæki, eins og ríkisstj. álítur það vera, fær lánaða nokkra milljónatugi frá ríkinu, þá vildi ég leyfa mér að spyrja: Hvað hafa einkahluthafarnir þarna í látið mikið af ábyrgðum í té, við skulum segja t. d. S. Í. S.? Hvað hefur S. Í. S. látið mikið af ábyrgðum í té fyrir þeim lánum, sem ríkissjóður er þarna að lána út?

Hæstv. ríkisstj. hefur útbúið þetta lagafrv. þannig, að hún segir, að hún endurláni Áburðarverksmiðjunni h/f alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega. Ég vil leyfa mér út frá því að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvaða skilmála hefur hún talið þarna nauðsynlega? Ég er búinn að spyrja um trygginguna, og ég vil nú í öðru lagi spyrja um vextina. Með hvaða vöxtum er Áburðarverksmiðjunni h/f, þessu einkafyrirtæki, sem ríkisstj. álítur vera, lánuð þessi upphæð? Og þá skal ég nú koma inn á vaxtaspursmálið, vegna þess að mér virðist í sambandi við það líta dálítið einkennilega út. Áburðarverksmiðjunni voru í fyrra lánaðir nokkrir milljónatugir úr mótvirðissjóði. Þá var ákveðið af hæstv. ríkisstj., að vextirnir af því skyldu vera 5½%. Ég gerði athugasemdir við þessa vexti. Mér finnst það satt að segja dálítið bíræfið að setja þetta háa vexti á fyrirtæki, sem ríkið sé að lána sjálfu sér til og eru ætluð til hagsbóta fyrir t. d. í þessu tilfelli bændur landsins. Hins vegar ef ríkisstj. skoðar þetta einvörðungu sem einkafyrirtæki, sem eigi að heyra að öllu leyti undir hin harðvítugu fjárhagslegu lögmál þjóðfélagsins, þá er kannske þarna dálítið öðru máli að gegna. Ég gæti sem sé þá trúað, að hæstv. ríkisstj. hafi lánað líka þessa 1 millj. dollara, þessar 16 millj. kr., sem nú er bætt við með þessum lögum, sem hér liggja fyrir, með sama móti og þá milljónatugi, sem áður voru lánaðir, sem sé með 5½% vöxtum. Hvað þýðir það? Það þýðir, að ríkisstj. ætlar sér alls að lána áburðarverksmiðjunni rétt um 100 millj. kr. Ef hún ætlar að framfylgja þessari vaxtapólitík, þá ætlar hún að taka á ári í vexti 5½ millj. kr. af áburðarverksmiðjunni. Út frá þeim praksís, sem verið hefur undanfarið, þá virðist þetta vera pólitík ríkisstj., og ég vildi gjarnan fá að heyra, hvort það er rétt skoðað hjá mér, að ríkisstj. ætli þessu einkafyrirtæki, Áburðarverksmiðjunni h/f, sem hún álítur vera, að borga 5½ millj. kr. í vexti á ári af verksmiðjubyggingunni sjálfri.

Þá vil ég í því sambandi minna á, að þegar þetta mál var til umr. í þinginu vorið 1949, þá var því haldið fram af hæstv. viðskmrh., sem þá sem 1. þm. Reykv. flutti þá till., að einkafjármagnið fengi að koma þarna inn í, — hann lagði fyrst til, að það væri með 2½ millj. kr. hlutafé, og síðan var það hækkað upp í 4 millj. kr. hlutafé, — að það væri svo óskaplegur fengur, sem enginn ábyrgur maður og sízt af öllu ábyrgur ráðh. vildi vísa frá ríkissjóði, að geta fengið aðra eins upphæð og jafnvel 4 millj. kr. sem hlutafé í svona fyrirtæki. M. ö. o., í maí 1949 er öllum lögunum um áburðarverksmiðju breytt. Hún er að áliti ríkisstj. tekin úr eign ríkisins og sett yfir í hlutafélag, með þeirri röksemd, að það sé svo óskaplegur fengur að geta fengið S. Í. S. til þess að taka að láni í Landsbankanum

2 millj. kr. og nokkra aðra menn til að reyna að knýja fram með harmkvælum einhverja álíka upphæð til þess að leggja fram sem hlutafé í einkafyrirtækið Áburðarverksmiðjuna h/f. Árið eftir kemur hæstv. ríkisstj. og segir: Þessari Áburðarverksmiðju h/f er ekki of gott að greiða 5½ millj. kr. á ári í vexti til ríkisins. — Þá átti ekki að vera neinn vandi fyrir áburðarverksmiðjuna að útvega fé. Sem sé, árið áður þykja það góð og gild rök, að það verði að breyta öllu fyrirkomulagi áburðarverksmiðjunnar til þess að fá 4 millj. kr. frá einstaklingum í landinu sem hlutafjárframlag. Árið eftir er sagt: Þessi áburðarverksmiðja er ekki í neinum vandræðum með neina peninga. Hún getur vel greitt 5½ millj. kr. í vexti á ári til ríkisins. — Ég vil aðeins benda á, að ofur lítið virðist þetta nú stangast, þær röksemdir, sem þarna hafa verið notaðar.

Svo skulum við halda áfram að athuga þetta. Skilyrðið fyrir því, að áburðarverksmiðjunni væri komið upp og að hún gæti starfað, var, að Sogsvirkjunin léti meginið af öllu sínu rafmagni til hennar og að önnur virkjun Sogsins væri framkvæmd, og nú mun því verða lokið á næsta ári. Sogsvirkjunin mun kosta, að viðbættu því kerfi, sem Reykjavíkurbær líka stendur undir, um 190 millj. kr. a. m. k. Sogsvirkjunin fær meginið af því fé, sem hún notar, — hún er, eins og menn vita, sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar, — að láni úr mótvirðissjóði. Sogsvirkjunin greiðir, eftir því sem ríkisstj. hefur áskilið, 5½% í vexti á ári, eða m. ö. o., Sogsvirkjunin á að greiða um 10 millj. kr. í vexti á ári af því fé, sem hún hefur fengið að láni. Ég ætla ekki að geta þar um, að ríkisstj. hefur á sama tíma tekið yfir 10 millj. kr. bara í söluskatt og tolla af þeim tækjum, sem til Sogsvirkjunarinnar hafa komið, þannig að það er sem sé auðséð, að það eru ekki alltaf bara peningavandræðin, sem gera það að verkum, að kvartað er um, að það sé erfitt að fá framlög. Og nú skulum við athuga, hvernig er með hlutfallið á milli þess stofnfjár, sem liggur í þessari annarri virkjun Sogsins og áburðarverksmiðjunni. Af þeim straum, sem verður framleiddur við þessa aðra virkjun Sogsins, fær áburðarverksmiðjan um ⅛ af viðbótinni að staðaldri, líka á þeim tíma, sem mest álag er á, þannig að af allri þeirri orku, sem þessi viðbót framleiðir, fær áburðarverksmiðjan ⅜ af öllu magninu. Það er máske erfitt að segja, hvernig ætti að reikna út eftir þessu, hvað mikill hluti af núverandi Sogsvirkjun sé gerður vegna áburðarverksmiðjunnar. Það er hægt að deila um það. Ef til vill væri ekki ósanngjarnt að gizka á, að a. m. k. helmingurinn af því fé, sem önnur Sogsvirkjunin kostar, væri vegna áburðarverksmiðjunnar, og eitt er a. m. k. víst, að hefði áburðarverksmiðjan ætlað að útbúa sjálf raforkuver til þess að framleiða það, sem hún þarf af rafmagni, þá hefði hún þurft að setja meira en 100 millj. kr. í það. En ef við nú reiknum með því, að af þeim 190 millj., sem önnur Sogsvirkjunin kostar, séu 100 millj. kr. vegna áburðarverksmiðjunnar, þá þýðir það, að af þeim 100 millj. kr., sem eru vegna áburðarverksmiðjunnar, þarf Sogsvirkjunin að greiða 5½ millj. kr. í vexti af því lánsfé. M. ö. o., fjárfestingin vegna áburðarverksmiðjunnar er um 108 millj. kr., sem áburðarverksmiðjan kostar sjálf. Í öðru lagi er fjárfesting til raforkuframleiðslu handa áburðarverksmiðjunni. Það gæti verið álitamál, eins og ég sagði áðan, hvernig maður reiknar það. Það er ef til vill ekki ósanngjarnt að segja, að 100 millj. kr., eða um helmingurinn af því, sem Sogsvirkjunin kostar, sé a. m. k. nauðsynlegt til þess að tryggja, að áburðarverksmiðjan geti starfað. Það þýðir m. ö. o., að tvö fyrirtæki, annars vegar áburðarverksmiðjan, hins vegar Sogsvirkjunin, leggja í fjárfestingu, sem er upp undir 200 millj. kr., til þess að áburðarverksmiðjan geti starfað. Og þessi tvö fyrirtæki eiga að greiða mestmegnis til ríkissjóðs eða mótvirðissjóðs til samans um 11 millj. kr. í vexti á ári. — Þetta er nú viðhorfið, þegar ríkisstj. sem lánveitandi er að setja Sogsvirkjuninni annars vegar og áburðarverksmiðjunni hins vegar sín skilyrði. Þá segir ríkisstj. þetta: Gerið þið svo vel, borgið þið hérna vegna áburðarverksmiðjunnar 11 millj. kr. á ári til mín sem lánveitanda í vexti. — Þannig lítur ríkissjóður út, þegar hann talar sem lánardrottinn.

En svo kemur að því spursmáli að tryggja áburðarverksmiðjunni rafmagn. Þá er vitað, gagnvart hvaða aðilum er við að eiga. Þá eru það neytendurnir í Reykjavík og neytendurnir á Suðurlandsundirlendi, sem eiga hagsmuna að gæta, og þá er sótt fast á að því er virðist af hálfu hæstv. ríkisstj., sem þá virðist láta sig skipta mun meira máli um eign áburðarverksmiðjunnar heldur en þegar hún er að tala um eignarhlutfallið gagnvart hluthöfunum. Með öðrum orðum, Sogsvirkjunin mun eiga að láta áburðarverksmiðjunni rafmagn í té fyrir — ég ætla í kringum t. d. 3 millj. kr. á ári — ég þori ekki að segja það alveg nákvæmlega, en mér er nær að halda, að það sé ekki fjarri því. Það er ekki stór upphæð til rekstrar verksmiðjunnar sem eitt aðalrekstrarafl, þegar athugað er hins vegar, hvað það er, sem ríkisstj. heimtar sem lánardrottinn í vexti. En látum það nú vera út af fyrir sig, að Sogsvirkjunin, sem vissulega á góðan og stóran viðskiptavin, þar sem áburðarverksmiðjan er, reyni að láta sem allra ódýrast í té rafmagnið, eins og eðlilegt er, til þess að reyna að skapa að einhverju leyti grundvöll að íslenzkri stóriðju. En þá kemur að öðru máli; það kemur að því máli, að með því að láta áburðarverksmiðjunni slíkt rafmagn í té frá Sogsvirkjuninni er óhjákvæmilegt, að innan þriggja ára sé komið upp þriðju virkjun Sogsins, svo framarlega sem neytendur í Reykjavík og á Suðurlandsundirlendi eiga ekki að bíða stórtjón af þessari ráðstöfun eða þá hins vegar áburðarverksmiðjan að meira eða minna leyti stöðvast. Það þýðir m. ö. o., að með því að Sogsvirkjunin láti áburðarverksmiðjunni þetta rafmagn í té, þá er það jafnóhjákvæmilegt, að í síðasta lagi 1957 sé komið upp þriðju virkjun Sogsins, sem mun kosta í kringum 100 millj. kr., ella standi fyrir dyrum að verða aftur að grípa til þess ófremdarástands, sem nú er, að reka olíuknúna varastöð í Reykjavík mikinn hluta sólarhringsins og framleiða kw. á 25 aura, eða með 25-földu því verði, sem áburðarverksmiðjunni er selt meginið af aflinu.

Þetta þýðir með öðrum orðum: Um leið og sú skuldbinding er lögð á herðar Sogsvirkjunarinnar að láta áburðarverksmiðjunni þetta mikinn hluta af rafmagnsframleiðslunni í té, þá tekur ríkið á sig þá eðlilegu skuldbindingu að sjá um, að þriðju virkjun Sogsins verði lokið innan 3—4 ára. Annars vofir „katastrófa“ yfir hér sunnanlands. Það þarf að hugsa fyrir fé til þessa, jafnhliða því sem verið er að tryggja fé til áburðarverksmiðjunnar, og nú þegar hvert frv. kemur hér á fætur öðru um lán og lánveitingar viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, þá vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvert er hennar álit og hvað hefur hún hugsað viðvíkjandi nauðsyninni á því að bæta íbúum Rvíkur og Suðurlands upp það, sem þeir verða að tapa af rafmagni, sem þeim ella væri nauðsynlegt til eigin rekstrar og notkunar, — hvað hefur ríkisstj. hugsað fyrir því með því að tryggja fé til þriðju virkjunar Sogsins?

Nú vil ég taka það fram, að svo fremi sem áburðarverksmiðjan á að skoðast eign einkahlutafélags, þá er gengið ákaflega langt gagnvart hagsmunum Reykvíkinga og Sunnlendinga yfirleitt með þessum ráðstöfunum. Það er sitt hvað, hvað menn leggja á sig fyrir það, sem er eign heildarinnar og verið að vinna fyrir heildina, eða hvað menn leggja á sig til þess að skapa fyrirtæki, sem á að verða, eins og ríkisstj. lýsir yfir, eign einstakra manna. Og ef þannig á að minnsta kosti að búa að þessu fyrirtæki, að það verði það, þá er ekki óeðlilegt, að knúið sé þá dálítið skarpara á viðvíkjandi hagsmunum almennings, eins og í sambandi við þriðju virkjun Sogsins, ef svona hart á að knýja á viðvíkjandi hagsmunum einkafyrirtækja í þessum efnum, eins og ríkisstj. vill halda fram að áburðarverksmiðjan eigi að verða. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Ef ríkisstj. álitur þetta fyrirtæki, Áburðarverksmiðjuna h/f, vera eiganda áburðarverksmiðjunnar og ef hún álítur þar af leiðandi, að svo fremi sem þetta fyrirtæki verður gróðafyrirtæki, eins og að minnsta kosti reynt er að stefna að með því að reyna að knýja fram mjög hagstæða samninga af hálfu opinberra fyrirtækja eins og Sogsvirkjunarinnar, þó að það séu ekki að sama skapi hagstæðir samningar, þegar ríkið sem lánardrottinn á í hlut, — ef sem sé þetta fyrirtæki á að verða, eins og ríkisstj. vill vera láta, einkaeign Áburðarverksmiðjunnar h/f, þá mun það væntanlega líka vera skoðun ríkisstj., að gangi þetta fyrirtæki vel og græði, þá eigi hluthafarnir í Áburðarverksmiðjunni h/f, þegar þetta fyrirtæki væri búið að borga sig niður, 40% af þessu fyrirtæki? Og ég vil minna á þá yfirlýsingu, sem vafalaust mun ekki síður eiga að standa heldur en sú yfirlýsing, sem ráðherrarnir nú vilja klemma sig fasta í, að þetta eigi að vera eign hlutafélagsins, áburðarverksmiðjan eigi að vera eign hlutafélagsins, — ég vil minna á þá yfirlýsingu, sem sá ráðh., sem hafði með þessi mál að gera, hæstv. þáverandi atvmrh., Bjarni Ásgeirsson, gaf, og studdist hann þar við lög, — ég veit hins vegar að vísu ekki, hvað mikla respekt þau lög hafa, að undantekinni 13. gr., í augum ríkisstj. Hann sagði, að bændur á Íslandi yrðu að borga áburðinn, sem framleiddur yrði af þessu fyrirtæki, með kostnaðarverði. Það þýðir með öðrum orðum, að íslenzkum bændum verði nú bannað, eins og gert er með áburðarsölu ríkisins, að flytja inn áburð, þó að hann væri ódýrari erlendis. Íslenzkum bændum verður fyrirskipað að kaupa þann áburð, sem Áburðarverksmiðjan h/f framleiðir, eftir að hún er búin að greiða sína vexti til ríkisins og allt annað slíkt. Og einu má gilda, hvað sá áburður kemur til með að kosta. En fyrirtækið, Áburðarverksmiðjan h/f, fyrirtækið, sem að áliti ríkisstj. á verksmiðjuna, á hins vegar að græða á þennan hátt, og þegar það er búið að græða sig upp og borga sínar skuldir, þá er það að 40% eign einstaklinga. Með ódýru rafmagni, meira eða minna kannske á kostnað neytenda, með ef til vill dýrum áburði, dýrari en væri erlendis, á þetta fyrirtæki sem einkafyrirtæki sem sé að vera tryggt. Þannig mundi fara, ef þetta fyrirtæki yrði gróðafyrirtæki. En nú vil ég spyrja: Ef þetta fyrirtæki yrði tapfyrirtæki, er það þá alveg öruggt, að hæstv. ríkisstj. mundi standa jafnörugg á þeim grundvelli, að áburðarverksmiðjan væri eign þessa hlutafélags? Er það þá öruggt, að það mundi verða byrjað með því í fyrsta lagi að standa stift á því að heimta 5½% vexti af fyrirtækinu til ríkisins og, ef fyrirtækið getur ekki borgað það, að ganga að þessu hlutafélagi, — það er vitað, að hlutafé er fyrsta áhættan í þessu efni? Er það þá meiningin að ganga fyrst að þessu hlutafélagi og láta þessa einstaklinga, sem nú hafa lagt þarna sitt fé í góðri trú, tapa því? Sem sagt, meðan þeir séu að borga 5½% vexti til ríkisins, ákaflega háa vexti, þá þyki það sjálfsagt, að það fyrsta, sem tapast, sé þeirra hlutafé. Fyrst hafa þessir menn verið fengnir til þess að leggja þetta fram svona til þjóðþrifafyrirtækis og svoleiðis nokkuð, og svo sé það fyrsta, sem eigi að gerast, ef illa gengur, að þeir eigi að tapa hlutafénu. Það virðist vera það eina sjálfsagða út frá þeirri skoðun, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram. Og ég vildi hér með leyfa mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. ríkisstj., hvort það sé hennar meining. Á, svo framarlega sem þetta yrði tapfyrirtæki, að halda jafnharðvituglega á skoðun ríkisstj. á því, að þessi verksmiðja sé einkafyrirtæki, sé hlutafélagsfyrirtæki, eins og nú hefur verið haldið fram? Ég hef nefnilega þá hugmynd, að ef til vill kynni nú að koma fram, ef eitthvað gengi erfiðlega, í fyrsta lagi till. hér á Alþingi um að gefa eftir vextina, sem ríkissjóður tekur af lánunum til þessa fyrirtækis; í öðru lagi, — við skulum segja t. d. fyrir kosningar 1956, að einhverjum velunnurum landbúnaðarins, sem gætu með rökum máske sýnt fram á, að áburður væri ódýrari í Noregi og það væri nú hart að íþyngja íslenzkum landbúnaði með því að láta hann greiða hærra verð heldur en aðra, — þá gæti nú líka kannske komið fram till. um, að áburðurinn yrði lækkaður og ríkið tæki á sig tapið. Og ég býst við, að þá mundu ýmsir segja, að það sé nú ósanngjarnt að láta þá einstaklinga, sem hafa lagt fram fé í þetta, og gerðu þetta í góðri meiningu og af þjóðhollustu, tapa sínu hlutafé. Og ef til vill kæmi eitthvert hljóð úr horni, sem

segði: Ja, hvaða ástæða er til þess að vera að láta S. Í. S. tapa sínu hlutafé? Það er jú rétt eins og að taka þetta af bændum. Þetta er jú bara þeirra eign; og á ríkið að fara að ganga að því, sem er eign bænda?

Ég kem nú aðeins fram með þessar hugleiðingar hérna vegna þess, að þegar svona harðvítuglega er skýrt eins og nú hefur verið gert af hálfu hæstv. ríkisstj. og sérstaklega af hálfu ráðh. Framsfl., þá vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún ætli sér að standa jafnharðvítuglega á þeim grundvelli, að áburðarverksmiðjan sé einkaeign Áburðarverksmiðjunnar h/f, þ. e. a. s. hlutafélags nokkurs hérna í bænum, ef þetta yrði tapfyrirtæki. Ég vil fá úr þessu skorið nú, þannig að það séu engin eftirkaup með það. Ég álít, að það eigi að skera úr þessu nú, meðan allir menn vonast eftir því, að þetta verði fyrirtæki, sem beri sig vel, en enginn veit, hvort það verður gróði eða tap á því. Ég kynni satt að segja illa við það, ef þessu máli yrði haldið svo að segja á sömu huldu og yfir því hvílir nú, þangað til séð yrði, hvort það yrði gróða- eða tapfyrirtæki, og svo framarlega sem það yrði gróðafyrirtæki, þá yrði sagt: Þetta er einkafyrirtæki. Þessir góðu, þjóðhollu menn, sem lögðu fram sitt hlutafé þarna í, þeir fá nú að uppskera réttan ávöxt sinnar þjóðhollustu og sins áhuga á framfaramálum þjóðarinnar, og þeir fá þarna ofur lítinn ágóða af þessu — hann er að vísu ekki stór — en þeir eignast smám saman þetta fyrirtæki. — Og þá sé það sem sé alveg skýrt, að verði gróði af þessu, þá er þetta einkafyrirtæki, þá er þetta hlutafélag, sem að vísu ríkið á nokkuð í, en þegar búið er að græða á þessu í ein 20 ár, þá er búið að borga þetta smám saman niður til ríkisins með háum vöxtum, sem teknir hafa verið aftur af bændum í sæmilega háu áburðarverði, og þetta er orðið gott fyrirtæki, og blessun einstaklingsframtaksins í samstarfi við ríkið hefur fengið að sýna sig o. s. frv. Og þá er sem sé engin spurning um það, vafalaust, að áliti ríkisstj., að þetta á að vera einkafyrirtæki. En ef það sýndi sig nú eftir nokkur ár, að það verði tap á þessu fyrirtæki, þá er ég hræddur um, að allt í einu kæmi einhvers staðar hljóð úr horni, sem segði: Ja, eiginlega er þetta nú bara fyrirtæki ríkisins. Það stendur jú í 3. gr., að þetta er sjálfseignarstofnun, og það er ríkið, sem hefur stofnað þetta með lögum, og það er ríkið, sem ber alla ábyrgð á þessu. Og auðvitað á ríkið að taka á sig tapið. Þetta er jú gert fyrir landbúnaðinn og fyrir bændur. — Og þá gæti ég vel trúað, að jafnvel sömu hæstv. ráðh. Framsfl. sem tala núna hvað ákveðnast um, að þetta sé einkafyrirtæki og einkaeign þessa hlutafélags, mundu segja: Auðvitað er þetta ríkisfyrirtæki. Auðvitað á ríkið að bera tapið og ekki velta þessu yfir á bændur eða fara að ræna S. Í. S. með því að láta það tapa hlutafénu. — Með öðrum orðum: Ef það verður beðið með að ákveða þetta, þá verður beðið þangað til séð er, hvort þetta er gróða- eða tapfyrirtæki. Sé það gróðafyrirtæki, þá á það auðvitað að vera eign einstakra hluthafa og hlutafélag. Sé það tapfyrirtæki, þá á það auðvitað að vera eign ríkisins. Þannig er ég hræddur um að þróunin verði, svo framarlega sem ekki er skorið úr þessu nú. Þess vegna álít ég, að það sé nauðsynlegt að skera alveg úr þessu nú, það sé nauðsynlegt með þau ólög, sem l. um áburðarverksmiðjuna eru orðin með breyt., sem á þeim voru gerðar og ég þarf ekki að rekja nánar, að fá skorið úr því nú, hvort heldur er, alveg ótvírætt, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að leggja fram þær brtt., sem hún álítur nauðsynlegar við lögin, þannig að hér sé ekki verið að skapa ólög með framkvæmdinni á l. um áburðarverksmiðjuna, þannig að hér verði bara einkafyrirtæki, sem ríkið veitir sín sérréttindi á ýmsan hátt, ætlar sér að græða á að nokkru leyti á annan hátt, en allt sé látið vera á huldu um þann raunverulega eiganda að þessu fyrirtæki. Og svo að síðustu: Ég vildi óska eftir því, að það yrði upplýst nú, með hvaða skilmálum áburðarverksmiðjunni hefur verið endurlánuð upphæðin, sem um getur í 1. gr. Og ég vil enn fremur taka það fram, — það er leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hérna, — að hann lét þá yfirlýsingu berast til okkar í fjhn., að áburðarverksmiðjan hefði ekki fengið neitt sem óafturkræft framlag úr mótvirðissjóði eða af Marshallaðstoð. Það hefði verið gott, að hann hefði endurtekið þá yfirlýsingu hér við þessa umr., vegna þess að einu sinni áður skildist mér, að slíkt framlag hefði verið veitt. En ég vil hins vegar ekki bera neinar brigður á hans ummæli.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv., sem síðast talaði, bar fram mjög margar fyrirspurnir til ríkisstj. í sambandi við þá langloku, er hann hélt hér um áburðarverksmiðjuna. Ég ætla nú ekki að ræða þessar fsp. né svara þeim, enda mætti það æra óstöðugan að fara að eltast við allt, sem hann drap á í ræðu sinni. En hv. þm. hefði vel mátt hlífa hv. þm. og getað sparað sjálfum sér þennan langlokufyrirlestur um það, að áburðarverksmiðjan sé hreint einkafyrirtæki og að ríkissjóður hafi afsalað sér öllum rétti til hennar. Greindir og glöggir menn hljóta að leggja á sig mikla sjálfsafneitun til þess að leika svo einfeldnislegt hlutverk í búningi hins lægsta lýðskrumara, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefur gert með þeirri löngu ræðu, sem hann var að ljúka.

Það má vel viðurkenna, að l., eins og þau liggja nú fyrir, þyrftu einhverra breytinga við, eftir að ákveðið var að hafa rekstur verksmiðjunnar í því formi, sem heimilað er í 13. gr. l. En það út af fyrir sig breytir ekki því, að það félagsform, sem verksmiðjunni hefur verið sett, er fyllilega löglegt. Ég vil benda hv. þm. á það, að Sþ. kýs þrjá af fimm stjórnarmönnum verksmiðjunnar. Ég vil enn fremur benda honum á það, að ríkissjóður á 6 millj. af 10 millj. Og enn vil ég benda honum á það, að samkvæmt l. má ekki greiða hluthöfum í arð af verksmiðjunni meira en allt að 6%. M. ö. o., það er tekið fyrir það í eitt skipti fyrir öll, að hver, sem í verksmiðjunni á, geti nokkurn tíma fengið af hlutafé sínu meira en 6% í arð. Þetta ætti að geta gert hverjum skynsömum manni ljóst, að ríkissjóður hefur bæði töglin og hagldirnar í rekstri og stjórn verksmiðjunnar. Þó að verksmiðjan sé

rekin í hlutafélagsformi, hefur ríkissjóður í krafti síns hlutafjár og í krafti þess, að Alþ. kýs 3 stjórnarmennina, öll ráð verksmiðjunnar og rekstrarins í hendi sér. Það er því barnalegt að tala um, að hér sé um einkafyrirtæki að ræða, sem ríkissjóður hafi ekkert með að gera og ráði ekkert yfir. Það eru ekki nema menn eins og hv. 2. þm. Reykv., sem geta látið sér slík orð um munn fara, menn, sem ekki víla fyrir sér að varpa fram fullyrðingum, sem eru ekki veruleikanum samkvæmar. — Hann minntist á það, að ég hefði átt hlut að því, að þessu fyrirkomulagi var komið á á sínum tíma, þegar l. um áburðarverksmiðju voru til meðferðar í þinginu. Það er alveg rétt, og eina ástæðan, sem ég taldi fram fyrir því, að þetta ætti svo að vera, var sú, að fyrirtækið yrði betur rekið með þátttöku einstaklinga heldur en ef ríkið ætti það eitt og stjórnaði því einvörðungu. Ég er sannfærður um, að það á eftir að koma í ljós, að þetta er rétt. Það á eftir að koma í ljós, að þessu fyrirtæki verður líklega betur stjórnað en nokkru öðru fyrirtæki, sem ríkið á, vegna þess að hagsmunir einstaklinganna koma þarna til greina og gera sig gildandi í stjórn verksmiðjunnar. Ég álít, að allur rekstur, sem ríkið leggur í, ætti að vera byggður upp á þennan hátt, til þess að tryggja það, að fyrirtækin séu vel rekin.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, hef ég skrifað undir nál. frá meiri hl. með fyrirvara, og þykir mér hlýða að gera með örfáum orðum grein fyrir þeim fyrirvara af minni hálfu.

Hann er í því fólginn, að ég er mjög óánægður með, að þetta risastóra fyrirtæki, eitt það stærsta fyrirtæki, sem stofnað hefur verið á Íslandi, skuli búa við löggjöf eins og hún er í dag og við skipulagshætti, sem eru mjög vafasamir eftir þessari löggjöf, sem í gildi er.

Þegar hnigið var að því ráði af þáverandi ríkisstj. að stofna til áburðarverksmiðju ríkisins, og hér er undirstrikað „ríkisins“, þá var flutt fyrir tilstuðlan þáverandi landbrh. frv. um þetta efni hér á Alþ. Og það var gert ráð fyrir því í þessu frv., eins og segir að mig minnir í 3. gr. frv. eða laganna, að þetta fyrirtæki væri sjálfseignarstofnun, eiginlega á mjög líkan hátt eins og var t. d. með síldarverksmiðjur ríkisins. En svo var þessu breytt á síðara stigi hér í meðferð Alþ. í Ed., og — eins og hefur komið í ljós í þessum umræðum og þm. almennt vita — í samræmi við till., sem hæstv. núverandi viðskmrh. flutti þá í Ed. um það, að það væri heimilt að leggja fram af einstaklinga hálfu hlutafé til áburðarverksmiðju ríkisins og þar með eiginlega að setja fyrirtækið að vissu leyti í hlutafélagsform. Þetta hefur síðan verið gert. En beinagrind laganna eða lögin sjálf bera á sér öll einkenni þess, að þetta átti að vera sjálfseignarstofnun ríkisins, með þeirri breytingu, sem var sett inn í frv. eða lögin í Ed. á sínum tíma. Mér þykir það mjög óviðeigandi, að svo skuli vera ástatt, og hæstv. viðskmrh. hefur nú í ræðu sinni, sem hann var að halda hér rétt áðan, lýst yfir því sem sinni skoðun, að hann teldi það mjög eðlilegt, að lögin um áburðarverksmiðju ríkisins væru endurskoðuð og þeim breytt nokkuð frá því, sem nú er.

Ég var því eindregið fylgjandi, að þessu fyrirtæki, eða áburðarverksmiðju ríkisins, sem verið er að reisa og ég tel geysilega þýðingarmikið fyrirtæki, sem eðlilegt sé, að hafi hlaupið af stokkunum, sé veitt það lán, sem um er að ræða í þessu frv., sem hér liggur fyrir og hins vegar er staðfesting á brbl., sem ríkisstj. gaf út af þeim ástæðum, að þegar kom fjárveiting af hálfu Marshallaðstoðarinnar, þá var tekin ein millj. dollara eftir útgáfu brbl. til þess að leggja fram sem lán til áburðarverksmiðju ríkisins. Ég vildi þess vegna láta þennan fyrirvara minn koma fram, um leið og ég lýsi yfir, að ég er lánveitingunni samþykkur, að ég tel það óviðeigandi, að þetta risafyrirtæki, þetta stórkostlega og merkilega fyrirtæki búi við löggjöf eins og þá, sem nú er, og álít nauðsynlegt, að það verði sett um áburðarverksmiðju ríkisins lög, þar sem eiginlega stangast ekki á andi upphafsins í löggjöfinni og það, sem kemur fram, þegar kemur aftur í miðja löggjöfina.

Ég er fyrir mitt leyti óhræddur um það og hefði ekki óttazt það, þótt þetta hefði verið sjálfseignarstofnun ríkisins, rekin af þar til kjörinni stjórn, sem valin væri til dæmis af Alþ. Ég ber ekki sama ugg í brjósti eins og hæstv. viðskmrh. um það, að það yrði til þess, að fyrirtækið yrði verr rekið. Ég get t. d. ímyndað mér, að hinn mjög svo slyngi kaupsýslumaður og framúrskarandi mikli dugnaðarmaður, forstjóri Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Vilhjálmur Þór, ef hann hefði verið kjörinn af Alþ. sem einn af stjórnarmeðlimum þessarar stofnunar, hefði talið það alveg sjálfsagða skyldu sína að leggja fram sína miklu krafta og sinn mikla dugnað til rekstrar fyrirtækisins, þó að það væri eign ríkisins eða sjálfseignarstofnun, án þess að Samband íslenzkra samvinnufélaga ætti þar nokkurn hlut í. Ég þekki þá forstjóra Sambandsins illa, ef hann hefði ekki lagt sig jafnmikið fram og sýnt jafnmikinn dugnað, þó að þetta hefði verið sjálfseignarstofnun ríkisins. Ég er þess vegna ekki á sama máli og hæstv. viðskmrh. varðandi þetta atriði. Ég hef nú þá trú á mannfólkinu, að meginhluti þeirra manna, sem séu kjörnir, við skulum segja af Alþ. Íslendinga, til þess að veita forstöðu eða stjórna ríkisfyrirtækjum, mundi gera það af jafnmiklum dugnaði, fyrirhyggju og framsýni eins og það væri þeirra eigið fé eða eins og fyrirtækið væri byggt upp af þeirra eigin fé. En sem sagt, ég vildi láta þessar athugasemdir mínar og óánægju út af löggjöfinni um áburðarverksmiðju ríkisins koma fram, og þess vegna skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. En það er náttúrlega eins og alltaf hér á Alþinginu, að maður sér eiginlega aldrei neinn hæstv. ráðh. hér undir umræðunum til þess að ræða við um þessi mál né önnur. Það virðist vera þeirra álit, að þeim komi Alþingi ekki við, að þeir eigi ekki að sitja hér, þó að þeir séu hvort tveggja í senn ráðh. og þm., heldur eigum við, svo kallaðir óbreyttir þm., að vera hér einir til þess að ráða ráðum okkar, og ef okkur dettur í hug að beina til ráðherranna einhverjum fyrirspurnum, þá horfum við bara á auða stóla þeirra

allt í kringum okkur. Og ég hefði gjarnan viljað beina því nú til hæstv. landbrh., sem þessi verksmiðja mun heyra undir, ef hann hefði verið við, hvort honum fyndist ekki tiltækilegt og ríkisstj. yfirleitt að taka til athugunar endurskoðun á löggjöfinni um áburðarverksmiðju ríkisins. En það þýðir ekkert að bera fram slíka fyrirspurn, og yfirleitt þýðir ekki að bera fram fyrirspurn nema sárasjaldan til ríkisstj. hér á Alþ., af því að ráðherrarnir eru aldrei við. En það gefst þá kannske tækifæri til þess síðar, ef svo ólíklega tækist til, að einhver ráðh. og þá kannske sá ráðh., sem málið heyrði undir, ræki hér höfuðið inn í deildina, svo að það væri hægt að nota tækifærið og beina til hans einhverri fyrirspurn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það væri nú viðeigandi, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess að láta leita að einhverjum ráðherrum í húsinu. Það er viðkunnanlegra, að þeir sýni sig hérna, og ég vil taka mjög undir þau ummæli hv. 8. landsk., að það er hreinasta hneyksli, *hvernig ráðherrarnir haga sér viðvíkjandi þeim* málum, sem hér er verið að fjalla um, og það er alveg sérstaklega hart, að hæstv. viðskmrh., sem sjálfur hefur forgöngu sem þingmaður um að forklúðra lög, verður síðan sjálfur að viðurkenna nú þrem árum seinna, að það þyrfti raunverulega að breyta þeim öllum saman vegna þess, hvernig hann hafði forklúðrað þau, — að hann skuli ekki einu sinni treysta sér til þess, þegar hann er búinn að láta fara hér út úr sér heldur svona að minnsta kosti óráðherraleg ummæli, að svara hér til saka fyrir það, sem á hann er borið, eða hlýða á það, sem ofan í hann er rekið. Það væri gott, ef menn vildu athuga með ráðherrana, hvort þeir væru einhvers staðar hérna inni.

Ég þarf raunverulega ekki mörgu að svara af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan. Það er raunverulega gott að heyra frá honum það, sem þeir hafa nú báðir reynt að standa fast á, landbrh. og fjmrh., að lögin þyrftu ekki breytinga við. Það er gott að heyra frá honum, að ríkisstj. er nú komin það langt í að endurskoða hug sinn, eftir allar þær ádeilur, sem fram hafa komið hér á hana, að hún viðurkennir það, að l. þyrftu breytinga við. Og ég álít nú satt að segja, að það eina, sem þingmenn, ef þeir hafa einhverja sjálfsvirðingu, eigi að gera, sé að fresta framkvæmd þessara brbl., fresta afgreiðslu þeirra þangað til ríkisstj. er búin að leggja fram sínar brtt. við áburðarverksmiðjulögin. Það er það eina, sem væri sómasamlegt, ef meiri hluti þm. ætlar ekki að verða samábyrgur fyrir því að afgreiða nú í hvert skipti á fætur öðru lög hér frá Alþ., sem eru ekkert nema ólög, ekkert nema vitleysa, ekkert, sem hægt er að dæma eftir, ekkert, sem hægt er að grundvalla réttarfar landsins á. Ég ætla bara rétt að taka dæmi um, hve gersamlega þekkingarlaus ráðherra eins og t. d. hæstv. viðskmrh. er á þeim lögum, sem hann er að tala um. Það er ekki nóg, að hann sem þm. sjái ekki, þegar hann gerir brtt. við frv. um áburðarverksmiðju í Ed. í maí 1949, að hann þarf að gera brtt. raunverulega við öll lögin, ef hann ætlar að breyta 13. gr. eða setja hana inn eins og hann gerði og fékk í gegn. Nú fyrst þrem árum seinna, þegar búið er að rífast í þessu þing eftir þing, þá sér hann, að þarna þurfi breytinga við. En haldið þið, að hann þekki það vel lögin sjálf, eins og þau eru, greinina, sem hann setur inn, 13. gr., að hann hafi nokkra hugmynd um, hvað hún þýðir?

Hæstv. viðskmrh. segir hér áðan þessi orð: Ríkissjóður hefur öll ráð rekstrarins í hendi sér. — Þetta er það, sem hæstv. viðskmrh. segir: Ríkissjóður hefur öll ráð rekstrarins í hendi sér. — Nú vil ég lýsa því yfir í þessu sambandi, að þetta er algerlega talað út í hött og af því algera og alvanalega þekkingarleysi hæstv. viðskmrh. á lögunum og sérstaklega þeirri grein þeirra, sem hann sjálfur hefur fjallað um eða búið til. Hvernig er afstaða ríkissjóðs til áburðarverksmiðjunnar, og hvaða áhrif hefur ríkissjóður á áburðarverksmiðjuna? Og ég vona, að hæstv. viðskmrh. viti, hvað ríkissjóður er. Afskipti ríkissjóðs af stjórn áburðarverksmiðjunnar og áburðarverksmiðjunni er eftirfarandi: *Ríkissjóðurinn leggur fram 6 millj. kr. En útnefnir* ríkissjóður, þ. e. hæstv. fjmrh., einn einasta mann í stjórn allrar verksmiðjunnar? Nei, ríkissjóðurinn á ekki einn einasta fulltrúa í áburðarverksmiðjunni, ekki einn einasta. Og ég veit eiginlega ekki, hvaðan hæstv. viðskmrh. kemur sú þekking, að ríkissjóður eigi einn einasta fulltrúa í áburðarverksmiðjunni. Ég veit ekki, hvers konar röfl þetta er, sem ráðh. leyfir sér að bera hér á borð. Hvað er ákveðið í 13. gr. laganna, þeirri, sem hæstv. viðskmrh. hafði áhrif á um, að sett væri inn í lögin? Þar er ákveðið: „Sameinað Alþingi kýs þrjá þeirra (þ. e. þrjá af fimm stjórnendum) hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, og skipar landbrh. einn þeirra formann verksmiðjustjórnarinnar.“ M. ö. o., sameinað Alþingi kýs þrjá stjórnarnefndarmenn af fimm í stjórn verksmiðjunnar. Er sameinað Alþingi að einhverju leyti sama og ríkissjóður? Nei. Eru þeir menn, sem sameinað Alþingi kýs í stjórn áburðarverksmiðjunnar, undir einhverjum sérstökum fyrirmælum fjmrh. sem fulltrúa ríkissjóðs um, hvernig þeir skuli breyta? Ég vil spyrja: Heyra þeir undir einhver fyrirmæli hæstv. fjmrh. sem fulltrúa ríkissjóðs um, hvernig þeir skuli greiða atkv., hvernig þeir skuli kjósa framkvæmdastjóra, hvernig þeir skuli gera sínar ákvarðanir eða annað slíkt? Mér er ekki kunnugt um það. Mér er ekki kunnugt um, að það liggi fyrir nein reglugerð né að sú reglugerð hafi neina sérstaka stoð í lögum viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni. Mér er ekki kunnugt um það. Ég skal fyllilega viðurkenna mína vanþekkingu, ef þetta skyldi reynast skakkt. En mér er ekki kunnugt um það, að til þessa dags hafi verið gefin út nein reglugerð um framkvæmd áburðarverksmiðjulaganna. Því síður er mér kunnugt um, að í nokkurri reglugerð standi, að þeir þrír menn, sem kosnir séu af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningum, skuli skyldir til að framkvæma fyrirmæli hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, að þeir séu bundnir þannig af fyrirmælum þess „officiella“ fulltrúa ríkissjóðs, fjmrh. Og ég veit ekki, hvort þeir menn, sem kosnir eru af

sameinuðu Alþ., álíta sig þannig skuldbundna til þess að fara eftir fyrirmælum hæstv. fjmrh., ef um slíkt væri að ræða, svo að mér er miklu nær að halda, — og ég legg það nú bara undir dóm hv. þingmanna, — að t. d. við skulum segja Vilhjálmur Þór, sem er kosinn af Alþ., einn af þeim þremur, sem kosnir eru með hlutfallskosningu á Alþingi, og útnefndur af ríkisstj. sem formaður verksmiðjustjórnarinnar, fari eftir því, sem hann álítur í þessum efnum, og spyrji alls ekki hæstv. fjmrh. endilega um eða fái fyrirskipanir frá honum um slíkt eða skoði sig alveg sérstaklega skuldbundinn til þess, ef hann álítur annað réttara. Nei, það eru kosnir þrír menn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþ. Þessum mönnum er sýnt það trúnaðartraust, að þeir yfirleitt stjórni þessu fyrirtæki vel. Það er gengið út frá því, að þeir muni reynast þar dyggir borgarar ríkisins. En þeir eru ekki undir neinum sérstökum fyrirmælum eða valdi fjmrh. Ég vil benda á, af því að hæstv. viðskmrh. virðist vera jafnþekkingarlaus um þennan hluta áburðarverksmiðjulaganna eins og allt annað, sem þau snertir, að það er allt annar háttur hafður á um — við skulum bara taka eitt hlutafélag, sem ríkissjóður hefur stofnað með l. á Alþ., en er alveg skýrt gengið frá um, að er hlutafélag, og stendur í lögunum og heitir það, það er t. d. Útvegsbanki Íslands h/f. Þar á ríkissjóður hlutaféð og fer sjálfur með það vald. Fjmrh. ræður öllu á aðalfundum félagsins og útnefnir meiri hluta þar, og ég efast ekki um, að þeir menn, sem þar eru útnefndir, skoða sig bara sem beina fulltrúa fjmrh. og gera það, sem hann eða ríkisstj. álítur rétt. Ríkissjóður á þarna bara meiri hluta hlutafjárins, gerir sínar ráðstafanir, og þeir menn, sem þarna er um að ræða, eru ekkert annað en eins konar fulltrúar ríkissjóðs. — Það er allt öðru máli að gegna viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni. Ég sé hvergi þá júridísku skuldbindingu, sem væri lögð á herðar þessara þriggja manna, sem þarna eru kosnir. Ég vil benda á, að einn af þessum mönnum, einmitt sá maður, sem ég nefndi áðan, Vilhjálmur Þór, er nú um leið forstjóri S. Í. S., og S. Í. S. er um leið einn stærsti einkahlut-hafinn þarna í. Ég vil bara rétt benda á, hvað þetta þýðir viðvíkjandi stjórn fyrirtækisins. Þetta þýðir bara það, að það er svo fjarri því, að ríkissjóður hafi öll ráð rekstrarins í hendi sér. Hann á 6 millj. í hlutafé, og þar með eru hans áhrif raunverulega búin, eins og nú er gengið frá lögunum. Það er allt öðruvísi frá þessum hlutum gengið hér heldur en t. d. viðvíkjandi því hlutafélagi, sem ég nefndi áðan og ríkið á meiri hluta í. Og það er gengið svona frá þessum hlutafélagslögum hér vegna þess, að hæstv. viðskmrh. smeygði þessu inn við síðustu umr. í Ed., þegar þetta mál var að fara í gegn á síðustu dögum þingsins, og fékk þannig lögin öll meira eða minna skaðskemmd, þannig að þau eru það klúður, sem þau eru núna. Svo kemur hann hérna núna og ætlar að fara að segja okkur, að ríkissjóður hafi öll ráð rekstrarins í hendi sér. Ríkissjóður hefur það alls ekki. Það er einn aðili að vísu, sem hefur öll ráðin í hendi sér, og það er Alþingi. Alþ. getur breytt þessum l. eins og því þóknast. En það er nú ekki alltaf, að það sé alveg sama og ríkissjóðurinn, það er nú eitthvað annað. Ég held þess vegna, að það, sem hér hefur komið fram frá hæstv. viðskmrh., sem er sá eini fulltrúi ríkisstj., sem stakk inn nefinu á meðan umr. voru, sýni, að hann hefur sjálfur ekki minnstu hugmynd um neitt, sem snertir sjálfan rekstur verksmiðjunnar og lagafyrirmælin um hann, sér þó hins vegar, að l. muni öll þurfa breytinga við, fæst sjálfur hins vegar ekki til að svara einu einasta atriði um, upp á hvers konar skilmála ríkisstj. hafi endurlánað það fé, sem þarna er um að ræða, fæst ekki til að svara því, hvort þetta sé t. d. með 5½% vöxtum, fæst ekki til að svara því, hvort það sé á ábyrgð ríkissjóðs, hvort ríkissjóður hafi bara lánað út og það eina, sem lántakandinn hafi á móti, sé ábyrgð ríkissjóðs. M. ö. o., það fást ekki nokkrar upplýsingar um, hvers konar fyrirtæki þetta eiginlega sé, með hvers konar skilmálum þetta sé lánað. Það kemur upp í kollinum hjá ráðh., að lögin, sem fyrirtækið grundvallast á, þurfi breytinga við. Hvort ríkisstj. ætlar að koma fram með þær breytingar, það veit hann nú ekki. Það á ef til vill að láta þetta allt saman lulla svona í sömu vitleysunni. Það kemur hins vegar upp, að sjálfur hæstv. viðskmrh. hefur ekki minnstu hugmynd um, hvers konar áhrif ríkissjóður hefur á stjórn þessa fyrirtækis, hvers konar vald ríkissjóður eða fjmrh. hefur yfir meiri hluta stjórnenda þess. Þetta er allt í þannig vitleysu, að það eina, sem er víst, er, að það á að taka 200 millj. kr. af þjóðinni til þess að gera þessu fyrirtæki mögulegt að starfa, þó að enginn maður hafi hugmynd um, hvort það er ríkiseign, hvort það er einkaeign, hvort meiri hlutinn, sem Alþ. kýs hérna, kemur fram sem fulltrúi ríkissjóðs eða hvort þeir koma fram sem privatmenn, eða yfirleitt hvernig þetta er rekið. Og þannig á að halda þessu þing eftir þing, þangað til það er komið í ljós, hvort þetta atvinnutæki er gróðafyrirtæki. Komi það í ljós, að það sé gróðafyrirtæki, þá eiga þeir Vilhjálmur Þór eða aðrir þeir, sem þarna eru inni sem einstaklingar, að fá gróðann af því. Komi það í ljós, að það sé tapfyrirtæki, þá skulu þessir sömu menn koma og segja: Það er nú bezt, að ríkissjóður eigi þetta. Það er nú bezt, að hann gefi eftir vext-ina. Það er nú bezt, að hann lækki verðið á áburðinum. Það er nú bezt, að hann sé ekki að láta veslings hluthafana borga út það, sem þeir hafa lagt þarna fram, og annað slíkt. — Og loks verð ég að segja: Hneyksli var það, þegar áburðarverksmiðjulögin voru afgreidd eins og þau voru afgreidd. En hneyksli er það, að það skuli ganga þing eftir þing þannig, að það sé ekki hægt að fá gengið svoleiðis frá þessum l., að Alþ. geti a. m. k. sómasamlega staðið við það frammi fyrir dómstólum landsins, að það hafi afgr. lögin á þann hátt, að það sé hægt að dæma eftir þeim, ef það kynnu að rísa út af stærsta fyrirtæki, sem reist hefur verið á Íslandi, fyrirtæki, sem þjóðin leggur 200 millj. kr. í, málaferli um það seinna meir, hverjir það séu nú eiginlega, sem eigi það, og hverjir það séu nú eiginlega, sem eigi að stjórna því, og hvaða

skuldbindingar þeir menn hafi meðal annars gagnvart ríkissjóði.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Fullyrðingar hv. 2. þm. Reykv. gefa nú ekki beinlínis ástæðu til þess að svara, en vegna þess að hann fullyrti hér áðan, að áburðarverksmiðjan starfaði undir ólögum, sem nauðsynlegt væri að breyta sem fyrst, þá vil ég upplýsa það, að áburðarverksmiðjustjórnin hefur borið þessi lög undir glögga lögfræðinga, leitað umsagnar þeirra um það, hvort nauðsyn væri að breyta þessum lögum, og hafa þeir upplýst, að eins og lögin væru úr garði gerð, þá væru þau að öllu leyti fullnægjandi. Að vísu, sögðu þeir, hefði mátt byggja lagabálkinn öðruvísi upp, raða greinunum öðruvísi niður, en það hefur enga praktíska þýðingu. Það er þess vegna engin nauðsyn á því að breyta þessum lögum. Það stendur alveg skýrt eftir glöggustu lögfræðingum, að það sé enginn vandi að dæma eftir þessum lögum, en það má vel vera, að hv. 2. þm. Reykv. finnist hann ekki hafa möguleika til að dæma eftir þessum lögum. Ég býst við, að hann sé eitthvað svipað settur og ég, ef ég vildi fara að dæma eftir þeim lögum eða öðrum lögum, að við mundum báðir standa fastir, vegna þess að við erum ekki dómarar, við erum ekki lögskýrendur eða lagamenn. Við skulum þess vegna láta lögmennina, lögfræðingana um það að dæma, þegar að því kemur, og þegar við erum ekki lögfræðingar, þá förum við í smiðju til hinna færustu lögfræðinga og spyrjum þá: Hvernig lízt ykkur á þessi lög? Lögin eru ágæt að öðru leyti en því, að það hefði mátt raða greinunum öðruvísi, t. d. að 13. gr. hefði verið 9. gr. o. s. frv., en það breytir engu í meginkjarna málsins og alveg óþarft að vera að halda hér margar ræður út af því atriði.

Hv. ræðumaður talar mikið um það, að ríkissjóður hafi ekki tryggt sér nægilega vel aðstöðu í áburðarverksmiðjunni. Hann sagði t. d. hér áðan, að það væri enginn fulltrúi ríkissjóðs í stjórn áburðarverksmiðjunnar. Því verður þó ekki mótmælt, að Alþ. kýs 3 menn af 5 í stjórn verksmiðjunnar, og hver getur neitað því, að þessir 3 menn, sem kosnir eru af Alþ., séu fulltrúar ríkisins í verksmiðjustjórninni? Hv. þm. vill kannske gera greinarmun á því, hvort það er ríkið eða ríkissjóður, sem hér á hlut að máli, en ég hygg, að það sé nokkuð það sama. Auk þess skipar ráðherra formann verksmiðjustjórnarinnar. Ríkið hefur þess vegna töglin og hagldirnar, það hefur meiri hlutann í stjórninni undir öllum kringumstæðum.

Ég er dálítið undrandi yfir því, að hv. þm., sem ekki treystir sér til þess að skrifa minnihlutanál. út af þessu frv., skuli hér í dag hafa eytt svo mörgum orðum um þetta mál eins og raun bar vitni. Það kom ekkert nýtt fram í þessum tveimur ræðum hans frá því, sem var hér fyrir ári síðan, að öðru leyti en því, að nú virðist hv. þm. kominn að raun um það, að áburðarverksmiðjan fái ekkert óendurkræft fé frá Marshall, en í fyrra, þegar hann talaði hér, þá var ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo, að mestur hluti af því fé, sem áburðarverksmiðjan fær í stofnkostnað, væri óendurkræft og að hluthafarnir eignuðust þannig verksmiðjuna, þótt þeir legðu ekki fram nema 4 millj., fyrir þetta fé, sem væri lagt fram af hluthöfunum. Nú virðist hann hins vegar kominn á þá skoðun, að verksmiðjan fái ekkert óendurkræft, og það er alveg rétt. Verksmiðjunni er ætlað að greiða allt það fé, sem hún tekur að láni hjá ríkinu, en hitt er svo aftur á móti rétt, að ríkið fær svo og svo mikið af óafturkræfu fé til stofnunar verksmiðjunnar, en ríkið lánar síðan áburðarverksmiðjunni, og verksmiðjan verður að endurgreiða það með 5½% vöxtum, og það er mótvirðissjóðurinn, sem á þennan hátt vex og skapast í Landsbankanum á því, að ríkið sjálft fær svo og svo mikið óafturkræft fé, sem það síðan lánar áburðarverksmiðjunni, Laxárvirkjuninni og Sogsvirkjuninni. Þetta fé endurgreiðist síðan til ríkisins og rennur aftur í mótvirðissjóð, og þetta fé á síðan að nota áfram til nýrra nauðsynlegra framkvæmda.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. hélt hér fram áðan, að 5½% vextir er nokkuð hátt, og það er ekki hægt að segja annað en að rekstrarfé, sem tekið er að láni með þeim vaxtafæti, sé nokkuð dýrt. En ég verð þó að segja, að með því að þessir vextir renna í sjóð, sem á síðar að ganga til starfsemi og uppbyggingar nauðsynlegra framkvæmda í landinu, þá er miklu frekar hægt að una því að greiða þetta háa vexti heldur en ef öðruvísi stæði á, því að það er vissulega margt hér í þessu landi, sem bíður framkvæmda, þótt þessum þrem stórframkvæmdum, sem núna eru á döfinni, verði lokið. Mér virðist, að menn ættu að gleðjast yfir því, að áburðarverksmiðjan er nú að rísa af stokkunum, þetta fyrsta fyrirtæki, sem ber vott um stóriðju hér á Íslandi. Við ættum að fagna því, að félög og einstaklingar hafa viljað leggja fram fé í þetta fyrirtæki án þess að hafa nokkra hagnaðarvon. Ég fullyrði það, að einstaklingar og félög, sem lögðu fram fé í áburðarverksmiðjuna, gerðu það ekki í eigingjörnum tilgangi og gera sér ekki vonir um að fá hagnað af þessu fé, sem þarna var lagt fram. Og eins og tekið var fram áðan, þá er í lögunum beinlínis ákveðið, að það má ekki greiða meiri arð en 6% af hlutabréfunum. Sjá því allir, að hér er ekki um að ræða að hagnast á þessu, heldur er það, að einstaklingar og félög, sem þarna eiga hlut að máli, hafa gert þetta af áhuga á góðu málefni, og ber að fagna því, að svo var, en ekki sakast um það eða lýsa óánægju sinni yfir því. Áburðarverksmiðjan er hlutafélag með meiri hluta hlutafjár úr ríkissjóði, og ég tel vel farið, að þetta fyrirtæki hafi stofnazt á þessum grundvelli og sé rekið á þeim grundvelli. Það má kannske deila um það, hvort fyrirtækinu er betur stjórnað með því að það heiti hlutafélag eða sjálfseignarstofnun ríkisins, ég ætla engan dóm að leggja á það, það má vel vera, að þeim væri álíka vel stjórnað í báðum tilfellunum, en ég tel gott, eins og fjárhag ríkisins er nú varið, ef einstaklingar og félög vilja verða til þess að leggja fram fé í nauðsynlegar og fjárfrekar framkvæmdir eins og áburðarverksmiðjan er.

Mér heyrðist hv. 2. þm. Reykv. segja hér áð-

an, að 4 millj. væru ekki stór fjárupphæð og það væru smámunir, sem hér væri um að ræða, en ríkissjóður hefur nú stundum hikstað við að láta af hendi upphæð, sem því svarar, og það er enginn vafi á því, að um leið og við förum fram á það að fá óendurkræft fé til áburðarverksmiðjunnar, þá styrkti það okkar málstað að geta sýnt fram á, að svo og svo mikið af innlendu hlutafé var til staðar til þess að leggja fram í þetta fyrirtæki.

Áburðarverksmiðjan er iðnaðarfyrirtæki, sem alþjóð varðar og alþjóð á meiri hluta í. Áburðarverksmiðjan er ekki fyrirtæki bændanna einna og starfar ekki aðeins fyrir þá, heldur fyrir alþjóð. Bændunum má standa út af fyrir sig sama um, hvort áburðurinn er innlendur eða erlendur. Það, sem þeir hljóta að spyrja um, er þetta: Hvað kostar áburðurinn, og hvernig eru gæði hans? — En landbúnaðurinn er vitanlega tryggari í rekstri sínum og framtíð sinni, ef áburðurinn er framleiddur hér innanlands, því að þannig getur ástandið verið hér á landi og þannig hefur það verið, að það hefur stundum verið á takmörkum, að það væri hægt að flytja áburð til landsins vegna gjaldeyrisskorts. Hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að bændur mundu verða skyldaðir til þess að kaupa áburð af Áburðarverksmiðjunni h/f, hvort sem þeir vildu það eða ekki. Ég býst ekki við, að það þurfi að skylda íslenzka bændur til þess að kaupa áburð af áburðarverksmiðjunni. Ég veit, að íslenzkir bændur eru það þroskaðir, að þeir vilja nota íslenzka áburðinn og jafnvel þó að hann yrði eitthvað dýrari en sá útlendi. Íslenzkir bændur hafa þann þroska, að þeir skilja það, að íslenzk iðnaðarfyrirtæki geta verið einn af máttarstólpum þjóðfélagsins, nauðsynlegum máttarstólpum til þess að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi, og þeir mundu ekki láta á sér standa, ef nauðsyn bæri til að styðja þennan stólpa, og þeim er áreiðanlega ljóst, að það er ekki hægt að flytja allar vörur til landsins erlendis frá, nema þá um leið að skapa í landinu verðmæti á móti. Og hvernig ættum við Íslendingar að fara að því að lifa í þessu þjóðfélagi, nema við gerum ráðstafanir til þess að skapa hér verðmæti, skapa hér fjölbreyttara atvinnulíf og atvinnuhætti en verið hafa? Þess vegna er það, að við þurfum að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins með auknum iðnaði, fleiri verksmiðjum, meiri framkvæmdum.

Ég gat ekki betur skilið en að hv. 2. þm. Reykv. sæi mjög eftir því rafmagni, sem áburðarverksmiðjan kemur til með að nota frá hinni nýju Sogsvirkjun, og ég gat ekki betur skilið en að hann teldi, að áburðarverksmiðjan fengi þessa orku á allt of lágu verði. Áburðarverksmiðjan verður stærsti notandi nýju Sogsvirkjunarinnar, og er eðlilegt, að hún fái orkuna á lægra verði en almennt gerist, auk þess sem verksmiðjan kaupir alla afgangsorku. Ég er sammála hv. ræðumanni um það, að áburðarverksmiðjan þrýstir á þörfina fyrir nýrri virkjun, og satt að segja harma ég það ekki neitt. Ég harma það ekki, þó að við höfum hér í hendinni fyrirtæki, sem þrýstir á og krefst nýrrar virkjunar við Sog eða annars staðar. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að fá slíkan þrýsting fram. Er ekki nógu mikið hér á landi óvirkjað? Er ekki nógu mikið hér á landi af óbundinni orku í okkar fossum, jafnvel þótt við gerðum nú þegar ráðstafanir til þess að virkja meira? Eða er hv. 2. þm. Reykv. svo staðbundinn, að hann geti ekki látið sér detta það í hug, að sú framkvæmd geti hafizt áður en langur tími líður? Ég get upplýst hv. 2. þm. Reykv. um það, að nú þegar er hafinn byrjunarundirbúningur að þriðju Sogsvirkjuninni, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að nýrri virkjun verður hrundið fram áður en langur tími líður, vegna þess að það er nauðsynlegt, af því að nýja Sogsvirkjunin fullnægir ekki rafmagnsþörfinni, eftir að áburðarverksmiðjan er komin í gang. Og ég gleðst yfir því, að sá þrýstingur er nú fyrir hendi, að það verður að fara að undirbúa þriðju Sogsvirkjunina, en harma það ekki, eins og hv. 2. þm. Reykv. virtist gera.

Mér virðist eðlilegt, að áburðarverksmiðjan og Sogsvirkjunin vinni saman. Báðar þessar stofnanir eru nauðsynlegar. Báðar þessar framkvæmdir eru stórar á okkar mælikvarða, og báðar þessar stofnanir geta orðið tiltölulega sterkar og hagstæðar með náinni samvinnu. Báðar þessar stofnanir eru að nokkru leyti ríkisfyrirtæki, og fer það vel saman, að þær taki hönd í hönd.

Ég stóð hér upp aðallega til að mótmæla því, að áburðarverksmiðjan starfaði ekki eftir lögum, sem mættu áfram standa. Ég mótmæli því, að áburðarverksmiðjan starfi samkvæmt einhverjum ólögum, einhverjum vanskapnaði, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, og ég hygg, að sú fullyrðing hans sé nokkuð svipuð þeirri fullyrðingu hans hér áðan, að ríkið yrði að láta 200 millj. af mörkum vegna áburðarverksmiðjunnar. Ég veit, að hv. alþm. hafa tekið eftir þessari fullyrðingu, en þeir létu sér ekki bregða. Þeir hristu ekki einu sinni höfuðin, vegna þess að þetta var ekkert nýtt úr munni þessa ræðumanns.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér vitanlega er enginn ágreiningur hér á hinu háa Alþingi um nauðsyn áburðarverksmiðjunnar. Ég veit ekki betur en allir hv. þm. séu á einu máli um það, að hér sé um hið mesta þjóðþrifafyrirtæki að ræða, sem mjög ánægjulegt er, að í skuli hafa verið ráðizt hér á Íslandi. En einmitt vegna þess, hversu sammála menn eru um nauðsyn þessa fyrirtækis, þeim mun meiri ástæða er til þess að ræða það ýtarlega, hvort það skipulag, sem tekið hefur verið upp á rekstri og fjármálum verksmiðjunnar, sé æskilegt eða ekki. Og það er um þetta atriði, sem ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum.

Ég er þeirrar skoðunar, að á þessu áburðarverksmiðjumáli hafi verið mjög illa haldið, löggjöfin um málið sé vægast sagt óheppileg og skipulag verksmiðjunnar, sérstaklega á fjármálum hennar, sé mjög óheppilegt. Má ég minna hv. þm. á það, hvað hér er í raun og veru um að ræða? Það er gert ráð fyrir því, að áburðarverksmiðjan muni kosta uppkomin um 108 millj. kr. Þar af leggur ríkissjóður sjálfur fram 104 millj. Einkaaðilar leggja fram aðeins 4 millj.,

milli 3 og 4% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Af þeim 104 millj., sem ríkið leggur fram til fyrirtækisins, leggur það aðeins 6 millj. kr. sem hlutafé, en 98 millj. kr. sem lán. Af þessum 98 millj. hefur íslenzka ríkið fengið tæpan helming, eða rúmar 40 millj. kr., sem óafturkræft framlag frá Bandaríkjunum. Hinn hlutann, tæplega 50 millj., hefur ríkisvaldið fengið sem lán. Áburðarverksmiðjan fær aftur á móti ekki þessar rúmar 42 millj. sem gjöf, heldur eru þær skoðaðar sem skuld hjá henni, þ. e. a. s., hún verður að endurgreiða í mótvirðissjóðinn þetta fé, eins og hún verður að endurgreiða hin erlendu lán.

Ríkið hefur m. ö. o. lagt fram svo að segja allan stofnkostnað áburðarverksmiðjunnar, 104 af 108 millj. Hvernig er nú háttað áhrifavaldi ríkisins á stjórn stofnunarinnar? Henni er stjórnað af 5 mönnum. Þar af hefur ríkið að vísu meiri hluta, 3 stjórnarmeðlimi, en þeir eru þó ekki kosnir af ríkisstj., valdir af ríkisstj., heldur af sameinuðu Alþingi hlutfallskosningu, þannig að vel gæti svo farið, ef þingið yrði þannig skipað, að stjórnarandstaðan fengi 1 manninn af þessum 3, að ríkisvaldið, þ. e. þeir aðilar, sem ráða ríkisvaldinu á hverjum tíma, *hafi raunverulega ekki nema 2 af 5 mönnum í* stjórn verksmiðjunnar. Tveir af þessum 5 mönnum eru aftur á móti kosnir af þeim einkaaðilum, sem lagt hafa fram fé til verksmiðjunnar. M. ö. o., einkaaðilar, sem leggja fram 4 millj. af 108 millj., ráða ⅝, ráða 40% í stjórn verksmiðjunnar. Það er auðséð, að hér er einkaaðilunum, sem leggja fé fram, gefinn margfaldur áhrifaréttur á við það, sem þeim ber, miðað við sitt fjárframlag. Þessir einkaaðilar eru þrír. Kaupfélögin í landinu hafa lagt fram 2 millj., ýmsir einstaklingar hafa lagt fram 1½ millj., en Reykjavíkurbær hefur lagt fram ½ millj. Og þessum þremur flokkum einkaaðila er með þessu fyrirkomulagi gefinn margfaldur áhrifaréttur á málefni verksmiðjunnar, miðað við það, sem þeir ættu að hafa að tiltölu við það fé, sem þeir hafa lagt fram.

Þetta tekur til valdaaðstöðunnar í fyrirtækinu. *En athugum nú, hvernig er með fjármál* þess, hver áhrif þetta kynni að hafa á fjármál fyrirtækisins í framtíðinni. Auðvitað verður ekki um það sagt með neinni vissu fyrir fram, hvort fyrirtækið muni græða eða tapa og þá hversu mikið. En það er alveg augljóst mál, að fyrirtækið þarf ekki að græða mjög verulega, miðað við væntanlega veltu þess, til þess að gróðinn, sem það safnar, nemi fljótlega 10 milljónum, eða jafnmiklu og hlutafé. Þá hefur hlutafé m. ö. o. tvöfaldazt, vaxið um 100%. Ef einhvern tíma kemur að því, að þessu fyrirtæki verði slitið, þá mundi slíkur gróði hafa í för með sér, að hlutafé yrði borgað út með tvöföldu verði. Og þá hefðu auðvitað einkaaðilarnir, sem eiga 4 millj. kr. í fyrirtækinu, fengið í gróða jafnmikið og þeir upphaflega lögðu fram sem stofnfé. Í raun og veru er alveg óþarfi að bollaleggja nokkuð um það, hvað muni verða gróði fyrirtækisins í framtíðinni, vegna þess að hvað þessi fjárhagsatriði snertir höfum við miklu einfaldari og augljósari atriði við að styðjast. Í sjálfum lögum verksmiðjunnar er gert ráð fyrir því, að lagt sé í varasjóð allt að 3% af kostnaði við framleiðsluna. Í þeirri rekstraráætlun, sem fyrst fylgdi frv., þegar það fyrst var lagt fram, var gert ráð fyrir því, að varasjóðstillag verksmiðjunnar yrði ½ millj. á ári, 500 þús. kr. á ári. Nú verður auðvitað verðpólitík verksmiðjunnar hagað þannig, að það verði að minnsta kosti hægt að mynda þennan varasjóð. Þá sjáum við, að á 20 árum aðeins verður varasjóður verksmiðjunnar orðinn jafnmikill og hlutaféð. Þó að ekkert gerist annað, þó að fyrirtækið græði ekki neitt, ekki eyri umfram hin lögskipuðu varasjóðstillög, þá tvöfaldast hlutafé verksmiðjunnar. Ef hlutafélaginu verður slitið eftir 20 ár, þá fengju hluthafarnir útborguð sín bréf á tvöföldu nafnverði, með 100% hagnaði. Í raun og veru þarf ekki um þetta að fara fleiri orðum. Sjálf lögin fyrirskipa það, eins og frá þeim er gengið, að hlutafé skuli tvöfaldast að verðmæti á hverjum 20 árum. Þetta er auðvitað rangt. Það, sem hér átti auðvitað að gerast, var það, að hlutafé verksmiðjunnar yrði ákveðið sem næst stofnkostnaði hennar, eða rúmar 100 millj., og þar af átti ríkið vitanlega að fá sem svarar sínu 104 millj. kr. framlagi og einstaklingar hlutafé, sem svaraði sínu 4 millj. kr. framlagi. Þá hefði 10 millj. kr. varasjóðstillag á 20 árum auðvitað ekki þýtt tvöföldun á hlutafénu, heldur vöxt á hlutafénu um 10%. Og það er eðlilegt og réttmætt, miðað við stofnkostnað verksmiðjunnar.

Á það hefur verið bent, að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið tekið upp, hafi þegar hlotið sína reynslu í Eimskipafélagi Íslands, vegna þess að Eimskipafélagið sé skipulagt með nokkuð svipuðum hætti. Mér finnst það vera undarlegt, ef það er vitnað í reynsluna af Eimskipafélaginu hvað þetta snertir sem eins konar fyrirmynd til eftirbreytni. Og allra undarlegast þykir mér, ef hv. Framsfl., annar núverandi stjórnarflokkur, vísar í reynsluna af Eimskipafélaginu sem eftirbreytnisverða fyrirmynd. Sannleikurinn er sá, að reynslan af Eimskipafélaginu einmitt hvað þetta snertir hefur verið afleit, og það hefur einmitt verið hv. Framsfl., sem hvað eftir annað á liðnum árum eða áratugum hefur bent á það, að þetta fyrirkomulag í Eimskipafélaginu hafi gefizt mjög illa. Og hvað eftir annað hafa merkir og ágætir framsóknarmenn rætt mjög um það, að nauðsyn bæri til þess að breyta Eimskipafélaginu í annað heppilegra og skynsamlegra form, og gagnrýnt einmitt þetta sams konar samkrull í Eimskipafélaginu og nú á sér stað í áburðarverksmiðjunni, gagnrýnt það mjög harðlega. Slíkt samkrull er aftur á móti fullkomlega eftir kokkabók Sjálfstfl., fullkomlega eftir kokkabók íhaldsins og braskaranna. Þeir vilja hafa slíkt ástand, til þess að allir reikningar séu sem óhreinastir og öll viðskipti sem óhreinust. Það er því ekkert undarlegt, þótt þeir hafi lagt það til og verið því fegnir, að þetta skipulag skuli hafa verið tekið upp að því er snertir áburðarverksmiðjuna. En furðulegt er það, ef svo er komið fyrir Framsfl., að hann fer að vísa í Eimskipafélagið, sem hann í áratugi hefur gagnrýnt, sem eftirbreytnisverða fyrirmynd fyrir stærsta og merki-

legasta fyrirtæki Íslendinga, áburðarverksmiðjuna.

Það hefur verið á það bent, að hlutabréfaeign í áburðarverksmiðjunni geti ekki verið gróðavegur, það geti ekki orðið um að ræða neitt brask með hlutabréfin, vegna þess að í l. sé sett hámark fyrir arðgreiðslu af bréfunum, það megi ekki greiða af þeim hærri arð en 6%. Það vita allir, að slíkt hámark hefur verið á arðgreiðslu af hlutabréfum Eimskipafélagsins. Ríkið hefur sett það skilyrði fyrir skattfríðindum Eimskipafélagsins, að það greiði ekki af þeim nema 5% arð. En hefur þetta ákvæði þar komið í veg fyrir brask með hlutabréf Eimskipafélagsins? Það vita allir, hversu fjarri því fer. Með hlutabréf Eimskipafélagsins hefur verið braskað oft og einatt og mikið og illa. Og einmitt núna þessa dagana ganga þær sögur hér í Reykjavíkurbæ, — fullar sönnur á þeim veit ég ekki, — að verzlað hafi verið með nokkra tugi þúsunda af bréfum í Eimskipafélaginu fyrir margfalt verð, sumir segja tvítugfalt verð, aðrir segja fertugfalt verð, og aðrir nefna tölur þar á milli. M. ö. o., það getur margt orðið til þess, að braskað sé með hlutabréf í fyrirtæki, jafnvel þótt opinber takmörkun sé á arðgreiðslu af bréfunum, eins og reynslan þarna hefur greinilega sýnt. Auk þess er Eimskipafélagið orðið slíkt vandamál í þjóðfélaginu, að því félagi er óslítandi í raun og veru. Það verður ekki betur séð en Eimskipafélagið muni verða, hversu slæmt sem það er, eilíft, vegna þess að fjármál þess eru þannig, að það væri mjög erfitt að slíta því. Það kæmu upp mörg torleysanleg fjárhagsvandamál, ef félaginu yrði slitið. Það yrði þá varla komizt hjá að skenkja nokkrum fésterkum mönnum, jafnvel bröskurum, svo óheyrilega fjármuni, að það mun væntanlega engum ráðamönnum koma til hugar. En ef Eimskipafélaginu yrði einhvern tíma slitið, þá væri varla hægt að gera það öðruvísi. Það er þetta ástand, sem er auðvitað alveg óþolandi. Og það er þessi reynsla af Eimskipafélaginu, sem vissulega hefði ekki átt að verða til eftirbreytni. Það, sem einmitt hefur gerzt hér, er, að það skipulag í Eimskipafélaginu, sem sýnt hefur svo hörmulega galla sem raun ber vitni, er tekið til fyrirmyndar fyrir áburðarverksmiðjulöggjöfinni.

Ég vildi láta þessar athugasemdir koma fram, áður en þessari umr. lýkur, og endurtaka það að síðustu, þótt ég muni fylgja þessum breytingum, sem hér er um að ræða, að ég er mjög óánægður með löggjöfina um hið merka fyrirtæki áburðarverksmiðjuna og það skipulag, sem upp hefur verið tekið á fjármálum fyrirtækisins.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 10, n. 202 og 243).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera viðstaddur nú frekar en vant er. Það er raunverulega það minnsta, sem hægt væri að búast við af þeim fáu af ráðherrunum, sem eitthvað láta nú til sín taka í því að reyna að svara fyrir ríkisstj., þegar um önnur eins stórmál er að ræða eins og áburðarverksmiðjuna, að þeir haldi áfram að taka eftir og taka þátt í þeim umr., sem fram fara um þessi mál, ekki sízt eftir að hæstv. viðskmrh. í sinni síðustu ræðu var nú að bera mér svona ýmislegt frekar ljótt á brýn og meðal annars, að ég talaði af litilli þekkingu og því meira skrumi um þessi mál.

Ég hafði í minni ræðu komið nokkuð inn á að ræða um áburðarverksmiðjuna, ef hún væri skoðuð sem þess háttar einkafyrirtæki, sem hæstv. ráðh. vildi upphaflega vera láta. Og þá var nú eins og honum þætti kasta tólfunum. M. ö. o., þegar ég hélt því fram, að áburðarverksmiðjan væri ríkiseign, væri sjálfseignarstofnun, eins og stendur í 3. gr. laganna, þá bregzt hæstv. ríkisstj. reið við og segir, að þetta sé hreinasta vitleysa, auðvitað sé hún einkaeign. Þegar ég svo fer að ræða um áburðarverksmiðjuna sem einkafyrirtæki, sem ríkið að vísu eigi ofur lítið í, þá bregðast þeir enn þá reiðari við og fara nú að bregða mér um lýðskrum og annað slíkt. Yfirleitt man ég varla eftir öðrum eins dólgshætti í framkomu af hæstv. ráðh. hér á þingi eins og hæstv. viðskmrh. í þessu sambandi. Þetta er að vísu ekki í fyrsta skipti, sem það kemur fyrir, að hann raunverulega neitar að svara, þegar beðið er um upplýsingar, og ég vil aðeins nota tækifærið enn einu sinni, — ég hef gert það áður, — til þess að minna hann á það, að hann er ekki neinn herra hér yfir þingmönnum, heldur þjónn, og honum ber að gera svo vel og svara, þegar hann er beðinn um upplýsingar um ákveðna hluti. Og svo framarlega sem það er ekki gert, þá verðum við þm. að nota okkar rétt til þess að koma fram með þá hluti, sem við gjarnan vildum láta rannsaka, þegar maður getur ekki einu sinni, hvorki í fjhn. né á Alþ., þegar umr. eru, fengið fram frá ráðh. þær upplýsingar, sem maður hefur fullan rétt á að krefjast.

Út af því hins vegar, sem hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi lögunum, þá gekk hann nú inn á, að það þyrfti breytingar á l. og þau væru raunverulega óhæf eins og þau væru. Hins vegar var hv. 2. þm. Rang. að reyna að verja l. og tala um, að áburðarverksmiðjustjórnin hefði talað við færa lögfræðinga o. s. frv., og þeir færu lögfræðingar álitu, að þau væru ágæt. Það er nú undarlegt, ef ekki er hægt að fá frá lögfræðingunum svona nokkuð mismunandi álit um hlutina. Ég býst við, að það að vera lögfræðingur þýði nú ekki um leið, að það allt saman, sem einn lögfræðingur segir, sé álitið þar með óvefengjanlegur úrskurður. Og ég vil minna hv. 2. þm. Rang. á, að það var nú lögfræðingur, sem var að tala rétt á undan honum og lýsa því, að ekki væru nú rétt góð lögin um áburðarverksmiðjuna, og það var einmitt sá lögfræðingur, sem hafði verið forsrh. í þeirri ríkisstj., sem áburðarverksmiðjulögin voru samþ. í.

Hæstv. viðskmrh. hélt því fram, að þetta fyrirkomulag viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni væri alveg fyrirmyndar fyrirkomulag, svona ætti þetta að vera, þetta væri alveg tilvalið: Fyrirtæki með 10 millj. kr. hlutafé. Ríkið á 6 millj., einstaklingar eiga 4 millj. kr. Ríkið lánar því svo 98 millj. kr., og það skalta þeir og valta með, á slæmu

máli, það fara þeir með rétt eins og þeim þóknast, þessir, sem eiga 4 millj. og ráða, eins og ég mun nú sýna fram á, yfir hinum sex. M. ö. o., þetta er fyrirmyndin, sem við eigum von á á næstunni, að Sjálfstfl. og þá að öllum líkindum Framsfl. líka fari að framkvæma í ríkisrekstri. Þetta er samtengingin á hagsmunum einstaklinganna og hagsmunum ríkisins, eða réttara sagt, þetta á að vera aðferðin til þess að gera vald ríkisins og eign ríkisins undirorpið hagsmunum nokkurra einstaklinga. Og röksemdirnar fyrir þessu hjá hæstv. viðskmrh. eru þær, að með þessu móti verði fyrirtækið miklu betur rekið. Og þá skulum við koma að því. Hann segir, að það verði miklu betur rekið, og þá ætla ég að leyfa mér að spyrja: Fyrir hvern? — Og ég verð þá að koma fram með það hér opinberlega, fyrst hæstv. viðskmrh. hefur engar upplýsingar gefið fram að þessu, hvernig það er með rekstur þessarar áburðarverksmiðju, það sem af er. Hæstv. ráðh. hefur sagt, að ríkissjóður hefði öll ráð hennar í sinni hendi. Ég er nú satt að segja ákaflega hræddur um, að það sé nú frekar einn einasti maður, sem hefur öll ráð hennar í sinni hendi. Ég á við Vilhjálm Þór. Ég er ákaflega hræddur um, að ríkissjóður hafi bara alls ekki haft rétt mikil áhrif og skipt sér sérstaklega mikið af áburðarverksmiðjunni, það sem af er. Ég er ákaflega hræddur um, að þeir aðilar, sem þar eru í stjórn, og þá fyrst og fremst þessi maður, sem ég nefndi, hafi haft þar hin raunverulegu völd og ráð. Og ég vildi leyfa mér að óska eftir, að hér verði lögð fram til fjhn. eða til Alþ. útboðin, sem fram hafa farið viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, og tilboðin, sem borizt hafa. Svo framarlega sem ríkissjóður og þar með Alþ. á að hafa öll ráð þessarar verksmiðju í sinni hendi, þá er rétt, að við fáum þessa pappíra á borðið. Og fyrst það gengur svo erfiðlega að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðherrum og skilagreinar til fjhn. og upplýsingar um það, sem við biðjum um, þá verður maður að krefjast þess hér opinberlega á þinginu.

Hv. 3. landsk. sýndi hér fram á það með tilvitnunum í lagagreinina, að bara með því að framfylgja l., þá mundi vera líklegt, að einstakir hluthafar mundu geta verið búnir að græða upp sína hluti og jafnvel meira en það eftir til dæmis 20 ár. Ég er ákaflega hræddur um, að það kynni nú svo að fara, að þeir þyrftu sumir ekki einu sinni að bíða svo lengi eftir að vera búnir að græða upp sína hluti og sitt hlutafjárframlag. En ég vil spyrja: Hefur einn af hluthöfunum í Áburðarverksmiðjunni h/f nú þegar fengið greitt meira í umboðslaun af þeim vélum, sem keyptar hafa verið inn til áburðarverksmiðjunnar, heldur en nemur hlutafjárframlaginu, sem viðkomandi hluthafi lagði fram? Það er bezt, að hér á Alþ. fari hlutirnir að koma algerlega fram í þessu sambandi um, hvað verið sé þarna að gera. Ef ráðherrarnir neita svona eins og þeir hafa gert undanfarið að svara þeim spurningum, sem þingmenn bera fram, og það er ekki hægt í nefndunum að fá upplýsingar um þá hluti, sem eru að gerast, þegar ríkið setur stórfé í fyrirtæki, þá er ekki nema eðlilegt, að við verðum að koma fram með þá hluti hér opinberlega og spyrja að því, sem við ekki getum fengið upplýsingar um í nefndum.

Ég býst við, að það þurfi fyllilega að fara að athuga, hvernig verið er að tengja saman á hendur örfárra manna hér í þjóðfélaginu svo að segja allt fjárhagslegt vald. Og þegar jafnvel sömu mennirnir, sem eru að tengja þannig allt fjárhagslegt vald þjóðarinnar undir sinni stjórn, liggja undir ákærum frá ríkinu fyrir að brjóta stórkostlega lagafyrirmæli viðvíkjandi verðlagningu, en sitja sjálfir í stjórnum voldugustu fyrirtækja landsins, fyrirtækja, sem velta hundruðum milljóna króna og eiga jafnvel og ráða yfir í stofnfé yfir hundruðum milljóna króna, sitja þar að auki í helztu stofnunum ríkisins, þá fer að verða nauðsyn hér á Alþ. að fara að spyrja að því, hvort allt vald í fjármálum og efnahagsmálum Íslands sé komið út fyrir þingveggina og hvort þingmenn geti ekki einu sinni fengið lengur að fylgjast almennilega með því, sem er að gerast með sjálf ríkisfyrirtækin, hvort það eigi að stela fyrirtækjum ríkisins af þjóðinni og setja þau undir vald örfárra manna. Það er fyllilega vert að vekja eftirtekt á því, hvað hér er að gerast. Það er eins og það sé verið að gera þetta Alþ. aftur að ráðgefandi þingi. Ráðherrarnir láta ekki svo mikið sem að sýna sig hérna. Og á sama tíma eru ránshendur látnar sópa um eignir ríkisins og tekjur almennings og lagðir tollar, sem nema tugum millj. króna, eins og bátaútvegsgjaldeyririnn, á þjóðina, án þess að nokkur lagabókstafur sé fyrir, og þegar ráðherrar eru krafðir reikningsskapar hér á Alþ. fyrir þessar aðgerðir sínar, þá neita þeir að svara og stökkva út. Ég segi þetta til þess að vekja eftirtekt á, hvert hér er komið með spillingunni og með valdaráninu í þessum efnum. Og það er svo sem auðséð líka, hvert stefnt er áfram. Ég vakti athygli á því við umr. um þessi mál í fyrra, að ef svona ætti að fara að eins og núna er, að láta áburðarverksmiðjuna, eins og ríkisstj. vill, verða eign þessa hlutafélags, í staðinn fyrir að hún ætti að vera rekstrarfélag, eins og ég álít eftir lögunum, þá mundi það þýða, þegar fram í sækti og þegar þörf væri á því að stækka þessa áburðarverksmiðju eða skapa nýjar áburðarverksmiðjur, — og við vitum það allir, að áburðarverksmiðjur eru áreiðanlega eitt af því, sem kemur til með að koma upp í mjög ríkum mæli hér á Íslandi, — þá mundi verða farið í fótspor þess, sem nú hefur verið gert, þannig að það mundi verða hægt, þó að byggð verði hér stærri verksmiðja en þessi, 6 þúsund tonna, að reyna að láta hana verða í eign einstaklinga líka, en ekki þjóðarinnar. Og ég sé, að það muni strax hafa vakað fyrir þeim, sem stofnað hafa áburðarverksmiðjuna. Í Lögbirtingablaðinu 10. marz 1951 er tilkynning um stofnun Áburðarverksmiðjunnar h/f. Þar er tekið fram, að stofnendur séu Vilhjálmur Þór forstjóri, Hofsvallagötu 1, Pétur Gunnarsson tilraunastjóri, Sólvallagötu 36, Jón Jónsson framkvæmdastjóri, Ránargötu 35 A, Jón Ívarsson framkvæmdastjóri, Víðimel 42, Gunnlaugur E. Briem skrifstofustjóri, Hávallagötu 43, Pétur Guðjónsson, Brávallagötu 18, Hulda Bergþórsdóttir, Nökkvavogi 1. Síðan er tekið fram um stjórn fyrirtækisins.

Hvernig stendur nú á því, að Áburðarverksmiðj-

an h/f skuli vera stofnuð með þessum hætti, stofnuð eins og þetta væri eitthvert venjulegt privathlutafélag, þar sem meira að segja þeir menn, — við skulum segja eins og Vilhjálmur Þór, — sem kosnir eru af ríkinu, verða að koma fram sem einstaklingshluthafar til þess að fullnægja skilyrðum hlutafélagalaganna, sem þýðir það, að þessir menn eru um leið hluthafar þarna sem einstaklingar? Af hverju er verið að þessu, í staðinn fyrir að ganga svoleiðis frá l. um áburðarverksmiðjuna, að það þurfi ekki að fara að stofna þetta hlutafélag, ef það á að verða í praksís eins og hvert annað firma? Sjá menn ekki, hvað þetta er óviðfelldið? Sjá menn ekki, að þetta er óþolandi — bara vegna þess, hvert hrákasmíði er á frv., þegar það er samþykkt, og því hefur verið breytt á síðustu stundu? Svo er tekið fram áfram:

„Hlutafé félagsins er 10 millj. kr. Greitt hlutafé er kr. 2514750.00. Hið ógreidda er kræft, hvenær sem félagsstjórnin krefst."

Svo stendur nokkru síðar:

„Engin sérréttindi fylgja hlutunum önnur en þau, að hluthafar eiga í hlutfalli við hlutafjáreign sína forkaupsrétt að nýjum hlutum."

Þetta er ákaflega venjulegt í sambandi við venjuleg hlutafélög. En af hverju er þetta sett inn í fyrirtæki, sem ríkið er að stofna? Ef ríkið ætlar að koma sér upp fyrirtæki, sem væri, við skulum segja, til að vinna úr 30 þús. tonnum, á þá að fara inn á þessa sömu braut, á þá að fara að gefa þessum hluthöfum, sem ættu þarna 4 millj. kr., væru kannske búnir, ef þessi verksmiðja gengi vel, sem við vonum, að græða stórfé á því, — á þá að fara að gera þeim auðveldari hlutdeild í slíku? Bara þessi tilkynning í Lögbirtingablaðinu er eitt dæmið um það, hve óhæf þau lög eru, sem hér er um að ræða.

Þá komum við að því, hvar reglugerðin viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni sé. Hvar er reglugerðin, þar sem lagt er fyrir, að þeir þrír, sem kosnir eru af Alþingi, skuli heyra undir Alþingi eða ríkisstjórnina og verða að framfylgja fyrirmælum ríkissjóðs, eins og hæstv. viðskmrh. vildi vera láta? Ég býst við, að slík reglugerð sé ekki til. Ráðh. hefur ekki fengizt til að svara því, hvort slík reglugerð er til. Ráðh., sem segir, að ríkissjóður hafi öll völd, öll ráð þessarar verksmiðja í sínum höndum, fæst ekki til þess að gefa upplýsingar um það, hvort þeir þrír menn, sem kosnir eru af Alþ., verði að heyra undir t. d. fyrirmæli fjmrh. sem fulltrúa ríkissjóðs, ef um það er að ræða. Engin reglugerð er til um það. Engin fyrirmæli eru til um það og þess vegna aðeins það eitt, sem stendur í lögunum um það. Ég vil bara vekja eftirtekt manna á, hvernig verið er að fara með almenningseign í þessu sambandi.

Svo skal ég halda áfram viðvíkjandi því, sem hefur nú verið deilt mjög harðvítuglega á mig fyrir hér í umr., og ég skal nú sanna, að ég hafi ekki farið með neitt fleipur. Það var sagt, að það væri algerlega rangt, að það væri raunverulega um 200 millj. kr., sem ríkið hefði lagt fram af fé, til þess að þetta fyrirtæki, áburðarverksmiðjan, gæti gengið. Og hv. 2. þm. Rang. deildi mjög á mig fyrir þetta fleipur, og hæstv. viðskmrh. virtist verða hálftaugaveiklaður út af því að heyra þessa upphæð nefnda, eins og honum þætti það eitthvað lakara, að svo há upphæð skyldi vera tengd við áburðarverksmiðjuna. Ég hafði líka í þessu sambandi komið að því, að það væri á ýmsan hátt, nema vel yrði við brugðið af hálfu ríkisvaldsins, gengið mjög hart að hagsmunum neytenda. Og ég skal nú sanna mínar fullyrðingar viðvíkjandi þessu betur en ég gerði í þeirri ræðu. Því er ómótmælt, að áburðarverksmiðjan á, eftir upplýsingum ríkisstj. sjálfrar, að kosta 108 millj. kr., að einstaklingar leggja fram 4 millj., að ríkið leggur fram 104 millj. Og þó vil ég segja, að frekar er ég hræddur um, að þessi upphæð, 108 millj. kr., verði hærri, þegar búið er að reisa áburðarverksmiðjuna, heldur en að hún verði lægri. En svo skulum við athuga, hvaða hlutdeild er eðlilegt að reikna áburðarverksmiðjunni í nýju Sogsvirkjuninni, hvaða hlutdeild er eðlilegt að segja, að ríkið, a. m. k. í svipinn, leggi fram vegna áburðarverksmiðjunnar í hina nýju Sogsvirkjun. Það þótti þá fram úr hófi, að ég skyldi segja, að það væru upp undir 100 millj. kr., sem mætti áætla henni. Almenningsnotkunin, sem reiknað er með að verði, eftir að nýja Sogsvirkjunin tekur til starfa, er í kringum 188 millj. kílówattstunda. Það, sem áburðarverksmiðjunni er ætlað, er hins vegar um 130 millj. kílówattstunda. Hvað þarf til þess að framleiða 130 millj. kílówattstunda í orkuveri, sem gengur allt árið, dag og nótt, 8600 klukkutíma? Hvað þarf stórt orkuver? Það þarf orkuver, sem framleiðir rúm 15 þúsund kílówött. M. ö. o., það þarf rétt tæpan helminginn af þeirri orku, sem nýja Sogsvirkjunin kemur til með að framleiða, til þess að framleiða þá orku, sem þarf handa áburðarverksmiðjunni, ef reiknað er í kílówattstundum. Nýja Sogsvirkjunin kostar sjálfsagt um 190 millj., og við skulum segja, að það séu öll líkindi til, að það komi til með að standast. En ef rétt tæpan helming af þeirri fjárfestingu þarf til þess að framleiða það, sem áburðarverksmiðjan annars hefði þurft, er þá ósanngjarnt að setja það fram, að það séu upp undir 100 millj. kr., t. d. milli 90 og 100 millj. kr., sem ríkið leggi í nýja fjárfestingu núna í svipinn vegna áburðarverksmiðjunnar? Ég held ekki. Ég held, að það sé alveg eðlilegt, og hitt er rétt, að áburðarverksmiðjan hefði orðið að byggja stærra orkuver, ef hún hefði ætlað að byggja orkuver handa sér. M. ö. o., það er engin spurning um það, að ríkið, þjóðfélagið í heild, er að láta í té um 200 millj. kr. í fjárfestingu nú sem stendur til áburðarverksmiðjunnar og til þess hluta af Sogsvirkjuninni, sem raunverulega þurfti að gera eða hefði ella þurft að gera vegna áburðarverksmiðjunnar.

Þá er að öðru leyti, hvort almenningur leggi ekki að sér vegna þess, að áburðarverksmiðjunni er komið upp. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að mér væri óhætt að vera alveg áhyggjulaus viðvíkjandi Reykvíkingum og Sunnlendingum yfirleitt út af rafmagnsmálum, þriðja virkjun Sogsins væri í undirbúningi. Vissi ég það áður, að hún var í undirbúningi, og ég hef nú frekar reynt að ýta undir þann undirbúning heldur en hitt. En það er ekki nóg, að hún sé í þeim tækni-

lega undirbúningi, sem hún er. Það þarf meira til. Það þarf fjármagn, sem ríkisvaldið verður að tryggja, og ríkisvaldið verður að tryggja það fjármagn einmitt vegna þess sérstaklega, hvernig ríkisvaldið nú hefur knúið það fram, að svo mikið rafmagn verði tekið til handa áburðarverksmiðjunni. Ég vil í því sambandi segja: Rafmagnið, sem áburðarverksmiðjan fær, á að kosta milli 3 og 4 millj. kr., ef maður reiknar að meðaltali um 2,6 aura á kílówattstundina. Kostnaðurinn hins vegar við hina nýju virkjun Sogsins á ári verður um 15 millj. kr. Það er engum efa bundið, að með tilliti til hagsmuna áburðarverksmiðjunnar hefur verið pínt niður verðið á rafmagninu, þannig að áburðarverksmiðjan býr núna eftir þeim samningum, sem hún nú hefur fengið, við ákaflega hagstætt verð á rafmagni. Þetta verð hefur verið pínt niður með því móti, að Reykvíkingar og Sunnlendingar hafa raunverulega orðið að afsala sér öllum hagnaði, sem þeir hafa þó haft af gömlu virkjununum, til þess að það væri hægt að reikna út svona lágt verð handa áburðarverksmiðjunni, og ríkisstj. hefur, veit ég, lagt alveg gífurlega áherzlu á og þrýst skarplega á til þess að knýja það fram, að áburðarverksmiðjan fengi 15 ára samning við Sogsvirkjunina. Og ég þykist alveg vita, af hverju svona gífurleg áherzla var lögð á að pína þennan samning fram eins og hann var gerður. Það var gert vegna þess, að það þurfti að sýna bönkunum vestan hafs, Alþjóðabankanum og Import-Export-Bank, þennan samning, þannig að það væri hægt að veifa svona góðum samningi framan í þá, til þess að þeir fengjust til þess að láta lánin í té til handa áburðarverksmiðjunni, m. a. þetta lán, sem við erum að ræða um hér. Þetta þýðir m. ö. o.: Það er gengið ákaflega hart að almenningsnotkuninni hérna. Það eru knúnir fram ákaflega hagstæðir samningar fyrir áburðarverksmiðjuna um að láta henni í té rafmagn, sem er ⅔ að magni til af því, sem nýja Sogsvirkjunin framleiðir, fyrir verð, sem er aðeins fimmti hlutinn af þeim kostnaði, sem verður rekstrarkostnaður nýju Sogsvirkjunarinnar á ári, og þó væri allt þetta í lagi og hagstætt á vissan hátt fyrir Sogsvirkjunina, svo framarlega sem bara einu skilyrði er fullnægt, því skilyrði, að innan 3—4 ára væri búið að koma upp nýrri stöð, sem tekin væri til starfa, nýrri stöð, sem framleiðir 20 þús. kílówött, eða við skulum segja stöð, sem væri eins og þriðja virkjun Sogsins. Og það er að mínu áliti það, sem er það eðlilega skilyrði af hálfu Sogsvirkjunarinnar til áburðarverksmiðjunnar og ríkisvaldsins, að það sé gefin trygging fyrir þessu.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að þriðja virkjunin væri í undirbúningi. Ég vil hér koma með þá fsp. til hæstv. ríkisstj.: Er ríkisstj. reiðubúin til að tengja við það frv., sem hérna liggur fyrir, lánsheimild til þess að setja í gang þriðju virkjun Sogsins, og starfið að henni þarf þá eðlilega að hefjast næsta sumar með þeim vélum, sem nú hefur verið unnið með uppi við Írafoss? M. ö. o., það þarf þá að samþykkjast á þessu þingi lánsheimild og fjárveitingarheimild fyrir upp undir 100 millj. kr. til þriðju virkjunar Sogsins, svo framarlega sem öruggt á að vera, að það sé hægt að koma þeirri virkjun upp í síðasta lagi 1956. Svo fremi sem slíkri virkjun ekki er komið upp fyrir 1956, þá vofir ný katastrófa yfir rafmagnsmálum Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Þá vofir sami gjaldeyrisskorturinn, sami rafmagnsskorturinn yfir eins og núna er. Þá vofir sama stöðvunin yfir í fjöldanum öllum af iðnfyrirtækjum, eins og nú er hvað eftir annað með þeirri skömmtun, sem er á rafmagninu. Og þá vofir það yfir, sem núna er staðreynd, að olíustöðin, varastöðin við Elliðaár, er látin ganga mikinn hluta sólarhringsins fyrir útlendan gjaldeyri, fyrir útlendri orku, og framleiða kílówattstundina kannske á 25—30 aura, sem sé 25—30-falt verð við það, sem áburðarverksmiðjan á að fá. M. ö. o., svo framarlega sem Sogsvirkjuninni er ekki lokið fyrir 1956, þá þýðir það, að Reykjavíkurbær verður að framleiða rafmagn handa sínum íbúum fyrir um 30-falt verð við það, sem áburðarverksmiðjan fær rafmagn fyrir í afgangsorku. Þetta er það, sem vofir yfir. Og sem stendur hefur Sogsvirkjunin enga tryggingu fyrir því, að þessi þriðja virkjun sé hafin og komist í gang, og það er of seint að fara að rífast í þessum málum 1956, þegar skorturinn á rafmagni kemur til með annaðhvort að stöðva svo og svo mikinn hluta af öllum rekstri í Reykjavík hjá iðjuverum hér og hjá almenningi eða þá að stöðva áburðarverksmiðjuna. Ég vek eftirtekt á þessu nú, og ég kem fram með þá spurningu nú til ríkisstj., hvort hún sé reiðubúin til þess að bæta aftan við þetta frv. eða koma með í nýju frv. ákvörðun um það að heimila henni að taka þá fjárhæð að láni, sem þarf til þess að leggja í þriðju virkjun Sogsins, og ég mun, svo framarlega sem ríkisstj. þegir jafnt við þessum spurningum mínum eins og hún hefur þagað við öðrum, koma fram með till. um slíkt við 3. umr., ef ég verð ekki þá búinn að fá, hér eða annars staðar, einhverja tryggingu fyrir því, að slíkar till. komi fram með öðru móti.

Það er ekki hægt hvort tveggja í senn, að ætla að koma fyrirtæki eins og áburðarverksmiðjunni úr höndum ríkisins og undir stjórn einstaklinga og vald einstaklinga og heimta um leið, að almenningur sé látinn fórna stórkostlega fyrir þessi fyrirtæki og verði að líða við það, að þau hafi komizt upp, eftir nokkur ár, svo framarlega sem ekki er undinn bugur að þriðju virkjun Sogsins, og það þarf meira til þess heldur en það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að þetta væri í undirbúningi. Þetta er lengi búið að vera í tæknilegum undirbúningi, og rannsóknir hafa lengi farið fram, og þetta hefur lengi verið rætt hjá ábyrgri stjórn Sogsvirkjunarinnar, en það, sem vantar, er lánsheimildin og fjárveitingarheimild hér frá Alþ. til þessa. Það má vera, að óvilji hæstv. viðskmrh., sem er þingmaður fyrir Reykvíkinga, að ræða þessi mál, stafi að einhverju leyti af því, að hann sjái fram á, bæði hér í Reykjavík og á Suðurlandsundirlendinu, ef svo á að fara, að áburðarverksmiðjan, ef ekki verði komið upp í tíma þriðju virkjun Sogsins, gleypi það mikið af rafmagni, að það verði farið að skammta raf-

magnið enn þá harðvítuglegar en nú er gert eða neita mönnum um að nota rafmagnið til ákveðinna hluta, eins og t. d. til hitunar, og kynda svo samtímis oliustöðina, eins og nú er gert, með þeim hrottakostnaði, sem af því leiðir.

Ég vil nú bjóða þeim hæstv. ráðh. og þm., sem hafa borið brigður á minn útreikning viðvíkjandi 200 millj. kr. fjárfestingunni, að hrekja þær tölur, sem ég nú hef sett fram, og ég býst ekki við, að þeir geti það. Það er engum efa bundið, hvaða fjárfestingu þetta heimtar. Hitt er aftur á móti alveg rétt, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að þessi virkjun áburðarverksmiðjunnar þrýstir á, hún rekur á eftir, og að því leyti er hún mjög heppileg. Hún rekur á eftir virkjunum, ef ekki á allt að lenda í öngþveiti. Hún rekur á eftir, þannig að það verður að leggja í þriðju virkjun Sogsins miklu fyrr þess vegna, og það er vissulega það góða við hana, en það er því aðeins það góða við hana, að þetta sé þá gert, að ráðizt sé í þriðju virkjun Sogsins nægilega snemma.

Þá vil ég segja aðeins nokkur orð út af sjálfum rekstrinum á áburðarverksmiðjunni. Ég setti hér fram þá ósk, hvort hægt væri að fá að sjá rekstraráætlunina eins og hún nú liti út. Það er svo sem ekki orðið við þeirri ósk frekar en öðrum viðvíkjandi því, að þm. sjái, hvað er að gerast í þessu fyrirtæki. Nú sem stendur mun áburður erlendis kosta um 10500 kr. tonnið. Með 6 þús. tonna framleiðslu í þessari verksmiðju mætti því ætla, að hún framleiddi áburð, sem miðað við útlent verð mundi kosta um 20 millj. kr., og það er það, sem við mundum spara þá eða afla okkur í útlendum gjaldeyri með þessari áburðarverksmiðju, sem sjálf kostar um 100 millj. kr. eða rúmlega það og krefst fjárfestingar í rafmagni upp á svipaða upphæð, en ég skal líka taka fram, að það er fjárfesting, sem er mjög æskileg, svo framarlega sem hún gengur nógu ört, en skaðleg, ef það gengur of hægt með nýjar virkjanir. Vissulega er það mjög ánægjulegt að geta sparað að kaupa áburðinn erlendis frá. Þó vil ég, út af því, hve hæstv. viðskmrh. deilir nú oft á Sósfl. og ekki sízt mig fyrir þá fjárfestingu, sem við áttum hlut að á sínum tíma, segja honum, að ólíku skynsamar var varið hvað snertir öflun erlends gjaldeyris þeim 100 millj. kr., sem settar voru í togarana hér á árunum, og ólíkt meira gefur það í gjaldeyri fyrir þjóðina. En látum það nú vera. Því var haldið fram hér af hv. 2. þm. Rang., að bændur mundu með ánægju borga hærra verð fyrir áburð úr íslenzkri áburðarverksmiðju heldur en úr útlendum áburðarverksmiðjum. Það er nú ákaflega gott að fá þessa yfirlýsingu frá þeim þm. bænda. Ég er nú samt ekki alveg viss í, að hann tali þar fyrir munn sinna umbjóðenda um, að þeir mundu borga með ánægju hærra verð. Ég veit að vísu, að íslenzka bændastéttin er ákaflega þjóðleg stétt, en að það sé alveg öruggt, að hún borgi með ánægju hærra verð fyrir íslenzkan áburð heldur en útlendan, tel ég ekki jafnvíst. Og a. m. k. hef ég þá reynslu, að þeir, sem sérstaklega hafa talið sig fulltrúa bændastéttarinnar hér á þingi, vilji nú frekar reyna að telja bændur á að heimta framlög frá ríkinu með þeim hlutum, sem þeim væri gert að greiða dýrara en þeim væri þörf á, heldur en að skora beinlínis á þá að borga með ánægju meira en þyrfti að gera. Og ég verð að segja, að það er ekkert undarlegt, þótt íslenzk bændastétt, svo þjóðleg og hagsýn sem hún er, mundi krefjast þess af sínum fulltrúum, þegar hún færi að gera upp þessar sakir við þá, að verksmiðja, sem þeir legðu í að byggja fyrir íslenzka bændastétt, væri þannig hugsuð frá upphafi vega, að hún ætti fyllilega að geta keppt við erlendar verksmiðjur og selt íslenzkum bændum áburð ódýrari en erlendar verksmiðjur gera, því að svo hef ég skilið baráttu íslenzkrar bændastéttar í áburðarmálunum, að sú barátta væri háð til þess að létta af þeirra herðum oki erlendra áburðarhringa, en ekki til þess að gera þá undirorpna þyngra oki en þeir báru áður. A. m. k. var ekki úr því dregið hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og tímaritum þess hér á árunum, þegar áburðarhringurinn var myndaður í Þýzkalandi, hver hætta væri á ferðum fyrir hagsmuni bænda hér á þessu landi með þeirri einokun, sem undirbúin væri í áburðarmálunum, enda álít ég það sjálfsagða kröfu af hendi íslenzkrar bændastéttar, að þeir menn, sem hugsa að koma upp áburðarverksmiðju hér á Íslandi, hugsi hana þannig frá upphafi, að hún eigi að geta orðið íslenzkum bændum til hagnaðar, en ekki til tjóns. Ég vil bara minna á, ekki sízt út af þeim ádeilum, sem við sósialistar höfum hvað eftir annað fengið hér í þinginu út af því — og nýbyggingarráð á sínum tíma — hvað við hefðum dregið áburðarverksmiðjumálið, — hvernig flana átti í þessu máli upphaflega. Þegar Vilhjálmur Þór var atvmrh. hér, þá lagði hann hér einu sinni frv. fyrir Alþ. um áburðarverksmiðju, sem átti að reisa á Akureyri og átti að framleiða 1200 tonn af köfnunarefni. Þetta var hugsunarhátturinn hjá þeim mönnum, sem nú eru alls ráðandi í áburðarverksmiðjunni. Svona var skilningurinn á þessu. Og seinast þegar við ræddum um þetta mál hér á þinginu, þegar frv. var sett í gegn, sem nú gildir um áburðarverksmiðju, og ég benti á þetta, þá var því haldið fram af hálfu þm. og jafnvel af ráðh. Framsfl., að það hefði verið ágætt, hefði verið hægt að fara af stað með 1200 tonna áburðarverksmiðju norður á Akureyri. Það hefði þó verið vísir.

Áburðarframleiðslan er ein af þeirri framleiðslu í veröldinni, sem er í einhverjum stærsta stíl og mest er undir yfirdrottnun einokunarinnar. Þegar þessi núverandi 6000—7000 tonna verksmiðja, sem nú er verið að byggja, var ákveðin með lögum hér á Alþ., þá vöruðum við sósialistar við þessu, að byggja ekki stærra frá upphafi. Og við sýndum fram á, að það væri hætta á ferðum, einmitt þegar verið væri að ráðast í stóriðju hér á Íslandi, að stíla ekki hærra í þessum efnum. Við bentum á jafnvel allt að 30 þús. tonna verksmiðju, vildum gefa heimild um frá 15—30 þús. tonna verksmiðju. Við bentum á nauðsynina á virkjun Urriðafoss í Þjórsá í sambandi við þetta og lögðum fram till., sem við mæltumst til þess að yrðu af hálfu meiri hl. a. m. k. teknar til athugunar. Ég hef ekki getað fengið neinar rekstraráætlanir yfir

áburðarverksmiðjuna, eins og hún nú liggur fyrir. Það er vonandi, að þessi verksmiðja geti framleitt áburð á sama verði og útlendar verksmiðjur gera og að hún geti framleitt t. d. tonnið fyrir 4000 kr., eins og ég býst við að sé verðið erlendis. En ég vil minna á, að samsvarandi verksmiðja eins og sú, sem Sósfl. lagði til 1949, framleiðir hvert tonn a. m. k. 1000 kr. ódýrara. Það munar það miklu á framleiðslukostnaðinum eftir því, hvort rekið er í stórum stíl eða smáum. Og hvernig stendur á því, að sá af okkur þm., sem ætti að vera kunnugastur þessum málum og sjálfur situr í stjórn áburðarverksmiðjunnar, hv. 2. þm. Rang., skuli nú vera farinn að tala um það, að íslenzkir bændur mundu með ánægju borga hærra verð fyrir áburðinn úr íslenzkri áburðarverksmiðju, nema vegna þess að hann er kannske sjálfur smeykur um, að svo kunni að fara, að áburðurinn verði ekkert ódýrari úr henni heldur en sá útlendi?

Ég verð að segja, svo áhugasamur sem ég er og hef verið fyrir íslenzkri stóriðju og svo mikið sem ég ásamt mínum flokksbræðrum hef lagt upp úr því, að hægt væri að byrja á henni, þá þætti mér það ákaflega miður, ef fyrsta sporið á okkar braut til stóriðju gæti ekki strax sýnt þann árangur fyrir þjóðina, að hann sannaði henni yfirburði slíkrar stóriðju, sannaði henni, að hún gæti losnað undan oki og okri erlendra einokunarhringa með því að koma sér upp stóriðju sjálf. Ég vil minna á, að áður hefur verið eyðilagt fyrir okkur upphaf slíkrar stóriðju með því að byrja of smátt. Till. okkar sósialista um 15 þús. tonna herzluverksmiðju á lýsi, sem við reyndum að framkvæma, var eyðilögð með því að koma af stað — og nota síðan sem átyllu til þess að drepa hitt — smáherzluverksmiðju, sem gat unnið úr 2000 tonnum og sjálf borgar sig ekki núna og eigendurnir eru í vandræðum með, en er nóg til þess hins vegar, að það eyðilagði raunverulega málið um að koma upp stórri herzluverksmiðju, sem hefði getað hert okkar lýsi og gert það alls staðar að söluhæfri vöru með góðu verði í staðinn fyrir að láta það liggja eins og það liggur núna, þannig að við erum í hreinustu vandræðum með að selja það. Þegar við hugsum um stóriðju og byrjum á stóriðju, verðum við að skilja það, sem orðið sjálft segir, að sú iðja þarf að vera í sérstaklega stórum stíl, svo framarlega sem hún á að geta borið sig fyrir þjóðina. Þess vegna er það það lakasta, sem gert er fyrir okkur, að byrjað er á þessu of litlu, þannig að það verði tap á því og það verði til að drepa niður trúna á meira, í staðinn fyrir að byrja með það það stórt, að það sanni alveg ótvírætt, hvílíkri gnótt auðæfa Ísland býr yfir í sínum fossum, svo framarlega sem þessi orka er hagnýtt með fyrirhyggju, en ekki flanað út í það, — með almennings hag fyrir augum, en ekki til þess að einstaklingar og einstakir aðilar geti látið greipar sópa og grætt á því. Það er allt of mikið gert að því hér — ekki sízt af hálfu hæstv. ríkisstj. — að flana út í hlutina án þess að taka tillit til nokkurra ráðlegginga, án þess að gera svo mikið sem hlusta á það, sem þm. segja. Flokksvaldi ríkisstj. er vægðarlaust beitt til þess að drepa niður hverja einustu till., sem til bóta mætti verða, til þess að kæfa hverja einustu rödd, sem til viðvörunar kemur fram. Og svo er þessu valdi beitt til þess að sölsa undir sig yfirráðin yfir þeim fyrirtækjum, sem almenningur á að eiga. Þetta vald er að kæfa niður alla gagnrýni á rekstur og afskipti þess opinbera af atvinnulífinu. Með þessu móti er verið að brjóta lög og rangsnúa lögum og halda því áfram án þess að skeyta nokkurn skapaðan hlut um allar þær aðvaranir, sem fram koma hér á Alþingi, eins og gert er nú í sambandi við áburðarverksmiðjuna, í sambandi við bátaútvegsgjaldeyrinn og annað slíkt. Síðan veit ég að á að velta yfir á ríkið afleiðingunum, ef illa gengur, ef áburðarverksmiðjan skyldi ekki borga sig, en taka gróðann til einstaklinganna, svo framarlega sem vel gengur. Svona á að láta ríkið og almenning þjóna undir hagsmuni nokkurra einstaklinga, sem eru að leggja undir sig og ná yfirráðum yfir öllu fjármagni í okkar þjóðfélagi. Og mig skal ekkert undra, þótt hæstv. ráðh. þyki ekkert gaman að því að eiga að standa reikningsskap fyrir sínum gerðum hér á Alþ. og kjósi þess vegna heldur að hafa sig á brott. Það er auðséð, að hluthafarnir eiga ekki að þurfa að bíða eftir því að fá, ef áburðarverksmiðjan gengi vel og bændur borguðu með ánægju hærra verð fyrir áburðinn heldur en hann kostar erlendis og áburðarverksmiðjan borgaði sig upp á 20 árum, — þeir eiga ekki að þurfa að bíða eftir því að fá þá 40 millj. kr. gjöf frá ríkinu í áburðarverksmiðjunni, þeir eru farnir að fá hlutina borgaða jafnvel með 100% ágóða strax. Á sama tíma er svo verið hér á Alþ. að traðka Alþ. niður. Ráðh. láta innheimta tugi millj. kr. af þjóðinni án heimilda frá Alþ., án stuðnings í l. Og ráðh. sölsa undir einstaklinga með yfirlýsingum sínum hér á Alþingi, eins og nú viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, fyrirtæki, sem ríkið á eftir l. um áburðarverksmiðjuna, 1.—12. gr.

Ég álít, að það hneyksli, sem er að fara fram í sambandi við þessi mál, réttlæti þá hörðu ádeilu, sem ég hef hér haft í frammi út af þessum málum. Ég hef gert það vegna þess, að þess hefur ekki verið neinn kostur að fá á venjulegan hátt til okkar þm. upplýsingar um þessi mál, og hér er þó um að ræða fyrirtæki, sem ríkið og almenningur lætur raunverulega upp undir 200 millj. kr. til, sem sé langfjárfrekasta fyrirtæki, sem nokkurn tíma hefur verið lagt í á Íslandi, fyrirtæki, sem almenningur kemur til með að verða að þrengja mjög að hag sínum fyrir, svo fremi sem ekki er komið upp nú alveg á næstunni, fyrir 1956, nýrri virkjun við Sogið. Ég hef ekki getað fengið einu sinni upplýsingar í þessum umr. um, með hvaða kjörum það lán, sem frv. ræðir um, hafi verið veitt áburðarverksmiðjunni. Í lagafrv. stendur aðeins, að ríkisstj. veiti það með þeim kjörum, sem hún telji nauðsynleg, og ég man ekki eftir slíku orðalagi í sambandi við lán frá ríkinu í neinni lagaheimild, sem ég hef tekið þátt í að afgr. hér á Alþ., að ríkisstj. áskilji sér rétt til þess að mega afgreiða lán til einhvers, bara með þeim skilmálum, sem henni þykja nauðsynlegir. Ég hef þess vegna sett fram brtt. um, að lánið sé veitt aftur með

þeim sömu kjörum sem það er fengið. Ég hef ekki getað í fjhn. fengið upplýsingar um það, með hvaða kjörum þetta lán var tekið. Ég hef ekki getað fengið á Alþ. upplýsingar um, með hvaða kjörum það hefur verið veitt. Svona er aftur farið að ganga fram hjá þinginu í þessum málum. Svona er farið að trampa á Alþ. Íslendinga af hálfu þeirrar ríkisstj., sem nú situr að völdum. Hins vegar eru stærri brtt., sem ég gjarnan hefði borið fram við þessa umr., en ég hef ekki viljað bera fram við þessa umr., vegna þess að ég þarf áður að geta fengið ákveðnar upplýsingar, sem ég er margbúinn að biðja um hér í þinginu, en fæ ekki enn. Ég áskil mér þess vegna rétt við 3. umr. málsins, ef þá lægi meira fyrir, að bera slíka till. fram, m. a. þá víðvíkjandi þriðju virkjun Sogsins, sem er alveg nátengd þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 243 felld með 18:10 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls fór ég fram á það sem frsm. fyrir minni hl. fjhn., að ríkisstj. gæfi nokkrar upplýsingar viðvíkjandi því máli, sem hér liggur fyrir. Þær upplýsingar hafa nú ekki fengizt. Hins vegar sýndi ég þá fram á, þannig að það var ekki hrakið, að sem bein afleiðing af því, að auk þeirra 104 millj. kr. að minnsta kosti, sem ríkið lætur sem framlag eða lán til áburðarverksmiðjunnar, þá er sá hluti af kostnaðinum við aðra virkjun Sogsins, sem gerir það mögulegt að áburðarverksmiðjan verði rekin, að minnsta kosti milli 90 og 100 millj., en eins og ég þá tók fram, þá má auðvitað reikna það á mjög mismunandi hátt, en það er hins vegar sú upphæð, sem hefði ella verið alveg óhjákvæmileg og raunar hærri upphæð fyrir áburðarverksmiðjuna sjálfa, ef hún hefði átt að leggja í eigin raforkuver, og eins væri ekki ósanngjarnt, miðað við það magn, sem áburðarverksmiðjan fær úr Sogsvirkjuninni, að ætla það tæpar 100 millj., sem ríkið verði að leggja í af fjárfestingum fyrr en ella vegna áburðarverksmiðjunnar. Ég kom þá fram með fyrirspurn um það, hvort ríkisstj. væri reiðubúin til að taka þeim afleiðingum af stofnun áburðarverksmiðjunnar og afleiðingum af því að verja eins miklu af orku Sogsins til hennar eins og raun ber vitni um eða samningarnir réttara sagt, — hvort ríkisstj. væri reiðubúin til að taka þeim afleiðingum af þessu að tryggja, að þriðja virkjun Sogsins gæti hafizt nú á næsta ári og yrði lokið 1956. Og ég sýndi fram á, og það veit ég að er álit allra, sem til þekkja, að svo fremi sem ekki verður ráðizt í þriðju virkjun Sogsins, þannig að hún verði tilbúin á árinu 1956, þá megi búast við ýmist mjög miklum rafmagnsskorti í Reykjavík og á Suðurlandsundirlendi, og það vita allir, hvílíkt tjón stafar af honum, eða að Reykjavíkurbær verði að reka varastöðina með útlendri orku, með olíu, og framleiða þannig rafmagn handa Reykvíkingum og fleirum fyrir um þrítugfalt verð við það, sem það ella mundi kosta, ef íslenzkri vatnsorku er beitt. Og þar sem hvort tveggja er auðvitað óviðunandi og þá ekki síður þriðji kosturinn, sem sé sá, að láta áburðarverksmiðjuna fara að draga úr sinni framleiðslu með því að fara að takmarka það rafmagn, sem hún nauðsynlega þarf að fá, þá er eina ráðið að hefja þriðju virkjun Sogsins það snemma, að hún verði til 1956, og þá þarf að hefja nú þegar allar raunhæfar aðgerðir í þessu efni. Nú stendur svo á viðvíkjandi þeim tæknilegu framkvæmdum, að allar þær vélar, sem nú hafa unnið eða verið látnar vinna við hin miklu göng undir Írafoss, eru nú að ljúka og sumpart búnar að ljúka sínu starfi, en eru hins vegar til hér á landi, og mundi vera hægt að beita þeim áfram við þau nýju göng, sem ætlunin mun vera að grafa, þegar efri fossarnir yrðu teknir. Og að öllu leyti væri auðvitað langpraktískast að geta þess vegna haldið áfram með þær vinnuvélar og — að nokkru leyti að minnsta kosti — með þá vinnuhópa, sem æfðir eru orðnir í þessu starfi, sem er mjög erfitt starf og sérstaklega hættulegt, þannig að hægt væri að halda beint áfram strax næsta sumar með þetta. Þá er enn fremur vitanlegt, að til þess að panta vélar og annað slíkt þarf að hafa þó nokkuð langan pöntunarfrest venjulega, það tekur jafnvel upp undir tvö ár að tryggja þetta, a. m. k. í ýmsum löndum. Það var alveg greinilegt t. d. síðast, þegar keyptar voru inn vélarnar, sem nú verða í vetur settar niður í Írafossstöðina, að með því að hafa svo skamman frest eins og þá var settur hvað útboð snerti á vélunum, þá verða menn yfirleitt að kaupa dýrari vélar en ella væri hægt, þannig að ef hafður er nægur fyrirvari, þá er hægt að fá vélarnar ódýrari og jafnvel oft kannske í gjaldeyri, sem aðgengilegri er heldur en dollaragjaldeyririnn til útvegunar. Þess vegna er það að öllu leyti nauðsynlegt, að auk þess tæknilega undirbúnings, rannsókna og mælinga og jarðborana og slíks, sem þegar er hafinn viðvíkjandi að undirbúa frá hendi verkfræðinganna þriðju virkjun Sogsins, þá sé sá fjárhagslegi undirbúningur látinn fara fram í tíma.

Ég kom nú með þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. við 2. umr. þessa máls, hvort hún hefði hugsað sér að leggja fram á þessu þingi frv. um heimild sér til handa til fjáröflunar fyrir þriðju virkjun Sogsins. Hvað snertir virkjunina sjálfa og hennar framkvæmd, þá hefur ríkisstj. og Reykjavíkurbær eða Sogsvirkjunin heimild til þess í Sogsvirkjunarlögunum, þannig að um virkjunina sjálfa þarf ekki neina frekari heimild en þegar er í lögum. Hins vegar þarf heimild til þess að útvega það fé, sem til þessa þarf. Hæstv. ríkisstj. svaraði ekki við 2. umr. málsins þessari fyrirspurn minni. Hins vegar er það al-

veg óhjákvæmilegt, að það komi fram á þessu þingi, því að ég tel, að hæstv. ríkisstj. sé mér sammála um það, að það sé ekki heppilegt, ef hjá því verður komizt, að gefa stórar lánsheimildir ríkisstj. til handa út sem brbl. af hálfu hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Þess vegna er það vitanlegt, að það er nauðsynlegt að gera nú þegar gangskör að þessu máli á þessu þingi, svo framarlega sem nú á að tryggja heimild ríkisstj. til handa til slíkrar fjáröflunar, ef verkið á að geta hafizt næsta sumar. Og þeim, sem að slíku ættu að vinna og sjá um útboð og undirbúning og annað slíkt, mundi ekki veita af að vita það nú, á meðan þetta þing stendur yfir, til þess að gera allar þær ráðstafanir, sem gera þarf. Það tekur alltaf nokkra mánuði, eins og vitanlegt er.

Þar sem nú þetta frv., sem hér liggur fyrir, um lán til handa áburðarverksmiðjunni, stendur þess vegna í beinu og rökréttu sambandi við nauðsynina á því að koma upp þriðju virkjun Sogsins, þar sem, eins og ég hef sýnt fram á, það að koma áburðarverksmiðjunni upp knýr á að flýta miklu meira fyrir þriðju virkjuninni heldur en ella hefði verið nauðsynlegt, og eins og ég hef margtekið fram, þá harma ég það sízt, að ýtt skuli vera þannig á eftir, að virkjað sé fljótar hér á Íslandi, með því, að áburðarverksmiðjan kemst upp. Ég harma það sízt. En það er þó því aðeins sá kostur fylgjandi því, að þessi áburðarverksmiðja sé ekki látin taka rafmagnið frá iðnaðinum og neytendum í Reykjavík og á Suðurlandsundirlendi þeim til stórkostlegs baga og til ógurlegs kostnaðar fyrir Reykjavíkurbæ og þjóðina í heild með því að verða að flytja inn dýrt erlent afl, því að það væri sama sem raunverulega, frá þjóðarhag séð, að ætla að reka verksmiðjuna með afli, sem kostar kannske 30 aura á kílówattstund, þegar áburðarverksmiðjan fær það fyrir í kringum 2 aura. Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja hér brtt. við þetta frv., eins og ég lýsti yfir og rökstuddi að nokkru leyti við 2. umr. málsins, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: Ríkisstj. er heimilt að taka að láni allt að 90 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni upphæðina til framkvæmda á fullvirkjun Sogsins með þeim kjörum, er lánið er tekið, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. tekur gildar.“ Og í öðru lagi: „Fyrirsögn frv. verði svo hljóðandi: Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku til fullvirkjunar Sogsins og vegna byggingar áburðarverksmiðju.“

Ég vil lýsa því yfir, að ég mundi ekki hafa komið með þessa till., svo framarlega sem ríkisstj. hefði gefið þá yfirlýsingu við 2. umr. málsins, að hún hefði þetta mál í undirbúningi og ætlaði sér að flytja fram einhverja till. í þessa átt á þinginu, því að ég álít að öllu leyti eðlilegt og æskilegast, að hæstv. ríkisstj. komi sjálf með slíkt, og það er einungis vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til að svara mjög eðlilegum fyrirspurnum viðvíkjandi slíku, að ég nú kem fram með þessa till. Og svo fremi sem sú yfirlýsing kemur fram frá hæstv. ríkisstj., að hún hafi í undirbúningi að leggja fyrir þetta þing frv. til laga um heimild sér til handa til fjáröflunar, lánsheimildar eða annarrar fjáröflunar, í þessu skyni, þá mun ég með ánægju taka mína brtt. til baka. En ég álít, að það sé alveg óhjákvæmilegt, og ég vil ekki hvað sízt segja það sem þm. Reykv., að ég álít, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að Reykvíkingar viti, hvar þeir standa í þessum málum. Það er nógu dýrt og nógu tilfinnanlegt fyrir Reykjavíkurbæ að hafa nú orðið að reka varastöðina — stundum næstum dag og nótt og framleiða daglangt rafmagn úr henni, eins dýrt eins og það er, þó að maður yrði ekki að upplifa það tveim, þrem árum eftir að önnur virkjun Sogsins væri fullgerð, að það væri ekki nema um tvennt að velja, að stöðva meira eða minna áburðarverksmiðjuna eða byrja aftur á því að keyra varastöðina af fullum krafti. Hins vegar er vitanlegt, að um það ástand, sem verður árið 1956 í þessum efnum, þ. e. í vetrarbyrjun 1956, er tekin ákvörðun nú. Það er ákvarðað nú, hvort þá skuli vera aftur rafmagnsskortur í Reykjavík og varastöðin rekin af fullum krafti eða þá þrengt of mikið að áburðarverksmiðjunni, eða hvort þá skuli vera lokið þriðju virkjun Sogsins, sem er hægt, ef ákvörðun er tekin um það nú að útvega fé og síðan tekst að útvega fé til þess að vinna það verk. Ég vil þess vegna eindregið æskja þess, að hæstv. ríkisstj. segi nú til um, hvað hún ætlar sér í þessum efnum. Það er ekki neitt undarlegt, þó að a. m. k. við þm. Reykv. séum nokkuð hugsandi út af þessum málum, og vil ég þá með þessum fyrirvara biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt. minni, af því að hún er bæði of seint fram komin og skrifleg, og ég skal enn fremur geta þess, að ég hefði síður en svo nokkuð á móti því, af því að þetta er þýðingarmikil brtt. og fjhn., sem ég annars á sæti í, hefur ekki fengið hana til athugunar, að umr. væri frestað og fjhn. fengi tækifæri til þess að athuga þessa till. og enn fremur hæstv. ríkisstj. til þess að athuga, hverju hún vill svara viðvíkjandi þessu máli.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 267) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 10, 267).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta var hér til 3. umr. á fundi d. í gær, en þá komu fram óskir um það frá tveim hv. þdm., að umr. yrði frestað og að fjhn. tæki það til athugunar á ný. Hæstv. forseti tók til greina þessar óskir og frestaði umr. Fjhn. hefur tekið þetta mál til umr. á fundi sínum í dag og þá einnig í sambandi við það þá brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. hefur borið fram á þskj. 267.

Meiri hluti n. hefur ekki breytt um afstöðu í þessu máli. Meiri hlutinn telur, að það sé ekki rétt að samþ. þá brtt., sem fyrir liggur frá hv.

2. þm. Reykv., og vil ég í sambandi við þetta m. a. benda á það, að frv. er flutt hér til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út í s. l. aprílmánuði, og hafa l. þessi þegar verið notuð við þá lánsútvegun, sem þar er um að ræða. M. a. af þeirri ástæðu, þá telur meiri hluti n., að ekki eigi að breyta þessu frv., heldur samþ. það eins og það liggur fyrir.

Meiri hlutinn telur einnig, að það mál, sem brtt. á þskj. 267 fjallar um, eigi ekki heima í l. um heimild til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju og þess vegna væri það eðlilegra, að það mál væri tekið upp sem sérstakt mál á þingi. Meiri hlutinn leggur því til, eins og áður hefur komið fram, að frv. verði samþ. óbreytt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég gat nú því miður ekki komið á fund hv. fjhn., sem haldinn var í morgun, þegar rædd var brtt. á þskj. 267, sem var nánast vísað þangað undir umr. í gær. En um brtt. sjálfa ætlaði ég ekki að tala, en ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég hefði skrifað undir nál. varðandi frv. það, sem hér liggur fyrir, með fyrirvara, og gerði ég þá grein fyrir mínum fyrirvara, að ég væri frv. sjálfu samþykkur og vildi staðfesta heimild brbl. um að veita áburðarverksmiðjunni það lán, sem þar er gert ráð fyrir og mun vera búið að framkvæma. Hins vegar flutti ég þá fram nokkrar athugasemdir út af l. um áburðarverksmiðjuna og benti á, að það væri brýn þörf endurskoðunar á þeim l. og að einmitt lánveiting til áburðarverksmiðjunnar gæfi tilefni til þess, að það færi fram endurskoðun á l. um áburðarverksmiðjuna.

Ég er áfram sömu skoðunar og ég lýsti yfir þá og þarf ekki að endurtaka þau rök, sem ég flutti undir þeirri umr. málsins, enda hefur verið undir þau tekið og þau einnig borin fram af öðrum hv. þm. og sýnt fram á, svo að ekki verður um villzt, að með breyt. þeirri, sem gerð var á frv. á sínum tíma í Ed., var skotið inn í nýjum ákvæðum um stofnun hlutafélags í kringum verksmiðjuna, sem gerir það að verkum, að rammi hinnar upprunalegu löggjafar, eins og hún var hugsuð, hefur raskazt. Og það ber að mínu viti brýna nauðsyn til þess, að þessi löggjöf verði endurskoðuð, hvort sem sú endurskoðun leiddi þá til þess, að l. væri breytt í upprunalegt horf, eða þá haldið fast við að lögbinda áfram þá breyt. l., sem gerð var með brtt., sem samþ. var í Ed. um heimild til þess að mynda um verksmiðjuna hlutafélag, en ef það yrði álitið rétt af meiri hluta Alþingis að halda því skipulagi, þá þyrftu l. samt breyt. við, svo að þau væru eins og vera ætti.

Ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að rökunum fyrir þessu. Mér virðast þau liggja svo í augum uppi. Þm. þurfa ekki annað en lesa lögin sjálf til þess að sjá, hversu þessu er háttað. Þess vegna finnst mér eðlilegt að flytja nú í sambandi við þetta frv. brtt., sem ég, með leyfi hæstv. forseta, skal lesa upp, en flutt er skriflega og ég mun afhenda hæstv. forseta og biðja hann um að leita afbrigða um, að hún megi koma hér til atkvæða og umr. undir þessari umr. málsins. Brtt. hljóðar þannig:

„Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: Endurskoða skal l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og þeirri endurskoðun lokið áður en reglulegt Alþingi 1953 kemur saman.“

Þetta er í framhaldi af mínum áskilnaði í sambandi við löggjöfina, eins og hún er í dag, og tel ég nauðsynlegt, að þessi endurskoðun fari fram. Það er heldur ekkert óvanalegt í íslenzkri löggjöf, að sett séu ákvæði, eins konar ákvæði til bráðabirgða, um að ákveðin löggjöf skuli endurskoðuð innan tiltekins tíma, og þess vegna finnst mér það líka rökrétt, að það sé í sambandi við þetta frv. Þó að það sé aðeins um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju, þá snertir þetta svo mjög rekstur fyrirtækisins og skipulag þess eftir gildandi l., að ég tel nauðsyn á, að þessi endurskoðun fari fram. Leyfi ég mér því að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. og bið um, að hann leiti afbrigða fyrir því, að hún megi koma til umr. og atkvgr.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hina skriflegu brtt. frá hv. 8. landsk. þm. Það þarf tvöföld afbrigði fyrir till.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 277) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru aðeins fáein orð út af þessari skriflegu brtt. frá hv. 8. landsk. þm. — Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem sett voru á þessu ári. Það samdist svo, að það fengist 1 millj. dollara Marshalllán til áburðarverksmiðjunnar, og voru þá brbl. gefin út, til þess að hægt væri að ganga frá láninu. Það, sem þarf, er að fá þetta frv. samþ. hér á Alþingi óbreytt og afhenda það síðan lántakendum, til þess að það geti legið með lánssamningnum og það sé þar með sýnt, að endanlega og réttilega hafi verið gengið frá málinu. Það er því ekki viðeigandi að vera að hnýta aftan í þetta frv. neinu öðru efni en því, sem það fjallar nú um, og mundi það áreiðanlega koma lánveitendum heldur kynduglega fyrir sjónir, ef þetta frv. kæmi nú með þeim viðauka t. d., að Alþingi ákvæði, að endurskoða skyldi l. um áburðarverksmiðjuna.

Ég vil benda hv. 8. landsk. á þinglega aðferð til þess að fá fram afstöðu um það, hvort menn vilja láta endurskoða áburðarverksmiðjulögin, og hún er sú að flytja þáltill. um efni þessarar brtt. Vil ég nú beina því til hans, hvort hann geti ekki á það fallizt að taka brtt. til baka og flytja efni hennar í þáltill. (Gripið fram í.) Nei, það geri ég nú ekki, enda skiptir það engu máli í þessu sambandi. Aðalatriðið fyrir hv. þm. er að geta komið að á þinglegan hátt til reynslu, hvort hann hefur meiri hluta fyrir því að láta endurskoða áburðarverksmiðjulögin. Ég geri ekki ráð fyrir, að það vaki fyrir hv. þm. að fleyga þetta frv., þannig að það spilli fyrir, og þá er opin leið að flytja þáltill. um það efni, sem í brtt. er. Ég beini þessu til hans.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. taldi, að það gæti verið nokkrum vand-

kvæðum bundið að setja inn í þessi lög ákvæði um endurskoðun á l. um áburðarverksmiðju, sérstaklega vegna þess, að þessi lagasetning væri grundvöllur undir lántökunni, sem að vísu er búið að framkvæma. En ég skal nú taka aftur þessa brtt. mína og taka þannig til greina rök hæstv. ráðh. um það, að það kynni kannske að valda einhverjum óþægindum í sambandi við lántökuna. En þó að ég kallaði fram í til hæstv. ráðh., hvort hann mundi þá vilja beita sér fyrir því, að þáltill. yrði samþ. um endurskoðun á löggjöfinni, þá vildi hann engu um það lofa, en m. a. í trausti þess, að hæstv. ráðh. mundi vilja styðja að því, að slík þáltill. yrði samþ., þá skal ég taka brtt. mína aftur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hef máske ekki sagt það nógu greinilega áðan, en skal þá segja það svo greinilega eins og þarf, til þess að hv. 8. landsk. þm. ekki misskilji það, að ég mun ekki styðja slíka þáltill., og þess vegna getur hann ekki tekið þetta aftur hér í trausti þess, að ég styðji þáltill. (Gripið fram í.) Nei, ég sagði það hér áðan, að ég mundi ekki styðja þáltill., en hv. þm. hefur tækifæri til þess að fá prófaðan þingviljann með því að flytja þáltill., og það finnst mér vera sú rétta aðferð.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég skildi nú hæstv. fjmrh. að vísu svo, að hann vildi engu lofa um stuðning við þáltill., sem fram kynni að koma um þetta efni af minni hálfu, en mér þótti sýnu verra, að hann vildi nú lýsa yfir, að hann jafnvel mundi ekki ljá slíkri brtt. lið. En hvað sem er um það, þá stend ég við það, sem ég hef áður sagt; ég tek brtt. aftur og mun þá prófa á síðara stigi málsins um vilja hv. Alþingis til þess að lýsa yfir áliti sínu um það, að endurskoða beri l. um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Hæstv. fjmrh. sagði hér nokkur orð áðan út af brtt., sem fram var komin viðvíkjandi endurskoðun á áburðarverksmiðjulögunum, og það var eiginlega táknrænt, það sem var höfuðatriðið í hans stuttu ræðu. Hann sagði, að lánveitandanum mundi koma það eitthvað undarlega fyrir sjónir, ef farið væri að breyta þessum brbl. Ég held nú, að út af fyrir sig gerði það ekki svo sérstaklega mikið til, hvernig lánveitandanum kæmi lagafrv. eða lög fyrir sjónir, þegar búið væri að afgr. þau hér frá Alþingi. Brbl. hafa lánveitendurnir vafalaust séð og hljóta að hafa verið ánægðir með þau, en Alþingi hins vegar hlýtur náttúrlega að ákveða sjálft, hvernig það vill ganga frá einu frv. Og það hefur komið fyrir hér áður viðvíkjandi brbl. og hefur komið fyrir á þessu þingi, að brbl. frá hæstv. ríkisstj. hefur verið breytt, þannig að það getur ekki verið neitt stórfellt atriði í þessu sambandi. Það getur raunverulega ekki gengið fyrir okkur, að við verðum að fara að sníða bæði lög og samninga eftir því, hvernig þeim lánveitanda þóknast, sem hæstv. fjmrh. þarf kannske að leggja þetta fyrir á eftir. Ég álít, að það hefði verið fyllilega ástæða til þess að setja ákvæði um endurskoðun l. um áburðarverksmiðju inn í þetta lagafrv., en ég hef getið þess áður hér við umr., af hverju ég fyrir mitt leyti hef ekki viljað flytja og tengja við þetta beinar brtt., eins og hægt væri náttúrlega að koma við á l. um áburðarverksmiðju. Það er vegna þess, að ég hef álitið og álít enn, að ég standi með þann skilning, sem ég hef haft og fleiri hv. þm. hafa, á grundvelli laganna, 1.—12. gr., og sérstaklega 3. gr., sem ákveður, að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun og heyra að öllu leyti undir ráðstöfun ríkisins. Ég álít þess vegna, að það sé ríkisstjórnarinnar að koma fram með breyt. á l., vegna þess að það var raunverulega hún, — og þó aðallega hæstv. viðskmrh., sem skemmdi þessi lög hreint lögfræðilega séð með því að fá það, sem nú er 13. gr., inn í frv. við síðustu umr. í Ed., þegar þessi lög voru samþ. Þess vegna hefði það að öllu leyti verið æskilegt, ef það hefði nú verið bætt við ákvörðunum um endurskoðun á l. Ég hef hins vegar hér komið fram með brtt., sem ég hef skýrt áður við þessa umr., viðvíkjandi því að bæta inn í lánsheimild til ríkisstj. til að endurlána Sogsvirkjuninni allt að 90 millj. kr. Þetta stendur í beinu sambandi við það mál, sem hér um ræðir, þær lánveitingar, sem fram fara til áburðarverksmiðjunnar. Ákvörðunin um að koma áburðarverksmiðjunni upp þýðir, að það þarf óhjákvæmilega að flýta virkjun Sogsins, þ. e. fullvirkjun þess, þriðju virkjuninni, það mikið, að hún verði til, við skulum segja, haustið 1956.

Það er oft látið í veðri vaka, að þessi miklu lán, sem séu veitt úr mótvirðissjóði og erlendis frá, lendi fyrst og fremst til Rvíkur og Akureyrar og nágrennis þeirra staða. Ég hef í mínum ræðum um þetta mál reynt að sýna fram á, að það sé allmikill misskilningur í þessu sambandi. Áburðarverksmiðjunni er komið upp fyrir landið allt og þó alveg sérstaklega fyrir sveitirnar. Áburðarverksmiðjan fær sjálf og kostar sjálf um 100 millj. kr., og til þess að koma áburðarverksmiðjunni upp hefði, ef hún hefði átt að hafa raforku bara handa sér af eigin virkjun, þurft að verja yfir 100 millj. kr. til slíkrar virkjunar. Og eins og ég sýndi fram á í minni fyrri ræðu um þetta mál, þá er ekki ósanngjarnt að áætla, að af þeirri orku, sem kemur með annarri virkjun Sogsins, með Írafossvirkjuninni, megi segja, að 90—100 millj. kr. séu beinlínis vegna áburðarverksmiðjunnar, því að bara það rafmagn, sem áburðarverksmiðjan þarf á ári, er það, sem stöð, sem væri 15000 kw., mundi framleiða með því að framleiða það sama dag og nótt. Áburðarverksmiðjan tekur, eins og við vitum, upp undir ⅔ af öllu því magni rafmagns, sem framleitt verður úr annarri virkjun Sogsins.

Hæstv. ríkisstj. veit það vel, þar sem hún er eigandi og stjórnandi áburðarverksmiðjunnar, eigandi að mínu áliti og stjórnandi hennar tvímælalaust, að það er ríkisstj., sem lagt hefur höfuðáherzluna á, að það væru knúnir fram samningar fyrir Sogsvirkjunina, sem gera ráð fyrir, að Sogsvirkjunin verði að láta áburðarverksmiðjunni í té rafmagn til mjög langs tíma. Og ég veit, að það var öllum aðilum, bæði

stjórn áburðarverksmiðjunnar og stjórn Sogsvirkjunarinnar, ljóst, að stjórn Sogsvirkjunarinnar gat ekki staðið við þetta, þegar komið væri fram yfir ákveðinn árafrest, þ. e. ca. næstu 3 ár. Það er vitanlegt, að ef ekki er búið að virkja, við skulum segja fyrir haustið 1956, þá erum við komnir í þau vandræði, að til þess að láta áburðarverksmiðjunni það ódýra rafmagn í té, sem hún á að fá eftir samningunum og hún þarf að fá og er ákaflega heppilegt líka að geta látið henni í té, því að það er mjög hagstætt að geta látið rafmagn til áburðarverksmiðjunnar, — við erum komnir í þau vandræði, að þetta rafmagn, sem áburðarverksmiðjan fær, ef ekki er búið að virkja eftir ein 3 ár, eða við skulum segja haustið 1956, þá verður annaðhvort að minnka við áburðarverksmiðjuna, minnka við neytendurna í Rvík eða þá að fara að framleiða af fullum krafti aftur mjög dýrt rafmagn úr varastöðinni við Elliðaár. Og þá vofa hreinustu vandræði hér yfir. Þetta er ástand, sem er alveg óviðunandi. Og það veit hæstv. ríkisstj., að það er á hennar siðferðislegu ábyrgð, sem það er gert að reisa áburðarverksmiðjuna og miða við rafmagnið úr Írafossvirkjuninni einni saman. Og hún veit, að í l. um áburðarverksmiðjuna stendur, að hún hafi ekki leyfi til þess að byrja að byggja áburðarverksmiðjuna, fyrr en tryggt er nægilegt rafmagn; hún veit það. Og þess vegna hefði hæstv. ríkisstj. átt að taka því vel og vera til í að ræða um það að tryggja áfram þessa afhendingu á rafmagni til áburðarverksmiðjunnar, án þess að ætla máske að velta því öllu saman yfir á Reykjavíkurbæ, þannig að Sogsvirkjunin verði að halda áfram að tryggja áburðarverksmiðjunni rafmagn og Reykjavík að framleiða sitt rafmagn með útlendri olíu. En það er náttúrlega það, sem liggur við, ef ekki fæst nú mjög bráðlega tekin ákvörðun um, að hægt sé að byrja raunhæfan fjárhagslegan undirbúning að þriðju virkjun Sogsins. — Eins og ég hef áður getið, er sá tæknilegi undirbúningur í fullum gangi.

Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. ætti nú að gefa yfirlýsingu um, hvað hún vill gera í þessum efnum. Ég hef óskað eftir slíkri yfirlýsingu, og ég bar mína till. fram með þeirri forsendu, að ef yfirlýsing kæmi fram frá hæstv. ríkisstj. um það, að hún hefði eitthvað slíkt í undirbúningi, þá tæki ég hana með glöðu geði til baka. En svo fremi sem ekkert slíkt er í undirbúningi frá hálfu hæstv. ríkisstj. sem heildar, þá vildi ég að minnsta kosti bera fram þessa till., til þess að það verði alveg hreint ljóst, hver ábyrgð hvílir á þeim aðilum, sem raunverulega ráða því, hvort lagt er í þriðju virkjun Sogsins í tæka tíð eða ekki. Það er hæstv. ríkisstj., sem hefur valdið í þessum efnum. Það er vitanlegt, að Sogsvirkjunin hefur ekkert vald í þessum efnum; hún hefur ekki fjárráð þannig sjálf, heldur verður þvert á móti að greiða svo skiptir tugum millj. króna til hæstv. ríkisstj. í hennar ríkissjóð í söluskatti og tollum af þeim tækjum, sem til Sogsvirkjunarinnar koma. Svo framarlega sem ekki er tekið ráð í tíma í þessum efnum, þá stöndum við uppi í hreinustu vandræðum hér í Rvík eftir ein 3—4 ár, ef engin afgreiðsla fæst á þessum málum nú á þessu þingi. Ég sýndi greinilega fram á það, að af tæknilegum ástæðum væri langeðlilegast, hagsýnast og bezt að geta byrjað virkjunina, undirbúninginn að virkjuninni, að grafa göngin og annað slíkt á næsta sumri, þar sem öll tæki eru til upp frá og hægt að halda áfram með æfðum vinnuflokkum að því. Væri hægt að spara líklega 5—10 millj. kr. bókstaflega á því, ef hægt væri að leggja í þá vinnu næsta sumar, í staðinn fyrir að hætta þessu öllu saman nú og láta þessi tæki fara úr landi, sem þar eru, og leysa upp þá vinnuflokka, sem við þetta erfiða starf hafa unnið, sem hefur verið alveg brautryðjendastarf hér á Íslandi, eins og að bora þessi stóru göng. Það er allt, sem mælir þess vegna með því, að það væri gert kleift að halda áfram nú næsta sumar og undirbúa þriðju virkjun Sogsins.

Það er ekki verið að skylda hæstv. ríkisstj. með þessari brtt. minni til þess að taka svona lán strax næsta sumar. Hún hefði góðan tíma til þess að undirbúa þetta og athuga allar kringumstæður. En með samþykkt svona till. væri því slegið föstu, að vilji Alþingis væri fyrir hendi til, að farið yrði að undirbúa þetta. Og það er meiri hluti landsmanna, sem þarna á sína hagsmuni, þ. e. Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla og allt Suðurlandsundirlendið, þar sem allur atvinnurekstur á þessu svæði meira eða minna stöðvast eftir þennan tíma, sem ég hef nefnt, svo framarlega sem ekki er ráðizt í þessar framkvæmdir í tæka tíð. Það vita allir, sem til þekkja, hve gífurlegu tjóni það veldur núna, að rafmagnið er skammtað, þannig að iðjufyrirtæki verða öðru hvoru að hætta, eða spenna er lækkuð, vélar skemmdar, vélar stöðvaðar. Víða tekur það, þar sem virkileg nýtízku tæki eru, marga klukkutíma að koma í gang aftur verksmiðjum, sem þannig eru stöðvaðar. Það er stórskaði, sem gerður er atvinnulífinu með því að valda slíkum rafmagnsskorti eins og nú er, svo að ég ekki tali um öll þau óþægindi og beina hættu, sem af því getur stafað.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess í fyrsta lagi, að hæstv. ríkisstj. láti í ljós sína skoðun á því, hvað hún hyggst fyrir í þessum efnum. Ég er síður en svo að bera fram þessa till. til þess, að það kæmi einhver till. bara frá mér um að samþ. þetta. Eins og ég tók fram í upphafi, þá mun ég, ef hæstv. ríkisstj. segir, að hún hafi þetta mál í undirbúningi og ætli sér að leggja eitthvað fyrir þingið um það, með glöðu geði taka mína till. til baka. En hitt vil ég knýja fram, að það komi greinilega í ljós, að það sé verið að gera það í þessum málum, að Reykvíkingar og Sunnlendingar megi treysta á það, að þeir búi ekki við sama vandræðaástandið, þegar önnur virkjun Sogsins verður fullnýtt, eftir 3—4 ár, eins og þeir eiga við að búa núna, en yrði bara miklu tilfinnanlegra þá, vegna þess að áburðarverksmiðjan verður annaðhvort að fá það rafmagn, sem hún á að fá eftir samningum, eða stoppa, og það er dýr leikur. Og þeir, sem þekkja til, hve hart stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur eðlilega sótt það að vera trygg með rafmagn, vita, hvað er í húfi,

ef þeir eiga að fara að takmarka þannig við hana og hálfeyðileggja þar með reksturinn. Hins vegar getur það ekki gengið af hæstv. ríkisstj. að knýja aðila eins og Sogsvirkjunina til þess að undirskrifa samning, sem vitanlegt er, að hún getur ekki staðið við, nema því aðeins að virkjun Sogsins verði haldið áfram. Það er ekki hægt að tryggja til frambúðar þetta rafmagn, sem áburðarverksmiðjan á að fá og hún þurfti að sanna samkv. samningi, að hún gæti fengið, til þess að fá það lán, sem hér er um að ræða. Ég veit það, að hún þurfti að geta lagt þennan samning fyrir bankana vestan hafs, til þess að þeir létu í té það lán, sem við hér erum að ræða um. En það er bara ekki til neins af ríkisstj. að knýja stjórn Sogsvirkjunarinnar til þess að gera slíkan samning og gera síðan ekki stjórn Sogsvirkjunarinnar mögulegt að standa við slíkan samning, eftir að 3—4 ár væru liðin. Þess vegna vil ég, að það komi greinilega fram, hver ábyrgð hæstv. ríkisstj. er í þessu sambandi, og það sé alveg greinilegt hér fyrir Alþingi og fyrir þeim, sem hér eiga hagsmuna að gæta, að hæstv. ríkisstj. verður að standa við að framkvæma þá ábyrgð, gera Sogsvirkjuninni mögulegt að standa við þann samning, sem hún hefur gert. Ég vildi þess vegna eindregið leyfa mér að óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. léti í ljós, hvað það er, sem hún hefur í undirbúningi viðvíkjandi þessu, hvort við mættum vænta að sjá frv. frá henni á þessu þingi viðvíkjandi framhaldsvirkjun Sogsins og hvort hún er búin að móta sína afstöðu í þessum efnum og hvort henni er ljóst, hver hætta er á ferðum, svo framarlega sem ekki er ráðizt í þriðju virkjunina í tæka tíð.

ATKVGR.
Brtt. 277 tekin aftur.
— 267 felld með 15:6 atkv.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 380).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjórnarfrv. og lagt fram til staðfestingar á brbl. frá 18. apríl 1952. Það er um heimild handa ríkisstj. til að taka allt að einnar millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnarvöld veita fyrir milligöngu Export-Import-bank með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Bygging áburðarverksmiðjunnar og nauðsyn þeirrar byggingar hefur ekki valdið ágreiningi. Lánsfjárþörfin er óumdeilanleg, og í annað hús virðist ekki heldur hafa verið að venda en til bandarískra stjórnarvalda. Hv. Nd. hefur fyrir sitt leyti staðfest þetta frv. Við 1. umr. hér í hv. Ed. var því vísað til fjhn. og fjhn. afgreiddi það á fundi 5. þ. m. Á þeim fundi var ekki mættur hv. 1. landsk., og get ég ekki gefið neina skýrslu um afstöðu hans. En aðrir nm. leggja einróma til, að frv. verði samþ. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um málið fleiri orð, nema nýtt tilefni komi til, en legg áherzlu á það, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 414).

---

16. Smáíbúðabyggingar.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í umræðum þeim, sem fram fóru hér í Sþ. í gær um fjárlfrv., var gerð grein fyrir ástæðum fyrir þessu frv., og sömuleiðis er að því vikið í aths. við það. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fylgja því hér úr hlaði með ræðu, en legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni þessari umræðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki nema gott um þetta frv. að segja, sem hér er komið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. Það er öllum ljóst, hver þörf er á að bæta hér úr, þó að hins vegar ríkisstj. sjálf segi nú í sínum aths., að það sé eftir að koma fram með þær raunverulegu till. um, hvernig útvega skuli þetta fé. Ég mun ekki gera þetta að neinu verulegu umtalsefni hér, enda fer þetta til n., sem ég á sæti í, en ég vildi leyfa mér að óska þess, að hæstv. ríkisstj. léti, annaðhvort núna eða þá, sem er líka eins gott, nefndinni í té, eftir hvaða reglum þessu fé hafi verið úthlutað og eigi að úthlutast, því að það liggur í augum uppi, að þegar er verið að veita stórfé af hálfu

Alþ. til lánastarfsemi í þjóðfélaginu, þá er ákaflega mikil nauðsyn á, að fyllilega sé tryggt, að farið sé eftir þeim tilgangi, sem fyrir löggjafanum vakir, þegar slíku fé er úthlutað, og það var mjög greinilega tekið fram í lögunum, hvernig ætti að úthluta þessu, en hins vegar hafa orðið þó nokkrar deilur um framkvæmdina. Mér þætti þess vegna ákaflega vænt um, ef hæstv. ríkisstj. léti annaðhvort núna eða þá hv. fjhn. í té þær reglur, sem fylgt hefur verið við þá úthlutun, sem þegar hefur farið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 209, 206).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er tekið til meðferðar, á þskj. 4, er borið fram af hæstv. ríkisstj. Í 1. gr. frv. er kveðið á um að heimila ríkisstj. að taka lán, allt að 16 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Fé þetta á að endurlána til smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og það er tekið. Það er eitt af mest aðkallandi vandamálum þjóðarinnar að leysa úr brýnustu þörfum íbúa kaupstaða og kauptúna til lánsútvegunar í sambandi við byggingu íbúðarhúsa. Hafa þessi mál verið rædd hér á Alþ. á undanförnum þingum og nokkur fyrirgreiðsla fengizt á þeim. Þó á enn langt í land að geta fullnægt hinni gífurlegu fjárþörf á þessu sviði. Fjhn. d. mælir eindregið með samþykkt frv. og hefur lagt fram nál. á þskj. 209 þar að lútandi.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur á þskj. 206 flutt brtt. við frv. varðandi stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar. Meiri hluti fjhn. getur ekki fallizt á þau sjónarmið, sem koma fram í brtt. nefnds þm., og mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 206 og skrifa með fyrirvara undir nál. eða áskil mér rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt. Ég er annars sammála sjálfu aðalinntakinu í lagafrv. eins og það liggur fyrir, sem sé heimild til handa ríkisstj. til að taka allt að 16 millj. kr. að láni og endurlána það lán til smáíbúðarhúsa.

Það var nokkuð um það rætt í fjhn., hvaða aðferðir mundu verða hentugastar við að lána út þetta stórar fjárupphæðir aftur, og ég held, að mér sé óhætt að segja það, að það hafi að minnsta kosti í fjhn. verið mjög almenn skoðun, að það væri heppilegra, að einhver viðurkennd lánsstofnun, svo sem einhver bankanna, hefði með höndum útlán lánsfjárins, sem hér er rætt um. Í l. um lánadeild smáíbúðarhúsa er í 2. gr. ákveðið svo hljóðandi:

„Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félmrh. semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.“

Ég álít, að þegar nú ráðh. hefur heimild til þess að fela Landsbankanum eða einhverjum öðrum banka stjórn á lánadeildinni, þá væri langeðlilegast og heppilegast, að slík heimild væri notuð, það væri sem sé alveg tryggt, að ríkisstj. gerði þetta þá, hún fæli bönkunum svona úthlutun. Nú má máske segja, að þegar sjálf l. um lánadeildina voru samþ. síðast, þá hafi nú ekki verið um svo gífurlega fjárhæð að ræða, það voru 4 millj. kr., og er það samt nokkur fjárhæð. Nú er hins vegar um það að ræða að heimila ríkisstj. að taka lán, sem er 16 millj. kr., úthluta því, og ég álít, að það væri heppilegt, að það væri gengið þannig frá þessu, að það væri alveg öruggt, að ríkisstj. bæri skylda til að fela lánsstofnun stjórnina á þessari framkvæmd. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram brtt., sem kæmi þá aftan við 2. mgr., á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skal fela lánsstofnun, er hún semur við um stjórn, reikningshald og starfrækslu deildarinnar, að hafa með höndum útlán lánsfjárins,“ og síðan hef ég bætt við: „að fengnum till. sveitarstjórnar á þeim stað, þar sem húsin eru reist, og skal sú úthlutun fara fram skv. reglugerð, er ríkisstj. setur í samræmi við l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, 4. kafla. Skal upphæð sú, er um getur í 1. mgr., lánuð út að fullu á árinu 1953.“

Fyrsta aðalatriðið í þessari brtt. er, að ríkisstj. sé, í staðinn fyrir að henni er gefin heimild til að semja við Landsbanka Íslands eða einhverja aðra lánsstofnun, lögð sú skylda á herðar. Ég álít það óviðeigandi og það muni alltaf frekar skapa óánægju, ef t. d. félmrn. sjálft er að láta einhverja og einhverja nefnd, sem það velur til þess, hafa þetta með höndum, í staðinn fyrir að láta bankana eða þá aðila, sem þannig eru vanastir að hafa þetta með höndum, sjá um þetta fyrir hönd ríkisstj.

Í öðru lagi fer brtt. fram á, að það sé beðið um tillögur sveitarstjórnarinnar á hverjum stað, þannig að sveitarstjórnir á þeim stöðum, þar sem menn eru að reyna að brjótast í þessum smáíbúðarhúsum eða byggingu þeirra, láti sitt álit í ljós. Það er vitanlegt, að það er ákaflega erfitt mál að úthluta svona lánum, og maður veit, hvað það eru margir aðilar, sem allir saman hafa þarna þörf á, og hvað það er þess vegna mikil nauðsyn á, að sem gleggstar upplýsingar liggi þarna fyrir, og þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að óskað sé eftir till. sveitarstjórnarinnar og viðkomandi lánsstofnanir geti haft hliðsjón af því, vegna þess að eins og við vitum er þarna ekki um hreint verzlunarlegt atriði að ræða. Þetta er ekki lánað út frá því sjónarmiði, sem annars er fyrst og fremst vaninn í sambandi við bankalán, hver sé öruggasti borgunarmaðurinn, heldur hinu, hver hafi mesta þörf fyrir það.

Svo er í þriðja lagi þarna sú ákvörðun, í síðasta málslið, að upphæðin, þessar 16 millj., sé lánuð út að fullu á árinu 1953, m. ö. o., að það sé tryggt nú þegar, að þessi upphæð sé notuð til fulls nú á næsta ári. Ég býst ekki við, að neinum blandist hugur um, að þörf er fyrir allt þetta fé. Það var vitanlegt, að þær 4 millj., sem lánaðar voru út síðast, gátu ekki bætt úr

nema litlum hluta af þörfinni, og þess vegna held ég, að það væri nauðsynlegt að tryggja það, að þetta fé yrði allt lánað út nú á næsta ári.

Þá er enn fremur gengið út frá, að það sé sett reglugerð samkv. l., þannig að við hana geti bankarnir stuðzt eða sá banki, sem falið er að úthluta þessu. Það er mjög greinilega tekið fram og raðað niður í 6. gr. laganna, hverjir skuli fá þetta. Þar stendur, með leyfi forseta: „Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga: 1) Barnafjölskyldur. 2) Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar. 3) Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt skv. 3. kafla þessara laga."

Það þarf að vera til reglugerð um framkvæmdina á þessu, þannig að bankarnir eða viðkomandi lánsstofnanir geti haft alveg hliðsjón af þeirri reglugerð. Og ég held, að það væri þess vegna að öllu leyti í samræmi við tilgang bæði l. sjálfra og eins tilgang hæstv. ríkisstj. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að örugglega væri gengið frá þessu, og ég held, að með þessari brtt. minni ætti að vera sæmilega fyrir því séð, en sjái aðrir hins vegar betur í því, þá er ég reiðubúinn til breyt. þar á.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þess er getið í nál. á þskj. 209, að ég væri annar þeirra nefndarmanna, sem áskildu sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil því með örfáum orðum gera grein fyrir þessari afstöðu minni og þarf í raun og veru ekki að hafa þau mörg, en það, sem kom fram í n., eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., var það, að nefndarmönnum — að minnsta kosti tveimur, ef ekki fleirum — þótti ekki nógu vel búið um fyrirkomulagið hvað snertir lánveitingarnar til smáíbúðanna. Var það að vísu svo, að eftir l., sem samþ. voru um þessa lánadeild, hefði verið unnt að semja við ákveðinn banka, eins og Landsbankann, um úthlutun lánanna, en það var ekki gert, heldur mun bankinn eingöngu hafa með höndum reikningshald og annað slíkt varðandi þá reikningslegu hlið deildarinnar, en hins vegar voru af félmrn. skipaðir tveir menn til þess að ákvarða lánveitingarnar sjálfar.

Það er nú æði oft svo, sérstaklega þegar mikil eftirspurn er eftir lánum, að mörgum finnst, að þar sé óréttlátlega valið eða ákvarðað um lánin, en hvað sem er um það að segja, þá veit ég það með vissu, að það er fjöldi fólks, sem telur, að þetta sé ótryggur útbúnaður við ákvörðun lánveitinganna og fyrir þessar sakir væri réttara að skipta þar um. Ég get því fyrir mitt leyti fallizt á brtt. á þskj. 206 frá 2. þm. Reykv. Þótt ég hefði kannske kosið að hafa það nokkuð á aðra leið, þá vil ég ekki drepa brtt. á dreif með því að flytja aðra, sem gengi í nokkuð líka átt, en finnst í höfuðatriðum, að ég gæti unað við þá breyt. á löggjöfinni eða þá viðauka, sem hér ræðir um í brtt. Ég álít, að það mundi auka öryggi útlánanna og menn hefðu betri trú á ákvörðun um lánveitingarnar, ef farið væri inn á eitthvað svipaðar brautir og hér er lagt til með brtt. Allir nefndarmenn voru sammála, eins og tekið hefur verið fram, um nauðsyn þess að útvega meira fé í þessu skyni, og ágreiningurinn er þá eingöngu um það, hvernig skuli búa um þá hnúta, sem vita að sjálfum lánveitingunum, og hefði ég fyrir mitt leyti kosið, að farið væri inn á þær brautir, sem brtt. á þskj. 206 greinir, og get ég því greitt henni atkv. mitt.

ATKVGR.

Brtt. 206 felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, StJSt, ÁS, EOl, EmJ, GÞG, HV, JÁ, LJós.

nei: PO, SÁ, SkG, AE, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, MJ, PÞ, SB.

EirÞ greiddi ekki atkv.

9 þm. (StgrSt, ÁkJ, ÁB, BÓ, GTh, JóhH, JR, KS, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 392).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, og hefur það verið borið fram og flutt inn í þingið af hæstv. ríkisstj., og það er með þeim fyrstu málum, sem í þingið hafa komið. Nd. hefur athugað frv. og hefur samþ. það óbreytt. Við nm. í Ed. sáum ekki ástæðu til þess að bera fram brtt. við frv. Við vitum öll, að það er hin mesta nauðsyn, að fólk og einkum það, sem er minna heimtufrekt um húsnæði, fái tækifæri til að koma upp yfir sig húsum. Og þá eru það smáíbúðirnar, sem eru því nauðsynlegastar. Nú er það þannig, að þó að það fái nokkurt lán út á 1. veðrétt, þá nægir það

ekki fullkomlega, heldur er nauðsynlegt, að séð verði fyrir því, að það fái einnig lán út á 2. veðrétt þessara íbúða. Því aðeins er frv. þetta til orðið, að ríkisstj. sé gefin heimild til að útvega lán, að hægt sé aftur að lána það til smáíbúða. Við vitum það, að smáíbúðir hafa margar orðið þannig til, að eigendur sjálfir hafa að meira eða minna leyti unnið að þessu starfi, og hafa þær á þann hátt orðið ódýrari og störf hafa þarna komið fram hjá þeim eigendum hússins, sem annars hefðu ekki komið fram, og að vissu leyti hefur það orðið til þess að auka þjóðareignina, að verk þessara manna, umframvinna þeirra, hefur komizt þarna í arðvæna eign og þjóðarefnin þar með aukizt. Það er engin ástæða til að fjölyrða mikið um þetta frv. Ég býst við, að hv. þdm. séu flestir og sennilega allir á sama máli um það, að rétt sé að veita heimild þessa með lögum, og skal ég því ekki orðlengja frekar þetta mál að sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 429).

---

17. Þingsköp Alþingis.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 14. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ef sá virðulegi ræðustóll, sem ég nú stend í, mætti mæla, þá teldi ég, að bezt færi á, að hann hefði sjálfur framsögu fyrir þessu frv., því að þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 frá 1936, um þingsköp Alþingis, er borið fram til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 12. sept. s. l., og þessi breyt. á þingsköpum Alþingis er einungis gerð til þess að veita þessum virðulega ræðustól hér, ásamt félaga hans í hv. Ed., þegnrétt hér á hinu háa Alþingi.

Nú munu þessir ágætu ræðustólar ekki enn hafa numið það að mæla fyrir sig sjálfir, hvað sem síðar verður, svo að ég verð nú að láta þessi fáu orð fylgja. En ég held, að hins sé nú ekki að dyljast, að þeir hafi ekki enn aflað sér beinna vinsælda hér á hinu háa Alþingi, enda sé ég, að það er þegar farið að reyna að ranga þeim alla vega til, í skáhorn og alla vega, til þess að finna þeim einhvern sæmilega virðulegan stað. En vonandi tekst nú að koma þeim þannig fyrir, að hv. alþm. sætti sig við það og sætti sig við að nota ræðustólinn á þann hátt, sem hin nýja tækni heimtar, er nú er verið að taka upp hér til þess að nema ræður alþm. Og í raun og veru þarf ekki að viðhafa fleiri orð um þetta.

Eins og hv. alþm. vita, var áður svo fyrir mælt í þingsköpum, að hver þm. skyldi standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, en þar sem ekki var hægt að koma fyrir vélrænum tækjum við borð hvers þm., þá varð að fara þá leið, sem hér er farin, hvað sem síðar kann að verða í því efni.

Ég vænti þess, að hið háa Alþingi fallist á það, sem forsetar þess og ríkisstjórn ákváðu í sameiningu, að gera þá breytingu, sem nú hefur hér verið komið í framkvæmd um upptöku þingræðna, og samþykki þetta frv., sem nú liggur hér fyrir.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri og leyfi mér að leggja til, að að aflokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 108).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 12. sept. s. l. Brbl. fela í sér þá breyt. á 34. gr. l. um þingsköp Alþ., að þm. og ráðh. skuli ávallt mæla úr ræðustóli, er þeir tala á þingfundum, í stað þess að mæla úr sætum sínum. Breyt. þessa á þingskapalögunum leiðir af þeirri ráðstöfun að taka ræður þm. upp á vélrænan hátt, en ekki þótti gerlegt vegna þrengsla og kostnaðar og annarra óþæginda að dreifa hljóðnemum um salina, eins og segir í formála fyrir brbl. — Allshn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. tók fram, þá fjallar þetta frv. eingöngu um þá breyt., að þm. skuli mæla úr ræðustól í stað þess að tala frá sæti sínu. En úr því að þessi breyt. er nú gerð, þá dettur mér í hug að fara hér fram á aðra breytingu á þessari sömu gr., breytingu á gamalli venju, sem hér hefur gilt á Alþ., þeirri að kenna þm. alltaf þegar þeir eru ávarpaðir við kjördæmi og tölu, eins og landsk. þm. eru alltaf kenndir við tölu. — Ég vil breyta þessu á þá leið, að alltaf þegar þm. ávarpa hver annan og eins þegar þeir eru ávarpaðir af forseta, þá séu þeir nefndir fullu nafni. Ég hef átt þess kost að koma á þingfund í tveimur þingum annarra þjóða, norska þinginu og enska þinginu, og ég veitti því athygli, að þar er þessi regla viðhöfð, að þingmenn eru þar ávarpaðir bara með nafni. Þetta er, að mér finnst, einfaldara og eðlilegra og óþarfi að halda þessum sið, sem verið hefur. Það, sem gerir hann verri en áður var, er þessi raðtala á landsk.

þm. Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt. við þetta frv. á þessa leið:

„Við 1. gr. Á eftir orðunum „til forseta eða fundarins“ orðist gr. svo: Þegar þingmenn eru ávarpaðir, skulu þeir nefndir fullu nafni.“

Það er ef til vill rétt, að þessari umr. sé frestað og hv. allshn. ræði þetta sín á milli, áður en þessari umr. er lokið, en ef hæstv. forseta finnst það ekki eðlilegt, þá bið ég hann að leita afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frv. hv. þm. A-Húnv. við 1. gr. frv., sem hv. þm. hafa heyrt. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöfaldra afbrigða við. Brtt. er við 1. gr. frv., um að á eftir orðunum „til forseta eða fundarins“ orðist gr. svo: Þegar þm. eru ávarpaðir, skulu þeir nefndir fullu nafni. — Það hefur komið fram ósk um það, að hv. n. gæfist tækifæri til að athuga þessa till., og verður orðið við henni og málinu frestað og það tekið út af dagskrá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 121) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 17, n. 108, 121).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram til staðfestingar á brbl. En samkvæmt ósk hv. þm. A-Húnv., sem er flm. að brtt. á þskj. 121, hefur allshn. tekið frv. til athugunar að nýju. Eftir að hafa rætt málið allýtarlega í n. voru allir nm. sammála um það að mæla áfram með frv. óbreyttu. Frá því er Alþ. tók til starfa með núverandi fyrirkomulagi, hefur sú regla gilt að kenna þm. við kjördæmi í umr. á Alþ. Telja nm. ekki ástæðu til þess að breyta þeirri venju. — Ég tel nú ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál, en óska eftir því, að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umr. lýsti ég með nokkrum orðum þeirri brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 121 og er um það, að það sé breytt til um þann hátt, hvernig þm. séu ávarpaðir, þannig að í stað þess að kenna þá við kjördæmi og raðtölu séu þeir ávarpaðir með fullu nafni. Hv. n. hefur ekki getað fallizt á þessa till., og eins og gefur að skilja er þetta mál þannig vaxið, að það er ekki eðlilegt, að það verði neitt kappsmál, hvorki frá minni hendi né neinna annarra. Hér er í rauninni um að ræða formsatriði í háttum þingsins. Hins vegar verð ég að segja, að það er að öllu leyti eðlilegra að hafa þann hátt á, sem ég sting upp á, heldur en þann gamla, og einkum með tilliti til þess, að nú höfum við hér 8 þm. hlutfallskosna úr Reykjavík og 11 landsk. þm., sem kallaðir eru landsk. þm., en í raun og veru heita uppbótarþm. Þegar sagt er t. d. hv. 6. þm. Reykv. og honum gefið orðið, þá veit enginn, sem er tilheyrandi, hvaða maður þetta er, fyrr en hann kemur fram í ræðustólinn, og þá þekkja hann nokkrir menn o. s. frv. Ef forseti segir aftur á móti: Hv. þm. Sigurður Guðnason tekur til máls, — þá vita allir, hvaða maður það er, sem er gefið orðið. Við skulum segja, að sagt sé: Hv. 8. landsk., hv. 10. landsk. o. s. frv. — Engir nema þm. í salnum vita, hvaða menn þetta eru. Nokkrir af áheyrendum þekkja, þegar þeir koma fram, hvaða menn þetta eru, en aðrir ekki. Ef hins vegar er sagt t. d. um hv. 8. landsk.: Hv. þm. Stefán Jóh. Stefánsson — og um hv. 10. landsk.: Hv. þm. Jónas Árnason — o. s. frv., þá vita allir menn, hvaða persóna þetta er. Nú hefur það komið fyrir hér á þingi hvað eftir annað, að landsk. þm. voru ekki betur inni í raðtölunni sjálfir heldur en að það henti þá að fara að skamma sjálfa sig. Ég efast um, að það séu nokkrir menn — að undanteknum forsetum þingsins — sem yfirleitt kunna allar raðtölur á þessum 11 uppbótarþm. Og ég verð að segja, að þessara hluta vegna er það miklu eðlilegra að hafa þann sama hátt á, sem ég gat um að ég hefði orðið var við að væri í enska þinginu og norska þinginu, að ávarpa manninn með nafni og segja hv. þm. þetta og þetta, eftir því sem hann heitir, og þetta kemur í alla staði betur fram að mér virðist.

Ekki mundi verða síður ástæða til þessarar breytingar, ef við fáum breytta kjördæmaskipun, breytta stjórnarskrá, eins og margir tala um nú á tímum. Það eru í því efni þrjár leiðir, sem nefndar eru aðallega til breytinga. Ein leiðin er sú, sem einn þingfl. hefur haldið lengi fram, að gera landið að einu kjördæmi, og þá mundu — eftir núverandi reglu og væri kosið eftir þeirri reglu — ávörpin verða eitthvað á þá leið: Hv. 1. þm. Alþfl., hv. 2. og 3. þm. Framsfl. o. s. frv. — eftir því í hvaða flokki þeir væru. Og út í frá, hvort sem það eru áheyrendur í þinginu eða þeir, sem lesa þingtíðindin, þá vita menn ekki, hvaða maður þetta er, nema nafnið sé birt þar með, eins og gert er ævinlega þegar útvarpsumr. eru. — Við skulum taka t. d. annað fyrirkomulagið, sem hefur verið líka nefnt, að skipta landinu upp í nokkuð mörg og stór kjördæmi, þá hefðum við hv. 1. þm. úr Vestfirðingafjórðungi, hv. 2. þm. t. d. úr Norðvesturlandi o. s. frv. og allt eftir því, sem kæmi að mér virðist heldur leiðinlegar fyrir heldur en að nefna hlutaðeigandi menn með sínu rétta nafni. — Þriðja leiðin, sem nefnd er, er sú að skipta öllu landinu upp í einmenningskjördæmi og meira að segja að skipta Reykjavík þá upp í fjöldamörg kjördæmi, og þá kæmi eftir þessari sömu reglu fram, að það væri hv. þm. úr Kleppsholti og hv. þm. úr Norðurmýri, hv. þm. af Grímsstaðaholti o. s. frv.

Allra hluta vegna held ég þess vegna, að það sé eðlilegri aðferð að hafa það eins og ég sting upp á, að ávarpa mennina með sínu nafni. Það er alger misskilningur, sem hefur komið fram jafnvel í blöðum, að þessi till. þýði það, að við eigum að hætta því að kalla hver annan hv., því að það er ekki í till. Og það er ekki heldur í þingsköpunum, heldur er það bara siður, sem hefur verið hér ríkjandi.

Nú skulum við nefna annað, sem í þessu sam-

bandi má minna á, og það er um ávarpið til hæstv. ráðh. Það er nú almennt venja, að alltaf er forsrh. ávarpaður sem hæstv. forsrh., og það rekur sig ekkert á, en þegar við höfum hér meðal okkar ráðh., sem hafa mörg embætti, þá eru ávörpin til þeirra orðin nokkuð sitt á hvað. Svo að ég nefni hér ljóslifandi dæmi, höfum við hér hæstv. menntmrh. og hæstv. viðskmrh. og hæstv. iðnmrh. Allt er þetta einn og sami maður. Og ég felldi mig miklu betur við, að sá væri háttur á hafður að segja: Hæstv. ráðh. Björn Ólafsson. — Ég tek nú þetta fram til þess að gefa skýringu á því, hvað það er, sem ég á við með þessari brtt., til þess að það verði ekki misskilið. En hins vegar þykist ég sjá, að úr því að hv. allshn. mælir gegn henni, þá verði hún að sjálfsögðu felld, og það er ekkert við því að segja. Það hefur verið hreyft þessari breyt., og kemur þá til kasta síðari þinga um það, hvort þessi breyt. verður seinna lögfest eða ekki.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Það voru nú aðeins örfá orð. Ég held nú, að hv. þm. A-Húnv. geri of mikið úr þekkingarleysi þm., ef þeir kunna nú ekki að nefna þm. Reykv. eða þá þm., sem eru uppbótarmenn. Um þetta mál er annars það að segja, að það ætti ekki að vera kappsmál, þar sem þetta er meira formsatriði heldur en efnisatriði.

Hv. þm. A-Húnv. drap á það áðan, að þessi breyting gæti komið sér vel, það gæti komið sér vel að hafa samþ. þessa breyt., ef það yrði gerð breyt. á stjskr., og nefndi í því sambandi nokkur dæmi. Við því er það að segja, að þegar samþ. verður ný stjskr., þá er ákaflega líklegt, að það þurfi þá um leið að gera einhverjar breyt. á þingsköpunum. Það mætti a. m. k. hugsa sér það. A. m. k. má segja, að það væri hægt að gera þá um leið þær breyt., sem nauðsynlegar teldust.

Afstaða n. í þessu máli var í stuttu máli sú, að hún telur ekki ástæðu til þess að breyta gömlum venjum, sem skapazt hafa, nema því aðeins að ákaflega ríkar ástæður séu fyrir hendi, sem við töldum að væri ekki til að dreifa í þessu máli.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þó að hér sé að sjálfsögðu ekki um stórmál að ræða, þessa till. frá hv. þm. A-Húnv., og ekki heldur um flokksmál né það, sem greinir þingið eftir venjulegum línum, þá vildi ég samt, að það kæmi nú fram ein rödd úr þingmannahópi fyrir utan hv. flm. til meðmæla með þessari till., hvernig sem verða úrslit hennar á Alþ. En ég vil alveg taka undir þau rök, sem hv. þm. A-Húnv. flutti hér í ræðu sinni áðan og mér fundust vera skýr og glögg fyrir því, að hér ætti að breyta til. Þau einu rök, sem kynnu að vera færð fram með því að halda við þeim hætti, sem viðgengizt hefur hér af gamalli venju að nokkru leyti og að sumu leyti eftir ákvörðun þingskapa, ætti að vera sú, að það væri ein af þeim erfðavenjum, sem myndazt hefðu um Alþ. Íslendinga og ástæðulaust væri að bregða út af, og það væri gott að halda uppi gömlum og rótgrónum venjum viðkomandi þessari virðulegu stofnun, sem er Alþ. Íslendinga. Sízt vil ég mæla gegn því, en það er alveg auðséð, að frá því að þetta kom fyrst til með ákvæði þingskapa um að kenna þm. við kjördæmi sitt, hefur hér orðið stórbreyting á kjördæmaskipuninni og þeim málum í sambandi við hana, sem gera það nú að verkum, að það er óeðlilegra í alla staði að halda þessari gömlu venju og gömlu reglu, sem myndazt hafði um þetta áður.

Ég vil sízt gera of lítið úr því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að ég hygg, að það séu fáir menn utan sjálfra forseta þingsins, sem kunna á fingrum sínum, ef svo má segja, röð þeirra 19 þm., sem ýmist eru landsk. eða þm. Reykv., og ég skammast mín ekkert fyrir að segja frá því sjálfur, að það er stundum úr minni mínu liðið, hvaða raðtölu ég hef sem landsk. þm., og þegar hér er t. d. lesið upp í upphafi fundanna, að þessi og þessi þm. Reykv. eða þessi og þessi landsk. þm. hafi fjarvistarleyfi sökum veikinda eða af öðrum ástæðum, þá spyr hver þm. á fætur öðrum: Hver er nú það? Er það þessi, eða er það hinn? — Ég hef orðið var við þetta. Það var t. d. lesið upp í upphafi þessa fundar, að hv. 7. þm. Reykv. hefði fjarvistarleyfi. Ég er ekki alveg viss um það, að meiri hlutinn í þessari hv. d. muni, hver er hv. 7. þm. Reykv. Ég held þess vegna, að allar ástæður hnígi í þá átt, að það sé skýrara, gleggra og eðlilegra að segja frá nöfnum manna, þegar þm. er svarað eða þegar forsetinn tilkynnir um þátttöku þeirra í umr., en hinu vil ég mjög halda við, jafnvel þótt það kunni að vera innihaldslítið form, að hafa titilinn háttvirtur þm. og hæstvirtur ráðh. Það er gömul og góð venja, sem ég álít að sé sjálfsagt að halda við, og þyrfti þar ekkert út af að bregða, þó að samþ. væri till. hv. þm. A-Húnv. Við, sem höfum fyrr eða síðar setið t. d. í bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem eru 15 bæjarfulltrúar, vitum það, að þar ávarpa menn hverjir aðra og segja hv. bæjarfulltrúi þetta eða hitt, ekki í þeirri röð, sem hann er kjörinn eftir hlutfallskosningu til bæjarstjórnarinnar, heldur nefna menn hann með nafni, og það er alltaf bætt við eða var á þeim tíma, þegar ég sat í bæjarstjórn Reykjavíkur, og sagt: Hv. bæjarfulltrúi t. d. Jóhann Hafstein o. s. frv. Það er bætt við nafninu og alltaf bara sagt bæjarfulltrúi, og svo er það líka rétt, sem hv. flm. brtt. gat um, að þar sem ég þekki til á löggjafarþingum, er notað nafn þingmannanna, venjulega með þessum virðulega titli að segja „háttvirtur“ eða orð, sem samsvarar því á íslenzkri tungu. Svo mun vera á þjóðþingum öllum hér á Norðurlöndum og í Bretlandi og að ég hygg víðar. Það er líka, eins og hv. þm. A-Húnv. gat um, enn þá ríkari ástæða til þess að láta koma til greina að víkja hér út frá gömlum reglum, sem miðaðar voru við allt aðra kjördæmaskipun og allt aðra staðhætti, þar sem það gæti vel orðið, að enn þá meiri breyt. yrðu á, sem alveg veltu þessu um hvað snertir þm. og mögguleikann á því að kenna þá við sérstök kunn kjördæmi. Ég held þess vegna, að það væri engu fórnað og virðing Alþ. mundi á engan hátt minnka, þó að tekinn væri upp þessi nýrri háttur, en hann yrði til þess eins, að hver einasti þm. vissi, um leið og forseti tilkynnir, hver taki til máls, hver hann væri, og svo þyrftu

menn ekki að vera að líta í kringum sig og spyrja sessunaut sinn eða aðra, þegar menn verða að svara tilteknum landsk. þm. eða tilteknum þm. Reykv., og spyrja hann, hver röðin á honum væri, því að það horfum við upp á svo að segja daglega, að þm. líta til sessunauts síns, þegar verið er að svara einhverjum landsk. þm. eða þm. Reykv., og segja: „Í hvaða röð er hann?“ Þá er það kannske einhver minnugur sessunautur, sem gefur upplýsingarnar. Annars mun það vera meginþorri þm., sem flaskar á þessu. Annað tveggja væri að setja þm. í upphafi alla á eins konar námskeið, þar sem forsetar prófuðu þá um það, hvort þeir kynnu alla þessa röð, eða þá að hætta þessum gamla hætti, og ég álít, að það gæti vel komið til greina, til þess að þessi háttur yrði ekki að hálfgerðu grín og gamni, þessi gamli háttur, að forsetar Alþ. létu fara fram með skrifstofustjóranum eins konar námskeið í upphafi hvers þings og þm. mættu ekki setjast á þingbekkina fyrr en þeir væru öruggir í röðinni á þeim 19 þm., sem annaðhvort eru landsk. eða þm. Reykv. En þótt sleppt sé öllu gamni í sambandi við það, þá vildi ég fyrir mitt leyti, þótt hér sé ekki um stórmál að ræða, lýsa minni afstöðu, og ég er eindreginn í því að fylgja brtt. hv. þm. A-Húnv.

ATKVGR.
Brtt. 121 felld með 20:4 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja örfá orð um þetta mál þegar á þessu stigi, í þeirri von, að hv. n., sem fær málið til athugunar, taki þá það, sem ég hef hér að segja, til álita. Eru það ekki mörg atriði og reyndar ekki nema tvö, sem ég ætla að minnast á.

Það er ákaflega eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi sig eingöngu við það atriði, sem nauðsynlegt var vegna breytingar á upptöku á þingræðum, þegar hún gaf út brbl. um breytingu á þingsköpum Alþingis, því að ef það er nokkuð, sem Alþ. á fyrst og fremst að fjalla um sjálft og ætti ekki að þurfa neinnar leiðsögu hæstv. ríkisstj. um, þá eru það þess eigin þingsköp. Þess vegna hef ég ekkert við það að athuga, þó að í brbl. fælist ekkert annað en þessi nauðsynlega breyting. Hitt er annað mál, að ég er dálítið undrandi yfir því, úr því að farið er að breyta þingsköpunum, að hv. Nd. skyldi ekki nota tækifærið til þess að gera viðtækari breytingar á þeim heldur en brbl. gefa tilefni til.

Í hv. Nd. kom fram brtt. frá hæstv. forseta Sþ. um vissa breytingu um það, hvernig ávarpa skyldi alþingismenn. Ég fyrir mitt leyti álít, að eins og þingið er orðið nú, þá hafi þessi brtt. verið í alla staði réttmæt. En hún fékk svo lítið fylgi í hv. Nd., að það mun ekki tjóa að gera till. um það að taka hana upp aftur, að því er virðist. En ég vil leyfa mér að benda hér á tvennt, sem ég álít hvort tveggja úrelt í þingsköpunum og ætti að breyta.

Fyrst og fremst er það nú auðvitað 30. gr. þingskapanna, sem heimilar hvorri þd. um sig að senda konungi ávarp. Það er auðvitað fremur óviðkunnanlegt, úr því að verið er að breyta þingsköpunum á annað borð, að láta þetta lagaákvæði standa, þar sem við höfum engan konung lengur. Mér finnst alveg sjálfsagt að nota þetta tækifæri til að nema slíkt ákvæði úr lögum og vil beina því til hv. n. Í öðru lagi eru það ákvæðin um afbrigði frá þingsköpum, sem mér finnst fullkomin ástæða til að endurskoða. Eins og menn vita, má veita afbrigði frá þingsköpum, þ. á m. að taka mál fyrir áður en þingsköp ætlast til, ef ¾ deildarmanna í deildum eða í Sþ., ef málið er þar, samþykkja og ráðh. gefur samþykki sitt til. Í fyrsta lagi álít ég, að það sé nú alveg óþarft og eigi ekki við lengur að þurfa að leita samþykkis ráðh. Ég álít, að Alþingi, hvort heldur er þd. eða Sþ., eigi að vera einfært um að ákveða um það, hvort mál skuli taka fyrir, og það eigi ekkert leyfi ráðh. að þurfa að koma til nú, þegar við höfum fengið fyrir löngu þingræðisfyrirkomulag. Það er auðvitað, að þetta ákvæði stafar frá þeim tíma, þegar hér var ekki þingræði, og danska ríkisstj., sem vildi halda í sem mest völd, bæði fyrir sjálfa sig og sinn fulltrúa, setti það auðvitað inn í þingsköpin í fyrstu, að leyfi landshöfðingja þyrfti til þess, að það mætti veita afbrigði frá þingsköpum, og svo færðist þetta yfir á ráðh. Í öðru lagi er það a. m. k. hér í hv. Ed., að það er oft og tíðum fremur óþægilegt að framfylgja þessu ákvæði, því að það kemur æði oft fyrir, að enginn ráðh. er til staðar til þess að veita slík afbrigði. Þó að hæstv. dómsmrh. sé staddur hér nú og reyndar oft, þá kemur það a. m. k. æði oft fyrir, að hann er ekki, og hvað þá um hina ráðherrana, sem margir varla sjást hér nokkurn tíma. En ekki einasta það. Sumir ráðherrar hafa þann sið, að þó að þeir séu spurðir, hvort þeir leyfi afbrigði, þá anza þeir ekki eða gefa ekkert lífsmark frá sér um það, hvort þeir samþykki það eða neiti því, þannig að mér finnst það í alla staði hégómlegt að vera að hafa þetta ákvæði og þýðingarlaust.

Í öðru lagi finnst mér það ákaflega vafasamt, hvort á að áskilja þennan aukna meiri hluta til þess að mál sé tekið fyrir. Þegar frv. er borið of seint fram, þá þarf leyfi d. til þess, að það sé tekið fyrir, en það er aðeins einfaldur meiri hluti, sem þar ræður, og mér finnst engin sér-

stök ástæða til þess, að það þurfi ¾ atkv. frekar til þess að leyfa að taka mál fyrir til 2. umr., skulum við segja, hafi það verið til 1. umr. daginn áður, þótt ekki sé liðinn nógu langur tími. Mér finnst, að einfaldur meiri hluti ætti þarna að nægja. Meiri hluti þings ætti að mega ráða því, eins og yfirleitt öðru, hvort mál sé tekið fyrir eða ekki, eða að öðru leyti vikið frá þingsköpum. Og ég fæ ekki séð, að þetta geti verið hættulegt. Það er nú svo ákveðið, að þetta gildi ekki um stjórnarfrumvörp, þá nægi einfaldur meiri hluti. Að sjálfsögðu má búast við því, að stjórnarfrumvörp séu betur undirbúin og oftast nær meira áríðandi en þingmannafrumvörp, en samt sem áður held ég nú, að það sé hægt að trúa meiri hlutanum í d. eða Sþ. fyrir því að ákveða um það, hvort málið sé tekið fyrir eða ekki. Og ég veit beinlínis dæmi þess og líklega við flestir, sem hér erum, að synjun um slík afbrigði af d. hefur beinlínis ráðið niðurlögum máls, sem mikill meiri hluti Alþ. vildi samþykkja. Það var neitað um afbrigði hér fyrir nokkru, eftir að búið var að ákveða þinglausnir, og það leiddi til þess, að málið gat alls ekki náð fram að ganga, þótt meiri hluti væri fyrir því.

Þessi atriði vildi ég nú biðja hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka til athugunar. Og í þriðja lagi vildi ég biðja hana þess einnig að athuga þingsköpin nánar, hvort ekki væri fleira, sem ástæða væri til að breyta í þingsköpunum, heldur en það, sem ég hef hér nefnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 339, 340).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið fram sem staðfesting á brbl. og er hingað komið frá hv. Nd. En við 1. umr. málsins í þessari hv. d. hreyfði hæstv. forseti því, að rétt mundi vera, úr því að gerðar væru breytingar á þingsköpunum á annað borð, að gera um leið nokkrar fleiri breytingar, sem nánast væru lagfæringar til þess að samræma þingsköpin meira þeim starfsaðferðum, sem yfirleitt þykja hentugastar nú. Allshn. hefur tekið þessi tilmæli hæstv. forseta til athugunar og ber nú fram á þskj. 340 brtt. í þá átt, sem hann ræddi um, og hefur við undirbúning þeirra haft samráð við skrifstofu Alþingis um þær.

Ég vil þó geta þess, að eitt af þeim atriðum, sem hæstv. forseti nefndi hér við 1. umr. frv. að þyrfti að breyta, náði ekki samþykki í n., og kemur það því ekki fram hér sem brtt., og kem ég að því síðar. Þetta þskj., nr. 340, sýnist nú kannske við fyrstu sýn hafa inni að halda mjög miklar breytingar, en svo er nú ekki. Þetta eru nánast lagfæringar og margar breytingarnar, sem eru sams konar, þannig að það má segja t. d., að ein brtt., sem kemur sex sinnum fyrir, sé sú sama. Og mun ég þá aðeins rekja þessar till. örfáum orðum til þess að skýra þær, en þær eru ákaflega einfaldar.

Fyrsta brtt. er við 16. gr. laganna. Þar stendur í 5. málsgr.: „Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann og fundaskrifara.“ Ætlazt er til skv. fyrstu till., að við bætist: „Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.“

Það kemur náttúrlega oft fyrir, að formaður forfallast sökum veikinda eða annars, og þá hefur ævinlega á einhvern hátt verið komizt af, þannig að að líkindum ritari hefur þá kallað saman fundi eða eitthvað því um líkt. En það þótti réttara að hafa það í þingsköpunum sjálfum, að heimilt væri að kjósa varaformann, en það er ekki ætlazt til þess nú, heldur eru embættismenn nefndanna aðeins formenn og fundaskrifarar.

Þar næst kemur breyting, sem er við 18. gr. Hún er um það, að í staðinn fyrir, að eigi má taka mál fyrir til nýrrar umr. fyrr en a. m. k. tveim nóttum eftir að nál. hefur verið útbýtt, þá skuli nú aðeins líða ein nótt. Eins og kunnugt er, þá þarf iðulega og allt of oft á afbrigðum að halda vegna þess, hve þessir frestir eru langir, og þykir eðlilegt að stytta þá, og er sams konar breyting hér undir b-lið, c-lið, a, d-lið, e-lið, f-lið og g-lið. En þær eiga heima í 18., 19., 22., 23., 25. og 26. gr. Þessar breytingar sex eru allar um það að stytta frestinn úr tveimur nóttum í eina nótt, þar til mál megi koma fyrir. Enn fremur er hér undir c-lið breyting á 19. gr., en nú segir svo í þeirri gr.:

„Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar í d., að meiri hluti þm. í þeirri d., sem frv. er borið fram í, samþykki það.“

M. ö. o.: Eftir að fjórar vikur eru liðnar af þingi, hefur þurft leyfi deildarinnar til þess, að málið megi koma fyrir. Þessar fjórar vikur eru vafalaust miðaðar við miklu skemmri þingtíma heldur en við eigum nú að venjast, og því er lagt til, að í staðinn fyrir fjórar vikur þarna komi átta vikur. M. ö. o., það þarf leyfi eftir að liðnir eru tveir mánuðir af þingtímanum eða um það bil.

Þá kemur hér breyt. við sömu gr. undir 1, c. c. á þskj. 340. Það er lítil lagfæring. Það stendur í þingsköpunum um þetta sama samþykki, hvenær mál megi koma fyrir, og svo kemur:

„Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frv. til l. um breyt. á stjórnarskránni eða um breyt. á þingsköpum Alþingis, og ekki heldur um frumvörp, sem n. flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðh.“

Það er lagt til, að orðið „óskipt“ falli niður og hér eftir standi bara: „og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur.“ Það má ganga út frá því, að n. sé þá óskipt.

Þá kem ég hér að 29. gr. þingskapa. Þar er nokkur breyting. Þar segir í 2. málsgr.:

„Ef ein umr. er ákveðin, skal henni og atkvgr. hagað eftir fyrirmælum um 2. umr. lagafrumvarpa, og sama er um fyrri umr., ef tvær eru. En síðari umr. fer fram eins og 3. umr. um lagafrumvörp.“

Lagt er til, að þetta breytist þannig:

„Ef ein umr. er ákveðin, skal henni og atkvgr. hagað eftir fyrirmælum um 2. umr. lagafrumvarpa. Fyrri umr., ef tvær eru, fer fram eins og 1. umr. lagafrumvarpa, en síðari umr. á sama hátt og 2. umr.“

Þetta er um þáltill., og mundi, ef þessi breyt. yrði samþ., ekki koma til þess, að við fyrri umr. þyrfti að samþ. tillögugrein, sem menn gjarnan vilja vísa til n., en eru þó ekki vissir um, hvort þeir vilja samþ. í því formi, sem er. Nú er sú regla skv. þessari 29. gr. þingskapa, 2. málsgr., að það er greitt atkv. um þáltill. áður en hún fer til n. við fyrri umr.

Þá er hér næst breyt. við 30. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ávarp má hvor þd. fyrir sig senda konungi, og skal fara með það sem þáltill., að því fráskildu, að ávarp verður ekki sent frá einni d. til annarrar.“

Það er lagt til, að þessi grein falli niður, og er augljóst, að þetta er orðið úrelt.

32. gr. þingskapa er um brtt., og þriðja og síðasta málsgr. 32. gr. er um brtt. um atriði, sem búið er að fella í d., og segir, að eigi megi bera það atriði upp aftur í sömu d. á sama þingi. Svo segir í síðasta málsl. þessarar málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þd., og er þm. skylt að hlíta þeim úrskurði.“ Hér er lagt til, að við bætist: „Þegar lagafrv. koma í Sþ. frá annarri hvorri þd., má þó eigi gera brtt. um önnur atriði en þau, er sú d., er síðast hafði frv. til meðferðar, breytti við þá umr. Forseti Sþ. sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.“ Ég hygg, þó að mér sé nú ekki fullkunnugt um það, að þetta muni hafa verið framkvæmt á þennan veg og þótt eðlilegt, en nú er ætlazt til að fella það hér inn í þingsköpin.

Þá kemur næst lítil lagfæring við 35. gr. þingskapanna. Þar segir í 2. málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Ráðh. mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.“ En svo er vísað hér til næstu málsgr. á eftir, sem er um útvarp, því að þar er það bundið, hversu oft ráðh. mega tala, og einnig til 36. gr., þar sem talað er um, í hvaða röð forseti gefi þm. orðið. Það er með öðrum orðum bara vísað til þessara greina eins og hv. þdm. sjá.

Þá er við 42. gr. aðeins lagfæring. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er þm. að krefjast þess, að gengið sé til atkv. um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert“, segir í gr., „ef ⅔ fundarmanna eru því samþykkir.“ Það er lagt til, að þetta verði lagfært þannig, að það standi: „að ⅔ fundarmanna séu því samþykkir.“

Þá er 43. gr. Þar er gert ráð fyrir samkv. þingsköpunum, eins og þau eru nú, að forseti ákveði fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund. Nú hefur þessu verið breytt þannig í framkvæmdinni, að það hefur ekki verið hægt að ákveða það á fundinum, heldur sagt, að fundurinn verði boðaður með dagskrá, og þm. fá svo dagskrána senda, þannig að þeir vita það fyrir fram, hvað er á dagskrá fundarins. Ætlazt er til, að greininni verði breytt þannig, að í staðinn fyrir það, sem nú stendur: „Forseti d. ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar“ — þá komi: „Forseti ákveður dagskrá hvers fundar.“ Svo kemur áframhaldið, það er í samræmi við það, sem er í greininni nú, að öðru leyti heldur en því, að ætlazt er til, að sama regla gildi í Sþ. og nú gildir samkv. þingsköpunum í deildum. Greinin hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Forseti d. ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar, eftir því sem við verður komið.“ Svo segir: „Þó má ákveða hana“, þ. e. dagskrána, „eftir ályktun d., er 3 þm. í Ed. og 6 í Nd. krefjast þess skriflega og gera till. um ákveðna dagskrá.“ Þetta er ætlazt til að standi áfram, en við bætist: „Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í Sþ., er 9 þm. krefjast þess.“ Það er m. ö. o. gengið út frá sama hlutfalli. — Þá er aðeins lagfæring á sömu grein, þar sem stendur nú, með leyfi hæstv. forseta: „Ef þá er farið fram á“, þ. e., að mál sé látið ganga út af dagskránni, en í staðinn fyrir það komi: „Ef farið er fram á.“ Það er bara örlítil lagfæring á orðaskipun.

Þá kemur hér það atriði, sem hæstv. forseti hafði stungið upp á, að gerð yrði breyt. á, og kemur fyrir tvívegis í lögunum og allshn. gat ekki nema að nokkru leyti samþ. Það stendur hér, með leyfi hæstv. forseta, síðast í 43. gr.: „Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki ¾ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðh., sbr. 64. gr.“ 64. gr. er um afbrigði frá þingsköpum. Hæstv. forseti hafði lagt það til hér við 1. umr., að þessum aukna meiri hl., sem hér er gert ráð fyrir, ¾ þdm., skyldi verða breytt í einfaldan meiri hl. Á þetta gat n. ekki fallizt, vegna þess að þegar væru styttir allir frestir, svo sem hér væri gert, þá væri eiginlega eðlilegra, að það væru færri menn, sem gætu frestað því, að mál væru tekin fyrir, heldur en eins og var áður. Og varð það að samkomulagi innan n. að leggja ekki til, að þessi breyt. yrði gerð, en að önnur breyt. yrði gerð, þ. e., að orðin „leyfi ráðh.“, nefnilega að biðja um leyfi ráðh., falli niður. Og það er nú gert af nokkurri nauðsyn hér í þessari hv. d., því þó að oft sitji hér ráðh. á fundum d., þá er það náttúrlega iðulega, sem þeir eru ekki við.

Svo kemur í 44. gr. aðeins lagfæring. Þar er talað um, að hvorug þd. megi gera nokkra ályktun, nema meira en helmingur þm. sé á fundi, en þar komi í staðinn: þdm.

Í 44. gr. eru ákvæði, sem skýra sig nú bezt, ef ég bara les þau, um það, að þm. skuli leiða rök að því, hvers vegna hann greiði ekki atkv. við nafnakall. Og ég ætla að leyfa mér að lesa þessar tvær málsgr., 4. og 5. málsgr. 44. gr., sem n. leggur til að falli niður. Þær hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er haft nafnakall við atkvgr. og þm. greiðir eigi atkv., og skal hann þá leiða rök að því. — Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þm. sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkv. deildarinnar eða þingsins.“ Þetta hefur ekki verið framkvæmt, a. m. k. ekki á síðustu

árum og að ég ætla ekki um nokkuð langan tíma, og það er lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

Þá kemur við 63. gr. þingskapanna eðlileg leiðrétting, þar sem segir: „Ef þm. talar óvirðulega um konunginn“ — en þar komi: „Ef þm. talar óvirðulega um forseta Íslands.“

Og að lokum kemur sams konar breyt. og ég ræddi áðan í sambandi við 43. gr., en það er við 64. gr., þ. e. um afbrigði frá þingsköpunum. Þar stendur nú, í 64. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þm. í Ed., 6 þm. í Nd. og 9 í Sþ. má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðh. leyfir og ¾ hlutar þeirra þm., er um það greiða atkv., samþ.“ N. leggur til, að orðin „ráðh. leyfir og“ falli niður, en að áfram sé haldið þeim aukna meiri hl., sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

Ég veit ekki, hvort ég hef útskýrt þessar breyt. þannig, að menn skilji, ef þeir hafa ekki þingsköpin, en þær liggja mjög ljóst fyrir, ef menn hafa þingsköpin fyrir framan sig.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég finn mér skylt að þakka hv. allshn. fyrir það, að hún hefur tekið þær óskir, sem ég lét í ljós við 1. umr. þessa máls, til greina, sérstaklega að því er það atriði snertir að taka þingsköpin í heild sinni til endurskoðunar og binda sig ekki eingöngu við það atriði, sem í frv. felst, sem er eingöngu um það, að þm. skuli tala úr ræðustóli vegna hinnar vélrænu upptöku á þingræðunum.

Út af þeim atriðum, sem ég hef bent sérstaklega á að ætti að breyta í þingsköpunum, þá hefur hv. nefnd að vísu ekki fyllilega tekið nema annað af þessum tveimur atriðum, sem ég benti á, til greina, sem sé það atriðið að fella niður greinina um ávörp til konungs. Aftur hefur hún ekki viljað fallast á það, sem ég hreyfði, að það mundi verða nægilegur einfaldur meiri hluti þm. eða þdm., ef í d. er, til þess að leyfa frávik frá þingsköpum. Ég er nú sömu skoðunar raunar eins og ég var við 1. umr. um þetta, að það væri eðlilegt, að meiri hluti gæti ráðið í þessu efni eins og öðru, en þegar þess er gætt, að hv. n. flytur aðrar brtt., sem að nokkru leyti koma í staðinn fyrir þetta, þá get ég vel sætt mig við hennar till. í þessu efni, því að það er tiltölulega sjaldan, þótt það komi nú fyrir, sem afbrigða er leitað að mega taka mál fyrir, sem útbýtt er á þeim sama fundi eða sama dag, og það, að fresturinn er styttur úr tveimur nóttum í eina nótt, gerir mína uppástungu við 1. umr. að minnsta kosti miklu þarfminni heldur en ef þessi frestur hefði átt að vera eins og er í þingsköpunum nú, svo að ég get vel sætt mig við niðurstöðurnar, sem hv. nefnd hefur komizt að í þessu efni.

Í ýmsum smærri atriðum hefur n. lagfært þingsköpin, og virðist mér hennar vinna í því efni hafa verið til bóta. Ég sem sagt þakka hv. n. fyrir starfið í þessu efni, sem ég tel að hún hafi kannske að einhverju leyti innt af hendi sökum þeirra óska, sem ég lét í ljós við 1. umr. málsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er nú ekki jafnsannfærður um það og okkar ágæti hæstv. forseti, að þessar breyt. allar séu til bóta. Mig skortir sem sagt rök fyrir því, að það sé til bóta að hraða svo meðferð mála sem hér er ráðgert. Ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma komið að sök, að þær reglur væru hafðar, sem um þetta hafa verið. Það má ef til vill segja, að í eitt eða tvö skipti hafi einhver mál dagað uppi af þessum sökum, en þá er það vegna þess, að það hefur ekki verið ýtt á eftir þeim af nægri festu eða vilja til þess að koma þeim fram. Og ég tel það yfirleitt mjög misráðið að gefa þm. ekki fullkomið færi á því að átta sig á málum, áður en þau hafa framgang, og eins og málafjöldi nú er mikill, þá kann oft þannig að standa á, að það veiti ekki af tveimur nóttum og þeim tíma, sem á milli er, til þess að átta sig á málunum. Það má segja, að þetta skipti ekki öllu máli, vegna þess að vitanlega mundu glöggir og góðir forsetar halda þannig á að hraða ekki málum meira en vert er og atvik standa til, alveg eins og forsetar hafa nú með samþykki deildar og ríkisstjórnar möguleika til þess, þrátt fyrir ákvæði þingskapa, að hraða málum meira en þingsköp ætlast til, ef sérstök nauðsyn er. Hér er ekki um annað að ræða heldur en almenna reglu, sem segja má að sé til leiðbeiningar, en alls ekki þannig, að alltaf verði eftir henni farið. En eins og ég segi, mig skortir rökin fyrir nauðsyn á þessari breytingu, og ég er alveg ósannfærður um, að það sé til bóta að breyta þessu. Ég vil þó taka fram, að það er ekki hægt að gera þetta að verulegu kappsmáli. Um þetta sýnist sitt hverjum, og það má búast við því, að forsetar verði ætíð svo vandaðir menn, ef svo má segja, að ekki skapist veruleg hætta fyrir störf þingsins, þó að þessi háttur væri tekinn upp.

Eins vil ég benda á það, að það er auðvitað hæpið, að það sé til bóta að draga úr þeim áhrifum, sem ríkisstj. hefur á framgang þingmála, með því að fella það úr l., að hennar samþykki þurfi til afbrigða frá þingsköpum. Hæstv. forseti talaði um það hér við 1. umr., að þetta væru leifar frá því, að við lutum hér erlendu valdi og stjórn. Svo kann að vera. En ég efast þó mjög um, að hæstv. forseti hafi kannað það, hvort slík ákvæði eru eða eru ekki í þingsköpum annarra þjóða, sem ekki hafa lotið slíkum yfirráðum. Ég hef ekki kannað það og skal ekkert um það segja, en ég efast um, að hæstv. forseti hafi kynnt sér þetta. Hitt veit ég, að það hlýtur svo að vera, að ríkisstj., sem er þingbundin eins og hér er, hlýtur ætíð að hafa mjög mikil áhrif á gang þingstarfa. Það er t. d. vitað, svo að við tökum móðurland þingræðisins í Bretlandi, að þar ræður ríkisstj. að langsamlega mestu leyti öllum starfstíma þingsins og þingmenn hafa ekki til eigin umráða nema örlítinn tíma. Mestallur tíminn fer til að ræða og afgreiða þau frv., sem stjórnin leggur fyrir þingið, og ég held, að við séum nú smám saman að reka okkur á það hér, að ef þinghald á að vera skaplegt, þá verður þingið ekki síður í störfum sínum að lúta forustu ríkisstj. heldur en sínum eigin forseta. Og við höfum einnig rekið okkur á það, að á þeim

tímum, þegar mikill glundroði hefur verið í stjórnarfari, þá hafa þingin orðið miklu lengri heldur en ef stjórn er sæmilega samhent og getur haldið vel á um störf þess. Ég efast þess vegna mjög um, að þessar brtt. séu til bóta. Það má segja eins og um hinar, að það skipti ekki verulegu máli, vegna þess að ráðherrar hafa yfirleitt ekki beitt þessu synjunarvaldi sínu. Þó man ég nú ekki betur en það hafi komið fyrir í eitt skipti, að það hafi með því að beita þessu valdi tekizt um sinn að forða því, að um 30—40 nýjum embættismönnum væri bætt á ríkissjóðinn, eins og einu sinni stóð til að gera á síðustu dögum þingsins að alveg óathuguðu máli.

En ég hefði talið miklu nær fyrir hv. þingnefnd, úr því að hún fór í slíka endurskoðun þingskapa eins og hún gerði, að athuga betur en verið hefur, hvort núverandi háttur okkar á umr. er ekki orðinn úreltur, hvort það þarf ekki að gera frekari ráðstafanir til þess heldur en hér hefur verið gert, að umr. dragist ekki úr hófi fram, að sá háttur verði, að það séu sérstakir fulltrúar úr hverjum flokki, sem aðallega ræði hvert mál, en ekki jafntakmarkalaus tími til umr. eins og nú á sér stað, sem oft getur leitt til mikilla tafa. Það má auðvitað segja, að það eru ákvæði í þingsköpum, sem gera þetta mögulegt, en vel mætti athuga fleiri leiðir í því. Eins er það mikill vafi, hvort því á að halda við, sem verið hefur, en segja má raunar, að ekki sé hægt að breyta nema með breytingu á stjórnarskránni, eins og nú standa sakir, að ráðherrar megi tala eins oft og þeir vilja. Það er mikil spurning, hvort það ætti ekki frekar að hafa þann hátt á, að þeir ættu ætíð að tala fyrst og síðast í málum til þess að gefa upplýsingar og annað slíkt, en ekki blanda sér jafnmikið í umr. og tíðkað hefur verið. Þessar athugasemdir mínar miðast ekki við núverandi þm. eða núverandi ráðherra, heldur eru aðeins almennar athugasemdir um þá galla á þinghaldi, sem menn hljóta að verða varir við við það að vera hér alllangan tíma og kynna sér, hvernig þingstörfum er háttað.

Ég verð þess vegna að segja, að því fer fjarri, að ég telji, að n. hafi unnið gott verk með sínu starfi. Ég held, að hennar starf hafi verið, sem sagt, ósköp lítilvægt og hefði alveg eins mátt beina hennar starfi að því að afgreiða önnur þörf mál, sem fyrir n. hafa verið, í stað þess að vera að þeim einskisverða sparðatíningi, sem n. hefur lagt í eftir ráðum hæstv. forseta, sem hefur mjög missýnzt í þessum efnum að mínu viti. Eins og ég segi, þá er þetta flest svo lítilvægt, að það borgar sig naumast að vera að eyða tíma í það að vera á móti því, en mér finnst starfið ósköp lítils virði og gengið fram hjá flestu því, sem þýðingu hefur.

Svo vil ég benda á það, að það er ein till., sem ég tel að geti ekki staðizt, þar sem lagt er til, að fallið sé frá fyrirmælunum um ávörp. Það er að vísu rétt, að það er orðið úrelt að tala um ávarp til konungs, en í 38. gr. stjórnarskrárinnar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Einnig má hvor þd. eða sameinað Alþ. senda forseta lýðveldisins ávarp.“ Þarna er ráðgert, að ávörp eigi sér stað einnig til forseta lýðveldisins, og meðan þetta ákvæði er í stjórnarskránni, þá er auðvitað fráleitt að fella fyrirmælið niður. Ég vildi því mælast til þess, hvað sem öðru liði, að hv. n. taki þessa brtt. aftur til 3. umr. og breyti henni til samræmis við það, að nú er um forseta lýðveldisins að ræða, en ekki konung.

Eins og ég sagði, þá tel ég, að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða, og legg mjög litla áherzlu á, hvernig með þetta verður farið, en ég tel, að árangur af störfum nefndarinnar sé nauðaómerkilegur.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Mér ber nú sjálfsagt að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hrósið um störf n., en ég held, að n. hafi verið það alveg eins ljóst og honum, að hún var ekki að vinna hér nein stórvirki. Það var nánast það að fá lagfæringar á hlutum, sem verða fyrir okkur daglega og eru til tafa og óþæginda í störfum Alþ. Ég hygg, að hann viti það, hæstv. dómsmrh., eins og við hér aðrir þdm., að hér liggja aldrei frv., nál. eða önnur skjöl í 2 nætur áður en þau séu afgreidd, ef nokkur leið er að finna tíma til þess að afgreiða þau, og þá eru þau afgreidd með afbrigðum, og það er eingöngu til þess að fækka þeim afbrigðum, sem lagt er til, að þessir frestir séu styttir. Nefndinni er þetta ekkert kappsmál, síður en svo. Hún taldi þetta dálítið viðvik til bóta og ekkert umfram það og ætlast ekki til neinna hrósyrða fyrir það umfram það, sem hún hefur fengið.

En að það hefði verið hugsanlegt, að þingnefnd hefði hér, með þeim störfum og með þeim tíma, sem þingnefndum er ætlað, getað gert þær breyt. á þingsköpunum, að það yrði alveg gerbylting í þinghaldi okkar og skipulagi á því, það held ég að sé til allt of mikils ætlazt. Hversu ágætir menn sem í þeirri n. sætu, þá held ég, að það sé ekki hugsanlegt að gera slíka breyt. í þingnefnd á svo stuttum tíma sem hér var um að ræða.

Ég segi það fyrir hönd n., að hún ætlaði sér aldrei þá dul að fara að breyta hér öllu þinghaldinu. Hún vildi aðeins gera smávægilegar lagfæringar, sem eiginlega liggur í augum uppi að var eðlilegt að væru gerðar, og fór í því efni eftir bendingum hæstv. forseta, sem n. taldi að mundi vera manna kunnugastur því og þekkja það gerst af eigin reynd, hvernig vinnubrögðum er bezt fyrir komið í Alþ. Einnig, eins og ég tók fram áður, hafði n. um þetta samráð við skrifstofustjóra Alþingis.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Á sama hátt og hæstv. dómsmrh. telur sig ekki vilja gera mikið úr því, hvort þetta verður samþ. eða ekki samþ., þá get ég svarað því líka til fyrir hönd n., að henni er þetta ekkert sérstakt kappsmál, og mætumst við þar náttúrlega á miðri leið með það, en n. taldi þetta þó til nokkurra bóta.

Varðandi það að draga til baka brtt. við 30. gr., þá tel ég sjálfsagt, að n. verði við því að taka þá brtt. aftur til 3. umr. og gera á henni þá eðlilegu breyt., sem svarar til þess, sem hér hefur verið um talað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í þessar umr., enda þarf þess ekki, því að frsm. n. hefur gert grein fyrir því. En mig hryggir það að heyra dómsmrh. þjóðarinnar óska eftir því að hafa í lögum ákvæði, sem stöðugt eru brotin, óska eftir, að það haldi áfram að vera í lögum til þess að brjóta þau. Mig hryggir það mikið, af því að þó að hér sé að ræða um lög, sem eiga að gilda bara fyrir Alþ., þingsköpin, þá getur maður búizt við, að það sé þá minni hugsun á, að önnur l. séu brotin líka, úr því að hann óskar eftir því að hafa áfram í þingsköpunum, að leyfi ráðherra skuli þurfa til að breyta frá þingsköpum, ráðherra, sem venjulega sjást ekki, um það bil sem þarf að biðja um leyfi, og venjulega verður að segja: „Ja, ráðherrar hafa nú ekki neitað því, að það væru veitt afbrigði.“ Venjulegast hefur orðið að taka málin þannig lagað fyrir, og það hryggir mig, að hann óskaði eftir að halda áfram að hafa það í lögum.

En það er eitt atriði hérna, sem ég vil benda á og ég held, þó að ég sé í n., að n. hafi ekki áttað sig almennilega á, og ég vil taka það fram, af því að ég kem til með að greiða atkvæði á móti þeirri grein, ef hún er ekki dregin til baka nú til að byrja með til 3. umr. Það er síðasti liðurinn, f-liðurinn. Það varð algert samkomulag um það í n., að þegar búið væri að flýta afgreiðslu mála með því að færa úr tveim nóttum í eina, sem málin þyrftu að liggja fyrir, án þess að þyrfti að taka þau fyrir með afbrigðum, þá væri ekki ástæða til þess að minnka þann hluta þm., sem gæti neitað um afbrigði. Það gæti alltaf verið minni hluti, sem teldi sig á þeim eina degi, eina sólarhring, sem liði frá því að málinu væri útbýtt í þinginu og þangað til það kæmi til umr., ekki vera búinn að afla sér nægra upplýsinga til að vera tilbúinn til að taka þátt í umr., og þess vegna væri eðlilegt, að hann gæti þá neitað um afbrigði til að vinna sér einn sólarhring í viðbót til þess að undirbúa sig undir málið. Það nákvæmlega sama getur átt við um ráðherra. Það höfum við ekki athugað, og þess vegna höfum við lagt til, að í þessu tilfelli félli burt leyfi ráðherra, en í þessu tilfelli tel ég rétt, að ráðherra fái líka, ef hann er í d., að neita, svo að hann geti líka aflað sér tíma, ef það á að pressa í gegn mál, sem hann vill tala í og hann er ekki undirbúinn að tala um. Það er lagt fram í dag. Það á að ræða það á morgun. Hann er upptekinn af mörgu öðru og getur ekki sett sig inn í málið, vill hins vegar taka þátt í umr. um það, og þá á hann að geta neitað um afbrigði alveg eins og d. getur, ef hún vill kynnast málinu betur, svoleiðis að hún fái einn sólarhring í viðbót til að búa sig undir málið. Ég var ekki búinn að átta mig til fulls á þessu, þegar n. ræddi um þetta, en ég mun greiða atkv. á móti f-liðnum og vildi nú helzt af öllu, að n. tæki hann aftur til 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú mjög taka undir þá ósk, sem kom fram hér frá hæstv. dómsmrh., að þetta mál yrði ekki látið fram ganga hér við þessa umr.

Þegar litið er á frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 1936, um þingsköp Alþ., þá er um að ræða staðfestingu á brbl., sem gengið hefur í gegnum þrjár umr. í hv. Nd. og verið samþ. þar óbreytt. Nú er ætlazt til, að gerðar séu hér mjög víðtækar breyt. í fjöldamörgum liðum, eins og sést á þskj. 340, og það er sýnilegt, að ef þær verða samþ. hér, þá fær þetta mál aðeins meðferð í þessari hv. þd., þó þannig, að brtt., ef þær verða samþ., fá ekki nema tvær umr. og síðan aðeins eina umr. í hv. Nd., ef farið er með málið á sama hátt og hæstv. forseti úrskurðaði hér fyrir skömmu um annað mál. Nú eru þingsköp Alþ. ekkert smámál. Ég held því, að það væri mjög æskilegt, ef hv. n., sem hefur lýst því yfir, að hún geri þetta ekki að kappsmáli, vildi taka þessar till. allar aftur að minnsta kosti við þessa umr. og ræða sameiginlega við alla hæstv. forseta þingsins, hvort þeir óski eftir þessu, og þá eins við þann hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, til þess að fá úr því skorið, hvort þeir eru sammála um það, að allar þessar breyt. nái fram að ganga. Ég tel það mjög óeðlilegt, að svo víðtækar breyt. sem hér eru gerðar séu látnar ganga þannig fram sem brtt. við bráðabirgðalög, eins og þau koma frá hv. Nd. Ég mun því ekki treysta mér til þess að greiða atkv. með brtt., en greiði atkv. á móti þeim öllum, ef hv. nefnd sér sér ekki fært að taka till. til baka til frekari athugunar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því, að minn ágæti vinur, hv. þm. N-M., skyldi bregða svo út af venjulegri góðvild sinni og háttsemi, að hann notaði þetta mál til sérstakrar árásar á mig. Ég hefði getað búizt við því úr flestum áttum, en ekki frá þeim hv. ágæta vini mínum og einlæga stuðningsmanni. Það kom mér mjög á óvart, að hann skyldi nota þetta tækifæri nánast til þess að lýsa vantrausti á mér og allri minni dómsmálastjórn, og eins og ég segi, ég bjóst allra síst við því af honum.

En það verður að taka hvern hlut eins og hann er, og allra síst bjóst ég þó við því, að hann mundi gera þetta, þegar hann er búinn að sýna sjálfur, að hann er í þingnefnd, sem ber fram till., sem fer beint í bága við stjórnarskrána. Það er nú það fyrsta. Skyldi maður þó ætla, að jafnglöggur þm. og útásetningarsamur við alla aðra væri farinn að kynnast fyrirmælum stjórnarskrárinnar eftir alla sína veru hér, þannig að hann flytti ekki brtt. við þingsköp, sem fara í þá átt að hafa að engu ótvíræð ákvæði stjórnarskrárinnar. Og ef hann er að tala um það, að ég hafi sérstaklega verið að verja það að halda föstum ákvæðum, sem stöðugt séu brotin, þá er því til að svara, að undanþágur frá þingsköpum eru heimilaðar í sjálfum þingsköpunum, þannig að það er ekkert brot á þingsköpunum, þó að undanþágur séu veittar. Það er sérstök meðferð málsins, sem er fyllilega lögleg. Ég vil algerlega mótmæla því, að það sé þar talað um brot á þann veg, sem hv. þm. gerði, að því er mér skildist.

Ég vil og benda hv. n. á, að það eru fleiri ákvæði í þingsköpunum, sem er mjög hæpið, að eftir sé farið. Við skulum minnast t. d. á nafna-

köll. Við vitum það, að í löngum atkvgr., sérstaklega t. d. við fjárlög, þá verður það oft til stórkostlegrar tafar, oft um marga klukkutíma, að þm. rjúka upp á síðustu stundu, oft eftir að búið er að afgreiða mál, og heimta nafnaköll um þau til þess að geta á þann veg sett einhverja aðra þm. í vanda, — oftast nær sýnist nú tilgangurinn vera sá. En í þingsköpunum eru alveg ótvíræð fyrirmæli um það, að til þess að þessi háttur verði hafður á, þurfi að liggja fyrir skrifleg krafa frá ákveðnum fjölda þm. Það er að vísu svo, að forseti hefur það í hendi sér að ákveða sjálfur nafnakall, en þá er auðvitað ætlazt til þess, að sú ákvörðun hans komi frá honum sjálfum, en ekki frá einhverjum þm. úti í salnum, enda heyrum við það oft, að þm. lenda í orðahnippingum við forseta af þessum sökum. Ég vil benda á það aðeins, að úr því að hv. n. með alla sína glöggu spekinga, hv. þm. N-M. og aðra honum sízt lakari, innan borðs fór í þessa endurskoðun, þá hefði mátt taka þetta atriði til íhugunar, ekki síður en þau, sem tekin voru, og þannig eru fjölmörg fyrirmæli í þingsköpunum, sem segja má að betur mættu fara, og sum þeirra eru brotin af hv. þm. N-M. og ýmsum fleirum, án þess að menn hafi enn þá séð ástæðu til þess að gera reka að því og draga þá fyrir lög og dóm, eins og hann virtist ætlast til að gert væri við mig fyrir mín hógværu orð hér áðan.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég lýsti yfir hryggð minni áðan, — og það var nú ekki annað, sem ég gerði, — og sú hryggð er alveg ákveðin og einlæg. Það er af því, að þegar enginn hæstv. ráðh. er við og það þarf leyfi þeirra til að mál megi taka fyrir með afbrigðum, þá veit hæstv. ráðh., að þetta er alltaf brotið með því að segja, — ja, það var byrjað á að segja hér í d., að ráðh. hefðu veitt leyfin. Þá greip ég einhvern tíma fram í og spurði, hvort stólarnir töluðu. Eftir það var hætt að orða það þannig lagað og sagt: Ja, ráðh. hefur ekki neitað um afbrigði — og þögn væri sama og samþykki. Þess vegna er þetta dauður bókstafur og ekkert vit í að hafa þetta í þingsköpum, eins og málið stendur.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að við getum fellt niður ávarp úr þingsköpum, þótt það sé í stjórnarskránni, sem hæstv. dómsmrh. er búinn að vera að endurskoða í nokkuð mörg ár með nokkuð mörgum mönnum, — nokkuð lengi með formanni, sem var dáinn nokkur ár, þegar hann átti að endurskoða það, Sigurði sáluga Eggerz, sem var í einni n., og var ekki kosinn formaður í hans stað lengi eftir lát hans. Það er ekki enn þá búið að koma þessari endurskoðun í verk. Og það er ekkert um það, þó að það sé ákvæði í stjórnarskránni um, að Alþingi megi senda forsetanum ávarp. Hvaða þörf er á því að taka það upp í þingsköp, að það megi senda honum ávarp? Það er ekki bannað, þótt greinin sé lögð niður. Það er í stjórnarskránni, að það megi senda honum ávarp, og þótt ekki standi það í þingsköpunum, þá er það ekki á nokkurn hátt bannað, heldur þvert á móti leyft í stjórnarskránni. Við höfum alveg fullt leyfi til þess að senda ávarp og orða það eins og okkur sýnist, þótt ekkert sé um það í þingsköpunum, og ræða það eins og aðra þáltill., sem fyrir liggur í þingi. Það er þess vegna alger misskilningur, að það megi ekki falla niður úr þingsköpum, þótt það sé í stjórnarskránni. Einmitt af því að það er í stjórnarskránni, þá má það falla niður í þingsköpum, því að það er heimilað í henni að senda ávörp, og við þurfum ekki að hafa neina aðra heimild fyrir því heldur en þá, sem í stjórnarskránni stendur. Þess vegna er það á algerum misskilningi byggt, að það ákvæði megi ekki falla niður úr þingsköpunum, af því að það er í stjórnarskránni, og er ég hissa á hæstv. dómsmrh. að halda slíku fram.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég verð að láta undrun í ljós yfir því, sem hv. þm. Barð. hélt fram hér, að þar sem n. ber fram töluvert víðtækar breyt., sem ekki eru þó stórvægilegar efnisbreytingar á þingsköpunum, þá finnst honum ekki mega samþ. það hér, a. m. k. ekki við þessa umr., sökum þess að frv. í þeirri mynd fái ekki þá nema þrjár umr., sem eftir væru. Mér finnst þessi kenning vera bara kenning um það, að að minnsta kosti hv. Ed. megi ekki í verulegum atriðum breyta frv., sem koma frá hv. Nd. Ég vil algerlega fyrir hönd d. mótmæla þessu. Bæði samkv. stjórnarskrá og þingsköpum og öllum venjum hér er það algengt, að seinni deild, hvort sem það er Ed. eða Nd., breyti frv. mjög frá því, sem fyrri d. hefur gengið frá þeim, og þetta er ekkert annað en það, sem gert er ráð fyrir að geti komið fyrir, gert ráð fyrir því í þingsköpum og stjórnarskrá o. s. frv.

Ég held þess vegna, að það hljóti að vera eitthvað hulið, sem veldur þeirri andstöðu, sem þessar brtt. hv. n. hafa fengið hér, og skil ég varla, hvað það má vera, annað en það, ef það er einhver afbrýði hjá hæstv. dómsmrh. út af því, að ráðgert er að fella niður það ákvæði, að leyfi ráðh. þurfi að koma til, ef afbrigði á að veita. Ég var nú fyrstur til að hreyfa þessu atriði, annars vegar af þeirri ástæðu, eins og ég tók fram við 1. umr., að það kemur fyrir, að það er enginn ráðh. til staðar í d. eða í þinginu til að veita þetta leyfi. Ég skal fyllilega játa það, að það er ákaflega oft, að hæstv. dómsmrh. situr hér á fundum í hv. Ed., en flestir hinir ráðherrastólarnir eru venjulega auðir, — það vitum við öll, sem hér erum, að þetta er rétt, — og stundum vantar hæstv. dómsmrh. líka. Og þá er ákaflega óviðkunnanlegt og vafasamt, hvort það er með öllu löglegt að veita afbrigðin, ef enginn ráðh. er viðstaddur til að leyfa þau, þar sem stendur skýrum stöfum í þingsköpunum: „ef ráðh. leyfir“. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að afnema þetta atriði. En svo, eins og ég nefndi við 1. umr. málsins, þá er það ekki eingöngu af þeirri ástæðu, að ég tel það í sjálfu sér nauðsynlegt að fella þetta úr þingsköpunum, heldur álít ég, að þetta ákvæði sé bara úrelt, það sé eitt af leifum konungsvaldsins, þetta hafi verið sett í fyrstunni til þess að fulltrúi konungsvaldsins hér á Alþingi gæti haft hemil á því, að ekki væri hraðað málum. Ég hef nú ekki kynnt mér þetta atriði sögulega, þannig

að ég geti fullyrt beinlínis um þetta, en mér finnst eftir öllu eðli málsins það vera þannig. Og ég sé ekki, hvað það á að þýða, að þetta leyfi ráðh. skuli þurfa að koma til. Ég hygg, að það verði venjulega svo, að ef ráðh. vill hafa einhver sérstök afskipti af máli og er ekki viðbúinn, þá nægi fyrir hann að snúa sér til forseta um það að taka málið af dagskrá eða ljúka ekki umr. fyrr en hann getur verið viðstaddur.

Þá verð ég að segja það, að mér finnst, að hv. 1. þm. N-M. hafi rétt að mæla, þar sem hann segir, að það sé ekkert stjórnarskrárbrot, þótt ekki sé beinlínis tekið upp í þingsköp ákvæði stjórnarskrárinnar. Ef það væri tekið upp ákvæði, sem kæmi í bága við stjórnarskrána, þá væri það stjórnarskrárbrot að sjálfsögðu og mundi ekki verða borið upp og mundi verða vísað frá atkvgr. En þó að falli niður úr þingsköpunum ákvæði um það, að hvor þd. geti sent forsetanum ávarp, þá sé ég ekki, að þar sé neinn voði á ferðum fyrir því. Nú, ef það er stjórnarskrárbrot að fella þetta niður, að hvor þd. geti sent konungi ávarp, þá erum við búnir að brjóta stjórnarskrána síðan 1944, því að það hefur ekkert verið um það í þingsköpunum, að hvor þd. geti sent forsetanum ávarp, heldur konungi. Hvaða konungi? — Úr því að vakin er nú athygli á þessu atriði, þá væri sjálfsagt réttara að fella ekki greinina með öllu niður, heldur þá samkv. stjórnarskránni segja bara, að í stað „konungs“ í 30. gr. komi: forseta Íslands. — Það er ákaflega einfalt. Ég hef hér tilbúna till. um það, þó að ég legði hana ekki fram að sinni, og þá er öllu réttlæti fullnægt í þessu atriði.

Þessar breyt., sem hv. n. leggur til að gera á þingsköpunum, ganga allar í þá átt að lögtaka það, sem hefur verið venja hér í Alþ. Það hefur yfirleitt verið venja með sárfáum undantekningum, að afbrigði frá þingsköpum hafa verið veitt, — að það hefur verið veitt leyfi til að taka mál fyrir, þó að ekki væri tilskilinn tími liðinn, og ég hygg, að í áratugi hafi ekki nema einu sinni komið fyrir, að ráðh. hafi neitað um afbrigði. Ég veit um eitt dæmi þess úr þingsögunni og ekki nema það eina. Og það skyldi nú vera, að það hafi ekki komið fyrir nema í þetta eina skipti. Það fullyrði ég ekki, en ég fullyrði hitt, að það eru áratugir síðan því ákvæði hefur verið beitt af ráðherra. Og hvers vegna má það þá ekki falla niður? Ég get verið því sammála, sem hæstv. ráðh. og fleiri hafa sagt hér, að þetta sé ekki ákaflega þýðingarmikið, þessi atriði, sem hv. n. hefur hér lagt til að breyta til þess að gera starf þingsins einfaldara og brotaminna, en þó að það sé ekki ákaflega þýðingarmikið, þá finnst mér, þegar þess er gætt, að það er eingöngu um það, að það skuli vera lögfest, sem við höfum haft hér fyrir venju, — þá finnst mér það undarlegt, þegar risið er svo hatrammlega upp á móti þessum smábreytingum eins og gert er.

Ég vil taka eitt fram, þó að það komi í sjálfu sér ekki þessum till. eða þessu frv. við, því að það er ekkert um það hvorki í frv. né till., að það er náttúrlega alveg hárrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er brot á þingsköpum, þegar menn eru að gera grein fyrir atkv. sínu, eftir að umr. er lokið. (Gripið fram í: Ég hef aldrei talað aðeins um það, ég átti við nafnaköll.) Já, við nafnaköll. (Gripið fram í.) Ja, það er náttúrlega ekki brot á þingsköpum. Forsetinn getur ákveðið nafnakall, og ef einn þm. óskar nafnakalls, þá er það á valdi forseta að ákveða það. Hitt er rétt, að það þarf tiltekna tölu þm. til þess að krefjast nafnakalls og sú krafa verður að koma skrifleg. — Ég þurfti nú að víkja mér frá og heyrði ekki vel það, sem hæstv. ráðh. sagði, en mér virtist hann vera að tala um það, þegar menn gera langa grein fyrir atkv. sínu við nafnakall. Það sé ég ekki að samræmist þingsköpum, því að þegar atkvgr. byrjar, er umr. lokið. Og greinargerð fyrir atkv. er auðvitað ræða og getur verið löng ræða. Fyrirrennarar mínir hafa alltaf síðan ég kom á þing leyft það að gera grein fyrir atkv. sínu. Ég hef leyft það líka. En það er mjög til athugunar nú, þegar hver maður þarf í ræðustól, sem talar í þinginu, hvort ætti ekki að taka þetta til nýrrar athugunar, hvort slíkt á að leyfa.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má nú segja, að þessar umr. séu nokkuð deila um keisarans skegg. Þetta skiptir ekki ýkjamiklu máli sumt af því, sem deilt er um. Þó er skylt að hafa það, sem réttara reynist í þessu.

Ég vil taka það fram út af því, sem hæstv. forseti sagði, að það væri einhver afbrýðissemi hjá mér, að mér væri illa við sem ráðh. að fella niður heimild ráðh. til þess að stöðva afbrigði frá þingsköpum, að þetta er auðvitað mesti misskilningur. Enda er það svo, að af öllum stólum hér eru ráðherrastólarnir þeir völtustu, og það getur auðvitað verið mjög varhugavert að láta þetta vald vera hjá andstæðingum sínum í ráðherrastóli, ef þeir leggja mikið upp úr því, — svo að ég held nú, að slík tillit komi þarna alls ekki til greina.

Það, sem ég vildi benda á í orðum mínum áðan og hæstv. forseti hlýddi ekki á, vegna þess að hann var að tala við ágætan gest, sem við sáum að hann var að ræða við, var, að það er misskilningur hjá hæstv. forseta, að það þurfi út af fyrir sig að vera illt eða merki gamallar íhlutunar í okkar mál, þó að ríkisstj. hafi nokkur áhrif á gang þingmála. Ég færði rök að því, að þingstörf ganga í raun og veru ekki skaplega, og reynslan hefur margfaldlega sýnt það, nema ríkisstj. hafi örugga forustu um framgang þingmála og það, hvernig starfstíma þingsins er varið. Ég tel að vísu, að þetta atriði þingskapanna skipti þar sáralitlu. En ég vildi vekja athygli á þessu, úr því að það er verið að breyta atriðinu, að það er ekki víst, að það sé einhliða til bóta. (Gripið fram í.) Það kemur stundum fyrir um frv. stj., að enginn ráðh. er til staðar til að veita nauðsynleg afbrigði. Það getur þá sýnt, að það þurfi annaðhvort að skipta um ráðh. eða fjölga ráðh., en ég skal ekki segja um það. Við ræddum það á dögunum, að þessar ásakanir, sem oft heyrast hér um það, að ráðh. séu ekki viðstaddir, hvíla á miklum misskilningi, vegna þess að á ráðh. hvíla svo margvísleg störf, auk þess sem deildirnar eru tvær og þeir

þurfa málum að sinna í báðum, þannig að það er alveg ástæðulaust að vera að gera ráðh. tortryggilega fyrir það, þó að þeir geti ekki alltaf verið við. En ef það eitt vakir fyrir mönnum í þessu, að það sé óviðurkvæmilegt að lýsa því yfir, að samþykki stj. sé fyrir hendi, ef það er ekki formlega fyrir hendi, þá hefði nægt að breyta þessu á annan veg og segja t. d.: Ríkisstj. getur neitað um afbrigði. — Með þeirri einföldu breyt. væri hægt að synda fram hjá skeri, sem bæði hæstv. forseti að nokkru leyti og þó sérstaklega minn ágæti vinur, hv. þm. N-M., talaði um, þannig að það er hér eitthvað annað og meira á bak við, eins og hæstv. forseti sagði um afstöðu okkar, sem ekki erum jafnhrifnir af þessum breyt. eins og hann er. En eins og ég segi, þetta skiptir ekki ýkjamiklu máli, en mig skortir sannfæringu fyrir því, að þessar breyt. í heild séu til bóta.

Varðandi það, sem hér var haldið fram af bæði hæstv. forseta og hv. 1. þm. N-M., að það væri ekkert því til fyrirstöðu að hafa engin ákvæði í þingsköpunum um ávarp, þá kom það glögglega fram hjá hv. 8. þm. Reykv., frsm. n., að hann hafði ekki veitt því athygli, að þetta fyrirmæli er í stjskr. Hann hagaði orðum sínum þannig, og ég þori að fullyrða, að hann muni hafa rétt tekið eftir, að n. byggði till. sínar á því. Þetta kemur ákaflega oft fyrir, að menn aðgæta ekki öll fyrirmæli laga. Það er ekkert sérstakt í því, en þeir, sem hafa gert sig seka um slíka skyssu, eiga þá ekki alveg í sama málinu að vera að vaða upp á aðra með ókvæðisorðum, eins og hv. 1. þm. N-M. gerði í minn garð. Hann gat alveg sparað sér þjóstinn, meðan hann var að þvo af sér blettinn, sem hann hafði sett á sig sjálfan. Hæstv. forseti hefur sjálfur viðurkennt með þeirri brtt., sem hann boðaði, að það fer a. m. k. miklu betur á því að hafa þetta ákvæði í þingsköpunum, og það er ætlazt til þess. Þingsköpin eru þannig, að þau taka upp öll hliðstæð ákvæði stjskr. við þetta. Það sér hv. 1. þm. N-M., ef hann vill leggja á sig að lesa þetta, og hélt ég raunar, að hans minni væri svo gott, að hann hefði það í huganum án þess að þurfa að lesa það enn þá einu sinni yfir. Það er vitanlega nauðsynlegt að segja til um, hvernig með þessi ávörp á að fara. Það er engan veginn víst, að það eigi að fara með þau eins og þáltill., eins og hv. 1. þm. N-M. hélt fram. Nú er því vert á móti tekið fram, að það á ekki að fara með þau eins, vegna þess að það er bannað að senda ávörpin á milli deilda, svo að það er brýn nauðsyn að hafa einhver fyrirmæli um ávörpin. Hitt er rétt að athuga, að núverandi fyrirmæli þingskapa um þetta eru ekki alveg í samræmi við stjskr., vegna þess að þar stendur: „Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi“ — við skulum sleppa þessu með konunginn, en í 38. gr. stjskr. segir: „Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávarp.“ Og það er eðlilegt, að þingsköpin séu að þessu leyti færð til samræmis við stjskr.

Út af því, sem hæstv. forseti sagði um, að „konungur“ stæði í þingsköpum í stað „forseta“, vil ég segja, að almenn lögskýring leiðir til þess, að þar sem áður var „konungur“ í lögum, kemur nú „forseti“. Þetta er almenn lögskýringarregla, sem liggur í augum uppi. Það er í fjölmörgum fyrirmælum, sem sagt er, að konungur geri þetta og þetta eða að þetta eigi að leggjast undir konunng, og leiðir af sjálfu sér, að stjskr. hefur breytt þessu á þann veg, að nú er átt við forseta. Það má segja, að formlega er réttara að setja „forseta“, og það er sjálfsagt að gera það, þegar l. er breytt á annað borð. En menn hafa ekki talið ástæðu til þess að vera að tína þetta upp á þeim óteljandi stöðum, sem það er, heldur breyta því jafnóðum og fyrirmælunum er breytt af öðrum ástæðum. Það hefði líka verið hægt að setja í lög, að alls staðar þar sem talað er um konung, væri átt við forseta Íslands. Þetta hefur verið talið óþarfi, vegna þess að þetta er sagt í stjskr. Og stjskr. hefur það gildi gagnvart almennum l., að það er enginn vafi á því, að hún er þeim sterkari, og verður að skilja þau í samræmi við hana.

ATKVGR.

Brtt. 340,1.a—h (8 nýjar gr., verða 1.—8. gr.) samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, LJóh, PZ, RÞ, StgrA, VH, BSt.

nei: ÞÞ, BBen, GJ, JJós, SÓÓ.

5 þm. (FRV, GÍG, HG, HermJ, KK) fjarstaddir.

Brtt. 340,1.i tekin aftur til 3. umr.

— 340,1.j (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 8:2 atkv.

1. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 340,2.a—b og c.a—b (3 nýjar gr., verða 11.—13. gr.) samþ. með 7:4 atkv.

— 340,2.c.c tekin aftur.

— 340,2.d—e (2 nýjar gr., verða 14.—15. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

— 340,2.f tekin aftur.

2. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 374, 391).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. ber hér fram á þskj. 391 tvær brtt. Þær eru báðar varðandi atriði, sem var frestað að greiða atkv. um við 2. umr. málsins, og koma nú þessar till. hér í stað þeirra till., sem allshn. hafði borið fram þá.

Fyrri till. er um það, að í stað þess, sem hafði verið lagt til, að leggja 30. gr. niður, þá verði henni breytt þannig, að þingdeildir eða sameinað Alþingi megi senda forseta lýðveldisins ávarp. En ég sé, að það er prentvilla hér, og vildi ég biðja um leiðréttingu á því, það stendur „hver þingdeild“, en ætti vitanlega að vera „hvor þingdeild“, þar sem ekki er nema um tvær að ræða. — Ég vildi bara fá þetta skoðað sem leiðréttingu í prentun, — minni á það.

Þá er önnur brtt., sem allshn. varð sammála um að bera fram eftir umræðurnar, sem urðu hér við 2. umr., að í staðinn fyrir orðin „ef ráðherra leyfir“ komi „ef ráðherra synjar ekki“.

Þetta eru brtt. á þskj. 391, sem allir allshn.-menn, er mættu til viðræðna um þessar till., voru sammála um. En svo hafði fallið niður og er ekki hér brtt., sem ætti heima aftan við 13. gr. frv., eins og það nú er, og er við 43. gr. Hún er í sömu átt og síðari till. á þskj. 391. Það er skrifleg brtt., sem borin er fram af mér og hv. 1. þm. N-M., vegna þess að okkur hefur ekki tekizt að ná í nefndarmenn síðan ákvörðunin var tekið um það, sem hér er á þskj. 391, og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Aftan við 13. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi: Fyrir orðin „og leyfi ráðherra“ í niðurlagi gr. kemur: enda neiti ráðherra ekki um leyfið.“ Þetta er í samræmi við það, sem 1. þm. N-M. talaði um hér við 2. umr. málsins, og er breyting hér á þeim brtt., sem nefndin bar þá fram, en er um sama atriði. — Ég leyfi mér að leggja þessa skriflegu brtt. til hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Páli Zóphóníassyni við þetta frv.:

„Aftan við 13. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi: Fyrir orðin „og leyfi ráðherra“ í niðurlagi sömu lagagr. kemur: enda neiti ráðherra ekki um leyfið.“

Till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 398) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 391,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 398 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 391,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 399).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Þetta mál er nú komið frá Ed. og tók þar allmiklum breytingum, að minnsta kosti að fyrirferð, þó að efnisbreyt. séu minni. Það var seinast þar til meðferðar í gær. Allshn. Nd. hefur ekki haft neina aðstöðu til þess að athuga málið, og ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. málsins að þessu sinni, svo að n. gæfist kostur á að taka það til athugunar.

Forseti (JG): Það verður orðið við þeim tilmælum hv. 1. þm. Árn. að fresta umr., svo að allshn. d. fái aðstöðu til að athuga frv.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið einni umr. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. N. hefur kynnt sér þær breyt., sem hv. Ed. hefur gert á þessu frv. frá því að það fór frá Nd., og þó að breytingarnar séu allmiklar að fyrirferð, þá eru þær nú fremur efnislitlar.

Það eru styttir nokkuð þeir frestir, sem ákvæði þingskapa ákveða, bæði frá því að borin eru fram mál, þar til þau megi koma til umræðu, og einnig eftir að mál hafa komið úr n.

Þessi atriði öll eru þess eðlis, að venja er að veita undanþágu frá ákvæðum þingskapanna, og hafa þau þá í raun og veru litla þýðingu orðið í þingsköpunum, úr því að í reyndinni er lítið farið eftir þeim, og er þá réttara að rýmka þessi ákvæði, svo að ekki þurfi að leita afbrigða fyrir því, hvenær málin megi komi til meðferðar.

Þessar efnisbreytingar eru þess vegna litlar, og er byggt á þeirri reynslu, sem fengin er um meðferð mála hér í þinginu.

Aðeins er það eitt atriði í þessum breytingum, sem er með nokkuð öðrum hætti nú eftir frv. en það er í þingsköpum.

Eins og hv. þingdeildarmenn hafa vafalaust í huga, þá heimila þingsköpin afbrigði frá þeim venjulegu reglum, með því að samþykki ráðherra komi til. Þessu er þannig breytt í þessum þingsköpum, eða þessu frv., að ef atkvæði eru fyrir því, þá eru afbrigði talin samþykkt, ef ráðherra synjar ekki leyfisins, en nú er það svo orðað, að afbrigði megi fá, ef ráðherra leyfir. Í framkvæmdinni hefur þetta nú verið svo, að það hefur verið skoðað, að afbrigði væru heimil, þó að ráðh. hafi ekki verið við og ekki getað sagt til um sitt leyfi fyrir afbrigðum. Þarna er að vísu ekki farið með slíka framkvæmd eftir strangasta lagastaf, en það hefur þótt óhjákvæmilegt, svo að ekki yrðu tafir á afgreiðslu mála fyrir þessar sakir. Það mundi þess vegna hafa verið skoðað eftir ákvæðum þingskapanna, að ef einn ráðherra leyfði, þá væru afbrigði heimil.

Samkv. þessari breytingu mundi nægja, að ef einn ráðherra væri á móti, þá væru afbrigði ekki leyfð. Ég bendi á þetta, svo að hv. þdm. geri sér grein fyrir því, hver munur kann að vera á þessu, en ég geri ekkert úr því, að þetta hafi neina praktíska þýðingu upp á afgreiðslu mála í þinginu, svo að frá því sjónarmiði skipti það ekki neinu verulegu máli, þó að ákvæðið verði haft á þann veg, sem gert er ráð fyrir í frv.

N. vill ekki af sinni hálfu gera neitt úr þessu og mun geta fallizt á frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 430).

---

18. Ríkisborgararéttur (almenn ákvæði).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um íslenzkan ríkisborgararétt [31. mál] (stjfrv., A. 31).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er lagt fram, er samið í dómsmrn. og er byggt á þeim endurskoðuðu ríkisborgararéttarlögum, sem á seinustu árum hafa verið sett í hinum Norðurlöndunum, að minnsta kosti Danmörku, Svíþjóð og Noregi, en okkar löggjöf í þessum efnum hefur lengst af fylgt þessum norrænu fyrirmyndum, og þótti því eðlilegt að semja hin íslenzku lög upp nú að nýju, eftir að frændur okkar höfðu sett ný fyrirmæli um þessi efni hjá sér. Okkur var á sínum tíma gefinn kostur á því að taka þátt í þeirri endurskoðun laganna, sem þeir létu fram fara, en við töldum ekki ástæðu til þess. Við höfum ekki mannafla til þess að taka þátt í slíku samstarfi eins og skyldi, en höfum oft haft þann hátt á, svipaðan eins og hér, að nota okkur niðurstöðurnar af því starfi, sem þannig er unnið, og taka upp hér þau nýmæli, sem við geta átt.

Aðalbreytingin í þessu frv. frá því, sem áður hefur verið hér, er sú, að nú er ætlazt til, að konur geti öðlazt og haldið sérstöku ríkisfangi, án þess að það sé leitt af ríkisfangi eiginmanna þeirra, eins og meginreglan hefur verið fram að þessu. Það má segja, að í þessu komi fram sjálfstæðari réttarstaða kvenna heldur en áður hafi gilt. Má auðvitað um það deila, hvort fyrirkomulagið í þessu efni sé í raun og veru hentara, en hitt er greinilegt, að eðlilegt er, að þau ríki, sem mest hafa samskipti, hafi um þetta hliðstæðar reglur, þannig að ekki verði árekstur um það, til hvaða ríkis hver skuli vera talinn. Eins og til háttar, er því enginn vafi á því, að þessi meginbreyting laganna er til góðs, og er nauðsynlegt, að hún verði hér lögfest, úr því að svo hefur verið gert í nágrannalöndum okkar.

Þá er einnig breytt nokkuð aldri, hækkað úr 16 árum í 18 ár, hvenær menn öðlist sjálfstætt ríkisfang.

Loks hefur verið gerð breyting á fyrirmælunum um það, með hvaða skilyrðum menn fái ríkisfang með sérstökum lögum. Í núgildandi ákvæðum hér á landi eru fyrirmæli um það, að unnt sé með sérstökum lögum að veita mönnum ríkisfang, ef tilteknum skilyrðum sé fullnægt. Þessi ákvæði fá ekki staðizt, vegna þess að í stjórnarskránni er tekið fram, að Alþingi setji lög um það, hvenær menn öðlist ríkisborgararétt, og getur þess vegna eitt Alþingi ekki bundið hendurnar á síðari þingum. Það er því alveg í valdi hvers einstaks Alþingis, hvort það vill hlíta þessum almennu skilyrðum eða ekki. Almennu skilyrðin gætu haft gildi og mundu vitanlega hafa gildi, ef ríkisborgararéttinn ætti að veita með stjórnarvaldsákvörðun. En úr því að svo er ekki, úr því að ríkisborgararéttinn á að veita með sérstökum lögum hverju sinni, þá eru þessi almennu fyrirmæli þýðingarlaus, þ. e. a. s., þau eru þýðingarlaus að lögum. Þau geta haft þýðingu sem eins konar minnisblað fyrir Alþingi um það, að þessu vilji það fylgja, en slíkt minnisblað geta menn haft alveg án þess að það sé sett í lögum, og er í raun og veru óviðurkvæmilegt að hafa slík almenn ákvæði, sem eru órökvís samkvæmt hinum almennu fyrirmælum stjskr. Mér sýndist því rétt, úr því að lögin voru endurskoðuð á annað borð og átti að semja nýtt frv., að fella þessi fyrirmæli niður. Efnislega má segja, að þetta skipti ekki miklu máli, en frá formlegu sjónarmiði er enginn vafi á því, að rétt var að fara að eins og gert er í þessu frv. Hins vegar er ætlazt til þess, að allnáinna upplýsinga sé aflað um umsækjendur um ríkisborgararétt, áður en kemur til kasta Alþingis, og er nánar kveðið á um það í 6. gr. þessa frv., og í athugasemdunum er, í samræmi við óskir, sem fram komu í Ed. á síðasta þingi, gerð nokkur grein fyrir því, hvernig slíkra gagna er aflað í nokkrum nágrannalöndum okkar.

Ég hygg, að þetta séu aðalbreytingarnar, sem fólgnar eru í þessu frv., en rétt er að skýra frá því, að eitt meginatriði norrænu laganna tók ég ekki upp í frv., heldur geri aðeins grein fyrir því í athugasemdum. Það er sem sagt ráðgert, að borgarar þeirra Norðurlanda, sem um það gera samning sín á milli, geti með vissum skilyrðum og eftir tiltekna dvöl í landinu öðlazt ríkisborgararétt, án þess að lagaákvæði komi til. Þetta ákvæði, sem mun vera komið í gildi milli Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, er í sjálfu sér skiljanlegt þeirra í milli, þar sem þar er um að ræða þjóðir, sem eru mjög skyldar að tungumáli, búa mjög nærri hver annarri og eru tiltölulega jafnstórar, ekki mjög mikill fjöldamunur á íbúatölu þeirra. Hér á landi horfir þetta allt öðruvísi við, og ég mundi telja það hættulegt ákvæði hér, ef útlendir menn, hverjir sem eru, gætu fengið ríkisborgararétt hér á landi án afskipta löggjafarvaldsins, einungis ef þeir eru búnir að dveljast hér svo og svo langan tíma og fullnægðu öðrum skilyrðum. Hér er eitt dæmi þess, að þó að það sé gott fyrir okkur að taka þátt í norrænni samvinnu, þá eiga ekki öll ákvæði, sem þessir aðilar koma sér saman um, við um okkar þjóð, og þess vegna verður með varúð að taka upp þau samningsatriði, sem þessir aðilar kunna að semja um sín á milli. Vera kann, að einhverjir hv. þm. séu á öðru máli en ég um þetta, en þá er hægurinn hjá að gera á því breyt. við meðferð málsins og láta Alþingi skera úr, en ég tel sjálfur eftir allrækilega íhugun, að þetta ákvæði hinna norrænu laga geti ekki átt við á Íslandi. Að svo mæltu vil ég leggja til, að frv. verði afgr. til 2. umr. og sent til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 275).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég ætla, að ég geti látið mér nægja að vísa að mestu leyti til nál. allshn. um þetta mál. Þar er drepið á þau helztu atriði, sem þessi lög eru á annan veg heldur en gildandi lög um ríkisborgararétt.

Þetta frv. er sniðið eftir löggjöf Norðurlandaþjóðanna í höfuðatriðum. Aðeins eru meiri hömlur á það lagðar hér hjá okkur eftir þessu

frv. að öðlast ríkisborgararétt heldur en er hjá Norðurlandaþjóðunum hinum, og er það í alla staði eðlilegt. Það er enn meira samband milli þeirra þjóða heldur en okkar og nokkurrar þeirra. Þær eru að kalla álíka fjölmennar hver um sig, — það eru áhöld um það, — og þess vegna er ekki nema náttúrlegt, að þær geti haft svipuð ákvæði í sinni löggjöf um þetta efni, eins og líka er. Hér eru aftur meiri skorður settar við því, að menn geti öðlazt ríkisborgararéttinn á mjög einfaldan hátt, eftir ákvæðum þessa frv. um ríkisborgararétt.

Með sérstökum lögum samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar, 68. gr., er vitaskuld hægt að veita ríkisborgararétt. Það hefur verið svo, eins og stjórnarskráin veitir heimild til, og mun verða svo áfram. Í l. um ríkisborgararétt er nú gert ráð fyrir, að hafi um útlending verið að ræða, þá hefur það verið algenga reglan, að hann hafi orðið að eiga heima óslitið hér á landi í 10 ár. Þetta ákvæði er nú fellt niður úr þessu frv., og ég ætla, að slíkt skipti ekki máli. Það hefur verið nær undantekningarlaust, bara með sárafáum undantekningum, haft af hálfu þingsins sem lítt frávíkjanleg regla, að menn þyrftu að hafa hér átt lögheimili óslitið í 10 ár samfleytt. Og ég geng út frá því, að svipuð regla verði viðhöfð framvegis, þó að ekki sé hún lögfest í þessum lögum. Þess ber að gæta, að það hefur ekki út af fyrir sig neitt sérstakt að segja, þar sem með nýrri lagasetningu er ætíð hægt að víkja frá ákvæðinu hvort sem er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja ákvæði hinna einstöku greina frv. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með lítils háttar orðabreytingu á síðustu málsgr. 11. gr. Það er ekki efnisbreyt., sem þar er um að ræða, heldur er það viðkunnanlegra orðalag.

Í nál. er að því vikið, að dómsmrh. sé ætlað að hafa gætur á framkvæmd þessara laga, — það er til þess ætlazt í þessu frv., — og hann á að skera úr ágreiningi, ef verður um réttindi manns til þess að öðlast ríkisborgararétt. Sá, er óskar eftir að fá ríkisborgararétt, á rétt á því, ef hann uppfyllir öll skilyrði þessa frv. til þess að öðlast hann. Og sú skylda er lögð á dómsmrh. í raun og veru, að það séu gefnar gætur að því, hvort sá, er óskar eftir ríkisborgararéttinum, uppfylli skilyrði laganna, og ef ágreiningur er, þá sker dómsmrh. úr þeim ágreiningi. En sá maður, er óskar eftir ríkisborgararéttinum, á rétt á, ef hann er óánægður með þann úrskurð, að sækja sitt mál fyrir dómstóli.

Ég veit, að hv. þm. gefa því gætur um niðurlag 11. gr., einmitt þá málsgr., sem brtt. n. fjallar um, að það er til þess ætlazt, að varðandi þá, sem eiga rétt á því að fá ríkisborgararétt eftir ákvæðum þessa frv., ef þeir uppfylla öll þau skilyrði, sem sett eru fyrir því, að menn eigi rétt á að öðlast hann, þá verki þetta ákvæði l. aftur fyrir sig, þeir geti öðlazt hann, eins og þau hefðu gilt áður, en það er ekki nema um tiltekið árabil. Og þetta er ekki nýtt ákvæði í þessari löggjöf hér hjá okkur, því að í eldri l. um þetta efni er einmitt sams konar ákvæði, þó að það sé orðað á dálítið annan veg en hér er gert.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið og vænti þess, að hv. d. greiði fyrir því, að það geti gengið áfram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 275 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 297).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 405).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Eins og fram kemur í grg. frv., þá er tilgangur þess sá að færa ákvæði íslenzkra l. um ríkisfang til samræmis við þær breyt., sem nýverið hafa verið gerðar á norrænni löggjöf um þetta efni. Slík samræming er ekkert ný að því er þessa löggjöf varðar. Íslenzk löggjöf um ríkisfang hefur jafnan verið sniðin eftir norrænni löggjöf um sama efni. Núgildandi íslenzk löggjöf um ríkisfang er frá 1935, og í öllum meginatriðum er hún sniðin eftir hinni norrænu löggjöf um þetta mál. Ástæðan til þess, að nú þykir þörf fyrir breyt., er sú, að nýverið hafa verið gerðar ýmsar breyt. á Norðurlandalöggjöfinni um þetta efni, einkum vegna þeirra breyt., sem orðið hafa á réttarstöðu kvenna að ýmsu leyti, einkum stjórnmálalega og fjárhagslega. Frv., sem hér liggur fyrir, er þó í meginatriðum sama efnis og gildandi löggjöf um þetta efni er nú. Nokkrar breyt. eru upp teknar hér og hvar í l., og þykir mér rétt að gera grein fyrir þeim í megindráttum.

Í 1. gr. frv. er við haldið þeirri reglu, sem um íslenzkt ríkisfang hefur gilt fyrir börn, þannig að skilgetið barn fylgir föður, en óskilgetið barn fylgir móður. Hér er þó það nýmæli tekið upp, að ef skilgetið barn er fætt hér á landi og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari, en faðir þess á

hvergi ríkisfang og barnið fær ekki ríkisfang föður af öðrum ástæðum, þá eigi barnið að fylgja móðurinni. Er þetta ákvæði tekið upp til þess að koma í veg fyrir það, að barnið verði ríkisfangslaust þegar svo stendur á, að faðirinn á hvergi ríkisfang eða barnið öðlast ekki ríkisfang hans af einhverjum sérstökum ástæðum.

Í 2. gr. frv. er breyting á aldursákvæði, þannig að aldurstakmarkið er fært úr 16 árum upp í 18 ár fyrir því, hvenær barn öðlast íslenzkt ríkisfang vegna giftingar foreldranna, ef þau hafa verið ógift þegar barnið fæddist. Þessi aldursbreyting er líka tekin upp í frv. til samræmingar við Norðurlandalöggjöfina og til þess að koma í veg fyrir það, að barn verði ríkisfangslaust, ef það er óskilgetið, en foreldrarnir giftast áður en það verður 18 ára.

Í 3. gr. frv. er enn ein breyting frá þeirri reglu, sem gilt hefur. Gamla reglan var sú, að útlendingur, sem fæddur var hér á landi, en dvalizt hafði hér fram yfir að hann varð sjálfráða, öðlaðist íslenzkt ríkisfang, án þess að hann þyrfti um það að sækja, ef hann afsalaði sér því ekki skriflega. Hér er sú regla tekin upp, að enginn, sem þannig stendur á um, öðlast þetta ríkisfang, nema því aðeins að hann hafi sótt um það skriflega. Og í stað þess að áður var, miðað við sjálfráðaaldurinn 16 ára, miðað við 19 ára aldur, þá er farið hér upp í 21 árs aldur.

Í 4. gr. er svo enn breyting frá því, sem áður var, og er 4. gr. algert nýmæli. Gildandi regla er sú, að sá Íslendingur, sem misst hefur íslenzkt ríkisfang við giftingu, öðlast ekki ríkisfangið aftur, þó að hann flytjist hingað til lands og breyting verði á högum hans, nema því aðeins að honum verði veitt það með sérstökum lögum. 4. gr. gerir ráð fyrir þeirri breytingu, að ef einhver, sem öðlazt hefur íslenzkt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fulls 18 ára aldurs, hefur misst það vegna giftingar eða af öðrum ástæðum og flytur svo til landsins aftur og dvelst hér í 2 ár, getur hann öðlazt það án þess, að lagafyrirmæli þurfi að koma til.

Í 5. gr. frv. er enn ein breyting að því er varðar ríkisfang barna þeirra foreldra, er öðlazt hafa íslenzkt ríkisfang. Þar er að vísu haldið þeirri aðalreglu, að skilgetin börn fylgi föður, en óskilgetin börn fylgi móður, en þó er því við bætt hér, að á þessu verður breyting, ef barn skilgetinna foreldra er undir forráðum móður sinnar, eftir að hún er skilin við föðurinn, eða ef óskilgetið barn er undir forræði föður, þá fylgir barnið ekki almennu reglunni, heldur er því snúið við, þannig að það fylgir þeim, sem forræði barnsins hefur.

Í 7. gr. er líka nýmæli í löggjöfinni. Gildandi regla er sú, að sá, sem hlýtur erlent ríkisfang, missi íslenzkt ríkisfang, án þess að nokkuð frekar þurfi til að koma. Hér er tekið upp það nýmæli, að maður missi því aðeins íslenzkt ríkisfang við það að öðlast erlent, að hann hafi sótt um hið erlenda ríkisfang eða sýni það á annan hátt skýlaust, að hann sé samþykkur því eða óski eftir því að öðlast hið erlenda ríkisfang.

Önnur ákvæði frv. verða ekki til nýmæla talin.

Eins og menn sjá af öllum þessum nýmælum, sem ég hef hér bent á, þá er tilgangur þeirra í fyrsta lagi sá, að samræma okkar löggjöf við Norðurlandalöggjöfina. Í öðru lagi að koma í veg fyrir, að nokkur geti átt tvöfalt ríkisfang eða ríkisfang í tveimur löndum á sama tíma. Og í þriðja lagi að koma í veg fyrir það, að þeir, sem eðlilegt er að eigi íslenzkt ríkisfang, geti orðið ríkisfangslausir. Þessum þrefalda tilgangi er þessu frv. ætlað að þjóna. Ég fæ ekki betur séð en þetta sé vel og samvizkusamlega útfært í frv., og virðast öll þessi nýmæli vera til bóta. Er því lagt til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

Forseti (BSt): Ég ætla nú að sjálfsögðu ekki að blanda mér í efnislegar umræður um þetta mál á þessum stað, en þykir samt ástæða til að vekja athygli á, að ég veit ekki, hvort 2. gr. frv. skilst vel.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af þessari athugasemd hæstv. forseta vil ég taka það fram, að það óhapp hefur skeð, þegar frv. var prentað og áður en það kom frá Nd., að þá hafði orðið línubrengl, þannig að aftan við 2. gr. hafði verið prentuð lína, sem ekki átti þar heima. Skrifstofu þingsins var bent á þetta og óskað eftir því, að frv. yrði prentað upp, áður en það fengi afgreiðslu hér í deildinni, en skrifstofustjórinn taldi slíkt óþarfa. Þess vegna var aðeins bent á þetta í nál. og verður leiðrétt, þegar það verður prentað upp aftur, eftir að það hefur fengið afgreiðslu hér.

Forseti (BSt): Með þeim skýringum, sem fengizt hafa, mun nú vera hægt að bera þessa grein upp, ef enginn mótmælir því. Verður þetta þá leiðrétt í prentun laganna, þegar þar að kemur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 445).

19. Gjaldaviðauki 1953.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Undanfarin allmörg ár hafa ýmsir tekjustofnar verið innheimtir með viðaukum, svo sem eignarskattur, vitagjöld, aukatekjur, stimpilgjöld, gjald af innlendum tollvörutegundum. Þessi ákvæði hafa verið framlengd ár eftir ár. Eins og fjárlagafrv. ber með sér, sem lagt hefur verið fram, þá er enn þörf á, að ríkissjóður fái þessar tekjur, og er því með þessu frv. lagt til, að viðaukarnir verði framlengdir. — Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

Haraldur Guðmundsson: Þetta frv. er glöggt dæmi þess, hvernig skattamálum og skattinnheimtu nú er háttað. Samkvæmt þessu litla frv. er ríkisstj. veitt heimild til að innheimta með 50—740% álagi ýmsa tekjustofna ríkissjóðs. Á þskj. 9 er frv. til laga um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., sem er að nokkru hliðstæðs efnis eins og þetta frv. Ég hygg, að hæstv. fjmrh. vilji ekki bera á móti því, að slík aðferð við álagningu og innheimtu skatta sem hér er um að ræða sé mjög óheppileg, vægast sagt.

Að loknu síðasta Alþingi mun hafa verið skipuð mþn. til þess að framkvæma heildarendurskoðun skatta- og tollalaga, og var þá gert ráð fyrir því, að þessi nefnd mundi skila till. sínum til ríkisstj. svo snemma, að hún gæti lagt málið fyrir þetta Alþ., sem nú er byrjað. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hversu starfi þessarar mþn. miði og hvort þess megi vænta, að niðurstöðurnar af starfi hennar verði lagðar fyrir þetta þing, sem væntanlega verður það síðasta, áður en gengið verður til almennra kosninga.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í þessu frv. eru nokkrir viðaukar við tekjustofna ríkisins, og taldi ég nú upp áðan, við hvaða gjöld þessir viðaukar eru aðallega. Ef menn veita þessu athygli við upptalningu, þá kemur í ljós, að þeir eru aðallega á þau gjöld, sem hafa verið ákveðin með vissri krónutölu í tollalöggjöfinni, en ekki á þau gjöld, sem hafa verið ákveðin sem hundraðshluti af verði. Þess vegna er það ekkert einkennilegt, þó að það hafi verið lagðir viðaukar á þessi gjöld á undanförnum árum, þar sem gildi peninga hefur svo gerbreytzt sem raun er á orðin. Er því ekkert einkennilegt við þessa aðferð, eins og þróunin hefur verið hér, að leggja slík álög á gjöld, sem eru ákveðin í krónutölu, en ekki hundraðshluta. Ég vil minna á lið eins og f-liðinn, þ. e. 560% álag á gjald af innlendum tollvörutegundum. Þetta sýnist vera há prósenta, en það er þó ekki sexföldun á þessu gjaldi frá því, sem það var fyrir stríð, og þess vegna hefur þetta gjald sízt hækkað. Ef við tökum dæmi eins og stimpilgjöld og aukatekjur, sem eru með 140% álagi, en með sömu krónutölu, grunnurinn, eins og var fyrir stríð, þá hafa þau lækkað stórkostlega í raun og veru samanborið við aðrar greiðslur. Ég vil játa, að það er ekkert einkennilegt, þótt orðið hafi að grípa til þessara viðauka á gjöld, sem eru ákveðin á þennan hátt, þegar verðlag hefur gerbreytzt, svo sem raun hefur á orðið.

Um störf mþn. í skattamálum get ég ekki gefið skýrslu hér í dag, vegna þess að nefndin hefur ekki skilað til mín áliti enn þá. Þarf víst tæpast þess að vænta, að hún hafi getað gert það, því að nefndinni er ekki aðeins ætlað að endurskoða skattalög ríkisins. Mér er ekki ljóst, hvort nefndin hefur skilið þáltill. þannig, að hún ætti líka að endurskoða tollalöggjöfina, en hún á að endurskoða að minnsta kosti löggjöfina um heinu skattana og alla löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Þetta er vitanlega gífurlega víðtækt verkefni. Mér er kunnugt um, að nefndin hefur unnið mikið, en skýrslu hefur hún ekki skilað enn þá, og get ég því ekki fullyrt um það, hvenær hún skilar af sér eða hvort till. hennar verða lagðar fyrir þetta þing, en ég hafði hugsað mér að víkja nánar að þessu í sambandi við framsöguna fyrir fjárlögunum og fer því ekki nánar út í það að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 290).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur athugað þetta frv. og hefur lagt með því, að það væri samþ. Einn nm. hefur þó skrifað undir með fyrirvara.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um að innheimta ýmis gjöld með viðauka nú á n. k. ári. Frv. sjálft er nákvæmlega og eiginlega stafrétt samhljóða l. þeim, sem staðfest voru hér á síðasta þingi um sams konar efni, aðeins þessi eina breyt., sem ég sé á frv., er það, að í 3. gr. er hér 1953 í staðinn fyrir 1952. Ég tel það — og við í nefndinni, að engin ástæða sé nú að fella niður þennan viðauka við gjöldin, því að frekar sækir það í þá áttina að hækka heldur en að lækka þessi gjöld. Þótti rétt nú að leggja til, að samþ. væri þetta frv., enda þótt núna liggi fyrir hér í d. ný frv., sem þessi sama n., fjhn., hefur flutt að beiðni stjórnarinnar um breyt. á aukatekjugjöldum og stimpilgjöldum. Þar sem nú eru engar líkur til, að þessi frv. muni vera búin að öðlast gildi fyrir áramót, þá er sjálfsagt að taka þetta frv. og samþ. það. Má þá, ef svo skyldi fara, að frv. þessi yrðu samþ. hér á þinginu eftir áramót, fella frá þeim tíma úr gildi það frv., sem hér er farið fram á að verði

að lögum, svo að það er ekki nein hætta við það að samþ. það nú, enda þótt það kunni að breytast á næsta ári, sem ég tel þó ólíklegt.

Að svo mæltu vil ég fyrir n. hönd, eða meiri hl. hennar, leggja það til, að hv. d. samþykki frv. þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 407).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að innheimta á næsta ári ýmis gjöld með viðauka. Frv. er flutt til framlengingar ákvæðum, sem gilt hafa undanfarin ár um þetta efni, og eru ákvæði þess alveg samhljóða þeim lagafyrirmælum, sem gilda nú í ár.

Fyrir liggur nál. á þskj. 407 frá fjhn., og mælir hún með frv., en eins og þar kemur fram, voru tveir nm. ekki viðstaddir, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál mun hafa verið afgr. í fjhn. á þriðjudagsmorguninn, ef ég man rétt, þegar útvarpsumr. stóðu yfir, og ég gat því miður ekki mætt á þeim fundi. Þetta frv. er gamall kunningi, það er framlengt þing eftir þing.

Okkar athugasemdir, sósíalista, hafa fyrst og fremst verið við gjaldið af innlendum tollvörutegundum, og það er það, sem hefur gert, að við höfum að nokkru leyti verið andvígir þessu frv., þótt hins vegar ýmis af gjöldunum, sem fyrr eru talin í liðunum, hafi raunverulega eðlilega átt að hækka. Þess vegna hefði það nú verið æskilegt, ef mögulegt hefði verið, að nokkur lækkun hefði getað orðið á gjaldinu af tollvörutegundunum, en um það mun nú ekki vera að ræða. Ég get ekki fylgt þessu frv. af þessum ástæðum, og vildi ég með þessum orðum aðeins gera grein fyrir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þegar ég gerði grein fyrir áliti fjhn. við 2. umr. þessa máls, þá láðist mér að geta þess, að n. veitti því athygli, að við prentun frv. hefur fallið niður að setja prósentumerki aftan við fyrstu töluna í f-lið 1. gr. Ég hef átt tal um þetta við skrifstofu þingsins og óskað þess, að þetta væri leiðrétt, þegar frv. verður prentað sem lög, og mun það verða gert. Hér er aðeins um smáleiðréttingu að ræða.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 447).

---

20. Tekjuskattsviðauki, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.** [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og fram kom í umræðum þeim, sem fram fóru í gær við 1. umr. fjárl., þá þarf ríkissjóður á ekki minni tekjum að halda næsta ár en hann hefur í ár, og verður þó fullerfitt að afgr. fjárl., ef hægt á að vera að komast af með þær tekjur.

Það var á síðasta þingi sett mþn. til þess að íhuga um skattalöggjöf ríkisins og tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Eins og ég lýsti yfir í umr. í gær um fjárlfrv., þá er mér nú kunnugt um það, að nefndin hefur unnið allmikið starf, en hún hefur ekki enn þá skilað áliti. Þetta er líka geysilega flókið og erfitt viðfangsefni, því að það mun láta nærri, að um 200 millj. kr. séu nú innheimtar með beinum sköttum, þegar saman er lagt það, sem ríkið innheimtir, og það, sem bæjar- og sveitarfélög taka. Ég veit ekki, hvenær mþn. skilar áliti. Þegar við í fjmrn. vorum að útbúa fjárlfrv. og tekjuöflunarfrv., þá fannst okkur við ekki geta tekið aðra stefnu en þá að gera ráð fyrir tekjum í fjárlfrv. eftir þeirri löggjöf, sem í gildi er nú, og sömuleiðis fannst okkur rétt að leggja fyrir til framlengingar sömu tekjustofna og notaðir hafa verið. Ég get ekki verið viss um það á þessari stundu, hvort

til mála kemur yfirleitt að afgr. nýja skattalöggjöf á þessu þingi. Ég hef því, eins og ég tók fram áðan, tekið það ráð að leggja fyrir þessar framlengingar, líka þær, sem varða tekjuskattsviðaukann og lækkun skatts á lágtekjum og eru í þessu frv.

Ef viðhorfið í þessum efnum breytist eitthvað, þá er að sjálfsögðu hægt að taka tillit til þess við meðferð þessa máls. Það er ekki hægt að segja, að þessu máli liggi svo ákaflega mikið á. Það gæti vel legið ofur lítið lengur í nefndinni, sem fær það til meðferðar, á meðan viðhorfið í þessum efnum skýrist eitthvað betur. Með þessum formála vil ég leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn.

Ég vil aðeins taka það fram, að það eru náttúrlega engar horfur á því, að ný skattalöggjöf geti orðið afgr. á þessu þingi, jafnvel þó að álit mþn. kæmi, nema því aðeins að heilsteyptur meiri hluti gæti myndazt um þá löggjöf í þinginu. Það mál er svo viðurhlutamikið, að ekki er til þess að hugsa, að það geti orðið afgr. öðruvísi en að því standi einhver slíkur ábyrgur meiri hluti. Það er ekki til þess að hugsa, að orðið geti nokkurt vit í, að málinu væri kastað inn í þingið og það algerlega látið ráðast, þótt hver höndin yrði upp á móti annarri og skattalöggjöfin tætt í sundur, þannig að fullkomin markleysa yrði máske út. En slíkt gæti óneitanlega átt sér stað, ef ekki væri ábyrgur meiri hluti, sem stæði að málinu. — Ég vil endurtaka óskina um, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í sambandi við þetta fyrsta tekjuöflunarfrv., sem hæstv. stjórn leggur fyrir þessa hv. deild, læt ég í ljós mikil vonbrigði yfir því, að hæstv. stjórn skuli ekki hafa treyst sér til þess að leggja fyrir þetta Alþingi frv. til nýrrar skattalöggjafar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, — um það ætla ég ekki að fjölyrða að þessu sinni, — að skattalöggjöfin íslenzka er í þvílíku óframdarástandi, að lengi er búið að vera til mestu smánar og við svo búið má ekki lengur standa.

Manni skildist á s. l. þingi, að stjórnin hefði mikinn hug á því að láta vinna að endurskoðun löggjafarinnar í sumar, þannig að hægt væri að leggja frv. um einhverjar endurbætur á þessu sviði þegar fyrir í upphafi þingsins. Það virðist ekki hafa tekizt, og læt ég í ljós vonbrigði mín út af því.

En að öðru leyti er það eitt atriði í þessu frv., sem mig langar til að minnast á.

Aðalatriðið, lækkun skatts á lágtekjum, er að efni til gott, og því er ég fylgjandi — og minn flokkur, en það er ákvæði í 4. gr., sem mig langar til að vekja sérstaka athygli á og beina til hv. fjhn., sem málið fær væntanlega til meðferðar, að athuga sérstaklega. Ákvæðið er um umreikning tekjuskattsins og ákvörðun umreikningstölunnar 457.

Svo sem hv. þm. er vafalaust ljóst, er það hlutverk þessarar umreikningstölu að koma í veg fyrir það, að hækkun á krónutölu tekna ein valdi því, að menn greiði hlutfallslega hærri tekjuskatt en ella, sem auðvitað er óeðlilegt. Það er óeðlilegt að láta tekjuaukningu, sem einungis á rót sína að rekja til dýrtíðar, en er ekki raunveruleg tekjuaukning, valda aukningu á skattgreiðslu. Og þess vegna er í gildandi skattalögum ákvæði um umreikning skattsins, og á hverju ári undanfarið hefur umreikningstalan verið ákveðin í lögum. Þessi tala, 457, sem nú á að ákveða fyrir þetta ár, mun vera miðuð einvörðungu við aukningu á tekjum samkv. vísitöluuppbót, þ. e. a. s., henni er ætlað að vera vísitala, sem sýni tekjuaukningu, miðað við vísitöluuppbót. Það er hins vegar alveg augljóst, og þekkir það hver maður, að minnsta kosti hver launamaður, af eigin reynslu, að kaupmáttur tekna nú á því herrans ári 1952 hefur rýrnað meira en svarar til vísitölu 457, miðað við grundvöllinn 1939, eða fyrir stríð, þ. e., aukning peningateknanna er meiri. Það er að vísu rétt, að vísitöluuppbót, þ. e. sú aukning á tekjum, sem orðið hefur vegna vísitöluuppbótar, er minni heldur en tekjuaukningin í heild, vegna þess að verulegur hluti tekjuaukningarinnar hefur orðið með hækkun á grunnkaupi. En verulegur hluti grunnkaupshækkunarinnar hefur í raun og veru aðeins verið til þess að mæta dýrtíðaraukningu, hefur ekki þýtt raunverulegar kjarabætur, svo að í raun og veru á alveg það sama að gilda um þann hluta tekjuaukningarinnar, sem leitt hefur af grunnkaupshækkunum að þessu leyti, eins og hinn hluta tekjuaukningarinnar, sem leitt hefur af vísitölufyrirkomulaginu.

Tekjur nú — að minnsta kosti ýmsar almennar tekjur — eru átt- til tífaldaðar miðað við það, sem þær voru fyrir stríð. Hins vegar eru tekjur til skattlagningar umreiknaðar aðeins með vísitölunni 457. Þetta veldur því auðvitað, að menn lenda í miklu hærri skattstiga með sömu tekjur heldur en þeir gerðu fyrir stríð, og þetta er óeðlilegt og veldur mjög miklu um þann aukna skattþunga, sem nú hvílir á flestum stéttum launamanna. Í þessu sambandi er svo þess að geta, að umreikningnum er hætt við ákveðið tekjumark lögum samkv., og á s. l. ári mun það tekjumark hafa verið tæp 61 þús. kr., svo að á því tekjubili tekur tekjuskatturinn gífurlegt stökk upp á við. Þetta tekjubil er líka orðið of lágt, og það er tiltölulega miklu lægra nú heldur en það var, þegar gildandi lagaákvæði um þetta efni voru sett árið 1942, vegna þeirrar miklu breytingar, sem hefur orðið á tekjuhæðinni, fyrst og fremst vegna margs konar grunnkaupshækkana.

Þessi ákvæði þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar, og það er ekki hægt að afgr. þetta frv. án þess. Talan 457 er vafalaust rétt reiknuð, þ. e. a. s. miðað við það, að hún sýni breyt. á reiknuðum kaupuppbótum, en það, sem ég vil leggja áherzlu á, er, að þetta er ekki nægilegt. Það þarf jafnframt að taka tillit til þeirra grunnkaupshækkana, sem í raun og veru hafa reynzt ekki raunveruleg kauphækkun, sem réttlætti flutning í hærri tekjustiga, heldur aðeins til að mæta vaxandi dýrtíð, og þess vegna er nauðsynlegt að breyta þeim reglum, sem nú gilda um ákvörðun umreikningstölunnar, og því vildi ég beina til hv. fjhn. að athuga, hvort ekki sé tiltækilegt að gera það nú þegar í sambandi

við afgreiðslu þessa frv. Það er mikið hagsmunamál allra launastétta, að þetta verði gert, því að ef skattumreikningstalan yrði gerð á þann hátt, sem ég nú var að lýsa, þannig að hún taki tillit til allrar þeirrar tekjuaukningar, sem orðið hefur og farið hefur til þess eins að mæta aukinni dýrtíð, þá mundi af því auðvitað leiða mjög verulega skattalækkun fyrir launastéttir, og það er mál, sem nauðsynlegt er að nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 303, 103, 347).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 303, leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir. Hins vegar hefur minni hl. ekki skilað nál., en fyrir liggja brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. og einnig frá tveimur hv. þm. úr Alþfl.

1. gr. þessa frv. er um tekjuskattsviðauka, og eru þau ákvæði alveg samhljóða þeim lagafyrirmælum, sem gilt hafa um þetta efni um mörg undanfarin ár. Aðrar greinar frv. eru líka nákvæmlega samhljóða þeim l., sem nú gilda, að því undanskildu, að í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skattar verði á næsta ári umreiknaðir miðað við umreikningstölu 457, en umreikningstalan, sem notuð var á þessu ári, var 406, og stafar þessi breyt. af þeirri hækkun, sem orðið hefur á vísitölunni. Nú skal ég geta þess, að ég hef fengið upplýsingar um það, að frá því að þetta frv. var samið í þingbyrjun, varð nokkur hækkun á vísitölunni, þannig að rétt mun að reikna á næsta ári með 459 í stað 457 eins og er í frv., og mun meiri hl. fjhn. flytja leiðréttingartill. um þetta atriði fyrir 3. umr. málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Fjhn. klofnaði um þetta mál, og ég var þar í minni hluta. Ég hef nú ekki skilað neinu nál., enda gerist þess máske ekki þörf. Ég hef hins vegar borið fram brtt. á þskj. 103, og þær eru fyrst og fremst við 3. gr. l. og í öðru lagi um, að á eftir 4. gr. komi ný grein. 3. gr. laganna, eins og hún er nú, mælir fyrir um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum. Það hefur verið þannig 2—3 síðustu árin, að tekjur, sem hafa verið undir 20 þús. kr., eru undanskildar tekjuskatti. Þetta var samþ. 1950 og kemur auðvitað ákaflega fáum að gagni, en þó náttúrlega nokkrum.

Mín brtt. gengur út á það, að tekjuskatturinn sé lagður á eftir þeim reglum, sem nú gilda um það, en síðan sé hann gefinn eftir algerlega hjá öllum þeim aðilum, sem hafa 30 þús. kr. eða lægra í hreinar árstekjur og hafa konu og 1 barn á framfæri, miðað við Reykjavík. M. ö. o., eftirgjöfin af tekjuskattinum, sem nú er miðuð við 20 þús., sé hækkuð upp í 30 þús., og allir þeir, sem hafa 30 þús. eða innan við það í hreinar árstekjur, miðað við að hafa konu og eitt barn á framfæri, sleppi við tekjuskatt. Síðan legg ég til, að tekjuskattur þeirra, sem hafa milli 30 og 40 þús. kr. í hreinar árstekjur, sé gefinn eftir að allmiklu leyti og þá á eftirfarandi hátt, — alltaf miðað við það sama, að maður hafi konu og eitt barn á framfæri, og tölurnar mundu náttúrlega hækka, ef fleiri væru á framfæri mannsins, — þannig að þeir, sem hafa milli 30 og 33 þús. kr., sleppi við ¾ af skattinum, þeir, sem hafa milli 33 og 36 þús. kr. hreinar árstekjur, sleppi við helminginn af skattinum og þeir, sem hafa milli 36 og 40 þús., sleppi við ¼ af skattinum.

Að vísu hefði ég gjarnan viljað koma fram með frekari till. í þessu efni, og þeirra hefði verið þörf, jafnvel, í staðinn fyrir að miða við 30—40 þús. þarna, að miða við allt upp í 50 þús. kr. Ég reyndi hins vegar í fyrra að bera fram samsvarandi till. og þessa, sem þýddi þá raunverulega að gefa hlutfallslega meira eftir af tekjum heldur en upp á er stungið núna, og hún var felld. Ég sá mér þess vegna ekki fært, ef það væri einhver von um að reyna að fá þetta í gegn, að fara hærra en hér er gert. Þessi till. er sem sé miðuð við það, að það ætti máske að vera einhver möguleiki, að hv. þm. vildu fallast á þessa eftirgjöf, þegar það er vitanlegt, að 30 þús. kr. tekjur eru hreinar nauðþurftartekjur, sem ekki nær nokkurri átt að skattleggja.

Eitt af því, sem verkalýðssamtökin hvað eftir annað hafa farið fram á í sambandi við kröfur þeirra um eðlilegri og meiri og þar með réttlátari hlutdeild í þeim auði, sem verkamennirnir skapa í þjóðfélaginu, er, að lækkaður yrði og jafnvel afnuminn tekjuskatturinn af þeim lægst launuðu. Þetta er það, sem ég legg hérna til í þessari brtt. Þetta er það form, sem kemur þeim lægst launuðu ótvírætt mest að gagni, án þess að rýra nokkuð sem heitir tekjur ríkisins. Ég hef sjálfur á ýmsum undanförnum þingum flutt till. um hækkun persónufrádráttarins, að nokkru leyti til þess, að þeir lægst launuðu fengju þannig nokkru meiri eftirgjöf í tekjuskatti. Allar mínar till. um hækkun persónufrádráttarins hafa verið felldar af öllum þrem flokkunum í einu, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., á þeirri forsendu, eins og stendur í gömlu nál. frá meiri hluta fjhn. þessara þriggja flokka, að hækkun persónufrádráttarins, þó að hún kæmi lágtekjumönnum að nokkru gagni, kæmi hátekjumönnum að enn þá meira gagni, og það eru viss rétt rök í því, sem ég aldrei hef mótmælt. Ég hef aðeins haldið því fram, að ef engin önnur leið væri til þess að bæta fyrir um skattálagningu láglaunamannsins heldur en jafnvel að gefa hátekjumönnunum enn þá meira eftir, þá væri það þó betra en að bæta ekkert fyrir lágtekjumanninum. Til þess nú að svara þessari röksemd meirihlutaflokkanna út af persónufrádrættinum og ganga til móts við þá, þá kom ég með þessa till. mína, sem hér liggur fyrir. M. ö. o., ef persónufrádrátturinn væri bara hækkaður, þá mundi t. d. hátekjumaður með 60—70 þús. kr. fá miklu meiri eftirgjöf á tekjum held-

ur en þá litlu eftirgjöf, sem lágtekjumaðurinn fær. Hins vegar með þessari till. minni hérna á þskj. 103 fær lágtekjumaðurinn, sem hefur undir 30 þús., og að nokkru leyti lágtekjumaðurinn, sem hefur undir 40 þús. kr. í hreinar árstekjur, ýmist eftirgjöf á öllum tekjuskattinum eða nokkrum hluta hans, en hátekjumaðurinn enga, þannig að fyrir þá, sem eru að hugsa um hag ríkissjóðsins í þessu efni, er þetta sú till., sem er sanngjörnust. Hins vegar, eins og ég tók áður fram, hefði það verið æskilegt, og enginn er fúsari til þess heldur en ég, að þarna væri gengið lengra, þarna væri gefið meira eftir, t. d. að tekjur undir 40 þús. kr. og allt upp að 50 þús. kr. yrðu skattfrjálsar að meira eða minna leyti. En með tilliti til þess, að ég veit nú, hvernig hv. d. er skipuð, þá þori ég ekki að fara lengra í þetta mál, en ég hef hins vegar lagt þessa till. fram fyrir mjög löngu, líklega meira en mánuði. Hún hefur líka verið til umr. í fjhn., en ekki fundið náð fyrir augum meiri hlutans.

Svo er á þessu þskj. mínu önnur brtt., sem þm. er nú kunn. Það er um það, að giftar konur, sem stunda sjálfstæða atvinnu utan heimilis, megi telja fram sérstaklega til skatts. Þarna hefði ég líka kosið, að hægt hefði verið að ganga lengra, og eins og hv. þm. muna, þá lá fyrir síðasta Alþ. og liggur nú aftur fyrir þessu þingi frv. flutt af nokkrum hv. þm. um sérsköttun kvenna, frv., sem hins vegar ýmist hefur verið fellt eða hvað snertir þetta þing núna er ekki farið að koma fram til 2. umr. enn þá. Og það væri náttúrlega, eins og ég líka gerði grein fyrir í fyrra, þegar þetta mál kom hér fyrir, enn þá heppilegra, ef hægt væri að ganga svo langt sem þar er lagt til, og þessi till. mín er hins vegar miðuð við, að ef nú hv. þm. ekki vildu sýna þá sanngirni, sem í því frv. felst, þá ættu þeir að minnsta kosti að geta fallizt á þetta, sem er ofur lítið spor í áttina. Þess vegna lagði ég þessa till. mjög snemma fram. Hún var líka rædd í fjhn. og fann ekki náð fyrir augum meiri hlutans, stjórnarflokkanna þar.

Þessar tvær brtt. liggja fyrir frá mér viðvíkjandi þessum l., og ég vildi mjög eindregið leggja til, að hv. þd. gæti á þær fallizt. Ég hef ekki flutt fleiri brtt., en hins vegar liggja hér fyrir á öðru þskj. brtt., sem eru í þeim anda, sem rætt var um einmitt af hálfu stjórnarandstöðunnar við 1. umr. málsins, og er mjög nauðsynlegt og mjög æskilegt að fengist framgengt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 103,1 felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, ÁS, EOl, EmJ, GÞG, JÁ, LJós.
nei: PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁB, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, MJ, SB.
KS greiddi ekki atkv.
11 þm. (StJSt, StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ, GTh, HV, JóhH, JPálm, JR, ÓTh) fjarstaddir.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 347 felld með 16:8 atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 103,2 felld með 17:8 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 11, 378).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að fara fram á það, að þessu máli væri ofur lítið frestað enn þá, a. m. k. á þessum fundi, þannig að það ynnist tími til þess að koma fram með brtt. Ég hafði flutt brtt. við þetta frv. við 2. umr., sem fór fram í gær, um það, að nokkuð væri linað á tekjuskattinum, sérstaklega væri gefið eftir þeim mönnum, sem hefðu 30 þús. kr. tekjur og þar undir. Enn fremur lágu fyrir till. um að reikna öðruvísi út vísitöluna, og liggja enn þá fyrir brtt. frá meiri hl. fjhn. um að iþyngja raunverulega almenningi með þeim útreikningi. Og mér þætti þess vegna vænt um, að það ynnist tími til þess að koma fram með brtt. um þetta, af því að þetta hefur verið tekið fyrir svo fljótt. En það væri hægt bara síðar á fundinum.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flutti við 2. umr. málsins tvær brtt., sem þá voru felldar. Ég vil nú freista þess að koma fram með brtt. við 3. gr., um ákveðna tilslökun í tekjuskattinum, sem er að nokkru leyti öðruvísi en sú till. var, sem ég flutti þá, þó að hún að vísu ekki nema að nokkru leyti gangi skemmra. Till., sem ég flutti við 2. umr., var um, að það yrði sleppt öllum tekjuskatti á þeim, sem hefðu 30 þús. kr. í hreinar tekjur, miðað við konu og eitt barn á framfæri. Í þessari till. minni miða ég við 29 þús. kr. Hins vegar hef ég gert þá breyt. þar á, að í staðinn fyrir það, að áður fór eftirgjöfin stigminnkandi á milli 30 og 40 þús. kr., miðað við 30—40 þús. kr. tekjur, þá læt ég hana nú fara stigminnkandi að sama leyti frá 29 þús. upp í 50 þús. Ég hef sent þessa till. í prentun, en því miður er hún ekki komin úr prentun enn þá. Og satt að segja, þá er kannske dálítið erfitt að greiða atkv. um hana eins og hún er, því að hún er mjög löng, og eins og flestar þessar till., sem snerta tekjuskattinn, þá er hún tiltölulega torskiljanleg. Það hefði því kannske verið æskilegra, ef það hefði a. m. k. verið hægt að fresta atkvgr. um hana á eftir, enda auðséð, að hæstv. ríkisstj. stendur svo tæpt í d., miðað við slæma sókn ráðh., að það er aldrei að vita nema hún falli á einhverjum svona till., ef ekki er höfð því meiri aðgæzla af hálfu hæstv. forseta, án þess að ég hins vegar mundi nú harma það neitt.

Till. hljóðar á þessa leið:

„Við 3. gr. Greinin orðist svo: Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1953, sem hér segir: Tekjuskattur gjaldanda með 29 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við

Reykjavík, skal falla niður. — Tekjuskattur gjaldanda með 29001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að ¾ hlutum. — Tekjuskattur gjaldanda með 36001—43000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti. — Tekjuskattur gjaldanda með 43001—50000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að ¼ hluta. — Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frádregnum skatti skulu aldrei verða lægri en þess, sem greiðir lægri skatt. — Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20 1942.“

Ég hef flutt mín rök fyrir nauðsyninni á þessum breyt. og réttmæti þeirra, enda eru þær almennt viðurkenndar. Ég flutti þær við 2. umr. málsins, og ég gerði þá líka grein fyrir, að hve miklu leyti þetta yrði auðveldara fyrir ríkissjóðinn heldur en hækkun persónufrádráttarins og kæmi þannig lágtekjumönnum miklu meira að gagni heldur en hækkun persónufrádráttarins jafnvel mundi gera.

Ég vil svo, eins og ég hef tekið fram við hæstv. forseta, biðja hann að leita afbrigða fyrir þessari till.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf þess vegna tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 384) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 384 felld með 18:4 atkv.

— 378 samþ. með 19:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 9. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 396).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Um allmörg ár hefur tekjuskattur verið innheimtur með viðauka, og í nokkur ár hafa gilt lagaákvæði, sem lækka skatt á lágum tekjum sérstaklega frá því, sem ákveðið er í tekjuskattslöggjöfinni. Þetta frv. fjallar um að framlengja þetta hvort tveggja, og vil ég leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 396, n. 439, 435, 453).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til endurnýjunar um eitt ár á l., sem gilt hafa að undanförnu. Ákvæði 1. gr. hafa gilt um allmörg ár, og öll ákvæði frv. gilda þetta ár, sem nú er að líða, nema eitt, og þetta eina er ákvæði 4. gr. um umreikningstöluna, m. ö. o. umreikningstalan sjálf. Í ár gildir umreikningstalan 406. Í frv. þessu að lögum fyrir næsta ár er umreikningstalan 459 og höfð þar til samræmis við núgildandi vísitölu, enda þarf svo að vera, til þess að umreikningurinn nái þeim tilgangi, sem honum er ætlað að ná. Hv. Nd. breytti umreikningstölunni úr 457 í 459 til samræmis við vísitölubreytingu, sem orðið hafði frá því að frv. var samið og þar til nú. Að öðru leyti var frv. samþ. óbreytt í Nd.

Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. eins og henni var falið að gera fyrir þessa umr. Hún leggur til, að frv. verði samþ. Tveir nm. skrifa þó undir þá yfirlýsingu í nál. með fyrirvara. Báðir telja þessir hv. þm. fyrir sitt leyti æskilegra, að gerðar séu á frv. breyt., en hvor á sinn hátt.

Hv. 1. landsk. flytur brtt. á þskj. 435. Þetta er sama till. og hv. 2. þm. Reykv. flutti í Nd. og þótti ekki koma til greina þar og var felld. Ég tel ástæðulaust að gagnrýna þessa till. og tefja með því umr., af því að hún ber dauðann í sér, enda varla flutt til annars hér í hv. d. en að sýna lit.

Hv. þm. Barð. hefur lagt fram till., sem ég hef ekki séð fyrr en nú á augnablikinu, á þskj. 453. Þetta er í raun og veru ekki till. um breyt. á efni frv., heldur viðbótartill. Hún er í tveimur liðum, a og b. A-liðurinn hljóðar um það, að ríkisstj. skuli fela mþn. þeirri, sem vinnur að endurskoðun skattalaganna, að athuga, hvaða áhrif það hefði á fjárhagskerfi landsins, atvinnuvegina og ríkissjóð, ef lög um tekju- og eignarskatt, stríðsgróðaskatt og tekjuskattsviðauka yrðu afnumin frá 1. jan. 1954. Þessi till. er í samræmi við þær skoðanir, sem hv. þm. hefur látið í ljós hér á Alþ. áður um, að rétt sé að afnema l. um tekju- og eignarskatt. Það er skoðun út af fyrir sig, sem ekki hefur átt hér fylgi að fagna og ég býst tæplega við, að rétt þyki að ganga inn á. Það er nokkuð áhættusamt að hverfa frá því að reyna að leggja á skatta til ríkisþarfa eftir efnum og ástæðum og taka allar tekjur ríkisins með óbeinum sköttum, annaðhvort samkv. nefjafjölda ellegar þá eftir umsetningu þeirri, sem á sér stað í viðskiptalífi þjóðarinnar, án tillits til þess, hvernig þau viðskipti bera sig. En vitanlega má segja, að ekkert sé við það að athuga, þó að rannsakað væri, hvaða áhrif þetta kynni að hafa á þjóðarhaginn og ríkissjóðshagiun. En mér er spurn: Hvernig á það að athugast? Í raun og veru virðist mér, að hv. þm. hafi jafnan þegar hann hefur talað um þessi mál hér á

Alþ., svo að ég hafi heyrt, verið að spá í spil um þessa hluti, en ekki getað, eins og eðlilegt er, haft neitt þar til rannsóknar, sem telja mætti raunhæft. Það er trú hans, að það væri rétt að gera þetta, en hann hefur ekki getað grundvallað þá trú á skoðun, sem hægt væri á nokkurn hátt að telja nálgast það að styðjast við útreikninga, sem hægt væri að treysta á. Mig langar mjög mikið til að heyra frá honum, um leið og hann að sjálfsögðu gerir grein fyrir sínum till. hér, á hvern hátt hann hugsar sér, að sú nefnd, sem starfar nú að endurskoðun skattalöggjafarinnar, gæti látið fara fram athugun, sem að gagni kæmi. Í till. kemur enn fremur fram, að það er vilji hv. flm., að þessi breyt. gæti komizt á, og þá ætlast hann til þess, eins og kemur fram í niðurlagi till., að fullt tillit sé tekið til þess í niðurstöðum þeim, er n. að lokum skilar. Till. er sem sé ekki laus við viljayfirlýsingu, og þess vegna tel ég, að þeir menn, sem ekki hafa sömu trú í þessum efnum og hv. þm., geti varla gengið inn á hana eins og hún er.

B-liður till. er um það, að ríkisstj. láti hraða svo endurskoðun skattalaganna, að till. um heildarlöggjöf um skattamálin liggi fyrir, er næsta reglulegt Alþ. kemur saman. N. sú, sem starfað hefur á þessu ári, hefur starfað fyrir það, að sameinað Alþ. fól ríkisstj. með þál. að láta endurskoða löggjöfina. Þessi endurskoðun er nú nokkuð langt á veg komin. Hún reyndist að vísu mikið verk, einkum fyrir það, að n. átti einnig að athuga tekjuöflunarleiðir sveitarfélaga og verkaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Ef henni hefði aðeins verið falið að endurskoða löggjöf um tekju- og eignarskatta ríkisins, þá er ég viss um, að hún hefði skilað áliti fyrir þetta þing, en verkefnið var miklu meira en það, því þó að telja megi, að það sé mikið verk að endurskoða löggjöfina um tekju- og eignarskatt til ríkisins, þá er hitt þó mun meira, að athuga og endurskoða verkaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga og tekjuöflunarleiðir sveitarfélaga. En vegna þess að nefndin er starfandi og komin nokkuð langt áleiðis í því efni, og vegna þess að hún starfar samkvæmt þál., sem þegar hefur verið gerð, þá tel ég fyrir mitt leyti óþarft að vera að setja í lög ákvæði um það, hvenær hún skuli hafa lokið störfum.

Ég álít þess vegna, að rétt sé af þessari hv. d. að samþ. frv. óbreytt, eins og við þrír úr fjhn. leggjum til að gert verði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. lýsti hér áðan, þá hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara og skal nú nokkuð skýra frá því, hvers vegna ég gerði það, og þá um leið svara nokkuð þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. beindi til mín í sambandi við mína till. á þskj. 453. Þessi till. skýrir nú nokkuð ástæðurnar fyrir því, að ég gat ekki samþ. frv. óbreytt og skrifa því undir það með fyrirvara, og skal ég gera grein fyrir því nokkru nánar.

Þegar sams konar mál var afgr. hér á síðasta Alþ., bar ég einnig fram brtt. við frv., þess efnis, að það skyldi fyrirskipa með lögum að endurskoða skattalögin. Ég færði þá fyrir því mörg og sterk rök, hversu það væri nauðsynlegt, að þetta yrði gert, en hv. meiri hl. fjhn. þessarar d. og hv. deild féllst ekki á þessi rök og felldi þá till. En á sama þingi samþ. þessir sömu menn þáltill. um það að láta endurskoða skattalögin. Þannig er nú samræmið milli skoðana þeirra í hv. Ed. og í hv. Sþ. um sömu mál. Fyrir það, að sú till. var samþ., hefur þó þokazt það áfram, að það hefur a. m. k. verið sett í það mþn. að athuga lögin, og samkv. yfirlýsingu frá hv. frsm. er þess að vænta, að þessari endurskoðun verði lokið áður en langt um líður. En ég vil biðja hv. dm. að athuga það, að hafi hv. meiri hl. fjhn. haft rangt fyrir sér í fyrra, og það er sýnilegt, að hann hefur ekki haft þá fullan skilning á málinu, þá kann hann engu síður að hafa rangt fyrir sér í ár. Kann þá að vera, að þau rök, sem færð eru fram fyrir því, að ekki megi samþ. mínar till. nú, séu ekki byggð á fastari grundvelli en rökin voru á s. l. ári, þegar mín till. var felld. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram í sambandi við þetta mál.

Það, að ég flyt þessa till. hér, kemur til af því, að það er vitað fyrir löngu, að langsamlega sterkasta ástæðan fyrir þeim erfiðleikum, sem þjóðin á við að búa fjárhagslega og atvinnulega, er hin ríkjandi skattalög. Og það er einmitt þess vegna, sem meiri hluti Alþ. samþykkti í fyrra, að skattalögin skyldu endurskoðuð. Nú er það vitað, að sú n., sem hefur haft þetta til endurskoðunar, hefur ekki komið sér saman um, á hvaða grundvelli skuli leggja till. fyrir Alþ. í sambandi við breyt. á skattalögunum. Þar vilja menn fara í ýmsar áttir, en enginn í þá átt að afnema skattalögin, ekki af því, að það sé ef til vill ekki skynsamlegasta till., heldur af því, að þeir geta ekki fellt sig við svo róttækar till. um breyt. á skattalöggjöfinni, en vilja einmitt ekki einu sinni, eins og hv. frsm. lýsti hér, koma nálægt því að rannsaka, hvaða áhrif það hefði á fjárhagskerfi þjóðarinnar og atvinnuvegina í landinu, ef slíkt yrði gert. Ég tel hins vegar, að það sé alveg óverjandi, eftir alla þá reynslu, sem við höfum haft af skattalöggjöfinni undanfarin ár, að taka það ekki til nákvæmlegrar athugunar, hvort það væri ekki hagkvæmast fyrir atvinnuvegina og ríkið í heild að afnema skattalögin að fullu og öllu. Og ég tel það enga goðgá, þó að það sé sett inn í lög, að sú nefnd, sem starfar að endurskoðun skattalaganna, skuli einmitt rannsaka þessi atriði, því að ef hún hefur gert það og rannsakað það samvizkusamlega, þá er þó a. m. k. hægt að bera það fram á eftir, að þetta mál hafi verið rannsakað og að þeir menn, sem að því stóðu, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að annaðhvort sé þetta til óhagnaðar fyrir fjárhagskerfi þjóðarinnar eða til bóta. En á meðan ekki er fallizt á að rannsaka þetta mál, þá er einmitt verið að dæma málið án þess að hafa nokkur rök fyrir sér í því. Og það er eins og hv. frsm. þori ekki fyrir sitt líf að koma nálægt því að upplýsa, hvaða áhrif þetta hafi á atvinnumál og fjárhagsmál þjóðarinnar. Ég man eftir því, að fyrst þegar þetta mál var borið fram hér á Alþ., þá sagði þessi hv. þm., að hér væri um fjarstæðukennda hugsjón — einhvern veginn svoleiðis held ég að hann hafi orðað það (Gripið fram í.) — já, skemmtilega fjarstæðu

að ræða. Nú er hann þó kominn svo langt frá þeim fullyrðingum sínum, að hann vill ekki endurtaka þau ummæli, heldur telur hann nú, að það sé kannske eitthvað hæft í þessu, enda get ég fullyrt, að það eru fleiri og fleiri menn að fallast á þá skoðun, eftir að hafa athugað þessi mál, að eina lausnin til þess að fá samkomulag um þessi mál sé að afnema skattalögin. Og það eru meira að segja menn, sem fjalla um skattamál miklu meira en bæði ég og hv. frsm. daglega meðal þjóðarinnar. Hann sagði, að þessi skoðun hefði ekki átt fylgi að fagna hér á Alþ. Það er alveg rétt. En hún hefur átt mjög miklu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar og því meira fylgi að fagna, því meira sem menn hafa athugað hana og rætt hana. Af þeim ástæðum tel ég það vera rangt að athuga málið ekki, og þyrfti ekki einu sinni lagafyrirmæli til þess, að þeir menn, sem eru í mþn., teldu það skyldu sína að rannsaka einnig þessa mögguleika. En úr því að þeir eru það skammsýnir að telja það ekki skyldu sína, þá ber hv. Alþ. að fyrirskipa þeim að láta þessa rannsókn fara fram.

Hv. frsm. sagði hér, að það væri ekkert við það að athuga, hvaða áhrif það hefði á þjóðarhaginn. Ég veit nú ekki, hvernig hægt væri að mótmæla því, að það væri ekkert við það að athuga að rannsaka það. Mér finnst einmitt alveg sjálfsagður hlutur að rannsaka það. En hann er þó kominn svo nálægt hugmyndinni, að hann viðurkennir nú, að það sé þó ekkert við það að athuga. En hvers vegna er þá verið að mótmæla því, að málið sé athugað, ef það er ekkert við það að athuga, að rannsakað sé, hvaða áhrif þetta hefur á þjóðarhaginn? Hvers vegna er þá hv. þm. að mótmæla því? Jú, hann sagði, að hann væri að mótmæla því vegna þess, að hann vissi ekki, hvernig ætti að fara að að rannsaka þessi mál, ég væri hér að spá í spil. Það voru hans orð um þetta mál. Ég skal þá hér í örfáum orðum gera grein fyrir því, hvernig ég hef hugsað mér, að þessi rannsókn mætti fara fram.

Það ber þá fyrst og fremst að rannsaka, — sem ég hef að vísu nokkuð rannsakað sjálfur, en það hefur verið mjög dregið í efa, hvort þær upplýsingar væru réttar, — hvað þessi skattur er mikill hluti af sköttum ríkissjóðs og hvað hann hefur verið það allmörg undanfarin ár. Ég hafði rannsakað þetta yfir 25 ára tímabil, og samkv. þeirri athugun hafði hann ekki verið að meðaltali meira en 10% af ríkistekjunum, og oft og tíðum ekki meira en 6%.

Annað, sem þarf að athuga, er það, hvað það kostar ríkissjóðinn mikið að leggja þennan skatt á og innheimta hann. Og það ber n. að sjálfsögðu að rannsaka. Ég hef haldið því fram í mínu nál. og mínum ræðum, að þetta kosti 8 millj. kr. og það færi síhækkandi. Hygg ég því, að það kosti meira en 8 millj. nú.

Þá er eitt enn, sem þarf að rannsaka í sambandi við þetta mál, þ. e., hvaða breyt. þarf að gera á launalögunum, þegar búið er að afnema tekjuskattinn, þar sem þeir menn, sem starfa hjá ríkinu, sitja með miklu hagkvæmari kjör þá en þeir gera nú í dag, því að vitanlega kemur ekki til mála að láta launalögin standa óbreytt, eftir að skattalögin væru afnumin. Það er ýmislegt annað í sambandi við þetta, sem þarf að athuga, því að með því að afnema skattalögin kemur svo margt annað til greina, meðal annarra hluta það að lækka stórkostlega laun opinberra starfsmanna. Ég hygg, að það væri ómaksins vert og ekki einskis virði fyrir hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. að vita um, hvaða áhrif þetta hefði á launakerfi landsins, ef skattalögin væru afnumin.

Þá hef ég haldið því fram, og ég hygg, að það sé aðallega það, sem hv. þm. á við með því, að ég sé að spá í spil, — ég hef haldið því fram, að ef skattalögin væru afnumin, þá kæmi það miklu meira líf í öll viðskipti í landinu, að með óbreyttum söluskatti hlytu að koma mjög miklu meiri tekjur inn í ríkissjóðinn en nú. Ég skal viðurkenna það, sem hv. þm. segir, að það geti ekki verið annað en spádómur. En það eru spádómar, sem byggðir eru á þeirri reynslu í lífinu, að því hærri tekju- og eignarskattar sem eru hjá þjóðinni, því meira dragast saman viðskipti hinna einstöku manna. Og ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að þau fyrirtæki í landinu, sem ekki eru háð hinum þungu skattaákvæðum, eins og Eimskipafélagið, geta ein staðizt þá erfiðleika, sem á hverjum tíma koma yfir þjóðina. Eimskipafélagið hefur getað á þessum árum safnað fé og mætt alls konar erfiðleikum, vegna þess að það hefur fengið leyfi til þess að safna sjóðum og þeir hafa ekki verið teknir til eyðslu fyrir ríkissjóð. Nákvæmlega sama má segja um S. Í. S. og kaupfélögin, því þó að þau hafi ekki verið skattfrjáls, þá hafa þau búið við allt aðra og miklu mildari skattalöggjöf, og fyrir það hefur þeim tekizt að safna sjóðum, sem eru þeirra varaforði til þess að mæta erfiðleikunum. Fyrir önnur fyrirtæki, sem hafa orðið að búa við skattalögin, þar sem þau hafa orðið að láta af hendi svo að segja allar sínar tekjur til ríkissjóðsins, þegar vel hefur gengið, en orðið að standa undir áföllunum, þegar illa hefur gengið, þá hefur það leitt til þess, að þau hafa orðið að hætta rekstrinum, hrópa síðan á ríkissjóð og bæjarsjóðina til þess að aðstoða sig við áframhaldandi rekstur, sbr. útveginn nú, þar sem togararnir koma í hópum og krefjast hvorki meira né minna en frá 500 þús. og upp í 3 millj. kr. aðstoðar árlega frá ríkissjóði til þess að geta haldið áfram sinni starfrækslu. Þetta er svo stórkostlegt umhugsunarefni, að menn, sem bæði eru á Alþ., í hv. fjhn. og í mþn. í sambandi við endurskoðun skattalaganna, ættu að finna hjá sér hvöt til þess að athuga, hvort meinið í öllu þessu stafi ekki einmitt frá skattal., eins og ég hef margsinnis tekið fram hér. Það eru engin rök á móti því að segja, að ég aðeins spái hér í spil í þessu máli.

Ég vil einnig í sambandi við þessi ummæli hv. þm. benda á, hvað mikið er spáð hér í spil í sambandi við fjármál á þessu þingi eða á þingum yfirleitt. Hvað var það mikill spilaspádómur, þegar fjárl. voru afgreidd fyrir árið 1950 og gáfu um 109 millj. kr. meiri tekjur en áætlað var? Og hvað er það mikill spilaspádómur, þegar á hverju þingi eru afgreidd hér fjárl. með þeim árangri, að tveimur árum seinna koma ríkis-

reikningar, og þá er beðið um fjáraukal. fyrir 30, 40, 50, 60 upp í 200 millj., eins og hefur verið á sumum árunum? Ég verð að segja það, að sumt af því hygg ég að sé meiri spilaspádómur heldur en það að athuga, hvaða áhrif það mundi hafa á reksturinn í landinu, ef skattalögin væru afnumin. Og ég er alveg viss um það, að minn spádómur í sambandi við auknar tekjur ríkissjóðs að óbreyttum öðrum l., þ. e. a. s. öðrum skattal. og tollal., væri nær sannleikanum, um það, að ríkissjóður fengi þessar upphæðir allar eða meira inn, heldur en sá spádómur, sem bæði þessi hv. þm. og aðrir hv. þm. hér gera á hverjum tíma í sambandi við afgreiðslu fjárl., svo að af þeim ástæðum einum ætti ekki hv. þm. að veigra sér við að fylgja till. og reyna að athuga þessi mál.

Þá sagði hv. þm., að þessi till. væri ekki laus við viljayfirlýsingu og því mætti ekki samþ. hana eins og hún væri. Það er einmitt vegna þess, að hún er viljayfirlýsing, að það á að samþ. hana, og hv. þm. hefur ekkert leyfi til þess að halda því fram, að það eigi ekki að samþ. till. vegna þess, að hún sé viljayfirlýsing, nema því aðeins að hann sé fyrir fram alveg ákveðinn í því að vilja ekki samþ. að fara inn á þessa braut, þó að rannsókn sýndi, að það væri þjóðinni til hagsbóta, og því vil ég ekki trúa á hann. Till. er einmitt viljayfirlýsing, sterk viljayfirlýsing um það, að það sé athugað, hvort ekki liggi þarna meinið í okkar fjárhags- og atvinnumálum, og ef það liggur þar, þá á að laga það. Ef það liggur ekki þar, þá er það upplýst og þarf ekki að ræða um það þing eftir þing, heldur verður maður þá að beygja sig fyrir þeim rökum, sem fram hafa komið, en hitt eru engin rök, að slá hnefanum í borðið og segja: Þetta eru fjarstæður, og þetta má ekki rannsaka, af því að því fylgir viljayfirlýsing, og ef það er rangt, ef það er til böls fyrir þjóðina, þá má samt sem áður ekki afnema það. — Öðruvísi verður ekki yfirlýsing frá hv. frsm. skoðuð í sambandi við þetta mál.

Mínar till. á þskj. 453 eru tvær, eins og hv. frsm. lýsti. Önnur er sú, að það sé falið mþn. að rannsaka þessi mál. Ég tel, að ég hafi, ekki einungis nú, heldur margsinnis áður, fært fyrir því fullkomin rök, að það sé ekki einasta ósanngirni, heldur sé það beinlínis rangt að láta ekki þessa rannsókn fara fram. Og ég hef einmitt sett þessa till. sérstaklega, undir sérstökum lið, vegna þess að það er ekkert annað, sem hún fjallar um, heldur en þetta, að rannsóknin skuli fara fram og hún skuli fara fram í sambandi við þá rannsókn, sem nú er látin fara fram út af heildarlöggjöf um skattamál. Og að sjálfsögðu, ef niðurstöðurnar benda til þess, að það sé rétt að afnema l., hvað ætti þá að fylgja annað en að tekið sé tillit til þess í till. um heildarlöggjöf um skattamál? Mig undrar því mjög á því, hvernig hv. frsm. einmitt gat um það, að það mætti ekki undir neinum kringumstæðum samþ. till., af því að þetta væri innifalið í henni. En það er einmitt þetta, sem þarf að fylgja till., því að annars væri athugunin á málinu einskis virði. Eða hvað mundi hv. frsm. hafa sagt, ef í staðinn fyrir það stæði í till., að þó að rannsókn leiddi í ljós, að þetta væri eina rétta leiðin, þá mætti ómögulega taka tillit til þess í till.? Hyggur hv. frsm., að það væri eðlilegra, skynsamlegra og betra fyrir þjóðina?

Hin till. er um það, að ríkisstj. skuli hraða svo endurskoðun skattalaganna, að till. um heildarlöggjöf liggi fyrir, þegar næsta Alþ. kemur saman. Hv. þm. sagði, að þessa þyrfti ekki með, vegna þess að þetta væri í endurskoðun og það væri komið svo langt nú, að það stæðu vonir til þess, að hægt væri að ljúka þessu innan skamms, ef hægt væri að komast að nokkurri niðurstöðu um það, hvernig ætti að ákveða um tekjur fyrir sveitarfélögin, en það væri nú svo erfitt mál, að þess vegna væri þetta ekki búið, eða það tefði svo mikið fyrir. Ég vil nú í sambandi við þetta leyfa mér að benda hv. þm. á, að það var, eins og ég sagði áðan, lögð á það ákaflega mikil áherzla á síðasta þingi, að skattal. yrðu endurskoðuð, og það voru færð fyrir því svo ótal rök, að það var ómögulegt að standa lengur á móti þessu máli. Og þótt það ekki væri tekið fram í þáltill., þá var það ætlun þm., að þessari endurskoðun væri lokið áður en þing kæmi saman nú, og ég fullyrði, að þessari endurskoðun gat verið lokið, ef hv. formaður n. og meiri hl. n. hefðu viljað ljúka málinu fyrir samkomudag reglulegs Alþingis. Það þurfti að sjálfsögðu að leggja töluvert mikla vinnu í það, en það var líka nægilega mikill tími til þess að leggja vinnu í það á milli þinga. En það er einmitt það, sem var, að hv. form. n. og hæstv. ráðh. vildu ekki láta þessi mál koma fyrir þetta þing. Það er sannleikurinn í málinu. Þeir höfðu ekki vilja á því samkomulagi, sem þurfti, til þess að væri hægt að framkvæma málið. Annars hefði það verið gert. Og ég veit ekkert um, hvernig sá vilji er hjá hæstv. fjmrh. í dag. Það getur verið, að hann noti nákvæmlega sömu aðferðirnar til þess að draga endurskoðunina og segi síðan: Ja, það þarf að athuga þetta, það er ekki samkomulag um þetta, og það er ekki samkomulag um hitt, — og þannig verði hægt að draga málið ár eftir ár. En það er lífsnauðsynlegt fyrir þjóðina og fyrir atvinnuvegi landsmanna og fyrir hvern og einn einasta mann í þessu landi, að endurbætur séu gerðar á skattalöggjöfinni. Það sést líka hér. Á hverju einasta þingi eru settar út margvíslegar till. til þess að reyna að fá lagað það, sem mest rekur á eftir, og nú er talað um að vísa þessum till. frá hér í þessari hv. deild, beinlínis vegna þess, að lögin séu undir endurskoðun. Ég veit, að hæstv. forseti, sem er formaður fjhn., hefur talað um það að afgreiða þannig skattamálatill. í nefndinni, vegna þess að önnur hv. þingnefnd hafi gengið þar á undan með góðu eftirdæmi, að afgreiða annað mál með tilvísun til þess, að það væri einnig í endurskoðun í n. og þess vegna sjálfsagt að bíða eftir endurskoðuninni. Ef slíkur háttur á að vera á, þá er hægt að halda endurskoðuninni áfram annars vegar árum saman og hins vegar árum saman, þing eftir þing, að vísa hverri endurbótatill. frá með tilvísun til þess, að ekki sé búið að ljúka endurskoðuninni, og sjá menn, hvaða vit er í slíkum vinnubrögðum.

Hv. frsm. gat um það hér áðan, að það, sem

mest tefði fyrir að ljúka þessari endurskoðun, væri, hvernig ætti að skipta tekjunum milli sveitarfélaga og ríkisins. En er þar ekki verið að spá eitthvað í spil? Ætli sé ekki meira verið að spá þar í spil heldur en um það, hvað mikið ríkissjóður fær aftur af þeim skatti, sem hann tapar við tekju- og eignarskattinn, í tollum og söluskatti. Ég hygg, að það sé miklu meiri spilaspádómur þar á ferðinni heldur en um það, hvað ríkissjóður tapar miklu fé, ef lögin verða afnumin.

Ég tel, að það sé misskilningur hjá hv. frsm., að það sé alveg óþarfi að ákveða með l., að flýta skuli skattalöggjöfinni. Það er knýjandi nauðsyn, eins og sést bezt af öllum þeim till., sem fram hafa komið hér á hverju þingi. Það er svo knýjandi nauðsyn, að ef ekki er hægt að knýja það fram öðruvísi en með lagafyrirmælum, þá á að gera það. Og það virðist vera full ástæða til þess í dag að setja um það lög, til þess að mþn. viti, að henni ber að ljúka þessu máli fyrir ákveðinn dag, og hæstv. ráðh. viti, að það er ekki hægt að draga það lengur en þau lög koma til með að mæla fyrir um. Ég vil því mjög mælast til þess, að mínar till. séu samþykktar, og því miður treysti ég mér ekki til þess að fylgja frv., ef þær verða felldar. Það er á valdi ráðh. að láta framkvæma þessi mál þannig, og vilji hann fá þann skatt, sem hér um ræðir, í ríkistekjur, sem hann sjálfsagt þarf mjög á að halda, þá á hann a. m. k. að vinna það fyrir að taka á sig þá kvöð að verða að láta rannsaka málin annars vegar og verða að láta ljúka rannsókninni á eðlilegum tíma hins vegar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. fjhn. með fyrirvara, ekki vegna þess, að ég muni ekki fylgja frv., enda þótt það komi til atkvæða óbreytt, heldur vegna hins, að ég tel, að það þurfi að gera á því breytingar, og mun freista þess og flyt þess vegna brtt. við frv. á þskj. 435.

Þessi till. hefur áður verið flutt á þessu þingi í Nd. af hv. 2. þm. Reykv., en náði þar ekki samþykki, eins og hv. frsm. tók fram.

Það er þó alveg sérstök ástæða til þess, að ég flyt hana hér aftur, og sérstök rök til þess, að mér finnst, að ég hafi ástæðu til þess að ætla, að möguleikar séu á því, að hún verði samþ. í þessari hv. deild. Eitt af þeim atriðum, sem nefnd hafa verið í umræðum þeim, sem fram hafa farið milli ríkisstj. og deiluaðila í því verkfalli, sem nú stendur yfir, var afnám og lækkun skatta á lágtekjum. Þetta mun vera eitt af þeim fáu atriðum, sem hæstv. ríkisstj. mun ekki hafa tekið fjarri að athuga. Hér er að vísu ekki um háar upphæðir að ræða fyrir hvern einstakling, en mundu þó áreiðanlega vera eitt af þeim atriðum, sem gætu stuðlað að því að leysa verkföll þau, sem nú standa yfir. Það var einmitt af þessum ástæðum, að ég lagði til í hv. fjhn., að málinu yrði frestað og að rætt yrði við hæstv. ríkisstj., áður en n. gengi frá nál. sínu. Á þetta vildi meiri hl. n. ekki fallast. Mér þykir þetta ekki bera vott um mikinn áhuga þessara hv. alþm. á því að stuðla að lausn þeirrar vinnudeilu, sem nú stendur yfir. Ég vona, að aðrir hv. dm. líti öðruvísi á, og mér finnst ég hafa fulla ástæðu til þess að vona það. Það er þess vegna mjög fjarri sanni, sem hv. frsm. sagði í sinni ræðu, að þessi till. væri aðeins borin fram til þess að sýna lit, vegna þess að mér finnst ég hafa fulla ástæðu til þess að vona það, að aðrir hv. dm. líti öðrum augum á þetta mál en hv. frsm., ef maður á annað borð gerir ráð fyrir því, að þeir hafi nokkurn snefil af ábyrgðartilfinningu.

Það má að vísu segja, að ekki sé öll nótt úti, þó að málið gangi óbreytt gegnum þessa umræðu. Ég væri fús til þess að taka till. mína aftur til 3. umr., ef einhver von væri til þess, að hv. dm. hefðu þá frekar áttað sig.

Skattstjóri hefur nú samkv. beiðni samninganefndar verkalýðsfélaganna í verkfallinu gert athugun á því, hvaða áhrif það mundi hafa, ef till. sú, sem hér er til umræðu og ég flyt á þskj. 435, yrði samþykkt. Og niðurstaðan er þessi, ef miðað er við skattaframtal s. l. árs, ársins 1951: Í Reykjavík mundi tekjuskattur lækka um 3½ millj., en skattgreiðendum mundi fækka um 41%, ef till. yrði samþykkt. Þessi skattaívilnun mundi þess vegna ná til mikils fjölda manna, sem berst í bökkum vegna síversnandi afkomu almennings, en hún mundi kosta lítið. Úti á landi mundi hún ná til miklu fleiri manna. Lækkun skattsins úti á landi hefur skattstjórinn ekki getað reiknað út nákvæmlega, heldur hefur orðið að áætla hana. Og áætlun hans er, að það mundi nema 5 millj. kr., og sá fjöldi skattgreiðenda, sem mundi alveg sleppa við skatt, mundi vera meiri en í Reykjavík, en þar er hann 41%. Alls mundi þess vegna tekjumissir ríkissjóðs af samþykkt till. verða um 9 millj. kr., nokkuð af þessu er áætlun og vafalaust mjög há áætlun. Þetta er svo lítil upphæð, að ríkissjóð mundi ekki muna miklu, og það mundi hafa harla lítil áhrif á rekstrarjöfnuð fjárl., sem nema nú á 4. hundrað millj. kr., vera m. ö. o. minna en 3% af fjárlagaupphæðinni. Jafnvel þó að ekki væru hinar sérstöku ástæður fyrir hendi, sem ég hef nú nefnt, þá væri samt sem áður sjálfsagt réttlætismál að samþ. þessa till. Það er í sjálfu sér alveg fráleitt að innheimta skatta af tekjum, sem ekki nægja til lífsframfæris. En nú er sem sagt alveg sérstök og rík ástæða fyrir hendi.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Það má sjá það á mörgu, að jólin nálgast nú óðfluga. Maður þarf ekki annað en að líta á litlu börnin, þau eru að gægjast eftir jólasveinunum og sjá, hvort þeir koma ekki ofan af fjöllunum til þess að færa þeim eitthvað fyrir jólin. Hæstv. ríkisstj. er líka að búast við sínum árlega jólasveini. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, er gamall húsgangur á hv. Alþ. og hefur verið framlengt mörg ár í röð, og undir hver áramót leggja hæstv. ríkisstj. mikla áherzlu á það að fá þetta frv. afgr., svo að ríkissjóðurinn geti fengið þær tekjur, sem frv. er ætlað að færa honum. Ríkissjóður þarf á sínum jólagleðingi að halda eins og litlu börnin.

Fyrir nokkrum árum var samþ. hér á hv. Alþ. þáltill., þar sem þeirri hæstv. ríkisstj., sem þá

var, var falið að láta endurskoða skattalöggjöfina. Í þetta verk var fyrir nokkrum árum skipuð sérstök n. Hún lauk starfi á tiltölulega mjög skömmum tíma og afhenti þáverandi hæstv. ríkisstj. ýtarlegt frv. um endurskoðaða skattalöggjöf. Það var búizt við því, að þetta frv. mundi verða borið fram á Alþ., sem kom saman næst eftir þetta, til þess að ekki þyrfti oftar að endurnýja hinar mörgu bráðabirgðabreytingar, sem gerðar höfðu verið á skattalögunum og haldið var við frá ári til árs. Á þessu frv. bólaði þó ekki. Það kom aldrei fram, og verð ég að harma það mikið, því að í því frv. fólust margar og mjög gagnlegar breytingar á núverandi skattalöggjöf, og þau atriði, sem á milli bar hjá þeim mönnum, sem að samningu þess frv. stóðu, voru ekki þess eðlis, að ástæða væri til þeirra vegna að láta frv. ekki koma fram.

Hæstv. ríkisstj., sú er nú situr, skipaði svo aftur aðra n. til þess að endurskoða lögin um tekjuskatt, tekjuskattsviðauka, eignarskatt og fleira í því sambandi. Verkið, sem fyrir þeirri n. lá, í þeirri mynd, sem hægt er að búast við, að hún leysi það af hendi, var ekki meira en það, að með sæmilegum vinnubrögðum hefði verið hægt að ljúka því á fáum vikum með hliðsjón af þeim grundvelli, sem að n. var réttur frá þeirri n., sem endurskoðaði þetta mál á undan henni. Ég skal að vísu viðurkenna, að þessari nýju n. var falið að athuga ýmsa hluti og ýmsar breytingar í sambandi við skatta- og útsvarslög, sem hefði tekið mjög mikinn tíma að leysa af hendi, ef unnt hefði átt að vera að fullnægja því verkefni til fulls. Sú n., sem starfaði á undan þessari seinni n., hafði einnig fengizt við þetta verkefni og lagt að því nokkurn grundvöll, og mér er ekki grunlaust um, að árangurinn af starfi þessarar nýju n. muni verða mjög svipaður og árangurinn af starfi hinnar fyrri að því er þetta aukna og viðtækara starfssvið varðar, þannig að ég hef ekki á því sérlega mikla trú, að frá hinni nýju n. komi annað eða meira en endurskoðun á l. um tekjuskatt, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt og annað þess háttar. Það, að endurskoða þau lög og koma fram með þær breytingar, sem nauðsynlegastar verður að telja og til bóta horfa, er ekki meira verk en svo, að hægt hefði verið að leysa það af höndum á fáum vikum, ef raunverulega hefði verið til staðar vilji til þess að fá málið afgreitt á þessu þingi, en eins og hv. þm. Barð. tók réttilega fram, þá virðist sá vilji ekki hafa verið til staðar, og því fór sem fór.

Það hefur verið mikið um það rætt og margoft á það bent, að sú skattalöggjöf, sem við eigum nú við að búa, sé að mörgu leyti svo stórgölluð, að nauðsyn sé þar endurbóta, og að þær endurbætur megi ekki dragast. Mér sýnist hins vegar, að það ætli að verða nokkuð sameiginlegt hjá öllum ríkisstj. að hafa nokkra tilhneigingu til þess að fresta þeim breytingum á skattalöggjöfinni, sem mest er kallað eftir, og ég hef mikla tilhneigingu til þess að taka undir það með hv. þm. Barð., að það er vart hægt að framlengja bráðabirgðaákvæði eins og þau, sem hér eru lögð fyrir, nema ríkisstj. sé gefið alveg nauðsynlegt aðhald til þess að láta ekki dragast lengur en orðið er að koma fram með nauðsynlegar breytingar á skattalöggjöfinni.

Ég ætla ekki að ræða það frv., sem hér liggur fyrir, í einstökum atriðum. Þó vil ég leyfa mér að vekja alveg sérstaklega athygli á, að þetta frv. viðheldur einum af hinum meinlegri göllum, sem verið hafa á skattalöggjöfinni núna um áratug, en það er það óréttlæti, sem gildir í sambandi við umreikninginn. Núgildandi tekjuskattstigi er miðaður við það ástand, sem hér var í peningamálum fyrir um það bil 10 árum. Síðan sá skattstigi varð til, hefur, eins og allir vita, orðið mikil breyting á gildi peninganna og þeir hafa stórum fallið í verði. Þannig fá menn nú handanna á milli margfalt fleiri krónur en þeir áður fengu, þó að verðgildi þess fjár, sem menn hafa nú handa á milli, sé sízt meira en var fyrir 10 árum. Ef ekki væru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að mæta þessu aukna peningamagni, þá hefur það löngum verið ljóst, að menn mundu fá miklu hærri skatta en eðlilegt væri, vegna þess að menn færðust ofar í skattstiga. Til þess að mæta þessu var tekin upp og lögfest fyrir þó nokkuð löngu umreikningsreglan, sem byggð er á þeirri hugsun, að menn fari ekki ofar í skala en þeir eiga að fara miðað við það, að krónutalan hefur aukizt, án þess að raunveruleg breyting hafi orðið á tekjum. Sú tala, sem tekin hefur verið upp til þess að umreikna með og nú er ákveðin í þessu frv., 459, er raunverulega alveg út í bláinn. Hún hefur raunverulega ekkert að gera með það verðfall, sem hefur orðið á peningunum. Þetta er ekki dýrtíðarvísitalan, og þetta er ekki kauplagsvísitalan. Hún er í algeru ósamræmi við báðar þessar tölur, heldur er hún búin til að langsamlega mestu leyti algerlega út í loftið, og hún er talsvert lægri en hún ætti að vera samkvæmt því verðfalli, sem raunverulega hefur orðið á peningunum, þannig að þrátt fyrir þessa umreikningstölu lenda menn til muna ofar í skattstiganum en þeir ættu að lenda samkvæmt þeirri hugsun, sem hann var byggður á í upphafi. Það er því brýnasta nauðsyn, að þessi vísitala sé tekin til endurskoðunar og einhverjum hlutlausum aðila falið að reikna út heilbrigða og sanngjarna umreikningsvísitölu. Slíkt verk er ekki hægt að fela neinum öðrum en Hagstofu Íslands, sem öllum stofnunum öðrum er betur treystandi til þess að framkvæma hér það eitt, sem rétt er og sanngjarnt. Ég vil því leggja til, ásamt hv. 4. þm. Reykv., að 4. gr. þessa frv. verði breytt á þann hátt, að í staðinn fyrir að ákveða umreikningsvísitölu í frv. sjálfu, verði Hagstofu Íslands falið að reikna út vísitölu, er sýni þá breytingu á almennu kaupgjaldi, er orðið hefur síðan 1941, og að tekjuskatturinn og tekjuskattsviðaukinn fyrir 1953 verði síðan ákveðinn á grundvelli umreiknings samkvæmt þessari vísitölu og að svo verði einnig gert í framtíðinni. Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. um þetta, við 4. gr., og ég vænti, að hún fái að koma hér til umr. og atkvgr.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. við frv. frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Haraldi Guðmundssyni:

„4. gr. orðist svo: Hagstofa Íslands skal reikna út vísitölu, er sýni þá breytingu á almennu kaupgjaldi, er orðið hefur síðan 1941. Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna á sama hátt og gert hefur verið, með hliðsjón af ákvæðum a-liðs 14. gr. l. nr. 20 1942, og skal miða við vísitölu þá, sem nefnd er í 1. málslið greinar þessarar.“

Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg og þarf því tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 470) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 396, n. 439, 435, 453, 470).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum minnast á þær ræður, sem fluttar voru hér áður við þessar umr. í sambandi við þær brtt., sem fyrir liggja.

Hv. 1. landsk. hélt því fram, að brtt. sín á þskj. 435, sem er samhljóða brtt., sem felld var í hv. Nd., hefði nú fengið nýtt erindi, þar sem hún gæti orðið til að greiða fyrir lausn á þeirri verkfallsdeilu, sem yfir stendur. Þetta er ekki rétt á litið. Verkfallsdeilan getur ekki orðið leyst nema með heildarsamningum, og að grípa inn í hana með samþykkt slíkra till. sem þessarar gæti orðið til truflunar. Það gæti sem sagt orðið til þess að setja snurðu á þann samningaþráð, sem þeir eru nú að spinna, sem til þess hafa verið kvaddir að leita lausnar á því vandamáli. Till. ætti því að bíða hér sömu örlög og í Nd.

Hv. 6. landsk. hélt allskemmtilega ræðu og minntist á jólasveina og líkti frv. því, sem hér liggur fyrir, við jólasvein. Látum það vera. En hvers vegna var hv. þm. með ólundarsvip gagnvart þessum jólasveini? Þetta er þó gamli jólasveinninn frá dögum þeirrar stjórnar, sem hv. þm. studdi. Hann hlýtur að kannast við skeggið, röddina, söngvana og gjafabögglana frá þeim gamla tíma. Breyting á afstöðu hv. þm. hlýtur að stafa af því, að hann gerir aðrar kröfur til jólasveina nú en þá. Hann er orðinn keipóttari en hann var á þeim árum, þegar hans stjórn lagði til jólasveina. (Gripið fram í.) Hvað heitir hann? Guðmundur Í. Guðmundsson. Það getur farið svona með góða krakka stundum og jafnvel með fullorðna menn líka, einkum í pólitík. Sá, sem ekki þarf að bæta nauðsyn sína sjálfur, hann getur heimtað. — Hv. 6. landsk. flytur ásamt hv. 4. þm. Reykv. brtt. á þskj. 470. Þetta er nákvæmlega sama brtt. og flutt var í hv. Nd. og felld þar. Ég efast ekki um, að hún verði líka felld hér í þessari hv. deild. Hún er í raun og veru eins og jólakeipar krakka, sem vilja ekki kannast við sinn gamla jólasvein. Hún er ekkert annað.

Hv. þm. Barð. mælti að sjálfsögðu með brtt. sinni, og sú till. er í raun og veru ekki brtt. um efni frv., heldur viðbótartill., og hún er að mínu áliti ekki skaðleg, en ég álít hana óþarfa. Hún getur tafið fyrir endurskoðun skattalöggjafarinnar og felur í sér viljayfirlýsingu, sem ég tel ólíklegt að þessi hv. deild vilji gefa út. Hún er óþörf, af því að skattalöggjöfin er í endurskoðun. Og hún gæti tafið fyrir þessari endurskoðun, ef hún yrði til þess, að mikið verk yrði lagt í að rannsaka, hvaða áhrif það hefði, ef hætt yrði að leggja á tekju- og eignarskatt, af því að sú rannsókn er svo torveld og í raun og veru eins og að ætla sér að drekka hafið upp. Áhrif af niðurfellingu tekju- og eignarskattslaganna eru nefnilega alveg órannsakanleg. Þar er ekki um annað að ræða, sem úr gæti skorið og upplýst, en reynsluna eina.

Ég spurði hv. þm. um, hvernig atriðin væru, sem hann teldi, að væri hægt að rannsaka. Og hann nefndi fjögur atriði. Fyrst: Hvað miklar tekjur hafa umræddir skattar gefið í ríkissjóð brúttó? Hann svaraði þessu sjálfur, og það þarf ekki mikillar rannsóknar. Það liggur ljóst fyrir í hvers árs reikningi ríkissjóðs. Í ár má telja, að þetta verði sem næst áttungur ríkissjóðstekna, eða rúmlega 50 millj. kr. — Í öðru lagi taldi svo hv. þm., að rannsaka ætti, hvað ríkissjóð kostaði að afla þessara tekna. Sjálfur svaraði hann því, að þetta mundi kosta um 8 millj. kr. í ár. Ég hygg, að þessi tala sé ekki ábyggileg, vegna þess að kostnaður af skattanefndum er líka útlagður vegna sveitarfélaganna. Skattframtöl og skattskrár eru ekki aðeins samdar nú orðið vegna ríkissjóðs, heldur einnig vegna sveitarsjóðanna og útsvarsálagningarinnar. Annars mundi það ekki vera mikið verk að gera áætlun um þetta, svo nákvæma að litlu skeikaði. — Í þriðja lagi taldi svo hv. þm. Barð. það rannsóknarefni, hvað mikið áynnist fyrir ríkið við það, að laun fastra starfsmanna mættu lækka, ef afnumdir yrðu hinir beinu skattar. Það var helzt á honum að skilja, að þar gæti orðið um væna fúlgu að ræða. En er það nú víst, að starfsmenn ríkisins þori að treysta því og ganga inn á, að laun sín lækki? Mundu þeir ekki á fyrsta stigi að minnsta kosti óttast, að þeir óbeinu skattar, sem í staðinn hljóta að hækka, mundu líka, þótt undir huliðshjálmi væri, höggva skarð í laun sín? Ég er viss um, að þeir mundu óttast þetta. Og reynslan yrði þarna að koma til, áður en miklar breyt. gætu orðið. — Í fjórða lagi er svo aðalatriðið, þ. e., að þm. trúir á, að hægt sé að fá atvinnulífið og athafnalífið í landinu til að blómgast, ef felldir yrðu niður hinir beinu skattar. Hann telur líklegt, að þá muni drjúpa smjör af hverju strái í ríkiskassann, jafnframt því sem af honum mundi létta margs konar núverandi útgjöldum vegna atvinnubóta og stuðnings við fátækt fólk. Um þetta er hægt að spyrja og spá eins og í spil, en varla öllu meira. Og í raun og veru gekk nú hv. þm. inn á það, að í þessu sambandi yrði varla um annað en spádóm að ræða, en hann taldi, að þeir spádómar væru lítt erfiðari en í mörgum efnum þyrfti að viðhafa í fjármálalífi ríkisins. N. gæti vissulega reynt að reikna þetta út. Og hún gæti eytt í það miklum tíma,

en mín skoðun er það, að upp úr því mundi ekki mikið hafast. Ég er þess vegna á móti því, að fyrirskipuð sé ýtarleg, vinnufrek rannsókn í þessu efni.

Hv. þm. benti á tvö fyrirtæki sem sönnun fyrir réttmæti trúar sinnar á gróskuna, sem mundi koma í efnahags- og atvinnulífið við afnám beinu skattanna. Annað fyrirtækið er Eimskipafélag Íslands. Vitanlega hefur því orðið skattfrelsið til ávinnings, af því að aðrir hafa borgað skattana. En svo mundi ekki geta orðið, ef allir beinu skattarnir yrðu niður felldir og hver fyrrverandi skattgreiðandi kæmist undan álöguþunganum, eins og Eimskipafélagið hefur komizt hingað til. Álöguþunginn legðist á eftir öðrum mælikvarða og hitti skattgreiðendur þannig í einhverri annarri mynd. — Hitt fyrirtækið, sem hv. þm. tók sem dæmi, var S. Í. S. Sá mikli misskilningur ríkir hjá ýmsum og er á loft haldið til áróðurs, að S. Í. S. og kaupfélögin yfirleitt séu sama sem skatt- og útsvarsfríar stofnanir. Þetta er reginvilla, sem rétt er að mótmæla alls staðar, þar sem hún skýtur upp kollinum. Ef litið er t. d. á skattskrá og útsvarsskrá Rvíkur frá yfirstandandi ári, þá blasir við, að Sambandið greiðir á þessu ári á þriðju milljón í skatta og útsvör. Velgengni Sambandsins og kaupfélaganna stafar ekki af skattfrelsi þessara stofnana, heldur af hagfelldu skipulagi þeirra og skynsamlegum rekstri yfirleitt.

Það liggja sem sé engar sannanir fyrir um gildi afnáms allra beinna skatta og verða ekki heldur fundnar með rannsókn, svo að á sé byggjandi. Þetta er hugmynd, sem raunveruleikinn einn gæti prófað. En stefnan, sem í hugmyndinni felst, er augljós. Og sú stefna hefur að vonum ekki átt því fylgi að fagna hér á Alþingi eða með þjóðinni, svo að vitað sé, að ástæða sé til að samþ. þá viljayfirlýsingu um afnámið, sem brtt. hv. þm. Barð. felur í sér og hann undirstrikaði, að hún ætti að fela í sér.

Hv. þm. Barð. leyfði sér að halda því fram, að formaður n. þeirrar, sem starfar nú að endurskoðun skattalaganna, og hæstv. fjmrh. hefðu komið í veg fyrir, að n. skilaði áliti og till. fyrir þetta þing. Ég mótmæli þessu sem alveg tilhæfulausu. Og ég geri það af kunnugleika, því að ég hef tekið þátt í starfi þessarar n. N. hafði ekki unnizt tími til að ljúka starfi. Það er ástæðan. Verkefnið var of stórt, víðtækt og vandasamt til þess. Hv. þm. getur spurt flokksbræður sína í n. um þetta, ef hann trúir mér ekki, og fengið að vita hjá þeim, — það er ég viss um, — að þeir höfðu engar úrslitatill. lagt fram eða tilbúnar. Þeim hafði ekki unnizt tími til þess.

Hv. 6. landsk. var, að mig minnir, að láta liggja að því, að verkefni n. hefðu átt að geta verið fljótunnin, og hann minntist á n., sem hann átti sæti í og skipuð var 1947 til þess að endurskoða tekju- og eignarskattslögin, og taldi, að hún hefði ekki verið lengi að ljúka sínu starfi. Nú er bezt að athuga þetta.

Nefndin, sem hv. 6. landsk. vitnaði í, tók til starfa í ágúst 1947 og skilaði af sér í des. 1948, eða eftir 16 mánuði. Verkefni hennar voru svo að segja eingöngu tekju- og eignarskattslögin til endurskoðunar. Hún viðaði að ýmsum fróðleik, sem kemur fram í áliti hennar, — það er alveg satt, — en till. hennar þóttu ekki vera úrlausnir að gagni og voru því aldrei lagðar fyrir Alþingi. Þannig var hennar sjóferð. Í hana finnst mér satt að segja ekki ástæða til að vitna sem fyrirmynd.

Skattanefndin, sem nú situr á rökstólum, hafði helmingi styttri tíma til umráða en hin n., ef hún átti að ljúka starfi áður en þetta Alþingi kæmi saman, en hún hafði meira en helmingi erfiðara verk að vinna en hin n. Hún átti að athuga auk tekju- og eignarskattslaganna verkaskiptingu milli ríkissjóðs og sveitarsjóða og endurskoða tekjuöflunarlög sveitarsjóða. Sú hlið, sem að sveitarsjóðunum veit, er miklu erfiðari og vandasamari viðfangs en sú hlið, sem veit að ríkissjóði. Ríkissjóðurinn er einn aðili. Sveitarfélögin eru yfir 200 og með mjög sundurleitan hag og þarfir. Það eykur stórlega vandann við að finna úrlausnir þeirra vegna. Skattarnir til ríkissjóðs eru ekki nema rúmlega 50 millj. kr., eða 12—13% af tekjum ríkissjóðs. Útsvörin voru 1951 150 millj. kr. samtals, en verða líklega, að minnsta kosti á næsta ári, 200 millj. kr. Og þau eru 90% af tekjum sveitarfélaganna. Þessar tölur sýna, hve miklu meira er undir því komið, að útsvörin eða sú upphæð, sem sveitarfélögin taka, sé réttilega á lögð, heldur en þó ríkisskattarnir. Og þetta sýnir líka, hvað verkefnið, sem n. var falið, er geysilega erfitt og víðtækt. Ef n. hefði ekki viljað leitast við að undirbúa till., sem að gagni mættu koma, þá hefði hún vitanlega getað verið búin að skila till., t. d. á borð við till. n., sem hv. 6. landsk. vitnaði til, en hún vill vinna verk, er að gagni mætti verða, hvort sem henni tekst það eða ekki. Um það, hvort henni lánast það, fullyrði ég auðvitað ekki neitt.

Ég tel óþarft að setja í l., að n. skili áliti og till. fyrir næsta reglulegt Alþingi, því að svo lengi situr n. að sjálfsögðu ekki, hvernig sem verk hennar lánast, enda hefur hæstv. ríkisstj. í hendi sinni að segja henni fyrir um starfstíma.

Að lokum vil ég svo sem frsm. fjhn. taka það fram, sem ég áður sagði í upphafi þessarar umr., að langeðlilegast er að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir og afgr. það sem lög frá þessari hv. d. Jafnvel meinlausar brtt. gætu tafið það um of, af því að svo nærri er nú komið jólum og áramótum, en strax með nýju ári eiga og þurfa ákvæði frv. að taka lagagildi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að taka fram út af brtt. á þskj. 453, að þótt svo kynni að fara, að hún yrði ekki afgr. frá d., þá er hún þannig vaxin, að ég mundi beina því til mþn. í skattamálum að athuga það, sem a-liður till. fjallar um, og um b-liðinn hef ég það að segja, að það mun verða lögð áherzla á, að mþn. í skattamálum hraði störfum, með það fyrir augum, að niðurstöður hennar geti orðið lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú lýst því yfir, að hann muni beina því til mþn., sem er nú að endurskoða skattalögin, að láta rannsókn þá fara fram, sem um er getið í minni till. á þskj. 453, tölul. a. Og hann hefur

einnig lýst því yfir, að hann muni fyrirskipa, að n. hraði svo mikið störfum, að þeim árangri verði náð, sem til er ætlazt að ná með till. minni undir b-lið. Með því að ég ber fullt traust til hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál eins og önnur í hans störfum, þá get ég fallizt á að taka aftur mínar till., eftir að slík yfirlýsing hefur komið hér fram. Ég tek því þessar till. á þskj. 453 aftur, með tilvísun til þess, sem ég þegar hef sagt hér.

Ég skal þó aðeins segja hér nokkur orð út af ræðu hv. þm. S-Þ. Hann taldi, að till. væri ekki skaðleg, en hún mundi tefja fyrir endurskoðuninni. Það fer náttúrlega nokkuð eftir því, hvað mikil vinna er lögð í endurskoðunina og með hvaða hugarfari endurskoðunin er gerð, hvort hún þarf að tefja fyrir störfum n. Ef engin hugarfarsbreyt. er hjá hv. þm. S-Þ. frá því, sem kom fram í ræðu hans hér í sambandi við þetta mál, þá getur hann sjálfsagt gert sér það að rannsóknarefni í mörg ár að rannsaka það, sem till. fer fram á. Og hann mun þá kannske, jafnvel þótt hann fái fyrirskipun frá hæstv. ráðh., notfæra sér það að þvælast svo fyrir þessu máli á einn eða annan hátt, að það sé ekki hægt að fá neina niðurstöðu, en þannig hagaði hann nú sínum orðum í sambandi við rannsókn á þessu atriði. Hann sagði enn fremur, að hér væru svo miklir spádómar, að reynslan ein gæti skorið úr því, hvað væri rétt og hvað væri rangt. Ég hygg, að ég sé ekki einn um þá skoðun, að það sé svo mikils virði að fá skorið úr þessu, að það væri síður en svo nokkur goðgá að afnema skattalögin einhvern tíma, til þess að fá þá alveg skorið úr því með reynslunni, hvernig þetta mundi verka. Það eru áreiðanlega fleiri og fleiri menn, sem eru að komast inn á þá skoðun, að skattalöggjöfin, eins og hún er og eins og hún hefur verið í mörg ár, sé slíkt böl í atvinnulífinu, að það sé engin vanþörf á því að gera hér á miklar breyt. Og það eru fleiri og fleiri menn að komast á þá skoðun, að þetta séu langhyggilegustu breyt., en það er að afnema skattalögin. Hins vegar er hér flokkur í þinginu, sem þvælist fyrir því, af því að hann vill m. a. ekki búa við sömu lög í skattamálum eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Hann vill láta ákveðinn félagsskap, sem hann hefur notað stórkostlega pólitískt hér um tugi ára, samvinnufélögin og kaupfélögin, búa við slík skattfríðindi samanborið við aðra menn eða önnur fyrirtæki, að það má jafna því við þann rétt, sem kaþólska kirkjan hélt í á sínum árum fyrir sig, þegar var verið að taka undan henni eignirnar. Ég býst því ekki við, að það fáist mikil samúð frá þeim mönnum, sem Framsfl. hefur skipað í n. En þess er þá að vænta, að hinir sinni betur þeim verkefnum, sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, að hann muni leggja fyrir n. í sambandi við þessi mál. — Hann sagði, að Eimskip hefði orðið skattfrelsið í hag, af því að aðrir hefðu greitt skattinn fyrir félagið. Það kemur nú víða fram fjandskapur Framsfl. gegn Eimskipafélaginu. En ég hélt, að hann kæmi þó ekki fram svona opinberlega eins og hann kom hér fram hjá hv. frsm., að það væru aðrir menn, sem væru að greiða skatt í þjóðfélaginu fyrir Eimskipafélagið, því að sannleikurinn er sá, að ríkið hefur þénað milljónir á skattgreiðslu, sem þeir menn hafa greitt til ríkisins, sem hafa haft lífsframfæri hjá Eimskipafélaginu, vegna þess að hægt var að byggja upp þá starfsemi eins og gert hefur verið, og aldrei hefðu haft þær tekjur, ef Eimskipafélagið hefði ekki lifað og verið látið byggja skip eins og gert var. (**Forseti:** Kemur ekki sá fjandskapur fram á þskj. 477?) Nei, hann kemur ekki þar fram, en hann sýður undir niðri einnig við afgreiðslu þessa máls. (**Forseti:** Veit þm., hver er 1. flm. að skattfrelsi Eimskipafélagsins?) Ja, það er öllum kunnugt um það, hvernig andúð Framsfl. hefur verið gegn Eimskipafélaginu, og ég get minnt hæstv. forseta á það, að þegar um þessi mál var rætt hér síðast, fyrir tveimur árum, þá varð að taka tvo hv. framsóknarþm. út til þess að bjarga málinu hér í gegnum þessa d., — ná þeim út úr d., svo að málið ekki félli hér. (Gripið fram í.) Það var hæstv. forsrh., sem gerði það, bara til þess að bjarga málinu. Það er öllum kunnugt. Og hæstv. dómsmrh. er eins vel kunnugt um það eins og mér. (**Gripið fram í:** Hverjir voru mennirnir?) Það var hv. 8. þm. Reykv. og hv. 1. þm. N-M., sem báðir voru búnir að lýsa því yfir, og ef hæstv. forseti efast um þetta, þá vildi ég bara biðja hann um að fletta upp í bókum d. frá þeim tíma til þess að vita, hvort þessir hv. þm. voru á þessum fundi, þegar málið var afgreitt. Það var vitað, að málið var fallið hér, ef þeir hefðu verið hér inni, og það féllu fleiri menn frá orðinu hér til þess að koma atkvgr. í gegn á meðan hæstv. forsrh. var að tala við þessa ágætu menn fyrir utan þingsalinn þá. Þetta var nú samúðin með Eimskipafélaginu þá. Og það hefur svo sem ekkert breytzt síðan.

Þá sagði hv. frsm., að hagur Sambandsins og kaupfélaganna væri ekki vegna þess, að það væri skattaívilnun, heldur hversu vel þeim væri stjórnað. (**Gripið fram í:** Og gott skipulagið.) Já, og gott skipulagið á því. En veit þá ekki hv. þm. það, að það eina, sem hefur bjargað samvinnufélögunum yfir alla örðugleikana, eru fríðindi bæði í skattamálum og verzlunarmálum? Og ef hann ekki veit það, þá held ég, að hann ætti að fara að reyna að kynna sér þau mál alveg alvarlega. Ef þau hefðu átt að vera á samkeppnisgrundvelli við önnur verzlunarfyrirtæki í landinu og ekki hafa þessi fríðindi, þá væru þau fyrir löngu steindauð. En það er einmitt vegna þess, að þau hafa haft þessi fríðindi, að þau hafa blómgazt eins og þau hafa gert. Og það er ein stórsönnunin fyrir því, að það á að afnema skattalögin, eins og ég hef lagt til.

Þá mótmælir hv. frsm. því, að það hafi verið hægt að ljúka endurskoðun á skattalöggjöfinni. Ég segi, að ef í n. hefðu verið skipaðir þeir menn, sem eingöngu áttu að inna þetta starf af hendi, og það var nauðsynlegt að setja þá menn í n., sem höfðu tíma til þess að sinna því, vegna þess, hversu það var aðkallandi að laga hina ranglátu skattalöggjöf, þá var það ekkert ofverk að ljúka þessu verki á heilu ári, síður en svo. En ef hins vegar mennirnir hafa verið við allt annað starf á tímanum, þá er það ekki því að kenna, að það hefði ekki verið hægt að ljúka störfunum, heldur því að kenna, hvernig hefur verið skipað í n. Hins vegar er mér vel kunnugt um það, að það, sem hefur tafið afgreiðslu n., eru ekki rann-

sóknirnar á málunum, heldur niðurstöðurnar um það, hvað eigi að leggja til. Mér er vel kunnugt um það, að form. n., — og skal vísa þar í það, sem hann hefur sagt í sambandi við umr. á stúdentafundinum, — vill leggja til, og það er hans skoðun, að það eigi að afnema lögin um stríðsgróðaskatt og skattaviðaukann, og það er vegna þess, að þá er létt á samvinnufélögunum. Það á hins vegar að halda áfram þeim ákvæðum í skattalöggjöfinni, þar sem samvinnufélögin takmarkast við 8%, en hinir hafa allt aðra og hærri viðmiðun. Þetta er hans skoðun. Hann hefur marglýst því yfir. Og alveg skýrt og skorinort lýsti hann því yfir á stúdentafundinum. Hann hélt því þá einnig fram, að það væri nauðsynlegt að hækka nokkuð persónufrádráttinn, en það mætti ekki undir neinum kringumstæðum samt sem áður skipa hinni nýju skattalöggjöf þannig, að ríkissjóður tapaði nokkru sinni nokkru í tekjum við hin nýju lög. En þá var ekki hægt að komast fram hjá því, að það átti að leggja enn þá hærri og þyngri skatt á hina, sem ekki fengju nein fríðindi. Þeir urðu þá að taka á sig byrðina. Þegar búið var að létta stórkostlega þessum milljónum af samvinnufélögunum, sem hv. þm. var að kveina hér undan áðan, þá varð að leggja þær milljónir á einhverja aðra skattþegna þjóðfélagsins, til þess að bera það, ef átti að viðhalda skattalögunum. Það er þetta, sem ekki hefur fengizt samkomulag um enn. Og það er þetta, sem Framsfl. veit ekki enn þá, hvernig hann á að fara með, því að hann sér ekki nokkra leið út úr því að hækka stiga fyrir aðra aðila yfir 90%, eins og nú er gert í gildandi skattalögum, því að hann veit, að það þýðir ekki neitt. Og ég held, að þegar hann er í svona miklum vandræðum með þetta mál og fulltrúar hans í n., þá ættu þeir nú einmitt að fara að hugsa um það, hvort það sé ekki rétt að fara inn á mína till. og afnema skattalögin. Það er alveg bersýnilegt, að það er gersamlega ómögulegt að uppfylla þær óskir og kröfur, sem hér hafa komið fram frá ýmsum mönnum í þinginu í sambandi við breyt. á skattalöggjöfinni, nema því aðeins að ríkissjóður eigi að tapa mjög miklu í tekjum. Það á að hækka persónufrádráttinn stórkostlega. Það á að lækka skattstigann á lágtekjumönnum. Það á að gefa kaupfélögum og Sambandinu miklu meiri skattafríðindi heldur en nú eru. Þetta er stefnan. Og síðan á að halda öllu kerfinu við í sambandi við kostnað og álögur. Og hvað er þá eftir? Ekkert nema til þess að standa undir kostnaðinum. Svona horfir málið við, og þess vegna hefur n. ekki getað skilað áliti, því að hún kemst ekki út úr þessu völundarhúsi. Eina ljósið, sem hún gæti tekið sér í hendur til þess að komast út úr þessum flækjum öllum, er einmitt till. mín um það að fella niður skattalögin alveg.

Nú hefur hv. frsm. lýst því yfir, að n. muni ekki treysta sér til þess að sitja svo lengi yfir þessu máli, að það verði ekki búið að skila því fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþ., og þegar hann annars vegar hefur lýst því yfir og hins vegar hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að hann muni fyrirskipa það, að n. skili tillögum áður en reglulegt Alþ. kemur saman næst, þá, eins og ég sagði áðan, sé ég ekki ástæðu til þess að láta ganga atkv. um mínar till. og treysti því annars vegar, að ráðh. haldi þau loforð, og treysti því hins vegar, að það verði farið að volgna svo undan sætunum hjá n., að það sé ekki þess vegna mögulegt fyrir hana að sitja lengur á þessu máli, því að það eru þúsundir manna í þessu landi, sem heimta, að það séu einhverjar endurbætur gerðar á skattalögunum eins og nú er komið, þar sem vitað er, að það er útilokað að reka nokkurt atvinnulíf hér í þessu landi undir lagaákvæðunum eins og þau eru nú.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Mér datt í hug gamalt stef, þegar hv. þm. Barð. var að segja, að eina ljósið, sem n. gæti haft til þess að komast út úr völundarhúsi síns starfs og sinna verkefna, væri ljósið sitt. Stefið var:

„Ljósið mitt langa,
lýstu mér í paradís að ganga."

Má vera, að í þessari till. sé eitthvert ljós, en það er langt undan og ekki bjart. Það varð ljóst af ræðu hans, eins og ég hafði reyndar grun um áður, eftir að hafa heyrt til hans hér á Alþ., að hann er ókunnugur samvinnufélögum, tel sennilegt, að hann hafi aldrei verið í samvinnufélagi. Hann talar um þau mál blindandi. Ég ætla ekki að lengja hér umr. með því að fara í þrætur um þau í þessu sambandi, og ég ætla ekki heldur að deila við hann um það, hvað það er, sem hefur verið til umr. í skattamálanefndinni. Þar gengur hann fram — bara sem spámaður og hittir ekki á að spá rétt, það heyri ég. Það, sem hefur verið erfiðast í n., er, eins og ég tók fram áður, hliðin, sem snýr að sveitarfélögunum, því að hún er margfalt torveldari en tekju- og eignarskattslöggjöf ríkisins. Það skiptir sem sé miklu meira máli fyrir þjóðfélagið, hvernig úr rætist í því efni, heldur en með tekju- og eignarskatt til ríkis. Þetta vildi ég undirstrika, af því að mér heyrðist á ræðumanninum, að hann vildi ekki við því líta. Ef við hefðum eingöngu átt að endurskoða tekju- og eignarskattslöggjöf ríkisins, þá hefði því starfi verið lokið, en að fara að tala um það hér, hver afstaða einstakra manna hefur verið í n., tel ég ekki viðeigandi og yfirleitt ekki viðeigandi að skýra frá ágreiningsefnum, sem orðið hafa í n. Ég skírskota bara til framtíðarinnar og þeirra till., sem á sínum tíma hljóta að koma frá n. Þær tel ég verða bezta svarið við því í ræðu hv. þm. Barð., sem fjallaði um það, hvað n. hefur starfað og hvernig hún muni taka á málinu.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. frsm. fjhn. mun hafa sagt í ræðu sinni, að till. mín á þskj. 435 gæti ekki orðið til þess að auðvelda samninga, heldur mundi frekar verða til þess að torvelda þá eða setja snurðu á samningaþráðinn, eins og mér heyrðist (Gripið fram í.) — já, gæti orðið til að setja snurðu á samningaþráðinn, eins og hann orðaði það. Ég vona nú, að allir hv. þdm. skilji, hve mikil fjarstæða þetta er. Það hljóta allir að sjá, að samþykkt þessarar till. verður, þótt kannske ekki í stóru sé, til þess að mjókka að nokkru bilið, sem á milli ber, milli deiluaðila í þessari kaupdeilu og gæti þannig að sjálfsögðu orðið til þess að greiða fyrir samningum. Mér þykir það þess vegna mjög illa farið, ef þessi

till. mín yrði felld, eins og nú er ástatt, og þess vegna vildi ég freista þess að taka till. mína á þskj. 435 aftur til 3. umr., ef vera skyldi, að einhverjir hv. þdm. hefðu þá áttað sig nokkru betur á milli umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það bar til hér í þessari hv. d. fyrir nokkrum dögum við umr. um áfengismál, að hv. þm. Barð. hafði ummæli eftir hv. 8. þm. Reykv. og sagðist herma orðrétt. Mér fannst tilvitnunin vafasöm og athugaði þetta seinna og sannfærðist þá um, að hann hefði ekki farið rétt með tilvitnuð ummæli. Það var ekki aðstaða til þess þá að leiðrétta þetta. En satt að segja finnst mér það ákaflega harðleikið, að hv. þm. leiki sér að því að herma upp á menn orðrétt ummæli, sem ekki standast, þegar segulbandið er við höndina og hægt að ná öllu orðréttu.

Nú kemur það aftur fyrir, að þessi sami hv. þm. skýrir hér frá málum, sem eiga að hafa gerzt í þessari hv. d. fyrir tveimur árum, og fer rangt með. Það vill svo til, að það er hægt að slá upp á þeirri atkvgr., sem hann skýrði hér frá, í alþingistíðindunum, og ég skauzt fram áðan og gerði það. Þegar þetta mál, skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands, var til meðferðar hér í hv. d. síðast, þá fóru að sjálfsögðu fram þrjár umr., svo sem venja er til. Við 1. umr. var frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv. Á 41. fundi d., 15. des., var frv. tekið til 2. umr., og mér skilst, að það hafi verið sú atkvgr., sem hv. þm. skýrði frá. (GJ: Nei, það var ekki sú atkvgr.) Sagði ekki hv. þm., að nafnakall hefði farið fram og að hægt væri að slá upp í þingtíðindum? Við þessa atkvgr. fer fram nafnakall, og þá eru báðir þeir þm., sem honum þótti smekklegt að segja, að hefðu verið leiddir út úr d. með valdi, viðstaddir og greiða atkv. gegn frv. Við 3. umr. fer ekki fram nafnakall. Frv. er þá samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. Og hvað sem því nú líður, þó að hv. þm. vilji reyna að skjóta sér undir það, að þetta hafi skeð við 3. umr., en þá er ekki nafnakall og því liggur ekki sannanlega fyrir, hverjir voru við eða hverjir ekki, þá sér hann það líklega, hv. þm., að þó að þessir tveir menn hefðu verið við og hefðu greitt atkv. gegn frv., þá hefði málið samt sem áður ekki fallið.

Annars verð ég að segja það, að mér finnst dæmalaust að heyra málflutning af því tagi, sem átt hefur sér stað, bæði nú og við það tækifæri, sem ég nefndi fyrr, og mig furðar það ákaflega og mig hryggir það, að jafnmætur þm. og mikilhæfur á marga lund og einhver okkar mesti starfsmaður í þinginu sem hv. þm. Barð. er skuli telja sig þurfa að viðhafa svona vinnubrögð í umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 435 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 470 felld með 12:4 atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 453 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 396, 435).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 435 felld með 11:4 atkv.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 500).

---

21. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna** [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í þessu frv. er gerð tillaga um að framlengja innheimtu söluskattsins fyrir árið 1953. Eins og greinilega hefur komið fram í þeim umr., sem þegar hafa átt sér stað hér á hv. Alþingi um fjárlagafrv. og fjárhag ríkisins yfirleitt, þá er ómögulegt að komast hjá því að halda áfram að innheimta þennan skatt. — Ég leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. álítur augsýnilega mjög auðvelt að fá það í gegnum hv. deild að framlengja söluskattinn eins og hann var og virðist nú treysta á það, að engrar óhlýðni gæti í stjórnarliðinu, eins og þó varð allmikið vart við á síðasta þingi, þegar verið var að koma söluskattinum í gegn þá, og virðist hann hafa mjög mikla trú á, að þeir verði nú hlýðnari við hann, hans hv. stjórnarstuðningsmenn, heldur en þeir þó voru um tima á síðasta þingi. Hins vegar lítur þetta mál þannig út frá sjónarmiði alþýðu, að söluskatturinn er bókstaflega ekki bærilegur lengur í þeirri mynd, sem hann nú er, og það er engum efa bundið, að það eru til hjá þjóðfélaginu tekjustofnar, sem hægt er að taka á miklu réttlátari og léttbærari hátt en gert er með söluskattinum. M. a. hefur það greinilega komið fram einmitt í sambandi við bátaútvegsgjaldeyrinn, að þegar sá bátaútvegsgjaldeyrir er lagður á vöruna og heildsalarnir og aðrir, sem hafa þetta til sölu, taka sitt fé fyrir frá almenningi, þá er aukningin á því, sem þeir taka í álagningu fram yfir það, sem þeir tóku áður, eins mikil og öllum bátaútvegsgjaldeyrinum nemur, eða eins og það, sem fer til bátaútvegsins. M. ö. ö., það er stétt í þjóðfélaginu, sem fær í sinn hlut þarna stórar

fúlgur, sem ríkið gæti algerlega náð til sín. Það er þess vegna engum efa bundið, að þessa þungu skatta, sem nú eru lagðir á almenning í gegnum söluskattinn og aðra slíka, væri hægt að taka af auðmannastéttinni í landinu, svo framarlega sem ríkisstj. hefði nokkurn vilja til þess. Það er t. d. vitanlegt, að nú á sama tíma sem alþýða almennt er að kikna undan þunga dýrtíðarinnar og kaupgetan hefur farið þannig minnkandi hjá alþýðu manna, svo að meira að segja kaupmennirnir, kaupfélögin, handiðnaðarmennirnir og íslenzki iðnaðurinn kvarta yfir því, hvað kaupgeta almennings hafi minnkað, þá er kaupgetan hjá auðmannastéttinni í þjóðfélaginu svo mikil, að það er sama hvað fínar og dýrar vörur, sem sú stétt virkilega girnist, koma inn í landið, þær seljast upp undireins. M. ö. o., það verzlunarfrelsi, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að stæra sig af að hafa skapað, hefur orðið verzlunarfrelsi einvörðungu fyrir þá ríkustu í þjóðfélaginu. En hæstv. ríkisstj. hyggst hins vegar skera þannig niður kaupgetuna hjá almenningi, að hann geti varla veitt sér málungi matar, og meira að segja af allra brýnustu lífsnauðsynjum, eins og mjólkinni, hafa menn ekki getað keypt eins mikið og þeir þurfa, þannig að það er farið að ganga út yfir bændur líka, hvernig kaupgetan hefur minnkað í bæjunum.

Þegar ástandið er þannig í þjóðfélaginu, þá virðist manni, að ríkið ætti þó að hafa einhvern vilja til þess að ganga á undan og lækka þær þungu byrðar, sem ríkið hefur lagt á alþýðu manna með sköttum eins og söluskattinum, en gera í staðinn ráðstafanir til þess að taka fé af gróða auðmannastéttarinnar í landinu. Hins vegar er gefið, þegar um svona mál er að ræða, að þá greinir á milli hagsmuna stéttanna. Núverandi hæstv. ríkisstj. er fulltrúi auðmannastéttarinnar í landinu og vill þess vegna ekki fara í vasa hennar til að sækja peningana þangað. Þvert á móti. Um leið og kaupgetan er skorin niður hjá almenningi, þá er gróðinn aukinn hjá öllum þeim aðilum, sem eru nægilega ríkir og voldugir og nægileg tök hafa á ríkisstj. Þess vegna er auðséð, að hæstv. ríkisstj. virðist treysta því, að hún hafi tökin eins og áður og geti fengið framlengda alla þessa þyngstu og verstu skatta. Þó vil ég minna á það að lokum, að söluskatturinn var upphaflega settur á til þess að borga fiskábyrgð. Núna er ekki aðeins búið að afnema fiskábyrgðina, heldur líka búið að setja í staðinn ólöglegt fyrirkomulag eins og bátaútvegsgjaldeyrinn og gera það fyrirkomulag þannig úr garði hvað innrukkun snertir, að það kostar eins mikið aukreitis fyrir þjóðfélagið að láta rukka það inn eins og bátaútvegurinn fær mikið upp úr því.

Svo að síðustu viðvíkjandi söluskattinum, — það verða vafalaust skarpari deilur um hann við síðari umr. þessa máls, — þá vildi ég aðeins segja það, að það hefði nú raunverulega verið það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað gert fyrir þessar 100 millj. kr. eða upp undir það, — við skulum segja, þótt það yrði ekki nema 70—80 milljónir, sem hún fær fyrir söluskattinn, — að ganga þannig frá lögunum, að þau formlega séð væru ekki annað eins hrákasmíði og þau eru. Þetta var hæstv. ríkisstj. bent á á síðasta þingi. 1. gr. í þessu frv. byrjar þannig: „Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í 3. kafla l. nr. 100.“ Meginið af þessum lögum er fallið úr gildi, en ríkisstj. hefur ekki einu sinni fyrir því að taka fram, að ákveðnar greinar skuli vera í gildi. Nei, það eru felldir úr lögum ákveðnir partar af ákveðnum greinum, án þess að það sé tiltekið, og upphafið á þessum kafla, sem bent er á, er um myndun sjóðs til þess að greiða niður verð á vörum. M. ö. o., frá lagalegu sjónarmiði séð er þessi tekjuöflun upp á 70—100 millj. kr. eitthvert það aumasta smíði, sem nokkurn tíma hefur komið fyrir Alþingi. Svona er þetta búið að ganga til núna í þrjú ár, án þess að hæstv. ríkisstj. hafi haft fyrir því að breyta þessum lögum þannig, að það sé raunverulega hægt að sýna þau. Ég vildi nú næstum því mega vonast til þess, að stjórnarmeirihlutinn í fjhn. sæi nú sóma sinn í því að ganga þannig frá þessum lögum, að það væri einhver mynd á þeim. Jafnvel þótt hæstv. ríkisstj. gerði það viðvíkjandi bátaútvegsgjaldeyrinum að taka tugi milljóna króna úr vasa þjóðarinnar án þess að hafa nokkurn rétt til þess og nokkurn lagabókstaf til þess að styðjast við, gerði það einvörðungu í krafti síns valds, þannig að þetta er beint rán, þá væri óviðkunnanlegt, að allur söluskatturinn væri tekinn án þess, að lögin, sem heimila það, séu sæmilega úr garði gerð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:3 atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 302, 325).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er um framlengingu á gildi 3. kafla laga nr. 100 frá 1948, sem hefur að geyma ákvæði um söluskatt.

Eins og segir í athugasemdum við lagafrv., þá er þarna um að ræða framlengingu á ákvæðum um tekjuöflun, sem hafa verið í gildi síðustu árin og jafnan hafa verið framlengd fyrir eitt ár í senn. Hv. þdm. er um það kunnugt, að í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir þessum tekjum á næsta ári, og þarf því að afgr. þetta frv. nú á þinginu. Meiri hl. fjhn. hefur skilað um það áliti á þskj. 302 og mælir með því við deildina, að frv. verði samþ. óbreytt. Fram hafa komið hér brtt. á þskj. 325 frá hv. 2. þm. Reykv., en meiri hl. n. leggur gegn því, að þær breyt. verði gerðar á frv., sem þar eru till. um.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Minnihlutanál. mitt liggur ekki enn þá prentað fyrir, en ég hef engu að síður ekkert á móti því, þó að málið sé þegar tekið til umr.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er þetta mál framlenging á söluskattinum, og 1. gr. þess byrjar með því að segja, að ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í 3. kafla laga nr. 100 1948, skuli gilda áfram til ársloka 1953. Það er fróðlegt að

rifja upp, ekki sízt á þessari stundu, hvernig þessi l. eru til komin og hvað það er, sem mælt er fyrir um í þessari fyrstu lagagrein, að enn þá eigi að hafa lagagildi af þessum gömlu lögum. Lögin eru sjálf fallin úr gildi, nema það, sem snertir ákveðin tekjuöflunarákvæði í 3. kafla laganna. 1. kafli þessara laga, þegar hann var settur 1948, var um ríkisábyrgð á útflutningsvöru og hljóðaði um, hvernig tryggja skyldi bátaútveginn á Íslandi með því, að ríkið borgaði eða tryggði, að borguð yrði ákveðin upphæð út á hvert kg af fiski. 2. kafli hljóðaði um aðstoð til útvegsmanna, sem síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945—1948, og 3. kaflinn, þessi kafli, sem nú er framlengdur að nokkru leyti, það er að segja nokkrir bókstafir og nokkur orð í lagagreinunum, en ekki lagagreinarnar heilar, heitir „um dýrtíðarsjóð". Og 1. gr. hans, sem er á vissan hátt framlengd, hljóðaði svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands."

Þetta er sem sé 1. gr. í þessum 3. kafla, og þessi 3. kafli er nú framlengdur, þ. e. a. s. öll ákvæðin í honum, sem hljóða um það, að álögur skuli leggja á fólkið í landinu, en engin af þeim ákvæðum, sem samsvara hinum upprunalega tilgangi þessa 3. kafla eða hans heiti, sem sé því að mynda dýrtíðarsjóð til þess að vinna á móti dýrtíðinni og til þess að standa undir fiskábyrgðinni. M. ö. o., þegar þessi söluskattur var settur á í upphafi, þá var því lofað, að hann skyldi vera til þess að tryggja örugga afkomu útvegsins og þar með örugga afkomu sjómanna og örugga atvinnu landsmanna. Mönnum var sagt, að það væri nú alveg óhætt að ganga inn á það að fara að greiða þessar miklu fjárhæðir, sem þarna voru í, vegna þess, hvað tilgangurinn væri góður. Svo liður ekki nema á annað ár. Þá er búið að gleyma öllum þeim fagra tilgangi, sem var með því að leggja söluskattinn á, og þá er fiskábyrgðin afnumin. Og það líður ekki nema skammur tími, þar til hæstv. ríkisstj. kemur fram með ný úrræði, sem eiga nú alveg hreint að bjarga og koma í staðinn fyrir fiskábyrgðina og losa landsmenn að meira eða minna leyti við þær þungu álögur, sem fylgdu söluskattinum. Og það úrræði var gengislækkunin. M. ö. o., fiskábyrgðinni, sem í hæsta lagi kostaði á ári nokkra milljónatugi, kannske tvær, þrjár milljónir eða þar í kring, henni er kippt burt. Síðan eru lagðar á almenning álögurnar áfram hvað söluskattinn snertir, og svo er bætt ofan á gengislækkuninni.

Hvað er gert með gengislækkuninni? Með gengislækkuninni er nú búið að rýra kaupgetu verkamanna á Íslandi, þannig að rýrnun kaupgetunnar og atvinnuleysið, sem hefur verið skipulagt af ríkisstj. samfara rýrnun kaupgetunnar, gerir það nú að verkum, að verkamannafjölskylda á Íslandi hefur ekki nema um helming þeirra tekna, raunverulegra, til þess að lifa af, sem hún hafði 1947. Með stjórnarráðstöfunum er búið að rýra þannig afkomu íslenzkra verkamanna, að í staðinn fyrir að þeir komust mjög vel af fyrir fimm árum, þá býr nú fjöldi íslenzkra verkamannafjölskyldna við þannig kjör, að það er ekki lengur hægt að una við það. Og gengislækkunin, sem ríkisstj. lofaði að ætti að koma í staðinn fyrir þessa þungbæru fiskábyrgð og þennan þunga söluskatt, hefur verið eitt aðalatriðið í því að rýra þannig lífskjörin.

Svo leið eitt ár frá því, að gengislækkuninni var skellt yfir, gengislækkuninni, sem átti að vera allra meina bót. Þá kemur hæstv. ríkisstj. og segir: Ja, söluskatturinn og fiskábyrgðin, það fór nú svona með það. Gengislækkunin hefur nú heldur ekki reynzt nóg. Og nú komum við með nýjar álögur, bátagjaldeyrinn. — Þá þorði hæstv. ríkisstj. ekki lengur að koma fram fyrir Alþingi og reyna að setja þessar nýju álögur í einhvern lagabálk. Þá greip hæstv. ríkisstj. til þess ráðs að setja utan við þing með sérstakri auglýsingu álögur á almenning, sem hafa enga stoð í lögum, bátagjaldeyrinn. Og þannig er nú búið að innheimta af almenningi á hálfu öðru ári, síðan bátagjaldeyririnn var settur á, yfir eitt hundrað millj. kr., án þess að nokkur heimild sé til þess í lögum. M. ö. o., fyrst er söluskattinum skellt á og sagt, að hann eigi að standa undir fiskábyrgðinni og tryggja útveginn og tryggja atvinnu í landinu. Svo er fiskábyrgðin tekin burt, en söluskatturinn látinn haldast og gengislækkuninni skellt á, að því er hæstv. ríkisstj. segir til þess að tryggja útveginn í landinu og til þess að gera það öruggt, að atvinnulífið haldist í fullum blóma. Hálfu öðru ári eða raunverulega ekki nema rúmu ári eftir að gengislækkuninni er skellt á kemur ríkisstj. enn og þorir nú ekki að koma fram fyrir Alþ. og skellir bátagjaldeyrinum á og tekur með honum á ólöglegan hátt af almenningi um 600 millj. kr. á einu ári, eða er búin að taka nú, það af öðru ári, sem þessi bátaútvegsgjaldeyrir hefur verið innheimtur, yfir 100 millj. kr. af almenningi og hefur innheimt það á svo dýran hátt, að dýrari innheimta hefur aldrei þekkzt á Íslandi, vegna þess að mennirnir, sem taka að sér að innheimta þetta, fá að leggja á fyrir innheimtulaunum eins og þeim þóknast, þannig að sjómenn og smáútvegsmenn hafa ekki fengið nema lítinn part af öllu því, sem almenningur hefur orðið að greiða í bátaútvegsgjaldeyri og ríkisstj. hefur pínt menn án nokkurrar lagaheimildar til þess að láta af hendi. Og svo eftir þetta allt saman, eftir afnám fiskábyrgðarinnar, eftir að hafa skellt gengislækkuninni á, eftir að hafa komið hinum ólöglega bátagjaldeyri á, þá kemur nú ríkisstj. og segir: Söluskattinn verð ég að fá að framlengja. — Söluskatturinn er tæpar 80 millj. kr., eftir því sem gizkað er á í fjárl., eða um 80 millj. kr., — verður vafalaust meiri, ætli hann fari ekki að nálgast hundrað milljónirnar? — og þetta gjald vill ríkisstj. láta haldast. Hún er búin að rýra kaupgetu almennings stórkostlega, þannig að hver einasta verkamannafjölskylda í landinu á miklu erfiðara með að standa undir þessum gjöldum heldur en áður, atvinnan hefur minnkað, raungildi peninganna hefur minnkað, en álögur ríkisstj. hafa vaxið. Og henni hefur ekki nægt að leggja á þær álögur, sem hún kúskar í gegn með lögum hér á Alþ.,

heldur bætir hún þar á ofan þeim álögum, sem hún knýr fram ólöglega.

Í fjhn. var rætt nokkuð um þennan söluskatt, því að það var vitanlegt, að það hafa komið fram ákaflega margar kröfur og ákaflega víða að um endurskoðun, breytingu eða afnám á þessum l. Þær komu líka fram í fyrra. Engum af þessum kröfum hefur fengizt sinnt, ekki einu sinni svo smávægilegum kröfum eins og þeim, að þessum l. væri þó að minnsta kosti komið í sæmilegt lagalegt form, þannig að þau væru ekki annað eins hrákasmíði og þau eru núna, eins og hæstv. ríkisstj. leggur það fyrir þingið.

Framlenging á ákvæðunum um tekjuöflun þýðir m. ö. o., að úr einstökum greinum laganna eiga að gilda ákveðin orð, sem merkja það, að það eigi að leggja álögur á almenning. En ef það felst í einhverju af þessum orðum, að um leið eigi að nota þetta í einhverju ákveðnu skyni, þá á slíkt að falla niður. Þriðji kaflinn er allur framlengdur, en heiti sjálfs kaflans — hann heitir „Um dýrtíðarsjóð“ — og 1. gr. í honum, 19. gr. laganna, um dýrtíðarsjóð ríkisins, er ekki felld burt, hún er ekki heldur látin standa, hún er látin svífa í lausu lofti. Frágangurinn á þessari stærstu undirstöðu undir tekjuöflun ríkisins er þannig, að lagalega séð er hann ákaflega óviðfelldinn. Ég skil hins vegar, að ríkisstj. þykist náttúrlega ekki þurfa lengur að vera sérstaklega mikið að vanda Alþ. kveðjurnar. Hún er raunverulega búin að segja það, að henni sé nokkurn veginn sama, hvort hér á Alþ. séu samþ. einhverjar heimildir fyrir hana til þess að mega innheimta eitthvað af almenningi. Ef Alþ. samþykki ekki heimild fyrir slíku efni, þá innheimti hún það samt, eins og hún gerir með bátagjaldeyrinn. Ég held þess vegna, að það hefði verið það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. gat gert, að ganga inn á að taka þessi lög um söluskattinn til endurskoðunar. Og ég held sérstaklega, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að gera það með tilliti til þess ástands, sem hæstv. ríkisstj. er sjálf búin að skapa í landinu.

Ríkisstj. er, eins og ég hef nú rakið í sambandi við þetta mál, búin að flýja frá einu óyndisúrræðinu til annars á hverju ári, sem hún hefur setið að völdum. Hún eyðilagði fiskábyrgðina, af því að fiskábyrgðin tryggði bátaútveginn og tryggði það, að sjómenn og smáútvegsmenn fengju allt, sem borgað var, en heildsalarnir tóku ekki sinn skatt af því. Hún kippti þannig grundvellinum undan því, að menn gætu öruggir farið að veiða fisk hér á Íslandi, vinna úr honum í hraðfrystihúsunum í þeirri öruggu vissu, að hann væri seldur. Þetta var ákveðinn þáttur í hennar fyrirætlunum um það að eyðileggja okkar markaðsmöguleika erlendis. Ríkisstj. vildi ekki standa uppi, þegar hún væri búin að eyðileggja markaðina fyrir hraðfrysta fiskinn, og vera ábyrg fyrir því að borga út ákveðið verð fyrir hraðfrystan fisk. Hún hefur allan þann tíma, sem hún hefur setið að völdum, stuðlað að því að hindra, að notaðir væru þeir markaðsmöguleikar, sem Ísland hefur haft fyrir hraðfrystan fisk, og horft alveg róleg upp á þessa sömu markaðsmöguleika, sem áður voru í Vestur-Evrópu, hrynja hvern á fætur öðrum. Hennar efnahagssamvinna við Vestur-Evrópulöndin hefur verið fólgin í því að láta smám saman útiloka Íslendinga frá þessum mörkuðum, sparka þeim þaðan út, þannig að að lokum stæðum við, eins og Morgunblaðið sérstaklega lýsir, hér uppi með meginið af okkar fiski óselt og okkur bannað að landa í Englandi og Þýzkalandi. Ríkisstj. hefur þannig með allri sinni efnahagspólitík markvisst unnið að því að skapa atvinnuleysisástand og stöðvun í okkar útvegi. Og það var náttúrlega skiljanlegt, að ríkisstj., sem þannig vann, kærði sig ekki mikið um, að fiskábyrgð og trygging fyrir því, að útvegurinn væri rekinn, héldist áfram í lögum. Hún skellti gengislækkuninni á án þess að sinna nokkrum af þeim aðvörunum, sem þá komu fram, án þess að þora að setja inn í lögin það, sem hún sjálf hélt fram í sambandi við gengislækkunina og rökstuddi hana með, að með gengislækkuninni yrði tryggt ákveðið verð fyrir fiskinn og öruggur markaður fyrir hann. Og hún skellti bátagjaldeyrinum á degi eftir að Alþ. var sent heim, án nokkurs lagagrundvallar, þannig að nú væri allt algerlega öruggt, þegar þessi gjaldeyrir væri kominn. Og nú, hálfu öðru ári eftir, tilkynnir hún sjálf í sínu aðalblaði, að meginið af freðfiskframleiðslunni sé óselt og að markaðirnir í Ameríku séu að hrynja. Þetta er árangurinn af hennar efnahagssamvinnu. Á sama tíma hefur hér þrjú þing legið fyrir frv. um að gefa Íslendingum frelsi til þess að mega sjálfir, án þess að vera ónáðaðir af ríkisstj. og án afskipta hennar, framleiða sinn fisk og selja hann út úr landinu og kaupa síðan nauðsynjavörur í staðinn. Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því, að frv., sem að slíku miðaði, væri drepið, og þverneitað á allan hátt að slaka nokkurn skapaðan hlut á þeim einokunarhöftum, sem hún er búin að fjötra alla útflutningsframleiðslu og þar með meginið af öllu atvinnulífi landsmanna í. Meðan ríkisstj. þannig hefur leitt hrun yfir atvinnuvegina og þjarmað meira og meira að verkalýðnum í landinu, þá hefur hún séð um, að það skapaðist stórgróði hjá einstökum aðilum á Íslandi, þannig að það hefur aldrei verið til meiri auðsöfnun á Íslandi heldur en nú í höndum einstakra stofnana, sem klíkur ríkisstj. og stjórnarflokkarnir ráða yfir. Á sama tíma sem erfiðast hefur gengið fyrir almenningi, núna á síðasta ári, þá hefur gróði þeirra stofnana, sem safna auðnum í landinu, numið fleiri tugum millj. kr. Ég skal taka eitt lítið dæmi, vegna þess að reikningarnir liggja þar ljósast fyrir. Á síðasta ári græðir Landsbankinn samkv. hans reikningum 28 millj. kr. í hreinan gróða. Hvað Eimskipafélagið hefur grætt, hvað aðrir bankar hafa grætt, hvað heildsalarnir hafa grætt, það liggur ekki fyrir með tölum. Hvað olíuhringarnir hafa grætt á útveginum skiptir tugum millj. kr. Gróði, sem ekki er undir 100 millj. kr., safnast fyrir hjá einstökum stofnunum í landinu, sem stjórnarflokkarnir ráða yfir, á sama tíma sem atvinnuvegirnir eru meira eða minna látnir tapa eða stöðvaðir með aðgerðum ríkisstj. að meira eða minna leyti, eins og íslenzki iðnaðurinn.

Það fer fram gífurleg auðsöfnun í okkar þjóðfélagi. En þessi auðsöfnun er látin vera utan við hið eiginlega atvinnulíf, í fjármálaklíkum, sem stjórnarflokkarnir ráða, og þeim auð geta þeir

ráðstafað eftir því, sem þeim þóknast. Þeir ráða lánsfjárstarfsemi bankanna, sem safna þessum auð saman. Þeir ráða starfsemi Eimskipafélags Íslands. Á sama tíma sem lögin um framlengingu söluskattsins liggja nú fyrir okkur í þessari hv. d., þá liggur nú á dagskránni í dag fyrir frv. um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Eimskipafélag Íslands á að öllum líkindum, ef þess eignir eru metnar með fullu verði, um 150 millj. kr. í skuldlausum eignum. Landsbankinn á í sínum sjóðum yfir 150 millj. kr. Aðeins þessar tvær stofnanir eiga í skuldlausum eignum yfir 300 millj. kr. Það er nægilegur auður til á Íslandi. Verkamennirnir á Íslandi hafa skapað nógan auð. En þeir flokkar, sem hér fara með völd í þjóðfélaginu núna, gína yfir þessum auð, þeir nota þennan auð til þess að þrengja kosti almennings dag frá degi og hafa nú notað sitt einokunarvald yfir þjóðfélaginu til þess að stöðva atvinnulíf landsins.

Það er sök þessarar hæstv. ríkisstj. og þeirra flokka, sem hana styðja, hvernig nú er komið í þjóðfélaginu. Það er á hennar ábyrgð, þeirrar ríkisstj., sem með lögum er fyrirskipað að sjá um, að hver einasti maður hafi í fyrsta lagi næga og örugga vinnu, eins og stendur í lögunum um fjárhagsráð, og í öðru lagi réttlátar tekjur fyrir sína vinnu. Það er á ábyrgð þessarar ríkisstj., að sultur og seyra er orðið hlutskipti almennings frá þeirri tiltölulegu velmegun, sem almenningur bjó við fyrir 5 árum. Og þegar þessi hæstv. ríkisstj. núna heimtar framlengdar álögur upp á um 80 millj. kr. án þess að hafa svo mikið sem fengizt til þess að svara því hér á Alþ., hvort hún ætli að leita einhvers lagagrundvallar fyrir bátaútvegsgjaldeyrinum, sem hún er búin að innheimta yfir 100 millj. kr. af án þess að hafa nokkra heimild til, þá er það þó satt að segja von, að okkur stjórnarandstæðingum þyki skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Ég hef þess vegna í fjhn. tekið afstöðu á móti framlengingu söluskattsins eins og hann liggur nú fyrir. Þar fyrir er vitanlegt, að um söluskattinn mætti náttúrlega ræða á ýmsan hátt, ef einhver vilji kæmi fram um að breyta þar eitthvað verulega til, láta hann koma léttar niður á almenning, undanskilja nauðsynjavörurnar, sem hann leggst að ýmsu leyti allþungt á, undanskilja vörurnar til atvinnurekstrarins. M. ö. o., ef það væri hægt að fá eitthvert samkomulag um það að gera söluskattinn fyrst og fremst að skatti á lúxusvörunum í landinu, þá væri náttúrlega hægt að tala um þessi mál. En núna er ástandið þannig, að nauðsynjavörur almennings eru skattlagðar með honum, og hefur almenningur samt það lítið til þess að kaupa fyrir, að það munar verulega um söluskattinn á þessar nauðsynjavörur. Hins vegar er rétt, að lúxusvörurnar, dýrustu vörurnar, sem koma í fínustu búðirnar í Reykjavík núna, renna út undireins, vegna þess að kaupgeta auðmannastéttarinnar hér í Reykjavík er meiri núna heldur en hún hefur verið nokkurn tíma áður. Og auðmannastéttin hefur meira úrval af vörum heldur en hún hefur haft fyrr. Ástandið er þannig, að verkalýðurinn hefur minni peninga til þess að kaupa sér nauðsynjarnar fyrir, en auðmannastéttin meira úrval af vörum til þess að velja úr, til þess að hafa þær sem dýrastar og fínastar handa henni. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað þoka neinu um neitt, sem söluskattinn snertir. Hennar meiri hl. í fjhn. var fyrirskipað að leggja bara til að framlengja söluskattinn óbreyttan.

Ég hef við þessa umr. ekki gert margar brtt. Mín eigin till. er að fella þetta frv., sem ég hins vegar veit að verður samþ., en vil þó við þessa umr. freista að koma fram með brtt. við þetta frv., til þess að það fáist a. m. k. úr því skorið, hvort stjórnarmeirihl. sé til viðtals um nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum. Ég hef þess vegna leyft mér á þskj. 325 að bera fram tvær brtt. Sú fyrri er við 23. gr., a-liðinn, þar sem ákveðið er, hvaða vörur skuli vera undanþegnar söluskatti, að við þær vörur, sem þar eru upp taldar, bætist: „svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.“ Það mundi m. ö. o. þýða, að íslenzku iðnaðarvörurnar væru undanþegnar söluskatti, ef þessi brtt. mín yrði samþ. Það er vitanlegt, að það hefur verið einn liður í pólitík hæstv. ríkisstj., eins og greinilega hefur komið fram og er í samræmi við það, sem stóriðjuhringarnir erlendis, sem ráða hennar gerðum, hafa heimtað að framkvæmt væri með Marshallpólitíkinni, sem sé, að iðnaður smáu landanna og fátæku landanna væri drepinn niður, til þess að stóriðja ríku landanna gæti skapað sér markaði fyrir sína vöru. Það hefur verið pólitík hæstv. ríkisstj. að þjarma að íslenzka iðnaðinum, leggja alls konar torfærur í veginn fyrir, að hann geti fengið hráefni. Þegar leyfi seint og síðar meir eru veitt til þess, að svo miklu leyti sem þau þarf, þá er venjulega látið standa um tíma á gjaldeyrinum. Og ef verulegt af hráefnunum er veitt, þá er öðru hvoru látið vanta eitthvað af þeim afgerandi hlutum, sem nauðsynlegir eru. Og þegar ekki lengur er skipulagsbundið unnið að því að eyðileggja iðnaðinn, þá kemur sjálf skriffinnskan og þunglamahátturinn og skilningsleysið hjá hæstv. ríkisstj. og hennar nefndum, sem allt samanlagt stuðlar að því að skapa atvinnuleysi í íslenzka iðnaðinum og hindra landsmenn í því að geta hagnýtt sér þær miklu vélar og þá miklu fagþekkingu og þá æfingu, sem verkalýðurinn í iðnaðinum smám saman hefur fengið. Meira að segja svo smáfelld ákvæði eins og þau, sem ég hef lagt hér fyrir þing eftir þing, að íslenzkur iðnaður hefði frelsi til þess að flytja út vörur og kaupa frjálst vörur í staðinn, hafa verið drepin í þessari hv. d. þing eftir þing. Hæstv. ríkisstj. hefur með allri sinni pólitík dregið stórkostlega úr afkastagetu íslenzka iðnaðarins, valdið atvinnuleysi í allmörgum greinum hans og með söluskattinum og öðrum þungum búsifjum, vaxtahækkunum, skriffinnskunni, gjaldeyris- og innflutningstregðunni og öðru slíku valdið því, hve illa iðnaðurinn nú er kominn. Það virðist þess vegna ekki vera neitt stórkostlegt, sem farið væri fram á, þó að söluskatturinn væri afnuminn af íslenzkum iðnaðarvörum. Ég flutti till. um þetta í fyrra. Hún var steindrepin. Það var sýnt fram á þá af fulltrúum, bæði frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, og frá iðnrekendum, sem komu hér og töluðu við formenn allra þingflokkanna og áttu tal líka við iðnn. þingsins, að í sumum tilfellum væri jafnvel

þrisvar sinnum innheimtur söluskattur af sömu vörunni. Og ég veit það, að það var það eina litla, sem hæstv. ríkisstj. að nokkru leyti léði máske máls á, að reyna nú eða a. m. k. segjast ætla að koma í veg fyrir það, að söluskatturinn yrði innheimtur þrisvar sinnum. En ég held, að hún hafi bara ekki gert það. Ég legg þess vegna til, að í 23. gr., aftan við a-liðinn, sé bætt sem vörum, sem séu undanþegnar söluskattinum, íslenzkum iðnaðarvörum. Ég veit, að það munu koma fram fleiri till. viðvíkjandi söluskattinum. Hv. meðnefndarmaður minn, sem líka er í stjórnarandstöðu, kvaðst mundu bera fram brtt. við þetta, en mun ekki hafa unnizt tími til þess sökum anna, þar sem flokksþing Alþfl. stendur nú yfir.

Önnur brtt., sem ég flyt, er viðvíkjandi innheimtuaðferðinni, þ. e. við 24. gr. — 24. gr., eins og hún er nú, mælir fyrir um, að svo framarlega sem þeir menn, sem greiða eiga söluskattinn, hafi ekki greitt hann á tilsettum tíma, þá skuli fyrirtækjum þeirra tafarlaust lokað af lögreglunni og þau innsigluð. Þegar þetta ákvæði var sett í lög, mælti ég á móti því hér á Alþ. Og ég veit, að síðan þetta ákvæði var samþ., þá hefur þetta ákvæði orðið með óvinsælustu lagafyrirmælum, sem til eru á Íslandi nú. Þetta lagafyrirmæli minnir máske óþarflega mikið á harðvítugustu aðgerðir fógeta konungsins hér í gamla daga, enda hefur það greinilega komið í ljós við framkvæmdina á þessu ákvæði, að það hefur ekkert tillit verið tekið til neinna aðstæðna og verið gengið svo harkalega fram í þessu sambandi, að hreinasta harðstjórn er. Við höfum satt að segja, þrátt fyrir alla harðýðgi, sem tíðkazt hefur, ekki verið vanir því í okkar þjóðfélagi, að öðru eins harðræði væri beitt eins og beitt hefur verið í sambandi við innheimtu söluskattsins. Ég vissi í fyrra um fyrirtæki hjá smáatvinnurekanda. Það var um miðjan desember. Hann var nýbúinn að fá heim og hafði útleyst með ærnum kostnaði og greitt þunga tolla af vél, sem átti að vinna verk, sem sérstaklega átti að koma út á markaðinn fyrir jólin. Hann skuldaði ofur lítinn söluskatt, ca. 2000 kr. eða eitthvað þess háttar. Það var komið til mannsins. Hann var búinn að leggja sitt fé í að leysa út þessa vél, sem var milli 10 og 20 þús. kr. virði og hann var búinn að borga út og hefði gefið af sér nokkrar þús. kr. fyrir jólin. Hann reyndi að fá að láni 2 þús. kr. til þess að borga söluskattinn, átti skuldlausar ágætar eignir til að veðsetja, en gat ekki fengið svo mikið sem 2000 kr. lán. Fyrirtækið var innsiglað, og því var lokað. Atvinna mannsins var stöðvuð, og hann var hindraður í því að geta aflað sér tekna á þeim tíma ársins, sem hans atvinnurekstur var alveg sérstaklega miðaður við. Manninum var valdið mörg þús. kr. tjóni með þessari harðvítugu aðferð við innheimtu söluskattsins. Og slík dæmi eru mörg. Það hefur verið gengið þannig að með innheimtuna á þessum skatti, að almenningi hefur verið valdið stórtjóni og jafnvel ríkissjóði líka.

Nú vilja menn máske segja: Það er nú ákaflega hart, ef menn, sem innheimta fyrir ríkissjóð skatt, eiga ekki að standa skil á honum í tíma og eiga jafnvel að geta notað hann að einhverju leyti sem verzlun fyrir sig. Já, það væri vissulega mjög hart, svo framarlega sem við lifðum í þjóðfélagi, þar sem einhverjir siðaðra manna hættir væru hafðir um lánsfé og fjármál. Ekkert ríki á Norðurlöndum er þannig, að maður, sem á skuldlausa eign, við skulum segja upp á 100 þús. kr., 200 þús. kr., 300 þús. kr. eða jafnvel minna, ætti annaðhvort hús, vél, íbúð eða bíl, geti ekki hvaða dag sem er, ef hann á þetta skuldlaust, farið í hvaða banka sem er og fengið sér lán upp á nokkur þús. kr., ef honum liggur á, út á slíka eign. Það mundi verða litið svo á á Norðurlöndum, að ef maður gæti ekki fengið slíkt lán, þá væri verið að ræna hann hans eignum. Það væri verið að svipta hann möguleikunum til þess að geta notfært sér eign sína, ef hann gæti ekki fengið smálán út á hana. En hvernig er ástandið hér á Íslandi? Ástandið hér á Íslandi er þannig, að nýlega kom t. d. fyrir, að maður, sem átti hús, sem á uppboði seldist á yfir 200 þús. kr., gat ekki fengið 900 kr. lán til þess að bjarga húsi sínu frá uppboði, þó að hann ætti það skuldlaust, þegar var verið að ganga að með skatt. Svona er ástandið. Er þetta normalt ástand í þjóðfélaginu? Nei, þetta er ástand, sem skapað er af ríkisstj. og samkv. fyrirmælum ríkisstj. og fyrst og fremst hæstv. viðskmrh. Sjálfstfl., sem hefur skrifað bönkunum fyrirmæli, að vísu kurteislega orðuð, um að hafa hömlur á útláni lánsfjár, en hin eiginlega merking orðanna var að sjá um, að svo lítið væri veitt af lánsfé, að það þrengdi að almenningi og smáatvinnurekendunum í landinu, þannig að hægt væri að fléttа millistéttirnar og þá verkamenn, sem eitthvað hefðu eignazt, á meðan auðmennirnir í landinu væru að hrifsa til sín eignirnir. (Gripið fram í.) Hæstv. viðskmrh. spurði, hvort þetta standi í bréfinu. Hæstv. viðskmrh. hefur tvisvar sinnum hér á Alþ. verið beðinn um að lesa bréfið upp, og hæstv. viðskmrh. hefur af n. hér á Alþ. verið beðinn um að sýna þetta bréf. Hæstv. viðskmrh. hefur verið krafinn sagna hér um það, hvað hafi verið í því bréfi, sem hann skrifaði Landsbankanum. Hæstv. viðskmrh. stóð hér fyrir svörum, þegar ég lagði hér fram þáltill. í fyrra um rannsókn á atferli dr. Benjamíns Eiríkssonar og hvers konar eftirlit hann hefði með láveitingum út á hús í bönkunum hérna á Íslandi og hvort hann hefði þetta eftirlit með höndum samkv. fyrirmælum ríkisstj. Hæstv. viðskmrh. varð það á að segja, að hann hefði skrifað þetta bréf. Þessi sami hæstv. viðskmrh. lýsti því svo yfir nokkru seinna, að hann hefði engin afskipti haft af lánsfjármálum bankanna. Þetta seinna skipti var næsta þægilegra að segja, að ríkisstj. hefði ekki komið neitt nærri lánsfjármálunum. Í fyrra skiptið hins vegar þurfti hann að bera blak af dr. Benjamín Eiríkssyni, og þá ætlaði hann nokkuð stórmannlega að taka sökina á sig og segjast sjálfur hafa skrifað bönkunum til þess að fyrirskipa þeim að draga úr lánum. Hæstv. viðskmrh. gerir nú máske svo vel og les upp þetta bréf, því þó að hann tvisvar sinnum hafi talað um bréfið, þá notaði hann ekki sömu orðin í bæði skiptin, þannig að það væri þess vegna mjög gott að fá að vita, á hvern hátt afskipti Sjálfstfl. hafa verið af lánveitingum Landsbankans, ekki síst lán-

veitingum til húsa. Hæstv. viðskmrh. man kannske, að ákveðnir þm. úr hans eigin flokki, úr Sjálfstfl., hafa lagt hérna fram á Alþ. í þessari hv. d. allmörg lagafrv., sem mæla fyrir um allmiklar lánveitingar. Ég hef ekki talið saman, hve millj. eru margar. Mig minnir nú, að vissir þm. Framsfl. væru að reyna að telja þetta saman í einu þskj. núna nýlega. Og mig minnir nú helzt, að þeir hafi komizt upp í kringum 100 millj. eða meira, ef það var ekki 200 milljónir, — það voru a. m. k. mjög álitlegar fjárfúlgur, sem sjálfir þm. stjórnarfl. og Sjálfstfl.-þm. alveg sérstaklega hafa flutt viðvíkjandi lánum til íbúðarhúsa, þ. á m. að gerbreyta alveg lánum úr veðdeild Landsbankans. Vissulega væri þörf á þessu. Ég neita því ekki. Eins og hæstv. viðskmrh., sem bankamál heyra undir, er kunnugt, þá eru öll veðlán Landsbankans núna, allt, sem veðdeildin hefur í útláni í öllum sínum 17 flokkum, sem hún hefur gefið út nú í upp undir 50 ár bráðum, 38 millj. kr., allt, sem Landsbankinn lánar út á veð í húsum á Íslandi. Og brunabótamat allra húsa á Íslandi er — eins og hæstv. viðskmrh. veit — 3000 millj. kr. M. ö. o., það, sem veðdeild Landsbankans á í veðum í útistandandi fé með 1. veðrétti í húsum á Íslandi, er rúmlega 1% af andvirði íbúðarhúsa og húsa yfirleitt á Íslandi. Það er greinilegt, hvað þetta þýðir, að lánin eru lítil. Jafnvel þótt maður gizkaði með öllum þeim lánum, sem aðrir bankar veita og sparisjóðir og einstaklingar, þá kæmist það aldrei upp yfir 10%, það kæmist aldrei upp yfir 300 millj., sem lánað er út á öll hús á Íslandi, þannig að það eru ekki 10% af öllum þeim húseignum, sem til eru á Íslandi, sem lánað er út á. M. ö. o., 90% af öllu því verðmæti, sem liggur í húsum á Íslandi núna, á núverandi kynslóð að borga upp, og þegar vitanlegt er, að verkamenn og millistéttarmenn rísa ekki undir því, þá þýðir það, að svo og svo mikið af öllum þessum húseignum fer, þegar þeir missa það, yfir í hendurnar á þeim fáu auðmönnum, sem hafa aðganginn að bakdyrunum á bönkunum og fá lánað þar og geta keypt upp það, sem hinir missa. Þannig er verið að rýja almenning á Íslandi. Svo kemur Sjálfstfl. hér fram á Alþ. með frv. um að breyta veðdeild Landsbankans og fara að lána öll ósköp út. Á sama tíma skrifar viðskmrh. Sjálfstfl. Landsbankanum bréf og segir: Í guðanna bænum, hafið þið nú hömlur á útlánunum, — m. ö. o. segir: Verið þið nú ekki að lána til húsbygginga og annars slíks, — og setur Benjamín Eiríksson eins og varðhund í bankana til þess að kíkja á hvern einasta víxil, sem látinn er út, til þess að rannsaka, hvort það kunni nú að vera, að einhver af víxlunum sé út á hús. — Þetta var nú bara innskot út af því, sem hæstv. viðskmrh. var að skjóta fram í áðan. Ég vona nú, að hann sýni bréfið frá Landsbankanum.

En viðvíkjandi því, sem gaf mér tilefnið til þessa, sem sé innheimtuaðferðinni á söluskattinum, þá væri ekki mikið við henni að segja, svo framarlega sem eðlilegt lánsfjárástand ríkti í þjóðfélaginu. En þegar allir bankar eru lokaðir, þegar eign er gerð einskis virði við það, að ekki er hægt að fá lánaða út á hana peninga, — það er smám saman verið að gera hana einskis virði, — þá á svona aðferð eins og þarna er beitt ekki við. Og ég vil minna hæstv. ríkisstj. á, að með svona harðvítugum aðgerðum eins og ríkisstj. núna er að beita með innheimtunni á söluskattinum, þá er verið að ganga nær fleirum en iðnrekendunum, sem er verið að blaðra um, þeim, sem er verið að innheimta þennan söluskatt hjá. Það tíðkast nú í vaxandi mæli, að svo og svo margir smærri atvinnurekendur borga ekki lengur út kaup vikulega, eins og þeim ber að gera eftir l. frá Alþ. Fjöldi af verkafólki hér í bænum og vafalaust annars staðar á landinu líka á við þau kjör að búa nú að fá ekki kaup sitt greitt vikulega, þótt fastráðið sé, og verður að bíða eftir kaupgreiðslum dögum, vikum, jafnvel mánuðum saman. Það þýðir lítið að ætla máske að afhenda verkalýðsfélögunum slíkar kröfur og fara að láta ganga hart að þessum iðnrekendum eða öðrum smáatvinnurekendum, sem þannig eru að lenda í vandræðum, vegna þess að verkafólkið veit, hvað yfir þessum atvinnurekendum vofir, — yfir þeim vofir svipa ríkisstj. M. ö. o., þegar hæstv. fjmrh. gengur að atvinnurekstrinum með allri þeirri harðýðgi, sem beitt er við innheimtu söluskattsins, þá er hann að taka kaupið, sem verkafólkið á að fá útborgað, og kúska atvinnurekendur til þess að brjóta l. um greiðslur verkakaups. Samtímis fyrirskipar svo ríkisstj. bönkunum að lána ekki þessum sömu atvinnurekendum eðlilegt rekstrarfé, lána þeim ekki út á skuldlausar eignir og skapa þannig það óeðlilega ástand í þjóðfélaginu, sem er að ríða því að fullu.

Hæstv. ríkisstj. starfar samkv. l., eins og l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og gjaldeyrismeðferð o. fl., sem fyrirskipa henni að tryggja hverjum einasta manni í landinu vinnu og fyrirskipa henni að vinna að því að tryggja hverjum þeirra réttlátar tekjur af sinni vinnu. En hæstv. ríkisstj. er svo fjarri því að reyna til þess að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að framfylgja þessum lagafyrirmælum, að hún ekki aðeins sleppir því að framfylgja þeim, heldur hleður álögum á álögur ofan á almenning og innheimtir þær með slíkri harðýðgi, að atvinnurekstrinn líður stórkostlega undir því og verkalýðurinn á við lakari og lakari kjör að búa vegna ráðstafana ríkisstj. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja þá brtt. við 24. gr., sem er prentuð á þskj. 325,2.b. Með þeirri breyt. er lagt til að setja innheimtuaðferðina í sama form og áður var, og virðist það vera alveg nægilega strangt form. Það virðist engin ástæða til þess að innheimta þannig skatt, sem raunverulega er loginn út úr almenningi, eins og söluskatturinn er, undir fölskum forsendum, settur á til þess að tryggja atvinnuvegina, settur á til þess að standa undir fiskábyrgð, settur á til þess að borga niður dýrtíðina, en síðan notaður til að auka dýrtíðina í landinu, lofað að afnema hann, en skellt á gengislækkun í staðinn, lofað að tryggja atvinnu með henni, skipulagt atvinnuleysi í staðinn, lofað, að það skyldi þó a. m. k. látið nægja með þessa gengislækkun, það svikið eftir eitt ár, skellt á bátaútvegsgjaldeyrinum í staðinn. M. ö. o., það er nú þrisvar sinnum búið að taka af almenningi þær álögur, sem lofað var að láta hann sleppa við, þegar þessi l., sem við hérna erum að

ræða um, voru sett. Söluskatturinn er látinn haldast, þegar fiskábyrgðin er afnumin, gengislækkuninni er skellt á síðan, bátaútvegsgjaldeyrinum þar ofan á. Og svo er þetta heimtað inn með slíkum aðferðum, sem ég nú hef lýst og ekki hafa þekkzt áður, frá því að kóngsins fógetar frá Bessastöðum voru harðvítugastir aðgöngu við landsmenn hér í gamla daga.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þessar brtt. fái góðar móttökur í þessari hv. d. En almennt stendur hins vegar málið þannig, að ég er á móti þessum söluskatti og því öllu, hvernig hann er til orðinn. Mín höfuðtill. er, að þetta frv. sé fellt og ríkisstj. þannig sett í þann vanda að verða að finna tekjustofna, sem innheimti tekjur af þeirri auðmannastétt landsins, sem nú hefur of mikla kaupgetu, en almenningi verði hlíft, sem á við sírýrnandi kaupgetu að búa fyrir tilstilli ríkisstj.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að svara í löngu máli þessari löngu ræðu hv. 2. þm. Reykv., vildi þó segja örfá orð í sambandi við framlengingu á söluskattinum, sem hér er til umr.

Hv. 2. þm. Reykv. segir: Þessi skattur var lagður á til þess að borga útflutningsuppbætur og til þess að greiða niður dýrtíðina, — hann átti að falla niður, og því var jafnvel lofað, að hann yrði felldur niður, þegar gengislækkunin var samþ. — Það er ástæða til þess að benda þessum hv. þm. á það, sem hann þó vel veit, að útflutningsuppbæturnar voru ekki raunverulega greiddar af þessum skatti á sinni tíð, þær voru greiddar með yfirdráttarlánum í Landsbankanum. Það var stórkostlegur greiðsluhalli á ríkissjóði ár eftir ár, á meðan útflutningsuppbæturnar voru greiddar. Áður en gengislækkunin var samþ., þá var lagt hér fram fjárlagafrv. á Alþ., sem sýndi mjög glöggt, hvernig ástandið var. Á því fjárlagafrv. var söluskatturinn reiknaður teknamegin, en engar útflutningsuppbætur gjaldamegin. Þær komust ekki fyrir á frv. Þannig var þessum málum háttað, áður en gengislækkunin var gerð. Hv. 2. þm. Reykv. veit það líka vel, að það er algerlega rangt, að því hafi nokkurn tíma verið lofað í sambandi við gengislækkunina að afnema söluskattinn. Ég benti þvert á móti mjög greinilega á það strax þá, að eins og afkomu ríkissjóðs væri háttað, þá mundi ekki vera hægt að afnema söluskattinn, því að hallinn var svo stórfelldur á rekstri ríkisins, 35—40 millj. kr. á ári, og ætlunin væri að halda áfram að greiða niður verðlag á mörgum vörum innanlands og hefur það verið gert.

Þá vil ég í sambandi við þann áróður, sem hv. stjórnarandstæðingar halda hér uppi um tollana og skattana og hvað þeir hafi átt gífurlegan þátt í að auka dýrtíðina, segja aðeins fáein orð um það.

Ef við lítum á söluskattinn og verðtollinn saman í einu lagi, þá gefa þessir skattstofnar ríkissjóði allt að því eða um 200 millj. kr., eða nærri því helminginn af öllum ríkistekjunum. Og um þessa skattstofna tvo, söluskattinn sérstaklega og nokkuð um verðtollinn, gengur áróður stjórnarandstæðinga. Þeir vilja telja, að dýrtíðin eigi að verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að þessir skattar séu yfirleitt teknir, og það mundi verða mikil bót að því, ef þeir væru annaðhvort afnumdir eða lækkaðir. Það er nú náttúrlega slík fjarstæða, að hægt sé að afnema þessa skatta, að það er ekki umræðuvert. En við skulum bara taka dæmi til þess að sýna samhengið í þessum málum. Við skulum athuga, hvaða áhrif þessir skattar hafa á verðlagið í landinu, söluskatturinn og verðtollurinn. Það er þá þannig, að allur söluskatturinn, eftir því sem hagstofan gefur mér upp, hefur áhrif til hækkunar á vísitölunni um 4 stig og allur verðtollurinn hefur áhrif til hækkunar á vísitölunni um 6½ stig. Nú skulum við hugsa okkur, að t. d. 10% af þessum sköttum yrði fellt niður, eða um 20 milljónir. Það mundi hafa áhrif til lækkunar á vísitölunni um rúml. 1 stig. En fyrir ríkissjóð snýr dæmið þannig, eins og allir hv. þm. vita, þeir sem annars á annað borð vilja nokkuð vita, að yrði þetta gert, yrði geta hans til framlaga til nauðsynjamála, svo sem til atvinnuaukningar, stórlega lömuð.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um brtt. hv. 2. þm. Reykv. Hún er aðallega um innheimtuna á skattinum. Eins og þetta er núna, þá verða menn að skila þessum skatti í ríkissjóð jafnóðum og þeir innheimta hann frá fólkinu. En hv. 2. þm. Reykv. vill hafa innheimtumátann þannig, að þeir, sem reka fyrirtækin, geti innheimt skattinn hjá fólkinu, en haldið honum eftir fyrir sjálfa sig og ekki skilað honum í ríkissjóð. Þá mundi niðurstaðan verða sú, að þeir skilvísu, sem innheimta skattinn frá fólkinu, skila honum í ríkissjóð, en hinir, sem ekki eru jafnskilvísir, halda honum til afnota fyrir sjálfa sig. Þetta er hugsunin í brtt. hv. 2. þm. Reykv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er nú komið fram einu sinni enn frv. um það að framlengja söluskattinn. Nú fyrir nokkrum dögum var verið að ganga hér frá á Alþ. áætlun um þennan söluskatt á næsta ári. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir, að söluskatturinn muni nema 83 millj. kr. Það er því alveg augljóst mál, að hér er um slíkan skattstofn að ræða, að það er ekki nema eðlilegt, að nokkrar umr. séu um till. um að framlengja þennan skatt og að það verði nokkuð rifjað upp, hvernig þessi skattur er til kominn og hvaða áhrif þessi skattur hefur á afkomu fólks í landinu og þá ekki síður afkomu atvinnuveganna.

Ég minnist þess í þessu sambandi, að það mun hafa verið árið 1946, eða á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, að gripið var til þess ráðs eitt árið að leggja á svo nefndan veltuskatt. Það var gert ráð fyrir því, að með þeirri skattálagningu yrði hægt að innheimta í kringum 10 millj. kr., því að skatturinn var ekki sérlega hár, og þá var því lýst hér yfir á Alþ., að þessi skattinnheimta yrði aðeins fyrir það eina ár. Þá var það einnig bundið í lögum, að þessi svo nefndi veltuskattur átti að vera skattur eingöngu á verzlunina í landinu, á alla þá, sem hafa með verzlun að gera, kaupmenn og einnig samvinnufélög. Þessir aðilar áttu að greiða skattinn, en þeim var stranglega bannað að leggja þennan skatt á vöruverðið, að hækka álagningu sína eða hækka útsöluverð

á vörum að nokkru leyti þrátt fyrir skattinn. Ég man líka eftir því, að sá ræðumaður, sem hér var uppi í ræðustólnum nú næst á undan mér, hæstv. fjmrh., var um þetta leyti í stjórnarandstöðu. Hann talaði þá hér æði oft, eins og hann gerir reyndar oft hér á Alþ., og hann hélt margar ræður um þennan svo nefnda veltuskatt. Þá sagði hann hér á Alþ., sem víða má finna í alþingistíðindum, að þetta væri óréttlátasti skatturinn, sem nokkurn tíma hefði verið lagður á á Íslandi, hann væri svo ósanngjarn, að furðu sætti, að nokkur leyfði sér að bera fram till. um að leggja hann á þjóðina. Blað hæstv. fjmrh., Tíminn, skrifaði hverja greinina á fætur annarri um þennan óréttláta söluskatt eða veltuskatt og þá ósvífni, sem í því fælist að leggja hann á. — Það liðu nú ekki nema ég held tæplega tvö ár eða svo. Þá var þessi sami maður, núverandi hæstv. fjmrh., kominn í ríkisstj., og þá stóð hann að því, að söluskatturinn núverandi var lagður á. Hann hét að vísu í þetta skipti ekki veltuskattur eins og áður. Það var búið að skipta um nafnið, og nú hét hann söluskattur. En öll ákvæði þessarar skattaálagningar, allar greinar þessa nýja frv. voru orðréttar frá stafi til stafs, frá greinarmerki til greinarmerkis eins og var í hinum eldri lögum, sem mest hafði verið skammazt út af, nema það eina ákvæði var nú í þessum nýju l., að nú mátti hækka vöruverðið sem skattinum nam. Nú gátu sem sagt kaupmenn og kaupfélög og allir þeir, sem með verzlun fóru, hækkað vöruverðið sem skattinum nam. Það var hægt að auka dýrtíðina á þennan hátt. Þetta var eini munurinn á skattinum. Nú var hann líka góður. Nú gat líka hæstv. fjmrh. m. a. staðið að því að leggja þennan skatt á. Þegar söluskatturinn var lagður á með sínu núverandi nafni, þá var svo komið, að hann var réttlættur með því, að hann ætti að standa undir þeim greiðslum, sem ríkið yrði að taka á sig vegna fiskábyrgðarinnar. Hvað sem hæstv. fjmrh. segir nú um þennan skatt og með hvaða peningum ríkisábyrgðin á útfluttum fiski hafi á sínum tíma verið greidd, þá var það svo, að hér á Alþ. var því lýst yfir, þegar söluskatturinn var lagður á, að hann væri lagður á til þess að standa undir þessum ákveðnu greiðslum ríkissjóðs, hann væri lagður á vegna afkomuvandræða bátaútvegsins. Og í sjálfum l., í sjálfum kaflanum, sem nú er verið að óska eftir með þessu frv. að framlengja, þar segir orðrétt á þessa leið:

„Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru.“

Þetta er upphaf þessa kafla, sem hér er lagt til að framlengja. Síðan kemur skilgreiningin á skattinum sjálfum, sem átti að renna í þennan dýrtíðarsjóð til þess að standa undir fiskábyrgðinni. Engar afsakanir um það, að afkoma ríkissjóðs hafi að öðru leyti verið orðin svo slæm, að ríkissjóður hafi þurft á þessum skatti að halda til annarra þarfa, koma því máli við, að þessi skattur var á sínum tíma lagður á og afsakaður með því, að hann ætti að standa undir þessum ákveðnu greiðslum. Ríkissjóður hafði sannarlega bundið sér skyldur í sambandi við fiskábyrgðina og þurfti sannarlega að greiða ákveðnar upphæðir vegna fiskábyrgðarinnar, hvort svo sem það voru þessir peningar eða einhverjir aðrir, sem gengu til þess. En svo var fiskábyrgðin afnumin með l. Fyrsti kafli þessara l., dýrtíðarlaganna, sem var um fiskábyrgðina, skyldur ríkissjóðs í sambandi við fiskverð, hann var afnuminn. En þriðja kaflann, um það, hvernig ríkissjóður ætlaði að fá sér tekjur til þess að standa við þessa ábyrgð, hann á nú að framlengja einu sinni enn. Fiskábyrgðin var afnumin, en í staðinn fyrir fiskábyrgðina kom gengisbreytingin. En þrátt fyrir það varð það hlutskipti núverandi hæstv. fjmrh. að leggja til, að þessum stóra skattstofni yrði haldið áfram. En það var ekki nóg með það, að söluskatturinn ætti að framlengjast. Hann hefur smám saman, jafnt og þétt verið hækkaður. Hann hefur verið hækkaður stórkostlega frá því, sem hann var á sínum tíma, þegar hann var lagður á. Rétt áður en ég gekk hér upp í ræðustólinn, þá leit ég á tölur fjárlaga fyrir árið 1948. Þar var gert ráð fyrir, að söluskatturinn mundi nema 19 millj. kr. En nú er gert ráð fyrir, að hann muni nema 83 millj. kr. Og sannanir liggja fyrir um það, að söluskatturinn hefur ekki aðeins reynzt 83 millj., heldur mun hann hafa farið nokkru hærra sum árin.

Söluskatturinn kemur æði hart við marga landsmenn. Því hefur áður verið haldið fram hér á Alþ., og ég hygg, að það muni ekki vera fjarri lagi, að söluskatturinn muni þýða í almennri verðhækkun á vörum í landinu í kringum 11—12%. Og mér þykir það ekki ótrúlegt, að slíkur skattur, sem hvílir á vöruverðinu og síðan hvílir álagningarprósenta einnig ofan á þessum skatti, muni nema í hinu almenna verðlagi hækkun, sem nemur 11—12%.

Ég skal nú ekki segja um það, hvernig reikningur sá, sem hæstv. fjmrh. minntist hér á í ræðu sinni, um tiltölulega fá vísitölustig, sem þessi skattur ætti að nema, er til kominn, en það eitt er víst, að hversu rangur grundvöllur sem vísitalan er og hversu skakka mynd sem hún kann að gefa í sambandi við þetta mál, þá fær það ekki breytt þeirri staðreynd, að 83 millj. kr., sem lagðar eru ofan á vöruverðið í landinu og skapa síðan enn aukna álagningu verzlunarstéttarinnar, hljóta að hvíla með miklum þunga á vöruverðinu í landinu. Það kemur jafnþunglega við almenning í landinu, hvort svo sem það hefur hækkandi áhrif á vísitöluvörurnar, sem eru tiltölulega takmarkaðar, eða einnig aðra vöruflokka, sem eru meira og minna eða algerlega fyrir utan vísitölugrundvöllinn.

Það er nú um þessar mundir sérstakt vandamál Alþ., hvernig verði svo búið að aðalatvinnuvegum landsmanna, eins og t. d. bátaútveginum, að hann geti haldið áfram fullum rekstri. Hagur bátaútvegsins fer síversnandi, og svipað má segja um hag ýmissa annarra starfsgreina í landinu. En þessi söluskattur hvílir æði þungt m. a. á bátaútveginum og öllum atvinnurekstri í landinu, ekki aðeins í því formi, að hann stórhækkar allt verðlag og framkallar þannig hækkandi kaup, heldur einnig sem bein skattlagning á rekstrarvörur framleiðslunnar.

Ég kynntist því nýlega, að útgerðarmaður, sem

var að kaupa sér vél í bátinn sinn, venjulegan fiskibát, varð núna að greiða í þennan söluskatt rösklega 21 þús. kr. — bara í söluskatt af vélinni, sem átti að fara í bátinn. Ég hef það fyrir satt, að aðeins af því sérstaka dæmi, þegar við tökum nýsköpunartogara hérna upp í Slippinn í Reykjavík og látum mála hann á venjulegan hátt, þá nemi þessi skattlagning í kringum 2000 kr. bara á því verki einu í hvert skipti. Við höfum ótal dæmi um það, hvernig rekstrarvörur framleiðslunnar, efni og tæki t. d. til bátaútvegsins, hækka stórkostlega í verði vegna þessa skatts. Það virðist því ekki vera nema full ástæða til þess, að á það sé minnt nú, þegar komið er út í almenna vinnustöðvun af kröfum, sem fram eru komnar um hækkað kaup, en þær eru aftur bein afleiðing af því, að dýrtíðin fer sífellt hækkandi og kaupmáttur launanna fer minnkandi, — þá virðist ekki vera nema full ástæða til þess að minna nú á það, að þennan stóra skatt, sem nú er verið að leggja til að framlengja einu sinni enn, á raunverulega ekki að framlengja, hann hefur verið lagður hér á undir fölskum forsendum. Hann er ekki lengur lagður á í því tilefni, sem í l. segir, hann er notaður til allt annars, og hann ætti því annaðhvort að stórlækka eða afnemast með öllu.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. öll muni segja, að það sé hægara sagt en gert að aflétta jafnstórum tekjustofni ríkisins, að það muni verða nokkuð mikill vandi fyrir ríkissjóð að sjá sér farborða, ef þessi tekjustofn ríkisins verði skertur. En hæstv. ríkisstj. má líka vita það, að eins og þarna mun verða talsverður vandi fyrir sjálfan ríkissjóð að verða þarna af nokkrum tekjum, t. d. með lækkun á skattinum, þá er það einnig mikill vandi fyrir almenning í landinu að taka við þessum látlausu hækkunum, án þess að þessi sami almenningur bregðist við og heimti sínar bætur í staðinn. Ríkisstj. má líka vita það, að það er líka mikill vandi fyrir atvinnuvegina í landinu að taka við þessum hækkunum, sem leiðir m. a. af þessum skatti, og að eiga að sjá sér farborða, að tryggja reksturinn áfram undir þessum kringumstæðum. Margir þættir framleiðslunnar hafa þarna enga möguleika. Þeir verða að taka við því, sem að þeim er rétt. Þeir verða að sætta sig við það verð, sem fæst fyrir framleiðsluna á erlendum markaði. En þeir verða líka að borga þau útgjöld, sem á eru lögð á hverjum tíma. Það rís í þessu efni mikill vandi upp hjá þeim engu síður en hjá hæstv. ríkisstj. Og einmitt af því, að þessi vandi rís á þennan hátt, þá er nú komið til þeirra vinnudeilna, sem bæði atvinnurekendur og verkafólk eiga við að glíma þessa dagana. Ég held sem sagt, að hæstv. ríkisstj. megi ekki taka þetta mál svo einfaldlega, að hún vilji aðeins víkja sér undan þeim vanda, hvernig hún á að mæta því, ef tekjur ríkissjóðs fara nokkuð minnkandi, en láti hitt svo að mestu afskiptalaust, hvernig atvinnuvegirnir bregðast við sínum vanda og hvernig almenningur í landinu bregzt við þeim vanda, sem hækkandi dýrtíð er fyrir hann.

En þá vil ég einnig minna á það í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. er það vel kunnugt, að bæjar- og sveitarfélög í landinu eiga mörg við mikinn vanda að stríða í sínum fjárhagsmálum, og það hefur ekkert verið gert af hálfu ríkisvaldsins að reyna að aðstoða þau í þessum vanda. Þau hafa m. a. lagt það til, að þeim yrði ætlaður nokkur hluti af þessum skatti, ef hann á annað borð yrði lagður á, og á þann hátt yrði vandi þeirra að minnsta kosti gerður nokkru minni. Hvað segir hæstv. ríkisstj. við þessari málaleitun frá bæjar- og sveitarfélögum?

Mér sýnist sem sagt, að hæstv. ríkisstj. taki þetta á þann einfalda hátt, að hún vilji sjá ríkissjóði borgið og jafnvel það tryggilega, að ríkið komi út með allálitlegan tekjuafgang árlega, en að hún skjóti sér með öllu undan þeim vanda, sem á sama tíma er lagður á atvinnureksturinn í landinu, á almenning og m. a. á bæjar- og sveitarfélögin í landinu, sem eru að miklu leyti komin í alger vandræði. Ég tel, að það sé full ástæða til þess, að Alþ. geri nokkra breyt. á þessu frv., sem hér liggur fyrir, og lækki þennan skatt eitthvað og mæti á þann hátt að sínu leyti nokkuð þeim kröfum, sem nú eru uppi, og ríkisstj. sýni það, að hún vilji líka taka á sig nokkurn hluta af þeim vanda, sem aðrir hafa við að glíma núna, m. a. með því að horfast í augu við nokkuð minnkaðar tekjur ríkissjóðs.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég býst við, að flestir þeirra, sem hlusta á umr. hér í hv. þingdeild núna, hafi að minnsta kosti að nokkuð miklu leyti lesið Tímann á styrjaldarárunum allt fram undir árið 1947, og ég býst við, að þeir minnist þess einnig, að þá var það eitt atriði, sem sérstaklega var um rætt í því merka blaði, og það var verðbólgan. Ég held, að ég þori að fullyrða, að það hafi ekki ein einasta síða í Tímanum á þeim árum birzt svo, að ekki hafi verið verðbólguuppsláttur á einhverri grein og stundum öllu, sem á síðunum stóð. Þá virtist það, sem Framsfl. óttaðist mest af öllu í þjóðfélaginu, vera það fyrirbrigði, sem var þá kallað verðbólga, en nú er ekki minnzt á af fulltrúum stjórnarflokkanna, ríkisstjórninni eða blöðum þeirra. Þess vegna vildi ég með fáum orðum benda á það, hvernig þróun í verðlagsmálum hefur orðið hér þessi ár, sem liðin eru síðan núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum í ársbyrjun 1947.

Það er einnig kunnugt, að á stríðsárunum var byrjað að reikna út mánaðarlega vísitölu, og var samþ. í byrjun stríðsins að greiða kaupgjald eftir þeirri vísitölu. 1947 var framfærsluvísitalan í landinu í ársbyrjun um það bil 310 stig samkv. útreikningi hagstofunnar, og það var sú verðbólga, sem þá var mest um rætt í blöðum Framsfl. og sagt, að væri algerlega að sliga atvinnuvegina og fjárhagskerfi þjóðfélagsins allt saman. En hvernig hefur svo þróunin verið í þessum málum síðan? Ég vil raunar bæta því við, að í þeim stjórnarsamningi, sem gerður var, þegar sú stjórn, sem tók við völdum 8. febr. 1947, settist í ráðherrastólana, var lýst yfir, að eitt af aðalverkefnum hennar ætti að vera það að vinna bug á þessari ófreskju í atvinnu- og efnahagslífinu, verðbólgunni.

Það hefur þó farið svo, að þegar bornar eru saman tölurnar, sem mældu dýrtíðina og verð-

bólguna í ársbyrjun 1947, og aftur þær tölur sambærilegar, sem mældu hana núna á síðastliðnu sumri, eða við getum sagt í byrjun október s. l., þá hafa þær nákvæmlega hækkað um helming. Í staðinn fyrir 310 stiga framfærsluvísitölu í ársbyrjun 1947 var sú sama framfærsluvísitala reiknuð eftir sömu reglum orðin 620 stig 1. okt. s. l. Þetta er árangurinn af því viðreisnarstarfi, sem hefur verið rekið þessi ár, og baráttunni gegn þeim vágesti, sem mikið var um rætt í blöðum Framsfl. árin fyrir þennan tíma, og þetta er m. a. ástæðan til þess ástands, sem núna er í þjóðfélaginu, þess ástands, sem hefur skapað þær vinnudeilur, sem nú eru byrjaðar. En um þetta verður vitanlega ekki rætt, nema komið sé að verulegu leyti inn á þær aðferðir, sem hafa verið notaðar til þess að skapa þessa verðbólgu. Ein þeirra hefur verið rædd hérna í þessum umr. núna, það er söluskatturinn, og ég vil bæta við það nokkrum orðum og benda á, hvernig þróunin hefur stöðugt gengið áfram.

Hæstv. fjmrh. hélt mjög með söluskattinum í þeirri örstuttu ræðu, sem hann hélt áðan. Hún var ekki löng um svo mikið mál sem hér er um að ræða, því að það er orðin tízka hér hjá hæstv. ráðh. að ræða alls ekki um þau mál, sem mestu máli skipta fyrir þjóðina sem heild. Ákvarðanir um þau eru teknar bak við allar umr. í þinginu, og yfirleitt forðast þeir að minnast á þau. Hann hélt því fram, að ef söluskatturinn yrði afnuminn, þá yrði svo mikill halli á ríkisbúskapnum, að við það yrði alls ekki unað. Ég vil benda á það, að það er fleira en halli á ríkisbúskapnum, sem hér kemur til greina. Það þarf fleira að hugsa um en taka þær tölur einar út af fyrir sig. Það má t. d. athuga það nokkuð, hvaða áhrif það hefði á útgjöld ríkisins, ef söluskatturinn væri afnuminn. Ég hef að vísu ekki núna þær tölur fyrir hendi hér, og það væri sannarlega ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að láta reikna það nákvæmlega út. En ég get gefið þær upplýsingar, að fyrir einu ári, þegar forstjórar tveggja ríkisstofnana, póstsins og símans, voru til viðræðna í fjárveitinganefnd Alþ., þá gáfu þeir þær upplýsingar, sem bentu eindregið í þá átt, að ef söluskatturinn hefði verið afnuminn á síðasta þingi og ekki innheimtur á þessu ári, þá mundi það hafa numið um 2 millj. kr. sparnaði í rekstri þessara tveggja stofnana, póstsins og símans. Ég sé ekki ástæðu til þess að rengja þessar upplýsingar þessara hv. forstjóra, og ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að það væri full ástæða fyrir hann að láta gera ýtarlega athugun á því, hvaða áhrif þetta hefði á allan rekstur ríkisins, ef skattur sem söluskatturinn væri afnuminn.

Það hafa nú töluvert verið færð rök að því hér af þeim mönnum, sem hafa talað hér á undan mér, að þegar söluskatturinn var fyrst samþ. með l. hér, þá var beinlínis fram tekið, að hann ætti að fara til þess að greiða fiskábyrgðina, sem hafði verið þá í gildi frá árinu 1946. Það var mikið búið í blöðum beggja núverandi stjórnarflokka að skamma og fjargviðrast út af þeirri ábyrgð, fiskábyrgðinni, sem óneitanlega varð þó til þess að tryggja útflutningsframleiðsluna, tryggja það, að svo að segja hver einasta fleyta, sem sjófær var, fór á fiskveiðar á hverju ári. Og þessi ríkisábyrgð kostaði ríkissjóð þó ekki meira en rúmar 50 millj. kr. samtals í 3 ár. Mest var þetta að vísu síðasta árið, en það var einmitt það árið, sem söluskatturinn var ákveðinn 36 millj. kr. samkv. þeim l., sem nú er verið að framlengja viss ákvæði úr. Og það ár mun söluskatturinn, þessar 36 millj. kr., meir en hafa nægt til þess að greiða fiskábyrgðina. En svo fóru fram kosningar haustið 1949. Þeir menn a. m. k., sem þá börðust fyrir Framsfl. í þeim kosningum, hömruðu á því, að það væri gersamlega ómögulegt fyrir ríkissjóð að standa lengur undir þessu ægilega gjaldi, sem fiskábyrgðin væri, það yrði að finna aðrar leiðir út úr þessum vandræðum. Og leiðin var fundin strax á þinginu 1949—50, og sú leið var gengisbreytingin. En þá brá bara svo einkennilega við, að um leið og gengisbreytingin var samþ. til þess að losa ríkissjóð við þessi ægilegu útgjöld, sem af fiskábyrgðinni leiddi, þurfti jafnframt að hækka söluskattinn um 11 millj. kr., og árið 1950 var hann áætlaður 47 millj., í staðinn fyrir 36 millj. áður, og það þrátt fyrir það að þá væri búið að breyta genginu til þess að mæta þeim útgjöldum, sem ríkissjóður hafði áður haft vegna þessara greiðslna. Sagan er þó ekki nema hálfsögð hér enn þá, því að á næsta ári, 1951, þ. e. á árinu í fyrra, var það búið að sýna sig enn fremur, að gengisbreytingin dugði ekki til þess að bjarga sjávarútveginum, ekki nándar nærri því eins vel og fiskábyrgðin hafði gert áður. Og þá var enn tekið annað ráð, að vísu ekki á þinginu, heldur, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram hér áðan, daginn eftir að þingið var sent heim. Þá var tekið upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, sem hefur orðið til þess að bæta að minnsta kosti um það bil 100 millj. kr. skatti á vöruverðið í landinu til þess að leysa úr því viðfangsefni, sem söluskatturinn annaði á sínum tíma og gengisbreytingin átti að taka við af honum að gera. En jafnframt því sem enn var farin þessi leið til að bjarga við þessum málum, sem söluskatturinn átti að gera á sínum tíma, þá þurfti enn að hækka söluskattinn. Nú var ekki nóg á fjárlögum árið 1951, að hann væri áætlaður 47 millj., eins og hafði verið á árinu 1950, eða 36 millj., eins og dugði þó sannarlega árið 1949. Nei, nú var hann hækkaður enn þá upp í 55 millj. Og hann var meir en hækkaður á áætlun fjárlaganna, það var innheimt milli 90 og 100 millj., eða upp undir helmingi hærri upphæð en fiskábyrgðargreiðslurnar höfðu samtals numið í 3 ár.

Þá kem ég að því, sem hæstv. fjmrh. lagði svo mikla áherzlu á, að það mundi verða stórkostlegur halli á ríkisbúskapnum, ef afnema ætti þennan skatt núna. Það kom nefnilega í ljós, þegar farið var að athuga fjármálaástand ríkissjóðs í byrjun síðasta þings, eða í október 1951, að þá var síður en svo að liti út fyrir, að það yrði halli á ríkisbúskapnum. Þá kom í ljós, að það var að verða stórkostlegur hagnaður af ríkisbúskapnum. Tekjur ríkissjóðs umfram áætlanir námu 115 millj. kr. og rúmlega það, m. ö. o. nokkru hærri, líklega 20 millj. kr. hærri en söluskatturinn var innheimtur á því ári, og ekki minna en að minnsta kosti 60 millj. kr. hærri en söluskatturinn var áætlaður. Það liggur þess

vegna alveg ljóst fyrir núna, að á árinu 1951 hefði enginn halli orðið á ríkisbúskapnum, þó að enginn söluskattur hefði verið innheimtur það ár, því að það er alveg hægt að fullyrða, að það hefði orðið sá sparnaður í útgjöldum ríkisins það ár, sem nam því, sem greiðslur fóru fram úr áætlun.

Því miður liggja ekki fyrir neinar nákvæmlega útreiknaðar tölur um það, hversu margir milljónatugir hafa bætzt ofan á vöruverð í landinu samkvæmt öllum þessum ráðstöfunum, samkvæmt hækkuðum söluskatti, samkvæmt gengisbreytingunni, samkvæmt bátagjaldeyrinum, en það skiptir áreiðanlega hundruðum milljóna, og það er þess vegna engin furða, þó að svo sé komið, eins og ég benti á áðan, að hin raunverulega framfærsluvísitala er orðin helmingi hærri núna en hún var í ársbyrjun 1947.

Þessi aðferð, sem ég hef lýst hér og líka hefur verið lýst í ræðum tveggja hv. þm. á undan mér, í fyrsta lagi að leggja á milljónatuga gjald til þess að greiða fiskábyrgðina, afnema hana með l. og hætta að tryggja útflutninginn með því gjaldi, breyta genginu til þess að koma í staðinn fyrir það, taka síðan bátagjaldeyrinn í viðbót með líklega núna um það bil 100 millj. kr. álagi á vöruverðið, — það er sú meistaralegasta framkvæmd á því atriði að búa til verðbólgu, sem hægt er að hugsa sér. Það mætti jafnvel halda, að þær ríkisstjórnir, sem þessu hafa ráðið, hafi ekki álitið sitt hlutverk vera annað og meira en það að skapa verðbólgu á Íslandi. Væri fróðlegt að bera reynslu þessa saman við gömlu ummælin og gömlu loforðin um það að vinna á móti þessum vágesti efnahagslífsins, sem verðbólga hefur verið kölluð.

Í sambandi við þetta vil ég minna á annað, sem gerzt hefur hér á Alþ. og hæstv. fjmrh. ætti nú raunar að vera minnugur, því að það sýnir bezt, hvernig ekki aðeins einstaklingarnir, heldur einnig atvinnulífið og sveitarfélögin eru farin að stynja undir þessu ástandi. Það er sú stóra deila, sem átti sér stað hér á síðasta þingi og næstum því virtist líta út fyrir að ætlaði að rjúfa stjórnarsamvinnuna. Fyrri hluta vetrar 1951—52 var haldinn hér fundur bæjarstjóra frá bæjarfélögum landsins, hann var haldinn hér í Reykjavík. Sá fundur samþykkti einróma kröfur um það, að bæjarfélögin fengju verulegan hluta af söluskattinum til sinna þarfa, vegna þess að þau rísa ekki lengur undir þeim erfiðleikum, sem þetta ástand hefur valdið þeim. Það muna nú allir hv. þm., hvernig fór um þau mál hér í þinginu. Það var búið að samþ. frv. um þetta hér í Nd. Alþingis og var komið til Ed., og þá skeði það, að hæstv. fjmrh. hótaði að segja af sér, ef þetta yrði samþ., þ. e. ef ætti að láta nokkurn hluta af þessu fé til sveitarfélaganna. Endirinn varð svo sá, að jafnvel sjálfir flm. þessa frv. urðu að láta undan og sitja hjá við síðustu atkvgr. um það og láta það þannig verða fellt hér í þinginu. Núna fyrir fáum dögum stóð hér einnig yfir bæjarstjórafundur, sem gerði enn þá sömu kröfur. Það stóð yfir annar fundur um sama leyti. Það var fundur fulltrúa frá sveitarfélögunum almennt, og hann gerði einnig svipaðar kröfur. Og það er alveg sýnilegt, að Alþ. getur ekki skotið sér hjá því til lengdar að athuga þessi mál á einhvern hátt. Það er orðið það ástand hjá einstaklingum, hjá atvinnufyrirtækjunum og hjá sveitarfélögunum, að Alþ. getur ekki skotið sér hjá því, eins og það gerði á síðasta þingi, að taka þessi mál til einhverrar athugunar. Æskilegasta lausnin væri vitanlega sú að lækka verðlagið í landinu eitthvað. Má óhætt fullyrða það, að ef reynt hefði verið að fara þá leið á síðasta þingi, m. a. með því að afnema þennan söluskatt að öllu eða að minnsta kosti að einhverju leyti, sem hefði munað einhverju um lækkun á verðlaginu, þá hefði það sennilega komið algerlega í veg fyrir þær vinnudeilur, sem nú eru nýhafnar.

Á síðasta þingi, þegar það lá ljóst fyrir, að ríkið hefði verulegan tekjuafgang, þá var einmitt sérstaklega heppilegt tækifæri til þess að reyna að snúa eitthvað við á þessari braut. Þrátt fyrir till. um það fékkst því ekki framgengt hér í þinginu, og afleiðingin er sú, að nú er ástandið mun verra en þá var. Ég veit vel, hvaða rök það eru, sem hæstv. fjmrh. mun bera fram hér, ef hann talar hér aftur, gegn því, að vit hefði verið í því að afnema söluskattinn á síðasta þingi. Það eru þau rök, sem maður hefur heyrt oft og margsinnis áður og hann nefndi sjálfur í ræðu sinni áðan, að þá mundi ríkið ekki geta sinnt framlögum til verklegra framkvæmda eins og áður. En ég vil benda á viss atriði í sambandi við þetta. Söluskatturinn er svo þungur baggi á öllum rekstri atvinnuveganna, eins og sá þm., sem talaði hér næstur á undan, benti á í sérstökum dæmum, að það væri virkilegur hagur fyrir margan smáan og stóran atvinnurekanda að fá söluskattinn afnuminn, þó að hann yrði jafnframt að fórna einhverju af öðrum fríðindum í staðinn. Ég skal benda á t. d., að á ekki stærri hlut en einni lítilli heimilisdráttarvél, sem inn er flutt núna, er söluskatturinn milli 3 og 4 þús. kr. Smáatvinnurekendur eins og bændur landsins er ekki lengi að muna um slíka upphæð. Og þetta sýnir bezt, hversu brjálæðiskennt það ástand er að hlaða sífellt, — og það er sú aðferð, sem er mest notuð, — auknum útgjöldum á atvinnulífið, en veita svo eitthvert svolítið brot af þeim aftur í einhvers konar styrkjum og í einhvers konar aðstoð, sem raunverulega engan munar um.

Einar Olgeirsson: Hæstv. viðskmrh. hefur nú ekki komið hér enn þá með bréfið, sem ég bað hann um áðan, þegar hann greip fram í fyrir mér og vildi efast um, að ég hefði alveg rétt eftir honum bréfið, sem ég gat í raun og veru ekki haft, af því að hann hefur aldrei fengizt til þess að lesa það upp. Og ég vil nú endurtaka mína áskorun til hæstv. viðskmrh., og það væri gott, ef hæstv. fjmrh. vildi athuga það líka, að lofa þingheimi að heyra það bréf, sem viðskmrh. skrifaði Landsbankanum í fyrra um að leggja hömlur á, eða hafa hömlur á, eins og hann orðaði það hérna í þinginu, útlánastarfseminni og virðist hafa haft þau áhrif, að tekið hefur fyrir alla brýnustu lánastarfsemi til t. d. húsbygginga og dregið mjög úr öllum lánveitingum til atvinnurekstrar. Ég minnti hæstv. viðskmrh. á það hér áðan og get gert það nákvæmar, að fimm þingmenn Sjálfstfl. hér í d. hafa flutt frv. til l. á þskj.

192 um, að ríkisstj. taki að láni um 30 millj. kr. til þess að láta veðdeild Landsbankans fé til útlána. Og ég skal þá geta þess um leið, að þetta frv. liggur hjá okkur í fjhn. og einn fjhn.-maður er 1. flm. þess, og ég hef boðið sjálfstæðismönnunum, sem með mér mundu vera í meiri hl. í fjhn., að afgreiða þetta mál, og ég býst við, að hv. 8. landsk. mundi ekki heldur láta á sér standa. En það virðist ekki vera eins mikill áhugi fyrir að afgr. þessi mál, sem mundu ef til vill eitthvað bæta fyrir, eins og að afgr. núna álögurnar á almenning, eins og þann söluskatt, sem hérna liggur fyrir. Sem sé, það er mjög æskilegt, ef hæstv. viðskmrh. vill nú fara að koma með bréfið.

Svo er viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. var að segja, í fyrsta lagi um lögin og tilgang þeirra. Hæstv. fjmrh. virðist ekki einu sinni vera alveg ljóst, hvað þessi l. heita, sem við erum að ræða hérna um. Þau eru um framlengingu á gildi 3. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Og dýrtíðarráðstafanir þýðir ekki í þessu sambandi ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina og sjá um hennar vöxt og viðgang, heldur var meiningin upphaflega, að þetta skyldi vera til þess að vinna á móti dýrtíðinni. Það virðist hæstv. fjmrh. nú aldrei hafa verið fullkomlega ljóst, og var hann þó í stjórn, þegar þessi lög upprunalega voru sett. Er nú búið það greinilega að þylja hér fyrir honum, hvað í þessum l. stendur, að þrátt fyrir allt, sem hann kann að hafa sagt, og þó að orð ráðh. séu farin að gilda meira en lög Alþingis, eins og kemur fram í auglýsingu fjárhagsráðs, þegar það gefur út auglýsingu um bátagjaldeyrinn eftir ósk ríkisstj. og byggir ekki á neinu öðru en ósk ríkisstj. og engum lögum, þá erum við þingmenn ekki búnir að ganga inn á það, að orð ráðh. hafi meira gildi en lög, og í lögunum segir, að þetta fé skuli notað til þess að lækka vöruverð og framleiðslukostnað innanlands. En þetta fé hefur verið notað til þess að auka framleiðslukostnaðinn innanlands, til þess að auka dýrtíðina og til þess að hækka vöruverðið, með þeim afleiðingum, sem ég áður hef rakið.

Mér heyrðist á hæstv. fjmrh., að honum fyndist það hálfgerð ósvífni hjá mér að koma hér fram með till. um ýmist að rýra eða jafnvel að afnema að miklu leyti söluskattinn. Það er náttúrlega dálítið svona frekt í farið. Þó eru till. ekki neitt stórkostlegar, sem ég legg fram og hæstv. fjmrh. sagði ekki eitt einasta orð um. En má ég um leið minna hæstv. fjmrh. á, að fyrir liggur frv. hér frá nokkrum þm. hans flokks, á þskj. 126, sem borið er fram í Ed., sem fer fram á það að taka fé, sem ríkið á, og gefa það einni ákveðinni stofnun í landinu. Það er ekki um neina smáfúlgu. Það eru 44 millj. kr. Og ekki ætla ég neinum hv. þingmönnum Framsfl. það að flytja frv. um að taka úr eigu ríkisins 44 millj. kr. og gefa ákveðinni stofnun í landinu, án þess að þetta sé gert með vilja og vitund og samþykki hæstv. fjmrh. Að vísu er þetta frv. ekki langt komið og virðist ekki lögð öllu meiri áherzla á að afgr. það í þeirri n., sem það er í, heldur en það frv. sjálfstæðisþm. hér í Nd., sem ég gat um áðan, um 30 millj. kr. lánið, sem liggur ákaflega rólega í fjhn. En varla er það nú flutt öðruvísi en hæstv. fjmrh. sé því fylgjandi, þannig að hæstv. fjmrh. verður að fyrirgefa, þó að við stjórnarandstæðingarnir komum nú kannske til með að koma fram með till. um að rýra eitthvað ofur lítið það, sem ríkissjóður á að fá, þegar fylgjendur stjórnarinnar ganga svona á undan með engar smáræðis kröfur í ríkissjóðinn.

Svo kom hæstv. fjmrh. inn á útreikninginn viðvíkjandi hvað söluskatturinn og vörumagnstollurinn og verðtollurinn mundu þýða, þó að það væri eitthvað lækkað, og hvað það mundi þýða í lækkuðum vísitölustigum. Það er búið að ræða um það, en ég vil bara minna hæstv. ráðh. á eitt, þegar hann er að reikna út dýrtíð, að þá ætti hann aldrei að miða þetta eingöngu við, hvað það mundi þýða í vísitölustigum og hvað kaupið lækkaði þar með. Höfuðgildi þess að lækka verðtollinn eða vörumagnstollinn eða söluskattinn fyrir verkalýðinn felst í því, sem hann lækkar á þeim vörum, sem eru utan við vísitöluna, sem kemur honum raunverulega að gagni, vegna þess að þær vörur verða ódýrari, en rýra ekki að sama skapi hans eigið kaup. Það að taka peninga af almenningi til þess að kaupa niður verðið á þeim vörum, sem koma inn í vísitöluna, er á vissan hátt blekkingastarfsemi gagnvart verkalýðnum. Það að verja fé til þess að lækka vöruna, sem er utan við vísitöluna, kemur honum allt öðruvísi að gagni, vegna þess að þá helzt hans kaupgjald hið sama.

Þá minntist hæstv. ráðh. á innheimtuna viðvíkjandi söluskattinum og hvernig þetta kæmi út. Ég veit nú ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur íhugað að öllu leyti, hvers konar svikamylla er í sambandi við þennan söluskatt. Er hæstv. ráðh. ljóst, hvað Sogsvirkjunin, áburðarverksmiðjan og Laxárvirkjunin, sem eru opinberar stofnanir í landinu, sem mestmegnis ríkið og Reykjavíkurbær eiga hvað Sogsvirkjunina snertir, ríkið eingöngu að heita má hvað áburðarverksmiðjuna snertir og ríkið og Akureyrarbær hvað Laxárvirkjunina snertir, — er hæstv. ráðh. ljóst, hvað þessar stofnanir verða að greiða í söluskatt af þeim vélum, sem verið er að flytja inn? Ég hef ekki nákvæmar tölur, en ég veit, að það er a. m. k. milli 10 og 20 millj. kr., ef ekki yfir 20 millj. kr., sem verður að greiða í söluskatt til ríkisins af vélunum til þessara stofnana, m. ö. o. af vélum til stofnana, sem verða síðan að taka sitt fé ýmist að láni hér innanlands eða með álögum á almenning. Og þessar álögur ríkissjóðsins verða til þess að gera allar þessar stofnanir miklu dýrari, verða til þess að gera t. d. Sogsvirkjunina dýrari, verða til þess að gera rafmagnið, sem framleitt er, dýrara og verða þannig til þess að auka dýrtíðina í landinu, fyrir utan að þetta er náttúrlega ákaflega asnaleg aðferð af ríkinu að vera að heimta tolla upp á tugi milljóna króna af sjálfu sér, sem svo er fært til tekna hjá ríkissjóði og verður bara til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Þá kom hæstv. fjmrh. inn á mína brtt. viðvíkjandi innheimtuaðferðinni og sagði, og það var nú svo sem alveg ljóst, hvernig það var, eftir hans orðalagi: Jú, þeir góðu, skilvísu menn, sem

innheimtu þennan söluskatt af fólkinu, skiluðu honum í ríkissjóð, og þeir óskilvísu skiluðu honum ekki í ríkissjóð. — Þetta var raunverulega það, sem hann skýrði, að fælist í mínum tillögum. Hverjar eru mínar tillögur? Mínar till. eru alveg orðrétt — bara ártölin breytast — 24. gr. l. frá 1948, — alveg orðrétt fyrirmælin um, að sú aðferð sé viðhöfð, sem sett var í l. 1948, þegar þau voru sett, þegar hæstv. fjmrh. var sjálfur ráðh., stóð sjálfur að þessum l., bar sjálfur ábyrgð á þessum l. Og ég veit ekki, hvort það hefur verið hans meining, þegar hann var að setja þessi l. þá sem ráðh., að þessi 24. gr. ætti að þýða, að allir óskilvísir menn ættu að mega stinga af með söluskattinn og þyrftu aldrei að skila honum í ríkissjóð. Ég veit ekki, hvort það hefur verið hans meining, að það ætti að gefa öllum óskilvísum mönnum í landinu söluskattinn, að þetta væru bara vasapeningar handa þeim. A. m. k. var það ekki skýrt, þegar hæstv. ríkisstj. lagði þetta fyrir þá, sú ríkisstj., sem hann þá átti sæti í. Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. verði að tala ofur lítið gætilegar um þessa innheimtuaðferð, sem ég legg þarna til. Hún er sem sé sú aðferð, sem yfirleitt hefur verið höfð hér á Íslandi, aðferð um, að menn skuli gera skattinn upp fyrir ákveðinn tíma, svo að sé hægt að innheimta hann eftir ákveðinn tíma og dráttarvextir leggist á hann og öll þau viðurlög, sem hann setti sjálfur sem ráðh. í sinni ráðherratíð 1948. Það fer þess vegna fjarri, að það sé verið nokkuð að verðlauna óskilvísa menn. En það er hins vegar ekki verið að hegna og níðast á þeim mönnum, sem ríkisstj. útilokar frá því að geta haft eðlileg rekstrarlán og eðlileg lán út á sína eign í núverandi þjóðfélagi. Og það er ekki verið að beygja þar með mikið af atvinnurekendunum til þess að svíkja verkalýðinn um kaupgjald, til þess að brjóta þau lög, sem mæla fyrir um, að það skuli greiða kaup vikulega, eins og allmargir atvinnurekendur hafa því miður gert nú, og ég veit, að þeir hafa ekki gert það öðruvísi en til neyddir, því að það er hlutur, sem atvinnurekendur venjulega reyna í lengstu lög, að borga sínu verkafólki. En að því eru orðin alvarleg brögð, að lögin um greiðslu verkakaups vikulega séu ekki haldin, séu brotin.

Hæstv. fjmrh. svaraði engu því, sem ég kom fram með viðvíkjandi lánsfjármálunum og hvort þessir menn, sem svona væri búið að með þessari harðýðgi hvað innheimtuna snertir, mættu að einhverju leyti búast við að fá breytt um þá möguleika, sem þeir hafa haft til þess að fá lánsfé, hvort það mætti vænta að einhverju leyti einhverra breytinga hjá hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi hennar lánsfjárpólitík. Það kemur ekki eitt orð frá hæstv. ríkisstj. í þá átt. Ég lagði hér fram till. um, að íslenzkar iðnaðarvörur væru undanþegnar þessum skatti. Hæstv. ríkisstj. er nýlega búin að tala ákaflega fagurlega í sambandi við iðnsýningu, sem hér var haldin í Reykjavík, lofa öllu mögulegu fögru viðvíkjandi því að stuðla að íslenzkum iðnaði. En það kemur ekki eitt orð frá hæstv. ráðh. um, hvernig hæstv. ríkisstj. taki undir till. um það að undanþiggja íslenzka iðnaðinn hvað þetta snertir. M. ö. o., það á ekki af hálfu hæstv. ríkisstj. að ræða við þing eða þjóð um þessi mál. Það er ekki talað um neina tilslökun eða neitt slíkt í þessu efni. Það á að keyra áfram álögurnar í gegnum þingið — þann hluta af þeim, sem fer þó í gegnum þingið og ekki er innheimtur utan við lög og rétt — og síðan á að keyra áfram með innheimtuna á þessu. Fjmrh. lætur lögregluna ganga að atvinnurekendunum næstum því með skammbyssuna í hendi og loka svo með hinni hendinni bönkunum fyrir þeim um leið, til þess að ekki sé hægt að komast þangað til þess að fá þó að það væri ekki nema 2—3 þús. kr. lán til þess að borga söluskattinn eða aðra skatta, sem verið er að ganga að mönnum með, þó að þeir eigi nægar eignir, sem í öllum siðuðum löndum mundu þykja gott veð út á smálán til rekstrar.

Með svona pólitík eins og hæstv. ríkisstj. rekur nú í fjármálunum og skattamálunum, þá er ekkert undarlegt, þó að hún sé að valda því hruni í þjóðfélaginu, sem nú er greinilega að koma í ljós fyrir hennar tilstilli.

Tveir hv. þm. hafa hér áður nokkuð talað um bæjar- og sveitarfélögin og þeirra kröfur í þessu sambandi. Það er ekki undarlegt, að bæjar- og sveitarfélögin geri þessar kröfur. Sem stendur hefur ekkert af þessum litlu bæjar- og sveitarfélögum úti um land, sem mörg stunda mjög mikla framleiðslu, frjálsræði til þess að framleiða, selja út úr landinu og kaupa inn í landið án afskipta ríkisstj. Ríkisstj. bannar öllum þessum bæjar- og sveitarfélögum allar bjargir. Öll þessi bæjar- og sveitarfélög gætu bjargað sér ágætlega og haldið sínu atvinnulífi af fullum krafti, ef ríkisstj. kæmi hvergi nærri því. Það er engum öðrum aðila að kenna en hæstv. ríkisstj., að atvinnulíf bæjar- og sveitarfélaganna er lamað, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess að lina nokkurn skapaðan hlut á þeim fjötrum, sem hún hefur bundið þessum bæjar- og sveitarfélögum. Hæstv. fjmrh. gat ekki komið í veg fyrir það hér á árunum, að ýmis af bæjar- og sveitarfélögunum úti um land fengju nokkuð af togurum. Honum tókst ekki að hindra, að stofnlánadeild sjávarútvegsins væri sett á stofn og þessum fátæku bæjar- og sveitarfélögum gert mögulegt að fá allhá lán til þess að geta keypt sér dýr tæki. En með einokunarfjötrum ríkisstj. er hann hins vegar að hindra þau í því að geta hagnýtt þessi tæki. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það var viðvíkjandi bæjar- og sveitarfélögunum, að það hefði ekki verið nema eðlilegt, að eitthvað hefði verið orðið við þeirra kröfum, þar sem ríkisstj. raunverulega hefur tekið á sig alla ábyrgð af þeirra atvinnulífi, vegna þess að hún hefur neitað þessum bæjar- og sveitarfélögum sjálfum um að fá að reka sinn atvinnuveg og fyrst og fremst sjávarútveginn án afskipta ríkisstj. og þar með raunverulega tekið á sig þá siðferðislegu ábyrgð, að þessi bæjar- og sveitarfélög geti komizt sæmilega af. En svo hefur reynslan sem sé orðið þessi: Annars vegar hefur þeim verið bannað að nýta sín tæki til fulls, sumpart beinlínis með einokunaraðstöðu ríkisstj., sumpart með valdi hennar yfir lánsfé. En hins vegar, þegar bæjar- og sveitarfélögin svo komast í halla út af vaxandi atvinnuleysi, þá vill ríkisstj. ekki sinna þeim að neinu leyti.

Hins vegar hafði ég nú ekki sérstaklega flutt neina till. viðvíkjandi þeim málum. Mér er kunnugt um, að það hafa verið hér fundir um þau mál, og má þá vel vera, að ýmsir aðrir, eins og líka reyndist í fyrra, komi fram með slíkar till.

En ég vil svo að síðustu aðeins fara nokkuð inn á það við hæstv. fjmrh., að það er raunverulega orðið þannig með þennan söluskatt, að það er farið að leggja hann á eins og þetta væri nokkurs konar tekjuskattur og þó með þeim mun, sem er mun lakara fyrir þá, sem hann eiga að greiða, að menn geta aldrei verið öruggir um það, hvort þeir eiga að greiða þennan skatt eða ekki. Sjálf 22. og 23. gr. eru ákaflega ónákvæmar í þessu efni. Og ég vil segja hæstv. fjmrh. það, að ég hef orðið var við, að nú undanfarið hefur hann verið að ganga lengra og lengra í því að rukka þennan skatt inn af mönnum, sem raunverulega eru ekki annað en verkamenn, t. d. af mönnum, sem eru bifvélavirkjar, pípulagningamenn, múrarar, en vinna máske einir sér í verkstæði, sem þeir eiga. Og ég vil vekja eftirtekt hæstv. fjmrh. á því, að skattstjóri hefur haft þá aðferð nú upp á síðkastið, að hann sendir allt í einu mönnum kröfu um söluskatt fyrir árið 1951 og fyrir árið 1952, sem alls ekki hafa greitt neinn söluskatt fram að þessu og aldrei hafa fengið að vita það, að þeir ættu að greiða neinn söluskatt eða innheimta neinn söluskatt af almenningi, og aldrei hafa lagt hann á. Ég vil vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að það er raunverulega á hennar ábyrgð að sjá um að kynna aðilum í þjóðfélaginu lögin, þannig að þeir hafi hugmynd um, hvort þeir eiga að gjalda svona skatt eða ekki. Í 23. gr., b-liðnum, 6. undirlið, þar sem verið er að telja upp það, sem er undanþegið söluskatti, stendur, að þeir séu undanþegnir eða sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkv. l. nr. 62 1938, ef söluskattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki 30 þús. kr. Þeir menn, sem ég er hér að ræða um, menn, sem raunverulega eru bara verkamenn, eins og bifvélavirkjar, pípulagningamenn, múrarar, sem vinna hins vegar bara einir sér, hvernig eiga þeir að ganga út frá því, — þeir eru ekki bókhaldsskyldir eftir lögunum, — að þeir eigi að greiða söluskatt? Þeir ganga út frá því, að þeir eigi ekki að greiða hann, og hafa aldrei innheimt hann. Núna er verið fyrir tilstilli hæstv. fjmrh. að ganga að þeim, sem engan söluskatt hafa innheimt, sem ekkert hafa lagt á sínar vörur fyrir söluskatti, eða réttara sagt á sína vinnu, sem þeir hafa verið að vinna. Nú koma erindrekar hæstv. fjmrh. til þessara manna og heimta af þeim, að þeir borgi söluskatt fyrir árið 1951 og söluskatt fyrir árið 1952, og mennirnir hafa aldrei gengið út frá því, að þennan söluskatt ættu þeir að greiða, aldrei fengið neina tilkynningu um það, ekki verið einu sinni rukkaðir fyrr. Hvað gera þessir menn? Þessir menn fara kannske til einhvers lögfræðings og fara að spyrja hann: Ja, hvernig er nú þetta? Eigum við virkilega að fara að borga söluskatt, við, sem aldrei höfum lagt hann á, við, sem aldrei höfum reiknað með honum? — Það, sem lögfræðingarnir segja við þá, er í flestum tilfellum það, að það vill enginn lögfræðingur taka að sér svona mál gagnvart ríkisstj. Menn eru alveg réttlausir orðnir í þessum efnum. Og hvernig kemur þetta svo út? Ekki eru þessir menn að stinga neinu undan. Ekki eru þetta einhverjir óskilvísir menn, sem hafa innheimt söluskatt og ekki skilað honum. Þeir hafa aldrei lagt neinn söluskatt á. En hvernig er svo eftir lagagreininni um innheimtuaðferðina gengið að þeim? Jú, það er gengið þannig að þeim, að einn góðan veðurdag kemur lögreglan til þeirra og lokar hjá þeim, meira að segja þótt þeir væru í máli við ríkisstj. um það, hvort ríkisstj. hefði nokkurn rétt til þess að leggja þennan skatt á, og stöðvar þá í þeirra atvinnurekstri. Svona er aðstaðan viðvíkjandi innheimtu söluskattsins og viðvíkjandi álagningu söluskattsins.

Þetta er alveg óþolandi ástand. Það er orðið algert réttleysi manna gagnvart því opinbera. Ég vil þess vegna í fyrsta lagi eindregið mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessi mál til alvarlegrar athugunar, verði viðtalshæf viðvíkjandi breyt. á þessum l., lini á þessum harðvítugu innheimtuákvæðum þeirra og geri það alveg skýrt fyrir almenningi fyrir fram með nógu glöggum upplýsingum og nógu ákveðnum auglýsingum, hverjir eigi að greiða þennan skatt; en í öðru lagi, þ. e. höfuðatriðið, þá vil ég eindregið leggja til, að þær brtt., sem ég hér hef borið fram, séu samþ. og að reynt sé að semja um meiri rýrnun á söluskattinum, meiri tilslökun á honum heldur en í þeim felst.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er í sambandi við það, að ég hef nýlega lagt inn brtt. hér við frv., en sú brtt. er nú í prentun, og eigi hún að koma fyrir þessa umr. til atkvgr., þá þyrfti að fresta þessari umr., sennilega til morguns, eða eitthvað fram eftir deginum. Ég mun ekki gera hér grein fyrir þessari brtt. fyrr en henni hefur verið útbýtt, nema forseti óski þess sérstaklega, en hún er nú í prentun, en ekki komin fram.

Forseti (SB): Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. 2. landsk., hvort hann treysti sér ekki til þess að flytja þessa brtt. við 3. umr. Það er illt að þurfa að tefja umr. um málið vegna hennar, ef kostur væri á því, að hv. þm. flytti brtt. sína við 3. umr. (Gripið fram í.) *Ég vil freista þess að koma til móts við ósk hv.* 2. landsk. og fresta umr. um 7. dagskrármálið um skeið.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég leyfi mér þá að flytja þessa brtt. mína sem skriflega brtt. og óska eftir leyfi forseta til þess að mega gera grein fyrir henni, en till. er í prentun. Ég hef afhent hæstv. forseta till., en mun nú gera grein fyrir henni.

Þessi till., sem ég og tveir aðrir þm. flytjum, hv. 5. landsk. (ÁS) og þm. Siglf. (ÁkJ), er á þá leið, að gert er ráð fyrir því, að nokkur hluti af söluskattinum eða ¼ hluti söluskattsins renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skiptist eftir þar

til settum reglum á milli bæjar- og hreppsfélaga. Þessi till. er nákvæmlega sú sama sem hér lá fyrir hv. Alþ. í fyrra í sambandi við afgreiðslu þessa máls þá. Þá hafði Nd. fallizt á þessa ráðstöfun söluskattsins og tekið þessi ákvæði upp í frv., en hins vegar fékkst ekki samkomulag um það þá í Ed., að málið skyldi afgreitt á þennan hátt, og þessi ákvæði voru þá felld niður aftur. Eins og ég lýsti hér í minni fyrri ræðu um þetta mál, er nú þörf bæjar- og hreppsfélaganna sízt minni en hún var þá. Fjárhagsvandræði þeirra eru ábyggilega enn þá meiri í ár heldur en þau voru í fyrra. Fulltrúar þessara aðila hafa verið nýlega hér á fundi í Reykjavík og hafa enn á ný ítrekað þessa beiðni sína, og hér er í rauninni eins hóflega í sakirnar farið og frekast er unnt, þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður haldi áfram ¾ hlutum af þessum stóra skatti, en aðeins ¼ gangi til bæjar- og sveitarfélaga. Þá er einnig á það að minnast, að í þessari till. er það ákvæði, að þegar þannig stendur á, að ábyrgðarskuldbindingar, sem ríkissjóður stendur í fyrir bæjar- og sveitarfélög, falla á ríkissjóð vegna greiðslufalls frá hendi bæjar- eða sveitarfélaga, þá hefur ríkisstj. rétt til þess að taka af þessum hluta af söluskattinum, sem hér er gert ráð fyrir að renni til bæjar- og sveitarfélaganna, til þess að mæta þeim afborgunum og vöxtum, sem viðkomandi sveitarfélag hefur ekki getað staðið í skilum með, en ríkissjóður þurft að greiða vegna þess. Nú eru orðin mikil brögð að því, að ríkissjóður verður til lengri eða skemmri tíma að leggja út afborganir og vexti af slíkum lánum fyrir sveitarfélögin, og sýnist því ekki nema sjálfsagt mál að verða við því að samþ. þessa brtt. mína, sem m. a. felur þetta í sér, en mundi hins vegar gera bæjar- og sveitarfélögunum fært að standa betur í skilum með þau lán, sem þau eiga erfitt með að standa í skilum með nú við sjálfan ríkissjóð. Ég þarf ekki að hafa mitt mál langt til útskýringar á þessari till. Ég veit það, að flestir hv. þdm. kannast vel við þetta mál. Það hefur verið hér áður, og þeir munu allir hafa myndað sér ákveðna skoðun á því og vita, hvaða rök liggja að því, að þetta mál er flutt. En ég vildi vænta þess, að hæstv. ríkisstj. sæi sér nú fært, þó að hún hafi ekki talið það mögulegt á s. l. ári, að verða við þessari sanngjörnu ósk fulltrúa sveitarfélaganna, sem felst í þessari brtt.

Vænti ég svo, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari till. og sjái um, að hún geti komið til atkvgr. nú við 2. umr. málsins.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hinar skriflegu brtt. frá hv. 2. landsk. þm. (LJós). Till. eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf þess vegna tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 362) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni hér fyrr á fundinum, að söluskatturinn kæmi m. a. allilla við þá, sem þurfa að flytja inn og kaupa landbúnaðarvélar, og í samræmi við það hef ég lagt fram brtt., sem komin er í prentun, um að undanþiggja þær vélar söluskatti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta atriði, vegna þess að það er ákaflega einfalt. Vegna þess að ekki er búið að útbýta till., þá vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana hér upp. Það er í fyrsta lagi við 1. gr., að í stað orðanna „2. og 3. gr." komi: 2. og 4. gr., — og svo önnur við 3. gr., að á eftir gr. komi ný gr., svo hljóðandi: Við a-lið 23. gr. laga nr. 100 1948 bætist: Landbúnaðarvélar.

Ég var búinn að benda á það áður, hversu mikil útgjöld það eru fyrir þá, sem þurfa að kaupa þessar vélar til sinna nota, að bæta þessum skatti ofan á, og ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. sjái sér fært að gera þessa breyt. á lögunum. Þá vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till. og vænti þess, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komnar brtt. frá hv. 5. landsk. þm. (ÁS). Brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf þess vegna tvöfaldra afbrigða við, til þess að þær megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 363) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 325,1 felld með 16:6 atkv.
— 363,1 felld með 17:7 atkv.
1. gr. samþ. með 17:7 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 362 felldar með 19:6 atkv.
— 325,2.a felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, HV, JÁ, LJós, SG.
nei: StgrSt, ÁB, BÓ, EirÞ, EystJ, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, MJ, PÞ, PO, SkG, SB.
7 þm. (AE, GG, GTh, GÞG, IngJ, ÓTh, SÁ) fjarstaddir.
Brtt. 325,2.b felld með 18:6 atkv.
— 363,2 felld með 21:6 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:7 atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flutti við 2. umr. þessa máls nokkrar brtt., og það voru þá fluttar fleiri brtt. um að reyna að fá einhverja rýmkun á söluskattinum. Ég hafði þá flutt brtt. um að undanþiggja íslenzkar iðnaðarvörur sölu-

skattinum, og sú brtt. var felld. Ég mun nú ekki reyna við þessa umr. að fá frekari tilslakanir viðvíkjandi söluskattinum, af því að mér þykir alveg sýnt, hvernig vilji meiri hl. í Nd. er í því efni. En ég vildi gera hins vegar síðustu tilraun til þess að fá rýmkun á innheimtuaðferðinni. Ég flutti mjög ýtarlega brtt. um það síðast og vil nú leyfa mér að flytja aðra brtt. að gefnu tilefni. Ég verð að biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir henni, með því að hún er skrifleg og of seint fram komin. Ég hef sent hana í prentun, en hún nær líklega ekki inn á þennan fund. Hún hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 3. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi: Í 24. gr. laganna, 4. málsgr., falli niður síðasti málsliður málsgr."

24. gr. laganna, eins og hún er nú, er um innheimtuaðferðina. Í 4. málsgr. þeirrar gr. er síðasti málsliðurinn svo hljóðandi: „Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli." Eins og ég skýrði frá við 2. umr. málsins, þá hafa verið ákaflega miklar kvartanir meðal almennings út af hinni harkalegu framkvæmd þessara laga, og einhverjir kunna nú að hafa álitið af þeim hv. þm., sem þá hlýddu á mína ræðu, að ég hefði verið að kveða svo sterkt að orði eins og ég gerði með tilliti til þess, að ég vildi mjög gjarnan sem stjórnarandstæðingur lýsa svona frekar óvingjarnlegum aðferðum hæstv. ríkisstj. Þó var það ekki svo frá minni hálfu, enda notaði ég ekki sterkari orð um það heldur en ég býst við, að almennt séu notuð. Í gær, þegar fundur hófst, þá hitti mig hér niðri maður frá nokkrum samtökum, sem hafa verið óánægð með þetta, og fór með bréf frá þeim til fjhn. þessarar hv. d., sem hins vegar hefur ekki haldið neinn fund í millibilinu, en bréfinu hefur verið útbýtt til hv. þm. sem fjölritaðri grg. við frv. til laga, sem hins vegar ekkert bréf fylgir, en mér er kunnugt um, að hugsað var að senda fjhn. bréf. Ég hef talað við fjhn.-menn um þetta, hvort nokkur von væri um, að n. mundi sem slík flytja þetta, og það var engin von um það hjá fulltrúum stjórnarflokkanna. En ég hef hins vegar leyft mér að flytja núna þessa till. hér og vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þá grg., sem þessi samtök gera fyrir henni. Samtökin, sem að þessari ósk standa, sem ég nú ber fram, eru eftirfarandi: Það er Samband smásöluverzlana hér í Reykjavík, það er Félag íslenzkra iðnrekenda, það er Landssamband iðnaðarmanna, það er Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, og það er Verzlunarráð Íslands. Ég veit þess vegna, að hv. þm. skilja, að þessi grg., sem hér er flutt fram, er flutt fram af mönnum, sem eru almennt mjög fylgjandi ríkisstj., og grg. hljóðar á þessa leið:

„Þeir, sem kaupa erlendis frá efni og verzlunarvörur, verða að greiða við tollafgreiðslu þeirra 7,7% söluskatt. Þetta fé verða þeir að festa í vörunum, þar til þeir geta selt þær aftur til neytenda og hafa fengið þær greiddar. En það hlýtur mjög oft að verða verulegur dráttur á því, að menn fái þennan útlagða söluskatt endurgreiddan, einkum hjá iðnfyrirtækjum, sem þurfa að framleiða úr efnivörunum og koma vörunum fullunnum á markað, og eins hjá öllum verzlunarfyrirtækjum, sem hafa einhvern vörulager. Allan þann tíma verða þessir aðilar að greiða vexti af því fé, sem ríkisvaldið leggur þeim á herðar að binda í vörum vegna söluskattsins. Þeir, sem selja hvers konar vöru í smásölu eða reka þjónustu, svo og iðnframleiðendur og iðnaðarmenn, verða að innheimta fyrir ríkissjóð sérstakan söluskatt af þessari sölu eða þjónustu. Ríkisvaldið skyldar menn til þess að innheimta þann skatt, án þess að þeir fái nokkra þóknun fyrir, og verða þar að auki að taka fulla ábyrgð á greiðslu hans. Mjög oft hefur hin söluskattskylda vara eða þjónusta ekki fengizt greidd, og fæst jafnvel aldrei greidd, þegar skatturinn er fallinn í gjalddaga, en það breytir engu um greiðsluskylduna. Verða menn því oft og tíðum fyrir miklu tjóni og óþægindum, sem þeir mega þola bótalaust.

Nú um nær 2 ára skeið hefur verið til þess heimild í lögum að stöðva með lögregluvaldi atvinnurekstur þeirra manna, sem eigi hafa staðið í skilum með greiðslu þessa skatts á réttum gjalddögum, og skiptir engu máli þótt ekki vanti nema örfáar krónur til þess, að full skil hafi verið gerð. Telja verður, að réttur ríkissjóðs sé fulltryggður, þótt söluskatturinn væri ekki innheimtur með frekari valdbeitingu en aðrir skattar, enda er hann samkv. lögum lögtakskræfur, og standa allar eignir viðkomandi aðila sem trygging fyrir greiðslu. Auk þess fellur skatturinn í gjalddaga ársfjórðungslega, svo að verulegar skuldir ættu ekki að þurfa að safnast hjá mönnum vegna vangoldins söluskatts. Svona harðneskjuleg innheimtuaðferð hlýtur einnig að gera alla aðra skattheimtu erfiðari, enda hefur það komið í ljós, að innheimta útsvara til bæjarfélaga hefur aldrei gengið verr en þau 2 ár, sem nefnt ákvæði hefur verið í gildi. Og ekki gerir það mönnum auðveldara að inna af höndum skattgreiðslur, ef lögreglan setur atvinnutæki þeirra undir innsigli.

Aðalsmerki hvers lýðræðisþjóðfélags hlýtur að vera, að ríkisvaldinu sé beitt til hagsbóta fyrir þegnana í heild. Það er því hið mesta harðræði af ríkisvaldinu, er það launar þeim, sem innheimta fyrir það skatta endurgjaldslaust, með því að beita þá fremur lögregluaðgerðum en aðra þegna þjóðfélagsins.

Undirrituð samtök, en innan vébanda þeirra eru flestir aðilar, sem þetta ákvæði snertir, hafa bundizt samtökum um að vinna að því að fá fellda niður heimildina til þess að stöðva atvinnurekstur manna vegna vangoldins söluskatts. Tel ég, með tilvísun til framanritaðs, að það sé í senn rangt og óþarft að halda við þessari stöðvunarheimild, og skora á hið háa Alþ. að fella hana niður. Virðingarfyllst," — og er þetta undirskrifað af Sambandi smásöluverzlana, Félagi íslenzkra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og Verzlunarráði Íslands."

Ég vil svo enn fremur minna á þá röksemd, sem ég kom fram með í gær í þessu sambandi, hvernig háttaði með lánsfé, sem gerir þetta enn þá brýnna. Þar sem atvinnurekendur fá ekki eðlilegt lánsfé til síns rekstrar, þá gerir það enn

þá brýnna, að ríkissjóður, sem bannar bönkunum að lána atvinnurekstrinum fé, gangi ekki svona harðvítuglega að viðvíkjandi söluskattinum. Og ég vil þar að auki benda á þau rök mín í gær, að þetta, hve hart er gengið að atvinnurekendum, hefur beinlínis valdið því, að allmikið af t. d. iðnrekendum hefur ekki getað staðið í skilum með vikulegar greiðslur á kaupgjaldi til verkafólks og brotið þar með lög, þannig að lánsfjárerfiðleikarnir, sem fyrirskipaðir eru af hæstv. ríkisstj., og hin harðneskjulega innheimta söluskattsins verða beinlínis til þess að valda alþýðu manna stórkostlegum óþægindum og valda beinum lögbrotum.

Ég vil svo leyfa mér að æskja þess, að hæstv. forseti biðji um afbrigði fyrir þessum till., en mun ekki frekar ítreka þau rök, sem ég flutti fyrir þeim í gær.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komnar brtt. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf þess vegna tvöfaldra afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 382) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 382 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, GÞG, JÁ, LJós, SG.

nei: ÁB, EirÞ, EystJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, MJ, PÞ, PO, SB.

11 þm. (StgrSt, AE, BÓ, GG, GTh, HV, JóhH, KS, ÓTh, SÁ, SkG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. fjallar um framlengingu söluskattsins. Eins og fjárlfrv. ber með sér og skilmerkilega hefur verið gerð grein fyrir áður á hv. Alþ., einkum í sambandi við þær umr., sem átt hafa sér stað um fjárl., þá er ekki hægt að komast af án þess að framlengja söluskatt þann, sem innheimtur hefur verið undanfarin ár. Er því till. gerð um það með þessu frv. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 473, 474, 478).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Frv. þetta er framlenging á gildi lagaákvæða frá 1948 með breyt., sem á þeim voru gerðar 1950 og jafnan síðan hafa verið framlengdar til eins árs í senn. Er frv. samhljóða sams konar l. og sett voru á síðasta þingi að öðru leyti en því, að framlengingin nær til ársloka 1953, en í gildandi l. er að sjálfsögðu miðað við yfirstandandi ár. Eins og menn vita, er aðalefni frv. það að framlengja söluskattinn. Fjhn. hefur klofnað um málið. Vill minni hl., hv. 1. landsk. þm., láta fella frv., án þess að hann bendi þó á aðrar tekjuöflunarleiðir í staðinn eða geri, svo að vitað sé, till. um að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Meiri hl. n., 4 nm., sem skrifa undir nál. á þskj. 473, líta svo á, að ríkissjóður geti ekki með nokkru móti misst þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggja því til, að það verði samþ.

Eins og ég sagði áðan, voru lög samhljóða þessu frv. samþ. í fyrra, og mun þó ekki gera betur en að tekjur og gjöld yfirstandandi árs standist á. Það er ekkert, sem bendir á, að ríkissjóður komist af með minni tekjur næsta ár. Fjárlfrv. er komið til 3. umr., og er niðurstaða þess sú, að tekjuafgangur er sama og enginn. Mætti eftir venju búast við, að útgjöldin hækkuðu þó eitthvað við 3. umr., jafnvel þó að ekkert óvenjulegt væri á seyði, en nú bætist það við, að víðtækt verkfall stendur yfir, eins og allir vita. Til þess að reyna að finna lausn á því hefur ríkisstj. beitt sér fyrir tilboði um allstórfellda lækkun dýrtíðar. Gert er að vísu ráð fyrir, að sú lækkun yrði á kostnað ýmissa annarra aðila en ríkissjóðs, svo sem bænda, kaupfélaga, kaupmanna, skipafélaga og olíufélaga. Samt er svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður leggi sinn skerf fram, og mundi hann aldrei verða minni en um 12 millj. kr. samkv. tilboði ríkisstj. Nú hefur þessu tilboði að vísu verið hafnað, að því er sagt er, en búast má þó við því, að lausn verkfallsins, sem hlýtur nú að líða að, kosti á einhvern hátt ríkissjóðinn a. m. k. þá upphæð, sem ég nefndi, ef ekki meira, því þó að lausnin yrði sú, sem ég þó geri ekki ráð fyrir, að gengið yrði að þeim kröfum óskorað, sem bornar hafa verið fram, þá mundi það kosta ríkissjóðinn a. m. k. þessa upphæð í hækkuðum launum opinberra starfsmanna. Það er því auðsætt, að ríkissjóður getur enn síður en áður misst þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, og — að því er ég álít — því aðeins staðizt ný útgjöld í þessu skyni eða öðru, að hér verði góðæri á næsta ári, og í þeirri von — von um góðæri — hlýtur tilboð hæstv. ríkisstj. að vera gert og aðrar þær till. til hækkunar frá því, sem nú er, sem fram kunna að koma.

Eins og segir í nál. meiri hl. á þskj. 473, hafa einstakir nm. áskilið sér óbundið atkv. um brtt., og hefur einn þeirra, hv. þm. Barð., borið fram brtt. á þskj. 474. Á þessu stigi mun ég hvorki ræða þá till. né brtt. hv. 1. landsk. þm. á þskj. 478. Vil ég aðeins lýsa yfir því fyrir sjálfs mín hönd, og ég hygg, að a. m. k. 2 nm. séu mér sammála um það atriði, að ég get ekki samþ. neina brtt., sem ég tel að hafi lækkun á tekjum ríkissjóðs í för með sér, án þess að aðrar jafnmiklar komi þá í staðinn.

Mín till. er því sú á þessu stigi, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef, eins og hv. frsm. upplýsti, skrifað undir nál. á þskj.

473 með fyrirvara, og er minn fyrirvari fólginn í því, að ég vil ekki á þessu stigi málsins fallast á, að 2. gr. frv. sé samþ. óbreytt, og geri tilraun til þess að fá leiðrétt nokkuð það ranglæti, sem hefur verið við haldið í l. síðan það ákvæði var tekið upp í löggjöfina. Ég hef því á þskj. 474 lagt til sem aðaltill. við 2. gr., að orðin „en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu“ falli niður.

Eins og l. eru nú, þá er þessu þannig farið, að á allt hráefni, sem flutt er inn til iðnaðarins, er greitt 7.7% á innflutningsgjöldin, og er það í samræmi við allar vörur, sem fluttar eru inn, að greitt er 7.7% sem heildsölugjald. Þegar þessi vara er síðan seld í heildsölu til iðnaðarins, þá er ekki greiddur af henni söluskattur, vegna þess að heildsala er ekki söluskattsskyld að öðru leyti en ég hef hér tekið fram, en síðan, þegar iðnrekandinn selur þetta aftur í heildsölu til kaupmannanna, þá eru reiknuð af þessu 3% í söluskatt, en þá er búið að tvískatta raunverulega þann hluta, sem inn hefur verið fluttur; hann hefur áður verið skattaður með 7.7% og er svo skattaður á ný með 3%. Þetta tel ég að sé engan veginn réttlátt og íþyngi of mjög íslenzkri framleiðslu og þess vegna eigi að fella þetta niður.

Nú hefur því verið haldið fram, að þetta mundi nema um 9 millj. kr., ef það yrði fellt niður. Það hafa nú ekki legið fyrir nein gögn, er sanni það, að svo sé, en hitt er alveg víst, að á móti kæmi aukin framleiðsla iðnaðarins í mjög stórum stíl, ef þetta væri lagfært, svoleiðis að þannig fengi ríkissjóður aftur inn töluvert á móti í söluskatti af nýrri framleiðsluvöru, svo að hér er ekki eingöngu um tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð. Ég get að sjálfsögðu ekki á þessu stigi málsins sagt um það, hvað mikil sú upphæð yrði. Það yrði spádómur, eins og svo víða annars staðar í áætluðum tekjum ríkissjóðs, en mér þætti ekki ólíklegt, að með því að örva mjög framleiðslu iðnaðarins, þá kæmi allverulegur hluti af þessu aftur.

En þó að menn vildu ekki fallast á þessa till., þá þykir mér eðlilegt, að þeir vildu fallast á þá till., sem ég ber fram til vara á sama þskj., þ. e., að aftan við 1. efnismálslið gr. bætist: „Þegar verksmiðja selur framleiðsluvörur í heildsölu, skal eigi lagður 3% söluskattur á þann hluta framleiðslunnar, sem 7.7% gjaldið hefur verið lagt á.“ Það væri þó nokkur bót, ef hægt væri að koma því ákvæði inn í löggjöfina, og ég fullyrði alveg, að þessi tilslökun á söluskattinum mundi ekki verða ríkissjóði til neins tekjutaps. Það mundi áreiðanlega vinnast upp aftur í auknum framkvæmdum og framleiðslu hjá iðnaðinum, svoleiðis að hér væri aðeins um réttlætingu að ræða og ekkert annað.

Ég vildi því mjög mælast til þess, að þó að menn sæju sér ekki fært að samþ. aðaltill. til þess að ná fullkomnu réttlæti í málinu, þá verði þó a. m. k. nægilega margir hér í þessari hv. d. til þess að samþ. varatill. og ná þannig nokkrum hluta af réttlætinu með því að setja það inn í löggjöfina.

Ég skal viðurkenna, að eins og löggjöfin er nú og eins og er ætlazt til þess að hún verði með frv. á þskj. 13, þá mætti nokkuð laga þetta í meðferðinni hjá hæstv. ráðh., ef hann hefði löngun til þess, og vil ég í sambandi við það leyfa mér að lesa hér upp tvö bréf, annað frá rannsóknarnefnd ríkisins í iðnaðarmálum til fjmrn., dags. 11. okt. 1952, með leyfi hæstv. forseta, en það hljóðar svo:

„Vér leyfum oss að spyrjast fyrir um það hjá hinu háa ráðuneyti, eftir hvaða reglum er farið við greiðslu söluskatts af framleiðsluvörum innlendra verksmiðja, sem seldar eru öðrum innlendum verksmiðjum til frekari vinnslu.

Forstjóri Dúkaverksmiðjunnar h/f, Akureyri, hefur tjáð oss, að henni sé heimilt að greiða ekki söluskatt af vinnuvettlingaefni, er hún framleiðir og selur til innlendra vinnuvettlingaverksmiðja. Á hinn bóginn hefur forstjóri iðnaðardeildar S. Í. S. tjáð oss, að skinnaverksmiðjan Iðunn greiði söluskatt af leðri, er hún selur öðrum skóverksmiðjum en skódeild Iðunnar, og sama gildir um framleiðslu Gefjunar.

Með því að fyrirkomulag þessara mála varðar verðmyndun margra innlendra iðnaðarvara og nefndin lítur svo á, að tryggja beri, að framleiðslusöluskattur verði aðeins greiddur einu sinni af sömu framleiðslu, væntir n. þess að fá svar hins háa ráðuneytis hið fyrsta.“

Þessu svarar svo rn. með bréfi 10. nóv., er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til svars bréfi yðar, dags. 11. f. m., varðandi söluskatt skal þetta tekið fram:

Sala á hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum til frekari vinnslu, er söluskattsskyld, sbr. t. d. 2. gr. l. nr. 107 1951. Sala telst í þessu sambandi einungis raunveruleg sala, en ekki tilflutningur vöru milli deilda í sama fyrirtæki, þó að hann kunni í bókhaldi að líta út sem sala. Til skattlagningar slíkrar sölu er ekki heimild í l.“

Eins og þetta er framkvæmt, er sýnilegt, að sama vara, sem unnin er á mismunandi stöðum, getur verið með mismunandi verði beinlínis vegna þess, að það þarf að greiða af henni mismunandi söluskatt. Ef vara t. d. er unnin úr garni í dúka og seld í heildsölu þannig til verksmiðju, ber að greiða af henni söluskatt. Ef hún svo aftur vinnur úr þessu vettlinga eða annað og selur það enn annarri heildsölu, þarf enn að greiða af því söluskatt, og svo þarf að síðustu að greiða söluskatt af þessu, þegar það er selt út í smásölu. Hins vegar getur sama fyrirtæki aðeins látið sér nægja að greiða 7.7% innflutningstollinn eða innflutningsskattinn, en ef það vinnur þessa framleiðslu í deildum, sem eru í eigu sama eiganda, þá sleppur hann við að greiða allan skattinn, nema 2% í smásöluskatt. Þetta er náttúrlega algerlega óhæfa og þarf að sjálfsögðu að leiðrétta, og því hef ég borið fram mínar till. á þskj. 474. Verði aðaltill. samþ., þá er um leið réttlætt þetta atriði, sem er mjög ranglátt að mínu áliti og kemur mismunandi niður hjá hinum ýmsu fyrirtækjum í landinu.

Ég skal ekki tefja lengur við þetta atriði á þessu stigi málsins, en vil aðeins geta þess, að ef þessar báðar till. mínar verða felldar, sem ég vænti að verði nú ekki, þá mun ég neyðast til

að bera fram aðrar till. við 3. umr., sem fara í þá átt að láta alla aðila búa við sömu kjör í sambandi við iðnaðinn, þannig að hækka þá einnig skattinn á þeim fyrirtækjum, sem vinna sjálf úr efnunum frá einu stigi til annars, en skal ekki ræða það nánar hér. Ég vænti hins vegar, að till. minar verði samþ., helzt aðaltill., en ef ekki, þá a. m. k. varatill.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég gat ekki orðið hv. meðnm. mínum sammála um þetta frv. Ég er andvígur frv. í heild sinni og vil láta fella það. Ég hef þó til vara lagt fram brtt. á þskj. 478 til þess að freista þess að fá úr gildi numdar þær álögur, sem ég álít, að séu allra skaðlegastar fyrir þjóðfélagið.

Um hinn illræmda söluskatt hafa farið fram miklar umræður, meiri en um flest önnur mál, meiri en um flesta aðra tekjustofna. Það er þess vegna þarflaust að fara langt út í það mál. Því verður ekki neitað, að álagning söluskatts, eftir að þau útgjöld féllu niður, sem hann upprunalega átti að renna til, þ. e. a. s. útgjöld til fiskábyrgðar, var hreint og beint brigðmæli. Hitt er þó aðalatriðið, að söluskatturinn er ranglátastur og skaðlegastur allra skatta, og það er vegna þess, að hann leggst jafnt á allar vörur, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar, og leggst þess vegna með mestum þunga á þá fátækustu, þá, sem hafa minnst úr að spila. Hann er þungur baggi á íslenzkri iðnaðarframleiðslu og leggst jafnt á þau fyrirtæki, sem hafa erfiða aðstöðu, og hin, sem standa sig vel. Ekki er minnsti vafi á því, að söluskatturinn hefur orðið til þess að draga mjög úr atvinnu í landinu. Og það er alveg víst, að söluskatturinn hefur átt ríkan þátt í því að skapa það óþolandi efnahagsástand, sem m. a. hefur leitt til þeirra verkfalla, þeirra nauðvarna fólksins, sem nú standa yfir.

Brtt. mín er um að fella niður söluskatt af íslenzkum iðnaðarvörum. Það væri þó veruleg bót í máli, ef hún fengist samþykkt, og hefur raunar alltaf verið rík nauðsyn. Hv. þm. Barð. hefur lagt fram aðra brtt. á þskj. 474, sem fer í sömu átt, og mér skilst, að aðaltill. hv. þm. beri að skilja svo, að hún þýði það sama og mín till. Þó er ég ekki alveg viss um, að það sé öruggt, að hún nái tilgangi sínum.

Ég sagði, að það hafi raunar alltaf verið rík nauðsyn að afnema söluskatt af íslenzkum iðnaðarvarningi, en sú nauðsyn ætti kannske að vera hv. alþm. nokkru skiljanlegri nú heldur en endranær. Eitt af þeim atriðum, sem deiluaðilar í verkfallinu hafa bent ríkisstj. á, að orðið gæti mjög veigamikill þáttur til þess að leysa verkfallið, er niðurfelling söluskatts að nokkru eða öllu leyti, og þá er niðurfelling skattsins af iðnaðarvörum veigamesta atriðið. Samkvæmt þeim athugunum, sem hagstofan hefur gert að tilhlutun samninganefndar verkalýðsfélaganna, skiptist innheimtur söluskattur frá 1. okt. 1951 til 30. sept. 1952, í 12 mánuði, þannig: Af innflutningi var innheimt 60.8% eða 51.7 millj. á þessu tímabili. Af smásölu 16.7% eða 14.2 millj. Af iðnaðarvörum sama, 16.7% eða 14.2 millj., og af annarri þjónustu 5.8%. Eins og sjá má af þessu, þá er hér ekki um sérlega stóran tekjumissi að ræða fyrir ríkissjóð, þó að brtt. mín yrði samþykkt, en fyrir iðnaðinn munar það miklu. Iðnrekendur gætu hækkað kaup þeirra, sem hjá þeim vinna, um 40%, sér að skaðlausu, ef söluskatturinn yrði afnuminn af vörum þeirra, og jafnvel þótt ekki væri gert nema að lækka skattinn á iðnaðinum um helming, þá væri kaupdeilan leyst að því er til iðnaðarins tekur. Iðnrekendur gætu þá sér að skaðlausu uppfyllt allar kröfur verkalýðsfélaganna og mundu þó vera betur á vegi staddir en áður. Hér hefur hv. Alþ. vissulega einstætt tækifæri, og það er víst, að það verður tekið eftir því af öllum landsmönnum, hvernig Alþ. notar sér þetta tækifæri. Öll þjóðin ætlast til þess af Alþ. og ríkisstj., að þau láti einskis ófreistað til þess að leysa tafarlaust hina miklu kaupdeilu, sem nú stendur yfir. Ekki er sök þessara aðila svo lítil, og hún stendur óbætt enn þá.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, að það liggja hér fyrir till. um það að lækka söluskattinn á iðnaðarvörum og hv. síðasti ræðumaður gerði það nokkuð að umtalsefni. Hv. síðasti ræðumaður, og það gera fleiri, talaði um þessi mál eins og söluskatturinn væri skattur á iðnaðarfyrirtækin og að það mundi létta af iðnaðarfyrirtækjunum þungri byrði, ef söluskatturinn væri afnuminn. Þetta er algerlega úr lausu lofti gripið. Söluskatturinn er ekki skattur á þessi fyrirtæki, heldur leggst hann inn í vöruverðið, svo að vöruverðið hækkar sem skattinum nemur. Þetta er bara innheimtufé, sem fyrirtækin taka til sín og taka vitanlega af þeim, sem vörurnar kaupa, og skila fénu síðan í ríkissjóð. Það mundi því hvorki gera fyrirtækin sjálf færari né ófærari um að greiða kaup, þótt söluskatturinn yrði afnuminn. Hann er ekki skattur á þau, heldur er hann skattur á þá, sem vöruna kaupa, alveg eins og söluskatturinn í smásölunni er vitanlega ekki skattur á þau fyrirtæki, sem selja vöruna, heldur er hann lagður inn í vöruverðið. Spursmálið um það, hvort leggja skuli söluskattinn á iðnaðarvörur, nær aðeins til þess, hvort iðnaðurinn hefur nægilega tollvernd eða ekki. Það er að vísu mikið og flókið mál, hvort iðnaðurinn hafi það. Hann hefur mikla tollvernd, og hefur nýlega farið fram á því nokkur athugun. Það hefur komið í ljós, að yfirleitt hefur iðnaðurinn mikla tollvernd, en einstaka lagfæringar þarf að gera í þeim málum iðnaðinum til hagsbóta, og verður lagt fram sérstakt frv. um breytingar á tollskránni nú alveg á næstunni á hv. Alþ. til þess að bæta úr þeim agnúum, sem komið hafa í ljós að því leyti til. — Ég vil aðeins benda mönnum á það, að það er ekki hægt að lækka ríkistekjurnar eins og nú horfir um afgreiðslu fjárlaganna, það ætla ég, að öllum sé ljóst. Þess vegna vil ég leyfa mér að mælast til þess, að allar brtt., sem ganga í þá átt að lækka tekjur ríkissjóðs, verði felldar.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú tekið af mér ómakið að svara því, sem í raun og veru er aðalatriði þessa máls, að minnsta kosti í sambandi

við það, sem flm. þeirra brtt., sem hér liggja fyrir, hafa talað um, og þá sérstaklega hv. 1. landsk. þm. Ég sé mjög litla ástæðu til þess að fara að ræða við hann um söluskattinn yfirleitt. Þessi lög um söluskattinn hafa nú verið hér á undanförnum þingum, hann hefur talið fram ókosti hans á hverju þingi, og hefur ekkert nýtt komið fram hjá honum nú. Hann tók það m. a. fram, sem og jafnan áður, að þessi skattur kæmi þyngst niður á þeim fátækustu. Réttara hefði verið fyrir hann að orða það þannig, að hann kæmi að ýmsu leyti jafnt niður á fátækum og ríkum, því að ekki sé ég, að fátækir menn eigi að borga meira af söluskattinum heldur en efnaðir. En má ekki segja þetta um flesta tolla? Það vantar alveg í hjá hv. 1. landsk. þm. og hefur alltaf vantað, síðan þetta mál kom hér fyrst, og vantar alltaf, þegar rætt er um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, sem hann er yfirleitt á móti, hvað eigi að koma í staðinn eða hvaða gjöld ríkisins eigi að lækka, svo að ríkissjóður þoli að missa þessar tekjur. Trúir t. d. hv. 1. landsk. þm. því, að hægt væri að hækka tekjuskattinn svo mikið, að það næmi þeirri upphæð, sem söluskatturinn gerir nú? En það væri í raun og veru eina leiðin til þess að leggja byrðarnar á þá tekjuháu og ríku og létta henni af fátæklingunum, því að jafnvel þó að hann vitni til þess, sem ég get nú búizt við, að leggja mætti töluvert á ýmsan óþarfa, sem kallaður er, þá er sem betur fer efnahagur landsmanna ekki misjafnari en það, að ég veit ekki, hvaða stétt landsins það er nú til dags, sem neitar sér með öllu um að kaupa ýmsar þær vörur, sem kallaðar eru óþarfi. Ég held því, að þetta væri eina leiðin, að leggja þetta á með tekju- og eignarskatti. En þeir, sem vilja þó ganga töluvert langt í því að innheimta tekju- og eignarskatt, líta flestir svo á, að þeir skattar séu komnir í hámark. Og það er ekki nóg með það, að fólk er á móti söluskattinum, — ég veit, að margt fólk er á móti honum að sjálfsögðu, — en það er líka margt fólk á móti tekju- og eignarskatti, og hér er einn hv. alþm., sem hefur lagt það til, að tekjuskatturinn væri með öllu afnuminn.

Um brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 474 og hv. 1. landsk. þm. á þskj. 478 hef ég fátt að segja, enda vék hæstv. ráðh. að þeim. Þær eru mjög svipaðs efnis og að sumu leyti, að því er mér virðist, um það sama, aðaltill. hv. þm. Barð. og till. hv. 1. landsk., og mun ég víkja að þeim í einu lagi og sé ekki ástæðu til að tala sérstaklega um hvora fyrir sig. Þær eru báðar um það að lækka tekjur ríkissjóðs af söluskattinum, og samkvæmt því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, þá get ég ekki þegar af þeirri ástæðu fylgt þeim. Hvað þessi lækkun er mikil, hefur ekki verið reiknað út, en talað hefur verið um 14 millj. kr. í því sambandi. Ég legg ekki nokkurn dóm á það, hvort sú tala hefur við full rök að styðjast. En hitt sjá allir í hendi sér, sem till. lesa, að þar er um lækkun að ræða. Ég skal alveg játa það, að það er viss sanngirni í varatill. hv. þm. Barð., en ég lít bara þannig á, að ef á að fara að lækka tekjur ríkissjóðs með breytingu á þessum lögum á annað borð, þá yrði það ekki gert eitt út af fyrir sig, heldur verði að gera slíkt í sambandi við annað, en það er svo margt, sem mætti segja, að sé sanngirni í. Það væri vitanlega sanngirni að hafa lægri kaffi- og sykurtolla o. s. frv., ef ríkissjóður bara þyldi það og ef fólkið vildi þá gera minni kröfur til ríkissjóðsins en það nú gerir. En ég hygg, þegar allt kemur til alls, að það borgi sig einmitt fyrir þá fátæku í landinu, fyrir almenning í landinu, að ríkissjóður innheimti töluvert há gjöld, en í staðinn kemur það, að slík þjónusta er veitt af íslenzka ríkinu, að ég hygg, að þess séu fá dæmi í heiminum. Hv. þm. Barð. sagði að vísu, að ríkissjóður fengi eitthvað á móti, þó að hans till. væri samþykkt. Það er rétt, hann fengi eitthvað á móti. En hvað? Hv. þm. sagði sjálfur, að það væri óvíst hvað mikið. Ég get ekki fallizt á það að fara að samþ. neitt í þessu efni í fullkominni óvissu. Hv. þm. Barð. samþ. nú, ef ég man rétt, þessi lög í fyrra og hittiðfyrra. Og ég sé ekki, að þessi lög séu neitt verri nú heldur en þau voru þá. Öðru máli gegnir auðvitað um hv. 1. landsk. þm., sem alltaf hefur verið á móti þessum lögum og alltaf er á móti öllum tekjum ríkissjóðs, en með öllum útgjöldum ríkissjóðs. En hvernig hann, ef hann ætti að taka við stjórn landsins, ætlaði að reka þá pólitík, það skal ég játa, að er mér alveg hulin ráðgáta, og ég veit ekki til, að hann hafi nokkurn tíma útskýrt það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú nota tækifærið til þess að leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta mál. Hann sagði, að söluskatturinn væri ekki lagður á þessi fyrirtæki, heldur á kaupendurna. Það er náttúrlega hreinn misskilningur, því að þessi hluti söluskattsins, sem lagður er á framleiðslu iðnaðarins, er ekki lagður á neina aðra en þá, sem framleiða, þegar um er að ræða, að hann er ekki lagður jafnt á allar framleiðsluvörur. Þegar ein framleiðsluvara ber aðeins 2% í söluskattinum, en önnur verður að bera 5% í söluskattinum, eins og hér um ræðir og ég hef lýst áður, þá er sú vara ekki samkeppnisfær á markaðnum við hina vöruna, þótt hún sé jafngóð, nema því aðeins að viðkomandi aðili hafi getað framleitt vöruna á einhvern ódýrari hátt, og þá er það einnig tekið úr hans vasa. Það er einmitt þess vegna, sem ég hef borið þetta fram, að ég vil fá þessa leiðréttingu á þessu sérstaka atriði, þar sem framleiðandinn verður að greiða skattinn, en ekki kaupandinn, eins og sýnilegt er hér og er alveg gagnstætt því, sem hæstv. ráðh. hélt fram.

Svo sagði hæstv. ráðh., að spurningin sé aðallega hér um það, hvort iðnaðurinn hafi nægilega tollvernd. Það er ekki spurningin um það hér í sambandi við mína till. Það er spurningin um það, hvort sömu lög eigi að ganga yfir alla þegna þjóðfélagsins eða hvort nokkur hluti þjóðfélagsþegnanna á að búa við önnur og betri og hagkvæmari lagafyrirmæli heldur en aðrir. Og það er áreiðanlega fórnandi þó nokkru fé úr ríkissjóði til þess að ná því takmarki, að allir búi við sömu lög.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að hann gæti ekkert samþ. hér í hv. Alþ., sem minnkaði tekjur ríkissjóðs í sambandi við þetta mál. En á sama tíma lýsir hæstv. ráðh. því yfir, að hann ætli sér að bera fram hér nýtt frv. um tollalöggjöf í sambandi við iðnaðinn, þar sem hann ætlar að létta allmiklum tollum af iðnaðinum. Á hvers kostnað á það að gerast? Á það að gerast á kostnað einhverra annarra en ríkissjóðs? Mér finnst skjóta hér nokkuð skökku við hjá hæstv. ráðh. Sannleikurinn er sá, að þegar hæstv. ráðh. er að láta undirbúa slíkt frv., þá gerir hann það í þeirri fullu vissu, þá spáir hann því, eins og hv. þm. S-Þ. hefur verið að tala um hér áðan, að þessi tilslökun á innflutningstollum af iðnaðarvörunum komi aftur í ríkissjóðinn í meiri framleiðslu. Ef hann ekki tryði því, þá dytti honum ekki í hug að bera fram þetta frv. Hann er þess fullviss, að einmitt þessi tilslökun á innflutningstollunum af hráefni til iðnaðarins verði til þess að auka viðskiptalífið í landinu, skapa atvinnu og gefa meiri tekjur í ríkissjóð, — nákvæmlega sömu rökin og ég er að bera fram í mínum spilaspádómi í sambandi við tekju- og eignarskattslögin, eins og hv. þm. S-Þ. hefur hvað eftir annað fullyrt. Getur hann þá lagt á okkur báða sama mælikvarðann. Og það er því einkennilegra, eftir að hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir hér, að hann skuli einnig á sama tíma lýsa því yfir, að hann vilji ekki láta gera sömu leiðréttingu í sambandi við söluskattinn, sem miðar þó nákvæmlega að sama takmarki.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það væru sömu till., sem ég bæri fram, og hv. 1. landsk. þm. flytur. Þetta er hreinn misskilningur. Ef síðari till. á þskj. 478 er samþykkt, þá er fellt niður hvort tveggja í senn 3% gjaldið af iðnaðinum og 2% smásölugjaldið af iðnaðinum, og það er allmikill munur á því. (Gripið fram í.) Ja, það veit ég, þegar það er borið saman. Það er ekki heimilt, eftir að búið er að samþ. þessa till., að taka söluskatt í smásölunni af íslenzkum iðnaðarvörum fremur en af mjólk eða öðrum landbúnaðarvörum. Það hef ég ekki lagt til. Ég hef aðeins lagt til, að millistigið sé fellt niður, og meira að segja gengið svo langt að leggja til, að það sé þó ekki fellt að öllu leyti niður, heldur sé leyft að taka það af vinnunni, í staðinn fyrir að taka það aftur í annað skipti af hráefninu.

Hv. þm. sagði einnig, að það væri viss sanngirni í því að samþ. mína till., og það er alveg rétt. En hann sagði, að það væri líka sanngirni í því að lækka kaffitoll og sykurtoll. Það er bara allt annars eðlis. Það er ekki verið að leiðrétta neitt ranglæti á milli tveggja atvinnuvega eða milli tveggja atvinnurekenda, þó að allur kaffitollurinn sé lækkaður. Með því er ekki verið að leiðrétta neitt ranglæti. Það er ekki verið að mismuna þegnum þjóðfélagsins með því, vegna þess að flestir eða allir þegnar þjóðfélagsins drekka kaffi eða éta sykur. Þeir eru þá sjálfráðir, hvort þeir vilja koma sér undan þessum skatti, alveg eins og menn eru sjálfráðir, hvort þeir vilja greiða til ríkisins með því að drekka brennivín eða ekki. Það er undir þeirra eigin vali, en iðnaðurinn á hér enga völ nema hætta starfseminni, og hvaða böl væri það ekki fyrir þjóðina? Ég er nú eiginlega alveg hissa á því, að þessi ágæti þingmaður, jafnrökfastur og hann er í hverju máli, skuli vera að bera þetta saman.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði samþ. í fyrra þessi sömu lög, og það er alveg rétt. En er það einhver alveg ófrávíkjanleg skylda, þó að þm. hafi einhvern tíma samþ. lög, ef reynslan sýnir, að þessi lög þurfa lagfæringar við, að þá megi ómögulega lagfæra þau á næsta þingi, þegar tækifæri gefst? Ég er hræddur um, að þá væri orðið eitthvað skrýtið í sambandi við tryggingalöggjöfina, ef það hefði átt að halda þessari föstu reglu þar, að af því að tryggingalöggjöfin var samþ. 1946 á þingi, þá mætti ekki hreyfa nokkurn staf í henni síðar meir. Ég veit ekki betur en að við höfum verið að samþ. breytingu á þessari löggjöf á hverju einasta þingi, af því að lífið hefur kennt okkur, að það væri ranglátt að breyta ekki þessu og breyta ekki hinu. Og það nákvæmlega sama gildir hér. Reynslan hefur sýnt okkur, að það er megnasta ranglæti að taka 3% skattinn af iðnaðarframleiðslunni. Og það er meira en það, það er stórkostlegt tjón fyrir atvinnulífið í landinu og einnig stórkostlegt tjón fyrir ríkissjóðinn, ef það hefur þau áhrif, að framleiðslan minnkar. Þær tölur, sem hv. frsm. minntist hér á, 14 millj. kr., eru algerlega út í bláinn, hafa ekki við nokkurn skapaðan hlut að styðjast. Heildarframleiðslan í iðnaðinum hefur verið talin á s. l. ári 310 millj. kr., og ef tekið er af því alls 3%, þá geta það þó aldrei orðið nema rétt rúmlega 9 millj. kr. Nú er engin sönnun fyrir því, að það sé hægt undir hvaða kringumstæðum sem er að ná öllum þessum skatti hér. En þrátt fyrir það þótt honum öllum væri náð, þá gæti hann aldrei farið yfir það. Það getur aldrei kostað neinar 14 millj. að lækka, eins og ég legg til, skattinn þannig, að ekki sé lengur tekið af nema allri vinnunni. Það getur aldrei kostað nema einhvern hluta af þeim 9 millj., sem hér um ræðir, hve mikið get ég að sjálfsögðu ekki sagt í dag, en þó þætti mér ekkert ólíklegt, að hráefnið væri undir flestum kringumstæðum eitthvað nálægt því að vera helmingurinn af kostnaði vörunnar, og fer þó nokkuð eftir því, hvaða vara unnin er. Þá væri þó ekki um að ræða hér undir neinum kringumstæðum meira en 4—5 millj. kr., og ég þykist hafa eins mikið leyfi til þess að spá því, að framleiðslan aukist það mikið, að meginhluti af þeirri upphæð náist aftur með aukinni framleiðslu og auknum tollum á þá framleiðslu, eins og hæstv. ráðh. hyggur að hann geti náð tekjunum með því að slaka nokkuð til á innflutningstollum í iðnaðinum. Ég vil því enn vænta þess, að till. mínar í sambandi við þetta verði samþykktar.

Brynjólfur Bjarnason: Hæstv. fjmrh. var að fræða hv. þdm. á því, að þó að skatturinn af iðnaðarvörunum yrði afnuminn, þá yrði það ekki til þess að létta af iðnrekendum, vegna þess, eins og hann sagði, að skatturinn leggst alls ekki á þá, heldur á þá, sem vöruna kaupa.

Þetta eru nú ekki annað en undanbrögð hjá hæstv. fjmrh. Það vita allir, að það er leyfilegt að leggja skattinn á vöruna. En það, sem hér er um að ræða, er sú staðreynd, að iðnrekendur gætu lagt alla þá kauphækkun, sem verkalýðsfélögin fara nú fram á, á vöruna, og samt mundi vöruverð íslenzkra iðnaðarvara geta stórlækkað, ef söluskatturinn félli niður. Það er þetta, sem hér er um að ræða, og það skilur hæstv. fjmrh. eins vel og aðrir. Auk þess mundi þetta beinlínis verða hagur fyrir iðnrekendur, bæði að því leyti til, að sumt af þessum skatti leggst óhjákvæmilega á þá eða einstök fyrirtæki í iðnaðinum, eins og hv. þm. Barð. sýndi réttilega fram á í sinni ræðu. Þar sem um er að ræða margsköttun og skatturinn leggst þyngra á eitt fyrirtæki en annað, þá er það greinilegt, að til þess að standast samkeppni er ekki mögulegt fyrir slík fyrirtæki að jafna það með því að leggja þann aukaskatt, sem þau hafa orðið að greiða, á vöruna. Og svo það, sem er aðalatriðið og gildir fyrir alla iðnrekendur, að með því að sleppa við söluskattinn mundu þeir stórspara rekstrarfé, og mundi það þess vegna einnig verða þeim stórkostlegur stuðningur beinlínis. En það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er, að hér er um að ræða eins konar verndartolla fyrir erlenda framleiðslu, sem keppir við íslenzkan iðnað, og þetta hefur alltaf verið ein höfuðröksemdin fyrir því, að sjálfsagt er að afnema þennan skatt, og hefur margsinnis verið sýnt fram á það í umræðunum um söluskattinn. Það var reynt að sýna fram á það, þegar söluskatturinn var á lagður, hversu mikil fjarstæða þessi skattur væri, einmitt vegna þess að hann verkar sem verndartollur fyrir erlenda framleiðslu, sem keppir við innlenda framleiðslu. Að þessu leyti er hverjum manni sýnilegt, hver stórhagur það mundi vera fyrir iðnrekendur að sleppa við þennan skatt einnig beinlínis.

Hv. frsm., 1. þm. Eyf., vildi í fyrsta lagi mótmæla því, að söluskatturinn kæmi þyngst niður á þeim fátækustu, þeim, sem minnst hefðu úr að spila. Þetta hlýtur nú hv. frsm. að sjá eins og allir aðrir landsmenn, að skattur, sem leggst jafnt á allar vörur, hvort sem þær eru nauðsynlegar ellegar ónauðsynlegar, kemur tiltölulega þyngra niður á hinum fátæku og verður á þeim þyngstur baggi, erfiðast fyrir þá að standa undir honum, og einmitt þess vegna er söluskatturinn ranglátastur allra skatta. Þess vegna er ég á móti söluskattinum, alveg óháð því, hver er tekjuþörf ríkissjóðs, vegna þess að ég álít, að allir aðrir skattar séu betri en söluskatturinn, það sé ekki hægt að finna ranglátari skatt. Þegar af þeirri ástæðu, hvað sem öðru líður, er ég andstæður söluskattinum. — Hv. þm. sagði, að ég hefði aldrei bent á það, hvað ætti að koma í staðinn fyrir söluskattinn. Það hefur margsinnis verið bent á það af þm. Sósfl. hér á Alþ. frá upphafi, hvernig hægt væri á réttlátari hátt að afla ríkinu tekna. Ég get nefnt sem dæmi að taka einkasölu á innlendum framleiðsluvörum, sem gefa mjög mikinn gróða. Það hafa meira að segja oftar en einu sinni af hálfu sósíalista verið lögð fram frv. hér á Alþingi um það efni. Enn fremur er vitað, að það er hægt að spara mjög mikið að ósekju af útgjöldum ríkissjóðs. Það er hægt að draga mjög úr ríkisbákninu. En mér virðist, að frv. það, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ. um framkvæmdabanka, beri ekki mikinn vott um áhuga hæstv. ríkisstj. í því efni. Gróði ýmissa aðila í þessu þjóðfélagi, ýmissa aðila, sem ekki eru beint í framleiðslunni, nemur hundruðum milljóna, og það er hægt að ná til þessa gróða með ýmsum ráðstöfunum, sem ég raunar skal játa, að núverandi hæstv. ríkisstj. er ekki líkleg til.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það þýðir nú að sjálfsögðu ekki að karpa lengi um þetta. Það verður aðeins klippt eða skorið. Hv. þm. Barð. sagði, að það væri aðeins um það að ræða viðvíkjandi sinni till., hvort sömu lög ættu að ganga yfir alla landsmenn. Mér virðist nú, jafnvel þótt frv. yrði samþ. óbreytt, að þá gangi sömu lög yfir alla. Það er öllum heimilt, t. d. öllum iðnaðarfyrirtækjum, að setja upp búðir og selja sínar vörur þar. Ef þeir nota þann rétt, sem þeir þannig hafa, þá ganga sömu lög yfir alla. Yfirleitt er hér engum bannað neitt í þessum efnum. Það er eins og gengur í lífinu, að sumir hafa framsýni og dugnað til þess að koma sér betur fyrir en aðrir, og verður ekkert við því sagt. Og þetta er ekkert sérstakt. Einnig gætu fyrirtæki slegið sér saman og komið því þannig fyrir. Og ekki þarf hann að halda það, — af því að maður heyrir nú oft hug hans til samvinnufélaga landsins, — að þetta sé til verndar samvinnufélögunum sérstaklega, því að það er til fjöldi einstakra manna, sem hafa útsöludeildir, sem taka við iðnaðarvörum, og þetta gildir auðvitað alveg eins um fyrirtæki einstakra manna eins og t. d. samvinnufélög. Mér finnst því, að þetta sé ekki rétt, að hér sé ekki um sömu lög fyrir alla að ræða. Hver sem þessa aðferð hefur á iðnaði sínum og sölu hans nýtur þessara ákvæða, og það er öllum frjálst.

Ég held, að hv. þm. Barð. hafi dálítið misskilið hæstv. ráðh. Ég skildi ekki hæstv. ráðh. svo, að hann væri sérstaklega að tala um það að aflétta tollum á útlendum iðnaðarvörum, eins og hv. þm. Barð. virðist hafa skilið það. Það yrði vitanlega ekki íslenzkum iðnaði til hagsbóta. Hann nefndi áreiðanlega í sinni ræðu í þessu sambandi að leggja einhverja verndartolla á erlendar iðnaðarvörur, til þess þannig að hlynna að íslenzkum iðnaði. Það væri ekki til að draga úr tekjum ríkissjóðs, og það væri ekki til þess að skaða íslenzkan iðnað.

Þá vildu báðir hv. síðustu ræðumenn halda því fram, að það gegni allt öðru máli um aðra tolla en um söluskattinn. Ég veit nú ekki, hvað á að segja um það, og a. m. k. er það svo um ýmsa tolla, að það mætti þá með sama rétti segja, að þar væri landsmönnum mismunað. Hv. þm. Barð. er t. d. bindindismaður bæði á áfengi og tóbak og geldur ekkert í ríkissjóðinn í toll af þessum vörum, en margir gjalda mikinn toll af þessum vörum. Það mætti með sama rétti halda því fram, að hv. þm. Barð. nyti

þarna sérstakra réttinda. Og í raun og veru er ekki hægt að færa nein ákveðin rök fyrir því, að þeir, sem kaupa áfengi og tóbak, eigi að borga meira en aðrir menn í ríkissjóð, jafnvel þó að þeim sé þetta í sjálfsvald sett. Þeir njóta ekkert meiri réttinda í þjóðfélaginu en aðrir menn. En við skulum ekki tala um hreinar óþarfavörur eins og áfengi og tóbak. Það eru tollar á ýmsum nauðsynjavörum, eða vörum, *sem a. m. k. eru taldar nauðsynjavörur, eins* og kaffi og sykri og ýmsum þeim hlutum, áhöldum og öðru, sem allur almenningur þarf að nota. Ég sé ekki, — og það er nú aðallega út af því, sem hv. 1. landsk. var að tala um, að þessi skattur væri ranglátastur allra skatta og tolla, — ég sé ekki neinn grundvallarmun á söluskattinum og þessum tollum.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, þegar ég hafði nefnt 14 millj. kr. í þessu sambandi, að þetta væri út í bláinn hjá mér, þá vil ég geta þess, að ég staðhæfði aldrei neitt um það í minni fyrstu ræðu, að þessar till. mundu lækka tekjur ríkisins um 14 millj. kr. Ég sagðist hafa heyrt þá tölu nefnda, og það er rétt. Ég heyrði hana nefnda, og það var í hv. fjhn. á fundi, þar sem þessir báðir hv. þm. voru viðstaddir. Það var dregið í efa af öðrum nefndarmönnum, það er satt, en talan var nefnd. Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt hjá hv. þm. Barð., að hér sé um of háa tölu að ræða, en talan var nefnd, og ég sagði alveg rétt frá því í minni fyrstu ræðu.

Með þessu er nú raunar svarað hv. 1. landsk. þm., og þarf ekki að ræða hans ræðu sérstaklega. Mér finnst, að það, sem hann sagði, ef það má telja það rétt, eigi við alla tolla eða svo til alla tolla. En hann gerði loksins nokkra tilraun til þess að svara því, hvað ætti að koma í staðinn, ef söluskatturinn yrði afnuminn. Það hefur hann ekki gert fyrr, a. m. k. ekki undir umræðum um þetta mál á undanförnum þingum. Þá nefndi hann í fyrsta lagi einkasölur, það mætti hafa einkasölur á ýmsum vörum, og ríkissjóður gæti grætt á því stórfé og að því er mér skildist eins mikið og söluskattinum nemur. Einkasölur hafa nú nokkuð verið prófaðar og gefizt misjafnlega, svo að ekki sé meira sagt. En hvað sem því líður, þá held ég, að hann geti varla fært rök fyrir því, að einkasölur á vörum geti gefið stórgróða í ríkissjóðinn á annan hátt en þann, að sá gróði komi frá viðskiptamönnum einkasalanna. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki sama, hver varan er náttúrlega. Það er ekki heldur kannske alveg sama, hver tekur gróðann, en þeir, sem taka gróða af verzlun, verða að borga tekjuskatt í ríkissjóð, svo að þetta étur sig töluvert upp, og a. m. k. er sú reynsla, sem fengizt hefur af einkasölum, sem reyndar hafa verið hér á landi, ekki á þann veg, að mér finnist mikils að vænta þar. Það gegnir nokkuð sérstöku máli að vísu *um áfengiseinkasöluna og tóbakseinkasöluna. Ég* vildi ekki mæla með því, að verzlun með þær vörugreinar væri fengin einstaklingum í hendur, en það er bara af allt annarri ástæðu. Það er af þeirri ástæðu, að það er yfirleitt ekki æskilegt, að mikið sé keypt af þeim vörum. Það er þess vegna, sem rétt þykir að hafa þær vörur í einkasölu, til þess að enginn einstaklingur hafi sérstakan áhuga fyrir því að koma þeim vörum út.

Þá nefndi hann í öðru lagi sparnað á útgjöldum ríkissjóðs. Það væri gott og blessað, ef till. lægju fyrir um það, hvað ætti að spara. Þetta eru nú margtuggin orð og kenning þeirra, sem vilja afla sér lýðhylli, að það eigi að spara *ríkisútgjöldin, en hvernig kemur þetta fram í* verki? Ég veit ekki annað en þessi hv. þm. og allur hans flokkur hafi yfirleitt greitt atkvæði ævinlega móti öllum sparnaðartill., sem fram hafa komið. Það mun vera alger undantekning, ef svo er ekki. Það eru engar sparnaðartill., sem þeir hafa stundum borið fram, að færa niður áætlunarliði fjárlaganna. Það er ekki nokkur sparnaður. Það er tilraun til þess að falsa fjárlög og láta þau sýna allt aðra niðurstöðu en nokkrar líkur eru til, að landsreikningurinn á sínum tíma sýni. Það er enginn sparnaður í slíku. Ef t. d. á að leggja niður embætti, þá er það venjulega, að þeir menn, sem eru að tala um sparnað, greiða atkvæði á móti því að leggja slíkt embætti niður. Ef á að fjölga embættum, og það er skemmst að minnast, að till. voru um það, þá greiða þeir venjulega atkv. með slíkum till. um að fjölga embættum. Nei, það þarf að koma nánari skilgreining á því, hvað á að spara. Það er ekki nóg að segja þetta í einni setningu, að ráðið sé að spara útgjöld ríkissjóðs. Það verður ekki tekið gilt.

Brynjólfur Bjarnason: Það er nú þýðingarlaust að vera að deila frekar við hv. frsm. um þetta mál. Það, sem hv. frsm. sagði um einkasölurnar, að ekkert væri hægt á þeim að græða, eru nú rök, sem ég tel harla lítils virði. Hv. frsm. sagði, að einkasölur hefðu ekki gefizt vel. Hér er um að ræða einkasölur og einkaframleiðslu ríkissjóðs til þess að afla tekna. Má ég spyrja: Hafa áfengisverzlunin og tóbakseinkasalan ekki gefið ríkissjóði allvænan skilding í tekjur? Og þá vil ég spyrja: Hvers vegna getur ríkissjóður ekki haft tekjur af því að selja t. d. sælgætisvörur, öl og gosdrykki, alveg eins og áfengi og tóbak? Það hafa engin slík rök komið fram hjá hv. frsm., sem gætu bent til þess, að hér sé um nokkurn eðlismun að ræða, þannig að þær athugasemdir hv. þm. eru algerlega haldlausar. Þá segir hv. þm., að það sé ekki hægt að spara meira af útgjöldum ríkissjóðs og að um það hafi engar raunhæfar till. komið fram. Það er náttúrlega hægt að benda hv. þm. á ótal margt, en ég vil nú t. d. benda honum á þær till., sem við höfum flutt um, að útgjöld til Evrópuráðsins og til Atlantshafsbandalagsins féllu niður, svo að dæmi séu nefnd. Það væru kannske líka möguleikar á því að fækka eitthvað sendiráðunum. Það væru kannske möguleikar á því að komast af með eitt sendiráð á Norðurlöndum, *ef ríkissjóður er raunverulega í eins mikilli fjár*þröng og hv. frsm. og hæstv. ríkisstj. vill vera láta. Nei, okkar flokkur hefur borið fram fjölda af slíkum till. um niðurskurð á óþörfum útgjöldum ríkisins eða útgjöldum, sem vel væri hægt að komast af án, og allar þær till. hafa

verið felldar af stjórnarliðinu. Annars er það náttúrlega alveg fjarstætt að ætla að gera þá kröfu til stjórnarandstöðunnar, að hún eigi að semja fjárl. fyrir hæstv. ríkisstj. og hún megi ekki gagnrýna fjárl. og tekjuöflunarleiðir fjárl., nema því aðeins að hún komi jafnframt með frv. að fjárl. fyrir hæstv. ríkisstj. Slíkt er vitaskuld ekki annað en fjarstæða. Ef stjórnarandstaðan færi með stjórn í landinu, þá mundi hún semja fjárl. á allt öðrum grundvelli og á allt öðrum efnahagsgrundvelli en nú er fyrir í landinu, svo að það er ekki hægt að koma fjárl. saman, þannig að nokkurt vit sé í frá sjónarmiði stjórnarandstöðunnar, á grundvelli þess efnahagsástands, sem nú ríkir í landinu og er á ábyrgð núverandi ríkisstj. Þetta ættu hv. frsm. og hæstv. fjmrh. að geta skilið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af brtt. hv. þm. Barð. vil ég segja það, að þær eru út af fyrir sig í rétta átt, og ég tel þörf á því, að söluskatturinn verði endurskoðaður, en þar sem kunnugt er, að þær till., sem ríkisstj. hefur borið fram til lausnar á núverandi vinnudeilum og engin deila er um, að séu í rétta átt, þótt sumir segi, að ekki séu þær fullnægjandi, byggjast á því, að tekjur ríkissjóðs verði alls ekki skertar frá því, sem nú er, þá treysti ég mér ekki til þess að verða með þessum brtt. nú eins og sakir standa. Það er ekki hægt að gera allt fyrir sömu peningana, og þó að það væri þörf á því að leiðrétta söluskattinn, þá er enn þá meiri nauðsyn á því að reyna að koma á vinnufriði hér í landinu, og það eru sízt ýkjur, að ríkisstj. hefur lagt fram till., sem hafa í sér fólgin svo mikil framlög frá ríkissjóði, að þar er vissulega teflt á tæpasta vað og má alls ekki tæpara vera, svo að nokkurt vit sé í. Þess vegna verð ég að segja, að þó að ég sé sammála því, sem hv. þm. Barð. segir að meginefni varðandi hans till., þá treysti ég mér því miður ekki nú til þess að vera hans till. fylgjandi, en vil mjög taka undir það með honum, að ég tel þörf á því að endurskoða söluskattinn.

Ég verð að segja út af því, sem hv. 1. landsk. þm. sagði, að það væri hart að ætlast til þess af stjórnarandstöðunni, að hún semdi fjárl. fyrir ríkisstj., að það er enginn, sem ætlast til þess, enda mundi það verða óskapnaður, jafnvel þótt þeir semdu fjárl. fyrir sjálfa sig, hvað þá heldur fyrir aðra. Til hins verður að ætlast af stjórnarandstöðunni, og engum frekar en stjórnarandstöðunni, að þeir bendi á raunhæfar till. til sparnaðar. Það ættu engir að hafa betri aðstöðu heldur en þeir til þess að benda á, hversu raunverulega er ofeytt úr ríkissjóði. En því fer fjarri, að þeir hafi á þetta bent. Þeir skjóta sér ætíð undan þessari skyldu, og eru einmitt hinar aumlegu upptalningar þeirra ærið gott vitni þess, hversu þetta stendur í þeim, þegar til á að taka.

Hv. þm. heldur því fram, að það sé hægt að falla frá söluskattinum, sem mun nema kringum 80 millj. kr., og benti á nokkur atriði, sem hægt væri að spara þar á móti.

Fyrsta dæmið, sem hann nefndi, held ég að hafi verið Evrópuráðið. Til þess eru ætlaðar 60 þús. kr., svo að ekki hrekkur það nú langt.

Þá kemur Atlantshafsbandalagið. Það eru að vísu lagðar til þess beinlínis 263 þús. í fjárlfrv. Við vitum, að andstaða hv. þm. gegn Atlantshafsbandalaginu kemur ekki af fjáreyðslunni til bandalagsins, heldur vegna þess, að hann hefur fyrirmæli frá hinum mikla Stalin, sem var með honum á hinu „dýrðlega" kommúnistaþingi á dögunum, um það að vera þessu bandalagi andvígur.

Bezta sönnunin fyrir því, að þessir menn séu ekki að horfa í peninginn í utanríkismálunum, kemur fram í því, að þeirra talsmaður í útvarpsumræðum á dögunum gerði það að sérstöku árásarefni á mig, að sendiráðið í Moskva hefði verið lagt niður, og hélt þm. því fram, að það hefði verið lagt niður og sendiherrann kallaður burt frá Moskva, eins og hann orðaði það, eftir að Rússar hefðu verið búnir að gera við okkur stærsta verzlunarsamning, sem gerður hefði verið við Ísland. Sannleikurinn var sá, að sendiherrann var látinn hætta að hafa fasta dvöl í Moskva áður en ég varð utanríkisráðherra og einmitt meðan hv. 1. landsk. var ráðherra. Og maðurinn, sem fór austur til Moskva ásamt þáverandi sendiherra til þess að semja um það, að þar væri hætt að hafa fastan sendiherra, — maðurinn, sem sendur var til þess, var enginn annar en Einar Olgeirsson. Hann var sendur til þess og átti tal við utanríkisráðherra eða varautanríkisráðherra Rússlands um það, að við hættum að hafa þar fastan sendiherra. Svo leyfa þessir menn, sem áttu sjálfir þátt í því og fóru austur til Moskva til þess að semja um það, að við hefðum ekki fastan sendiherra þar, sér að gera árásir á okkur hina fyrir þá ráðstöfun, sem þeir sjálfir gerðu og voru ekki aðeins ábyrgir fyrir, meðan þeir voru í stjórn, heldur fór þessi hv. 2. þm. Reykv. (EOl) alla leið austur til Moskva til þess að taka þátt í samningum um þetta.

Það stóð svo þannig um hríð eftir þessa ákvörðun, sem tekin var í stjórnartíð hv. þm., 1. landsk., og með atbeina hv. 2. þm. Reykv. (EOl), að sendiherrann í Moskva hafði aðsetur annars staðar, en við höfðum opið sendiráð í Moskva með einum sendifulltrúa. En þá kom í ljós, að jafnvel þótt ekki væri búsettur sendiherra í Moskva, heldur aðeins sendifulltrúi, þá var það síðast orðið þannig, að það kostaði yfir eina millj. kr. á ári að halda þessum eina aðstoðarmanni austur í Moskva, aðstoðarmanni, sem bókstaflega hafði ekki neitt að gera, af því að Rússar voru búnir að fella niður öll viðskipti við Íslendinga, þannig að þessari einni millj. kr. var gersamlega kastað á glæ. Enda kom það glögglega á daginn, þegar íslenzki sendifulltrúinn þar gekk á fund rússneskra stjórnarembættismanna og spurði um það, hvort þeim stæði ekki á sama, þó að ætlunin væri að leggja niður skrifstofuna í Moskva og það yrði sendiherrann í Stokkhólmi, sem yrði látinn annast sendiherrastörfin í Moskva, að þá lét hinn rússneski stjórnarembættismaður ekki uppi neina athugasemd aðra en þá, að hann spurði um það, hvort þetta hefði í för með sér, að

rússneska sendiráðinu í Reykjavík yrði lokað. Þegar kom á daginn, að það stóð ekki til að loka rússneska sendiráðinu í Reykjavík, þá var þessi góði rússneski stjórnarembættismaður hæstánægður. Hann kærði sig ekki vitund um að hafa þennan Íslending austur í Moskva, en honum var af einhverjum ástæðum umhugað um að hafa fleiri umboðsmenn á Íslandi heldur en hv. 1. landsk. þm., vildi hafa þar reglulegan Rússa við hliðina á honum. Hv. 1. landsk. þm. og hans flokksbræður býsnast sí og æ yfir því, að þessu sendiráði í Moskva, sem kostaði yfir eina millj. kr. og gerði bókstaflega ekki nokkurt gagn, hafi verið lokað, samtímis því sem þeir segja: Er ekki hægt að loka tveimur sendiráðum á Norðurlöndum? — Sannleikurinn er sá, að öll sendiráðin á Norðurlöndum, sem veita þúsundum Íslendinga fyrirgreiðslu á hverju einasta ári, kosta minna en þessi eina skrifstofa austur í Moskva með einum aðstoðarmanni hefði kostað nú, ef henni hefði verið haldið áfram opinni. Það getur vel verið, að hv. þm. hefði viljað hafa íslenzkt sendiráð sér til fyrirgreiðslu, þegar hann kom þangað austur á dögunum, þó að hann vildi að vísu ekki láta Íslendinga heyra um það fyrr en eftir á, að hann hefði verið þar á ferðinni. Það getur líka verið, að Kínafararnir hefðu líka viljað koma þar inn og fá kaffibolla eða eitthvað annað, en ég get ekki séð, að þessi skrifstofa hefði haft nokkurn skapaðan hlut annan að gera heldur en að sinna þessum göfugu gestum.

Nei, þessir hv. þm. ættu ekki að vera að tala um sparnað í sambandi við utanríkisþjónustuna, allra sízt ættu þeir að vera að finna að því, þó að þessi sendiráð séu höfð opin á Norðurlöndum, því að til viðbótar við allt annað var búið að ákveða, meðan hv. þm. var í ríkisstj., að opna sendiráðið í Osló, sem var þriðja sendiráðið. Það var búið að þreifa fyrir sér hjá norsku stjórninni um það, hver ætti að verða sendiherra í Osló, meðan þessi hv. þm. var í ríkisstj. Það er ekki sparnaðurinn, sem þarna er um að ræða, heldur allt annað.

Brynjólfur Bjarnason: Hæstv. dómsmrh. notaði nú tækifærið til þess að halda hér langa ræðu, eftir að mínum ræðutíma var lokið. Það er náttúrlega gersamlega óþarft að svara svona ræðu. Þetta er nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðh. til þess að skeyta skapi sínu, því að ræðan var náttúrlega ekkert annað en venjulegt geðvonzkukast, og þarf þess vegna ekki að svara henni.

Auðvitað var hæstv. ráðh. strax kominn austur til Moskva. Hann unir sér hvergi annars staðar í huganum heldur en austur í Moskva. Hann sagði, að sendiráðið í Moskva hefði verið eitt af dýrustu sendiráðunum. Nú, það hefur nú verið lagt niður, þannig að sá sparnaður er þegar framkvæmdur. En ég held nú raunar, að hefði þetta sendiráð ekki verið lagt niður og hefðu þessi útgjöld ekki verið spöruð, þá væri hag þjóðarinnar þannig komið, að hvorki væri þörf á bátagjaldeyrinum né heldur á söluskattinum. Ég held, að það að eyðileggja viðskiptin við Sovétríkin hafi orðið íslenzku þjóðinni svo dýrt, að einmitt sú eyðilegging eigi einna ríkastan þátt í því, að nauðsynlegt var að leggja á alla þessa viðbótarskatta, sem lagðir hafa verið á frá því núverandi stjórn og fyrrverandi tók við, frá því 1947. — Hæstv. ráðh. getur nú ekki um annað hugsað sem sagt heldur en þetta, sendiráðið í Moskva. Það er honum ríkt í huga, og ég býst við því, að það sé eitthvað í samvizkunni, sem bítur hann. Það er náttúrlega alveg fullkomin fjarstæða, sem hæstv. ráðh. hefur margsinnis haldið fram, að sendiráðið í Moskva hafi verið lagt niður áður en hann tók við. Það var alls ekki um það að ræða að leggja sendiráðið í Moskva niður, heldur hitt, að sendiherrann í Moskva tæki um skeið að sér jafnframt sendiherrastörf í Paris.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi það, að það væri ekki verkefni stjórnarandstöðunnar að semja fjárlög fyrir ríkisstj. og það væri vissulega erfitt verk að semja fjárlög, sem vit væri í, eftir að hæstv. ríkisstj. er búin að koma fjármálalífi landsins í það öngþveiti, sem alþjóð er kunnugt. En þar sem hann var að auglýsa eftir fleiri till. til sparnaðar á ríkisrekstrinum, má vissulega nefna fleiri, það má lengi nefna fleiri. Ég skal til dæmis nefna það, að það væri hægt að spara eitthvað í dómgæzlu og lögreglustjórn, þ. e. a. s. í þeim lið fjárlaganna, sem undir hann sjálfan heyrir. Frá 1946, í stjórnartíð hæstv. ráðh., hefur þessi liður bólgnað upp frá 7.8 millj. upp í 25.4 millj., svo að ég held, að hér sé nú liður, sem um munar, og hann ekki lítill. Ég get bent á ótal fleiri liði. Ég get t. d. bent á fjárhagsráð. Það er hægt að leggja það niður og það án nokkurs tjóns, að mínum dómi, fyrir þjóðfélagið, nema síður sé. En það er nú ekki aldeilis verið að hugsa um það að leggja fjárhagsráð niður, heldur er meiningin núna, og kemur frv. um það frá hæstv. ríkisstj., að stofna annað fjárhagsráð, yfirfjárhagsráð, sem á að hafa verkefni fjárhagsráðs „í því stóra“. En það er hreint ekki meiningin, að hið gamla fjárhagsráð eigi að leggjast niður eða það eigi að draga saman seglin, heldur á það einungis að fara með verkefnin „í því smáa“. M. ö. o., það verða tvö bákn, annað, sem á að sjá um fjárfestingarstarfsemina í stórum dráttum, og hitt í smáatriðum. Og eins og ég sagði áðan, þá sýnist mér nú, að þessi till. bendi ekki á sérstaklega mikinn áhuga til þess að draga úr ríkisútgjöldunum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. taldi, að mér væri mjög órótt í skapi, og það leyndi sér ekki heldur, af hverju hann taldi það vera. Hann sagði, að hugur minn dveldi svo oft austur í Moskva, og þegar ég hugleiddi mínar misgerðir við þá miklu menn, sem þar væru fyrir austan, hlyti mér að óróast í skapi. Það leynir sér ekki nú frekar en fyrr, að hv. 1. landsk. þm. (BrB) lítur á herrana austur í Moskva og dvalarstað þeirra sem — ef ekki guð almáttugan á himnum, þá a. m. k. englahjörðina á himnum kringum sjálfan hinn allsvaldandi, — og okkur hina, sem ekki höfum tekið þá sönnu trú, skoðar hann sem hinar glötuðu sálir í hinum heita stað, sem verði enn þá kvölum píndari, þegar þær í sínum slæmu

kringumstæðum hugleiði, hvað þær hafi brotið á móti þessum blíðu drottnurum þarna austur frá.

Ástæðan til þess, að ég drap áðan á sendiráðið í Moskva, er sú, að afstaða hv. 1. landsk. til sendiráðsins þar sýnir mjög glögglega, að það er alls ekki sparnaður, sem hann og hans flokksbræður hafa í huga, þegar þeir eru að finna að of miklum útgjöldum í sambandi við utanríkisþjónustuna. Ég benti á það, að sendiráðið austur í Moskva með aðeins einum fulltrúa og sjálfum sendiherranum dveljandi annars staðar mundi nú kosta meira en öll sendiráðin á Norðurlöndum. Þrátt fyrir það eru hv. 1. landsk. og hans flokksbræður mjög gramir yfir því, að sendiráðið í Moskva skuli hafa verið lagt niður, sendiráð, sem árum saman hafði engum störfum að sinna og mundi t. d. í ár, eins og ég tók fram, ekki hafa haft önnur þarfari verk að vinna heldur en að leiðbeina hv. 1. landsk., þegar hann var á leyniferð sinni þar fyrir austan fyrir nokkrum mánuðum, og svo ef til vill að veita Kínanefndinni sælu einhverjar veitingar. Ég geri ráð fyrir því, að báðir þessir aðilar hafi verið í þeim höndum, sem þeir hefðu frekar kosið heldur en umsjá íslenzkra sendimanna þar fyrir austan, enda ætlaði hv. 1. landsk. að dylja ferð sína á hið dýrðlega kommúnistaþing, þangað til það upplýstist eftir öðrum leiðum, að hann hafði þar verið og haldið þar ræðu til lofs og dýrðar hinum „mikla“ Stalin, sem hann endaði með að biðja lengi að lifa.

Hv. þm. sagði raunar, að ef sendiráðinu í Moskva hefði ekki verið lokað, þá mundu enn þá hafa haldizt viðskipti við Rússland og þá mundi ekki þurfa að halda á bátagjaldeyri eða söluskatti. Og í því sambandi tók hann fram, að för sendiherrans sjálfs frá Moskva, sem hann gat ekki mælt á móti, að hefði verið ákveðin, meðan þm. sjálfur var ráðherra, og hefði verið talfærð austur í Moskva einmitt með atbeina hv. þm. Einars Olgeirssonar, — að för sendiherrans frá Moskva hefði alls ekki verið lokun sendiráðsins og hefði engin ill áhrif haft í þessu sambandi, heldur hefði það verið sú lokun, sem ég framkvæmdi löngu síðar. Hér stangast nú illilega á við það, sem hv. þm. Einar Olgeirsson hélt fram í útvarpsumræðunum á dögunum. Þá hélt hann því blákalt fram í eyru alþjóðar, að ég hefði lokað sendiráðinu í Moskva 1947, eftir að búið var að gera hinn stærsta viðskiptasamning á milli þjóðanna. Sannleikurinn er sá, að ég gerði enga breytingu á sendiráðinu 1947, og sú breyting, sem á því varð um þetta leyti, hafði einmitt verið gerð árið 1946, meðan hv. þm. Brynjólfur Bjarnason var í ríkisstj. og fyrir atbeina hv. þm. Einars Olgeirssonar, eins og ég sýndi fram á áðan. En síðustu viðskipti, sem Íslendingar gerðu við Rússa, önnur en þau óhugnanlegu viðskipti, sem hv. þm. Brynjólfur Bjarnason er milligöngumaður um, — ég á við síðustu venjuleg verzlunarviðskipti milli landanna, — þau áttu sér stað 1947, og það varð ekki að ráði að loka sendiráðinu í Moskva fyrr en 1951. Það var ekki fyrr en snemma á árinu 1951, sem við neyddumst til að kalla sendifulltrúa okkar burt úr Moskva og loka skrifstofunni þar, vegna þess að sendiráðið hafði bókstaflega ekki haft neitt að gera öll árin frá 1947, þannig að þeim peningum var gersamlega kastað á glæ. En hvernig vill nú hv. þm. rökstyðja það, sem hann þó sagði hér berum orðum áðan, að lokun sendiráðsins 1951 hefði getað orðið til þess, að ekki náðust verzlunarsamningar 1948, 1949 og 1950? Í þeim efnum hafa þá Rússar verið okkur hinum skarpskyggnari. Það mundi og koma einkennilega fyrir, ef þessi lokun sendiráðsins hefði átt að hafa nokkur áhrif í þessum efnum, bæði þegar á það er litið, að Rússar höfðu enga athugasemd við það að gera, að sendiráðsskrifstofunni væri lokað austur í Moskva, svo fremi við leyfðum rússneska sendiráðinu hér í Reykjavík að vera opnu áfram, — og þegar á það er litið, að þegar fyrst var rætt um það að taka upp stjórnmálaviðskipti við Rússa, sem mun hafa verið árið 1943, þá var beinlínis stungið upp á því af þáverandi fulltrúa Rússa í London, sem hafði milligöngu um þetta, sendiherranum Maisky, að við Íslendingar hefðum engan sendiherra í Rússlandi, heldur létum okkar sendiherra í London jafnframt annast sendiherrastörfin gagnvart Rússum, en Rússar fengju leyfi til þess að opna sendiráðsskrifstofu í Reykjavík. Þetta var fyrsta till. Rússa í þessum efnum, og segja má, að sá háttur, sem nú er á þessu hafður, sé mjög í samræmi við þessa fyrstu till., sem Rússar báru fram. Alþjóðlegar ástæður urðu til þess, að við um visst árabil töldum ástæðu til þess að hafa sendiráð opið í Moskva, en þegar það sýndi sig, að Rússar voru ófáanlegir til viðskipta við okkur og sendiráðið hafði bókstaflega ekkert að gera, þá var eðlilegt, að horfið yrði til þess ráðs, sem Rússar í fyrstu höfðu stungið upp á, þó að vísu með nokkuð viðkunnanlegri hætti en þeirra till. var um. Það er því alveg fráleitt, þegar á öll atvik málsins er litið, að telja, að skipun okkar á þessum sendiráðsmálum austur þar lýsi nokkrum fjandskap okkar í garð rússnesku stjórnarinnar. En það er ástæða til þess að minna á þetta enn þá einu sinni vegna gagnstæðra fullyrðinga hv. 1. landsk. þm., fullyrðinga, sem algerlega brutu í bága við staðreyndir málsins og sannleikann, enda var það, sem honum gramdist í minni ræðu, ekki sú gremja, sem hann þóttist verða var við í orðum mínum og ekki var fyrir hendi, heldur þær staðreyndir, sem ég benti á og honum var og er og verður svaravant við.

Ég benti líka á það, að það situr allra sízt á þessum hv. þm. að finna að því, að það séu þrjú sendiráð á Norðurlöndum, vegna þess að það var beinlínis ráðið í hans stjórnartíð að hafa þessi sendiráð þrjú. Það var meðan hann var ráðh., að leitað var eftir því við stjórnina í Osló, hvaða skipun skyldi höfð á væntanlegu sendiráði þar. Það var því búið að ákveða það í raun og veru, þó að formleg ákvörðun lægi ekki fyrir, áður en ég varð ráðherra, að sendiráðin skyldu vera þrjú á Norðurlöndum. Öll þrjú kosta þessi sendiráð, eins og ég benti á áðan, minna en dvöl eins aðstoðarmanns mundi kosta austur í Moskva. Er þó ekki um að villast, að til annars staðarins koma aðeins nokkrar frelsaðar sálir á ári, sálir, sem eru þar í um-

hirðu annarra en Íslendinga, en til Norðurlandanna allra koma, eins og ég sagði, þúsundir Íslendinga, venjulegra Íslendinga, manna, sem eru á ferðum eins og mennskir menn, en ekki frelsaðar sálir að leita heim til himnaföður síns, og því menn, sem taka mjög feginsamlega leiðbeiningu og aðstoð íslenzkra fulltrúa á þessum stöðum, auk þess sem þessi sendiráð hafa margvíslegum stjórnarerindum, viðskiptafyrirgreiðslu, menningartengslum og öðru slíku að gegna.

Það má auðvitað endalaust deila um, hvernig skipun þessara mála skuli varið í einstökum atriðum, en það er ákaflega einkennilegt, að þeir, sem hafa haft forustu um að koma núverandi skipun á og voru í stjórn, þegar hún var í meginefnum ráðin, eins og hv. 1. landsk., skuli vera að víta okkur, sem erum að framkvæma það, sem þá var ráðgert, víta okkur fyrir þá framkvæmd.

Hv. þm. lá alveg eins, þegar hann átti að fara að benda á önnur atriði, sem hægt væri að spara, að þá nefndi hann fjárhagsráð, þessa stofnun, sem einmitt var tekin upp úr þeim stjórnarsamningi, sem mjög nærri lá, að búið væri að gera, þegar verið var að ræða um endurreisn stjórnar Ólafs Thors veturinn 1946 og 1947. Þá voru það einmitt kommúnistar, sem lögðu megináherzlu á, að slíkri stofnun sem fjárhagsráði yrði komið upp, og töldu það þá vera allra meina bót. Nú skal ég játa, að fjárhagsráð hefur um margt reynzt verr en skyldi og þó mun betur en vænta hefði mátt, ef kommúnistar einir hefðu verið að verki, enda mun ástæðan til þess, að kommúnistar eru nú komnir á móti þessari stofnun, vera sú, að fjárhagsráð hefur þó ekki reynzt eins illa og ekki orðið sú plága á landslýðnum sem þeir höfðu vonað, að það yrði. En þó að það hafi, eins og ég segi, reynzt mun betur, situr það sízt á þessum mönnum, sem þarna áttu ekki sízt tillögurnar að, að finna að þessari stofnun og telja, að hún sé til óþurftar. Um fyrirkomulagsatriði fjárhagsráðs má að öðru leyti deila. Hinu verður ekki á móti mælt, að meðan jafnmögnuð ríkisafskipti eiga sér stað eins og nú eru hér á landi af ýmiss konar fjárhags- og atvinnumálum, þá er mjög erfitt að komast af án einhverrar hliðstæðrar stofnunar og fjárhagsráð er. Og það verður ekki lagt niður nema einhver önnur stofnun fái þá einhver tilsvarandi völd, nema menn vilji hverfa inn á nýjar brautir í þessum efnum og láta undan fallast þau miklu ríkisafskipti, sem svo mjög hafa magnazt undanfarin ár, en því miður eru litlar líkur til, að hægt sé að fá meiri hluta Alþ. fyrir því.

Þá lýsti það einnig glögglega heilindum eða réttara sagt óheilindum hv. þm., þegar hann tilneyddur af mér fór að nefna fleiri atriði, sem hægt væri að spara, að hann nefndi einmitt dómgæzlu og lögreglustjórn. Það er ósköp eðlilegt, að þessi hv. þm. vilji hafa sem minnsta dómgæzlu og lögreglustjórn í þessu landi, það er heilbrigð dómgæzla og örugg lögreglustjórn, sem greinir réttarríki frá annaðhvort löglausum hóp eða hreinu ofbeldisríki, eins og hann vill helzt kjósa. Það er því eðlilegt, að honum sé við fátt verr en að dómgæzla og lögreglustjórn skuli vera með þeim hætti, sem er á okkar landi. Hitt mundi reynast, að ef kommúnistar fengju hér völdin, mundu þessir liðir verða miklu kostnaðarmeiri en þeir eru nú, vegna þess að þá yrði lögregluliði komið upp til þess að kúga allan landslýðinn og dómgæzlan, í stað þess að vera hlutlaus, verða vopn í hendi hinnar kommúnistisku klíku til þess að halda við ógnarvaldi sínu yfir þjóðinni, svo sem dæmin berlega sanna og við höfum nú sorgleg dæmi um utan úr heimi nær hvern einasta dag. — Þm. talaði um, að kostnaður af þessum sökum hefði bólgnað mjög út, meðan ég hef verið ráðherra, og að það sýndi óstjórn mína í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að segja má, að það sé nær sami hundraðshluti sem er varið til þessara mála nú af heildarútgjöldum ríkisins eins og var 1946, og er þó á það að líta, að á fjárlögum 1952 var hundraðshlutinn ivið lægri en hann reyndist 1946. Vil ég vekja athygli á því, að 1946 var ekki áætlað til landhelgisgæzlunnar meira en 3 millj. kr., en nú er áætlað til landhelgisgæzlunnar nær 11 millj. kr. En hvaða Íslendingur er það, sem ekki viðurkennir, að á fáu ríði okkur meira en einmitt öruggri gæzlu landhelginnar, eins og nú horfir í þeim málum? Og það er glöggt vitni um þjóðhollustu þessa hv. þm., að hann skuli sérstaklega fara að telja eftir þau auknu útgjöld, sem til þeirrar lífsnauðsynlegu þjónustu íslenzku þjóðarinnar fara.

ATKVGR.
Brtt. 478,1 felld með 12:4 atkv.
1. gr. samþ. með 12:4 atkv.
Brtt. 474, aðaltill. felld með 10:5 atkv.
— 474, varatill. felld með 10:6 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 478,2 felld með 12:4 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:4 atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég harma nú, að mínar till., sem ég bar fram hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls við 2. umr., voru felldar. Ég vil þó þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það, sem hann sagði hér í sambandi við þetta mál, þar sem hann lýsti því yfir, að till. mínar færu í rétta átt, en vegna útgjalda í sambandi við till. ríkisstj. um lausn vinnudeilunnar væri ekki gerlegt að missa neitt af tekjum ríkissjóðs, og það réð þess vegna hans afstöðu til málsins við atkvgr., en hins vegar var hann mér sammála í því, að nauðsynlegt væri að endurskoða söluskattslögin. Þó að ekkert hafi unnizt annað í sambandi við þetta mál heldur en slík viðurkenning frá einum hæstv. ráðh., þá er það a. m. k. spor í áttina til þess, að síðar verði gerð til-

raun til þess að laga það, sem miður fer í þessari löggjöf hvað það snertir. En eins og ég gat um í mínum ræðum við 2. umr., þá sagðist ég mundu gera enn tilraun til þess að fá nokkra leiðréttingu á þessum málum, ef mínar till. yrðu felldar. Ég leyfi mér því að leggja hér fram skrifl. brtt., er hljóðar svo:

„Við 2. gr. Aftan við 1. málslið komi nýr málsliður, er orðist svo: Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er nemur 2% af bókfærðu andvirði varanna."

Ég hygg, að það verði ekki mikið deilt um það, að þó að heildarskatturinn sé lækkaður hér um 1%, þá muni ríkissjóður ekki missa neitt við í tekjum, ef á sama tíma er fallizt á að taka söluskatt af þeim vörum, sem unnar eru á sama hátt og fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtækinu. Og ég skal í sambandi við þetta aðeins leyfa mér að taka eitt dæmi. Það er m. a. brauðgerð. Ef bakari kaupir mjöl af heildsala, er lagt á það 7.7% innflutningsgjald. Ef hann síðar selur það til heildsala, því að hann gerir ekkert annað en að halda uppi brauðgerðinni, án þess að hafa smásölu úti um allan bæ, eins og t. d. er með Rúgbrauðsgerðina, þá verður að greiða 3% gjald af brauðunum, eftir að búið er að baka þau, og þá um leið ekki einungis af vinnunni, heldur einnig af þeim hluta, sem keyptur hefur verið inn í heildsölu og áður hefur verið greitt 7.7% af. Síðan er lagt 2% í söluskatt á brauðin, þegar þau eru seld í smásölu. Ef hins vegar annar bakari hefur aðstöðu til þess að baka þessi brauð strax úr efni, sem hann kaupir frá heildsala, lætur það síðan til útsölu í sinni eigin búð, eins og mjög á sér stað, m. a. hér í Reykjavík, þá þarf hann ekki að greiða nema 2% í smásöluskatt af brauðinu. Nú er það svo, að þetta er ekki hægt að leggja raunverulega á kaupanda, því að nú er hámarksverð á brauðum. Og sá aðili, sem hefur orðið að leggja einnig á 3% skattinn, má ekki selja brauð hærra, þó að hann gæti það, og í þessu er, eins og ég hef marglýst, mjög mikið ranglæti. Ef aftur er farið hér inn á þessa till. mína um að leggja einnig á vöruna, þó að hún sé flutt frá einni deild í aðra í sama fyrirtæki, þá fær ríkissjóður þar 2% af þeirri vöru og þá ekki heldur nema 2% af hinni vörunni, sem unnin er í fleiri fyrirtækjum, og mundi þá ekki, að ég hygg, tapa neinu verulegu í tekjum og jafnvel engu, jafnvel græða á því.

Verði þessi till. felld, leyfi ég mér að bera fram til vara aðra till., sem hljóðar svo:

„Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er reiknaður sé af bókfærðu andvirði varanna."

Það er þá aðeins til þess að ná samræmi í sambandi við álagningu skattsins, og þá fer ríkissjóður að hafa tekjur af þessu. En ég vil heldur, að ríkissjóður hafi frekari tekjur af söluskattinum, þegar hann þá kemur réttlátlega niður.

Ég sé ekki, hvernig þeir menn, sem hafa haldið því fram hér, að ekki væri undir neinum kringumstæðum hægt að samþ. mínar till., vegna þess að þær tækju spón úr aski ríkissjóðs, geta verið á móti þeim till., sem hér um ræðir, því að varatill. mín gerir það a. m. k. að verkum að færa nokkurt fé í ríkissjóðinn, á sama tíma sem hún réttlætir það misræmi, sem hér hefur verið á. Ég hef áður rætt um þetta mál og skal ekki misbjóða þolinmæði hæstv. forseta. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það nánar, en vil mega leyfa mér að afhenda honum þessar till. Ég skal geta þess, að það var ekki tími til þess að láta prenta till., vegna þess að mér var ekki kunnugt um, að mínar till. mundu falla. Annars hefði ég talið miklu eðlilegra, að slíkar till. hefðu verið prentaðar, áður en þær væru teknar til umr., en þess er nú ekki kostur nú við þetta tækifæri. (**Dómsmrh.**: Vill ekki n. athuga þetta? — **Forseti**: Það er nú lítill tími til þess, nema þá að fresta málinu.)

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi brtt. við frv. frá Gísla Jónssyni:

„Við 2. gr. Aftan við 1. málsl. komi nýr málsl., er orðist svo: Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er nemur 2% af bókfærðu andvirði varanna. — Til vara: Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er reiknaður sé af bókfærðu andvirði varanna."

Þessar brtt. eru of seint fram komnar og þar að auki skriflegar og þurfa því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 498) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi gera uppástungu um það, að þessari umr. yrði frestað og henni lokið á morgun, svo að það gefist tóm til þess að athuga þetta málefni, sem hv. þm. Barð. talaði hér um áðan. Það er ekki hægt að athuga það núna, til þess þarf dálítinn tíma.

Forseti (BSt): Samkvæmt tilmælum, bæði að nokkru frá hv. flm. brtt. og hæstv. fjmrh., er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá. Mun það verða á dagskrá á fundi á morgun.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 13, 498).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er út af brtt., sem liggur fyrir frá hv. þm. Barð. og er raunar í tveimur liðum, önnur aðaltill. og hitt varatill., að ég vildi segja örfá orð. Það kom fram í ræðu hv. þm., að hann ber kvíðboga fyrir því, að iðnaðarvara geti orðið skattlögð oftar en einu sinni með 3% söluskattinum, sem iðnaðurinn greiðir, vegna þess að vara gangi frá einu iðnfyrirtæki til annars. Ég vil

upplýsa það í þessu sambandi, að það er heimild í 27. gr. söluskattslaganna fyrir ráðh. til þess að undanþiggja vöru söluskatti, ef sérstaklega stendur á. Það hefur komið fyrir, að fyrirtæki hafa sent til ráðuneytisins kvartanir um tvísköttun af því tagi, sem hv. þm. minntist á, og hefur þá það mál verið þannig leyst, að söluskatturinn hefur verið felldur niður á öðru stiginu.

Út af þessu öllu saman vil ég taka það hér fram, að fjmrn. mun nota framvegis heimildina í 27. gr. söluskattslaganna, þá sem ég gat um, til þess að koma í veg fyrir, að 3% söluskatturinn verði greiddur oftar en einu sinni af sömu innlendu iðnaðarvörunni. En að sjálfsögðu verða þá að liggja fyrir í hvert skipti umsóknir og skýrslur um það, hvernig ástatt er í þessu tilliti.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú lýst yfir því, að hann muni nota heimild í 27. gr. l. um söluskatt til þess að koma í veg fyrir, að 3% söluskatturinn verði greiddur oftar en einu sinni af sömu innlendu iðnaðarvörunum. Með því að till. mínar á þskj. 498 snerta aðeins þetta atriði, sem gerð var tilraun til að fá leiðrétt, eftir að till. mínar á þskj. 474 höfðu verið felldar, en þær snertu einnig söluskatt á fullunnum iðnaðarvörum, og með því að sýnilegt er, að framkvæmd laganna í samræmi við yfirlýsingu hæstv. ráðh. nær því takmarki, að skatturinn verði felldur niður í sambandi við sölu á hálfunnum iðnaðarvörum, og í trausti þess, að hæstv. ráðh. noti einnig heimild í 27. gr. fyrrnefndra laga til þess að gefa eftir 3% söluskatt af þeim íslenzku iðnaðarvörum, sem einn aðili selur í heildsölu, en annar aðili vegna aðstöðu sinnar selur beint til neytendanna í smásölu, þá tek ég aftur till. mína á þskj. 498.

Forseti (BSt): Brtt. með varatill. á þskj. 498 er tekin aftur. (**BrB:** Ég tek þær upp.) Þær eru teknar upp af hv. 1. landsk. þm.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram út af síðustu orðunum, sem hv. þm. Barð. mælti, að yfirlýsing mín um framkvæmd söluskattslaganna náði ekki lengra en orð mín hljóðuðu. Þess vegna get ég ekki gefið neina yfirlýsingu um það atriði, sem hann minntist á í síðustu orðum sínum.

Forseti (BSt): Samkv. þingsköpum hefur annar maður rétt til að taka upp till., sem flm. hefur tekið aftur, og verða því þessar brtt. bornar undir atkvæði.

ATKVGR.
Brtt. 498, aðaltill. felld með 9:2 atkv.
— 498, varatill. felld með 10:2 atkv.
Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 508).

22. Jafnvirðiskaup og vöruskipti.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli [174. mál] (stjfrv., A. 345).

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Talsvert af utanríkisverzlun landsins er við lönd, sem eingöngu verzla á jafnvirðis- eða vöruskiptagrundvelli. Vegna þess að útflutningur héðan er mjög árstíðabundinn, en innflutningurinn frá þessum löndum þarf að fara fram allt árið, myndast á víxl allmiklar inneignir og skuldir í þessum löndum. En Landsbankinn hefur ekki séð sér fært undir þessum kringumstæðum að kaupa gjaldeyrinn, sem til fellur, eða annars vegar að stofna til mikilla skulda í nefndum löndum, nema ábyrgð ríkissjóðs komi til. Var þannig tekin ábyrgð 1946 á viðskiptum við Tékkóslóvakíu og 1948 á viðskiptum við Pólland. Ég tel nauðsynlegt að veita þessa ábyrgð, ekki síst vegna þess, að nú er verið að reyna að ná viðskiptum á vöruskiptagrundvelli við Austur-Þýzkaland, og ég álít, að þau geti ekki gengið eins eðlilega og æskilegt væri, nema umbeðin heimild sé veitt.

Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki nema gott um þetta frv. að segja. En það eru nokkur atriði í sambandi við það, sem ég vildi gera að umtalsefni og um leið beina til hæstv. ríkisstj.

Það er í fyrsta lagi viðvíkjandi því, að hér er lagt til að veita Landsbanka Íslands einum þessa heimild. Út af fyrir sig er það ekki nema eðlilegt, að þjóðbankinn hafi með viðskiptin að gera út á við gagnvart þjóðbönkum annarra landa. En þó er eðlilegt, að aðrir þeir bankar, sem hafa með höndum viðskipti á annað borð við útlönd, geti setið þarna við sama borð, og það teldi ég eðlilegt, að væri nokkuð athugað í fjhn., sem þetta mál fer nú til.

Þá er í öðru lagi viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. alveg sérstaklega minntist á, að eitt af tilefnunum til þessara ákvæða væru viðskiptin við Austur-Þýzkaland. Það er rétt hjá honum, að það er nú loks svo komið, að verið er að hefja viðskipti við Austur-Þýzkaland. Hæstv. ríkisstj. rekur kannske minni til þess, að ég flutti hér á Alþ. fyrir meira en 2 árum, 1950, frv. um frjálsari verzlun við þessi lönd og lét fylgja þar með m. a. í grg. tilboð frá stjórn Austur-Þýzkalands um allmikla verzlun við Ísland, upp á 32 millj. kr. Hæstv. ríkisstj. fékkst aldrei til að sinna neinum af þeim möguleikum, sem þá voru opnaðir til að selja þangað bæði hraðfrystan fisk og annað. Og nú loksins, þegar allt er að komast hér í öngþveiti, þá fer hæstv. ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að opna þessi viðskipti. Þó að ríkisstj. hafi ekki lagt

fram neinar upplýsingar hér fyrir Alþ. um það enn þá, sem þó hefði verið viðkunnanlegt, þá mun vera um að ræða 3000 smál. af freðfiski, sem nú eigi að selja til Austur-Þýzkalands og fá vörur í staðinn. En ég vil um leið taka það fram, að möguleikarnir á viðskiptum við Austur-Þýzkaland eru miklu meiri en þessir. Og ég vil leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessa ábyrgð ríkissjóðs, sem hér á að taka, hvernig meiningin sé að haga þessum viðskiptum t. d. við Austur-Þýzkaland. Það er kjörorð hæstv. ríkisstj., að það eigi að vera frjáls verzlun, m. ö. o., að Íslendingar eigi að hafa rétt til að selja sínar vörur frjálst og að þeir eigi að hafa rétt til þess að flytja vörur inn frjálst í staðinn. Það eru þrír aðilar, sem nú hafa sent fulltrúa til Austur-Þýzkalands og hafa samið þar: einn maður frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða hennar fyrirtækjum, annar maður frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og þriðji maður frá Verzlunarráði Íslands. Og það hefur verið sagt, að nú væri í undirbúningi, að þessir þrír aðilar mynduðu sérstakt hlutafélag sín á milli og að þetta hlutafélag ætli síðan að kaupa allar vörurnar frá Austur-Þýzkalandi, en aðrir aðilar á Íslandi ættu ekki að hafa rétt til þess að kaupa þessar vörur beint, m. ö. o., að samvinnufélögin íslenzku, kaupfélögin, að iðnrekendur á Íslandi, að kaupmenn á Íslandi, sérstakir heildsalar, ættu að vera útilokaðir frá því að geta pantað þessar vörur beint og selt þær.

Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvort það sé meining hennar með þeirri ábyrgð, sem ríkissjóður tekur á hugsanlegum innstæðum Landsbanka Íslands, t. d. í Berlín, að þá sé Landsbanka Íslands gefin heimild til að koma á með samstarfi við svona félag einokun á innflutningnum í þessu tilfelli frá Austur-Þýzkalandi. Ég vil benda á, hvaða afleiðingar slík aðferð mundi hafa. Í dag er seldur hraðfrystur fiskur fyrir 18 millj. kr. til Austur-Þýzkalands. Fyrir þetta á að taka ýmsar nauðsynjavörur, sem Íslendingar geta notað. Ef ákveðið einokunarfélag, samanstandandi af þessum þrem aðilum, kaupir allar þessar vörur og fær um leið loforð frá Landsbankanum um það, að öðrum væri í fyrsta lagi ekki gert mögulegt að kaupa þessar vörur og að ekki heldur verði stutt að því, að hægt sé að selja meira til þessa lands og kaupa meira af vörum frá þessu landi, þá er verið að skapa það ástand, að þessir aðilar, sem kaupa vörur í þessu tilfelli frá Austur-Þýzkalandi fyrir 18 millj. kr., fái einokun á því hér á Íslandi að selja þessar vörur með því verði, sem þeim þóknast á þær að leggja. Og það er vitanlegt, að þessar vörur yrðu keyptar á verði, sem sambærilegt er við verð á frjálsum markaði, og þessir menn, sem kaupa þær, gætu ósköp vel selt þær með venjulegri álagningu, en mundu fá í gegnum þetta sérstakt tækifæri til þess að geta lagt á þær og sérstaka tryggingu fyrir að selja þær. Ef þetta væri gert svona, þá mundi það gerast, skulum við segja, að svo kæmu aðrir útflytjendur á freðfiski hér á Íslandi, gerðu samninga við stjórn Austur-Þýzkalands eða þá, sem kaupa og selja þar vörur, um að selja t. d. 7 þús. tonn í viðbót af freðfiski og kaupa vörur út á það hingað heim til Íslands. Mundi þá með þeirri aðstöðu, sem sköpuð væri, af hendi Landsbankans á grundvelli þessarar ábyrgðar vera beitt þeirri einokun að segja: Það fá ekki fleiri að selja freðfisk til þessa lands, og það fá ekki fleiri að kaupa vörur hingað heim til Íslands? — Ég vil vekja athygli á því, að ef svona háttur væri hafður á, þá er verið að skapa hér sérstaka einokun alveg utan við lög og rétt, í beinni mótsögn við þá stefnu, sem ríkisstj. segist hafa, og koma í veg fyrir, að freðfiskurinn verði seldur, sem sumir stuðningsmanna ríkisstj. segja, að möguleikar séu á. Ég vil taka fram, að þessu heldur m. a. fram sá maður, sem sjálfur er einn stærsti framleiðandi og útflytjandi á freðfiski á Íslandi, útgefandi að blaðinu Víði. Í þessu blaði upplýsir hann það, að það sé hægt að selja upp undir 10 þús. tonn af freðfiski í Austur-Þýzkalandi. Þessi maður er í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og byggir vafalaust að einhverju leyti sínar upplýsingar á því, sem fyrir liggur hjá Sölumiðstöðinni, enda veit ég það sjálfur persónulega, að markaðurinn fyrir freðfisk, ísfisk og aðrar afurðir Íslands í Austur-Þýzkalandi er gífurlegur, þó að hæstv. ríkisstj. hafi hingað til fundizt rétt að sleppa því að nota hann eins og fjöldann allan af öðrum mörkuðum, sem Íslandi standa opnir.

Ég álít þess vegna, að það sé í fyrsta lagi nauðsynlegt, að sú ábyrgðarheimild, sem hér er gert ráð fyrir, 50 millj. kr., sé aukin, vegna þess að ég veit, að það er hægt að selja miklu meira af vörum til þessara landa heldur en gert er ráð fyrir, að þessi ábyrgðarheimild ætti að nægja fyrir. Ég álít í öðru lagi, að það sé rétt að stilla þannig til, að þeir bankar, sem hafa rétt til að skipta sér af gjaldeyrisverzlun, hafi jafna möguleika til þess að geta greitt fyrir sölu íslenzkra afurða og greitt fyrir kaupum á vörum í staðinn. Og í þriðja lagi álít ég vera höfuðatriði, að það sé ekki að neinu leyti með þessum ráðstöfunum gefið undir fótinn með, að hægt sé að skapa einokun á aðstöðunni með að selja til þessara landa og kaupa vörur frá þessum löndum. Við vitum, að hér á Íslandi er yfirleitt nægilegt af vörum. Það er á áhættu hvers einstaks manns, hvort hann kaupir vörur frá útlöndum og liggur hér með þær. Það verður hann að gera upp við sjálfan sig. Það er ekki lengur það ástand, að það sé hægt að kaupa hvaða vörur sem er og menn séu vissir með að selja þær allar saman. Það er áhætta að leggja í það. Og sú áhætta ein er nóg aðhald um það, að það ætti að vera óhætt að gefa frjálsa sölu á íslenzkum afurðum og kaup á nauðsynjavörum í staðinn. Hins vegar vil ég í sambandi við þetta mál leggja áherzlu á og undirstrika, að það er hægt að framleiða nóg hér á Íslandi af vörum til útflutnings, hægt að framleiða miklu meira en undanfarið hefur verið gert. Í öðru lagi eru til markaðir fyrir miklu meira en það, sem undanfarið hefur verið framleitt. Það er hægðarleikur að selja þó að það væru 60 þús. tonn af freðfiski út úr landinu, ef hæstv.

ríkisstj. stæði ekki í veginum fyrir því með sinni einokun. En höfuðerfiðleikinn í sambandi við öll verzlunarmál Íslands nú er samt það, að kaupgeta almennings á Íslandi er of lítil.

Höfuðmeinið, sem við eigum við að stríða sem stendur í öllum okkar markaðsmálum, er, að almenningur á Íslandi, alþýðan sjálf, hefur allt of litla kaupgetu, allt of lítið fé á milli handanna til þess að kaupa fyrir þá útlendu vöru, sem hægt er að flytja inn í landið. Það eru allar búðir fullar af útlendri vöru, en almenning vantar fé til þess að kaupa hana. Það er hægt að selja allar þær íslenzku vörur, sem framleiddar eru til útflutnings, en með því móti auðvitað að taka vörur til Íslands í staðinn. M. ö. o., íslenzka alþýðan framleiðir nægilega mikið af vörum og getur framleitt enn þá meira, sem hægt er að selja út úr landinu og fá nauðsynjavörur í staðinn handa íslenzkri alþýðu. En það, sem stendur á fyrst og fremst, eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu, er, að íslenzka alþýðan fái sjálf nægilega hátt kaupgjald, til þess að hún geti keypt þær vörur, sem fluttar eru inn til landsins í skiptum fyrir framleiðsluvörurnar, sem íslenzku vinnandi stéttirnar framleiða og flytja út. Svo framarlega sem íslenzk alþýða hefur nægilega mikla kaupgetu, svo framarlega sem kaupgjaldið á Íslandi er hækkað nógu rækilega frá því, sem nú er, þá getur íslenzk alþýða líka keypt þær vörur, sem fluttar eru inn í landið, og þá geta íslenzkir útflytjendur líka selt allar þær vörur, sem þeir nú liggja með og fylla þeirra vöruskemmur. Þetta vil ég undirstrika vegna þess, að hjá hæstv. ríkisstj. hafa fram að þessu viðskiptamálin staðið svo undarlega í hennar kolli, að meinið hér á Íslandi væri of mikil kaupgeta almennings. Það hefur verið til of mikil kaupgeta hér á Íslandi hjá íslenzku auðmannastéttinni, og hún hefur ekki minnkað undanfarið, heldur vaxið, þannig að krafan um innflutning hinna og þessara lúxusvara er ákaflega mikil og þær renna út jafnóðum og þær koma. En á sama tíma hefur kaupgeta almennings verið rýrð með stjórnarráðstöfunum á undanförnum árum, þannig að kaupgetuleysi almennings er núna erfiðasta vandamálið í markaðsmálum Íslendinga. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. skilji það, að til þess að við Íslendingar getum selt okkar vörur út úr landinu, okkar fisk og aðrar vörur, þá þurfum við að kaupa vörur í staðinn. Og til þess að geta keypt erlendar vörur í staðinn fyrir okkar fisk, þá þurfum við að geta selt þessar erlendu vörur hérna heima. Og til þess að geta selt þessar erlendu vörur hérna heima, þá þarf alþýða Íslands að hafa nægilega mikla kaupgetu til þess að geta keypt þær. Og það hefur hún ekki núna. Núna standa allar búðir fullar af útlendum vörum, sem alþýða Íslands hefur unnið fyrir með framleiðslu á útflutningsafurðunum. En alþýða Íslands hefur ekki möguleika á að kaupa þessar vörur, vegna þess að hún hefur fengið allt of lítið í sinn hlut af því verðmæti, sem hún hefur skapað. Hún hefur fengið allt of lítið kaupgjald, allt of lítinn hlut af því, sem flutt hefur verið út. Auðhringarnir hérna á Íslandi hafa ginið þarna yfir og tekið af atvinnurekendunum og verkamönnunum það, sem átti að koma í hlut verkamanna og atvinnurekenda af verðmætum framleiðslunnar. Olíuhringarnir, fiskhringarnir, bankarnir, Eimskipafélagið og aðrir slíkir aðilar hafa skattlagt atvinnureksturinn, rænt verkamenn stórum hluta kaupgjaldsins og valdið atvinnurekendunum og atvinnurekstrinum tapi, allt með tilstyrk og fyrir pólitík ríkisstj. Svo þegar ríkisstj., þrem árum eftir að búið var að benda henni á og sanna henni, hver markaður væri í Austur-Þýzkalandi fyrir okkar freðfisk, loksins fæst til þess að gera eitthvað í því að selja til þessa lands og kaupa vörur í staðinn, hvað kemur þá í ljós? Það, sem kemur í ljós, er það, að mennirnir, sem selja freðfiskinn og eiga að kaupa vörurnar í staðinn, segja við ríkisstj. og ráðherra: Ef við kaupum nauðsynjavörur handa Íslendingum fyrir 18 millj. kr., alls konar búsáhöld, vefnaðarvörur, rafmagnsvörur og annað slíkt, þá vitum við, að kaupgetan hjá almenningi á Íslandi er svo lítil, að við þorum ekki að kaupa þessa vöru inn í landið öðruvísi en með því að fá einokun á henni og geta komið í veg fyrir, að selt sé meira af freðfiski til þessa lands og keypt meira af nauðsynjavörum handa almenningi í staðinn. — M. ö. o. vegna þess, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur minnkað kaupgetu Íslendinga og sérstaklega íslenzkrar alþýðu ár frá ári á undanförnum árum, þá þora þeir aðilar, sem hafa mest með höndum viðskipti Íslendinga við útlönd, ekki að kaupa nauðsynjavörur í útlöndum öðruvísi en að fá einkaaðstöðu til þess að geta selt hana hérna heima. Eða ef t. d. heildsalar, sem verzla með skófatnað eða ákveðna vefnaðarvöru eða svoleiðis, eiga að kaupa, þá segja þeir: Ja, þá má ekki flytja inn meira af vefnaðarvöru. Þá má ekki vera frjáls verzlun á vefnaðarvöru. Þá má ekki allt í einu koma og fara að keppa við okkur, því að við erum á móti frjálsri samkeppni. — Og af hverju segja heildsalar þetta? Af því að þeir sjá, að sú hætta vofir yfir, að almenningur geti ekki keypt vörurnar, sem koma inn í landið í staðinn fyrir fiskinn, sem almenningur hefur framleitt. M. ö. o., það er verið að valda erfiðleikum í sölu á íslenzkum útflutningsafurðum sökum þess, hvernig kaupgeta almennings á Íslandi hefur verið minnkuð. Þetta vil ég, að komi skýrt og greinilega í ljós, vegna þess að það hefur undanfarið verið reynt að koma þeirri hugmynd inn, ekki sízt af hálfu ríkisstj. og hennar flokka, að kaupgetan á Íslandi væri of mikil og sérstaklega hefðu verkamenn of mikla kaupgetu. Þetta er sú vitlausasta kenning, sem nokkurn tíma hefur verið haldið fram, og á henni hefur öll vitleysa ríkisstj. í öllum hennar fjármálum byggzt.

Það, sem Ísland líður undir núna, er of lítil kaupgeta almennings. Í fyrsta lagi líða alþýðuheimilin sjálf undir því. Í öðru lagi líður þjóðin undir því, vegna þess að hún fær ekki að selja sínar vörur út úr landinu, af því að hún þarf auðvitað að taka aðrar vörur inn í landið í staðinn, nauðsynjavörur, en almenningur hefur ekki efni á því að kaupa þessar nauðsynjavörur. M. ö. o., íslenzk alþýða vinnur og framleiðir,

framleiðir fyrir mörg hundruð millj. króna fiskafurðir. Fyrir þessar fiskafurðir, sem hún sendir út úr landinu, þarf hún að fá sínar nauðsynjar. Þegar þessar útlendu vörur koma inn í landið í staðinn, þá er hins vegar búið að klípa svo mikið af kaupgetunni, sem alþýðan átti að hafa, kaupinu, sem hún átti að fá fyrir að framleiða fiskinn, að hún hefur ekki efni á að kaupa vörurnar, sem hún hefur raunverulega verið að vinna sér fyrir, út af því, að auðmannastéttin í landinu og ríkisvaldið hefur tekið svo stóran hlut af almenningi, að hann hefur ekki nægilegt eftir til þess að geta keypt. Þetta er að vísu ekki neitt óþekkt fyrirbrigði í núverandi auðvaldsskipulagi. Þetta er það almenna fyrirbrigði í auðvaldsskipulaginu, sem skapar kreppur og veldur því, að framleiðslan dregst saman og framleiðslan hrynur. Með þeim kerfisbundnu, vísvitandi árásum, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir undanfarin ár á lífskjör almennings, er hún að rífa grundvöllinn undan útflutningsframleiðslu Íslendinga. Ég býst að vísu ekki við, að hæstv. ríkisstj. skilji þetta. Hún hefur aldrei skilið upp né niður í neinu, sem snertir efnahagsstarfsemi þjóðfélagsins. Hún hefur aldrei nokkurn tíma séð neitt nema ríkisreikningana. Ef hún getur fláð almenning með sköttum og tollum, þannig að ríkissjóðurinn ballanseri, þá heldur hún, að allt sé leyst. En þó að þjóðfélagið sitji uppi með hlut, sem það hefur skapað, eins og fiskinn annars vegar, útlendu vörurnar, sem keyptar eru inn, hins vegar, og geti ekki torgað þessu, á sama tíma sem almenningur býr við vaxandi fátækt, þá getur hún ekki skilið það ástand. Við því ástandi er aðeins ein lausn til: hækkað kaupgjald hjá almenningi, aukin kaupgeta alþýðu og minnkaður gróði hjá þeim aðilum, sem fléttta atvinnureksturinn og græða um 100 millj. kr. á ári, á sama tíma sem verkalýðurinn býr við lakari kjör, mikið af atvinnurekstrinum tapar og þjóðin í heild býr við rýrnandi lífskjör. Hins vegar er það núverandi ástand skiljanlegt hjá ríkisstj., sem vinnur eingöngu í þjónustu auðhringanna í landinu, ríkisstj., sem stuðlar að því, að olíuhringarnir taki tugmillj. kr. gróða af útveginum, á sama tíma sem útvegurinn tapar, að Landsbankinn taki 28 millj. kr. gróða af atvinnurekstri landsmanna, á sama tíma sem ríkisstj. segir, að atvinnureksturinn þoli ekki neitt. Það er gefið, að eigi að skapa viðunandi ástand í þjóðfélaginu, þá verður að verða þarna alger breyt. á. Gróði þessara auðhringa verður að minnka eða hverfa, gróði þessara aðila. Lífskjör almennings verða að batna, kaupgjald og kaupgeta almennings verður að vaxa. Við það getur framleiðslan til útflutnings vaxið, vegna þess að við það getum við keypt meira af vörum erlendis og selt þær hér innanlands.

Ég vildi leggja áherzlu á í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að þannig væri frá því gengið og búið svo um hnútana, að það fengi að koma alveg greinilega í ljós, hve mikill markaður er fyrir allar íslenzkar afurðir erlendis og hvaða aðila það er að kenna, að Íslendingar fá ekki að nota sér það. Það er ekki til neins að koma hér fram hvað eftir annað, eins og ríkisstj. og hennar blöð gera, og segja, að það sé ekki hægt að selja íslenzkar vörur, og undirbúa á sama tíma að skapa einokun til þess að hindra, að hægt sé að selja vörurnar út úr landinu og kaupa vörur í staðinn.

Þetta frv. fer nú til n., sem ég á sæti í, og ég mun þá undirbúa brtt. við það. En mér þætti mjög vænt um, ef annaðhvort fyrir n. eða nú lægju upplýsingar um það frá hæstv. ríkisstj., að hún hugsaði sér ekki, það væri ekki með hennar vilja, að sú ábyrgð, sem ríkissjóður þarna tæki, væri að neinu leyti notuð til þess að skapa einokun í okkar viðskiptalöndum fyrir neina einstaka aðila hérna heima. Hæstv. ríkisstj. veit, að það hafa komið mjög ákveðnar kröfur fram, a m. k. út af þessum Austur-Þýzkalandsviðskiptum, sem hæstv. viðskmrh. minntist á, frá bæði innflytjendum og smákaupmönnum o. fl., um frjáls viðskipti. En ég býst við, að hæstv. ríkisstj. sé líka kunnugt um, að það eru á ferðinni samtök um að mynda einokunarhring til þess að hafa með þau að gera og til þess að hindra frekari sölu á íslenzkum afurðum. Ég vildi, að það kæmi greinilega fram, að með því frv., sem hérna er flutt, og með ábyrgð ríkissjóðs á hugsanlegum inneignum í Austur-Þýzkalandi eða öðrum þeim löndum, sem við höfum jafnan skipt við, þá væri ekki verið að stuðla að myndun slíkrar einokunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 406).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til í nál. sínu, að það verði samþ. óbreytt. Það þótti ekki ástæða til þess að færa frekari rök fyrir frv. en fram kemur í grg. og gert var við framsögu málsins. Aðeins vil ég vekja athygli á því, sem bent er á í nál., að 2 nm. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað vera viðstaddur, þegar þetta mál var afgr. Ég ræddi nokkuð um það við 1. umr., en eins og ég skýrði frá í sambandi við það mál, sem fyrir lá áðan, þá var þessi fundur haldinn snemma morguns dagana, sem útvarpsumr. stóðu yfir, og ég gat því miður ekki komið þá.

Það, sem ég hefði fyrst og fremst álitið, að breyta þyrfti í sambandi við þetta mál, var að hækka ábyrgðina, sem um er að ræða. Hún er þarna miðuð við 50 millj. kr., en mér er alveg ljóst, að möguleikarnir til sölu á okkar afurðum til þessara landa, sem við yrðum að verzla við á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, skipta hundruðum milljóna króna. Og það hefði þess vegna verið æskilegt, að að minnsta kosti það stæði ekki í vegi fyrir, að það væri næg ríkisábyrgð fyrir hendi, ef bankarnir á annað borð væru til í að gera slíka samninga. Ég býst við,

að allir hv. þm. þekki það vel varfærni, við skulum segja t. d. bankastjórnar Landsbanka Íslands, að það væri engin hætta á því, að að svo miklu leyti sem sú bankastjórn gerði samninga við þjóðbanka annarra landa, þá væri ekki hæstv. ríkisstj. óhætt að ganga í ábyrgð fyrir þeim viðskiptum. Landsbankinn fer ekki of djarft í hlutina, þegar um slíkt er að ræða.

Ég hefði þess vegna í fyrsta lagi álitið, að þessi ábyrgð hefði mátt vera mun hærri, og held, að það sé ákaflega nauðsynlegt, einmitt vegna þess, hve erfitt okkur gengur að selja okkar afurðir nú, en hins vegar er vitanlegt, að möguleikarnir til þess að selja okkar annars óseljanlegu afurðir, hvort heldur það er freðfiskur, lýsi, ísfiskur eða hvað sem er, eru nægir, en aðeins gegn vörum.

Í öðru lagi álít ég, að það hefði verið heppilegt í sambandi við þetta frv., að þessi réttur væri veittur fleirum en Landsbanka Íslands, að ríkissjóður tæki á sig þessa ábyrgð ekki aðeins gagnvart Landsbankanum, heldur einnig gagnvart Útvegsbanka Íslands h/f og gagnvart Búnaðarbanka Íslands. Úr því að við á annað borð höfum það kerfi í landinu að hafa marga ríkisbanka, þá álít ég, að það sé eðlilegt, miðað við það þjóðfélagsfyrirkomulag, sem við höfum, að þessir bankar séu látnir standa jafnara að vígi en nú er. Og slíkt er tilgangur löggjafarinnar. Ég vil minna hv. þm. á, að eftir löggjöfinni er starfandi einn seðlabanki í landinu, seðlabanki Íslands, en þrír viðskiptabankar, Landsbanki Íslands, þ. e. sparisjóðsdeild, Útvegsbanki Íslands h/f og Búnaðarbanki Íslands. Og þessir 3 bankar, sem sé sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, eiga eftir lagafyrirmælum að vera jafnréttháir gagnvart seðlabanka Íslands, og það veit ég, að enginn hv. þm. efast um, sem þekkir okkar bankalöggjöf. Seðlabankastjórnin á að standa sem eins konar yfirbankastjórn, sem hugsar jafnt um hag allra þessara þriggja aðila, sparisjóðsdeildar Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Það á ekki eftir l. að gera neinn mun, þótt svo vilji til og það hafi þótt praktískt, að sömu mennirnir séu bankastjórar seðlabankans og bankastjórar sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands. Hins vegar hefur þarna orðið sá misbrestur, að bankastjórn Landsbanka Íslands hættir við að gleyma því, að hún sé stjórn seðlabankans, sem á að taka jafnmikið tillit til hvort sem er Búnaðarbankans, Útvegsbankans eða sparisjóðsdeildar Landsbankans. Og það hefur verið allt of mikil tilhneiging — og það er ákaflega mannleg tilhneiging — hjá stjórn seðlabankans að hugsa of mikið um sparisjóðsdeild Landsbankans, að líta svo á sem það væri að einhverju leyti einhver heiður fyrir Landsbanka Íslands, að það verði sem mest viðskipti gegnum hann, og það ætti frekar að halda viðskiptum að honum heldur en að Búnaðarbankanum eða Útvegsbankanum. Þetta er algerlega rangt og verkar bókstaflega truflandi á þjóðfélagið. Ástandið er sem sé orðið þannig, að tveir ríkisbankarnir eru settir hjá og einn, ein deild úr Landsbanka Íslands „favouriseruð". Þetta er óeðlilegt. Og hér á Alþingi er staðurinn til þess að gagnrýna þetta fyrirkomulag.

Hér er um að ræða ábyrgð á innstæðum. Nú veit ég, að út af fyrir sig er það langeðlilegast, að seðlabanki Íslands semji við þjóðbanka annarra landa. Og ég vil taka það fram, og það vona ég, að menn skilji, að sparisjóðsdeild Landsbankans er ekki seðlabanki Íslands og ekki þjóðbanki Íslands. Það er út af fyrir sig ákaflega eðlilegt, að seðlabankinn semji við þjóðbanka annarra landa og ætti raunverulega að annast slíka milliríkjasamninga við aðrar þjóðir, þó því aðeins að það sé öruggt, að seðlabankinn láti jafnt yfir aðra þá banka ganga, sem hafa rétt til þess að sinna gjaldeyrisviðskiptum. Nú hefur þetta ekki orðið. Það hefur meira að segja orðið svo, að Landsbankinn hefur einn haft viðskipti við ákveðin lönd, sem við höfum jafnvirðiskaup við, og það er náttúrlega ekki eðlilegt. Við skulum segja, að nú er eftir l. frá Alþingi ákveðin skipting á gjaldeyri milli Útvegsbankans og Landsbankans. Landsbanki Íslands hefur sína viðskiptamenn, Útvegsbanki Íslands hefur sína viðskiptamenn. Það er ákaflega eðlilegur hlutur, að við skulum segja kaupmenn og kaupfélög, sem hafa viðskipti við Útvegsbankann, vilji geta verzlað við hvaða land sem er. Það hafa þeir, að minnsta kosti á vissu tímabili, ekki getað, vegna þess að Landsbankinn hefur einn látið jafnvirðiskaupin ganga í gegnum sig. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að það sé neitt lakara að skipta við Landsbankann, síður en svo. Þegar menn á annað borð eru með viðskipti við þessa banka, þá er ágætt við þá báða að eiga, en hitt er annað mál, að það á ekki að hafa áhrif á viðskipti borgaranna í þjóðfélaginu, og ákveðið verzlunarfirma, hvort það er nú kaupmaður eða kaupfélag, á að geta verzlað, ef það hefur sín ákveðnu föstu bankaviðskipti, við hvaða land sem er í gegnum sinn banka. Ég segi þetta vegna þess, að það er algerlega óeðlilegt, að Landsbankinn noti þá aðstöðu, að seðlabankinn skuli vera sá raunverulegi þjóðbanki Íslands, til þess svo að segja að skapa sér eins konar samkeppni við aðra banka og bæta sína aðstöðu í samkeppni við þá. En fyrst þetta er svona, þá hefði það verið eðlilegur hlutur, að öðrum þeim bönkum, sem vilja hafa viðskipti við þau lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, hefði verið gert það mögulegt. Reksturinn í okkar þjóðfélagi er miðaður við það, að það sé svo kölluð frjáls verzlun, það sé sem sé almennur kapitalískur rekstur. Það þýðir, að til þess að þjóðfélagið sé rekið og atvinnureksturinn gangi, þá byggjum við fyrst og fremst á framtaki einstaklingsins, framtaki einstaklinga og félaga. Við byggjum á því sem grundvelli, að áhugi hjá mönnum fyrir verzlun og viðskiptum sé þar ráðandi afl. Það þýðir, að við verðum að leyfa þessu ráðandi afli að njóta sín, meðan við á annað borð tökum ekki upp annað skipulag, þar sem við setjum annað afl í staðinn.

Ef nú ákveðin firmu, sem hafa áhuga fyrir útflutningi og innflutningi, segja: Ég get selt til þessa og þessa lands, og ég hef mín viðskipti

— við skulum segja við Búnaðarbankann — eða Útvegsbankann — eða Landsbankann, — þá er það það eðlilega lögmál í viðskiptalífinu, að þetta firma, sem hefur möguleika og áhuga á viðskiptum við ákveðin lönd, eigi þá að geta í gegnum sinn banka skapað þessi viðskipti og knúið þau fram. Það á ekki að vera hægt að segja við það firma: Ja, ef þú ætlar að skipta við þennan banka þarna, hvort það heitir Útvegsbanki eða Búnaðarbanki, þá getur þú ekki gert þessi viðskipti. Ef þú ferð í Landsbankann og ef hann vill, þá geturðu gert þessi viðskipti. — Þetta getur ekki gengið í landi, sem byggir að einhverju leyti á því, að það sé *framtak einstaklinga og félaga, sem á* að drífa atvinnureksturinn áfram. Eins og ástandið er þarna, þá held ég, að það væri miklu heppilegra, að það væru fleiri en Landsbankinn, sem þarna væri ábyrgzt fyrir.

Að vísu mundi þetta ekki koma að sök, ef seðladeild Landsbankans skapaði þetta jafnrétti á annan hátt, sem sé á þann hátt, að þeim öðrum bönkum, sem rétt hefðu eða vildu þarna skipta, væri gert það fyllilega mögulegt, m. a. með lánum úr seðladeildinni til viðkomandi banka. Og ég veit það sem sitjandi í landsbankanefnd, að sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands er „favouriseruð“ fram yfir Búnaðarbankann og Útvegsbankann hvað lán snertir. Það er bókstaflega enginn samanburður þar á, hvað seðladeildin lánar sparisjóðsdeildinni, og ber henni þó ekki skylda til að lána sparisjóðsdeildinni hlutfallslega eyri meira en t. d. Búnaðarbankanum eða Útvegsbankanum.

Ég held þess vegna, að þarna hefði verið heppilegt, með tilliti til þess raunverulega ástands, sem er, að aðrir þeir bankar, sem rétt hefðu til gjaldeyrisverzlunar við önnur lönd, *hefðu haft þarna sama rétt. Ég hef minnzt á* Búnaðarbankann, þó að ég viti, að hann hefur ekki slíkan rétt samkv. lögum nú. Eins og menn vita, þá hefur Landsbankinn ⅔ af gjaldeyrinum og Útvegsbankinn ⅓. En ég hef minnzt á Búnaðarbankann vegna þess, að mér fyndist það ekki óeðlilegt, að Búnaðarbankinn hefði slíkan rétt. Slíkt hefur einu sinni áður verið samþ. hér í Nd., og það er talað um það nú, að landbúnaðurinn muni þurfa að fara að flytja út vörur. Og það væri ekkert óeðlilegt, að Búnaðarbankinn hefði rétt til slíkra viðskipta. Það er yfirleitt ekkert óeðlilegt, fyrst við á annað borð rekum þrjá banka, að það sé sköpuð á jafnréttisgrundvelli samkeppnisaðstaða milli þessara banka. Okkar kerfi, eins og það nú er, byggir á því, að betur sjá augu en auga, og ef það eru margir menn, sem keppa hver við annan um það að skapa markað fyrir íslenzkar afurðir og kaupa sem ódýrast inn vörur í staðinn, þá nýtist krafturinn bezt með því, að þeir fái að keppa þarna um og hafi til þess alveg jafna aðstöðu. Hv. þm. vita, að ég er mjög fylgjandi öðru skipulagi á slíkum hlutum, en meðan við höfum þetta skipulag, þá eigum við að láta þá kosti, sem í því eru, njóta sín. Þess vegna mundi ég í öðru lagi mjög vilja leggja til, að aðrir bankar fengju þarna sama rétt.

Þá vildi ég að síðustu segja það viðvíkjandi þessu máli, að það er út af fyrir sig góðra gjalda vert og rétt stefna hjá hæstv. ríkisstj., sem hún fer inn á í þessu frv., að greiða þannig fyrir viðskiptunum við þessi lönd, en það er ekki nægilegt að gera það með þessu móti. Það þarf að greiða fyrir viðskiptunum við þessi lönd með því að gera viðskiptin frjálsari, með því að leyfa mönnum að selja til þeirra. Ég hef sagt það hér ár eftir ár á þingi, og ég segi það enn. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvað er það, sem gerir það að verkum, að hún neitar Íslendingum um frelsi til þess að mega skipta við þessi lönd? Meiri hl. fjhn. hefur lagt á móti því frv., sem ég hef *flutt hér þing eftir þing um sölu og útflutning* á íslenzkum vörum, en ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Er enginn möguleiki til? — þegar hún sjálf segir, að við liggjum með yfir 100 millj. kr. virði af fiskafurðum, sem við getum ekki selt, þegar hún segir, að ekki sé hægt að selja t. d. þorskalýsið, — og ég veit, að það er hægt að selja það, — þegar hún segir, að útlit fyrir næsta ár bæði hvað snertir saltfisk og allt saman sé hræðilegt, — og ég veit, að það er hægt að selja þetta allt saman. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Getur hún staðið hér þing eftir þing og barið höfðinu við steininn og neitað Íslendingum um frelsi til þess að mega selja vörurnar? Og ég vil mega spyrja hana í öðru lagi: Þyrði hún þá að minnsta kosti og vildi, þó að hún vildi halda sínum járnklóm og sinnar einokunarklíku um öll þau lönd, sem Ísland selur til nú, — þyrði hún að gefa Íslendingum frjálst að selja til allra þeirra landa, sem við höfum ekkert selt til á síðasta ári, og kaupa inn aftur í staðinn? Hvað er í veginum fyrir því? Hvað gengur hæstv. ríkisstj. til? Það eru markaðir í *öllum álfum heims, og það bíður fólk í öllum* álfum heims eftir þeim ágætu vörum, sem Ísland framleiðir og landið er að kikna undir. Og það er eingöngu hæstv. ríkisstj. og engum öðrum aðila að kenna, að allar þessar vörur eru ekki seldar. Ef hún vill endilega láta þessa einokunarhringa, sem hún þjónar, gúkna yfir öllum þeim mörkuðum, sem Ísland hefur núna, hví þorir hún þá að minnsta kosti ekki að gefa okkur Íslendingum frjálst að selja til allra þeirra landa, sem ekki hefur verið selt til fyrir einn einasta eyri á síðasta ári? Er hún svona hrædd við að gefa frjálsan vöruinnflutninginn í staðinn? Það er ekki lengur það ástand á Íslandi, eins og hæstv. ríkisstj. sjálf hefur réttilega lýst, að ef menn fari að kaupa einhverjar vörur í öðru landi, þá séu peningarnir fengnir fyrir hana hérna heima. Þvert á móti. Það er ægileg áhætta fyrir hvern mann að kaupa vörur í öðru landi núna vegna þess, hve íslenzki markaðurinn fyrir innfluttar vörur er slæmur. Það veit hver einasti hv. þm., að það kaupir enginn maður í dag, — ég meina enginn verzlunarmaður með verzlunarviti, — útlendar vörur í öðru landi fyrir fisk héðan, nema hann þykist nokkurn veginn öruggur með að geta selt þær hérna heima. Ég get ekki skilið, hvað hæstv. ríkisstj. gengur til, ef það er þá ekki beinlínis það að hindra atvinnu Íslendinga,

að hún skuli neita svona harðvituglega um frelsi landsmanna til þess að mega selja vörur til annarra landa og kaupa vörur í staðinn. Að vísu fær maður dálitla innsýn í, hvernig þetta er, í sambandi við þau vöruskipti, sem nú er verið að ræða um við Austur-Þýzkaland, þau vöruskipti, sem nú eru þremur árum á eftir tímanum, vöruskipti, sem ég lagði hér fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþingi 1950, að hægt væri að framkvæma þá. Þar er verið að selja freðfisk fyrir um 18 millj. íslenzkra króna, kaupa vefnaðarvöru, raftæki og ýmsar aðrar nauðsynjavörur í staðinn, en það stóð að minnsta kosti í Víði, að það væri hægt að selja miklu meira til Austur-Þýzkalands. En mér er grunur á, að þeir aðilar, sem slegið hafa sér saman í eins konar einokunarhring um innkaupin á þessum þýzku vörum fyrir 18 millj. kr., muni reyna að hindra það, að fleiri slíkar vörur séu fluttar inn í landið og meira sé selt af íslenzkum afurðum til þessa lands. Ég hef spurt hæstv. ríkisstj. að því hér, hvort hún ætli að einhverju leyti að stuðla að slíkri einokun eða leyfa Landsbankanum að stuðla að því með því að hindra, að selt sé meira af fiski þangað, hindra, að keypt sé meira af íslenzkum vörum, og gefa þeim mönnum, sem kaupa nú þarna eitthvað af vefnaðarvöru og öðrum slíkum vörum, einokun hérna. Slíkt næði vitanlega ekki nokkurri átt. Auðvitað ber okkur að selja eins mikið til þessara landa og við getum, og það mun verða á ábyrgð þeirra aðila, sem kaupa vörurnar frá viðkomandi löndum, hvort þeir geta selt þær eða ekki. Þeir verða að þola það að standa hér í samkeppni um þær. Þeir eiga ekki að fá neina einokunaraðstöðu með það. Það væri hart, ef t. d. kaupfélögum landsins væri neitað um það að mega í sambandi við fiskimenn selja út sinn fisk og kaupa vefnaðarvörur og annað slíkt í staðinn og selja hér á frjálsum markaði.

Þetta eru hlutir, sem hæstv. ríkisstj. ætti að fást til að svara, ef hún hefði engu að leyna í þessu máli. Ef hún hefði ekki því að leyna, að hún vill skipuleggja í fyrsta lagi einokun á allri framleiðslu Íslendinga í þeim tilgangi að halda okkar atvinnulífi niðri og skapa atvinnuleysi um allt land, til þess að reka Íslendinga um allt land burt frá sínum fiskiskipum og suður á Keflavíkurflugvöll í þrælavinnu hjá Ameríkönum. Það hefði einhvern tíma verið talað um af Framsfl. hér á árunum, að það væri verið að taka menn frá framleiðsluvinnunni með þeim hundruðum manna, sem nú eru að vinna þar suður frá og þakka fyrir það í neyðinni að fá þá vinnu, neyðinni, sem ríkisstj. hefur skapað. Það hefði einhvern tíma verið talað um, að það væri hart að taka menn þannig frá framleiðsluvinnunni, en það fer að verða skiljanlegra, þegar hæstv. ríkisstj. er sjálf aðalþröskuldurinn fyrir því, að Íslendingar fái að framleiða og selja fisk. Í öðru lagi er ríkisstj. með sinni afstöðu hvað einokunarverzlunina snertir að halda verndarhendi sinni yfir litilli klíku manna hér heima. Og á sama tíma er svo þeim mönnum, sem fiskútgerð stunda, neitað um leyfi til þess að selja fiskinn út úr landinu. Það er algerlega rangt, sem hv. 2. varaþm. Eyf. sagði í útvarpsumr., að t. d. hv. 2. landsk. hefði fengið leyfi til þess að selja fiskinn út úr landinu. Því hefur alltaf mjög staðfastlega verið neitað, eins og yfirleitt sú einokunarklíka, sem ræður ríkisstj., hefur neitað Íslendingum, þótt allt sé að brotna saman undan óseldum fiski, um frelsi til þess að mega selja fisk og kaupa nauðsynjar í staðinn. Þetta er mál, sem eðlilegt er, að komi til umr. í sambandi við þetta mál, sem hér er um að ræða, þó að ég hins vegar muni ekki flytja neina brtt. í þá átt, enda liggur það fyrir í öðru frv. frá mér, sem því miður gengur alltaf ákaflega erfiðlega að fá afgr. hér.

Ég er hins vegar fylgjandi þessu frv. sjálfu, en hefði ákaflega gjarnan kosið, ef hægt hefði verið að gera á því þessa breyt., sem ég gat um, hækka fjárhæðina og gefa fleirum en Landsbankanum þennan rétt. Því miður gat ég ekki verið á fundi fjhn., þegar málið var afgr., og ég vil ekki vera að flytja brtt. um þetta, sízt af öllu án þess að hafa getað talað við meðnm. mína um málið áður. Ég vil þess vegna freista þess að ræða við þá milli 2. og 3. umr. þessa máls, því að ég vil engan veginn neitt draga afgreiðslu þess eða mælast til þess, að henni sé frestað núna. Þetta er bara 2. umr. En ég mun reyna á milli umr., hvort nokkur kostur er að fá þarna fram breyt. Hitt hefði mér verið kært, að hæstv. ríkisstj. hefði sagt nokkuð, hvað hún hyggst fyrir um þetta, en ég veit, að hennar fyrirætlanir í því þola ekki dagsins ljós, þannig að ég geng út frá, að þær komi þess vegna ekki hér fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 39. og 40. fundi í Nd., 12. og 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við 2. umr. málsins kom hér fram að vissu leyti eðlileg gagnrýni frá hv. 2. þm. Reykv. í sambandi við þá ábyrgð, sem hér er gert ráð fyrir að veita Landsbanka Íslands, og byggðist gagnrýnin á því, að það væri ekki eðlilegt, að Landsbankinn fremur en aðrir bankar landsins, sem ríkisábyrgðar nytu, fengi þá ábyrgð, eða væri veitt sú ábyrgð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Af þessu tilefni hafa orðið umræður um málið milli nefndarmanna á milli umræðna. Það er í raun og veru svo, að það er seðlabankinn, sem annast þessi viðskipti við þau lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli. En eftir landsbankal. starfar Landsbankinn í 3 deildum, sem kallaðar eru sparisjóðsdeild, veðdeild og seðlabankinn. Það hefur ekki verið á færi nema seðlabankans að annast gjaldeyrisviðskipti við þessi lönd, nema þá að tekinn væri upp sá háttur, að seðladeild Landsbankans endurkeypti af öðrum

viðskiptabönkum víxla, sem væru tryggðir með gjaldeyri í clearing-löndunum, á sama hátt sem endurkeyptir eru víxlar, sem tryggðir eru með útflutningsvörunni. En það líður oft langur tími frá því að útflytjandi flytur vörur til vöruskiptalandanna og til þess tíma, að sá gjaldeyrir er kominn heim og gæti komið til útborgana. Af þessum sökum er það, sem seðlabankinn hefur svarað útflytjendunum andvirðinu, og þá einnig t. d. Útvegsbankinn, sem annazt hefur þessi viðskipti, með samkomulagi, sem orðið hefur í framkvæmd milli Útvegsbankans og seðlabankans og nú er orðið þannig, að ég hygg, að viðskiptamenn Útvegsbankans þurfi ekki að hverfa til seðlabankans eða Landsbankans með viðskipti við þessi lönd, eins og að vísu var um tíma, vegna þess að Útvegsbankinn hefur heimild eftir samkomulagi við Landsbankann að skulda seðlabankann fyrir andvirði útflutningsvöru, sem Útvegsbankinn annast fyrirgreiðslu á í sambandi við útflutning til clearing-landanna.

Að öllu þessu athuguðu og vegna þess, hvernig eðli málsins er, þá höfum við orðið sammála um í fjhn. að gera eina brtt. við 1. gr. frv., sem er í raun og veru skýringaratriði og báðir þeir bankar, sem ég hef nefnt, Landsbankinn og Útvegsbankinn, fyrir sitt leyti telja eðlilega, og það er að skjóta inn á eftir orðunum „Landsbanki Íslands" í 1. málsl. 1. gr. orðinu: „seðlabankinn", til frekari skýringar á því, sem um er að ræða. Með þessu teljum við, að það sé ljóst, að Landsbankanum að öðru leyti séu ekki með þessu frv. tilskilin sérstök friðindi fram yfir hina bankana, sem ríkisábyrgðar njóta, en það komi hins vegar fram, að það sé raunverulega verið af ríkissjóðsins hálfu að taka ábyrgð á innstæðufé eða yfirdrætti seðlabanka Landsbankans.

Ég vil þess vegna fyrir hönd fjhn. leyfa mér að leggja fram þessa skriflegu brtt., sem orðast þannig: „Á eftir orðunum „Landsbanki Íslands" í 1. málsl. 1. gr. kemur: seðlabankinn" — og bið ég forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hv. fjhn. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 481) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 481 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 482).

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 503).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er til þess að greiða fyrir viðskiptum við þau lönd, sem aðeins geta eða leyfa að kaupa íslenzkar útflutningsvörur gegn greiðslu í framleiðsluvörum sinna eigin landa. Væri ábyrgð sú, sem hér er farið fram á, eigi veitt, mundi það valda því, að framleiðendur yrðu að taka á sig alla áhættu af viðskiptunum og yrðu auk þess að bíða eftir greiðslu þangað til inn hefðu verið fluttar vörur frá viðkomandi löndum og þær seldar hér, en þetta mundi torvelda mjög alla framleiðslu á útflutningsverðmætum landsmanna. Eftir upplýsingum frá Landsbankanum er í þessum mánuði ekki um að ræða neinar verulegar upphæðir, hvorki sem innstæðu erlendis né skuldir við erlenda banka í sambandi við þessi viðskipti. Töp á slíkum viðskiptum hafa engin orðið nema í sambandi við breytingar á gengi krónunnar 1950, en þau töp voru jöfnuð með gengishagnaði á öðrum sviðum. Hefur því ekki komið til fyrir ríkissjóð að greiða neitt vegna slíkrar ábyrgðar. Það er einnig upplýst, að vel gæti komið til mála, að ýmist yrði tap eða gróði á slíkum viðskiptum, og mundi bankinn gera þar jöfnuð á, er til kæmi, enda er ábyrgðin gefin til þess að tryggja, að bankinn fái ekki á sig neinar verulegar hallagreiðslur af viðskiptunum. Með tilvísun til þess, sem ég hef þegar lýst, leggur n. til einróma, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 509).

---

23. Hitaveitur utan Reykjavíkur.

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um hitaveitur utan Reykjavíkur [88. mál] (stjfrv., A. 102).

Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það var á Alþingi 1950, að lagt var fram

frv. til l. um hitaveitur utan Reykjavíkur. Þetta frv. náði ekki afgreiðslu. Var það til meðferðar í hv. Ed., og komu fram ýmsar aths. við frv., sem sendar voru til félmrn., sem hafði undirbúið þetta frv. á sínum tíma, og dagaði frv. þá uppi.

Ráðuneytið hefur nú látið endursemja þetta frv. og m. a. tekið tillit að mestu leyti, held ég sé óhætt að segja, til þeirra ábendinga, sem komu fram af hálfu Alþingis þá. Auk þess hefur ráðuneytið notið aðstoðar Gunnars Böðvarssonar, yfirverkfræðings jarðborana ríkisins, við samningu frv., og hefur hann ráðið miklu um efnisatriði þess.

Það þykir rétt, að þetta frv. fjalli einungis um hitaveitur utan Reykjavíkur, vegna þeirrar sérstöðu, sem Reykjavík hlýtur að hafa að ýmsu leyti með sína stóru hitaveitu. Hins vegar er orðin knýjandi nauðsyn, að sett verði löggjöf um hitaveitur utan Reykjavíkur. Það eru nú þegar starfræktar hitaveitur í tveimur kauptúnum, og sú þriðja tekur til starfa nú í árslok, hitaveitan á Sauðárkróki, og vonandi bætast fleiri við áður en mjög langt líður, og er þá nauðsynlegt, að til sé almenn löggjöf um þessi efni, sem fjalli um ýmislegt varðandi þessi fyrirtæki. Þess vegna er það, að þetta frv. á að skapa heildarlöggjöf um aðrar hitaveitur en Reykjavíkurhitaveituna.

Það getur mjög orkað tvímælis, hvað á að taka upp í löggjöf eins og þessa, og vil ég beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að athuga, hvort ekki geti verið rétt að taka fleira upp í frv. heldur en nú er gert. Vil ég þar sérstaklega nefna eitt atriði, sem ég hef ekki sjálfur tekið neina efnislega ákvörðun um, hvort ég teldi rétt eða ekki, en það er, hvort eigi að vera í þessari löggjöf ákvæði um það, að hvað miklu leyti ríkissjóður ábyrgist stofnkostnað slíkra hitaveitna. Það mun ekki vera fullt samræmi í því, hvernig þetta hefur verið að undanförnu með þær hitaveitur, sem gerðar hafa verið. Spursmálið er, hvort það væri rétt að setja einhver ákveðin ákvæði um þetta inn í þetta frv. eða láta það vera eins og hér er. En það, að þetta er ekki tekið inn í frv., er hér rökstutt með því, og mun vera að ráði Gunnars Böðvarssonar, að aðstæður geti verið svo ólíkar á ýmsum stöðum, að það sé heppilegra og eðlilegra, að Alþingi fjalli um það í hvert skipti, hve mikinn hluta af stofnkostnaði hitaveitunnar ríkið skuli ábyrgjast. En rétt er, að n. athugi einmitt gaumgæfilega, hvað hún telur rétt í þessu efni.

Ég legg töluverða áherzlu á það, að Alþingi gæti afgr. þetta frv. nú. Það hefur fengið rækilegan undirbúning, er búið að koma hér áður, og hef ég varla trú á að minnsta kosti, að ráðuneytið geti lagt meira til þeirra mála að sinni, en hins vegar full þörf á því, að löggjöf eins og þessi verði nú sett.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 331).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð að segja um þetta mál. Það er ekki nema smávægileg breyt., sem lagt er til af hálfu n. að verði gerð á frv. Það er aðeins upphaf 1. og 6. gr., sem lagt er til að breytt verði. Það er sakir þess, að n. telur, að það kunni að verða fleiri en eitt hreppsfélag eða bæjarfélag í félagi um hitaveitur og sé þess vegna réttara, að l. taki einnig til þess konar framkvæmda. — Þá er það, að á eftir 7. gr. komi ný gr., sem veiti því félagi, sem nú rekur hitaveitu, sams konar rétt og ætlazt er til að bæjar- og hreppsfélög hafi eftir þessum l., unz bæjar- eða sveitarstj. kann að óska eftir að innleysa til sín fyrirtækið. Núna er eitt félag, þ. e. Kaupfélag Árnesinga, sem hefur lagt hitaveitu á Selfossi og rekið hana, og ég ætla, að ég viti það rétt, að engir samningar eru til staðar milli kaupfélagsins og hreppsfélagsins á Selfossi um þetta. Eftir frv., eins og það er, mundi tæpast vera hægt að telja, að það tæki til slíks fyrirtækis. En við teljum réttara, að það sé gert ráð fyrir því.

Ég skal geta þess viðvíkjandi undirskrift nál., að það vantar þar einn nm. undir, hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Það er af misgáningi. Hann tók þátt í undirbúningi og afgreiðslu málsins, en hefur láðst að ná til hans með að fá hans undirskrift, og leiðréttist það hér með.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar. Ég vænti, að hæstv. forseti láti það ganga áfram.

ATKVGR.

Brtt. 331,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 331,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 331,3 samþ. með 18:1 atkv.

8. gr., svo breytt, og 9.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 373).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 373, n. 441).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. N., sem hefur haft þetta mál, sem er stjórnarfrv., til meðferðar, hefur reynt að setja sig dálítið inn í það og rætt það við Gunnar Böðvarsson verkfræðing, sem hefur undirbúið málið og að mestu samið frv. f. h. ríkisstj. Það eru nokkrir staðir, sem hafa hug á því að koma á hjá sér hitaveitu. Má þar nefna Húsavík, Hveragerði, Hrísey o. fl., og það þykir þörf á því að setja l., sem mynduðu ramma um, hvernig slíkar hitaveitur komist á, þar sem aðstaða þykir til að koma þeim upp. Sá rammi er nú skapaður með þessum l. Við fljótan lestur þeirra var ég til að byrja með dálítið hræddur við þær undantekningar, sem gerðar eru í 1. gr., þar sem hitaveitukerfi af ákveðinni stærð þurfa ekki að vera með. Þetta er sett inn í l. af því, að á nokkrum stöðum, bæði hér í Rvík og annars staðar, eru smáhitaveitukerfi, flest frá stórum miðstöðvum í samliggjandi húsum með fleiri íbúðum, og það hefur ekki þótt rétt að neyða þessi hitaveitukerfi undir öllum kringumstæðum og alltaf til að vera í heildarveitunni. Við nánari athugun sáum við, sem Gunnar Böðvarsson benti okkur líka á, að ef þessar smáhitaveitur væru það margar eða lægju þannig, að þær væru í vegi fyrir því, að heildarhitaveita gæti komizt á í viðkomandi bæ, þá eru í 6. gr. gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að heildin geti tekið þessar smáhitaveitur eignarnámi og neytt þær til að vera inni í heildinni. Þetta þarf þó ráðherra að úrskurða að undangenginni rannsókn, þannig að þegar nánar er að gáð, þá er sú hætta, sem mér í fyrstu virtist geta legið í þessu, sérstaklega hvað Hveragerði snertir, í raun og veru ekki fyrir hendi. Það er að minnsta kosti alltaf hægt að koma henni burt, þótt það geti tekið dálitinn tíma og fyrirhöfn að gera það.

N. varð sammála um það, eftir að hafa lesið frv., reynt að setja sig inn í það og fengið um það upplýsingar frá verkfræðingnum, sem ég áðan nefndi, að mæla með því við hv. deild, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 373, 485).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér brtt. á þskj. 485 í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er, að í stað „250 kw." komi: 50 kw. — Ég tel, að hámark það, sem ákveðið er í frv., sé allt of hátt og að ákvæði þessara laga eigi að gilda um hverja hitaveitustöð, sem kynni að verða yfir 50 kw. Hin brtt. er um það, að á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:

„Heimilt er ríkisstj. að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 1.—3. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkv. fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 85% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstj. metur gildar."

Mér urðu það allmikil vonbrigði, þegar ég sá, að frv. það, sem hér um ræðir, hafði verið rætt í hv. Nd. og rætt hér við 2 umr. í þessari hv. d. og hafði auk þess farið til tveggja nefnda, að þetta ákvæði skyldi ekki vera sett inn. Í fyrsta lagi er þetta ákvæði hliðstætt þeim ákvæðum, sem eru sett í bæði lög um vatnsveitur og lög um raforkuver, og fyrirbyggir, að það þurfi að vera að taka upp sérstaka heimild í hvert skipti sem ábyrgjast þarf fé til slíkra framkvæmda sem hér um ræðir. Liggur m. a. nú fyrir þessu þingi ein slík ábyrgðarbeiðni frá hreppsnefnd í Hveragerðishreppi. En það er miklu heppilegra frá mínu sjónarmiði að setja þetta inn í heildarlöggjöfina. Það hefur verið gert, eins og ég tók fram, bæði í sambandi við vatnsveitur, einnig í sambandi við raforkuver og í sambandi við hafnarmál. Það er miklu eðlilegra en að í hvert skipti sem nauðsynlegt er að gefa ábyrgð sé verið að leita sérstaklega til Alþingis.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þessi mál nánar, en vil vænta þess, að till. mínar verði samþ. Get ég að sjálfsögðu fallizt á, ef hæstv. forseti telur það réttara, að fresta umr., svo að hv. n., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, fái tækifæri til þess að kynna sér till., nema því aðeins að hún hafi þegar gert það, og heyrist þá væntanlega frá hv. frsm. um það, hvort hann leggur til f. h. nefndarinnar, að till. verði samþ.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. N. hefur nú ekki athugað þessar till., og vafalaust væri réttast, að umr. væri frestað núna og n. gefinn tími til að athuga þær. Ég get þó sagt það viðvíkjandi fyrri brtt. á þskj. 485, að hún barst í tal við verkfræðinginn, sem samdi frv. f. h. ríkisstj., hvort þessi stærð á þessum stöðvum sem væri látin óátalin, þó að væri í þorpum, þar sem hitaveitu annars yrði komið á, væri hæfileg, og hann upplýsti, að hann teldi það, og nefndi dæmi héðan úr Rvík um smástöðvar, sem væru nálægt þessari stærð og hann taldi eiga fullan tilverurétt, þó að hitaveita væri annars alls staðar. Annars minntist ég nú á þetta atriði dálítið í minni framsögu, ef ég man rétt, og að ég var dálítið hikandi við að hafa þessa undanþágu nokkra. En eftir að hafa athugað málið nánar og sannfærzt um, að eftir 6. gr. er hægt að þvinga þá með, ef á þarf að halda og nauðsynlegt telst, þá hverf ég að því ráði að láta hana vera kyrra.

Um hitt, að veita með l. allsherjarheimild til lántöku upp í 85% fyrir þá, sem vilja koma á hjá sér hitaveitu, hefur n. ekkert rætt, en frá mínum bæjardyrum vil ég segja það, að ég lít

þannig á, að það sé ekki rétt. Ég tel, að það sé ekki rétt, eins og öll mál liggja fyrir í landinu, að veita með lögum nú slíka allsherjarábyrgð. Þeir menn, sem ætla að framkvæma þetta og eru komnir það áleiðis, að þeir eru staðráðnir í að leggja út í slíkt fyrirtæki, munu væntanlega fá ábyrgð þingsins fyrir láni, ef á þarf að halda. En ég tel dálítið hæpið að veita það almennt séð, eins og hér er gert ráð fyrir og reyndar gert í ýmsum fleiri l., sem hefur nú reynzt svona og svona, alveg eins og ríkissjóður á að veita visst framlag í læknisbústaði o. s. frv., sem hann getur ekki staðið við, nema þá stundum. Þetta er mín skoðun. — Ég vil sem sagt óska eftir því, að n. fái að athuga till., og vænti þess þess vegna, þar sem mér heyrðist heldur ekkert á móti því hjá flm. brtt., að forseti fresti þessum umr. núna og gefi n. tóm til að athuga þessar till.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar þessari umr. var frestað, þá var það eftir ósk frá n. til að athuga till. þm. Barð. á þskj. 485. — Þetta frv., sem komið var frá ríkisstj., hefur ekki tekið breyt., fyrr en þessar brtt. koma hér fram, að undanteknum nokkrum breyt. í Nd. N. hefur síðan haldið tvo smáfundi um málið. Á *fyrri fundinum voru* hv. þm. Seyðf. (*LJóh*), hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) og ég. Þá varð að samkomulagi, að ég skyldi hafa tal af þeim mönnum, sem undirbjuggu frv. fyrir ríkisstj. hönd, en það voru Gunnar Böðvarsson og dr. Gunnlaugur Þórðarson. Ég hef svo náð í þá og talað við þá um þessar brtt. Þeir segja, að 250 kw. sé miðað við það, að á nokkrum stöðum hafa verið byggðar stórbyggingar, sem rúma allt upp undir 20 fjölskyldur, og komið sér upp eigin hitaveitu, og þegar lagt hefur verið í slíkt stórt verk á einhverjum stað, þar sem síðar á að koma sameiginleg hitaveita, þá fannst okkur ekki ástæða til annars, ef ekki var brýn þörf á öðru, en að lofa þessum hitaveitum að vera áfram. Og þess vegna settum við þessa heimild inn í l., að það þyrfti ekki að vera með, en ef aftur ástæður liggja þannig við framkvæmd verksins, að það reynist nauðsynlegt að hafa þær með, þá er möguleiki til þess eftir 6. gr. að taka þær með. Ef við aftur förum niður í 50 kw., þá er þetta orðið fyrir eitt hús með 4 íbúðum, og það er svo lítið, að slík undanþága í l. hefur ekki nokkra einustu þýðingu og er til bölvunar, því að þá getur hvert einstakt hús út af fyrir sig að heita má fengið slíka undanþágu. Þess vegna sögðust þeir vera alveg ákveðnir á móti því, að það væri breytt til með þetta og 250 fært niður í 50, — það væri til þess að gefa svo mörgum einstaklingum tækifæri til að standa utan við, þegar sameiginleg hitaveita væri gerð. Og þó að þá væri möguleiki eftir 6. gr. til að taka þá með, þá væri það svo mikið umstang og alveg ástæðulaust, því að slíkar smáhitaveitur ættu alls staðar að vera með í sameiginlegu hitaveitunni. Það væri einungis þegar um stærri hitaveiturnar væri að ræða, sem slíkt kæmi til greina. Þess vegna leggja þeir á móti þessu, og n. var öll sammála um að leggja á móti því, að 1. till. væri samþ. — Á seinni fundinum, sem haldinn var, var Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., líka, en einn nm. hefur mætt á hvorugum nefndarfundinum, þ. e. hv. 6. landsk.

Gagnvart seinni brtt. er ýmislegt, sem mælir með henni, og annað, sem mælir á móti henni. Og þeir sögðu, Gunnlaugur og Gunnar, sem undirbjuggu frv., að þeir hefðu rætt þetta bæði sín á milli, við Jakob Gíslason og við ráðh. og ekki fundizt ástæða til að taka þetta upp. Það, sem mælir með því að taka þetta inn í l., er það, að þá vita þeir fyrir fram, sem í hitaveitu vilja ráðast, að þeir eiga þetta víst. Það er það, sem mælir með því, og það er náttúrlega út af fyrir sig viss styrkur fyrir þá til að hefja undirbúning og annað, sem að hitaveitunni lýtur. Það, sem mælir á móti því, er náttúrlega fyrst og fremst það, að þá tekur ríkið á sig ábyrgðir, sem maður veit ekki fyrir sig fram neitt um, hverjar verða, og í öðru lagi, að það er víða svo, að það er ákaflega hæpið, hvort það er hægt að ráðast í hitaveitur og hvort það á að örva menn til þess að ráðast í þær, þar sem aðstæðurnar liggja þannig, að um mikil vafaatriði er að ræða. Ég skal nefna sem dæmi Hrísey og Dalvík. Hrísey hefur lag í fjöruborðinu, sem kemur upp í stórstraumi og er 40 stiga heit. Þar eru, ef ég man rétt, 304 manneskjur. Það er ákaflega hæpið, hvort það á að örva þá í það að fara að bora og gera aðrar ráðstafanir til þess að reyna að koma upp hitaveitu með því að segja við þá: Þið eigið fyrir fram víst, að ríkissjóður ábyrgist 85% af því láni, sem þið þurfið að taka fyrir hitaveituna. — Það mundi örva þá til þess að fara í þær framkvæmdir. Þeir mundu annars verða að gera undirbúning sjálfir og rannsaka málið vel, áður en þeir gætu komið til þingsins og fengið sína ábyrgð, sem er þó líklegt að þeir fengju, ef málið eftir l., 2. og 3. gr. reyndist þannig vaxið, að það teldist rétt að leggja fé í hitaveituna. Dalvík hefur heita laug, miklu heitari en Hrísey, og þarf lítið að auka þar við hita, en nokkuð langt frá, svo að það er löng leiðsla og dýr, sem þarf. Það mætti taka ýmis fleiri dæmi. Hérna í Reykjavík þarf náttúrlega að stækka hitaveituna eða taka nýja hitaveitu, sem þeir gizkuðu á í umr. við mig í gær að mundi kosta mikið á annað hundrað millj., — það veit nú enginn, þó að þeir gizki á það. Og þeir töldu, að það væri um svo fáa staði að ræða og svo misjöfn aðstaða til þess, að það væri ekki rétt að setja inn í l. þessa 2. brtt. um 85% ábyrgðina.

N. tók enga afstöðu til málsins. Mér skildist, að við þrjú í n., ég, 8. þm. Reykv. og þm. Seyðf., teldum ekki ástæðu til að taka þetta inn í l., en aftur skildist mér á 4. landsk., að hann fyrir sitt leyti teldi betur fara, að það væri í l., heldur en að það þyrfti að sækja um það í hverju einstöku tilfelli, en annars sá hann ekki verulegan mismun á því.

Ég hef með þessu reynt að segja bæði það, sem ég tel að mæli með því, að 85% ábyrgðarheimild sé tekin inn í l., það verður til uppörvunar til að leggja í rannsóknir og tilraunir til að koma á hjá sér hitaveitu, — og eins það, sem ég tel að

mæli móti því að taka ábyrgðina í lögin, og það er það, að tilfellin eru heldur fá og koma svo strjált á næstu árum til Alþ. til að biðja um ábyrgðir, sem Alþ. þá kæmi til með að meta í hverju einstöku tilfelli, hvort rétt væri að veita eða ekki, en að hinu leytinu er það ráðh., sem gerir það. Og ef það er komið inn í l., þá tel ég, að það sé allt að því að vera víst, jafnvel þó að málið sé vafasamt í heild.

Ég fyrir minn part legg þess vegna á móti báðum brtt. Öll n. leggur á móti þeirri fyrri, en einn nm. af þeim, sem í hefur náðst, lætur málið annaðhvort hlutlaust eða greiðir atkv. með annarri brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú heyrt rök hv. frsm. fyrir því, að hann mælir með því, að brtt. mínar á þskj. 485 verði ekki samþ., og skal aðeins fara um það nokkrum orðum.

Fyrri brtt. er m. a. borin fram til þess, að allir þeir staðir, sem hefðu skilyrði til þess að koma upp hitaveitu, þó að ekki væri um að ræða nema 5—6 hús, gætu orðið aðnjótandi m. a. þeirra ákvæða, sem felast í brtt. minni undir tölulið 2, svo að þessar tvær till. hanga nokkuð saman. Ef frv. á hins vegar aðeins að ná yfir hitaveitu, sem er 250 kw., eins og farið er fram á hér í frv. á þskj. 373, þá eru enn skildir eftir margir aðilar, sem engin lög ná yfir í sambandi við hitaveitur. Ég hygg, að það sé ekki fjarri sanni að áætla, að á hverja 100 m² í húsi, sem er sæmilega byggt, þurfi engan veginn meira en 5 kw. til hitunar, og þá er hér um að ræða, að 25 slík hús, sem hefðu aðstöðu til þess að geta komið á hjá sér hitaveitu, væru fyrir utan þessi lagaákvæði. Það er það, sem mér þykir skorta á hjá hv. n., að hafa ekki rannsakað það mál. Lagaákvæðin verða því ákaflega lítils virði, þegar gengið er frá þeim þannig, að slíkir hópar eru ekki teknir með. Ég vil m. a. benda á, að ef ætti að koma upp hitaveitu á Reykhólum, þar sem nú eru 6—8 hús, þá mundi sú hitaveita ekki falla undir þessi lagafyrirmæli hér, hvorki á einn né annan hátt. Ég tel því frv. lítils virði, ef það er samþ. eins og það liggur fyrir, og legg því mjög til, að mínar till. verði samþ.

Hvað viðvíkur kostum og löstum við að samþ. 2. till. mína, þá viðurkenndi hv. frsm., að með því vissu menn, að hverju þeir gætu gengið, og það þykir ákaflega mikill kostur í sambandi við þessi mál. Það hefur þótt alveg sjálfsagt og nauðsynlegt í sambandi við hafnargerðir, í sambandi við vatnsveitur og í sambandi við rafmagnsmál. Ég get satt að segja ekki skilið, hvers vegna sveitarfélagi væri gefin slík ábyrgð eða slík fríðindi til þess að koma upp 250 kw. rafmagnssamstæðu, hvort heldur hún væri rekin með vatnsafli eða dieselmótor, sem ef til vill notaði meginhlutann af þessu rafmagni til þess að hita upp hús, en samtímis vildi ekki sama stofnun gefa sömu fríðindi til hinna, sem gætu á ódýrari hátt hitað upp hús sín með heitu vatni. Ég held, að það verði ekki hægt að færa nein rök fyrir því, að það sé nein sanngirni í því. Hann telur, að það, sem mæli á móti þessu, sé sú ábyrgð, sem ríkið taki á sig og enginn viti hver verður. Þetta á ekkert frekar við um þetta fyrirtæki heldur en hafnir, nema miklu síður sé, því að menn vita miklu síður um, hvað kostar að fullgera hafnir og hvaða tekjur þær kunna að hafa o. s. frv., og menn geta heldur ekkert sagt um þetta frekar hvorki um vatnsveitur né um rafmagnsstöðvar, svo að ég hygg, að þessi rök séu nú ekki veigamikil, auk þess sem það er alveg fyrir fram ákveðið, að það á að gera ákveðnar rannsóknir áður en ábyrgðin er veitt, og það á að gerast allt undir eftirliti ákveðinna manna. Ég sé því ekki annað en að þessar mótbárur, sem bornar eru fram hér, séu fullkomlega falskar í sambandi við þetta mál. — Ég læt það alveg afskiptalaust, ef mínar till. verða felldar, hvort frv. er samþ. eða ekki, en ég tel frv. ákaflega lítils virði, ef það er samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 373. Og framtíðin mun sanna, að það verður ekki langt þangað til það verða þá gerðar á því mjög verulegar breytingar, vegna þess að reynslan mun sýna, að það sé ómögulegt að starfa undir þeim fyrirmælum, sem þar eru, óbreyttum.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki tala neitt um 2. liðinn. Ég reyndi að segja hlutlaust frá, bæði því, sem mælti með honum og á móti honum, en um 1. liðinn vil ég tala ofur lítið nánar.

Eftir 1. gr. frv. er ráðherra heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum einkaleyfi með þeim skilyrðum, sem l. þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja innan umdæma sinna hitaveitur, sem annist dreifingu og sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa. Einkaleyfi þessi skulu þó eigi ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 250 kw. Svo segir aftur í 6. gr., að ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd vilji koma upp hitaveitu, þá geti hún, ef nauðsynlegt þykir, tekið inn í hana hitaveitur, sem fyrir eru, þótt minni séu. — Það er hér um að ræða misskilning hjá þm. Barð. Og það skýrist kannske bezt með því að taka Hveragerði, þar sem eru 10—20 — ég veit ekki hvað margar stöðvar, sem hita upp hús, 5—10—25—30 kw. stöðvar, og hefur allur fjöldinn hitann frá ríkinu meira og minna óleyfilega, flest af þeim alveg óleyfilega, sumt með eldgömlum leyfum og fyrir sama sem enga borgun. T. d. greiðir öll garðyrkjustöðin í Fagrahvammi 30 kr. á ári fyrir allan hitann, sem hún þarf í öll gróðurhúsin og íbúðarhúsið, samkv. samningum frá einhverjum tíma milli 1930 og 1940 o. s. frv. Ef nú hugsað er til þess að koma á samveitu í Hveragerði og geta látið öll hús verða aðnjótandi hitans, þá er alveg gefinn hlutur, að það verður að taka öll þessi smáhús með. Og þeir segja mér, — þar kannske ber á milli, — en þeir segja mér, að 250 kw. samveita sé ekki fyrir nema kringum 100 manns, 20 íbúðir með 5 manns í hverri, og að þessi 50 kw., sem þm. Barð. vill hafa, séu vel fyrir eitt hús, sem í séu 4 íbúðir, alls ekki fyrir fleiri hús. Þetta segir Gunnar Böðvarsson, sem ég geri ráð fyrir að viti þetta betur en þm. Barð. Þá gæti farið svo, ef við lækkuðum þetta niður í 50, að það yrði ómögulegt að skipuleggja Hveragerði, því að allir þyrftu leyfi til undanþágu. Þess vegna held ég, að það sé mesti misskilningur, að það beri að skilja þetta eins og þm. Barð. gerir. Ég held það sé alveg

rétt hjá þeim, sem sömdu frv., að það á að vera hægt að taka með í samveituna yfirleitt það, sem um er að ræða í byggðinni, nema það kvað vera hérna t. d. í Reykjavík, — það veit nú kannske hæstv. ráðh. betur, en mig minnir, að þeir nefndu hérna í Reykjavík eitthvert hús, sem bærinn ætti, bærinn hefði byggt og komið upp sérstakri hitaveitustöð fyrir, sem væri einmitt af þessari stærð, í því væru margar íbúðir og ekki kæmi til mála, þó að bærinn stækkaði sína hitaveitu í heild, að skylda það til þess að falla inn í, heldur ætti það að fá að vera utan við. Og svoleiðis tilfelli gætu verið fleiri. Ég held þess vegna, að það sé alveg rétt hjá þeim og n. taki réttan tón í því að vera með að fella fyrri breytinguna, hvað sem þessari seinni líður. Ég viðurkenni, að það séu vissir kostir við þá seinni, sem ég hef áður nefnt og skal ekki fara nánar út í núna. En mér sýnast gallarnir vera yfrið meiri og er þess vegna á móti henni, án þess að fara frekar út í það.

ATKVGR.
Brtt. 485,1 felld með 8:2 atkv.
— 485,2 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, StgrA, ÞÞ, BrB, GJ, JJós, KK, BSt.
nei: VH, BBen, PZ, RÞ.
5 þm. (FRV, GÍG, HG, HermJ, LJóh) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 536).
Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mál þetta mun upphaflega hafa verið flutt hér í Nd., en er komið hingað aftur vegna breyt., sem á því hefur orðið hjá hv. Ed. Mér skilst, að þar sé að minnsta kosti um eina allveigamikla breyt. að ræða, og ég vil leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn., sem upphaflega hafði það til meðferðar í þessari d. Ég tel fulla ástæðu til, að þn. athugi þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv. í Ed.

Forseti (SB): Það er komin fram till. um að vísa frv. til hv. allshn., sem hefur um það fjallað áður, og tel ég eðlilegt, að hún athugi það, án þess að sérstök atkvgr. fari fram um að vísa málinu til n. Ég leyfi mér því að fresta umr. og beini þeim tilmælum til hv. n., að hún taki frv. til athugunar með tilliti til þeirra breyt., sem gerðar hafa verið á því í hv. Ed.

Umr. frestað.
Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Þetta mál mun hafa verið til meðferðar í gær hér á fundi og var frestað og þess óskað, að n., sem hafði það til meðferðar hér áður í d., tæki til athugunar þá breytingu, sem hafði verið gerð á frv. í hv. Ed., þ. e. 4. gr. frv. eins og það nú liggur fyrir. Efni hennar er, að ríkisstj. er heimilt að ganga í ábyrgð fyrir það sveitar- eða bæjarfélag, sem vill koma á hitaveitu hjá sér. Ábyrgðarheimildin má ekki nema hærri upphæð en 85% af kostnaðarverði. Þessi grein kom inn í frv. í Ed. Þegar það var afgr. héðan frá hv. Nd., voru engin ákvæði í þessa átt. Þetta atriði bar á góma hjá okkur í allshn. Nd. á sínum tíma, en n. sá ekki ástæðu til þess þá að flytja brtt. um þetta, bjóst við, að í hvert sinn, ef þeir, sem að slíku mannvirki standa, þættust þurfa á því að halda, mundi verða leitað eftir ábyrgðinni, svo að hægt væri að koma verkinu áfram, ef menn hefðu ekki fjármuni til þess af eigin rammleik. En nú er þetta ákvæði komið inn í frv., og gegnir þá vitaskuld nokkuð öðru máli heldur en á meðan það ekki var.

Viðvíkjandi þessum framkvæmdum ætla ég, að ríkið hafa ábyrgzt lántökur fyrir hlutaðeigandi bæjarfélög, sem hafa komið þessum hitaveitum á hjá sér, og ábyrgðarupphæðin hefur numið 80% af kostnaðarverði mannvirkisins. Hér er nú gert ráð fyrir í 4. gr. frv., að hún megi nema allt að 85%. Það var fundur í allshn. í morgun, en menn voru forfallaðir frá því sumir hverjir að mæta, svo að þá tókst ekki að ganga frá þessu, en ég hef borið mig saman við meiri hluta manna í nefndinni, sem ég hef náð til, og erum við sammála um að leggja til, að breytt verði upphæðinni, sem heimilt er að ábyrgjast, þannig að það megi ábyrgjast allt að 80% af kostnaðarverði. Er það í samræmi við það, sem gert hefur verið t. d. fyrir Ólafsfjörð og Sauðárkrók. Það teljum við, að sé nægilegt. Þess verður að vænta, að hæstv. ríkisstj., sem á að úrskurða um slíkar beiðnir, ef þær kunna að berast henni, hafi gát á því, eftir því sem hægt er, áður en ábyrgð er tekin á láni, sem verja á til þessara framkvæmda, að það fyrirtæki megi teljast fjárhagslega örugt, að það geti staðið við sínar fjárhagslegu skuldbindingar, þegar mannvirkið er framkvæmt. Okkur sýndist ekki rétt, fyrst þetta er nú þarna komið, að fara að nema þetta burt úr frv., en það er gert af okkar hálfu í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma gæti fyllstu varfærni um þetta efni, áður en gengið er í ábyrgð fyrir slíkum lánum. Nefndin leggur þess vegna til, að þessu verði breytt, að í stað „85%“ komi: 80%.

Þá er sjálfsagt að leiðrétta 12. gr. frv. Það stendur nú í frv., að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1953. Það tímatakmark er nú liðið, og á ekki við, að það standi í frv. N. ber einnig fram brtt. um það. Þessum brtt., sem n. ber hér fram, mun ekki hafa verið útbýtt. Þær eru komnar fyrir nokkru í prentun, en ég hef ekki orðið þess var, að þeim hafi verið útbýtt. Þess vegna verð ég nú að leggja þessar brtt. fram skriflega af hálfu nefndarinnar. Tillögurnar eru frá allshn. og hljóða þannig:

„1. Við 4. gr. Fyrir „85%“ komi: 80%.
2. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég mun afhenda hæstv. forseta þessar skriflegu brtt. og óska eftir, að hann leiti afbrigða fyrir þeim, svo að þær megi koma hér til meðferðar.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komnar brtt. frá hv. allshn. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar og þurfa þess vegna tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 571) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. er nú búið að vera alllengi hér til meðferðar fyrir Alþingi og er nú komið á hrakning á milli deildanna út af tiltölulegum smámunum, eins og nú er komið. Ég vil geta þess fyrst, að þegar þetta frv. var lagt fram í fyrstu og undirbúið af félmrn., þá var það allmikið tekið til meðferðar, hvort ætti að setja inn í frv. ábyrgðarheimild eða ekki. Og ég hygg, að ég hafi lýst því hér við 1. umr. málsins, að minnsta kosti í annarri hvorri d., — man ekki, hvort ég hef gert það í báðum deildum, — af hverju það var, að ráðuneytið þá féll frá því að setja þetta inn í frv. Það var af því, að það virtist svo, að það væri ekki komin reynsla á það enn, hvað háa ábyrgð mundi þurfa á hverjum stað eða hvað væri hæfileg ábyrgð af hálfu ríkissjóðs, þegar um svona framkvæmdir væri að ræða. Virtist því ráðuneytinu að ýmsu leyti heppilegra, að Alþingi, — að minnsta kosti fyrst um sinn, af því að hér væri ekki um framkvæmdir að ræða, sem líkindi væru til að væru gerðar mjög víða, — tæki í hvert sinn ákvörðun um það, hvort ábyrgð skyldi veitt og hve mikil hún skyldi verða. Hins vegar tók ég það þá fram, að ég fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því, ef Alþingi sýndist svo að yfirveguðu ráði, að setja slíka ábyrgðarheimild inn í frv.

Nú hefur hv. Ed. hnigið að þessu ráði, og hún miðar við, að ábyrgðarheimildin mætti nema allt að 85% af heildarkostnaði hitaveitunnar á hverjum stað. Það má nú segja, að síðan í haust, er þetta frv. var fyrst lagt fram, hafi fengizt nokkur aukin reynsla um fyrirtæki, sem er verið með hér á landi, þ. e. Sauðárkrókshitaveituna. Nú má segja, að henni sé lokið, og er vitað, hvernig það hefur gengið að koma þeirri framkvæmd á. Það hefur fengizt 80% ábyrgð á lánum til þeirra framkvæmda. Og mér er vel kunnugt um það, og okkur þm. Skagfirðinga báðum, að það hefur gengið erfiðlega að útvega þau 20%, sem umfram ábyrgðarheimild ríkisins var að ræða, til þess að ljúka verkinu. Það hefur gengið erfiðlega, og eitthvað mun vera af lausaskuldum, sem erfitt er að kljást við eins og er og hvíla nú á þessu fyrirtæki, sem vonandi er að taki til starfa nú næstu daga eða svo til, kannske að einhverju leyti þegar komið í framkvæmd. Ég reikna því með því, að í raun og veru sé það ekki um of, ef á að setja slíka heimild inn í lögin eins og hér er, þótt sú ábyrgðarheimild megi nema allt að 85% hæst, þegar um þetta er að ræða. — Ég fyrir mitt leyti ætla ekki að gera það að neinu kappsmáli, hvað samþ. verður í þessu efni. Ég setti mig ekki á móti því, að þetta var sett inn í frv. í Ed., sagði, að ég léti þingið ráða því, ef því sýndist svo, og mun ekki heldur fara að hafa mikil afskipti af því, hvernig þessi deild afgr. málið. En það er annað, sem mér er mjög mikið áhugamál, og það er það, að málið dagi ekki uppi hér á þinginu og að þessi hrakningur þess milli deilda verði ekki til þess. Það þarf einmitt samkv. ákvæðunum í þessum lögum að fara að setja reglugerðir vegna starfrækslu hitaveitna. Og ég tel ástæðulaust, að málið dagi uppi af þessum ástæðum. Ég vildi því leyfa mér að beina því til hv. frsm. allshn., hvort hann vildi nú ekki eða n. hafa samband við n. í hv. Ed. um það, að samkomulag næðist milli n. um afgreiðslu málsins, áður en það yrði afgr. hér í þessari hv. d., því að ef frv. hrekst á milli deilda og fer svo að lokum í sameinað þing, þá er ekki gott að vita, nema það dagi alveg uppi hér á Alþingi, og það þætti mér mjög miður og tel líka alveg ástæðulaust, þegar það er svo lítið, sem nú ber á milli. — Ég vildi aðeins skjóta þessu fram hérna og vildi leyfa mér að spyrja hv. frsm. allshn. um það, hvort hann vildi ekki athuga þetta, og þá mundi ég um leið víkja því til hæstv. forseta að fresta umr. um sinn, meðan þetta væri athugað.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti get ósköp auðveldlega orðið við tilmælum hæstv. forsrh. um það að leita eftir því við hv. allshn. Ed., hvernig hún kann að líta á þessa breyt., sem við leggjum til að gerð verði á frv. Og ég efast ekkert um, að hv. meðnm. mínir mundu fúslega líka vilja verða við þessum tilmælum hæstv. forsrh. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að það geti orðið að ágreiningsefni, og get tekið undir það, sem hæstv. forsrh. segir, að þarna er ekki um svo mikla fjármuni að ræða, að það sé vert að gera slíkt að ágreiningsatriði, sízt af öllu ef það gæti orðið til þess að tefja framgang málsins. Ég fyrir mitt leyti get lýst því yfir af minni hálfu, og ég hygg, að þar megi ég tala fyrir munn hv. meðnm. minna, að við viljum einmitt gjarnan, að þetta mál nái fram að ganga. En þó að samkomulag náist alveg um þetta atriði, þá þarf málið samt sem áður að fara á milli d. Það gerir ákvæði 12. gr. frv. Því þarf að breyta. En vitaskuld getur slíkt ekki orðið til neinnar verulegrar tafar, þótt því verði breytt.

Ég get því lýst því yfir við hæstv. forseta, að honum er óhætt að fresta umræðunni vegna n. í þessari deild.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 536, 571).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það er sakir þess, sem rætt var um þetta mál í gær. Hæstv. forsrh. beindi þeim óskum til allshn., að hún reyndi að kynna sér, hvort Ed. mundi breyta frv. aftur, ef því yrði breytt hér. Því miður get ég nú ekki fullyrt neitt um þetta. Ég hef að vísu átt tal við nokkra menn úr hv. Ed., þ. á m. form. allshn. þar og reyndar fleiri nm., og var einróma álit þeirra, að fyrir þessa breyt. mundi ekki verða hreyft við frv., svo að ég vil mega vænta þess, að þeirra hluta vegna sé óhætt að samþ. þá brtt., sem n. ber hér fram. Annars er það ekkert kappsmál af hálfu n., hvort þarna er 85% eða 80%.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég sætti mig algerlega við þær upplýsingar, sem hv. frsm. allshn. hefur hér skýrt frá, og get því sætt mig við afgreiðslu málsins eins og það liggur fyrir hér að fengnum þessum upplýsingum.

ATKVGR.
Brtt. 571,1 samþ. með 19:1 atkv.
— 571,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., 23. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 582).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað aftur frá Nd., sem gert hefur á því tvær breytingar. Fyrri breyt. er sú, að þar sem við hér samþ. till. frá þm. Barð. um 85% ábyrgðarheimild fyrir ríkissjóð til handa þeim félagsskap, sem vildi koma á hitaveitu, þá var þetta lækkað niður í 80%. Hin breyt. er sú, að þar sem hér stóð ekkert um það, hvenær lögin mundu öðlast gildi, og hefðu þau með eðlilegum hætti öðlazt gildi 6 mánuðum eftir að þau hefðu verið samþ. af ríkisráði, þá var sett inn í Nd. ákvæði um það, að þau öðlist gildi þegar í stað. Það skiptir náttúrlega engu máli, því að framkvæmdir eftir lögunum verða ekki gerðar svo fljótt eftir samþykkt þeirra á Alþingi, að máli skipti, hvort heldur er. — N. hefur ekki haldið fund um þetta, en ég hygg, að hún sé þannig stemmd, að hún vilji ekki fara að láta málið flækjast meira á milli deilda og leggi til, að það verði samþ. óbreytt þrátt fyrir þessar tvær breytingar í Nd. Ég hygg ég megi segja það fyrir hönd nefndarinnar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 595).

---

24. Fjárlög 1953.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1953 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá er fundur settur. Er þegar gengið til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskránni, frv. til fjárl. fyrir árið 1953, 1. mál, þskj. 1, 1. umr. Þessi umræða er útvarpsumræða, eins og venja er til, og talar fyrst hæstv. fjmrh. og síðan fulltrúi frá hverjum hinna þingflokkanna í ½ klst. Þá hefst umr., og tekur til máls hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. alþm. hafa fyrir framan sig aðalreikning ríkissjóðs fyrir árið 1951, og mun ég þess vegna ekki lesa reikninginn, en hins vegar ræða hann nokkuð. Samkv. reikningnum hafa tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi orðið 413 milljónir, en voru áætlaðar 297. Ríkisútgjöldin hafa orðið á rekstrarreikningi 304 milljónir, en voru áætlaðar 261. Rekstrarafgangur hefur orðið 109 milljónir, en var áætlaður tæplega 37 milljónir. Umframgreiðslur gjaldamegin á rekstrarreikningi eru 43½ milljón, en rekstrarafgangur er 72 milljónum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Ég mun nú gera nokkra grein fyrir umframgreiðslunum og ástæðunum fyrir þeim. Eins og menn ef til vill rekur minni til, voru umframgreiðslur á árinu 1950 sama sem engar, eða rúmlega 3 millj. kr. samtals á rekstrarreikningi. Hér hefur því breyting á orðið, sem á sér ýmsar ástæður, er ég mun ræða nánar.

Fyrst er nú það, að í fjárlagafrv. voru launagreiðslur allar og allir liðir, sem launagreiðslur hafa áhrif á, miðaðir við vísitölu 115. Meðalvísitala ársins varð hins vegar 131 stig. Að vísu voru settar 5 millj. kr. á 19. gr. til þess að vega upp þann mismun, en þær 5 milljónir hafa þó hvergi nærri hrokkið til þess, eins og að líkum lætur, og er hækkun vísitölunnar, sem hefur einnig áhrif á mjög marga aðra liði í fjárlögunum, ein aðalástæðan fyrir umframgreiðslunum.

Í öðru lagi fór svo, að í sambandi við Kóreustyrjöldina hækkaði gífurlega verð á aðfluttum vörum á árinu 1951, og hefur það einnig sagt til sín á mörgum útgjaldaliðum.

Í þriðja lagi er þess að geta, að viðhald þjóðvega fór stórkostlega fram úr áætlun, sumpart vegna óhagstæðrar veðráttu og að sumu leyti blátt áfram vegna þess, að ýmsir af þjóðvegunum voru svo illa farnir vegna skorts á viðhaldi á undanförnum árum, að vegamálastjórnin taldi sig verða úr því að bæta á árinu 1951. Fóru til viðhaldsins 6440000 krónum meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þetta hefði vitanlega alls ekki verið hægt að gera og ekki komið til mála að gera, ef ekki hefðu verið ríflegri fjárráð þetta ár en venja er til. Hefur vegamálastjórninni verið tilkynnt það svo greinilega, að ekki verður um villzt, að þótt það væri þolað í fyrra, að slík umframgreiðsla ætti sér stað í vegaviðhaldi, vegna þess, hvernig á stóð um fjármálin, þá verður vegamálastjórnin að takmarka viðhaldseyðsluna við fjárveitinguna á þessu ári og framvegis.

Ég mun þá víkja nánar að einstökum liðum.

Alþingiskostnaður hefur orðið rúmlega 1 millj. kr. hærri en áætlað var, og er þetta að verulegu leyti vegna verðlagsuppbótar og sumpart af því, að aðalþingið 1951 lauk ekki störfum fyrir jól, en þurfti að koma aftur til funda í janúar, og var sá kostnaður að sjálfsögðu færður með þinghaldskostnaði 1951.

10. gr. 1, stjórnarráðskostnaður, hefur farið eina millj. og 700 þús. fram úr áætlun, og er meira en helmingur þeirrar fjárhæðar vegna vísitöluhækkunar. Sumpart stafar umframgreiðslan augljóslega af því, að þessi kostnaður hefur undanfarið verið settur of lágt í fjárlögum miðað við reynsluna.

Dómgæzla og lögreglustjórn á 11. gr. A. hefur

farið 3 millj. og 600 þús. kr. fram úr áætlun. Um 1 millj. og 400 þús. af því eru umframgreiðslur á landhelgisgæzlunni, langmest vegna vísitöluhækkunar, en nokkuð vegna aukinnar landhelgisgæzlu, sem Alþingi ályktaði að skyldi eiga sér stað, eftir að búið var að ganga frá fjárveitingunni. Þá hefur kostnaður við saka- og lögreglumál og setu- og varadómarastörf farið talsvert fram úr áætlun og svo auðvitað allar launagreiðslur á greininni eins og annars staðar.

11. gr. C., kostnaður við innheimtu tolla og skatta, hefur farið 1 millj. 719 þús. kr. fram úr áætlun. Mest er þetta vegna vísitöluhækkunar, en þó hefur kostnaður við skattstofuna í Reykjavík aukizt meira en sem því svarar frá því, sem fjárlögin gerðu ráð fyrir, og er það sumpart vegna mikilla umsvifa við stóreignaskattinn, sem enn þá áttu sér stað á árinu 1951, og sumpart fyrir það, að kostnaður við skattstofuna hefur undanfarið verið settur of lágt í fjárlögin, miðað við reikningana.

Þá eru það heilbrigðismál. Þau hafa farið 2 millj. og 400 þús. kr. fram úr áætlun. Halli ríkisspítalanna hefur aukizt mikið á árinu vegna vísitöluhækkunar og vegna hækkunar á verðlagi. Mestur hefur hallinn orðið á geðveikrahælinu á Kleppi umfram það, sem ráðgert var, og var þar meðal annars um óvenjulegan viðhaldskostnað að ræða eða réttara sagt endurbótakostnað á eldri spítalanum, sem fór fram á árinu. Enn fremur hefur styrkur til berklasjúklinga og til annarra sjúklinga og örkumlamanna farið fram úr áætlun um 560 þús. kr., en það eru algerlega lögboðin gjöld, og verður að greiða þá reikninga, sem koma um þann kostnað.

Ég kem þá að 13. gr. Fyrst er kostnaður við vegamál. Hann hefur farið fram úr áætlun um 7 millj. 478 þús. Viðhaldskostnaður fór fram úr áætlun um 6 millj. 440 þús. af ástæðum, sem ég hef þegar gert grein fyrir. Enn fremur varð umframgreiðsla tæp 1 millj. vegna brúargerða. Hallinn á strandferðunum varð nærri 3 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir. Stafar þetta af stórhækkuðum útgerðarkostnaði á árinu vegna hækkunar á verðlagsuppbót og verðhækkununum miklu á ýmsum rekstrarvörum til skipanna. Það hefði að vísu verið hægt að lækka nokkuð þennan halla með því að hækka flutningsgjöldin með ströndum fram, en það hefur ekki þótt fært að vandlega athuguðu máli að ganga lengra í þá átt en gert hefur verið. Fór því svo um framlögin til strandferða á árinu 1951, að þau urðu ekki í neinu samræmi við það, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, eins og ég var að segja frá áðan.

Kostnaður við kennslumál hefur farið 6 millj. 284 þús. fram úr áætlun. Mest af þessu eru hækkaðar verðlagsuppbætur á laun kennara. Borgar ríkissjóður öllur barnakennurum og öllum gagnfræðaskólakennurum og hluta af rekstrarkostnaði allra barna- og gagnfræðaskóla fyrir utan allan kostnað allra þeirra skóla, sem ríkið rekur sjálft. Hér við bætist svo, að við samanburð á greiddum og áætluðum grunnlaunum kemur í ljós, að fræðslumálastjórnin hefur áætlað of lágt grunnlaunagreiðslu til kennara og skólakostnað, en á hennar áætlun voru byggðar tölurnar, sem í fjárlögin voru settar.

Greiðslur til landbúnaðarins á 16. gr. A. hafa farið 5 millj. 298 þús. kr. fram úr áætlun. Þessar umframgreiðslur eru nær eingöngu vegna þess, að lögboðin gjöld, sem áætluð eru í fjárlögum, hafa farið fram úr áætlun. Jarðræktarframlagið og framlag til skurðagerða hefur orðið 2 millj. 280 þús. hærra en gert var ráð fyrir vegna meiri framkvæmda í jarðrækt en áður, og þá hefur framlagið til sauðfjársjúkdómavarna einnig farið fram úr áætlun um 2 millj. og 900 þús., eða tæpar 3 millj., sem stafar að verulegu leyti af því, að fyrir eindregnar áskoranir var mikið stækkað niðurskurðarsvæðið á árinu 1951 frá því, sem ráðgert hafði verið, þegar fjárlögin voru gerð. Nokkrir hreppar í Rangárvallasýslu voru teknir með til viðbótar því, sem fyrirhugað hafði verið.

Framlag til félagsmála á 17. gr. hefur farið fram úr áætlun um 3 millj. og 500 þús. Aðalfjárhæðin af þessu eru 2 millj. og 800 þús., sem hafa runnið til Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaganna. Í fjárlögunum var Tryggingastofnuninni ætlað að fá 18 millj. 850 þús. Var þetta framlag að vísu nokkuð skorið við nögl, en þó ekki lögskylt að láta meira en í fjárlögin var sett. Þetta framlag var þó látið standa óbreytt á Alþ. með ráði fjvn., en gefið undir fótinn fullkomlega um það, að ef mjög illa horfði um afkomu tryggginganna, þá mundi þetta verða nokkuð bætt upp á árinu 1951. Þegar leið fram á árið, sýndi það sig, að afkoma Tryggingastofnunarinnar var mjög slæm og verri en menn höfðu gert ráð fyrir, og var þá fallizt á að hækka þetta framlag um rúmar 2 millj. kr. En 700 þús. kr. er umframgreiðsla á framlagi til sjúkrasamlaga. Eru það hreinlega lögboðnar greiðslur eftir lögfestum reglum og hafa orðið hærri en fyrir fram var gert ráð fyrir, aðallega vegna vísitöluhækkunarinnar, sem hér hefur einnig áhrif.

18. gr. hefur farið fram úr áætlun um 1 millj. 847 þús., og er það vegna hækkaðrar verðlagsuppbótar alveg eingöngu svo að segja.

Kem ég þá að greiðslum samkvæmt 22. gr. fjárlaga, þ. e. a. s. heimildagreininni, sérstökum lögum eða þingsályktunum, en allar eru þessar greiðslur borgaðar með fullri heimild frá hv. Alþ., en hins vegar ekki færðar á fjárlög. Samkvæmt heimildalögum eru greiddar yfir 2 millj. 282 þús. Eru þessir liðir helztir:

Til kaupa á húsi á Laufásvegi 7 vegna Tónlistarskólans 522100 kr. Var húsið keypt og afhent skólanum leigulaust til afnota honum til styrktar, eins og hv. Alþ. ætlaðist til.

Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík 808 þús. samkv. sérstakri heimild í 22. gr. fjárlaga, en þessi viðgerð öll mun að lokum kosta mikið á aðra millj. kr.

Til þess að grafa sundur malarrif í Þorshöfn 140 þús. kr. Er þetta tilraun, sem ætlar að takast vel.

Þá voru þarna færðir til gjalda ⅔ hlutar af andvirði Silfurtúns, Trésmiðju ríkisins, sem afhent var endurgjaldslaust S. Í. B. S. samkv. ákvörðun hv. Alþ. og átti að koma í stað tveggja ára styrks á fjárlögum, og nema þessir ⅔ hlutar, sem þarna eru færðir til gjalda, 802 þús.

Þá eru greiðslur samkv. sérstökum lögum sam-

tals 2 millj. 795 þús. Stærsta greiðslan er 1½ millj., sem lögð var til raforkusjóðs á árinu umfram það, sem sett var á fjárlögin. Stjórn raforkusjóðs hélt því fram, að sjóðurinn ætti þetta inni hjá ríkissjóði, þar sem aldrei hefði verið uppfyllt til fulls ákvæði laga frá 1946 um framlag til sjóðsins. Við athugun á þessu máli komst fjmrn. að þeirri niðurstöðu, að sjóðsstjórnin hefði rétt fyrir sér, og af því að fjárráð voru nokkur á árinu 1951, var notað tækifærið til þess að greiða þessa fjárhæð til raforkusjóðs.

Þá er þarna kostnaður við varnir gegn gin- og klaufaveiki 184 þús., kostnaður vegna laga um skuldaskilasjóð 440 þús. Aðrar fjárhæðir eru lægri, og tekur því ekki að nefna þær hér nú.

Þá komum við að greiðslum vegna væntanlegra fjáraukalaga, en það eru þær greiðslur, sem ekki eru beinlínis heimilaðar fyrir fram af hv. Alþ., og má því segja, að þær séu þær raunverulegu umframgreiðslur. Samtals eru þessar greiðslur 4 millj. Hér eru tvær fjárhæðir stærstar: Til atvinnuaukningar haustið 1951 1 millj. 367 þús. og kostnaður við fóðurkaup og fóðurflutninga til harðindasvæðanna síðari hluta vetrar og vorið 1951 1 millj. Þá er þarna árgjald til Atlantshafsbandalagsins, 263 þús., sem eiginlega hefði nú fremur átt að færa undir gjöld samkv. lögum eða þingsályktunum, vegna þess að það er skylt að inna það af hendi, af því að við erum í bandalaginu. Enn fremur gamall rekstrarhalli dýpkunarskipsins Grettis, sem óhjákvæmilegt var að hreinsa burt og greiða, ½ millj. Enn fremur nokkrar aðrar smærri fjárhæðir. Ég geri fastlega ráð fyrir, að hv. Alþ. muni líta svo á, að það hafi verið óhjákvæmilegt að leggja fram þessar nefndu fjárhæðir til fóðurflutninga og fóðurkaupa og til atvinnuaukningar, þótt ekki væru til fyrir því beinlínis heimildir, og svo mun einnig vera um aðrar þær smærri fjárhæðir, sem eru á þennan lið færðar.

Til frekara yfirlits um umframgreiðslurnar er hægt að setja upp lista yfir þær helztu, og yrði hann þá þannig: Alþingiskostnaður 1 millj., landhelgisgæzla 1 millj. og 400 þús., vegaviðhald 6 millj. og 400 þús., brúargerðir 1 millj. og 200 þús., strandferðahalli 3 millj., kennslumál 6 millj. 460 þús., jarðræktarframlag 2 millj. 280 þús., sauðfjársjúkdómakostnaður, aðallega fjárskiptakostnaður, 2 millj. og 900 þús., aflatryggingasjóður 400 þús., almannatryggingar 2 millj. og 800 þús., jöfnunarsjóður sveitarfélaga 300 þús., greitt samkv. heimildum á 22. gr. 2 millj. 280 þús., útgjöld samkv. sérstökum lögum 2 millj. 790 þús. og greitt upp á væntanleg fjáraukalög 4 millj., þar af atvinnuaukningarfé 1 millj. 367 þús. og vegna harðindanna rúm milljón.

Þessar helztu umframgreiðslur, sem ég hef gert grein fyrir, nema sem næst 37 millj. og 300 þús., en allar umframgreiðslur á rekstrarreikningi voru 43 millj. og 500 þús. Aðrar umframgreiðslur en þessar, sem ég hef talið, þ. e. mismunurinn, stafa að langmestu leyti af hækkun verðlagsuppbótar og verðlagshækkun.

Ég hef til fróðleiks athugað, hvað umframgreiðslurnar á rekstrarreikningi nema miklu af fjárlagaupphæðinni, og nema þær 16,6%. Ég hef einnig athugað þróun þessara mála áður allt til 1924, og kemur þá í ljós, að þetta eru lægri umframgreiðslur hlutfallslega en oft hafa átt sér stað og langt undir meðallagi. Það var óumflýjanlegt, að verulegar umframgreiðslur yrðu á árinu 1951 vegna hinna öru verðlags- og kaupgjaldsbreytinga, sem urðu eftir að fjárlögin voru samin. Slíkar umframgreiðslur eru óumflýjanlegar, þegar þannig atvikast, og eiga ekkert skylt við það, þegar fé er eytt umfram heimildir.

Kem ég þá að heildarniðurstöðu ársins. Eins og áður segir, var tekjuafgangur á rekstrarreikningi 109 millj. Nú eru innborganir á 20. gr., eignahreyfingar, annað en geymslufé og lántökur, rúmar 10 millj. Þetta verða samtals 119 millj. Er þá að líta á útborgunarhlið 20. gr., eignahreyfingar. Útborganir þær, sem til greina koma í þessu sambandi, þ. e. a. s. fjárfesting og slíkar útborganir, sem undir verður að standa af tekjum ríkissjóðs, nema sem næst 66 millj. og 400 þús. Þess ber þó að geta, að þar eru ekki taldar með 8 millj. og 400 þús. kr., sem lagðar hafa verið út af sérstökum hlaupareikningi í Landsbankanum vegna togaranna 10, sem fyrrverandi ríkisstj. festi kaup á. Samkv. þessu telst mér svo til, að greiðsluafgangur ársins hafi orðið um 52 millj kr., og er það nærri því nákvæmlega sama niðurstaða og áætlað var á s. l. hausti, þegar hv. Alþ. var að fjalla um afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið, sem er að líða, og ráðstöfun væntanlegs greiðsluafgangs á árinu 1951. Þó ber þess að geta, að eins og ég sagði áðan, þá eru ekki taldar til gjalda þessar 8 millj. og 400 þús., sem lagðar hafa verið út af sérstökum reikningi í Landsbankanum vegna togaranna 10.

Ég sagði áðan, að greiðslur til fjárfestingar og aðrar útborganir af ríkistekjum, sem færðar eru á 20. gr., næmu samtals 66 millj. Þetta eru afborganir af föstum lánum ríkisins og aðrir fjárlagaliðir, eins og sést á reikningsyfirlitinu. Enn fremur nokkrir aðrir liðir, sem ástæða er til að skýra frá, og eru þessir helztir þar á meðal:

Til byggingar nýs varðskips eru greiddar 5 millj. 570 þús., en fjárveitingin á 20. gr. var 2 millj. 750 þús. kr. Varð að greiða á árinu 1951 það, sem eftir var ógreitt af andvirði varðskipsins, og reyndist það 3 millj. kr. meira en veitt var í fjárlögunum, en þá er þess líka að geta, að 2 millj. og 400 þús. eru veittar til varðskipsins á fjárlögum yfirstandandi árs, og kemur það þá upp í þessar 3 millj., sem umfram eru á árinu 1951, þ. e. a. s., sú fjárveiting verður þá vitanlega ekki notuð. Það jafnar sig upp.

Þá er aukið rekstrarfé ríkisfyrirtækja um 4 millj. rúmlega. Það eru ýmsar ríkisstofnanir, sem hafa ekki getað komizt af án þess að fá dálitið aukið rekstrarfé, þar sem umsetning hefur vaxið vegna hækkunar á kaupgjaldi og verðlagi.

Enn fremur ber að gera sérstaka grein fyrir í þessu sambandi 5 millj. kr., sem lánaðar voru til bænda á harðindasvæðunum á Austur- og Norðausturlandi samkv. sérstakri heimild í fjárlögum yfirstandandi árs, en áttu að veitast af tekjum ríkissjóðs á árinu 1951, eins og gert er ráð fyrir í heimildinni.

Loks ber að nefna lán til atvinnuaukningar samkv. þál. frá 23. jan. 1952. Heimilt var að lána **4 millj. til atvinnuaukningar, og nemur sá hluti**

lánanna, sem færður er á árið 1951, 1 millj. 975 þús.

Með lögum nr. 14 1952 ákvað hv. Alþ., hversu verja skyldi 38 millj. af væntanlegum greiðsluafgangi, og átti að verja honum þannig: Lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði 15 millj. Lána byggingarsjóði verkamanna 4 millj. Lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum 4 millj. Lána til byggingar smáíbúða 4 millj. Kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands fyrir 3 millj. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar höfðu verið byggðir, 5 millj. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar höfðu verið framkvæmdar, 2 millj. Og loks að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands 1 millj. Hefur þessu fé nú yfirleitt fyrir alllöngu verið ráðstafað á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögunum. Framlag til iðnaðarbanka er þó geymt, þar sem lögin um stofnun hans eru enn þá ekki komin til framkvæmda, en koma víst alveg næstu daga. Fé það, sem Búnaðarbankinn átti að fá, fékk hann fyrir áramót s. l. vetur, og voru lánveitingar úr Ræktunar- og Byggingarsjóði á árinu 1951 að mestu byggðar á þessu lánsfjárframlagi ríkissjóðs. Þær 12 millj. kr., sem áttu að fara til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, hafa verið borgaðar út, eftir því sem á hefur þurft að halda og úthlutun lána hefur miðað áfram, og hafa þær lánveitingar komið sér mjög vel, svo sem kunnugt er. Það er sannast mála, að ef ekki hefði tekizt að halda þannig á málum, að ríkissjóður hefði verulegan greiðsluafgang 1951, hefði orðið hér alger stöðvun á lánveitingum til landbúnaðarins og enga lánsfjárúrlausn hefði verið hægt að veita til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Skuldir ríkissjóðs í árslok 1951 námu 450 millj. rúmlega. Af þessum skuldum eru nær 94 millj. alþjóðabankalán og Marshalllán, sem tekin eru árið 1951 og lánuð út aftur og aðrir eiga alveg að standa straum af. Ef við drögum þessa skuldaaukningu vegna annarra frá, þá verða skuldirnar 357 millj., eða nærri því nákvæmlega jafnháar og árið áður, en þá voru þær 356 millj. Hins vegar höfðu verið lagðar til hliðar 38 millj. af greiðsluafganginum, og reikningslegur sjóður var þar að auki 18 millj. í árslokin og hafði vaxið um 10 millj. kr. Í skuldunum er að sjálfsögðu talið allt það fé, sem ríkissjóður hefur til geymslu. Þar á meðal eru taldar til skulda 17 millj. og 700 þús. kr., sem ríkissjóður hefur tekið á móti á þessu ári, þ. e. a. s. á árinu 1951, af stóreignaskattinum. Af þessari fjárhæð eru tæpar 12 millj. í skuldabréfum, sem ríkissjóður geymir og afhendir aftur upp í þetta geymslufé. Raunverulega hafa því skuldir ríkissjóðs lækkað á árinu um sem allra næst 11 millj. kr.

Eins og raunar er eðlilegt, þá hafa menn oft talsverðar áhyggjur út af miklum opinberum gjöldum, og það er mikið um það rætt, hvort ekki mundi hægt að spara verulega í opinberum rekstri. Stundum heyrast raunar um þetta alleinkennilegar fullyrðingar, og það er ástæða til að víkja nokkru nánar að þessu.

Ég vil nú fyrst í þessu sambandi minna á, að núverandi ríkisstj. hefur gert ýmsar ráðstafanir til sparnaðar í ríkisrekstrinum, og eru þessar helztar: Grunnlaunauppbót, sem greidd var, þegar stjórnin tók við, var lækkuð úr 20% í 10—17%. Starfstími á flestum opinberum skrifstofum var nokkuð lengdur. Leitazt hefur verið við að draga úr eftirvinnu með sífelldum áminningum til forstöðumanna um að spara eftirvinnu. Verðlagsuppbót og grunnlaunauppbót hefur ekki verið greidd að fullu á ýmis aukalaun og nefndalaun. Dagpeningar hafa verið lækkaðir í ferðalögum. Settar hafa verið nýjar reglur um greiðslu bifreiðakostnaðar. Lögð hafa verið niður ýmis störf og embætti og fækkað um að minnsta kosti 40 manns við eftirlit með innflutningi og vörudreifingu. Lagt var niður sendiráð í Moskva, sem kostaði um 1 millj. kr. Lagður var niður taprekstur á áætlunarbifreiðum. Í samvinnu við þingmeirihluta þann, sem stjórnin styðst við, hefur verið komið á betri vinnubrögðum á Alþ. og við undirbúning hv. Alþ. og þinghaldið þannig verið stytt og sparað verulega í fjármunum með því. Þá er nú verið að vinna að því að koma á aukinni vélavinnu við skattlagningu og tollheimtu. Er búizt við sparnaði af þeim ráðstöfunum, þótt ekki hafi þótt fært að gera ráð fyrir honum á næsta ári, þar sem það tekur langan tíma að koma á hinu nýja fyrirkomulagi til fulls og nokkur stofnkostnaður er því einnig samfara.

Fjmrn. hefur leitazt við að veita aðhald um þessi mál, svo sem það frekast hefur getað, og hvatt til aukins sparnaðar, en vald þess yfir útgjöldum ríkisins er mjög takmarkað. Beindi ég því eindregið til samstarfsmanna minna í ríkisstj. á s. l. vori, áður en farið var að undirbúa tillögur til fjárlaga fyrir árið 1953, að vandlega yrði farið í gegnum starfræksluna með það fyrir augum að standa gegn útþenslu í ríkisrekstrinum og koma við sparnaði þar, sem slíks væri nokkur kostur. Efast ég ekki um, að samstarfsmenn mínir í ríkisstj. hafi tekið þessi mál til ýtarlegrar meðferðar. Ég þykist mega treysta því, að þeir muni ekki hafa gert tillögur um meiri kostnað við þær starfsgreinar, sem þeir stýra, en þeir telja minnst vera hægt að komast af með. Hefur þó orðið að synja um að taka í fjárlfrv. nokkrar hækkanir á starfrækslukostnaði, sem farið hefur verið fram á, og yfirleitt ekki teknar til greina tillögur um fjölgun starfsmanna. Hef ég þá haft í huga, að heppilegt væri, ef sú regla gæti komizt á, að starfsmönnum væri ekki fjölgað, nema Alþingi gegnum fjvn. vildi taka upp fjárveitingu til þess á fjárl. Á síðustu tveim árum hafa verið gerðar margvíslegar aðrar ráðstafanir til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, þótt ekki verði þær hér taldar. Sannleikurinn er einnig sá, að þegar ríkisútgjöldin nú eru borin saman við það, sem þau voru fyrir gengisbreytinguna, t. d. 1949, þá eru þau raunverulega lægri en þau voru þá, og það einnig þótt tillit sé tekið til þess, að nú er minna greitt til dýrtíðarmála beint en þá var, meðan útflutningsuppbætur voru greiddar.

Ég vil koma ofur lítið nánar að þessu um ríkisútgjöldin og hvort fært mundi vera að lækka þau verulega. Það er auðvitað hægt að lækka ríkisútgjöldin. Þau eru að vísu flest lögboðin, beint eða óbeint, eða afleiðing laga, sem Alþingi

hefur samþ., en vitaskuld er hægt að breyta lögum, ef menn vilja og telja það réttmætt. Þar er sem sé hægt að lækka ríkisútgjöldin, en ekki svo að um muni, nema með því að draga úr þeirri þjónustu eða þeim hlunnindum, sem ríkið veitir þegnunum.

Ef við lítum yfir fjárlögin, og það þarf ekki að taka langan tíma, þá blasir þetta nokkuð augljóslega við. Við skulum í fyrstu umferð sleppa kostnaði við æðstu stjórn ríkisins, stjórnarráðið, utanríkismálin og hagstofuna. Þetta eru þeir liðir, sem kalla má stjórnarkostnað í þrengstu merkingu þess orðs og sífellt er talað um að sé of hár. Og enginn mundi að sjálfsögðu sjá eftir því, þótt hann væri lækkaður, en öll afgreiðsla gæti farið fram eftir sem áður, og kem ég að því síðar.

Við byrjum þá á dómgæzlu og lögreglustjórn. Ég miða þennan samanburð við fjárlagafrv., en frv. sjálft að öðru leyti mun ég ræða síðar. Kostnaður við þessa starfrækslu er áætlaður í fjárlagafrv. 25 millj. Þar af er kostnaður við landhelgisgæzlu langsamlega stærsti liðurinn, eða 10 millj. og 800 þús., þá er lögreglukostnaður, og loks eru svo embættislaun sýslumanna og laun til aðstoðarmanna þeirra. Hvernig ætti nú að lækka þessa grein fjárlaga, svo að um munar? Ætti þá að draga úr landhelgisgæzlunni? Slíkt er auðvitað með öllu óhugsanlegt, eins og nú standa sakir. Ætti þá að fækka lögreglumönnum? Því vil ég ekki svara öðru en því, að það eru uppi háværar kröfur um að auka lögreglueftirlit úti um allt land og það því miður ekki að ástæðulausu. Þá er álagning og innheimta skatta og tolla. Áætlaður kostnaður er 9 millj. og 600 þús. kr. Nú hefur verið unnið að því að endurskoða alla þessa starfrækslu og athuga, hvort hægt væri með vélanotkun að komast af með færra fólk, eins og ég minntist á áðan, og er einhver von til þess, að einhverju dálitlu megi áorka í því sambandi. Sá liður er því fullkomlega í athugun, og ræði ég hann ekki nánar hér.

Þá koma heilbrigðismálin. Til þeirra er áætlað 27 millj. og 500 þús. Hér er fyrst og fremst um að ræða læknalaunin, hallann á sjúkrahúsum ríkisins, framlögin til berklaveikra, geðveikra og þeirra, sem hafa langvarandi sjúkdóma, og svo nokkur framlög til nýrra sjúkraskýla og sjúkrahúsa. Hvað ætti nú að lækka á þessari grein? Ætti að fækka læknum, lækka framlög til berklaveikra eða þeirra, sem hafa aðra langvarandi sjúkdóma, eða geðveikra, eða draga saman enn byggingarframlög til sjúkrahúsa, sem yfirleitt eru þó talin allt of lág? Til marks um, hvernig ríkisútgjöldin til heilbrigðismála hafa tilhneigingu til að vaxa, en ekki minnka, má einmitt nefna, að nú er verið að koma upp nýjum heilbrigðisstofnunum, og þá þarf að hefja rekstur þeirra með ærnum kostnaði. Má nefna fávitahælið í Kópavogi í þessu sambandi, sem nú kemur í fyrsta sinn á fjárlagafrv. með rekstrarkostnað, nýju deildina á Kleppi, sem kom í fyrsta sinn á fjárlög 1952, og það eru margar nýjar stofnanir einmitt í heilbrigðismálum að koma til sögunnar, sem auka útgjöld ríkis og bæjar.

Þá komum við að vegamálum og brúamálum. Um þau þarf ekki að tala langt mál í þessu sambandi. Við þekkjum, hvaða ásókn er í að fá þau framlög hækkuð stórkostlega, og allir vitum við, hvað sagt er um vegaviðhaldið, sem áætlað er núna um 18 millj. og 400 þús., sennilega allt of lágt, að því ógleymdu, að hv. Alþingi bætti aðeins 970 km við þjóðvegina á síðasta þingi.

Til samgangna á sjó eru áætlaðar 6 millj. Þennan kostnað er víst ekki hægt að lækka, nema með því að fella niður eitthvað af strandferðarekstrinum eða hækka flutningsgjöldin með ströndum fram.

Um vitamál og hafnargerðir gildir nokkurn veginn alveg það sama og um vegina.

Til kirkjumála er ætluð nokkur fjárhæð, ekki sérlega stór samanborið við annað. Stjórnin ætlaði nýlega að hafa forustu um að leggja niður 10 prestaköll, sem ekki höfðu fengizt prestar í um alllangan tíma, og var það lögfest til bráðabirgða, en hv. Alþingi tók það mál til rækilegrar meðferðar og setti þessi prestaköll flest í lög aftur og bætti nokkrum nýjum við.

Þá eru það kennslumálin. Til þeirra eru áætlaðar 56 millj. kr., eða hvorki meira né minna en 15,9% af rekstrarútgjöldum fjárlaganna. Þessi kostnaður hækkar auðvitað ár frá ári vegna þess, að alltaf fjölgar börnum í barnaskólum og unglingum í gagnfræðaskólum og kennurum í hlutfalli við það, svo að ekki sé talað um aðra útþenslu. Kostnaður við þá skóla, sem ríkið rekur sjálft, fer vaxandi. Þetta eru allt saman framhaldsskólar, svo sem menntaskólar og háskólinn. Fleiri og fleiri leita sér framhaldsmenntunar, og þá vex allur kostnaður við þá skóla. Þá eru sérskólar, svo sem stýrimannaskólinn og vélstjóraskólinn og fleiri, þar sem þarf að bæta við nýjum kennslugreinum vegna aukinnar tækni, af því að það þarf að læra um tæknileg efni, og fjöldi nemendanna eykst. Langstærsti liðurinn á kennslugreininni er framlag til barnafræðslunnar og framlag til gagnfræðamenntunarinnar. Þessir liðir vaxa ár frá ári, eins og ég sagði áðan. Mönnum ofbýður þessi kostnaður við fræðslukerfið, og margir tala um, að það ætti að breyta til, en það er minna um raunhæfar tillögur í þá átt, hvernig skuli breyta til og hvernig skuli koma á sparnaði. Á að fækka kennurum og þá ætlast til meiri vinnu af hverjum? Á að leggja niður eitthvað af skólum og þá hvaða skóla? Hvað er það yfirleitt, sem menn vilja láta gera til þess að koma á sparnaði í fræðslumálum frá því, sem núgildandi lög ákveða? Það er spurningin.

Næsti stóri liðurinn í fjárlögunum er til landbúnaðarmála, og er ætluð í því skyni 41 millj. Langstærstu liðirnir hér eru jarðræktarframlag, sem að meðtöldu fé til framræslunnar nemur 10 millj., og svo til sauðfjárveikivarna, aðallega til fjárskiptanna, sem nemur rúml. 16 millj. kr.

Til sjávarútvegsmála eru veittar rúml. 5 millj., en þar að auki eru að vísu allstórfelld framlög til sjávarútvegsmála í ábyrgðargreiðslum ríkisins.

Til raforkumála eru veittar 5 millj. og 400 þús., og við vitum svona hér um bil, hvernig sú fjárupphæð er talin mæta þörfinni, eða hitt þó heldur.

Komum við þá að miklum útgjaldalið, sem eru

félagsmál á 17. gr. Til þeirra eru veittar 44 millj. og 700 þús. Þar er aðallega um að ræða framlag til Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga, eða samtals til þessa rúml. 35 millj. Þessi framlög er auðvitað ekki hægt að lækka, nema *með því að hækka á móti iðgjöld einstaklinganna* til trygginganna og sjúkrasamlaganna eða þá með því að lækka hlunnindin, sem menn fá frá sjúkrasamlögunum og almannatryggingunum.

Til dýrtíðarráðstafana eru áætlaðar 28 millj. Kemur þá spurningin: Er ekki hægt að lækka þennan lið? Þessari fjárhæð er aðallega varið til að gera landbúnaðarvörur ódýrari á innlendum markaði og til þess að greiða niður smjörlíki. Ég læt þeirri spurningu ósvarað eins og flestum öðrum, sem ég hef spurt í þessu sambandi, af því að ég geri þessa yfirferð um fjárlögin til þess eins, að menn fái sem gleggsta mynd af því, hvaða spurningar rísa og hvaða viðfangsefni mæta mönnum, þegar um er að ræða hugsanlega lækkun ríkisútgjalda.

Ég hljóp áðan yfir kostnaðinn við æðstu stjórn landsins, stjórnarráðið, utanríkismálin og hagstofuna, þ. e. a. s. kostnaðinn við stjórn landsins í þrengstu merkingu, en ég kem nú að honum. Til þessa kostnaðar eru veittar á fjárlagafrv. rúml. 16 millj. kr., eða 4.57% af útgjöldum á rekstrarreikningi. Á þessu sjáum við, að þótt eitthvað væri hægt að spara í þessum kostnaði, þá hefði það sáralitil áhrif á heildarupphæð fjárlaganna eða skatta- og tollabyrði landsmanna. Samt sem áður er sjálfsagt að leggja sig allan fram um, að hinn beini kostnaður við stjórn landsins og starfrækslu sé sem allra minnstur, því að það hefur ekki aðeins fjárhagslega þýðingu, að svo sé, heldur einnig siðferðislega þýðingu, að ekki sé þar bruðlað eða farið óhæfilega með fé.

Þessi greinargerð um útgjöld ríkissjóðs, þótt ekki sé ýtarlegri, sýnir það alveg svart á hvítu, svo að ekki verður um deilt, að allt tal um það, að hægt sé að lækka ríkisútgjöldin um marga milljónatugi með því að fella niður það, sem kalla mætti óþarfa kostnaðarliði í starfrækslu ríkisins, er alveg út í bláinn.

Það er ekki hægt að lækka ríkisútgjöldin, svo að neinu verulegu nemi, nema með því að gerbreyta löggjöfinni, bæði félagsmálalöggjöfinni, fræðslumálalöggjöfinni og þeirri löggjöf, sem fjallar um stuðning við atvinnuvegi landsins, eða með því að draga saman eða fella niður að verulegu leyti þá þjónustu, sem ríkisvaldið hefur veitt og veitir þegnunum með löggæzlu, samgöngum o. fl. og svo að segja hvert einasta mannsbarn í landinu gerir kröfur til.

Satt að segja hygg ég þannig ástatt um þessi mál, að það mundi lítill ávinningur að því verða fyrir almenning í landinu, ef út í það væri farið að gera stórfelldar ráðstafanir til að draga úr útgjöldum ríkisins á þann hátt, sem slíkt yrði að framkvæmast, og það jafnvel þótt því gætu fylgt einhverjar lítils háttar lækkanir á sköttum eða tollum.

Það er oft talað í heldur óvirðulegum tón um vinnubrögð í opinberum stofnunum, og það er því miður víða pottur brotinn á þeim bæ og margt, sem þyrfti að lagfæra. Hins vegar er ekki heldur rétt að leyna því, og það má vel segja það, að það er sums staðar unnið vel á vegum ríkisins og miklu afkastað með fáu starfsfólki. Sums staðar hafa hlaðizt að ný verkefni á síðari árum, t. d. á sumar deildir stjórnarráðsins, þar sem verkefni hafa margfaldazt, og hefur mannahald ekki verið aukið í neinu hlutfalli við hin auknu verkefni. Sumir virðast halda, að ekkert aðhald sé til í ríkisrekstrinum og hægt sé að þenja hann út eins og hverjum forstöðumanni sýnist, jafnvel í smærri starfsgreinum. Sem betur fer er þessu ekki þannig farið, heldur er þvert á móti lögð í það mikil vinna að veita aðhald og standa gegn því, að starfsmannafjölgun eigi sér stað, þar sem hún sýnist ekki tvímælalaust óumflýjanleg, en þótt þetta sé rétt, og ég segi það hér til að vara menn við of þungum sleggjudómum um ríkisstarfræksluna, — þá vil ég ekki draga dul á það, að verkstjórn í opinberum skrifstofum yfirleitt þyrfti að batna mjög frá því, sem er, og aðhald þyrfti enn að aukast. Meðal annars þess vegna hef ég tekið það ráð að synja yfirleitt um að taka upp fjölgun starfsmanna í fjárlagafrv. og tel rétt, að þau mál komi fyrir fjvn. og Alþingi.

Sumir virðast halda, að útgjöld ríkisins séu hér tiltölulega hærri en annars staðar. Ég hef látið athuga lítillega, hvað ríkistekjurnar hér samkv. fjárlögum ársins 1952 mundu vera mikill hluti af þjóðartekjunum, og er talið, að þær muni vera um 17.2% af þjóðartekjunum. Athugun á hliðstæðum liðum í Noregi sýnir, að í ár muni ríkistekjur Norðmanna nema um 19.1% af þjóðartekjunum og í Svíþjóð um 18.1% af þjóðartekjunum. Þessar tölur benda til þess, að þótt mönnum þyki há ríkisútgjöldin á Íslandi og mikið tekið í skatta og tolla, þá sé það sízt meira hér tiltölulega en í þessum tveimur nágrannalöndum.

Ég mun þá næst fara fáeinum orðum um afkomuna út á við. Mönnum blöskrar, hve óhagstæður vöruskiptajöfnuðurinn er, og eiga máske erfitt með að átta sig á því, hvernig viðskiptin hafa fengið staðizt svo óhagstæð á verzlunarskýrslunum. Lítum fyrst á afkomuna 1951, miðað við fob-tölur, það er gleggra. Útflutningurinn er þá 726 millj., en innflutningurinn 808 millj. Vöruskiptajöfnuðurinn varð því óhagstæður um rúmlega 82 millj. Hallinn á duldu greiðslunum varð 53 millj. Greiðslujöfnuðurinn hefði því orðið óhagstæður á því ári um 134 millj., ef ekkert hefði fleira komið til, en á þessu ári, árinu 1951, skeði það, að við fengum Marshallfé, sem nam 147 millj. kr., og erlent lánsfé var flutt inn eða notað á árinu, sem nam 31 millj. Þetta tvennt nemur því 177 millj. kr. Niðurstaðan af greiðsluviðskiptum ársins varð því sú, að innkominn gjaldeyrir varð 43 millj. kr. meiri en útlátinn gjaldeyrir, og jukust því innstæður bankanna á þessu ári um 14½ millj. Og fyrirframgreiðslur upp í skip og vélar og ýmis þess konar viðskipti námu 28 millj. Gjaldeyrisaðstaðan út á við batnaði því allverulega á árinu 1951, þó að verzlunarjöfnuðurinn í verzlunarskýrslunum væri óhagstæður um 197 millj. kr., þegar reiknað er með cif.-verði, eins og gert er þar.

Á þessu sjáum við, að það þarf að vita um

fleira en útflutninginn og innflutninginn, ef menn ætla að sjá, hvernig horfir um greiðsluafkomuna út á við.

Það var alveg augljóst fyrir fram, að það hlaut að verða stórkostlegur halli á vöruskiptajöfnuðinum, bæði á árinu 1951 og eins á yfirstandandi ári, og veldur því tvennt: mikið Marshallfé, sem öllu er varið til innkaupa, sumpart til vélakaupa og sumpart til neyzluvörukaupa, og verulegur innflutningur á lánsfé, sem varið er til að kaupa fyrir vélar og efni til framkvæmda.

Á þessu ári verður einnig mikill halli á vöruskiptareikningnum og hlaut að verða mikill halli á honum, vegna þess að enn þá á þessu ári notum við Marshallfé og allmikið lánsfé. Við erum t. d. á þessu ári að flytja inn vélar til fyrirtækjanna þriggja fyrir lánsfé og byggingarefni til landbúnaðarins fyrir lánsfé.

Það er of snemmt að spá um endanlega gjaldeyrisafkomu þessa árs. Ef við hefðum fengið ofur lítið meira af síld en raun varð á, hefði gjaldeyrisafkoman sennilega orðið góð og ekkert lakari en í fyrra, þótt halli á vöruskiptaverzluninni væri mikill. Nú verður afkoman út á við sjálfsagt verri en í fyrra, aðallega vegna þess að síldin brást að þessu sinni, og verður vitanlega af því stórfellt tjón og lífskjararýrnun fyrir þjóðina í heild. Það veldur líka miklum erfiðleikum, að við verðum að selja meira af fiski til vöruskiptalandanna, clearing-landanna, þar sem erfitt er að fá frá þessum löndum hentugar vörur á móti. Getur því vel farið svo, að á sama tíma sem við eigum örðugt með yfirfærslur í frjálsum gjaldeyri, þá eignumst við allmiklar innstæður í clearing-gjaldeyri.

Þótt erfiðleikar hafi verið með yfirfærslur um skeið og í bili hallað undan fæti vegna þess, hvernig fór um síldveiðina, þá er engin ástæða til að örvænta um afkomuna út á við, ef okkur tekst að halda fjármálum okkar inn á við og framleiðslumálum í sæmilegu lagi. Þótt menn hafi nú neyðzt til þess að binda kaup á ýmsum þýðingarmiklum vörum í bili við clearing-löndin, til þess þannig að reyna að fá borgið þeim útflutningsviðskiptum, er við þurfum að geta átt við þau, þá skyldi enginn halda, að slíkar ráðstafanir séu vottur þess, að stjórnin hafi horfið frá stefnu sinni í viðskipta- og fjárhagsmálum og stefni að því að innleiða á ný innflutningshöftin, sem aflétt var.

Þegar íhuguð er afkoma þjóðarinnar út á við, þá er rétt að minnast þess, að á árinu 1951 og nú í ár hefur verið komið upp sæmilegum verzlunarbirgðum af margvíslegum nauðsynjavörum, sem ekki voru til áður, og nemur verðmæti vörubirgðaaukningarinnar áreiðanlega yfir 100 millj. kr. Sýnir það enn, að afkoman út á við hefur verið allt önnur en niðurstöðutölur verzlunarskýrslnanna gefa hugmynd um.

Um erlendar lántökur okkar á þessu tímabili ræði ég nánar í öðru sambandi síðar.

Ég gat þess í fyrra á hv. Alþingi, einmitt við hliðstætt tækifæri, að sennilega mundum við á árinu 1951 nota um 100 millj. af Marshallfé til kaupa á venjulegum vörum, þ. e. a. s. öðrum vörum en fjárfestingarvörum. Eftir sams konar athugun nú fyrir þetta ár sýnist nærri lagi að áætla, að við munum nú á þessu ári nota um 40 millj. af Marshallfé til kaupa á venjulegum varningi. Sýnir þessi breyting frá í fyrra, 100 millj. og 40 millj., að meira af neyzluvörum í ár verði keypt fyrir eigin aflafé en áður, og stefnir það í rétta átt, enda verður líka svo að vera, því að við getum ekki gert ráð fyrir því að kaupa framvegis neyzluvörur fyrir Marshallfé.

Því hefur verið haldið fram, að aukið verzlunarfrelsi hafi lamað mjög iðnað landsmanna og minnkað atvinnuna. Við höfðum búið við höft í meira en 20 ár, og iðnaðurinn hafði mjög vaxið á því tímabili. Auðvitað varð ekki hjá því komizt, að aukið verzlunarfrelsi ylli nokkurri röskun á iðnaði, sem í 20 ár hafði búið við innflutningshöft. Þetta skilja allir skynsamir og sanngjarnir menn. Hið nýja verzlunarfyrirkomulag reynir að ýmsu leyti meira á iðnaðinn en haftabúskapurinn. En það vitum við, að áreynslan gerir menn sterka og dugmikla, ef þeim er ekki ofboðið. Það er gleðilegt að sjá, hve vel iðnaðurinn yfirleitt stenzt þá þolraun, sem aukið verzlunarfrelsi hlaut að verða fyrir hann, en að þeirri þolraun hlaut að koma hér eins og í öðrum löndum, þar sem alls staðar er nú keppt að frjálsari viðskiptum. Ég er sannfærður um, að sú breyting, sem orðið hefur á verzlunarháttunum, verður iðnaðinum til góðs, ef rétt er að farið. Það er nú löngu úrelt orðið að ræða um það, hvort iðnaður eigi rétt á sér á Íslandi. Hvernig ætlum við að breyta auðæfum þeim, sem við eigum í óbeizlaðri orku, í þjóðartekjur öðruvísi en gegnum iðnaðinn?

Það er talað um tómlæti í iðnaðarmálum. En hvað erum við að gera? Það er varið á þremur árum 400 millj. til þess að byggja tvö orkuver, sem eru undirstaða iðnaðar, og eitt iðjuver, áburðarverksmiðjuna, sem er hið langstærsta, sem við höfum komið á fót, og getur orðið upphaf að margvíslegri nýrri iðnaðarframleiðslu. Við höfum í undirbúningi annað geysistórt iðjuver, sementsverksmiðjuna, sem á að verða næsta stórframkvæmd hér á landi. Og svo er talað um tómlæti í iðnaðarmálum.

Ég sagði áðan, að áreynslan gerði menn sterka og dugmikla, ef þeim væri ekki ofboðið, og þetta mun einnig geta átt við iðnaðinn. Það, sem nú á að gera og er verið að gera, er að endurskoða afstöðu iðnaðarins í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengizt, og athuga, hvort einstökum iðngreinum kunni að vera í einhverju ofboðið, gera síðan þær breyt. á löggjöf og framkvæmdaháttum, sem nauðsynlegar dæmast, til þess að heilbrigður iðnaður fái aðstæður til að njóta sín svo sem staðhættir leyfa.

Þegar búið er að virkja Sog og Laxá þessu sinni, mun búið að beizla 1—2% af þeirri orku, sem í fallvötnunum býr. Þetta gefur hugmynd um möguleikana og sýnir, hvað þjóðin á undir því, hvernig tekst að byggja upp iðnaðinn, ekki aðeins iðnað fyrir heimamarkað, heldur einnig útflutningsiðnað. Það er hollt að hafa í huga, að þessi stórfelldi orkuauður nýtist aldrei til hlítar nema í gegnum samkeppnisfæran útflutningsiðnað.

Þá vildi ég næst minnast hér nokkrum orðum á fjárfestinguna og útvegun fjár til hennar. Verklegar framkvæmdir hafa verið mjög miklar á

undanförnum árum. Hvarvetna blasa við óunnin verkefni og ónotuð náttúruauðæfi, og þess vegna er eðlilegt, að við sækjum fast á um framkvæmdirnar. Hins vegar er það fjármagn mjög takmarkað, sem við höfum til ráðstöfunar innanlands. Við höfum leitað út fyrir landsteinana eftir lánsfé, og er það fullkomlega heilbrigt og eðlilegt, þegar um er að ræða arðbær fyrirtæki, sem annaðhvort spara innflutning eða auka útflutning. Það er mín skoðun, að við eigum að notfæra okkur þá lánsmöguleika, sem fyrir hendi kunna að vera erlendis, og að engin hætta sé samfara því að gera slíkt, ef við verjum fénu skynsamlega.

Á síðastliðnu ári komumst við í samband við Alþjóðabankann, en hann hefur milligöngu um mest af þeim milliríkjalánum, sem veitt eru. Var samið um lántökur við bankann, sem námu samtals 75 millj. kr. Er það lán til Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðju og svo landbúnaðarlán. Er verið að flytja þetta lánsfé inn nú á þessu ári til afnota fyrir þessar framkvæmdir, eins og ég gat um áðan.

Einhver mundi kannske segja, að allmikið væri nú komið af erlendum lánum og að menn mættu nú fara að hafa gát á, hvort rétt væri eða óhætt að halda áfram að taka erlend lán. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp, að skuldir okkar erlendis eru enn sem komið er tiltölulega litlar. Munu þær nema sem allra næst 240 millj. ísl. króna. Ársgreiðslur af þessum lánum, þegar þær eru fallnar á með fullum þunga, munu nema tæpum 20 millj. ísl. króna á ári, þegar þær eru þyngstar. Ef við berum þessar tölur saman við útflutningsverðmætið eins og það er nú orðið á síðari árum, þá sjáum við, að útflutningurinn 1951 nam ca. 720 millj. Allar greiðslur af lánunum, þegar þau eru þyngst, mundu því vera 2,5% af þessum útflutningi. Það er því ekki hægt að segja, að þau lán, sem Íslendingar hafa enn þá tekið, hvíli þungt á eða muni gera það á næstunni. Það er því tvímælalaust rétt fyrir okkur að halda áfram að taka lán til arðbærra framkvæmda, að svo miklu leyti sem við getum fengið þau. Hins vegar verðum við að skilja, að það eru takmörk fyrir því, sem 150 þúsund manns geta fengið að láni, og við verðum ekki síður að hafa það í huga, að við getum ekki byggt fjárfestingu okkar eða framkvæmdir að öllu leyti á erlendum lánum. Við getum ekki búizt við að fá erlend lán, sem nemi öllum stofnkostnaði þeirra fyrirtækja, sem við ætlum að leggja í, bæði kostnaðinum við kaup á tækjum og efni og eins vinnulaunum og öðrum innlendum kostnaði. Hér stöndum við því frammi fyrir stórkostlegu vandamáli. Hvernig eigum við að afla innanlands þess fjármagns, sem við þurfum að leggja fram til framkvæmda á móti því fé, sem við kunnum að geta fengið til einstakra framkvæmda erlendis, og til þeirra framkvæmda hér, sem við getum ekki fengið lán til erlendis?

Í framsöguræðu minni fyrir fjárl. í fyrra benti ég hv. Alþingi á þetta vandamál allrækilega. Ég benti á, hve sparnaðurinn er lítill í landinu, hve lítið safnast fyrir af sparifé og hve erfitt er þar af leiðandi að fá lán innanlands. Ég benti á, að framkvæmdamálin mundu komast í fullkomna sjálfheldu, sem þýddi kyrrstöðu og atvinnuleysi, ef við gætum ekki komið því til vegar, að meira safnaðist fyrir innanlands en nú af fjármagni, sem hægt væri að lána eða leggja í framkvæmdir. Þetta efni hefur einnig mjög borið á góma í þeim viðræðum, sem farið hafa fram við Alþjóðabankann, eins og að líkum lætur. Þar hefur verið rætt um það, hvernig standa ætti undir innlendum kostnaði við þau fyrirtæki, sem bankinn lánar til, en sá banki lánar aldrei nema fyrir aðkeyptu efni og vélum. Hefur þá einnig talið borizt að þeim fyrirtækjum, sem ekki hafa enn verið veitt lán til, en eru í undirbúningi. Hefur komið í ljós, að saman fer álit ríkisstj. og Alþjóðabankans um það, að nauðsyn beri til að gera hér ný átök til fjársöfnunar innanlands, til þess fyrst og fremst að standa undir innlendum kostnaði við fjárfestinguna. Auðvitað varðar mestu í því sambandi, að varanlegt jafnvægi verði í peningamálum, þannig að menn þori að geyma fé sitt í innstæðum, skuldabréfum og þess háttar verðmætum. En þarna kemur þó einnig annað til, og það er að koma á sem öruggastri forustu í fjársöfnunarmálum til fjárfestingarinnar.

Það er engin stofnun til í landinu, sem sérstaklega er það hlutverk ætlað að hafa forgöngu um að safna fjármunum innanlands, sem hægt væri að binda til langs tíma, og þar með forustu um fjáröflunarhlið fjárfestingarmála. Ríkisstj. hefur sannfærzt um, að ástæða er til að gera nýtt átak í þessu efni. Ástæða er til að koma hér á fót fjárfestingarstofnun eða fjárfestingarbanka, sem fengi það hlutverk að afla fjár og miðla fé til fjárfestingarstarfseminnar. Mundi það þá verða hlutverk þeirrar stofnunar að hafa milligöngu, eftir því sem hægt væri, um lántökur erlendis till fjárfestingarmála og lána það fé aftur út hér innanlands, enn fremur að hafa forustu um fjáröflun innanlands í sama skyni með skuldabréfaútgáfu, ef til vill hlutabréfaútgáfu í einstök fyrirtæki og á allan þann hátt annan, sem reynslan sýnir heppilegast og framkvæmanlegt. Það væri eðlilegt, að þessi stofnun fengi sem starfsfé og stofnfé skuldabréf fyrir því fjármagni, sem lánað hefur verið út hér innanlands úr mótvirðissjóði, og sem mest af fé mótvirðissjóðs yfirleitt.

Sennilega mundi nú einhver vilja spyrja: Er ekki hægt að gera þetta án þess að setja upp nýja stofnun?

Hér er um svo þýðingarmikið og sérstætt hlutverk að ræða, að það er ekki hægt að blanda því saman við önnur verk. Og það er ekki hægt að fela það nokkurri stofnun, svo að vel fari, sem fyrir er. Það samrýmist ekki öðrum verkefnum Landsbankans t. d., að hann taki að sér þessa forustu um fjáröflun til fjárfestingarmálanna eða til að safna fé, sem hægt er að binda til langs tíma. Um það munu allir sammála, sem þessum málum eru kunnugir. Þessi stofnun gæti orðið mjög ódýr í starfrækslu. Það er hægt að koma því þannig fyrir, að Landsbankinn t. d. annaðist fyrir hana allar afgreiðslur og öll slík venjuleg störf. Hinn nýi kostnaður yrði þá aðeins við þau verk, sem beinlínis lúta að því að afla nýrra fjármuna og ákvarða um lánveitingar, og ætti að geta verið alveg hverfandi, enda alveg óumflýj-

anlegt að leggja í slíkan kostnað við fjársöfnun til framkvæmda innanlands og utan.

Ríkisstj. gerir sér vonir um að geta lagt fyrir þetta Alþingi frv. um að koma á fót fjárfestingarbanka eða fjárfestingarstofnun, í þeirri von, að sú ráðstöfun geti komið að verulegu gagni, og er það þá meðal annars haft í huga, að þessi stofnun eða banki gæti í framtíðinni haft viðskipti við Alþjóðabankann, og þannig kæmi þá leið erlent fjármagn til aðkallandi framkvæmda á móti því fé, sem safnað væri saman innanlands.

Ég minntist á það áðan, að skuldabréf fyrir lánum úr mótvirðissjóði mundu verða stofnfé í þessum banka eða stofnun og sem mest af fé mótvirðissjóðs, og er þá rétt að taka fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að í frv. stjórnarinnar mundi verða ákvæði um, að helming af því fé bæri að lána í þágu landbúnaðarins í samræmi við það, sem hv. Alþingi hefur þegar ályktað.

Þá vil ég segja aðeins örfá orð um nokkur þeirra verkefna í fjárfestingarmálum, sem næst liggja. Við verðum að koma í höfn stóru fyrirtækjunum þremur, Sogsvirkjuninni, Laxárvirkjuninni og áburðarverksmiðjunni. Er þar enn þá eftir mikið átak. Þá þarf að útvega fjármagn til Búnaðarbankans, svo að hægt sé að veita áfram landbúnaðarlán eins og gert hefur verið síðustu 3 árin, útvega með einhverju móti fé, svo að hægt sé að lána út á smáíbúðir í kauptúnum og kaupstöðum, og fé til sementsverksmiðjunnar. Á þessu ári var slakað á fjárfestingareftirlitinu og raunar gefnar frjálsar byggingar smáíbúða. Þetta hefur orðið til þess, að fjöldi manna er að brjótast í að koma sér upp slíkum íbúðum. Skortur á lánsfjármagni er nú svo tilfinnanlegur, að bygging slíkra smábygginga, er menn sjá um sjálfir og vinna mjög að sjálfir með sínu liði, sýnist að svo stöddu vera eina framkvæmanlega leiðin til þess að bæta eða a. m. k. líklegasta leiðin til að bæta nokkuð sem um munar úr húsnæðisskortinum. Margir hafa nú lagt út í þessar byggingar, en því miður ekki verið hægt að veita nema tiltölulega fáum lán, og verður því að afla með einhverju móti fjármagns, svo að þessi byggingarstarfsemi geti haldið áfram.

Um landbúnaðarmálin er það að segja, að reynt verður að sjálfsögðu að fá nýtt landbúnaðarlán í Alþjóðabankanum, og vafalaust tekst að fá slíkt lán aftur og við vonum oftar en einu sinni, en það er ekki alveg víst, hvort mögulegt verður að fá nýtt lán þar nógu snemma til þess að mæta lánaþörfinni strax og það lán er búið, sem nú er verið að nota. Það er auðvitað ágætt, ef það tekst að fá slíkt lán nógu snemma, en takist það ekki, þá verðum við samt að reyna að finna einhver ráð til þess að afla fjár til landbúnaðarlánanna. Það getur orðið erfitt verkefni að útvega þessa peninga, en nauðsynin er svo aðkallandi, að við verðum að finna einhverjar leiðir. Ræði ég það ekki nánar á þessu stigi.

Það gildir um þessa fjárfestingarstarfsemi eins og alla aðra í landinu, og það er mönnum hollt að hafa sífellt í huga, að fjármagn er ekki hægt að fá, eins og nú horfir hér, nema annaðhvort erlendis eða með því, að þjóðin taki af árstekjum sínum fé til framkvæmdanna. Þegar svo frjáls sparnaður er sáralítill, er auðskilið mál, að það getur orðið erfitt að finna fé innanlands til þess að halda bráðnauðsynlegum framkvæmdum áfram.

Þá er það sementsverksmiðjan, en hún er það stórfyrirtæki, sem öll ríkisstj. er sammála um, að komi næst á eftir þeim, sem nú er verið að byggja. Hún sýnist mjög gott fyrirtæki, sem mundi kosta um 84 millj. kr., og yrði þá um helmingurinn erlendur kostnaður og hinn helmingurinn innlendur kostnaður. Við höfum staðið og stöndum í sambandi við Alþjóðabankann um þetta mál, og Alþjóðabankinn hefur látið athuga gaumgæfilega áætlanir um verksmiðjuna og sérstaklega kynnt sér fyrirhugaðar aðferðir til að ná hráefninu úr Faxaflóa. Er það trú okkar, að takast muni að útvega erlendis lán fyrir hinum erlenda kostnaði við fyrirtækið, og er þá að finna leiðir til þess að útvega fé fyrir innlenda kostnaðinum.

Þá mundi ég fyrir mitt leyti segja, að í raforkumálum væri næsta verkefnið að byggja orkuver fyrir þau héruð, sem ekki hafa enn þá fengið neina úrlausn þeirra mála, en hafa álitleg skilyrði.

Mönnum verður tíðhugsað til mótvirðissjóðsins í sambandi við fjáröflun til framkvæmda. Það er auðskilið mál, að við getum ekki ráðstafað til framkvæmda meira fjármagni úr mótvirðissjóði en inn í hann kemur á hverjum tíma, nema með því að hafa ráð á sérstökum gjaldeyrisforða til þess að mæta slíkum útlánum úr sjóðnum. Þörfin á fé til þess að ljúka hinum þremur stóru fyrirtækjum, Sogs- og Laxárvirkjun og áburðarverksmiðjunni, er svo mikil, að engar horfur eru á því, að allt það fjármagn verði úr mótvirðissjóðnum tekið á þeim tíma, sem á því þarf að halda, nema erlent fé komi til þess að vega þar á móti. Veldur því meðal annars, hve stofnkostnaður fer mjög fram úr áætlun. Verðum við því enn þá að leita eftir erlendu fjármagni til þessara þriggja fyrirtækja til viðbótar því, sem komið er.

Ég vil minna á það í sambandi við umræður um lántökur og fjárfestingu, að fyrir hefur legið frá Alþingi heimild til að taka allt að 25 millj. kr. að láni til greiðslu á eftirstöðvum, ef svo mætti að orði kveða um svo háa fjárhæð, af andvirði þeirra 10 togara, sem samið var um byggingu á árið 1948. Eins og hv. alþm. ef til vill rekur minni til, þá var það upplýst, þegar þessi lántökuheimild var samþ., að til þess að hægt væri að halda áfram byggingu skipanna, yrði að fá fé með bráðabirgðalánum í Bretlandi, en ætlunin væri að greiða þau aftur af láni, sem tekið yrði til lengri tíma. Nú er þá sögu að segja af þessu, að með öllu hefur reynzt ókleift að útvega slíkt lán. Vegna gjaldeyriserfiðleika hafa Bretar gersamlega fyrir það tekið, að erlendar lántökur færu fram þar í landi og þá ekki heldur þessi. Annars staðar hefur ekki heldur verið unnt að fá þetta lán. Hefur því svo farið, að við höfum orðið að borga bráðabirgðalánin í Bretlandi jafnóðum og þau hafa gjaldfallið, og er nú langt komið greiðslu á þeim. Hefur Landsbankinn lagt þetta fé út fyrir ríkisstj. og sérstök

skuld safnazt þar á árinu 1951 og nú á þessu ári, sem greiðslum þessum nemur. Hafa þessar yfirfærslur vegna togarakaupanna haft mjög slæm áhrif á gjaldeyrisverzlunina, eins og að líkum lætur. Við höfum ekki átt annars úrkostar en greiða þetta af gjaldeyristekjunum.

Samkvæmt fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eru öll ríkisútgjöldin, bæði á rekstrarreikningi og á 20. gr., áætluð 392 millj. kr., 12900000 kr. hærri en á fjárlögum yfirstandandi árs. Nemur þessi hækkun um 3,4%. Er þetta minnsta hækkun, sem orðið hefur á fjárlagafrv. frá næsta frv. á undan síðan fyrir stríð, sú langminnsta, að undanskildu frv. til fjárlaga fyrir árið 1950, en það var lægra en fyrir árið á undan. Þetta segir sína sögu.

Tekjurnar eru samtals áætlaðar á þessu frv. 392900000 kr. eða 10800000 kr. hærri en á fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárlfrv. er lagt fram með 550 þús. kr. greiðsluafgangi, og má því raunar segja, að tekjur og gjöld standist á í frv.

Í frv. er reiknað með kaupgjaldsvísitölu 155. Undanfarna mánuði hefur vísitalan lítið breytzt. Hins vegar var það vitað, að hún hlyti að hækka eitthvað nú í haust, þegar til greina kæmi hækkun sú á landbúnaðarafurðum, sem koma skyldi eftir á til jafnvægis við kaupgjaldshækkanir þær, sem orðið hafa síðan í ágústmánuði 1951. En hækkanirnar á landbúnaðarafurðunum í haust eru til samræmis við þessar hækkanir. Í marzmánuði s. l., þ. e. fyrir 6 mánuðum, var framfærsluvísitalan 156 stig, en kaupgjaldsvísitalan 148. 1. sept. var framfærsluvísitalan 160 stig, og núna í október hækkar hún upp í 162, og er það enn vegna nokkurrar hækkunar á landbúnaðarafurðum í einstökum liðum, en á móti kemur aftur lækkun á kartöflum. Vísitalan er sem sagt núna 162 stig. Samt sem áður er augljóst, að eftir hækkunina á landbúnaðarafurðunum er kaupgjaldsvísitalan fyrir neðan 155 stig. Öll verðlagsþróunin sýnist bera merki þess, að gera megi ráð fyrir, að reiknað sé með nægilega hárri vísitölu í frv., ef ekki verður með nýjum ráðstöfunum sett af stað ný dýrtíðarskrúfa. Breytingar hafa nú verið gerðar á landbúnaðarverðlaginu til samræmis þeim kauphækkunum, sem áður eru komnar. Því ætti að mega búast við, að nú færu í hönd tímar stöðugra verðlags en áður, svo framarlega sem ekki verða gerðar neinar nýjar ráðstafanir innanlands, sem raska því, eða óvænt verðhækkunaralda rís erlendis, en nú um sinn hefur verðlag erlendis verið fremur lækkandi. Láta mun nærri, að kaupgjaldsliðir fjárl. hækki frá 7—10% vegna aukinna verðlagsuppbóta, miðað við áætlun fjárlaganna í ár annars vegar og þessa fjárlfrv. hins vegar. Er það því auðséð, að hækkanir á kaupgjaldinu og á öðrum greiðslum, sem miðaðar eru við vísitölu, valda aðallega hækkun fjárlagafrv. Heildarhækkunin á fjárlfrv. mun þó minni en hækkunin, sem stafar af vísitölubreytingu, og veldur þar um, að nokkrir liðir í fjárlfrv. eru lækkaðir frá í fyrra, og kem ég að því síðar.

Ég vil þá víkja fáeinum orðum að einstökum liðum.

Fyrsta greinin, sem gefur tilefni til athugasemda, er 11. gr. A., dómgæzla og lögreglustjórn. Þessi grein hækkar samtals um 2800000 kr. Þar af er hækkun á landhelgisgæzlu 1100000 kr. Er um sjálfan gæzlukostnaðinn farið eftir till. þeirra, sem fyrir landhelgisgæzlunni ráða. Er þarna ekki gert ráð fyrir meiri gæzlu en verið hefur, að vísu dálítið meiri fluggæzlu, en nokkru minni bátagæzlu, og munar því mest hér um hækkun á kaupgjaldi við landhelgisgæzluna. Þá er á þessari grein aukinn lögreglukostnaður um 805 þús. kr., og er það að vísu mikið vegna vísitöluhækkunar, en einnig er nokkur hækkun á lögreglukostnaði á Keflavíkurflugvelli vegna fjölgunar á lögregluliði þar, sem þótti óhjákvæmileg.

Þá eru það heilbrigðismálin á 12. gr. Sú grein hækkar um 2567000 kr. Þannig stendur á þessari hækkun, að daggjöld á sjúkrahúsum hafa verið hækkuð mjög verulega frá því að síðustu fjárlög voru samin. Auk þess hefur fjölgað mjög þeim sjúklingum, sem liggja á kostnað ríkisins. Þessi fjölgun er einkum vegna þess, að nú er komin til framkvæmda sú ákvörðun, að ellisjúkdómar ýmsir séu taldir styrkhæfir, en þeir voru ekki taldir það áður. Af þessum tveimur ástæðum hækka fjárveitingar til berklasjúklinga og ríkisframfærslu sjúkra manna um 4500000 kr. Á móti vegur svo til lækkunar, að rekstrarhalli sjúkrahúsa ríkisins er ráðgerður minni en áður vegna hærri daggjalda, og nemur lækkun rekstrarhallans á sjúkrahúsunum 2200000 kr. Bein hækkun á heilbrigðismálakostnaðinum verður því 2200000 kr.

Þá er það 13. gr. Framlög til nýrra vega eru á frv. 8100000 kr., og er það um 10% lægra en endanlega var ákveðið í fjárlögum yfirstandandi árs. Hins vegar er þessi fjárveiting nokkru hærri en lagt var til í stjórnarfrv. í fyrra. Sama er að segja um framlag til brúargerða. Til vegaviðhaldsins eru veittar í frv. 18400000 kr., og er það 1 millj. meira en í gildandi fjárlögum. Það skal tekið fram, hv. þingmönnum til umhugsunar, að vegamálastjóri hefur lagt til, að til viðhalds þjóðveganna verði veittar 25 millj. kr., ekki 18.4, heldur 25 millj. kr., og færir hann til þær ástæður, að ekki sé hægt að halda þjóðvegunum í góðu ásigkomulagi með þeirri fjárveitingu, sem nú er. Enn fremur bendir hann á, að á síðasta Alþingi hafi verið bætt inn á vegalögin nýjum þjóðvegum, sem séu 970 km að lengd, eins og ég gat um áður í þessari framsöguræðu, og bendir vegamálastjóri á, að hér sé um að ræða 15.6% lengingu allra þjóðveganna og að flestir þessara vegakafla, sem settir voru í þjóðvegatölu í fyrra, séu mjög ófullkomnir og viðhaldsfrekir. Segir hann enn fremur, að hlutfallsleg aukning viðhaldsfjárins vegna þessara nýlögfestu þjóðvega ætti að vera röskar 3 millj. kr. Hins vegar þótti ekki fært að taka í fjárlagafrv. hærri upphæð en 18.4 millj., eins og áður segir. Er hér um stórfellt vandamál að ræða, og verður að taka það til íhugunar hér á hv. Alþingi í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, hvort þessi fjárhæð þurfi endilega að hækka eða ekki og þá hvernig eigi að mæta því. Liðurinn til samgangna á sjó á 13. gr. hækkar um rúml. 1 millj., og er hér aðallega um að ræða rekstrarhalla strandferðaskipanna vegna kaupgjaldshækkunar eða réttara sagt vísitölu-

hækkunar og að sumu leyti leiðréttingu. Fjárveiting til strandferðanna á þessu ári er sem sé of lágt sett, og það var vitað, að hún var of lágt sett, þegar gengið var frá málinu, þar sem flutningsgjöld með ströndum fram voru ekki hækkuð svo mikið, að hallinn gæti færzt niður í það, sem núgildandi fjárlög gera ráð fyrir. En hallinn nú á fjárlagafrv. er miðaður við flutningsgjöldin eins og þau nú eru.

Framlög til nýrra hafnargerða eru 10% lægri en á gildandi fjárlögum, en þó nokkru hærri en þau voru á fjárlagafrv. í fyrra, þegar það var lagt fyrir þingið.

Þá eru það kennslumálin. Sú grein fjárlaganna hækkar mest. Hækkunin er 5141000. Kemur þar til fyrst og fremst hækkun á launagreiðslum vegna vísitöluuppbótar, en hér kemur einnig fleira til. Það fjölgar nemendum í flestum framhaldsskólum, sem ríkið rekur, t. d. menntaskólunum báðum, sjómannaskólanum og vélskólanum, eins og ég benti á áðan. Við það verður að auka kennaraliðið. Þá bætast við kennarar í gagnfræðaskólunum vegna aukins nemendafjölda þar. Þannig er hækkun á grunnlaunum í gagnfræðaskólunum um 70 þús. kr. og hækkaður rekstrarkostnaður gagnfræðaskóla, einkum vegna unglingadeilda, sem verið er að koma upp víðs vegar um land eftir nýju fræðslulöggjöfinni. Loks fjölgar á hverju ári í barnaskólunum, og það þýðir, að kennurum fjölgar árlega. Mér telst svo til, að barnakennaralaun hækki nú um 1 millj. á ári vegna fjölgunar í barnaskólunum. Nú eru teknar á fjárlög 340 þús. kr. til rekstrar menntaskóla á Laugarvatni. Þess ber að geta í því sambandi, að á móti lækkar kostnaður við gagnfræðaskólann þar um 173 þús., þar sem menntaskólakennslan hefur farið fram í gagnfræðaskólanum áður og kennarar frá gagnfræðaskólanum verða færðir á milli skólanna. Hreinn kostnaðarauki við rekstur menntaskólans verður því 167 þús.

Þá er það 16. gr. A., framlög til landbúnaðarins. Þar er gert ráð fyrir 2 millj. og 300 þús. kr. hækkun. Er það aðallega vegna áætlaðrar hækkunar á jarðræktarframlagi, er nemur 1800000 kr., þar sem gert er ráð fyrir enn meiri jarðræktarframkvæmdum en í gildandi fjárlögum, og er þá stuðzt við reynsluna í ár. Farið hefur verið fram á stóraukin framlög til skógræktar. Hefur ekki þótt fært að sinna því svo sem skyldi eins og ýmsu öðru. Augljóst er þó af vexti erlendra trjátegunda, er hér hafa gróðursettar verið, að nytjaskógur getur vel vaxið á Íslandi. Er þá spurningin sú, hve mikið fjármagn og vinnuafl menn telja fært að leggja til skógræktarinnar. Það fé festist um langan tíma, en skilar vafalaust örugglega tekjum síðar í verðmiklum skógarafurðum. Er settur inn nýr 300 þús. kr. liður til plöntuuppeldis, og á það að sýna viðleitni til að greikka sporið í þessu mikla velferðarmáli framtíðarinnar.

Framlög til félagsmála á 17. gr. hækka um 3600000 kr. Af þessari hækkun eru 3165000 kr. hækkun á framlögum vegna almannatrygginga, 2100000 kr. til Tryggingastofnunar ríkisins, og 1 millj. kr. er hækkun vegna sjúkrasamlaga. Aukið framlag til Tryggingastofnunar ríkisins stafar eingöngu af því, að reikna verður með hærri vísitölu en áður, en aukin framlög til sjúkrasamlaganna stafa bæði af þessu og einnig af því, að enn eru að bætast við ný sjúkrasamlög og fjölgar í þeim, sem fyrir eru.

Þá er ástæða til að minnast á 19. gr., til óvissra útgjalda, því að á henni voru veittar í fyrra 25 millj. vegna dýrtíðargreiðslna, og 3½ millj. voru þar veittar vegna þess, að vísitalan var of lágt reiknuð á einstökum liðum fjárlaganna þá. Nú eru þessar 3½ millj. felldar niður, en framlag til dýrtíðargreiðslna er hækkað um 3 millj., upp í 28 millj. Þessi hækkun um 3 millj. á dýrtíðargreiðslum er óhjákvæmileg, ef halda á áfram sömu niðurgreiðslum og nú eiga sér stað. Stafar hækkunin frá í fyrra af því, að niðurgreiðsla á smjöri var talsvert aukin á þessu ári.

Á móti þeim hækkunum á fjárlagafrv., sem ég hef nefnt, og öðrum kemur helzt til lækkunar, að fjárveitingar á 20. gr. lækka um tæpar 7 millj. Eru þessar breytingar helztar: Afborganir lækka um 3 millj. Framlag til hlutabréfakaupa í áburðarverksmiðjunni lækkar um 1½ millj. Framlag til þess að greiða varðskipið Þór, 2400000, fellur niður, þar sem skipið er að fullu greitt. Framlag til byggingar þjóðminjasafns, 200 þús. kr., fellur einnig niður, þar sem stofnkostnaður hefur nú einnig allur verið greiddur. Framlag til kaupa á radartækjum í strandferðaskipin, 320 þús. kr., fellur niður og sömuleiðis framlag til kaupa á vatnsréttindum h/f Titans, 1570000 kr., sem þegar hefur verið greitt til fulls. En til hækkunar á 20. gr. er helzt: Til byggingar á menntaskóla í Reykjavík 1300000 kr., til byggingar skólastjóraíbúðar menntaskólans á Laugarvatni 250 þús. kr. og loks til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurlandi ½ millj. Undirbúningi að byggingu menntaskólahúss í Reykjavík er nú svo langt komið, að hægt ætti að vera að hefjast handa á næsta ári, og verður ekki lengur dregið að veita fé til byggingarinnar svo sem húsnæði skólans er háttað. Ætti að vera hægt að byrja á næsta ári með þessari fjárhæð, að viðbættu því, sem skólinn á geymt af fyrri fjárveitingum.

Á núgildandi fjárlögum er ekki veitt fé til atvinnubóta beinlínis, en með sérstakri þáltill. var heimilað að leggja fram 4 millj. kr. til atvinnuaukningar, þar sem brýn þörf væri fyrir sérstakar ráðstafanir í því efni. Á þessu fjárlagafrv. er ekki fremur en á gildandi fjárlögum atvinnubótaframlag sérstakt. Þannig er sem sé ástatt um þau mál, að annars vegar starfar nú sérstök nefnd að athugun þeirra, og hefur hún ekki enn lokið störfum, en lýkur þeim senn, og á hinn bóginn eru væntanlegar verulegar framkvæmdir á vegum varnarliðsins. Ákvörðun um þessi mál verður því tímabært að taka, þegar frekari upplýsingar liggja fyrir en enn þá eru fyrir hendi.

Eins og áður var fram tekið, eru ríkistekjurnar áætlaðar 11800000 kr. hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs. Við ýtarlega athugun þótti fært að gera þessa hækkun á áætluninni, og er þar aðallega um að ræða hækkun á tekju- og eignarskattinum um 7 millj. kr. Eru tekjuliðirnir allir á þessu frv. að sjálfsögðu miðaðir við þá skatta- og tollalöggjöf, sem í gildi er, þegar það er

lagt fram. Ef breyting verður gerð á tekjulöggjöfinni fyrir næsta fjárhagsár, verður að sjálfsögðu að gera tilsvarandi breytingar á fjárlagafrv. og mæta þeim áhrifum, sem slíkt kynni að hafa á niðurstöður þess. Með þessari tekjuáætlun sýnist þó alveg teflt á tæpasta vaðið, miðað við reynslu þess árs, sem nú er að líða. Þó sést þetta enn þá betur bráðum, og verður þá að sjálfsögðu endurskoðað í samvinnu við hv. fjvn.

Niðurstaða þessarar greinargerðar um fjárlagafrv. verður því sú, að gert er ráð fyrir, að núverandi tekjulöggjöf óbreytt geti staðið undir þeim gjöldum, sem ráðgerð eru í frv. nú. En telji hv. Alþingi rétt eða nauðsynlegt að veita meira fé til útgjalda ríkisins á árinu 1953 en hér er gert ráð fyrir, þá verður að gera annaðhvort, miðað við horfurnar í dag, að lækka einhver útgjöld ríkisins frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv., eða afla tekna á móti hækkununum. En frá því getur ekki orðið hvikað að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Mér er það vel ljóst, að það er ekki vandalaust verk að afgreiða hallalaus fjárlög fyrir næsta ár. Það er svo margt, sem þyrfti að vera hægt að gera og gera fljótt, og það er svo margt, sem hefði þurft að geta verið á þessu fjárlagafrv., sem ekki er þar. Samt má afgreiðsla fjárlaganna ekki mistakast. Menn verða að horfast í augu við það, að ríkið getur ekki greitt meira eins og nú stendur en tekjur þess hrökkva til að borga. Það hefnir sín, ef út af er brugðið. Margir bera kvíðboga fyrir afgreiðslu fjármála á Alþingi á síðasta þingi fyrir kosningar, og þeir, sem ætíð eru reiðubúnir til að bíta í hæl Alþingis, hafa þegar komið fram með hrakspár sínar um upplausn og ábyrgðarleysi, er einkenna muni þingstörfin nú í vetur. Mér virðist, að það ætti að geta verið okkur þm. metnaðarmál, hvar í flokki sem við stöndum, að gera þessar hrakspár ómerkar. Rétt er okkur að hafa það í huga, að okkur ber að gæta virðingar Alþingis og við berum þunga ábyrgð í því tilliti. En virðingu Alþingis mun verða bezt borgið með því, að Alþingi missi ekki tök á afgreiðslu fjárhagsmála, þótt kosningar séu framundan. Gott er og að hafa það í huga, að hugsandi menn munu tæpast temja sér að meta landsmálastefnu eða stjórnmálaflokka eða einstaka þingmenn fyrst og fremst eftir því, hvaða till. gerðar eru á síðasta þingi fyrir kosningar, heldur fremur eftir annarri reynslu af þm. og flokkum, sem þeir fylgja, og þeirri stefnu, sem barizt er fyrir. Það er einnig reynsla fyrir því, að íslenzkir kjósendur hafa stundum kunnað að meta það, að staðið hefur verið gegn óeðlilegum yfirboðum, og ætti sú reynsla að styrkja hinn ráðandi meiri hluta á Alþingi á hverjum tíma í þeirri viðleitni að sýna fulla ábyrgðartilfinningu við afgreiðslu mála, jafnt í lok kjörtímabils og í upphafi þess.

Hv. þm. muna, að samkvæmt ályktun Alþingis var í fyrravetur skipuð milliþinganefnd til að endurskoða skattalöggjöfina og löggjöf um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga. Þetta er stórfellt verkefni. Er mér kunnugt, að nefndin hefur þegar unnið mikið starf, en ekki skilað af sér enn þá, enda slíks ekki von, jafnviðamikið og verkið er. Ýmsu er þörf að breyta í skattalöggjöfinni. Þörf er á að hækka persónufrádrátt, taka tillit til þess, að í raun réttri vinna hjón sameiginlega fyrir vinnutekjum heimilis, breyta skattlagningu félaga, m. a. til þess að ýta undir, að menn gangi saman í stærri félög til þess að leysa stór verkefni, svo að dæmi séu nefnd um tekju- og eignarskattslögin. Þessi atriði og fleiri eru þannig vaxin, að þau verða ekki leyst eitt og eitt í einu. Það hefur Alþingi verið ljóst og því stofnað til heildarendurskoðunar ekki aðeins á lögum um skatta til ríkisins, heldur einnig á löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Er ekki heldur vanþörf á að tengja saman athugun á beinum sköttum til ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar, útsvörunum. Láta mun nærri, að ríkið taki nú með beinum sköttum 50 millj. á ári, en bæjar- og sveitarfélög 150 millj. með útsvörum. Það er mikill vandi á höndum um afgreiðslu slíkra stórmála sem þessara, og hlýtur hún fyrst og fremst að velta á því, hvort samstæður meiri hluti getur myndazt um þau á Alþingi. Á því veltur allt, bæði hversu hröð afgreiðslan getur orðið og hverjar breytingar verða á löggjöfinni.

Um afkomu ríkissjóðs á því ári, sem nú er að líða, get ég ekkert fullyrt nú, en ég geri mér þó enn þá vonir um, að þrátt fyrir áföll ýmiss konar og sum stórfelld verði afkoman svipuð og fjárlögin gera ráð fyrir og greiðslujöfnuður náist. Ef allt væri með felldu, væri hægt að sjá þetta nú alveg með vissu, má segja. En nú hefur alger síldarbrestur þau áhrif á viðskiptalífið, að mikil óvissa ríkir og opinberar tekjur rýrna síðari hluta ársins frá því, sem gera hefði mátt ráð fyrir. Þess vegna verður nú ekkert fullyrt um afkomuna í ár enn þá, en ég mun láta hv. fjvn. fylgjast með jafnóðum, ekki sízt í sambandi við undirbúning endanlegrar áætlunar um tekjuhlið fjárlaganna.

Þegar núverandi stjórn tók við, var þjóðin að lamast í fjárhags- og atvinnulegu tilliti. Þegar stjórnin tók við, borgaði sig ekki að framleiða neitt á Íslandi. Framleiðslan dróst því óðfluga saman. Gífurlegur greiðsluhalli var á ríkisbúskapnum. Þjóðartekjurnar fóru lækkandi, og atvinnuleysisvofan beið á næsta leiti. Verzlunarástandið var óþolandi og beinlínis auðmýkjandi fyrir þjóðina. Fjölmargar nauðsynjavörur voru seldar með uppsprengdu verði á svörtum markaði, og það þurfti oft að knékrjúpa þeim, sem vald höfðu yfir verzluninni, til þess að fá helztu nauðsynjar, þótt menn hefðu fjárráð til þess að kaupa þær. Núverandi ríkisstj. hefur miðað ráðstafanir sínar við að reyna að ráða bót á þessu óheillaástandi, fyrst og fremst með því að bæta aðstöðu framleiðslunnar og auka þannig þjóðartekjurnar, halda uppi atvinnunni, koma jöfnuði á ríkisbúskapinn og þar með auknu fjárhagslegu jafnvægi í landinu, gera með því mögulegt að auka frelsi í viðskiptum og bæta nokkuð úr því ófremdarástandi, sem ríkti í verzlunarmálunum. Gengislækkunin var fyrsta sporið, sem stigið var, og alveg óhjákvæmileg orðin, enda verið játað af flestum, jafnvel þeim, sem ekki höfðu kjark til þess að taka þátt í nauðsynlegum bjargráðum, en völdu þann kost að gera hróp að þeim, sem gengu undir vandann.

Núverandi stjórn hefur nú starfað hátt á þriðja ár. Lítum aðeins yfir þetta tímabil. Við margvíslega og óvenjulega erfiðleika hefur verið að etja. Öll þessi þrjú ár hafa verið síldarleysisár og þó allra verst nú það síðasta. Hefur nú keyrt svo um þverbak, að bræðslusíldarafli 177 skipa var álíka mikill og eitt hinna betri veiðiskipa aflaði á einu sumri á síldarárunum fyrir 7 árum. Óvenjuleg harðindi hafa gengið yfir norður- og austurhluta landsins, og hefur það dregið úr framleiðslunni og valdið gífurlegu tjóni. Þá hafa menn á þessu tímabili orðið að taka á sig skelfilegar búsifjar vegna sauðfjárskiptanna. Loks ber þess að geta, sem máske hefur þó mestum búsifjum valdið, að viðskiptakjörum gagnvart útlöndum hefur hrakað mjög á þessu tímabili. Verðlag á innfluttum vörum hefur hækkað miklum mun meira en verðlag á útflutningsvörum landsmanna. Á árinu 1951 var viðskiptaaðstaðan hvorki meira né minna en 15% lakari út á við en hún var árið 1949, síðasta árið fyrir gengislækkunina.

Þrátt fyrir þessi stórfelldu áföll hefur framleiðsla landsmanna aukizt mjög mikið á þessum þrem árum og orðið fjölbreyttari. Jöfnuður á ríkisbúskapnum hefur náðst öll þessi ár án nýrra skatta- eða tollahækkana. Munu þó ekki margar þjóðir hafa getað komizt hjá því þessi þrjú síðustu ár að hækka stórkostlega skatta- og tollaálögur. Það hefur tekizt að halda uppi mjög miklum verklegum framkvæmdum, meiri en nokkru sinni fyrr. Stórfelld framlög hafa verið innt af höndum til eflingar atvinnuveganna, bæði beint vegna aflabrests, harðinda og fjárskipta og til þess að koma á fót nýjum atvinnurekstri, þar sem harðast hefur kreppt að vegna erfiðs árferðis. Þá hefur vegna meira jafnvægis í þjóðarbúskapnum en áður reynzt mögulegt að gerbreyta ástandinu í verzluninni til bóta frá því, sem áður var. Svarti markaðurinn og það ófremdarástand, sem honum fylgdi, er fyllilega úr sögunni, en í staðinn er komin hörð samkeppni um vöruverð og vörugæði. Lagt hefur verið fram aukið lánsfé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og til bygginga og ræktunar í sveitum, þrátt fyrir mjög fjárfrekar framkvæmdir aðrar. Og hin breytta fjármálastefna hefur gert mögulegt að nota Marshallfé í vaxandi mæli til stóru fyrirtækjanna þriggja, Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar. Á þessu tímabili hefur landhelgi Íslands verið stækkuð, og mun það reynast eitt hið mesta happaverk í sögu landsins. Tekizt hefur að forða frá hruni því, sem yfir vofði og, þegar á allt er litið, heppnazt að snúa vörn í sókn. Þrátt fyrir stórfelld áföll hafa þessi síðustu ár orðið einhver mestu framfaraár í sögu landsins.

Marshallaðstoðin hefur komið hér að góðum notum til stuðnings, en þó hefði þrátt fyrir hana haldizt hér sama ófremdarástandið og áður, ef ekki hefði verið breytt um stefnu í fjármálum landsins og atvinnumálum. Sá stórkostlegi árangur hefur orðið af stefnubreytingunni, að nú hefur Marshallaðstoðin notazt til að byggja upp verzlunarbirgðir í landinu og til þess að koma upp stóru fyrirtækjunum og auka atvinnuna, í stað þess að fé hefði eyðzt jafnóðum til dagleg þarfa, ef hallarekstur inn hefði haldið áfram og framleiðslan haldið áfram að dragast saman, eins og átti sér stað áður en ríkisstj. tók við.

Auðvitað hefur verðlag farið hækkandi í landinu. Fram hjá því varð ekki komizt, eins og ástatt var orðið. Það hlaut að verða afleiðing gengislækkunarinnar, sem óhjákvæmileg var orðin. Og þar við bættust svo stórkostlegar verðhækkanir erlendis.

Sé á hinn bóginn litið yfir þróunina í heild og einkum íhugað, hvernig hún hefur verið síðustu mánuðina í verðlagsmálunum, þá er nú þannig ástatt, að verðhækkanir, sem stafa af gengislækkuninni, eru nú allar komnar fram, og verðhækkanir innanlands, sem stafa af kauphækkunum, sem sigldu í kjölfar gengislækkunarinnar, eru nú einnig komnar fram. Þær síðustu þeirra eru nú í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða í haust. Því standa mál nú þannig, að takist að halda fjárhagslegu jafnvægi innanlands og verði ekki gerðar ráðstafanir, sem setja dýrtíðarhjólið af stað á nýjan leik, þar sem það ætti nú að hafa hægt á sér eða jafnvel numið staðar, er ástæða til þess að vona, að framundan sé tímabil stöðugra verðlags en áður hefur verið og að þjóðin geti notið margvíslegs hagnaðar af því.

Heilbrigð stjórnarstefna miðar ætíð að því m. a., að vinnuafl þjóðarinnar notist sem bezt, koma í veg fyrir atvinnuleysi. Að því hafa miðað ráðstafanir núverandi ríkisstj. til þess að auka framleiðsluna og hinar miklu framkvæmdir, sem hún hefur beitt sér fyrir. Aðalúrræðið til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi verður að vera meiri afköst og meiri framleiðsla og þar með meiri þjóðartekjur. Aðeins með því að afköstin aukist og framleiðslan aukist myndast jarðvegur til þess að safna saman fjármagni til þeirra margvíslegu framkvæmda og uppbyggingar, sem verður að eiga sér stað, svo að allir hafi verkefni. Atvinnuleysi verður ekki fyrirbyggt með því, að hver maður, sem vinnu hefur, vinni minna og framleiði minna en nú er gert. Slíkt hlýtur að leiða til rýrnandi lífskjara og þar af leiðandi minni framkvæmda og verra atvinnuástands. Slíkt hlyti að leiða til enn þá tilfinnanlegri fjárskorts en við búum nú við, fátæktar og umkomuleysis. Þetta verður ofur skiljanlegt, þegar þess er gætt, að nýjar framkvæmdir verður að kosta af þjóðartekjunum. Meiri vinna og meiri framleiðsla verða að vera kjörorð landsmanna í efnahagslegu tilliti, ef vel á að fara. Allar ráðstafanir, sem ekki samrýmast þessum kjörorðum, ganga í öfuga átt hjá þjóð, sem býr við stórkostlega ónotaða möguleika, en skortir fjármagn til þess að notfæra sér þá svo sem hún vill og þarf, til þess að allir landsmenn hafi atvinnu.

Sumir virðast halda, að ríkisstjórn og Alþingi geti öllu ráðið um fjárhags- og atvinnumál landsins. Þetta er þó á misskilningi byggt. Hið frjálsa þjóðskipulag, sem við búum við, felur það í sér, að um ýmsa veigamestu þætti fjárhagsmálanna eru ákvarðanir teknar af öðrum en Alþingi og ríkisstjórn. Má þar nefna kaupgjaldið sérstaklega, og það ekki sízt þegar þess er gætt, að auk allra annarra áhrifa er afurðaverðið hér með lögum bundið við að fylgja kaupgjaldinu. Ég segi þetta ekki til þess að færa Alþingi eða stjórnina

undan ábyrgð, heldur til þess að benda á þýðingarmikla staðreynd. Af þessu fyrirkomulagi leiðir, að eigi að verða varanlegra jafnvægi í fjárhags- og atvinnumálum en við höfum átt við að búa, þá er ekki nóg, að ríkisstj. og Alþingi miði framkvæmdir í peningamálum við þetta markmið, heldur verða almannasamtök þau, sem þýðingarmiklum þáttum ráða, einnig að miða sínar ákvarðanir við þetta sama. Á sama hátt mundi það ekki ná tilgangi sínum, þótt hin sterku almannasamtök í launamálum t. d. miðuðu ákvarðanir sínar við það að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum, verðbólgunni í skefjum og stöðugu peningagengi, ef Alþingi og ríkisstj. færu þveröfugt að og ýttu undir verðbólgu með hallarekstri ríkisins, þótt engir gjaldeyrissjóðir væru til, eða með ábyrgðarlausum bankaútlánum með hjálp seðlapressunnar. Það verður aldrei of mikil áherzla lögð á þá ábyrgð, sem í okkar þjóðfélagi hvílir á hinum stóru almannasamtökum, né þýðingu þess, að félagar þeirra geri sér ljósa grein fyrir því hlutverki, sem samtökin gegna og vilja gegna í þjóðarbúskapnum og raunar við stjórn landsins. Raddir heyrast, sem segja, að ekki sé hægt að hafa þetta eins og það er, það sé ekki hægt að hafa svona marga enda lausa. Svo verður nú samt að vera í höfuðdráttum. Menn vilja ekki sætta sig við annað. Margvísleg mistök hafa áreiðanlega átt sér stað í þessum málum, og máske eiga menn enn þá eftir háskalegar veltur, áður en menn hafa lært til hlítar. Í þessu sambandi verða mörg tímamót, og ein slík eru nú. Nú hafa öll verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar, bein og óbein, komið fram, og metin eru jöfnuð milli kaupgjalds og afurðaverðs innanlands. Veldur nú miklu um þróun mála á næstunni, hvað gert verður eða ógert látið.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lokið máli sínu, og hafa nú hinir þingflokkarnir hálftíma hver til umráða. Röð þeirra flokka í þessari umræðu verður þannig, að fyrst er Alþýðuflokkur, þá Sósialistaflokkur og síðast Sjálfstæðisflokkur. Ræðumenn þeir, sem nú tala, eru fyrir Alþfl. hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, og hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, fyrir Sósfl. hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, og fyrir Sjálfstfl. hv. þm. Barð., Gísli Jónsson. — Nú tekur til máls hv. fyrri fulltrúi Alþfl., þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, og hefur eitt kortér til umráða.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Mér finnst hæstv. fjmrh. sífellt vera að lækka, en kannske er það bara sjónvilla í sambandi við fjárlagafrv., sem alltaf er að hækka. Stjórnarblöðin hafa verið að gera samanburð á þessu nýja fjárlagafrv. og fjárlögum yfirstandandi árs og þannig komizt að þeirri niðurstöðu, að ráðherrann telji fjárþörf ríkissjóðs vera um 10 millj. kr. meiri en í fyrra og yrði þeirri fjárþörf fullnægt — telja þau — með hækkuðum sköttum og tollum. Vissulega væri það að bera í bakkafullan lækinn, þótt ríkisútgjöldin hækkuðu ekki nema um 10 millj. kr. á einu ári, en því miður er þessi samanburður rangur og villandi. Með réttum samanburði er hækkunin miklu meiri, og er þó minnst af henni séð enn þá. Fjárlagafrv. á ekki að bera saman við fjárlög þessa árs eins og Alþingi gekk frá þeim. Þau hækkuðu í meðförum þingsins um allt að 19 millj. kr., og sams konar hækkanir eiga vafalaust eftir að bætast við niðurstöðutölur fjárlagafrv. nú í meðförum þessa þings. Gæti jafnvel svo farið, að sú hækkun yrði miklu meiri nú, þar sem kosningar eru framundan á næsta sumri, eins og ýmsir hafa verið að minna á.

Það er miklu réttara, og við fáum miklu réttari mynd af þessu og sjáum betur, hvert fjmrh. stefnir með ríkisútgjöldin, með því að bera saman niðurstöðutölur fjárlagafrv. fyrir árið 1952, eins og hæstv. fjmrh. lagði það fyrir Alþingi í fyrrahaust, og niðurstöðutölur fjárlagafrv., sem hér er til umræðu. Og hvað kemur þá í ljós? Jú, þá sést það strax, að útgjöld ríkissjóðs samkv. rekstrarreikningi, sem í fyrrahaust voru áætluð rúmar 314 millj. kr., eru nú af sama hæstv. ráðh. áætluð 352 millj. kr. Hækkunin er sem sé ekki 10 millj., heldur fullar 38 millj. kr. Og sé litið á endanlegar niðurstöðutölur á sjóðsyfirliti, þá voru þær á frv. í fyrrahaust 363 millj., en eru núna 392 millj. Þar er hækkunin 29 millj., og er þess þó að geta, að hagstæður greiðslujöfnuður nú er ekki nema ½ millj. kr. á frv. móti 4 millj. kr. í fyrra. Það er svona að forminu og nafninu til stritazt við að koma saman endum á pappírnum á þessu fjárlagafrv. Annað og meira er það nú ekki, sem tekizt hefur.

Sé svo litið á skattana og tollana, sem reiknað var með að leggja á landslýðinn í fyrra og núna, þá er sá samanburður á þessa leið: Í fjárlagafrv. í fyrrahaust voru skattar og tollar áætlaðir 270.8 millj. eða milli 7 og 8 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. En á þessu fjárlagafrv. eru skattar og tollar áætlaðir 296 millj. og 800 þús. kr. Hækkun tolla og skatta á einu ári nemur þarna bara 26 millj. og 800 þús. kr. Þessa viðbótarpinkla á þrautpínd þjóð af atvinnuleysi og annarri stjórnleysisóáran að rogast með á því herrans ári 1953, og þá eru tollar og skattar líka orðnir um það bil 10 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu í landinu.

Það sést hvergi örla á nokkrum minnsta sparnaði á þessu fjárlagafrv. eða viðleitni í þá átt. Smátt og smátt er verið að smokka einum og einum stjórnargæðingi að ríkissjóðsjötunni, nú hér og svo þar, og það er eins og stóru skrifstofubáknin í Reykjavík haldi ekki virðingu sinni og áliti, nema kostnaðurinn við þau hvert um sig hækki svona um 100—200 þús. kr. á hverju einasta ári. 10. gr. fjárl., sem ber undirtitilinn: „til ríkisstjórnarinnar er veitt“ — hækkar um 1 millj. kr. og er komin upp í 8.11 millj. Fyrri hluti næstu greinar, A-liðurinn, sem heitir: „til dómgæzlu og lögreglustjórnar o. fl.“ — hækkar um nærri því 4 millj., eða nánar tiltekið 3 millj. og 800 þús. C-liður sömu greinar, kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta, hækkar um rúma milljón og nálgast nú milljónatuginn, eða er 9 millj. og 600 þús., og þannig mætti lengi telja.

Hæstv. ráðh. reynir að afsaka hækkanirnar með vísitöluhækkun þeirri, sem orðið hafi síðan seinustu fjárlög voru samin, en slíkt er vitanlega

engin afsökun. Miklu fremur er síhækkandi dýrtíð eitt hið stærsta ásökunarefni á hendur þessari ríkisstj., sem í verðlagsmálunum berst eins og strá fyrir straumi, að svo miklu leyti sem hún hefur þá ekki beint gert stjórnarráðstafanir til aukinnar dýrtíðar, sbr. gengislækkun, bátagjaldeyrisfyrirkomulag og afnám alls verðlagseftirlits, sem vitanlega hefur verið tekið af mörgum sem bein heimild og tilboð um frjálst okur.

Þá er það önnur tilraun hæstv. ráðh. til þess að afsaka hækkanir ýmissa gjaldaliða, að um síðastliðin áramót hafi verð á rafmagninu í Reykjavík verið hækkað um 30% og taxtar hitaveitu Rvíkur hafi verið hækkaðir um 60%. Þetta eru vissulega gífurlegar hækkanir. En ætli það komi ekki nokkurn veginn jafnóþyrmilega við pyngju skattborgaranna, hvort sem hækkanirnar eiga rót sína að rekja til óstjórnar íhaldsins yfir Reykjavíkurbæ, eins og í þessu tilfelli, eða þær eru skilgetið afkvæmi þeirra stjórnarhátta, sem hæstv. ríkisstj. sjálf skapar? Að minnsta kosti geri ég þess engan mun, hvort heldur er, og mun svo fleirum fara.

Mér þótti það býsna gott hjá einu af aðalstuðningsblöðum stjórnarinnar, sem var að ræða um fjárlagafrv. núna á laugardaginn var. Það sagði orðrétt, með leyfi hæstvirts forseta: „Grundvöllurinn, sem fjárlagafrv. byggir á, er veikari en svo, að á honum verði reistar aðrar byggingar en þær, sem eru í líkingu við skakka turninn í Pisa, sem stöðugt eykur halla sinn til hruns og falls.“ Já, grundvöllur hækkandi skatta er vissulega orðinn næsta hæpinn og veikur, þegar fjölmennustu stéttir þjóðarinnar búa orðið við sílækkandi tekjur og dvínandi atvinnu í bandóðu dýrtíðarflóði, sem aldrei ætlar að taka nokkurn enda. Það þarf víst enginn að efa, að ástandið er orðið alvarlegt, að maður ekki segi, að það sé orðið „svart“, þegar stjórnarherrarnir sjálfir og málgögn þeirra líkja fjárlagafrv. hæstv. stjórnar við hallan og skakkan og hrynjandi turn, sem enginn viti, hvenær velti til jarðar og verði rústir einar. Það er full ástæða til að biðja hlustendur að leggja sér það á minnið, að það er ekki stjórnarandstaðan, heldur stjórnarliðið sjálft, málgögn þess, sem í vaxandi ugg sínum og raunar vissu þess, að ríkisstj. riði til falls, hefur hitt naglann hnyttilega á höfuðið með því að líkja fjárlagafrv. Eysteins Jónssonar við skakka turninn í Pisa.

Annars er frekar þýðingarlítið að ræða við ykkur, hlustendur góðir, um tolla þá og skatta, sem ykkur sé ætlað að bera samkvæmt áætlunartölum fjárlagafrv., því að það eru, eins og ég áðan sagði, kosningar í vor eða sumar, og fjárlagafrv. á vafalaust eftir að hækka um marga milljónatugi, áður en það verður að lögum. Um niðurskurð útgjalda verður sjálfsagt varla að ræða, og má þar með ganga út frá því sem gefnu, að skattarnir og tollarnir eigi eftir að hækka um svona 20—30, kannske 30—40 milljónir. Þetta þing er sem sé kosningaþing og fjárlögin, sem hér eru til 1. umr., kosningafjárlög.

Það er kunnugt af langri reynslu, að íhaldið ann ekki framförum og framkvæmdum framfaranna sjálfra vegna, en fyrir kosningar hefur því ávallt þótt heldur fýsilegt að geta vikið fyrir sig fjármagni ríkissjóðs með myndarlegum fjárveitingum, einkum í þau kjördæmi, þar sem það veit sig vera að tapa fylgi, eða þá í hin, þar sem það hefur gert sér veikar vonir um að geta unnið eitthvað á. Það eru því naumast öruggustu kjördæmi stjórnarflokkanna, sem geta gert sér vonir um ríflegustu fjárveitingarnar á þessu þingi. Það þarf ekki neitt að vera að arta upp á þau rétt núna, ekki heldur þau, sem vonlaust er með öllu fyrir íhald og framsókn að vinna. Sömu lögmálum lúta fjárveitingar innan kjördæmanna, eins og hver getur gengið úr skugga um í sinni sveit, og ætla ég nú að leyfa mér að taka um þetta sláandi dæmi úr Norður-Ísafjarðarsýslu.

Íhaldið hefur löngum átt röktu fylgi að fagna í tveimur hreppum sýslunnar, Ögurhreppi og Reykjarfjarðarhreppi. Þessir hreppar skera sig líka úr að því leyti, að það hefur ekkert þurft að vera að spandera fjárveitingum til þeirra áratugum saman. Fyrir seinustu kosningar varð þó vart nokkurra óánægjuhræringa í Ögurhreppi með íhaldið, og viti menn, þá fengust fjárveitingar í fyrsta sinn í Íslandssögunni til ferjubryggju í Ögri og til þess að hálfgera vegarspotta, sem síðan hefur ekki verið hreyft við. Ég segi við ykkur þarna vestur frá: Látið í alvöru sjá á ykkur fararsnið frá íhaldinu, og þá verður vegurinn fullgerður.

Enn þá meira sláandi er þó dæmið um Reykjarfjarðarhrepp í sömu sýslu. Þar hefur nálega hver maður fylgt íhaldinu, og hefur svo verið gegnum öll tilverustig íhaldsins sem flokks, tímabil „þversum“ og „langsum“, „Sparnaðarbandalags“ og „Borgaraflokks“, einnig þegar flokkurinn hreinlega hét „Íhaldsflokkur“ og sömuleiðis síðan sjálfstæðisgríman var tekin til yfirbreiðslu. En þrátt fyrir alla þessa ódæma og ótrúlegu tryggð við íhaldið býr fólkið í þessu byggðarlagi við það enn í dag, að þar er enginn akvegarspotti til hreppsendanna á milli. Þar er engin brú, sem byggð hafi verið með aðstoð af ríkisfé. Þangað hafa sem sé engar fjárveitingar komið. — Jú, það var byggt ræsi s. l. sumar yfir vatnslaust gil, en heimamenn lögðu sjálfir fram fé til þess, af því að þeir vonuðust þá eftir, að ríkið mundi rétta höndina á móti og leyfa, að byrjað skyldi á vegarlagningu inn fyrir takmörk hreppsins, hvað ekki varð. Það hefur ekki verið talin nein þörf á að tryggja fylgið í þessum hreppi. Þar þurfti að engu að dytta, allt var þar öruggt og tryggt við hverjar kosningar, og þá var miklu hagkvæmara talið að láta skotsilfur stjórnmálanna fara á aðra staði, þar sem hættan var meiri um fylgistap eða viðbótarfylgis var fremur von. Ég býst við, að þið viðurkennið það með sjálfum ykkur, íbúar Reykjarfjarðarhrepps, sem nú kunnið einhverjir að sitja við hljóðnemann og hlýða á mál mitt, að ég hef á réttu að standa, þegar ég lýsi þessu svona, en ef ykkur einhverjum skyldi samt vera það dulið, að þetta er satt og rétt, þá lítið yfir þveran fjörð, yfir í Nauteyrarhrepp. Þar hafði fólkið almennt snúið baki við íhaldinu. Fylgi íhaldsins fór þar hrakandi. Tvö heimili eða svo stóðu föst í trúnni, og svo var fremur um von en vissu að ræða víðast hvar annars staðar um fylgið. Þarna þurfti úr mörgu að bæta, það sáu stjórnmálaleiðtogar íhaldsins

nærri því eins og aðrir. Ef ágætan grip, eins og t. d. AGA-eldavél, vantaði á heimili, var sjálfsagt að bæta úr því, helzt fyrir kosningar. — Þá var skilningurinn á nauðsynlegustu umbótum og framförum skarpastur. Og nú er svo komið, góðu heilli, að akvegur hefur verið lagður um allan þennan hrepp, margar brýr verið byggðar þar, tvær ferjubryggjur komnar þar, og þessa dagana er verið að fullgera fagra brú yfir foraðsvatnsfallið Selá. — Ég vil hér með nota tækifærið til þess að óska ykkur, íbúum Nauteyrarhrepps, til hamingju með þá langþráðu, en ágætu samgöngubót, sem Selárbrúin er og verður. Hennar var vissulega mikil þörf, og þið voruð búnir að bíða lengi eftir henni.

Á seinustu mánuðum hefur margur sagt við mig, að nú verði Ísafjörður settur hjá og hafður í banni eða svelti, meðan ég sé þingmaður kaupstaðarins. Þetta er komið frá hinum heiftræknari íhaldsmönnum, en ekki þeim greindari. Þeir greindari vita vel, að Ísfirðingar eru allra manna ólíklegastir til að láta hræða sig eða beygja eða kúga til fylgis við íhaldsstefnuna. Pólitísk sveltitilraun mundi fylla margan Ísfirðing viðbjóði á stefnu íhaldsins og vinnubrögðum og einungis valda því sjálfu fylgishruni. Þeir greindari sjálfstæðismenn sjá aftur, að á stað eins og Ísafirði, þar sem fylgi flokkanna stendur í járnum með örfárra atkvæða mun, er ekkert vit í neinu öðru en að snúast vel við vinsælum málum og þýðingarmiklum fyrir héraðið. Ég trúi því t. d. ekki, að hæstv. ríkisstj. láti bönkunum haldast það uppi að knýja fram sölur á bátum úr Ísafjarðarbæ nú, þegar íbúarnir þar berjast við aflaleysi og þar af leiðandi atvinnuleysi. Ég trúi því ekki, að ríkisstjórn, þótt íhaldssöm sé, fremji það ranglætisverk að neita Ísafjarðarkaupstað um sjálfsagða og lofaða aðstoð til að koma fiskiðnaðarmálum sínum í viðunandi horf. Ég trúi því ekki, að Ísafjarðarbær verði settur hjá um nauðsynlegar fjárveitingar til sinna framfaramála. En verði reyndin önnur, sem ég trúi varla, þá er það eitt víst, að ekki mundi það hjálpa Ísfirðingum til að tileinka sér hugsjónir íhaldsstefnunnar, en það hefur íhaldinu sjálfu þótt þeim ganga heldur treglega hingað til.

Við skulum þá sleppa Ísafirði, en ég vil ekki fara svo héðan úr ræðustólnum að þessu sinni, að ég ekki minni á þá hryggilegu staðreynd, að Vestfirðingar — og Austfirðingar alveg á sama hátt — hafa á hinn smánarlegasta hátt verið settir hjá í raforkuframkvæmdum seinustu ára. Fiskiðnaðurinn í þessum landshlutum báðum býr við rándýra og ótrygga raforku, framleidda með erlendri gjaldeyrisvöru, en á sama tíma er hundruðum milljóna varið til endurvirkjana í stórum stil í öðrum landshlutum. Ef þetta höfuðmál Austfirðinga og Vestfirðinga, þ. e. a. s. Austfjarðavirkjun og Vestfjarðavirkjun, fær ekki fullnægjandi afgreiðslu á þessu þingi, þá hlýtur það að verða ævarandi áfellisdómur á báða núverandi stjórnarflokka. Ekki geta Sjálfstfl. og Framsfl. afsakað aðgerðaleysi sitt í þessum málum með aðstöðuleysi eða getuleysi á þingi til þess að leysa slíkt stórmál. Þeir hafa, svo sem kunnugt er, sterkan meiri hluta á Alþingi. Austfirðingum hlýtur að ganga illa að skilja það, hvers vegna fjmrh. þeirra með áhrifaríkan flokksbróður í sæti raforkumálaráðh. hefur sífellt getað gleymt þeim árum saman í raforkumálunum eða hvers vegna hann getur látið sér sæma að fara frá ráðherradómi án þess að leysa þetta mál málanna fyrir atvinnulíf Austfirðinga. Eða hvernig ætli Ísfirðingum, já, Vestfirðingum í heild gangi að skilja þýðingu þess að fela íhaldinu forustu sinna mála á Alþingi, þegar raforkumál þeirra hafa enga áheyrn fengið, engum skilningi mætt, engan fullnægjandi undirbúning hlotið, meðan milljónatugum var eytt í mál eins og Hæringshneykslið og aðrar slíkar „gagnlegar“ og „viturlegar“ atvinnumálahugsjónir íhaldsflokksins? Nú standa sakirnar þannig, að íhald og framsókn fara með umboð fjögurra af fimm kjördæmum Vestfjarða. Vestfirðingar eiga formann fjvn. á þingi, áhrifamikinn mann, þeir eiga forseta neðri deildar á þingi, báða í þeim stóra og máttuga Sjálfstfl. Þeir eiga nýkosinn þingmann V-Ísf., sem hefur áhuga á málinu, og síðast, en ekki síst, er svo sjálfur raforkumálaráðherrann þm. í Vestfjarðakjördæmi. Það verður þannig aldrei skýrt eða skilið, að núverandi stjórnarflokka bresti getuna til að leysa raforkumál Vestfirðinga á þessu þingi, og ef þeir ekki leysa málið, þá liggur það ljóst fyrir, að viljann hefur vantað og ekkert annað, en það eitt er líka nógu bölvað, því að á því og því einu hefur málið strandað til þessa.

Góðir hlustendur. Ég hef að þessu sinni varið ræðutíma mínum til þess að glöggva ykkur á örfáum niðurstöðutölum hæsta fjárlfrv., sem nokkurn tíma hefur legið fyrir Alþingi og á þó eftir að hækka sjálfsagt um 30—40 millj. í viðbót, — fjárlagafrv., sem eitt af stjórnarblöðunum hefur líkt við skakka turninn í Písa. Ég hef og leitazt við að skýra, af hvaða rótum það sé runnið, þegar íhaldið fær framfara- og umbótaflog, einkanlega fyrir kosningar, og að síðustu hef ég brýnt það fyrir Austfirðingum og Vestfirðingum og eggjað þá lögeggjan um að ganga hart að íhaldinu og framsókn um lausn raforkumálanna í þessum vanræktu landshlutum. Ég hef beðið þá að minnast þess jafnvel í pólitískum bænum sínum á næsta ári, ef ekki verður neitt af framkvæmdum í þessu stórmáli á þessu þingi. — Hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, mun svo nota síðari hluta ræðutíma míns flokks til þess að minna á afrek ríkisstj. í viðskipta- og efnahagsmálum og sérstaklega í atvinnumálum. — Verið þið sæl.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, lokið máli sínu, og tekur nú til máls síðari fulltrúi Alþfl., hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, hefur nú gert fjárlagafrv. hin gleggstu skil. En þegar dæma á um gerðir ríkisstj. í fjárhags- og efnahagsmálunum, verður þó einnig að skoða málið frá nokkru víðara sjónarmiði, og mun ég leitast við að gera það.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, taldi hún það megintakmark sitt að gera verzlun lands-

manna frjálsa og tryggja arðbæri útflutningsatvinnuveganna án aðstoðar ríkisvaldsins. Í þessu skyni lækkaði hún gengi krónunnar um 43% og sagðist um leið ætla að beita sér fyrir heilbrigðri fjármálastefnu ríkis og banka. Svo mjög treysti hún á töframátt gengislækkunarinnar til þess að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, að hún rauk í það nokkrum mánuðum síðar að gera verulegan hluta innflutningsins frjálsan og afnema nær allt verðlagseftirlit. Áhuginn fyrir verzlunarfrelsinu náði hins vegar ekki til útflutningsins. Ýmsir máttarstólpar Sjálfstfl. höfðu og hafa enn hag af höftunum í útflutningsverzluninni. Þess vegna var „frjáls verzlun“ á því sviði óþörf.

Gengislækkunin hefði engan veginn þurft að reynast eins og hún hefur reynzt, ef samhliða henni hefðu verið gerðar skynsamlegar og réttlátar ráðstafanir til þess að endurskipuleggja sjálfan rekstur útflutningsatvinnuveganna og innflutningsverzlunarinnar, til tekjuöflunar og til þess að uppræta brask og óheilbrigða gróðamyndun. Það var hins vegar fásinna að treysta á gengislækkunina eina sem einhvers konar töfrabrögð til þess að koma sjúku og spilltu efnahagskerfi allt í einu á réttan kjöl. Afleiðingarnar urðu og eftir því. Erlendur varningur, nauðsynlegur og ónauðsynlegur, tók að streyma inn í landið. Það var auðvitað gagnlegt og nauðsynlegt að bæta úr þeim gífurlega vöruskorti, sem í landinu var, en það var sannarlega óþarft og ástæðulaust að hrúga inn í landið hvers kyns varningi, sem auðveldlega mátti framleiða í landinu sjálfu, svo að fjöldi iðnverkafólks varð tafarlaust atvinnulaus og nýtízku vélar starfslausar. Gífurlegur halli varð á verzlunarjöfnuðinum, en Bandaríkjastjórn hljóp undir bagga, m. a. með því að greiða stórar fjárhæðir inn á reikning Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu. Síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum, hefur endurgjaldslaus vöruinnflutningur til landsins numið 19 millj. dollara eða 310 millj. kr., miðað við núverandi gengi. Þennan sama tíma hafa útlán bankanna aukizt um hvorki meira né minna en 555 millj. kr.

Gengislækkunin reyndist hins vegar engan veginn duga til þess að tryggja arðbæri útflutningsatvinnuveganna og þó einkum ekki bátaútvegsins. Vorið 1951, eða ári eftir að gengislækkunin var samþykkt, var bátaútvegurinn að stöðvast. Ef það hefði verið rétt vorið 1950, að gengisbreyting ein væri nægileg og réttmæt sem bjargráð gegn hallarekstri útflutningsatvinnuveganna, þá hefði mátt búast við því, að ríkisstj. beitti sér fyrir nýrri gengislækkun. Það gerði hún þó ekki, heldur tók upp bátagjaldeyrisskipulagið svo nefnda, sem að vísu er óbein gengislækkun. Með því var í raun og veru tekið að skrá tvö gengi á krónunni, eitt fyrir bátaafurðir, en annað fyrir aðrar útflutningsafurðir. Þetta var gert þrátt fyrir það, að þeir sérfræðingar ríkisstj., sem undirbúið höfðu gengislækkunina, höfðu einmitt varað sérstaklega við því að fara inn á þá braut að skrá tvöfalt gengi á krónunni. Með bátagjaldeyrisskipulaginu hófst eitthvert mesta brasktímabil í sögu íslenzkrar verzlunar. Ýmsir milliliðir hagnýttu sér hið óvenjulega ástand út í æsar og skófluðu milljónum í vasa sína með lítilli fyrirhöfn. Skýrslur þær, sem verðgæzlustjóri safnaði um álagningu, sýndu, að upphæð sú, sem milliliðir hækkuðu álagningu sína um frá því, sem áður hafði verið leyft, nam meiru en því, sem bátaútvegsmenn fengu í sinn hlut. Bátaútvegurinn fékk m. ö. o. ekki nema tæplega helminginn af viðbótarverðinu, sem neytendur voru látnir greiða. Ýmsum fór að detta í hug, að það hefðu kannske ekki verið bátaútvegsmennirnir fyrst og fremst, sem hefðu átt að hagnast á bátagjaldeyrisskipulaginu.

Eitt ár leið til viðbótar. Í ljós kom, að jafnvel bátagjaldeyriskerfið dugði ekki. Fleiri og fleiri vörum var að vísu bætt á bátalistann, svo að dýrtíðin óx í sífellu og kaupmáttur krónunnar minnkaði. Samt barðist bátaútvegurinn í bökkum, af því að vanrækt hafði verið að endurskipuleggja sjálfan reksturinn. Frystihús, saltendur og aðrir þeir, sem vinna úr fiskinum, græddu hins vegar vel, því að þeir gátu skammtað bátunum og þar með sjómönnum verðið. En lítið fór fyrir því jafnvægi, sem lofað hafði verið, að sigla skyldi í kjölfar gengislækkunarinnar. Verzlunarjöfnuðurinn við útlönd varð óhagstæðari og óhagstæðari. Síðan ríkisstj. tók við völdum hefur hallinn á verzlunarjöfnuðinum numið hvorki meira né minna en 570 millj. kr., og er ekki nema nokkur hluti þess innflutnings vegna framkvæmdanna, sem unnið er að fyrir erlent aðstoðarfé. Annað eins hefur ekki gerzt áður í sögu þjóðarinnar. En minna virtist ekki duga til þess að opna augu ríkisstj. örlítið fyrir því, að stefna hennar í viðskiptamálum hefur verið ábyrgðarlaust ævintýri, framkvæmanlegt aðeins vegna þess, að hægt var að senda erlendum aðila reikninginn. En þegar það verður ekki lengur hægt, hljóta afleiðingarnar að verða þeim mun hastarlegri, því miður, og mun sá tími nú vera að koma. Þess vegna er ríkisstj. nú að snúa við af braut frjálsu verzlunarinnar. Hún er smám saman að taka aftur allan kjarna þess, sem hún hafði eftir sérfræðingum sínum vorið 1950, því að fyrir skömmu hefur ríkisstj. látið það boð út ganga, að framvegis verði ekki leyfður frjáls innflutningur á fjölmörgum vörutegundum, sem verið hafa á frílista síðan skömmu eftir að ríkisstj. tók við völdum, heldur megi nú aðeins flytja þær inn frá vöruskiptalöndunum, þar sem bæði er erfitt að fá margar þeirra, auk þess sem þær eru yfirleitt dýrari og lakari að gæðum. Með þessu er ríkisstj. að kistuleggja þá stefnu, sem hún boðaði þegar hún tók við völdum, án þess þó að hún hafi hreinskilni eða djörfung til þess að játa það og án þess að hún hafi gert sér grein fyrir, hvers konar heildarstefnu hún ætlar að fylgja í staðinn. En ráðstafanir þær, sem hún hefur verið að gera, eru hvorki fugl né fiskur, hvorki frjáls verzlun né skipulögð verzlun, heldur stefnulaust fimbulfamb, óhagstætt neytendum, skaðlegt iðnaðinum og til skapraunar duglegum og heiðarlegum aðilum í verzlunarstétt, en engum til gagns nema þeim, sem stunda viðskipti sem spákaupmennsku og brask.

Hafa menn almennt gert sér ljóst, gert sér

grein fyrir, hvers konar reglur það eru, sem nú gilda í innflutningsmálunum? Ýmsar bráðnauðsynlegar vörur eru enn háðar leyfisveitingum, svo sem flestar byggingarvörur, og er innflutningur þeirra mjög takmarkaður sökum gjaldeyrisskorts, að því er sagt er. Á bátalistanum svo kallaða eru hins vegar ýmsar óþarfavörur, svo sem postulín og plastik-dót, og auk þess vörur, sem auðvelt er að framleiða í landinu, svo sem kerti, kex og leðurvarningur, svo að af öllum þessum vörum má því flytja inn svo mikið sem hverjum þóknast, ef aðeins er greitt af þeim tilskilið bátagjald. Mér hefur t. d. verið sagt, að nýlega hafi verið yfirfærð veruleg fúlga í dollara til kaupa á kertum, sem vandalaust er að steypa hér heima. Hér er m. ö. o. skortur á ýmsum bráðnauðsynlegum vörum, en samtímis er dýrmætum gjaldeyri hent út fyrir óþarfa og ýmiss konar innflutning, sem verður til þess að gera iðjuverkafólk í landinu atvinnulaust. Þetta er svo fráleitt, að eðlilegt er, að menn eigi bágt með að trúa þessu, jafnvel upp á þá ríkisstj., sem nú situr.

En þótt ríkisstj. sé búin að yfirgefa flestar þær meginreglur, sem hún boðaði í byrjun með svo miklum fjálgleik, heldur hún samt dauðahaldi í eina, þ. e. a. s. þá, að milliliðum skuli yfirleitt heimilt að leggja á vöruna það, sem þeim sýnist. Álagningarfrelsið hefur verið stjórninni miklu heilagri meginregla en verzlunarfrelsið. Ýmsir aðilar í milliliðastétt hafa misnotað þetta álagningarfrelsi svo herfilega, að fullkomið hneyksli verður að telja. Ríkisstj. hreyfir samt hvorki hönd né fót, heldur horfir á allt saman, að því er bezt verður séð, með velþóknun. Ég sýndi fram á það í umr. hér á Alþ. í fyrra, bæði í umræðum um verðlagsfrv. okkar Alþfl.-manna og í eldhúsumræðum, hversu gífurlegt okur hefur átt sér stað í skjóli álagningarfrelsisins, og byggði á skýrslum, sem verðgæzlustjóri hafði safnað. Svar ríkisstj. var þá ekkert annað en að ekki væri að marka álagninguna fyrst eftir að verzlunin væri gefin frjáls og markaðurinn væri að fyllast, hún mundi lækka síðar. Nú er komin nær tveggja ára reynsla á stefnu stjórnarinnar, nú ætti ástandið að vera orðið eðlilegt, og svo vel vill einmitt til, að verðgæzlustjóri er nýbúinn að birta nýja skýrslu um athuganir, sem hann hefur gert á álagningunni undanfarið. Það kemur í ljós, að álagning á vefnaðarvöru, flutta inn samkv. frílista, er í heildsölu 17.1%, meðalálagning, en það er hvorki meira né minna en nærri þreföldun á þeirri álagningu, sem leyfð var meðan verðlagsákvæði voru í gildi. Mig minnir, að ég hafi einhvern tíma heyrt hæstv. viðskmrh. segja, að hæfileg heildsöluálagning á vefnaðarvöru væri 10%. Samkvæmt því ætti hann að telja álagningu heildsalanna nú óhæfilega. Meðalálagning smásala er samkv. skýrslunni 31.5%, og það er aðeins 37% hækkun.

Til þess að gera grein fyrir því, hvað þessar tölur þýða raunverulega, má athuga, hversu mikið hefur verið flutt inn af vefnaðarvöru þeirri, sem verið hefur á frílista, síðan hann var gefinn út, eða öllu heldur hversu mikið hefur verið yfirfært fyrir vefnaðarvöru, þar eð sú vara hlýtur að hafa komið eða koma til landsins. Það er 91 millj. kr. Nú má athuga, hver álagningin reynist, ef gert er ráð fyrir sömu álagningu á þessa upphæð og álagningin hefur reynzt undanfarið samkv. skýrslu verðgæzlustjóra, en það ætti sízt að vera of mikið, hafi eitthvað verið að marka það, sem málsvarar ríkisstj. sögðu í fyrra, þ. e., að álagningin mundi stórlækka og vera orðin hófleg nú á þessu ári. En ef þannig er farið að, reynist heildsöluálagningin 24 millj. kr., en smásöluálagningin 51 millj., eða álagning milliliða samtals á vefnaðarvöru, innflutta samkv. frílista, 75 millj. kr. Álagningarhækkun heildsalanna umfram verðlagsákvæði hefur numið 15 millj. kr. Það er dálaglegur skildingur, og mun ýmsum finnast, að minna hefði nú mátt gagn gera.

Þegar álagning á bátagjaldeyrisvöru er athuguð, koma hinir furðulegustu hlutir í ljós. Til loka síðasta mánaðar hafa verið yfirfærðar fyrir bátagjaldeyrisvörur 101 millj. kr., en ekki eru allar þær vörur enn komnar til landsins. Stærstu vöruflokkarnir eru vefnaðarvara og fatnaður ýmiss konar, ávextir og bifreiðavarahlutar ásamt skrifstofuvélum. Fyrir vefnaðarvöru og fatnaði hafa verið yfirfærðar 25 millj. Sé miðað við síðustu skýrslu verðgæzlustjóra, er söluverð þessarar vöru 81 millj., og nemur álagning milliliða á vöruna 24 millj. kr., eða álíka upphæð og hún kostar erlendis. Það, sem yfirfært hefur verið fyrir ávöxtum, nemur 23 millj. kr. Miðað við síðustu skýrslu verðgæzlustjóra er álagning milliliða á þennan ávaxtainnflutning 27 millj., og er það vafalaust lægra en álagningin hefur raunverulega orðið. Til 19 millj. kr. innflutnings bifreiðavarahluta og skrifstofuvéla svarar 15 millj. kr. álagning, og þannig mætti lengi telja. Óhætt mun að fullyrða, á grundvelli skýrslna verðgæzlustjóra, að álagning á þá bátagjaldeyrisvöru, sem numið hefur í innkaupi erlendis um 100 millj. kr., nemi meira en öðrum 100 millj. kr., og þetta lætur ríkisstj. sér vel líka. Henni finnst víst almenningur ekki of góður til þess að borga þetta.

Á s. l. vori virtist ríkisstj. þó rétt sem snöggvast fá dálítið samvizkubit út af öllu þessu. Hún reyndi að friða samvizkuna með því að gefa út bráðabirgðalög um heimild til þess að birta nöfn þeirra, sem gerðust sekir um óhóflega álagningu. Ég vona, að ríkisstj. sjálf lesi skýrslur trúnaðarmanna sinna, þ. á m. síðustu skýrslu verðgæzlustjóra, og nú langar mig til þess að spyrja: Finnst ríkisstj. hæfilegt að leggja 70% á kventöskur í heildsölu, finnst henni hæfilegt að leggja 60% í heildsölu á fótbolta eða 38% í heildsölu á bómullarefni eða 34% á tvinna eða 34—42% á sápu í heildsölu eða 68% á hárbursta eða 37% á ýmsa leir- og glervöru og járnvöru, allt saman í heildsölu? Þetta er sú harða samkeppni, sem hæstv. fjmrh. talaði um áðan í ræðu sinni. Líklega finnst ríkisstj. þetta allt saman hæfileg álagning, því að ekki hefur borið á því, að hún kæri sig um að nota sín eigin heimildarlög til þess að skýra frá því, hverjir leggi þannig á. Almenningur í landinu er hins vegar á annarri skoðun, og meðan ríkisstj. tekur málstað þeirra, sem þannig fara

að, og heldur yfir þeim verndarhendi, mun almenningur fordæma hana fyrst og fremst.

Þannig er ferill ríkisstj. í viðskiptamálunum, mikilvægustu innanlandsmálunum, furðulegt hneyksli. Það er því ekki við því að búast, að slík stjórn haldi vel eða röggsamlega á málum í skiptum okkar við aðrar þjóðir heldur, enda hefur sú ekki orðið raunin á. Svo illa hefur hún haldið á ýmsu í sambandi við varnarsamninginn við Bandaríkin, að mörgum, sem voru samningnum fylgjandi, er miklu meir en nóg boðið. Alveg að ástæðulausu hefur hún látið það viðgangast, að hermenn dveldu hér í Rvík daga og nætur, fjölmenntu á hina sárfáu skemmtistaði Reykvíkinga og tækju húsnæði á leigu til lengri eða skemmri tíma. Hermennirnir hafa ekkert hingað að sækja annað en skemmtanir, en smábær eins og Reykjavík getur ekki gegnt slíku hlutverki. Það verður að vera verkefni hernaðaryfirvaldanna sjálfra að sjá þeim fyrir skilyrðum til dægrastyttingar.

Engri þjóð með heilbrigðan þjóðarmetnað þykir ánægja að því að vita af erlendum hermönnum í landi sínu. Slíkt hefur ávallt viðkvæm vandamál í för með sér, hvort sem um er að ræða Bretland, Þýzkaland, Danmörku eða Ísland, og það er íbúum smábæja ávallt áhyggjuefni, þegar herbúðir eru ekki fjarri, jafnvel þótt um innlendar herbúðir sé að ræða. Þess verður að minnast, að þótt herinn hér á Íslandi sé fámennur, er hann fjölmennur í hlutfalli við íbúatölu landsins. Í erlendum blöðum hefur verið nefnt, að hér séu um 4000 hermenn. Það svarar til þess, að í Bandaríkjunum væru 4 millj. erlendra hermanna, í Bretlandi 1.3 millj. og í Danmörku 110 þús. Í Reykjavík munu ekki vera fleiri en 2400 karlar á aldrinum 20—24 ára og innan við 3000 konur. Er því auðséð, að jafnvel fámennur hópur hermanna á þessum aldri jafngildir mikilli aukningu í aldursflokknum. Sá tími verður vonandi sem stytztur, að hér þurfi að dvelja erlendur her, en meðan óhjákvæmilegt er talið, að slíkt tvíbýli sé í landinu, er tvímælalaust heppilegast, að hvor aðilinn búi að sínu. Á þann hátt verður gagnkvæm vinátta og virðing þjóðanna í heild bezt tryggð. Hinar tíðu heimsóknir hermanna til Rvíkur s. l. ár hafa valdið vandræðum, sem hefði verið hægt að komast hjá, ef ríkisstj. hefði sýnt árvekni, og hefur hún þó af ýmsum verið á það minnt, að hér væri vandamál á ferðinni, sem taka yrði föstum tökum.

Það, sem ég hef gert að umtalsefni á þessum fáu mínútum, hefur allt saman hnigið að því, að þessi ríkisstj., sem nú situr, sé furðulega giftusnauð í framkvæmdum sínum. Miklu fleira mætti raunar til nefna. Sannleikurinn er sá, að ástand íslenzkra þjóðfélagsmála er slíkt, að þeim, sem það hugleiða af alvöru, hlýtur að hrjósa hugur við því. Það er ekki aðeins, að efnahagsmál þjóðarinnar séu í sjálfheldu eftir mestu góðæri í sögu þjóðarinnar á fyrri helmingi síðasta áratugs og þótt Íslendingar hafi fengið sem óafturkræf framlög frá Bandaríkjunum 24.4 millj. dollara á s. l. 4 árum, eða tæpar 400 millj. kr., miðað við núgildandi gengi, þ. e. a. s. tæpar 100 millj. kr. á ári. Efnahagskreppan er þrátt fyrir allt ekki alvarlegasta vandamálið. Þjóðin og þó fyrst og fremst valdamenn hennar virðast hafa beðið tjón á sálu sinni. Réttarvitund hefur sljóvgazt og siðferðisþrek lamazt. Í opinberu lífi gætir nú meira siðleysis en nokkurn tíma fyrr, og í viðskiptalífinu er rekin gagngerðari fjárplógsstarfsemi en dæmi eru til um áður. Gæðingar skara eld að köku sinni af fyllsta blygðunarleysi, bæði þeir, sem eiga aðgang að ríkissjóði, bæjar- og sveitarsjóðum og að sjóðum hvers konar fyrirtækja. Stjórnmálamenn og stjórnmálablöð taka að sér að verja hina ótvíræðustu og ófyrirleitnustu fjárglæfra og lögbrot, ef þau eru framin af skjólstæðingum. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra. Engin úrræði í efnahagsmálum, jafnvel þótt góð og viturleg væru, mundu duga til þess að koma þjóðarskútunni á réttan kjöl á ný, ef þeim fylgdi ekki hugarfarsbreyting, ef þeim fylgdi ekki aukin ráðdeild, aukinn heiðarleiki, aukin skyldurækni, aukin ábyrgðartilfinning. Í þessum efnum eiga þeir, sem hafa mannaforráð í opinberu lífi og atvinnu- og viðskiptalífinu, að ganga á undan með góðu eftirdæmi, en í staðinn er það einmitt úr hópi þessara manna, sem sóttkveikjur spillingarinnar berast út í þjóðlífið, þótt allir eigi þar sem betur fer ekki óskilið mál.

Íslendingar verða að miða hætti sína alla við það að lifa af því, sem land þeirra og sjórinn umhverfis það gefur af sér. Á annan hátt bera þeir aldrei uppi til langframa þá íslenzku menningu, sem gefur lífi þeirra eilíft gildi. Sem betur fer getur þetta land og þessi þjóð búið við góð lífskjör, ef hún er trú sjálfri sér, vinnur vel og dyggilega og skiptir afrakstrinum bróðurlega, lætur engan búa við skort og engan lifa í óhófi. En margt þarf að breytast á landi hér, til þess að svo verði. Ef stjórnarfar það, sem nú er í landinu, á að haldast, mun seint sækjast að þessu marki. Það, sem gerast þarf, er, að verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn í bæjum og þorpum taki höndum saman við bændur í sveitum og láti samstarf sitt verða upphaf nýrra tíma í efnahagsmálum og félagsmálum á Íslandi.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 3. landsk. lokið máli sínu. — Þá tekur til máls fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu, sósialistaflokksins, hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson.

Áki Jakobsson: Fjárlagafrv. það fyrir árið 1953, sem nú hefur verið lagt fram, er með svipuðum hætti og frv. í fyrra að verulegu leyti. Þó er það sérstakt við það, að það er enn þá nýtt met í því efni, að heildarútgjöldin hafa hækkað um nær 12 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Hæstv. fjmrh. telur það mikinn góðs vita, að þetta sé minnsta hækkun, sem orðið hafi á fjárlagafrv. frá síðustu fjárlögum núna á s. l. árum. Þetta kann vel að vera, en það er lítill árangur að því einu að semja frv., sem lágt er, þegar vitað er, að mörgum greiðslum er sleppt, sem óhjákvæmilega koma, og það veit hver maður, sem les þetta frv. yfir, og þurfti í raun og veru ekki að hlusta á ræðu ráðherrans

til þess að sjá það, að það liggur fyrir að hækka frv. um milljónatugi og þá um leið líka að hækka skatta og gjöld um milljónatugi.

Ef litið er yfir tekjuhliðina, kemur í ljós, að hæstv. fjmrh. vill framlengja alla skatta og tolla, sem gilt hafa hingað til, og mun hafa auðsjáanlega í hyggju að auka ríkistekjurnar enn þá allverulega, svo að óhætt sé að halda áfram sömu eyðslustefnunni. Þannig á að framlengja söluskattinn alræmda, sem er einn ósanngjarnasti nefskattur, sem á hefur verið lagður. Stærsti póstur á tekjuhlið er svo sem venjulega verðtollurinn, sem nemur 105 millj. kr., er sami og í fyrra. Þeim tekjulið getur orðið valt að treysta, ef kaupgeta heldur áfram að minnka í landinu eins ört og verið hefur að undanförnu.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða einstaka liði fjárlagafrv., heldur mun ég snúa mér að þeirri stefnu, sem núverandi ríkisstj. fylgir í fjármálum og atvinnumálum almennt.

Fjárhagsafkoma ríkissjóðs á þessu ári virðist, að því er hæstv. fjmrh. segir, ætla að verða sú, að útkoman verði í samræmi við fjárlögin og útgjöld og tekjur standist nokkurn veginn á, og sýnir þetta mjög greinilega, í hvaða átt stefnir með útgjöld ríkisins. Í fyrra var tekjuafgangur 50 millj. kr., og engar af þeim tekjum, sem ríkið hafði þá, voru felldar niður. Nú eru útgjöldin búin að fylla þetta upp, þannig að þau hafa vaxið um þann mismun, sem þarna er um að ræða. Hæstv. fjmrh. kunni sér ekki læti af ánægju, þegar hann tilkynnti þjóðinni hinn mikla tekjuafgang á s. l. ári. Flokksblað hans hóf lofsöng og taldi fjármálaráðherrann hafa unnið mikið afrek að geta skilað svo miklum tekjuafgangi. Fagnaðarlæti þessi fengu hins vegar lítinn hljómgrunn hjá þjóðinni og það ekki að ástæðulausu. Ríkið þarf að sjálfsögðu að hafa tekjur til að standast öll rekstrarútgjöld sín. En þjóðinni er enginn vinningur að því, að innheimtir séu miklu meiri skattar og tollar en til þess eru nauðsynlegir. Slík skatta- og tollainnheimta umfram þörf er beinlínis hættuleg. Hún dregur úr kaupgetu og viðskiptaveltu og lamar atvinnulífið. Auk þess fylgir stórfelldum tekjuafgangi sá löstur, að ráðamenn missa áhuga fyrir sparnaði í opinberum rekstri, en það er sem kunnugt er full þörf á því, að forsvarsmenn fjármála í þjóðfélaginu hafi ætíð gát á, að rekstrarútgjöld ríkisins vaxi ekki umfram ýtrustu þörf. Það skal að vísu tekið fram, að af tekjuafgangi síðasta árs var varið samkv. sérstökum lögum 38 millj. kr. til ýmissa framkvæmda, sem tilteknar eru í þeim lögum. Þó að það hafi verið nokkur bót, þá breytir það engu um hin skaðvænlegu áhrif þess að innheimta of háar tekjur og skatta af atvinnulífinu í landinu. En hvernig sem litið er á fjárhag eða fjárhagsafkomu ríkisins, er öllum ljóst, að það, sem mesta þýðingu hefur, er afkoma atvinnuveganna og þá fyrst og fremst þeirra atvinnuvega, sem mestu máli skipta fyrir þjóðarbúið og afkomu alls almennings. Ef atvinnuvegirnir komast í kröggur, ef atvinnulífið dregst saman og hættir að geta veitt almenningi vinnu, þá leiðir óhjákvæmilega af því fjárhagsörðugleika fyrir ríki og bæjarfélög, sem hafa tekjur sínar af alls konar sköttum og gjöldum, sem almenningur greiðir. Fyrsta skylda hverrar ríkisstjórnar er því að búa þannig að atvinnuvegum þjóðarinnar, að þeir blómgist og geti aðstaðið vaxandi þarfir landsmanna með vaxandi íbúafjölda. Hvernig er atvinnuvegum þjóðarinnar farið nú? Hefur núverandi hæstv. ríkisstj. haldið þannig á þýðingarmestu málum þjóðarinnar, að atvinnulífið hafi blómgazt og fullnægi þörfum þjóðarinnar? Því miður verður að segja, að því fer víðs fjarri.

Er núverandi hæstv. ríkisstj. hóf göngu sína á aflíðandi vetri 1950, var með atfylgi þeirra flokka, sem standa að henni, framkvæmd stórkostlegasta fjármálaaðgerð, sem sögur fara af í íslenzkum stjórnmálum, þ. e., gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenzkri krónu var hækkað um nærri 75%. Áður en ráðizt var út í þessa aðgerð, var fenginn að láni hagfræðingur frá Ameríku, Benjamín Eiríksson, sem var látinn rannsaka og skila álitsgerð um íslenzkt atvinnu- og fjármálalíf. Komst hagfræðingur þessi að þeirri niðurstöðu, að öll vandamál íslenzku þjóðarinnar á sviði fjármála og atvinnumála væri hægt að leysa með því einfalda ráði að lækka gengi ísl. krónunnar. Því meiri sem gengislækkunin var, því öruggara átti það að vera, að öll okkar vandamál leystust af sjálfu sér. Það er fróðlegt að lesa álitsgerð Benjamíns nú og væri raunar holl lexía fyrir hæstv. ráðh. og stuðningsmenn ríkisstj., því að nú er svo komið, að hvert einasta mannsbarn kemst ekki hjá því að sjá, að ekki stendur steinn yfir steini af öllum þeim margorðu hugleiðingum og ráðleggingum, sem Benjamín gaf á sínum tíma. Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að maður eins og Benjamín, sem var búinn að læra kynstrin öll af kennslubókum, misjöfnum að gæðum, og taka alls konar próf og gráður, en hafði aldrei komið nálægt neinu praktísku starfi á sviði fjármála eða atvinnumála, hvorki hér á landi né erlendis, gæti látið sér detta í hug jafnbarnalega lausn á vandamálum íslenzku þjóðarinnar. Hitt var furðulegt, er gamlir og reyndir stjórnmálamenn, sem frá blautu barnsbeini hafa lifað og hrærzt í þeim vandamálum, sem íslenzka þjóðin hefur jafnan átt við að stríða, skyldu gleypa þessa flugu jafngagnrýnilaust og raun varð á. En það var ekki nóg, heldur kom hver af öðrum af forustumönnum stjórnarflokkanna og dásamaði frammi fyrir þjóðinni þá undraverðu töfralausn, sem Benjamín hafði fundið. Þeir voru bókstaflega í vímu, svo mikil var sigurgleði þeirra yfir því að hafa nú loksins fundið lausn á öllum atvinnu- og fjárhagsvandamálum þjóðarinnar. Ég minnist þess, að það var hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, sem lengst gekk í þessu efni. Aðvaranir, sem bæði ég og aðrir þingmenn báru fram gegn þessu óráði að fella gengið svo stórkostlega, voru að engu hafðar. Stuðningsmenn gengislækkunar þoldu ekki að heyra neinar mótbárur. Þó að á það væri bent, að gengislækkunin væri fjárglæfrar, sem mundu á skömmum tíma margfalda erfiðleika þjóðarinnar og gera þá verri viðfangs í stað þess að leysa þá, varð engu um

þokað. Allt þetta gengislækkunarbrölt minnir óþægilega mikið á ævintýrið um nýju fötin keisarans, enda var ekki liðið nema tæpt ár frá því að gengislækkunin var framkvæmd þar til veruleikinn kallaði: „Fötin eru engin“ — og þá sáu allir og meira að segja gengislækkunarpostularnir sjálfir, að gengislækkun sú, sem framkvæmd var, var engin lausn á vandamálum atvinnuveganna.

Gengislækkuninni var ætlað að leysa fyrst og fremst vandamál sjávarútvegsins. Með henni voru lagðar stórkostlegar byrðar á allan almenning, byrðar, sem námu hundruðum milljóna á þjóðina. Þetta var réttlætt með því, að sjávarútvegurinn nyti góðs af og mundi skila þjóðinni þessu aftur með aukinni starfrækslu, vaxandi útflutningsverðmætum og aukinni vinnu. Raunin hefur orðið sú, að vélbátaflotinn varð fyrir stærsta áfalli, sem hann hefur nokkru sinni orðið fyrir af mannavöldum, á árinu 1950, eða gengislækkunarárið, vegna þess að þegar við gengislækkunina hækkuðu allar nauðsynjar hans sem gengislækkuninni nam, svo sem olía, veiðarfæri, varahlutar o. fl., en fiskverðið hélzt óbreytt allt árið 1950. Þetta munaði tugum þúsunda á hvern bát. Á árinu 1951 var svo hespað af skuldaskilum vélbátanna með þeim hætti, að um hreinan hégóma var að ræða. Vélbátaútvegurinn á nú við ekki minna basl að stríða heldur en fyrir gengislækkunina, og það meira að segja þrátt fyrir það, að gripið hafi verið til nýrra ráða, sem eru raunverulega gengislækkun, bátagjaldeyriskerfisins, sem felur í sér greinilega gengislækkun og er bæði óvinsælt meðal þjóðarinnar og kemur að litlu gagni.

Togaraútgerðin átti þó fyrst og fremst að njóta góðs af gengislækkuninni. Útkoman er þó sú, að togaraútgerðin á við hina mestu erfiðleika að stríða, og munu nú flestir togararnir vera reknir með allmiklu tapi. Meiri hluti nýsköpunartogaranna er rekinn af bæjarfélögum eða hlutafélögum, sem bæjarfélögin eru stórir hluthafar í, og hafa því útgerðir þeirra borið vanda sinn upp við ríkisstj. og bíða þau mál nú úrlausnar bæði stjórnar og Alþingis. Í nærri hálft ár hefur einn af hinum glæsilegu nýsköpunartogurum legið aðgerðalaus í Reykjavíkurhöfn, og einn af togurum bæjarútgerðar úti á landi hefur verið bundinn í höfn vegna fjárhagsörðugleika. Togaraútgerðin er nú, röskum tveim árum eftir hina miklu gengislækkun, komin í svo mikinn vanda, að lausn hans er orðið eitt veigamesta verkefnið.

Hvernig er svo ástandið í markaðsmálunum? Nærri 20 þús. tonn af hraðfrystum fiski, sem að útflutningsverðmæti nema um 120 millj. kr., liggja óseld í hraðfrystihúsum landsins. Hraðfrysting fisks hefur að mestu leyti stöðvazt. Ársframleiðsla fiskiflotans af þorskalýsi liggur óseld í landinu. Saltfisk hefur verið bannað að framleiða og því borið við, að ekki sé hægt að fá markað fyrir meiri fisk. Ísfisksala í Bretlandi er stöðvuð fyrir aðgerðir brezkra útgerðarmanna, þrátt fyrir það að í gildi sé milli ríkisstjórna Íslands og Bretlands samningur, sem heimili Íslendingum slíka löndun á ísfiski í Bretlandi. Þegar síld fór að veiðast í reknet hér við Suðvesturland, var ríkisstj. ekki betur viðbúin en svo, að söltun var bönnuð framan af og dýrmæt veiði eftir mislukkaða norðanlandsvertíð fór forgörðum. Í stuttu máli: Sjávarútvegurinn er á heljarþröminni og öll markaðsöflun í molum. Þetta er undirrót þess atvinnuleysis, sem gerir nú æ meir vart við sig hér á landi.

Þegar ár var liðið frá gengislækkuninni miklu, var öllum orðið ljóst, að hún leysti engan veginn vandamál sjávarútvegsins. Upphafsmenn hennar stóðu berstrípaðir frammi fyrir þjóðinni. En þá fundu þeir nýtt ráð til að skýla nekt sinni. Það var söngurinn um frjálsa verzlun. Forsöngvarinn var þar einkum hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson. Samkv. boðskap hans, sem að sjálfsögðu var byggður á vísindum Benjamíns Eiríkssonar, átti frjáls innflutningur á hvers konar vörum, þörfum og óþörfum, að vera allra meina bót, og skipti þá engu máli, hvernig gjaldeyris væri aflað. Gjaldeyris var líka aflað með sníkjum og lántökum erlendis. Síðan hófst innflutningurinn. Nú var verzlunin orðin frjáls. Svo mikill var æðibunugangurinn og ákafinn, að ekkert var hirt um það að gefa íslenzkum iðnaðarfyrirtækjum kost á að flytja inn hráefni, svo að þau gætu keppt við hina innfluttu iðnaðarvöru. Þegar þau fengu hráefni sín, var búið að fylla markaðinn í landinu af erlendum iðnaðarvörum, sem hægt hefði verið að framleiða í landinu með sömu gæðum og samkeppnisfæru verði við erlendan iðnaðarvarning. Áhrifin komu líka fljótt í ljós: því nær alger stöðvun í innlendum iðnaði. En áhrif þessarar frjálsu verzlunar hæstv. viðskmrh., Björns Ólafssonar, voru fleiri. Gjafirnar og lánin, sem útveguð voru til greiðslu á innflutningnum, voru að sjálfsögðu í frjálsum gjaldeyri. Innflutningurinn var svo að mestu leyti frá Englandi, Ameríku og nokkrum Vestur-Evrópuríkjunum, sem lítið sem ekkert gátu eða vildu kaupa af útflutningsvörum landsins eða keyptu fyrir miklu minni fjárhæð af afurðum okkar en við af þeim. Afleiðingin hefur svo orðið sú, að nú liggur gífurlegt magn óselt af framleiðsluvörum okkar, svo mikið, að ef ekki tekst fljótt að selja, er fyrirsjáanlegt stórastopp í útflutningsframleiðslunni, sjávarútveginum.

Það hefði verið hægt að selja hraðfrysta fiskinn. Það er hægt að selja meira af saltfiski. Bann við framleiðslu saltfisks er óþarft. Það, sem stendur á, er, að þær þjóðir, sem vilja kaupa þessa vöru, vilja greiða hana með hvers konar iðnaðarvörum, sem hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, er búinn að fylla landið af, innfluttum fyrir láns- og gjafafé.

Meðan innflutningsæðið var mest á hæstv. ríkisstj., hindraði hún hverja sölu á hraðfrystum fiski á fætur annarri, af því að hún taldi vöruskiptaverzlun koma í bága við hina frjálsu verzlunarstefnu sína. Þessi verzlunarstefna hefur nú fengið skjótan endi. Hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, varð sjálfur að tilkynna, að nú skyldi viðskiptum beint til þeirra landa, sem eru tilbúin að kaupa fiskafurðir landsmanna. Hann kenndi síldarleysinu fyrir norðan um, að

yfirgefa þyrfti nú í bili frjálsu verzlunina. Það er hverjum manni ljóst, að 20 þús. tonna birgðir af óseldum hraðfrystum fiski standa ekki í neinu sambandi við síldarleysi fyrir norðan. Ástæðan fyrir stefnubreytingunni er einfaldlega sú, að ríkisstj. er enn á ný komin í strand með aðgerðir sínar. Frjálsa verzlunin, sem á engan hátt svarar til nafns síns, hefur ekki reynzt nein lausn á vandamálunum, heldur þvert á móti stöðvað í bili útflutning landsins á einni veigamestu útflutningsvörunni. Hið gífurlega vörumagn, sem flutt var inn, hefur minnkað kaupgetu í landinu, vegna þess að það var flutt inn fyrir styrktarfé og lánsfé. Ef það hefði verið flutt inn fyrir sjálfsaflafé landsmanna, þ. e. a. s. fyrir andvirði útfluttrar vöru, þá hefðu launagreiðslur í sambandi við framleiðslu þeirrar vöru innanlands skapað kaupgetu, sem hefði tryggt afsetningu þeirra. Sölur til Þýzkalands, Póllands, Ungverjalands, Spánar og fleiri landa stranda nú mest á því, að ekki er fyrir hendi geta né vilji íslenzkra innflytjenda til að kaupa iðnaðarvörur á móti. Hæstv. ríkisstj. var bent á þessa hættu þegar á síðasta þingi, en hún hafði þær aðvaranir að engu. Ýmsir útflytjendur hafa stöðugt verið að vara við þessari hættu og viljað koma á sölum, en ríkisstj. hefur skellt skollaeyrum við öllum aðvörunum, þar til hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, gaf hina frægu yfirlýsingu sína.

Hæstv. ríkisstj. hefur á valdatíma sínum framkvæmt tvær stórfelldar aðgerðir í fjárhags- og atvinnumálum, gengislækkunina og frjálsa innflutninginn. Báðar þessar aðgerðir voru boðaðar sem varanleg lausn á vandamálum atvinnulífsins, en höfðu í för með sér stórfelldar álögur á almenning og óhagræði, einkum gengislækkunin. Hins vegar hefur hvorki gengislækkunin né innflutningsfarganið komið að gagni til að leysa vandann. Þau hafa skapað miklu torleystari erfiðleika en áður var við að stríða. Þegar þetta þing kemur saman, er ástand atvinnuveganna verra en það hefur nokkru sinni verið. Sjávarútvegurinn, ekki hvað sízt togaraflotinn, er á heljarþröminni, og er þörf skjótra aðgerða til að rétta við hag þess atvinnuvegar. Ef allur fiskiflotinn væri í gangi og legði afla sinn upp til vinnslu í landinu, mundi það skapa mikla vinnu í flestum bæjum. Þetta er hins vegar ekki unnt, vegna þess að hraðfrystihúsin eru full af óseldum fiski og frekari framleiðsla saltfisks er stöðvuð. Þjóðinni er sagt, að ekki sé hægt að selja meiri saltfisk en nú er búið að framleiða í landinu. Á sama tíma eru íslenzkir togarar að sigla til Danmerkur með saltfisk, sem þar er seldur óverkaður upp úr skipi. Danskir fiskkaupmenn geta fundið markað og geta haldið áfram að láta framleiða saltfisk, þótt Íslendingum sé bannað að gera það.

Síðan í kreppunni miklu 1931 hefur engin ríkisstjórn staðið jafnúrræðalaus frammi fyrir þjóðinni og sú, sem nú situr. Skyldi vera nokkurt dæmi þess hjá sjálfstæðu ríki, að ríkisstjórn skuli gleyma að sjá um sölu á útflutningsafurðum. Ég er viss um, að slíkt og þvílíkt hefur ekki hent ríkisstjórnir nágrannalandanna. Þetta er það, sem hefur gerzt hér. Ríkisstj. hefur það ekki sér til afsökunar, að útflutningurinn sé í höndum einstaklinga, því að hér á landi er allur útflutningur raunverulega í höndum ríkisins sjálfs, opinberra nefnda eða ríkisverndaðra fyrirtækja. Ríkisstj. situr aðgerðalaus, meðan stórkostlegar birgðir hrúgast upp í landinu af útflutningsvörum, sem brýn þörf er á að selja og geta flutt út. Hvernig stendur á þessu? Ég treysti mér ekki til að svara þessu. En eitt virðist ljóst, og það er, að hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, hefur ekki setið auðum höndum. Meðan ríkisstj. sat aðgerðalaus í þýðingarmesta skyldustarfi sínu, var Björn Ólafsson önnum kafinn við að framkvæma hugsjónir sínar um frjálsan innflutning. Það skipti hann engu, hvort vörur þær, sem inn voru fluttar, væri hægt að fá keyptar fyrir fiskafurðir okkar. Það skipti hann heldur engu máli, hvort skilyrði fyrir því, að við gætum selt fiskafurðir landsins, væri, að við tækjum við sem greiðslu sams konar vörum og Björn Ólafsson hefur verið að flytja inn í stórum stíl fyrir frjálsan gjaldeyri. Ég get ekki ímyndað mér, hvað fyrir hæstv. viðskmrh. hefur vakað, ef hann hefur þá vitað, hvað hann var að gera. Staðreynd er það hins vegar, að hinn frjálsi innflutningur er nú stærsta hindrunin í vegi fyrir því, að unnt sé að selja þær sjávarafurðir, sem liggja í landinu. Hæstv. viðskmrh. er búinn að sjá þetta nú. Þess vegna gaf hann yfirlýsingu sína.

Nú hefur og verið stungið við fótum í innflutningi fyrir frjálsan gjaldeyri. Það verða víst fáir, sem þakka hæstv. viðskmrh. eða ríkisstj. fyrir innflutningsfarganið, því að svo kjánalega var þessi innflutningur framkvæmdur, að ég minnist þess ekki, að nokkurt tiltæki ríkisstjórnar hér á landi hafi á jafnskömmum tíma valdið meiri truflunum og tjóni í atvinnulífinu en þetta. Að sjálfsögðu hlýtur ríkisstj. öll að bera ábyrgð á mistökum þessum, því að einn ráðh. getur ekki gegn vilja ríkisstj. lagt út í slík ævintýr sem þessi.

Ferill þessarar ríkisstj. hefur verið ein hrakfallasaga, og í stjórnartíð hennar hefur snarazt meira til óheilla í íslenzku atvinnulífi en dæmi eru áður til frá 1931. Þjóðin hefur líka snúið baki við þessari ríkisstj. og vill losna við hana. Forsetakosningarnar leiddu líka í ljós, að þjóðin er andvíg stjórninni. Það er almennt talið, að hver sá frambjóðandi, sem hefði hlotið stuðning núverandi ríkisstj. til forsetakjörs, hefði hlotið að falla. Svo fjandsamleg er þjóðin orðin þeirri ríkisstj., sem tveir stærstu flokkar þingsins standa að.

Eins og við má búast, steðja jafnan að fiskveiðaþjóð eins og Íslendingum erfiðleikar, sem ekki eru þjóðinni sjálfráðir. Þjóðin hefur nú undanfarin átta ár orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna þess, að norðanlandssíldin hefur brugðizt. Þó tekur síðasta sumar út yfir allt, sem áður var þekkt. Að sjálfsögðu hefur þetta valdið þjóðinni miklum búsifjum, sem hafa orðið tilfinnanlegri en ella vegna þeirrar óhyggnu og skammsýnu stjórnmálastefnu, sem rekin hefur verið undanfarið og þó einkum af núverandi ríkisstjórn. Öll þessi átta síldarleysisár, sem liðin eru, hefur verið hjakkað í sama farinu. Flot-

inn hefur verið gerður út á gamla mátann með herpinót sem eina veiðarfærið, þrátt fyrir það að við höfum horft upp á, að erlend síldveiðiskip hafa ár eftir ár gert hér góða vertíð með því að hafa reknet og tunnur og salta um borð sjálf aflann. Fyrir löngu hefði ríkisstj. átt að vera búin að gera útgerðarmönnum síldarskipanna kleift að beita öllum sömu veiðiaðferðum og útlendingarnir. Það var ekki hægt að ætlast til þess, að síldarútgerðarmenn hefðu bolmagn til að útvega sér reknet, enda var lengi vel ekki hægt að fá leyfi stjórnarvalda til að salta um borð í skipunum. Þarna átti ríkisstj. að koma til aðstoðar. Það hefði skilað margföldum arði í dýrmætri útflutningsvöru. En eins og kunnugt er, er saltsíld nú langeftirsóttasta útflutningsvara landsins. Síldarflotinn átti að einbeita sér að saltsíldarframleiðslunni, enda var alltaf hægt að breyta um og taka til herpinótaveiða, ef síld hefði komið í því magni, að líkur væru til árangurs með því veiðitæki.

Herpinótaveiðin á norðurmiðunum brást alveg í sumar. En seinni part sumarsins hófu nokkur skip reknetjaveiði í hafinu fyrir austan Ísland og hafa stundað þá veiði fram á þennan dag og það með miklum árangri. Hafa skipin sótt síldina austur undir Færeyjar, og sýnir það sig, að þetta er íslenzkum fiskiskipum vel fært. Flest skipin neyddust þó til að hætta, og ollu því fjárhagsörðugleikar. Þau gátu ekki aflað sér reknetja. Bendir allt til, að hægt sé að reka velflest síldveiðiskipanna með góðum hagnaði við þessa veiði, og hefði mátt framleiða mikið magn af hinni eftirsóttu sumarsíld, ef ráðstafanir hefðu verið gerðar í tíma til þess að gera flotanum þetta kleift. Mikil nauðsyn er á því, að síldveiði fyrir Norður- og Austurlandi falli ekki niður, þó að veiði hafi brugðizt. Hitt er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að breyta um veiðiaðferðir og leita lengra, og verður ríkisstj. að gera ráðstafanir til að gera síldveiðiflotanum það kleift.

Rannsóknum á göngum síldarinnar í norðanverðu Atlantshafi fleygir nú mjög fram. Er því vel líklegt, að hægt verði með öruggri vissu að hafa upp á því, hvar síldin heldur sig á hverjum tíma. Ef svo færi og síldveiðifloti landsins væri tilbúinn til veiða, þá eru í honum svo mörg góð skip og stór, að hann getur sótt síldina, jafnvel þótt fara þurfi eftir henni suður til Færeyja eða austur undir Noreg. Til þess að þetta verði mögulegt, verður að halda síldveiði áfram og það þótt breyta þurfi veiðiaðferðum og nýtingu aflans.

Ég vil einnig benda á, að Faxaflóasíldveiði hefur engan veginn verið sótt með kappi, sem þó er álitleg og hagkvæm veiði fyrir velflest hinna smærri síldveiðiskipa, sem eru of lítil til að sækja síldina suður og austur í hafið milli Íslands og Færeyja. Ástæðan fyrir þessu hefur ekki verið sú, að ekki hafi skip fengizt til að stunda þessa veiði, heldur sljóleiki stjórnarvaldanna. Í fyrra var hvað eftir annað á veiðitímanum sett veiðibann, vegna þess að stjórnarvöldin töldu sig ekki vera búin að selja saltsíldina. Þetta truflaði svo mikið veiðarnar í fyrra, að mörg skip urðu fyrir tjóni á Faxaflóaveiðinni, sem hefðu getað haft hagnað. Aftur í sumar endurtekur sig sama sagan. Söltun var ekki leyfð, þótt síldveiði væri orðin góð. Loks brá þó ríkisstj. við og gerði ráðstafanir til þess, að hægt væri að salta. Margar aðrar verkunaraðferðir á Faxaflóasíld en söltun eru tiltækar. En ríkisstj. hefur mér vitanlega ekki enn þá gert neinar ráðstafanir til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

Ég bendi á þetta vegna þess, að þjóðinni er mikil nauðsyn á, að gerðar séu ráðstafanir, sem miða að því að bæta upp síldarleysið fyrir norðan, bæði vegna útgerðarinnar og þeirra, sem atvinnu hafa við hana, og ekki síst vegna þjóðarheildarinnar. Á slíkum erfiðleikatímum eins og þeim, sem dunið hafa yfir síldarútveginn, er nauðsynlegt, að ríkisstj. sé vakandi og framtakssöm og aðstoði útveginn við að mæta breyttum aðstæðum með sem minnstu tjóni fyrir þá sjálfa og fyrir þjóðina í heild. Síldarleysið fyrir norðan hefur valdið þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem mest hafa byggt afkomu sína á síldarútvegi, mjög miklum erfiðleikum. Óhjákvæmilegt er, að þjóðarheildin aðstoði þessi byggðarlög í bili, á meðan erfiðleikarnir eru mestir. Ef síldveiðiflotanum er beint að nýjum veiðiaðferðum og lögð áherzla á söltun síldar, mun það geta hjálpað þessum byggðarlögum mikið, því að það mundi veita margvíslega vinnu við verkun síldarinnar. Enn fremur mundi mikil saltsíldarframleiðsla skapa mikla þörf fyrir tunnur, en tunnuverksmiðjur eru bæði til á Siglufirði og Akureyri. Auk þess væri nauðsynlegt að aðstoða þessi byggðarlög til þess að geta snúið sér meira en verið hefur að fiskframleiðslu. Ríkisstj. hefur nú byrjað slíkar aðgerðir, og er það vel. Er þess að vænta, að þeim verði hraðað eftir megni.

Ég hef í ræðu minni staldrað nokkuð við sjávarútveginn og það ekki að ástæðulausu. Sjávarútvegurinn er, eins og oft hefur verið fram tekið, aðalatvinnuvegurinn og sá atvinnuvegur, sem skapar gjaldeyri þjóðarinnar. Allar aðrar framleiðslugreinar í landinu, þótt nauðsynlegar séu og óhjákvæmilegar fyrir þjóðlífið, framleiða að mestu vörur fyrir innlendan markað. Afkoma þeirra byggist á því, að til sé gjaldeyrir til kaupa á hráefnum og kaupgeta sé fyrir hendi í landinu til þess að geta selt framleiðsluna.

Íslenzkur iðnaður á nú við mjög mikla örðugleika að stríða. Þeir örðugleikar eru eins og gerist og gengur margvíslegir, en þó er það eitt, sem öllu fremur veldur hinni miklu stöðnun og atvinnuleysi í iðnaðinum, en það er þverrandi kaupmáttur almennings. Iðnaðarfyrirtæki liggja með miklar birgðir af framleiðsluvörum, sem ekki fást kaupendur að, ekki vegna þess, að þörfin sé engin, heldur vegna getuleysis hjá almenningi. Hið sama er nú komið á daginn með afurðir landbúnaðarins. Neyzla mjólkur og mjólkurafurða fer minnkandi. Og sama á sér stað um aðrar landafurðir. Þetta fyrirbrigði veldur miklum áhyggjum, og er það óneitanlega kvíðvænlegt fyrir bændur, sem hafa margir hverjir staðið í dýrum framkvæmdum til þess að auka framleiðslu sína, að standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að markaður fyrir framleiðsluvörur þeirra minnkar, þegar þeir þurfa að geta selt meira.

Mjólkurneyzla í landinu hefði átt að geta vaxið mikið frá því, sem hún var mest. Það var því full ástæða til þess fyrir bændur að auka framleiðslu sína. Þegar mjólkurvöruneyzlan minnkar, er það glöggt vitni um, að fátækt fer vaxandi í landinu.

Þannig hefur þróunin verið undanfarin ár. Sjávarútvegur hefur færzt saman, rekstrarafkoma hans hefur versnað og hann veitt minni atvinnu en áður. Iðnaður hefur stöðvazt að verulegu leyti og hvers konar byggingarstarfsemi dregizt saman. Mikill fjöldi verkafólks, sem starfað hefur í þessum atvinnugreinum, stendur nú uppi atvinnulítill eða atvinnulaus. Nú fara áhrifin af þessu að koma fram í allsherjar stöðnun í þjóðfélaginu, almennri vöntun á kaupgetu, sem síðan verkar aftur til aukinnar stöðnunar í atvinnulífinu og þannig áfram, þar til komið er algert kreppuástand og almennt atvinnuleysi. Það er slíkt ástand, sem nú er framundan. Undanfarin ár hefur ríkisstj. stefnt að slíku ástandi. Af hálfu ríkisstj. hefur verið háð barátta gegn of mikilli kaupgetu. Allar ráðstafanir hafa verið miðaðar við það að draga úr þessari kaupgetu. Tollar og skattar hafa verið auknir, svo að hundruðum milljóna nemur. Verðlagseftirlit hefur verið afnumið. Gengi íslenzku krónunnar hefur verið tvisvar lækkað og í þriðja sinn með bátagjaldeyrisálaginu. Dregið hefur verið úr öllum lánveitingum, bæði til bygginga og rekstrar, og ýmsar fleiri ráðstafanir hafa verið gerðar í þessa átt. Áhrifin hafa óhjákvæmilega orðið samdráttur í atvinnulífinu. Þessar aðgerðir allar stefndu til kreppu og öngþveitis. Frjálsi innflutningurinn, eins og hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, framkvæmdi hann, rak síðan smiðshöggið á þessa þróun. Kreppuástand er þegar skollið á. Atvinnuleysi fer nú dagvaxandi. Það er þegar orðið geysimikið víða úti á landi, og er fyrirsjáanlegt, að mikið atvinnuleysi verður í landinu öllu á næsta vetri, nema gripið sé til skjótra úrræða.

Atvinnuleysi er vágestur, sem Íslendingar þekkja. Við það böl barðist alþýða þessa lands á árunum 1931—39. Allt líf fólks mótast af því allsleysi, sulti og menningarleysi, sem atvinnuleysið hafði í för með sér á þeim árum. Á stríðsárunum og fyrstu árin eftir stríðið var vinna handa öllum. Öllum almenningi tókst að rétta sig úr kútnum og lifa mannsæmandi lífi. Fjöldi alþýðufólks hefur eignazt eigið hús eða íbúð, sæmilegt innbú, getað kostað börn sín til náms og veitt sjálfum sér meiri ánægju í lífinu en hægt var að láta sig dreyma um á atvinnuleysisárunum fyrir stríð. Þetta var hægt vegna hinnar almennu atvinnu, vegna þess að öll starfsorka þjóðarinnar var hagnýtt. Nú eru að skapast nýir tímar, ef áfram verður haldið á þeirri braut, sem ríkisstjórnin fylgir nú. Nú er skortur og atvinnuleysi. Eins og dýrtíðin er nú, má heimilisfaðirinn ekki vera lengi atvinnulaus til þess, að gjöldin verði ofviða, og þá er voðinn vís og allt það, sem almenningur hefur áunnið sér á undanförnum árum, í hættu. Verði atvinnuleysi almennt í bæjum landsins, eins og nú horfir, er rétt fyrir þjóðina alla að gera sér það ljóst, að í því felst þjóðarböl. Stöðnun verður í iðnaði og verzlun. Markaður landbúnaðarafurða dregst stórlega saman og veldur taprekstri og skuldasöfnun hjá bændum með svipuðu móti og var á kreppuárunum fyrir stríð.

Atvinnuleysið, sem skall yfir Ísland árið 1931, stafaði að verulegu leyti af utanaðkomandi áhrifum. Verðhrun og markaðskreppa í viðskiptalöndunum var upphafið. Nú hefur ekkert slíkt skeð enn sem komið er erlendis. Enn er hægt að fá markað erlendis fyrir alla okkar framleiðslu á sæmilegu verði. Í nokkrum greinum hefur verðið lækkað, einkum vegna skyndilegrar og óeðlilegrar hækkunar, sem stóð í sambandi við Kóreustyrjöldina. Það er ekki þess vegna, að miklar birgðir sjávarafurða liggja óseldar í landinu. Það er ónytjungsskapur ríkisstj. og herfileg mistök, sem valda því fyrst og fremst, að svo er komið. Kreppa sú og atvinnuleysi, sem nú er að skella yfir landið, er því að kenna íslenzkum stjórnarvöldum einum. Það er orðin óhjákvæmileg nauðsyn, að breytt verði um stefnu í íslenzkum stjórnmálum. Ef ríkisstj. vill ekki viðurkenna þá staðreynd, verður þjóðin að grípa til sinna ráða þegar þar að kemur.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, lokið máli sínu. — Næstur tekur til máls fulltrúi Sjálfstfl., hv. þm. Barð., Gísli Jónsson.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ef ákveðið væri í stjórnarskrá landsins, að hver sá þm., sem flytur þjóð sinni vísvitandi ósannindi og rangfærslu í ræðu frá Alþingi eða kemur fram í umr. á annan óþinglegan hátt, skyldi missa við það þingsetu, þá hefði tilheyrendum áreiðanlega verið hlíft við að hlusta á sumt af því, sem þeir hv. þrír þm. hafa látið frá sér fara, sem hér hafa talað á undan mér.

Í tilefni af ummælum hv. þm. Ísaf. vil ég aðeins segja það, að þau sýna greinilega, hversu smeykur þessi hv. þm. er við dóm fólksins við Ísafjarðardjúp yfir verkum hans og flokks hans. Lítilsvirðingarorðum hans um einstök byggðarlög við Djúp tel ég óþarft að svara.

Fjárlfrv. fyrir árið 1953, sem ráðh. hefur lagt hér fram og er til 1. umr., er í höfuðatriðum lítið frábrugðið fjárl. yfirstandandi árs. Heildartekjurnar eru áætlaðar nærri 12 millj. kr. hærri, án þess þó að gert sé ráð fyrir nokkrum nýjum tekjustofni. Mestur hluti hækkunarinnar er áætlaður af hærri tekjum frá tekju- og eignarskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, eða alls 7½ millj. kr. Hækkun tekna af stimpilgjöldum er áætluð 1.2 millj. kr., og hækkun á tekjum af ríkisstofnunum er áætluð rúml. 2 millj. kr. Aðrar áætlaðar hækkanir eru smávægilegar og skipta ekki máli.

Í 2. gr. tekjubálksins, 14. tölul., er gert ráð fyrir 300 þús. kr. tekjum af erfðafjárskatti. Á síðasta Alþ. var þessum tekjustofni ráðstafað með sérstökum l. til þess að sinna öðru ákveðnu hlutverki. Er liðurinn því tekinn á frv. fyrir mistök, sem sjálfsagt er að leiðrétta. En við það lækkar tekjuáætlunin um þá upphæð og hagstæður áætlaður greiðslujöfnuður sömuleiðis, en hann er á frv. áætlaður 560 þús. kr., eða 2.1 millj. kr. óhagstæðari en á fjárl.

Af tekjuáætlun er því ljóst, að fjmrh. hefur ekki hugsað sér að leggja fram á þessu þingi frv. til nýrra skattal. eða beita sér fyrir því, að gerðar verði raunhæfar endurbætur á ríkjandi skattalöggjöf. Kom þetta og nokkuð fram í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan. Mun það valda þjóðinni miklum vonbrigðum. — Á síðasta Alþ. var samþykkt þáltill. frá sjálfstæðismönnum um að skipa mþn. til þess að gera till. um nýja og réttlátari skattalöggjöf og leggja þær fyrir það þing, sem nú situr. Er bæði vitað og viðurkennt, að skattalöggjöf sú, er vér búum við, er úrelt, óheilbrigð og í mörgum atriðum beinlínis ranglát. Það er einnig vitað, að margir þm. líta svo á, að réttlát og viturleg skattalöggjöf skapi traustari grundvöll undir fjárhagsafkomu fyrirtækja og einstaklinga og skapi þar með betri og öruggari vinnuskilyrði fyrir almenning en bein og jafnan óviss fjárframlög úr ríkissjóði eða önnur bein afskipti af atvinnumálunum, eins og orðið hefur að láta í té á síðari árum beinlínis vegna hinna óhollu áhrifa skattalaganna á atvinnulífið í landinu. Það er því mjög aðkallandi, að n. ljúki sem fyrst störfum og afhendi þinginu till. sínar. Væri æskilegt, að þetta gæti orðið þegar á þessu þingi. Sé þess enginn kostur, er nauðsynlegt að fá vitneskju um, hvenær þess er að vænta, að verkinu verði lokið, því að hvorki þingmenn né þjóðin munu sætta sig við, að mál þetta verði dregið lengur en eðlilegt er.

Það verður að teljast mikil bjartsýni að áætla nærri 8 millj. kr. hærri tekjur á næsta ári af tekjustofni, sem háður er afkomu þessa árs, eins og tekjuskatturinn er, nema því aðeins að á bak við liggi fyrirhuguð hækkun á gildandi skattstiga. Það er kunnugt, að síldveiði hefur aldrei brugðizt svo hrapallega sem í ár, og það er einnig kunnugt, að lokun fjarða og flóa fyrir dragnótaveiði hefur bakað mikið tjón ýmsum mönnum, sem áður höfðu af henni alldrjúgar tekjur, og ekkert fengið í staðinn. Það er enn fremur kunnugt, að varla er að vænta meðaltekna frá landbúnaðinum. Framleiðendur til lands og sjávar hafa mætt meiri erfiðleikum í ár vegna hækkandi kaupgjalds, meiri takmarkana á markaði og margs fleira, sem allt kemur til með að hafa áhrif á afkomu fyrirtækja og einstaklinga. En allt þetta hefur áhrif á tekjuskattinn á næsta ári. Þá er einnig ljóst, að hvað sem líður álögðum tekjuskatti undanfarið, þá er innheimta hans miklu lakari en æskilegt væri, og sýnir ekkert betur, hve ótryggur tekjustofn hann er. Annars gefa hinar áætluðu hækkanir á tekjuliðunum fullt tilefni til þess að ætla, að ríkisstj. sé ákveðin í því að stuðla að því eftir megni að skapa atvinnuvegunum og því fólki, sem við þá starfar, möguleika til þess að inna af hendi allar þær greiðslur, sem renna eiga í ríkissjóðinn af fyrrnefndum tekjustofnum. Allt annað væri blekking, sem mundi hefna sín og skapa margvíslega erfiðleika, sem fyrst og fremst bitnuðu á ríkisstj. og ríkissjóði, en öruggasta leiðin að því marki hefði einmitt verið setning nýrra og viturlegra skattalaga.

Ég mun láta þessar aths. nægja um tekjubálk frv. á þessu stigi málsins.

Við athugun og samanburð á gjaldabálknum sést, að áætluð gjöld hafa hækkað um tæpar 20 millj. kr. á rekstrarreikningnum á fjárl. Kemur hækkunin nokkurn veginn jafnt niður á alla liði frv. nema þá, sem tilheyra verklegum framkvæmdum. Áætluð útgjöld til þeirra eru víðast hvar áætluð nokkru lægri en í fjárl. Af þessu er ljóst, að útgjaldahækkunin stafar svo að segja eingöngu af hækkandi launum, enda er það greinilega tekið fram í aths. frv. Það hefur jafnan verið áhyggju- og umræðuefni á hverju þingi undanfarin ár að sjá fjárl. hækka um tugi milljóna af þessum ástæðum. Og það er alveg ljóst, að verði ekki unnt að spyrna hér við fótum, endar það að lokum með því, að það verður eina verkefni hæstv. fjmrh. og Alþ. að tryggja á einn eða annan hátt greiðslur launa til þeirra, sem sækja þau í einni eða annarri mynd í ríkissjóðinn. Væri þingsetan þá orðin ömurlegt starf, er svo væri komið málum. Við umr. um þessi mál á síðasta þingi var upplýst, að fjöldi starfsmanna ríkisins, m. a. við menntastofnanir og víðar, hafði raunverulega 60—90 þús. kr. árslaun frá ríkinu, þótt launal. ákvæðu þeim eigi meira en 40—50 þús. kr. Þóttu upplýsingar þessar svo athyglisverðar, að rétt þótti að fyrirskipa gagngerða athugun á þessum málum, og var því samþ. í sambandi við afgreiðslu ákveðins lagafrv. svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Ríkisstj. lætur fara fram fyrir 1. júní n. k. athugun á launum og viðbótarlaunum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo að ljóst sé, hverjar heildartekjur þeirra eru í launum frá ríkissjóði eða ríkisfyrirtækjum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem aðili lætur í té fyrir greidd laun. Að lokinni þeirri athugun og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir, skal ríkisstj. gera á ný till. um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og leggja þær síðan ásamt upplýsingunum fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Upplýsingar þær, sem hér um ræðir, fylgja ekki fjárlfrv., en væntanlega verða þær látnar Alþ. í té svo tímanlega, að unnt verði að athuga það fyrir afgreiðslu frv. við 2. umr. Hins vegar má segja, að hæstv. fjmrh. beri fram till. um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkisins, þar sem alls staðar er reiknað með ákveðinni hækkandi verðlagsvísitöluuppbót á laun, með þeim afleiðingum til útgjalda, sem ég hef lýst hér að framan. Verði þessar till. samþ., hækka enn laun þeirra manna, sem gáfu tilefni til rannsóknarinnar, í 70—100 þús. kr. að óbreyttum aukalaunum, án þess þó að þeir skili jafnlöngum vinnudegi og almennur verkamaður. Þykir mér skylt að láta þetta koma hér fram, þar sem skýrsla um rannsókn málsins fylgir ekki frv., en upplýsingar þessar hafa hins vegar vakið geysiathygli meðal almennings.

Í 14. gr. B. á fjárlagafrv. eru áætlaðar 56 millj. kr. til kennslumálanna einna, en auk þess eru áætlaðar nokkrar milljónir á öðrum greinum til fræðslumálanna í ýmsum myndum. Við þetta bætast síðan stórar upphæðir frá sveitarsjóðunum, og þótt ríkið reisi og reki skóla víða um land og flestir séu jafnan fullskipaðir, hópast fólk á öllum aldri að öðrum menntalindum, svo sem bréfaskólum, námsflokkafræðslu, einka-

skólum, námskeiðum og mörgu fleiru. Það er því ljóst, að menntaþrá fólksins á sér engin takmörk, og er það vel. En það sannar þá líka hitt, að engin nauðsyn bar til þess að lengja með lögum skólaskylduna, sem kostar ríkissjóð of fjár. En sé þess að vænta, sem allt bendir til, að framlög ríkissjóðs til fræðslumálanna verði framvegis hæsti liður útgjaldanna á fjárl., er full ástæða til þess að láta fara fram á því athugun, hvort það menntakerfi, sem við búum við, sé það hagkvæmasta, bezta og hollasta, sem völ er á, og hvort það sé alveg lífsnauðsyn, að margir af þeim mönnum, sem mennta þjóðina, þurfi að hafa allt að því 100 þús. kr. árstekjur.

Það hefur jafnan þótt nokkrum erfiðleikum bundið að afgreiða fjárl. fljótt og vel á síðasta þingi fyrir kosningar. Stjórnarandstaðan og jafnvel þm. yfirleitt hafa þá enn meiri áhuga fyrir því að koma fram málum sínum og halda þá venju fremur fast á kröfum sínum og óskum. Er út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Slíkt kann að gefa þingi og stjórn enn gleggri mynd af þörfum þjóðarinnar á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Hitt verður hinn ábyrgi hluti þingsins jafnan að hafa hugfast, að úr öllum þörfum þjóðar, sem enn á flest ógert og hefur takmarkaða getu, er ekki unnt að bæta á einu ári, hversu góður vilji sem er fyrir hendi, og breytir þar engu um, þótt kosningar standi fyrir dyrum. Það er engin lausn vandamála að flana að framkvæmdum með það eitt fyrir augum að skapa mönnum eða flokkum fylgi við einar kosningar, ef síðar skyldi koma í ljós, að engir möguleikar eru til að ljúka þeim á eðlilegan hátt eða að víkja verður til hliðar öðru, sem þjóðinni mundi vera hollara að framkvæma, því að það má aldrei gleymast, að það, sem þjóðinni er mestur hagur að til tryggingar afkomu almennings bæði til lands og sjávar, á að hafa forgangsrétt hverju sinni.

Þótt Sjálfstfl. hafi ekki lagt til hæstv. fjmrh. í núverandi ríkisstj., þá hefur hann þó heitið honum fylgi og fullum stuðningi í sambandi við afgreiðslu viturlegra fjárl. og jafnan haldið það heit í hvívetna. Hann mun því á þessu þingi sem fyrr standa að afgreiðslu fjárl. með fullri ábyrgðartilfinningu, alveg án tillits til þess, að kosningar eiga að fara fram á næsta ári, og væntir þess sama af samstarfsflokknum í þinginu. Virðing þingsins liggur nú við sem fyrr, að fjárl. verði afgreidd greiðsluhallalaus fyrir árslok og að hlúð verði í hvívetna að öllu því, sem skapar varanleg verðmæti fyrir þjóðina, og um þessi meginatriði vill Sjálfstfl. hafa fulla samvinnu.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins ræða að öðru leyti einstaka liði frv. Því verður nú, er þessari umr. hefur verið frestað, vísað til fjvn., og gefst þar tækifæri til þess að ræða einstök atriði þess og marka þá stefnu, sem endanlega verður lagt til að fylgt verði við afgreiðslu þess út úr þinginu.

Það fjárhagskerfi, sem þjóðin hefur búið við síðan snemma á árinu 1950, er núverandi ríkisstj. tók við völdum, hefur, eins og kunnugt er, haft víðtæk áhrif á fjárhag ríkisins, afkomu atvinnuveganna og einstaklinganna í landinu. Meðan Sjálfstfl. fór einn með ríkisstj. eftir síðustu almennar kosningar, undirbjó hann þetta mál í öllum aðalatriðum og lagði til, að fallizt skyldi á till. hans til þess að bjarga atvinnuvegunum og fjárhag ríkisins. Eins og þá var komið málum, voru atvinnuvegirnir að stöðvast í raun og veru. Vöruskorturinn í landinu var þá slíkur, að biðraðir stóðu tímunum saman við hverja búð, sem hafði eitthvað að selja. Svarti markaðurinn var stór tekjulind fyrir einstaka menn, en ekkert af þeim gróða fór í ríkissjóð eða í sveitarsjóðina. Neytandinn varð að velja á milli að greiða hið krafða verð eða vera án vörunnar. Um ekkert var barizt jafnhatrammlega og um innflutnings- og gjaldeyrisleyfin. Allra bragða var neytt til þess að klófesta þau, einnig á svörtum markaði, því að hver sem hlaut þau í ríkum mæli öðlaðist jafnframt bæði arð og völd, enda var lögð höfuðáherzla á það í kosningunum 1949 af Framsfl., að frambjóðendur lofuðu því að vinna að auknum innflutningsfríðindum fyrir kaupfélögin og Sambandið. Sjálfstfl. var fullkomlega ljós sú hætta, sem almennu frelsi stafaði af þessu ástandi í þjóðfélaginu. Hann tók því upp baráttu fyrir meira frelsi í innflutningi og viðskiptum, með þeim árangri, að nú er svarti markaðurinn dauður, biðraðirnar horfnar, búðirnar fullar af vörum og fólkinu frjálst að verzla þar, sem það telur sér hagkvæmast. Hið skráða verð á erlendum gjaldeyri var þá í engu samræmi við kaupmáttinn innanlands, enda boðið margfalt í hann á svörtum markaði. Verði hans var því breytt til samræmis við annað verðlag í landinu. Hundruðum milljóna var varið til styrktar bátaflotanum, og fór sú upphæð vaxandi við hver áramót. Þessum bótagreiðslum var hætt og þeim létt af ríkissjóði. Útgerðarmönnum var hins vegar leyft að selja nokkurn hluta gjaldeyrisins með hærra verði til kaupa á vörum, sem ekki voru lífsnauðsynlegar til framfærslu almenningi. Settar voru reglur um greiðslur launa til tryggingar því, að hagur launþega yrði ekki fyrir borð borinn. Tveir stærstu stjórnmálafl. á Alþingi komu sér saman um að framkvæma þessar till., en minnsta flokkinn skorti manndóm til þess að taka þátt í þeirri uppbyggingarstarfsemi. Skýrsla hæstv. fjmrh. um fjárhagsafkomu ríkissjóðs og fjárlfrv. sjálft, sem samið er með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af þessu kerfi, síðan það var tekið upp, bera þess glöggt vitni, að afkoma almennings í landinu og afkoma ríkissjóðs hefur á allan hátt verið betri en jafnvel bjartsýnustu menn þorðu að vona þann tíma, sem þjóðin hefur búið við þetta kerfi, sem Sjálfstfl. lagði grundvöllinn að og barðist fyrir að tekið yrði upp til að komast yfir þá erfiðleika, sem þá steðjuðu að. Og þó hefur þjóðin á þessu tímabili orðið fyrir óvanalega þungum áföllum vegna aflaleysis og erfiðs tíðarfars. Hin harða gagnrýni stjórnarandstöðunnar á þetta fyrirkomulag — án þess þó að geta bent á nokkuð annað betra — breytir engu um þessar staðreyndir. Að stjórnarflokkarnir eru ákveðnir í að halda þessari stefnu áfram nú, þrátt fyrir kosningar á næsta ári, sýnir kannske hvað bezt, hversu vel hún hefur gefizt. Ríkisstj. hefur að vísu ekki tekizt að stöðva dýrtíðina í landinu á þessu tímabili. En það hefur ekki heldur neinum þjóð-

um tekizt, sem við skiptum við. Þar fer vöruverð og kaupgjald sífellt hækkandi, og það hefur óviðráðanleg áhrif á vöruverð og dýrtíð hér á landi, sem ekki verður ráðið við nema með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, sem taka verður aftur af fólkinu í sköttum. Þann hluta dýrtíðarinnar, sem stafar af hækkandi kaupgjaldi, er tæplega á meðfæri neinnar ríkisstj. að takmarka einhliða. Til þess þarf samkomulag við launastéttirnar, og öllum er kunnugt um, að það er ekki fyrir hendi. Mikill meiri hluti launþega telur sér enn trú um það, að með flestum krónum séu kjör þeirra tryggust. Meðan sú skoðun er ríkjandi, verður ekki létt verk að stöðva dýrtíðarskrúfuna, einkum á meðan erlent vöruverð fer sífellt hækkandi. Hitt hefur ríkisstj. aftur á móti gert, að sýna fullan vilja á því að styðja atvinnuvegina, eins og nú skal sýnt fram á.

Þegar nýsköpunarstjórnin tók við völdum árið 1944, lýsti hún því yfir fyrst allra ríkisstjórna, að hún vildi vinna að því ötullega, að allir landsmenn gætu haft atvinnu við sem arðvænlegastan atvinnurekstur. Gerði hún jafnframt þá þegar margar raunhæfar og víðtækar ráðstafanir til þess, að svo mætti verða. Sjálfstfl. hefur aldrei síðan látið niður falla baráttu fyrir því, að örugglega yrði haldið áfram á þessari braut, sem hann þá markaði í atvinnulífi þjóðarinnar. Með þessari yfirlýsingu Sjálfstfl. og þeim framkvæmdum, sem fyrir hans áhrif hafa fylgt henni síðan, hefst hér sú stórkostlegasta bylting í atvinnuháttum þjóðarinnar, sem nokkru sinni hefur átt sér stað í lífi hennar.

Margt af því, sem gert var þá, og margt af því, sem á eftir fór, hefur ekki einasta bætt stórkostlega hag þegnanna og aukið meira en nokkuð annað tekjur ríkis og sveitarsjóða, heldur hefur það og beinlínis komið í veg fyrir, að eymdarástand yrði með þjóðinni sem afleiðing af aflabresti og illviðrum. Vegna þessarar baráttu Sjálfstfl. og vegna þess skilnings, sem hún hefur mætt hjá samstarfsflokkum hans á hverjum tíma, hefur tekizt að halda hér uppi í mjög ríkum mæli atvinnu við betri kjör en áður voru þekkt og við betri kjör en þekkt eru í flestum öðrum löndum.

Fjárlagafrv. ber þess glöggt vitni, að ríkisstj. ætlar að hafa samvinnu um að halda áfram á þessari braut, og er það vel, enda er það meginskilyrði fyrir því, að treysta megi tekjuáætluninni, að tryggt sé, að flestir menn hafi atvinnu við sem arðvænlegust kjör. Það hefur að vísu ávallt verið ágreiningur um það í þinginu, eftir hvaða leiðum og með hvaða skilyrðum skyldi veita hina miklu fjárhagslegu aðstoð til atvinnuaukningar, sem látin hefur verið í té á hverjum tíma. Meiri hluti þingsins hefur markað þá stefnu að gefa með margvíslegri löggjöf meiri rétt og betri aðstöðu fjöldaframtakinu en einstaklingsframtakinu í atvinnurekstri í landinu og með því beinlínis stuðlað að því að ota meira og meira einstaklingunum út af athafnasviðinu. Ég fullyrði, að þessi stefna er röng. Framtak, sem hópur manna stendur á bak við, oft sundurlyndur hópur, oft viljalítill til að leggja fram alla nauðsynlega krafta, sem til þess þarf að yfirvinna erfiðleikana, oft með minni ábyrgðartilfinningu en æskilegt væri, á ekki að hafa meiri rétt í þjóðfélaginu og betri aðstöðu til að fá fjárhagsaðstoð frá ríkissjóði en framtak, sem á bak við stendur einn sterkur aðili, sterkur í skapgerð, viljasterkur, framsækinn og hafandi yfir að ráða mikilli reynslu og miklum hæfileikum til þess að leysa vanda. Framtak á ekki að metast eftir því, hve margir eða fáir standa á bak við það, heldur eftir hinu, hvaða verðmæti það skapar fyrir þjóðarbúið. Þegar horfið verður að því að setja fyrst og fremst slíkt skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð, mun einstaklingsframtakið aftur leysa margan þann vandann, sem ríkisvaldið verður nú að ráða fram úr. Það þurfa því miður ekki að koma mörg eða stór áföll fyrir sum af þeim fyrirtækjum, sem fjöldaframtakið stendur að, svo að krafa komi fram um, að ríkissjóður taki við þeim að fullu og öllu. Og þessar kröfur hafa þegar komið fram frá sumum þeim aðilum, sem trúað hefur verið fyrir stórum fúlgum úr ríkissjóði, beinlínis vegna þess að nægilegur fjöldi stóð á bak við samtökin, en minna af viti og vilja til að yfirvinna erfiðleikana.

Þjóðin verður ekki lengi öndvegisþjóð, eigi hún eftir að lúta fyrirskipunum frá ríkisvaldinu um öll sín atvinnumál, en það kann að vera skemmra undan en margan grunar, ef haldið er fast við það að hafa mismunandi rétt til atvinnurekstrar, sem byggist á því, hvort margir eða fáir standa á bak við. Ég hef nýlega kynnzt ríkisstofnun í landi, sem er í miklum uppgangi eftir margvíslegar þrengingar, sem hefur það eitt takmark að aðstoða einstaklingsframtakið til þjóðnytjastarfa á öllum sviðum þjóðlífsins. Fullyrða forstjórar stofnunarinnar, að aldrei hefði umbótum þar í landi verið komið á svo sem raun ber vitni um, ef þessi stefna hefði ekki verið tekin upp. Hér förum við alveg þveröfugt að, enda sjást þess glögg merki í fjárlögum ríkisins. Það eru mörg og stór verkefni ólcyst enn með þjóð vorri, sem einstaklingurinn mundi fúslega vilja glíma við, ef honum væru tryggðir möguleikar til að njóta sín og til að byggja upp atvinnureksturinn á heilbrigðum grundvelli.

Allt fram að síðustu aldamótum má segja, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hafi aðeins verið tveir, landbúnaður og sjávarútvegur. Þótt nokkur útflutningur hafi jafnan verið frá landbúnaði, fór þó meginhluti framleiðslu hans til að fæða þjóðina, meðan sjávarútvegurinn sinnti meira því hlutverki að afla gjaldeyris í þjóðarbúið. Báðir áttu þeir það lengi vel sameiginlegt að flytja framleiðsluna út í formi hráefna og selja hana fyrir lægsta verð, og enn er þessu haldið áfram í allt of ríkum mæli. Ríkisstj. hefur fullan skilning á gildi beggja þessara atvinnuvega fyrir þjóðarheildina og hefur gert margvíslegar ráðstafanir til tryggingar þróun þeirra langt fram í tímann. Verður sumt af því varla metið sem skyldi fyrr en síðar. Sýnt er á fjárlagafrv., að stjórnin er staðráðin í að nema hér ekki staðar, og ber að fagna því. Hinar stórstígu framkvæmdir á sviði þessara mála gerðu ekki einasta að undirbyggja þriðja atvinnuveginn, iðnaðinn í landinu, heldur beinlínis kölluðu á hann í sífellt stærri stíl. Er nú sýnt, að hvorki landbúnaður né sjávarútvegur fær notið sín til hálfs,

nema samfara rísi hér upp nægilega öflugur og nægilega fjölbreyttur iðnaður, sem tekur við hráefnunum frá sjó og landi og breytir þeim í svo verðmæta vöru sem kostur er á, áður en hún er seld innanlands eða utan, og gæti auk þess lagt atvinnuvegunum til hentug áhöld og efni, eftir því sem þörf er á hverjum tíma.

Þótt iðnaðurinn sé tiltölulega nýr atvinnuvegur í landinu, hefur hann samt sem áður náð því að verða álíka nauðsynlegur og umfangsmikill og hinir tveir, sem fyrir voru. Bezta sönnunin fyrir þroskaskilyrðum hans og viðgangi er hin glæsilega sýning, sem haldin er þessa daga á íslenzkri iðnaðarframleiðslu.

Það er nú þegar ljóst, að þessi atvinnuvegur er þjóðinni svo þýðingarmikill, að skipulagning hans og þróun er eini möguleikinn til þess að útrýma varanlegu atvinnuleysi í landinu, eini möguleikinn til þess að tryggja það, að allir landsmenn, einnig þeir, sem ekki ganga heilir til skógar eða ekki hafa fyrir aðrar sakir náð fullu vinnuþreki, hafi atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur. Það væri rangt að halda því fram, að núverandi ríkisstj. hafi sýnt íslenzkum iðnaðarmálum tómlæti. Hún hefur þvert á móti stutt að þróun hans á margan hátt og þá fyrst og fremst með því að koma upp og styðja að því að koma upp orkuverum fyrir marga tugi milljóna króna, sem eru undirstaðan undir því, að iðnaðurinn geti blómgazt. Hún hefur einnig varið mörgum tugum milljóna króna til að koma upp verksmiðjum í landinu og undirbýr stöðugt áframhaldandi byggingu þeirra. Hún hefur stuðlað að því, að ýmsir aðrir aðilar kæmu upp verksmiðjum fyrir margar milljónir. Öll þessi orku- og iðjuver koma til með að veita þúsundum manna atvinnu í framtíðinni og spara milljónir í gjaldeyri og verða sterkur þáttur í uppbyggingu landsins, en það má ekki heldur nema hér staðar, því að einmitt hér er svo fjölmörgum og fjölþættum verkefnum að sinna, að iðnaðurinn þarf nú, frekar en nokkru sinni fyrr, á fullum skilningi og fullri samúð að halda frá þingi og stjórn.

Eitt af því, sem torveldar, að Íslendingar annist sjálfir allar skipaviðgerðir og skipasmíðar, er vöntun á stórri og góðri þurrkví, ásamt þeim tækjum, sem henni þurfa að fylgja. Er mál þetta í undirbúningi fyrir atbeina ríkisstj., og er þess að vænta, að ekki líði á löngu, þar til hafizt verður handa um að hrinda þessu máli í framkvæmd. En það, sem í dag er mest aðkallandi í iðnaðarmálunum og hægast er að bæta úr, ef þing og stjórn vill, er að skipuleggja sókn gegn innflutningi á öllum þeim vörum, sem íslenzkar hendur geta unnið í landinu eins vel og eins ódýrt og þær, sem inn eru fluttar. Þetta á ekki að ske fyrir sérstaka verndartolla, sem draga úr áhuga framleiðandans fyrir vöruvöndun og vöruverði, heldur fyrir skipulagða samvinnu milli innflytjandans, sem þekkir kröfur kaupandans, og framleiðandans, sem leggur sig fram til að uppfylla þær kröfur. Innflytjandinn er í dag örðugasti steinninn fyrir iðnaðinn að velta úr götu. Hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, sem einnig fer með iðnaðarmálin, verður að beita sér fyrir því, að samvinna takist á milli þessara tveggja aðila, sem báðir geta unað við. Athugun á þessum málum öllum kann vel að leiða í ljós, að færa verði tollalöggjöf landsins til betri vegar á ýmsum sviðum, einkum hvað snertir innflutning hráefna og umbúða, en það má ekki hamla því, að þessum málum verði komið í sem bezt horf. Ég veit ekki, hvort mönnum er það alveg ljóst, að ástandið í þessum málum er þannig í sumum héruðum landsins, að ungir menn hafa engin tækifæri til að læra iðnað af þeim eldri, vegna þess að verk, sem þeir gætu unnið, eru keypt erlendis frá, og þetta er að verða eitt alvarlegasta atriðið fyrir aðra atvinnuvegi sums staðar. Ísland á ekki, svo að vitað sé, kol eða málma að vinna úr jörðu á borð við aðrar þjóðir eða við til að fullnægja þörfum heima fyrir, en það á hin hvítu kol og það á þúsundir af högum höndum, sem fullkomlega vega upp á móti hráefnaskortinum, ef nýting þeirra er vel og viturlega skipulögð. En eigi að gera hér átök, sem um munar, og þess er mikil þörf, verður óhjákvæmilegt að skipa sérstaka yfirstjórn yfir þessi mál, sem hefur það verk með höndum að skipuleggja þau á þann hátt, sem þjóðinni er hollast og nauðsynlegast. Má þessu þingi ekki ljúka svo, að ekki sé mörkuð hér föst og ákveðin stefna í þessu mikilsverða máli þjóðarinnar, því að það mun sannast, að því betur sem búið er að þeim málum, því hægara verður að koma saman greiðsluhallalausum fjárlögum, hvernig svo sem árar að öðru leyti.

Sjálfstæðismönnum um allt land má vera það mikið gleðiefni að vita, að stefna sú, sem flokkurinn markaði á sínum tíma í utanríkismálunum og hann einn allra flokka stóð óskiptur að, hefur fengið fullkomlega viðurkenningu allra lýðræðissinna í þessu landi, og þótt ágreiningur milli lýðræðisflokkanna hafi verið um mörg önnur mál, þá hafa þeir þó verið sammála um þetta veigamikla atriði. Hefur það hvarvetna aukið hróður Íslands, þar sem lýðræðið er nokkurs metið, og verið einn þátturinn í uppbyggingarstarfi því, sem stjórnin hefur unnið að. Verður þáttur Sjálfstfl. og þeirra manna hans, sem farið hafa með þau mál, aldrei ofmetinn. Það má einnig vera öllum landslýð gleðiefni, að tveir stærstu stjórnmálaflokkar landsins hafa borið gæfu til að hafa samvinnu um ríkisstjórn og afgreiðslu mála á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili til að koma fram mörgum aðkallandi nauðsynjamálum, og hvað sem líður friðarspillum, sem standa utan við hin daglegu störf og samvinnu um afgreiðslu mála, en sýna samt hug sinn til samstarfsins með ummælum og blaðagreinum, sem torvelt er að skilja að samstarfsmennirnir vilji bera ábyrgð á, er þess þó að vænta, að hinir ábyrgu menn meti meira þörfina fyrir samstarfið, m. a. við afgreiðslu fjárlaga og annarra aðkallandi vandamála, en fávísan áróður óvandaðra manna.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Barð., Gísli Jónsson, lokið máli sínu. — Tekur nú til máls hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. Barð. sagði, að það væri sýnt, að fjmrh. ætlaði ekki að leggja fram frv. að nýjum skattalögum. Þetta

er misskilningur. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um þetta enn þá. Stafar það af því, að undirbúningi þessara mála er ekki lokið.

Hv. þm. Ísaf. sagðist ætla að ræða hér um fjárlögin áðan. Hann byrjaði með því að taka það fram, að fjárlfrv. væri alltaf að hækka, og vildi ekki láta bera fjárlfrv. saman við fjárlfrv., sem ég lagði fram síðast, heldur saman við fjárl. Þetta er auðvitað alveg út í hött hjá hv. þm., því að vitanlega er alveg eðlilegt að bera þær tillögur, sem ég legg fyrir þingið núna, saman við þær tillögur, sem ég lagði fyrir þingið þá, og ekkert annað en þetta sýnir mína stefnu eða stefnu stjórnarinnar. Þetta ætti hv. þm. að leggja sér á minni.

Þá sagði hv. þm., að það væru miklar búsifjar, sem þjóðinni væru gerðar með þessum háu fjárlögum, og hélt ég þá og sjálfsagt aðrir áheyrendur, að hann ætlaði að fara að gera grein fyrir því, hvernig Alþfl. ætlaði að lækka fjárlögin, þ. e., hverjar væru tillögur hans sér í lagi um lækkun á fjárl., en það var öðru nær. Þegar hér var komið sögu, hætti hv. þm. sem sé snögglega að tala um fjárl. og fór að tala um allt annað. Hann fór að tala um málefni manna í tveimur eða þrem hreppum í N.-Ísafjarðarsýslu. Enn fremur fór hv. þm. að minnast á það, að Austfirðingar væru settir hjá í raforkumálum og það væri undarlegt, þar sem fjmrh. væri þm. fyrir Austurland. Ég held, að hv. þm. hefði átt að athuga það, áður en hann lagði út í þennan málflutning, að þetta er lágkúrulegasta tegund kosningaáróðurs, sem hv. þm. flytur hér við þetta tækifæri. Ég vorkenndi satt að segja hv. þm. þennan málflutning, hvernig hann notaði ræðutíma sinn, og ég get enga skýringu fundið á því aðra en þá, — og virði honum það til vorkunnar, — að hann er nýskriðinn inn á Alþingi með 9 atkv. meiri hluta, kvíðinn fyrir því að koma aftur fram fyrir kjósendur og þess vegna miður sín. Það getur ekki verið önnur skýring á þessu fyrirbrigði. Ég held, að hv. þm. vinni lítið á því t. d. að reyna að læða því inn hjá Austfirðingum, að það hefði verið auðvelt eða hægt yfirleitt að gera allt í senn, byggja Sogsvirkjunina, Laxárvirkjunina, áburðarverksmiðjuna og á sama tíma koma upp stórvirkjun fyrir Austurland. Ég held þess vegna, að áróður hv. þm. hafi sáralitla þýðingu aðra en þá að verða honum sjálfum til leiðinda.

Hv. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, minntist aðeins á fjárl. Hann hóf ræðu sína með því að segja, að Hannibal Valdimarsson, þm. Ísaf., hefði gert fjárlfrv. fullkomin skil. Þá brostu þingmenn í salnum, þegar hann sagði þetta, og ég veit, að hv. þm. hefur skrifað þetta í ræðuna heima í þeirri trú, að hv. þm. Ísaf. mundi gera fjárl. nokkur skil. En þm. Ísaf. brást alveg í þessu efni og þessum flokksbróður sínum hrapallega, og hv. flokksbróðir hans hefur ekki gætt þess að strika þetta framan af ræðunni, áður en hann steig í stólinn. Þess vegna varð þetta mönnum að gamansefni, því að enginn maður tók það alvarlega, að hv. þm. Ísaf. hefði gert fjárl. fullkomin skil. Af þessu mættu menn læra, — ef menn tala tveir í sama flokkstíma, — þá einföldu aðferð, að sá, sem talar á eftir, fái að sjá ræðu þess, sem talar á undan, ef hún er rituð, og ráðlegg ég þessum hv. þm. það framvegis.

Annars deildi hv. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, á stjórnina með gífurlegum stóryrðum, en notaði minna af rökum. Ég get ekki rakið nema örfátt af því. Það einkenndi ræðu þessa hv. þm., sem einkennir ræður þm. nú orðið við þetta tækifæri, að þeir ræða alls ekki frekar um fjárl. eða fjárhagsmálin. Það er talað eins og hér væru eldhúsdagsumræður, og hér er notaður tíminn í fjárlagaumr. til að deila á ráðherra, sem alls ekkert málfrelsi hafa hér, varðandi mál, sem eru fjárhagsmálunum gersamlega óviðkomandi, og þeir geta því ekki svarað. Þetta er vitanlega vítavert.

Hann ræddi nokkuð um fjárhagsmálin, þessi hv. þm., og hann sagði m. a., að það hefði verið farið allt of langt í því að gefa frjálsa verzlunina og það hefði verið farið svo langt í því, að það hefði orðið stórkostlegur halli, og þá hefðu Bandaríkin hlaupið undir bagga og skorið stjórnina, að því er manni skildist, niður úr ólinni. Hér snýr hv. þm. bara öllu við. Við gátum fengið aðstoð frá Greiðslubandalagi Evrópu til þess að gefa verzlunina frjálsa, en ekki til annars. Var þá ekki sjálfsagður hlutur að nota sér þessa aðstoð, sem hægt var að fá með óafturkræfum framlögum, til þess að gera verzlunina að verulegu leyti frjálsa, alveg eins og aðrar þjóðir hafa gert, sem hafa átt kost á slíkri aðstoð? Áttum við kannske að neita stórkostlegu framlagi frá Greiðslubandalagi Evrópu, bara til þess að geta haldið höftunum? Það hefði þurft mikla ást á höftunum til þess að fara þannig að.

Þá segir þessi hv. þm., að stjórnin hafi ætlað að hafa jafnvægisbúskap, en það hafi lítið farið fyrir því jafnvægi, og bendir í því sambandi á viðskiptahallann við útlönd. Hv. þm., sem er prófessor í hagfræði, veit, að hann er hér að blanda óskyldum hlutum saman. Stjórnin vildi koma á jafnvægisbúskap. Það þýddi ekki, að það þyrftu endilega að vera eða ættu að vera eða gætu verið hallalaus vöruskipti við útlönd. Þvert á móti hefur stjórnin stefnt að því frá byrjun, að það yrði stórkostlegur halli á vöruskiptunum við útlönd. Það hefur stjórnin gert þannig, að hún hefur frá byrjun ætlað sér að koma upp stórum fyrirtækjum fyrir lánsfé, og hún hefur ætlað sér að taka á móti framlagi frá Greiðslubandalagi Evrópu til þess að flytja inn verzlunarbirgðir. Þess vegna kom það af sjálfu sér, svo að segja, að þau hlaut að verða stórkostlegur viðskiptahalli fyrstu árin, sem þessi stefna kom til framkvæmda. Jafnvægisbúskapur stjórnarinnar átti að byggjast á því að halda fullkomnu jafnvægi á fjárlögum og miða peningaumferðina innanlands við það, sem framleiðslan gæfi ástæðu til, og stjórnin hefur leitazt við eftir fremsta megni að halda sér við þá stefnu og með allgóðum árangri.

Þá notaði þessi hv. þm. talsvert af tíma sínum til þess að ræða um verzlunina, verðlagninguna sérstaklega og verðlagseftirlit, og reiknaði, eins og hann er vanur í því sambandi, margvísleg dæmi um það, hversu gífurlega

verzlunarálagningin hefði aukizt í tíð núverandi ríkisstj. og hversu óskapleg viðskiptakjör það væru, sem almenningur ætti nú við að búa, — að því er manni skilst, samanborið við það, sem áður hefði verið. Það var það, sem hv. þm. miðaði við. Ég vil nú segja hv. þm., að hann getur haldið áfram að reikna og reikna alveg endalaust. Hvert einasta mannsbarn í þessu landi veit bara, að það er miklu meira framboð á vörum heldur en var á þeim tímum, sem hann miðar við. Og hvert einasta mannsbarn veit, að það er hægt að fá miklu betri viðskiptakjör í verzlunum nú heldur en hægt var að fá þá. Það er alveg sama, hversu lengi hann reiknar verðlag, sem var hvergi til nema á pappírnum, álagningarreglur, sem hvergi voru til nema á pappírnum, og fleiri slíka hluti. Útkoman verður ætíð sú sama hjá honum, en fólkið veit þetta. Við vitum öll, að þetta er svona. Við þurfum ekki annað en að líta í blöðin og fylgjast með auglýsingunum og því, sem boðið er, til þess að sjá, að ástandið hefur gerbreytzt í þessum efnum. Það er alveg óþarfi fyrir menn að gera okrurunum það til geðs, ef þeir reyna að hafa í frammi klæki sína nú, að skipta við þá, en áður voru menn neyddir til þess að gera það. Sá er munurinn. Nú geta menn komizt hjá því, ef þeir vilja, og fengið eðlilegt verð og eðlileg kjör.

Hv. þm. var að blanda hér inn í þessar umr. hervernd landsins og samgangi hermannanna og Íslendinga. Ég vil segja þessum hv. þm. það í sambandi við þetta mál, — og hann deildi mjög á stjórnina í því sambandi, — að okkur er öllum hollt að hafa það í huga, hvernig sem við lítum á þetta mál að öðru leyti, — að herinn er kominn hingað fyrir okkar ósk. Við óskuðum eftir því, að þessi her, sem hér er, tæki að sér vernd landsins. Þess vegna getum við ekki einir skipað alveg fyrir um það, hvað skuli gera og hvað skuli ekki gera. Ég vil segja þessum hv. þm. það og öllum öðrum, þó að ég vilji ekki gera lítið úr því að reyna að vinna í rétta átt í þessu máli, sem hann nefndi sérstaklega, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það eru dálítil óþægindi t. d., sem Norðmenn hafa af því, svo að við tökum dæmi, að hafa núna — að ég held — 18 mánaða herskyldu og láta 20—25% af öllum ríkistekjunum til hernaðarútgjalda. Það eru líka „smávægileg“ óþægindi að því fyrir Dani að hafa sams konar herskyldu, hafa alla sína ungu menn í hernum í 18 mánuði og 20% af sínum ríkisútgjöldum til hernaðar. Þetta eru „smáóþægindi“. Okkar óþægindi eru að vísu talsverð, en þau eru bara allt annars eðlis, og við þurfum ekki að ímynda okkur, að við getum komizt hjá því að verða fyrir óþægindum af því ástandi, sem nú er í heiminum. Hitt er svo annað mál, að það er sjálfsagt að vinna að því af ötulleik, að það þurfi að vera sem minnstur samgangur á milli hersins og borgaranna, en hv. þm. hefði alveg getað sparað sér þau svigurmæli, sem hann viðhafði í sambandi við þetta mál í garð ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Siglf. talaði hér fyrir hönd Sósfl. í hálfa klst. og kom víða við. Hann sagði, að þetta væri hæsta fjárlfrv. og það væri sama eyðslustefnan áfram. Ég gat nú ekki á mér setið að kíma að hv. þm., því að við vitum það nú allt of vel, að á hverju einasta þingi flytja þm. kommúnistafl. tillögur um milljónatuga útgjöld til viðbótar því, sem er á fjárl., og til viðbótar því, sem aðrir samþykkja. Þessi ummæli eru því brosleg hjá hv. þm. Og svo þegar hann var nú búinn að ræða þessa miklu eyðslustefnu og allt þess konar, þá sagði hv. þm., að hann ætlaði ekki nú að ræða einstaka liði fjárlfrv. Það var nú líklega betra fyrir hv. þm. að ræða ekki um einstaka liði fjárlfrv. Maður getur skilið það og virt honum það til vorkunnar, enda forðaðist hann úr því að minnast á fjárlfrv. og fór að ræða um allt annað. Ég held sem sé, að það færi heldur illa fyrir þessum hv. þm., ef hann ætti að benda á, hvernig kommúnistar vilja lækka fjárl., en hins vegar auðvelt að sýna fram á, að þeir vilja hækka þau um tugi milljóna.

Hv. þm. sagði, að fjmrh. hefði glaðzt yfir greiðsluafganginum, en þjóðin ekki. Það er nú svo. — En hvað var gert við greiðsluafganginn? Ég sýndi fram á það í dag. Hann var notaður til þess að greiða fyrir framkvæmdum í sveitum og til þess að bæta úr allra sárasta lánsfjárskortinum í sambandi við íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum. Ætli það hafi nú ekki einmitt farið þannig, að það hafi fleiri en fjmrh. að lokum glaðzt yfir greiðsluafganginum í fyrra, hvað sem hv. þm. vill nú um það segja?

Þá sagði þessi hv. þm., að gengislækkunin hefði verið hið mesta óráð. Hann sagði, að Benjamín Eiríksson hagfræðingur hefði haldið því fram, að öll vandamál væri hægt að leysa með gengislækkuninni, og svo sagði hv. þm.: „Er ekki margur vandinn enn? Og á því sjáum við, hvað það var mikil fjarstæða að halda, að gengislækkunin væri nokkurt úrræði.“

Í fyrsta lagi er nú þess að geta, að Benjamín Eiríksson hagfræðingur hefur vitanlega aldrei haldið því fram, að gengislækkunin væri einhver allsherjar kínalífselexír. Allt það, sem hv. þm. sagði um það, er nú bara, vægast sagt, slúður. Hitt er annað mál, að Benjamín Eiríksson benti á það, að eins og komið væri og eins og raunar fleiri vissu en hann, þá hlaut að verða að grípa til gengislækkunar, en einnig til margra annarra úrræða jafnhliða, enda líka gert. Þá segir hv. þm.: „Ja, gengislækkunin, hvernig er nú þetta, þurfti ekki líka að grípa til bátagjaldeyrisins?“ — og það sama sagði hv. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, — „og er það ekki sönnun þess, að gengislækkunin var ekkert úrræði?“ Jú, það þurfti að grípa til bátagjaldeyrisins, en hvers vegna? Það var vegna þess, að verðlag erlendis á afurðum bátaflotans hækkaði minna, eða réttara sagt fór lækkandi, á sama tíma sem aðfluttar nauðsynjar vegna bátaútvegsins fóru hækkandi. Þess vegna þurfti að bæta bátagjaldeyrinum við gengislækkunina. Annars hefði gengislækkunin orðið einhlít fyrir bátaútvegsinn. Svo segir hv. þm. Siglf., að vélbátaútvegurinn standi verr en nokkru sinni áður. Þetta er vitanlega algerlega rangt. Hver einasti maður t. d., sem kemur nálægt framleiðslu á fiski í sambandi við bátaútgerð, veit, að það er miklu

hagstæðara að framleiða fisk og vinna fisk nú heldur en var fyrir gengislækkunina. Þetta veit hvert einasta mannsbarn, sem nálægt þessu kemur. Þetta eru álíka fullyrðingar hjá hv. þm. eins og ef því væri haldið fram og eins og hv. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, hélt fram í raun og veru, að það hefðu verið miklu hagstæðari verzlunarkjör fyrir almenning áður en nú. Það vita allir, sem koma nálægt fiskframleiðslu, að þannig er þessu háttað. Hitt er svo annað mál, að vegna þess að síldveiðarnar hafa gersamlega brugðizt, þá hefur efnahagur þeirra, sem fyrst og fremst byggja á síldveiðum, hrunið alveg í rúst. Það er gengislækkuninni alveg óviðkomandi og engan dóm um hana hægt að fella í sambandi við þá atburði alla saman. Annars vil ég segja það nú, — því að ég gleymdi að taka það fram áðan, — þegar hv. þm. var að brigzla Benjamín Eiríkssyni hagfræðingi á margvíslegan hátt, að mín skoðun er sú, að Benjamín Eiríksson hafi unnið landi sínu mikið gagn og að ráð hans hafi komið að miklu haldi.

Þá deildi hv. þm. Siglf. af miklu kappi á innflutning iðnaðarvara. Hann gekk svo langt, — því að hann er nú ekkert að skafa utan af því, þegar í það fer, — að hann sagði, að það hefði orðið því nær alger stöðvun í íslenzkum iðnaði, — ég skrifaði þetta orðrétt eftir hv. þm., — og þetta hefði orðið fyrir það, að hellt hefði verið hér inn iðnaðarvörum. En hann var ekki fyrr búinn að sleppa orðinu um þetta en hann fór að krefjast þess, að keyptar væru inn iðnaðarvörur í stórum stíl til þess að geta haldið uppi viðskiptum við Austur-Evrópu, og deildi hér lengi og með sterkustu orðum tungunnar á hæstv. viðskmrh. fyrir það, að hann skyldi ekki hafa látið flytja inn nógu mikið af iðnaðarvörum, til þess að hægt væri að selja frjálslega útflutningsvörur til þessara landa. Þannig var samræmið hjá þessum hv. þm.

Svo að lokum skáldaði hv. þm. langan róman um stórfelldar vörubirgðir, sem ómögulegt væri að selja, en gallar á þessum róman voru tvenns konar. Annars vegar var það, að hann var ekki skemmtilegur hjá hv. þm., honum tókst ekki að gera hann skemmtilegan. Hinn gallinn var, að hann hefur ekkert gildi í þessum umræðum, af því að hann styðst ekki við veruleika. Sannleikurinn er sá, að það mun takast að selja allar útflutningsvörur Íslendinga, hversu langa rómana sem hv. þm. Siglf. skáldar um það, að vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar komist þar allt í hnút.

Hv. þm. sagði að lokum, að það hlyti að skapast algert kreppuástand, nema breytt væri um stefnu, og stefnt hafi verið að kreppu með alls konar samdrætti. Þetta er allt út í bláinn hjá hv. þm. Allir möguleikar hafa verið notaðir út í yztu æsar til þess að láta hjól atvinnuveganna snúast sem hraðast og svo verður gert áfram.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh. lokið máli sínu, og er þar með þessari útvarpsumr. lokið. Umr. er svo að öðru leyti frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 27. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd fjvn. að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

Forseti (JPálm): Áður en atkvgr. fer fram um að vísa málinu til 2. umr., vil ég leyfa mér að leita afbrigða frá ákvæðum 53. gr. þingskapanna um eldhúsdagsumr., þannig að þeim sé frestað, án þess að það sé þó fastákveðið, hvenær þær verða.

ATKVGR.

Afbrigði um að fresta útvarpsumr. leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 283, 313 og 316, 282, 308, 314).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1953, sem nú er hér til 2. umr., var útbýtt á Alþ. þann 2. okt. s. l. og var vísað til fjvn. þann 9. s. m. Lagði ríkisstj. höfuðáherzlu á, að eftirfarandi atriða yrði gætt undir meðferð málsins í nefndinni: Að fjárlagaafgreiðslunni yrði lokið sem fyrst og eigi síðar en fyrir miðjan desember. Að fjárlögum yrði skilað með hagstæðum greiðslujöfnuði. Að tekjuáætlun yrði ekki hækkuð frá því, sem hún er á frv., nema öruggt mætti telja, að hún brygðist ekki. Að gera ekki ráð fyrir neinum nýjum tekjustofnum. Að þeir tekjustofnar, sem á frv. eru, héldust óbreyttir, enda yrði þá að afla tekna á annan hátt, ef eitthvað af þeim skyldi verða afnumið í þinginu.

Meiri hl. n. hafði fullan skilning á þeirri nauðsyn, sem lá á bak við þessar óskir hæstv. ríkisstj., og hagaði því störfum í n. eftir því. Var aldrei neinn ágreiningur um það í n., að afgreiða bæri fjárlögin svo fljótt sem verða mætti og eigi síðar en ósk var borin fram um, og hafa allir nm. stuðlað að því, að svo mætti verða, og engan tíma eða fyrirhöfn sparað, til þess að því takmarki yrði náð. Hvenær sem n. hefur verið kölluð til starfa, hvort heldur um hefur verið að ræða helga daga eða rúmhelga, að degi til eða að kvöldlagi, hefur aldrei verið nein fyrirstaða á því að gegna slíku kalli, enda hefði ekki verið unnt að ljúka starfinu, svo sem gert hefur verið, ef slíkur samstarfsvilji hefði ekki verið fyrir hendi. Ber mér sem formanni n. að þakka meðnm. mínum þá miklu vinnu,

sem þeir hafa jafnan lagt á sig við nefndarstörfin, oft fyrir utan allan venjulegan vinnutíma, og fyrir þann samstarfsvilja, sem þeir hafa sýnt við afgreiðslu frv. til þessarar umr. á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð var í upphafi og hér hefur verið lýst.

Það var heldur enginn ágreiningur í n. um það, að afgr. bæri fjárlögin með hagstæðum greiðslujöfnuði. Þjóðin mun ekki og á ekki að sætta sig við það, að vikið yrði frá þeirri stefnu að afgr. greiðsluhallalaus fjárlög og safnað þannig skuldum, sem kæmu fram sem aukin *byrði á skattþegnana á komandi árum*. Það getur að vísu alltaf komið fyrir, að ríkissjóður líkt og aðrir aðilar verði að taka lán til lengri eða skemmri tíma, ef koma á fram ákveðnum verkefnum eða ef óviðráðanleg atvik koma fyrir, sem úr þarf að bæta. En beinlínis að gera ráð fyrir því við afgreiðslu fjárl., að lán þurfi eða verði að taka til þess að mæta fyrirsjáanlegum, venjulegum greiðslum, er engan veginn verjandi. Hitt hefur verið deilt um í n. og verður jafnan deilt um, á hvern hátt þessu marki verður bezt náð, hvort því skuli náð með hækkaðri tekjuáætlun, sem vafasamt er að rétt reyndist, eða með hækkandi álögum, sem vitað er að þjóðin er andvíg, eða með niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs, sem allir krefjast, en enginn vill þó að bitni á sér, heldur á einhverjum öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Eins og ég gat um í upphafi, hefur komið fram um það ósk frá hæstv. ríkisstj., að tekjuáætlun yrði ekki hækkuð svo, að sýnilegt yrði, að hún reyndist röng við óbreyttar aðstæður. Í tillögum sínum um hækkun tekjuliðanna, er ég mun ræða nokkuð síðar, fylgir meiri hl. n. þessari stefnu. Till. þær, sem fram komu í n. frá 1. minni hl. n., hv. 5. landsk., Ásmundi Sigurðssyni, um hækkun á tekjuáætluninni, voru hins vegar svo fjarstæðukenndar, að ógerlegt var að ljá þeim lið. Sýndi hann með þeim fullt ábyrgðarleysi í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. Meiri hl. vildi að sjálfsögðu ekki taka þátt í slíku ábyrgðarleysi. Samfara þessu bar svo 1. minni hl. fram till. til hækkunar á útgjöldum, *sem skipti milljónum og jafnvel tugum milljóna*. Hann bar einnig fram till. um að fella niður framlög í sambandi við utanríkisþjónustuna, einkum í sambandi við allt það, sem snertir samvinnu við hinar vestrænu þjóðir og öryggisráðstafanir gegn ofbeldi að austan, rétt eins og hér væri fulltrúi erlends herveldis, er reka skyldi miskunnarlaust erindi þess á Alþ., en ekki fulltrúi austfirzkra, friðelskandi bænda, sem ekkert illt verk vilja vinna þjóð sinni, en hafa af einhverjum ástæðum glapizt á því að senda hann á þing.

Það þarf ekki að leita lengi í ræðum og ritum, utan þings og innan, um skatta- og tollamál þjóðarinnar til þess að sannfærast um það, að nú er nóg að gert í álögum á þjóðina og tími kominn til þess að snúa við. Menn krefjast þess, að söluskatturinn sé afnuminn, að tollar séu lækkaðir, að bátagjaldeyrisfríðindin séu þurrkuð út og tekjuskattur og útsvör séu færð í miklu mildara form. En samtímis þessu er af sömu ástæðum krafizt meiri og meiri afskipta ríkisvaldsins og bæjaryfirvaldanna af svo að segja öllum málum þjóðfélagsins. Þær kröfur verða æ háværari, að opinberum aðilum beri beinlínis skylda til að sjá öllum þegnum landsins fyrir hærri tekjum en þekktar eru almennt meðal flestra annarra þjóða og það án þess að þegnarnir þurfi að hafa af því nokkrar áhyggjur eða bera saman nokkurn hluta af þeirri áhættu, sem því er samfara, að gerðar séu slíkar tilraunir. Og Alþ. sjálft á ekki lítinn þátt í því, að svona er komið málum. Þegar atvinnuhættirnir breyttust hér á landi í byrjun aldarinnar og farið var að hverfa *frá smárekstri í stórrekstur á ýmsum sviðum*, þegar útgerðinni var breytt í stórútgerð frá árabátaútgerð, heimilisiðnaði breytt í verksmiðjuiðnað, verzlunin færð í innlendar hendur og vélamáttur kom í staðinn fyrir handaflið, var af vinstri flokkum þjóðarinnar hafinn sívaxandi áróður utan þings og innan gegn öllum þeim einstaklingum, sem brutu hér ísinn og bættu kjör þjóðarinnar með því að taka upp nýjar aðferðir í atvinnurekstri. Ef framfarirnar gáfu arð eða aðeins von um arð til þeirra, sem öllu vildu fórna, til þess að árangurinn yrði sem beztur, þá var séð ofsjónum yfir því og þess krafizt, að ríkissjóður, sveitarsjóðir og fólkið fengi æ stærri hluta af arðinum. Löggjafinn beinlínis beitti sér fyrir þessari sókn á hendur þeim, sem höfðu forustu um framkvæmdir allar, sumpart með því að lögbjóða skattakerfi, þar sem engri vörn varð við komið, oft og einatt með beinni eignartöku, sem var í engu samræmi við mögu leika manna að mæta, sumpart með lögvernd á aðferðum til þess að heimta kröfur af atvinnurekendum, sem ekki var hægt að uppfylla, og sumpart með því að gefa ríkissjóði einkarétt á atvinnugreinum, er taldar voru líklegar til þess að gefa arð, og sumpart með því að veita önnur og meiri fríðindi til sveitarfélaga og ríkisfyrirtækja, ef þau stofnuðu til atvinnurekstrar, en til einstaklinganna.

Er atvinnutæki þau, sem flutt voru til landsins að tilhlutun ríkisstj. að lokinni síðustu styrjöld, voru tekin í notkun, kom strax í ljós, að þau gáfu fyrst í stað meiri arð en hin gömlu, *sem fyrir voru*. Þá þegar var hafin sókn um að skipta stærri hluta af þeim arði til annarra en þeirra, sem þurftu að tryggja reksturinn til hagsbóta fyrir þjóðina í framtíðinni. Hér var gengið svo langt, að aðeins þar, sem afkoman var bezt, var hægt að mæta kröfunum um stundarsakir, en eldri atvinnutæki varð að selja úr landi eða stöðva rekstur þeirra, þar sem þau voru ekki samkeppnisfær, þótt hins vegar gætu þau gefið jafngóðar atvinnutekjur og ýmislegt annað, sem starfað var að í landinu. Nú er svo komið, að hin nýju atvinnutæki búa ekki heldur við örugg rekstrarskilyrði og leita því í hópum til ríkisins um fjárhagslega aðstoð í stórum stíl. Fleiri og fleiri sveitarfélög krefjast þess að fá atvinnutæki, sem ríkissjóður kostar að mestu eða öllu leyti og stendur auk þess í ábyrgð fyrir rekstrarhalla á, á sama tíma sem stofnað er til verkfalla til þess að knýja fram launakjör, sem atvinnufyrirtækin geta ekki greitt og viðurkennt er að þau geta ekki greitt.

Beinlínis vegna þessarar þróunar í atvinnu-

málum þjóðarinnar draga fleiri og fleiri einstaklingar þjóðarinnar sig út úr áhættuatvinnurekstri og ýta undir það að koma atvinnufyrirtækjum á ríkissjóðinn, ef mögulegt er. Er bersýnilegt, að við erum hér að stefna að beinum ríkisrekstri allra áhættufyrirtækja í landinu. Má fara nærri um það, hvort það kemur til með að létta skattabyrðina á þegnunum. Alþingi hefur aldrei þótt rétt að láta ganga hlutlausa dóma um þessi deilumál milli manna á sama hátt og um aðrar deilur. En þegar svo er komið, að ríkissjóður er orðinn einn um það að reka atvinnutækin, kann svo að fara, að vinnuþiggjandinn verði ekki spurður um kjör sín. A. m. k. hefur það jafnan reynzt svo, þar sem ríkisrekstrarfyrirkomulag hefur verið tekið upp að fullu, og er það illa farið, ef slíkt ætti eftir að koma fyrir þessa þjóð.

Það er síður en svo, að það séu einu kröfurnar, sem gerðar eru til ríkissjóðsins, að hann láti í té atvinnutæki öðrum að kostnaðarlausu og taki á sig áhættuna af rekstrinum, heldur hrannast upp í fjvn. kröfur í alls konar myndum. Það er eins og þjóðin hafi ekki lengur í sér kjark eða manndóm til þess að byrja á nokkru verki, nema fyrst að hafa tryggt sér bein framlög frá ríkissjóði eða aðstoð ríkisins í einhverri mynd, og gildir þetta jafnt um heildir sem um einstaklinga. Það er rétt eins og þjóðin líti á ríkisfé sem eitthvað, sem henni sé alveg óviðkomandi, og skilji ekki, að ríkiseign er hluti af þeirra eignum og tekjum og ríkissjóður á þess einan kost að sækja tekjur sínar til fólksins sjálfs í einhverri mynd. Það virðist vera öllum þorra manna sem lokuð bók, að allar kröfur til útgjalda úr ríkissjóði, sem ekki gefa honum aftur beinan arð, eru kröfur um hluta af eignum og tekjum hvers einstaklings, einnig þeirra, sem kröfuna gera á ríkissjóðinn. Og það er eins og menn hafi ekki hinn minnsta skilning á því, að með hverri slíkri nýrri kröfu, ef mætt er, eru þeir að leggja nýja byrði á aðra menn, oft og tíðum menn, er ekki hafa jafnbreitt bak til þess að bera hana og þeir sjálfir.

Það er löngu vitað, að mörg af þeim embættum, sem sett hafa verið á stofn á síðustu áratugum, hafa verið lögtekin vegna mannanna, sem í þau hafa farið, en ekki vegna aðkallandi þarfa fyrir þjóðina. Þar með er ekki sagt, að þau hafi ekki komið að einhverjum notum eða að verk þeirra manna, sem þar starfa, verði ekki einhvern tíma að einhverju gagni fyrir þessa þjóð. Það er líka vitað, hversu fast menn sækja það að komast á 18. gr. fjárlaganna að loknum störfum, og það oft þótt fullir starfskraftar séu fyrir hendi, og ekki aðeins að fá þar hin lögboðnu laun, heldur ávallt einhverja viðbót og helzt af öllu full laun. Og það er líka vitað, hversu menn sækja eftir að fá ýmsar aukagreiðslur fyrir lítil störf og blygðast sín ekkert fyrir, þótt vinnan sé í engu hlutfalli við gjaldið. Allt þetta og margt fleira þessu skylt veldur því, að rekstrargjöld fjárlaganna nálgast nú að verða 400 millj. kr. Allt þetta og margt annað því skylt veldur því, að hugsandi menn líta svo á, að hér eigi að brjóta blað í sögu þjóðarinnar, nú sé nógu langt gengið og nú verði að taka upp aðra þjóðhollari fjármálastefnu og atvinnumálastefnu í landinu, þar sem meiri ábyrgð sé látin hvíla á hverjum einstaklingi, meiri kröfur gerðar til annarra en til ríkissjóðs, meiri manndómur sýndur í sambandi við aðsteðjandi vandamál á hverjum tíma.

Það er að sjálfsögðu skylt og rétt, að ríkissjóður styrki á margvíslegan hátt það, sem einstaklingum er ofvaxið og vitað er að gagn er að fyrir þjóðarheildina. En hitt ber að forðast, að veikja með styrktarstarfsemi ábyrgð og framtak einstaklinganna með því að mæta kröfum, sem beinlínis eru gerðar í hagsmunaskyni fyrir einstaka aðila.

Þær brtt., sem meiri hluti n. ber fram við þessa umr., marka ekki nema að mjög litlu leyti þá stefnu, sem ég hér hef lýst að verður að taka upp, enda mundu fjárlagatill. einar saman, þótt samþykktar væru, fá þar litlu um þokað, þar sem langmestur hluti útgjaldanna er lögboðinn, og þarf því mjög víðtæka breytingu á margvíslegum l., til þess að unnt væri að koma við nokkrum verulegum sparnaði í ríkisrekstrinum, og þá fyrst og fremst að minnka afskipti ríkisins af öllum þeim málum, sem óeðlilegt er að ríkið hafi afskipti af og reynslan hefur sýnt að einstaklingar geta gert miklu betur. Nefndin hefur hins vegar lagt í það mikla vinnu að kynna sér þetta ástand og bent á í ýtarlegu nál., hversu nauðsynlegt það sé, að komið verði betri skipun á þessi mál öll. Nefndinni er vel ljóst, að hér er ekki um að ræða neitt, er núverandi ríkisstj. hefur skapað. Hér er um að ræða þróun málanna um margra ára skeið fyrir óholl og óþjóðleg áhrif frá sjálfu Alþ. Það verður engan veginn létt verk að taka hér upp nýja siði, þar sem svo margir menn munu vilja standa vörð um fengin réttindi og fengið fé. En líf og framtíð þessarar þjóðar liggur við, að ekki sé gengið lengra á þessari braut en gert hefur verið og snúið verði við aftur til sama lands, áður en verra hlýzt af.

Mér er vel ljóst, að það kapphlaup, sem átt hefur sér stað í dýrtíðarmálunum í meira en áratug, með þeim árangri, að gjaldmiðillinn er sí og æ rýrður, á sinn mikla þátt í því ástandi, sem hér hefur skapazt í þessum málum. En þeim fjölgar nú óðum, sem viðurkenna þörfina fyrir samkomulag um að stöðva þann „hrunadans“, áður en komið er í algert óefni, þótt enn séu þeir allt of margir, sem hag hafa af því, að þetta haldist allt óbreytt áfram. Og í því liggur aðalmeinið, að ekki hafa verið gerðar þær ráðstafanir, að fólkið sjálft hefði jafnmikinn hag af því, að dýrtíðin minnkaði, eins og það hefur af því að hún aukist, eins og jafnan verður meðan full dýrtíðaruppbót fylgir hækkandi verðlagi.

Nefndin gerir ekki heldur neinar till. í sambandi við dýrtíðarmálin, en á það skal bent, að aldrei hefur verið brýnni nauðsyn en nú, að tekin sé upp full samvinna við allar stéttir til lausnar þessu vandamáli, sem aldrei verður leyst nema með fullu samkomulagi eða sterkara valdboði en þjóð, sem byggir á fullu lýðræði, getur beitt.

Skal ég þá gera nokkra grein fyrir störfum n. og þeim brtt., sem meiri hlutinn ber fram á

sérstöku þskj. Ég get að verulegu leyti stytt mjög mál mitt með því að vísa til nál. á þskj. 283, þar sem ýtarleg grein er gerð fyrir þessum málum.

Samkvæmt fjárlagafrv. eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar fyrir árið 1953 tæplega 388 millj. kr. Í lok síðasta mánaðar voru ríkistekjurnar orðnar 316 millj., en það eru 2 millj. kr. lægri tekjur en á sama tíma í fyrra. Í októbermánuði einum urðu tekjurnar 44 millj. kr. Með því að síðustu mánuðir ársins gefa að jafnaði mestar tekjur, má ætla, að heildartekjurnar verði ekki undir 411 millj. á þessu ári, en það er um 35 millj. kr. meira en áætlað var á fjárlögum yfirstandandi árs. Ef gert yrði ráð fyrir því, að tekjurnar yrðu eitthvað svipaðar á næsta ári, ætti að mega hækka tekjuáætlunina um 23 millj. kr., *en hér kemur fleira til greina.*

Í fyrsta lagi eru engar tryggingar fyrir því, að tekjustofnarnir bregðist ekki, en auk þess er vissa fyrir því, að gjöldin fara jafnan fram úr áætlun, hvernig sem á er haldið, og verður því að ætla eitthvað fyrir því fram yfir það, sem gert er á 19. gr.

Meiri hluta n. þykir því rétt að leggja til, að tekjur verði hækkaðar um 10 millj. frá því, sem er á frv., og þeirri hækkun verði skipt sem hér segir:

10. liður 2. gr., aukatekjur ríkissjóðs, hækki um 200 þús. kr. — 11. liður 2. gr., stimpilgjöld, hækki um 800 þús. — 17. liður 2. gr., söluskattur, hækki um 6 millj. — Tekjur af tóbakseinkasölunni samkv. 3. gr. hækki um 2 millj. — Óvissar tekjur samkvæmt 5. gr. hækki um 1 millj. kr.

Aftur á móti er lagt til, að 14. liður 2. gr., erfðafjárskatturinn, falli niður. Þessum tekjum var ráðstafað með sérstökum l. á síðasta þingi og verður því ekki ráðstafað nú með fjárlagaákvæði. Verður því heildarhækkunin á tekjubálkinum 9.7 millj. kr., ef till. þessar verða allar samþykktar.

Hvað viðvíkur þeim ríkisstofnunum öðrum, sem færðar eru á 3. gr., *læt ég nægja að vísa* til þess, sem gerð er grein fyrir í nál., en vil aðeins bæta við, að þess er fastlega vænzt, að gerð verði gangskör að því að fá bætt úr því, sem talið er að aflaga fari í rekstri stofnananna.

7. brtt. meiri hl. n. á þskj. 282, til hækkunar vegna fiskimálaráðunautsstarfsins í London, stafar af því, að ráðunauturinn hefur áður verið kostaður af Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, en nú þykir ekki ástæða til þess, að sá aðili beri þann kostnað, og ekki heldur talið heppilegt að leggja það starf niður nú, þar sem stjórnin þarf hvað helzt að halda á slíkum manni í sambandi við þá deilu, sem stendur um landhelgismál vor í Bretlandi.

Eins og kunnugt er, hefur verið sett á stofn sendiráð í Þýzkalandi, en aðalræðismannsskrifstofan felld niður. 8. brtt. meiri hl. er vegna þessarar breytingar, sem þannig hefur verið gerð á utanríkisþjónustu landsins. Má skoða þetta meira sem leiðréttingu, enda fylgja því engin útgjöld.

Með 9. brtt., sem gerð er við 11. gr., er ætlazt til þess, að tekjur og gjöld verksmiðjueftirlitsins standist á. Að öðru leyti vísast til þess, sem um þetta er sagt í nál.

10. og 11. brtt. eru aðeins tilfærslur, sem engin áhrif hafa á niðurstöðu fjárlaganna.

12. brtt. er 500 þús. kr. hækkun til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkisspítala og fjórðungssjúkrahúsa. Þótt n. vilji ekki taka upp þá nýbreytni að skipta þessu fé, eins og skýrt er tekið fram í nál., vil ég ekki láta hjá líða að taka hér fram, að til þess er ætlazt, að ráðuneytið eða heilbrigðisstjórnin sinni, eftir því sem hún telur eðlilegt og mögulegt, þeim erindum, sem borizt hafa n. í sambandi við framlag til sjúkrahúss Hafnarfjarðar og sjúkrahúsbyggingarinnar á Blönduósi, þegar fé það er greitt, sem hér um ræðir. Þá þykir mér rétt að láta það koma hér fram, vegna þess að um það er ekki getið í nál., að n. er ekki samþykk því, að daggjöld ríkisspítalanna verði hækkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv.

Eins og þskj. 282 ber með sér, er 13. brtt. í 185 liðum. Það hefur jafnan verið um það deilt, hvort rétt væri að skipta vegafé á þennan hátt, sem lagt er til í till., eða hvort ætti að leggja það á vald ráðherra og vegamálastjórnarinnar, á hvern hátt fénu yrði varið. Það hefur þó jafnan orðið niðurstaðan, að þessi háttur hefur verið hafður á. Með þeirri þróun, sem orðið hefur í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar, *væri það beinlínis rothögg á hinar dreifðu byggðir*, ef ekki fengjust árlega allverulegar upphæðir til þess að gera vegi þar á milli staða og héraða færa, a. m. k. þeim farartækjum, sem mest eru nú notuð í sveitunum, auk þess sem það er lífsskilyrði fyrir íbúana þar, að koma megi þar á milli almennustu jarðræktarvélum. Og sé þetta viðurkennt, þá ber jafnframt að viðurkenna, að engin sveit getur beðið eftir því, að önnur sé að fullu veguð, meðan hin fengi ekki neitt. En við þetta fellur þá alveg brott sú staðhæfing, að rétt sé að ljúka samfelldum vegaköflum á stórum svæðum, en láta annað bíða þar til síðar. *Ég held*, að það yrði ekkert eins áhrifamikið til þess að flytja fólkið samstundis burt úr fámenninu, þar sem það berst hinni góðu baráttu við erfið kjör í von um betri tíma, sem ekki væru allt of langt undan, eins og það að fresta vegaumbótunum. Væri hins vegar hugsað að skipta þessum framkvæmdum nokkurn veginn á sama hátt og hér er gert, þá er engum betur trúandi til þess en fulltrúum fólksins í sveitunum, enda hef ég það fyrir satt, að þegar sýnilegt er, að vinna þarf meira í einum stað en öðrum í héraði, hafa engir erfiðleikar orðið á því að fá fé flutt milli staða innan héraða frá ári til árs. Við þetta bætist svo, að viðhald verður að framkvæma í öllum sýslum landsins á vegum þeim, sem fyrir eru, og fer þá oftast saman vegagerð og vegaviðhald. Vegna þeirrar þarfar, er ég hér hef lýst, leggur meiri hluti n. til, að framlag til nýrra vega verði hækkað eins og till. segir til um. Því er ekki að leyna, að þessi upphæð þyrfti að vera allmiklu hærri, en það er svo um allar till. til verklegra framkvæmda. En þar eins og annars staðar verður að taka tillit til fjárhagsafkomu ríkissjóðs.

Um 14. brtt. er nægilegt að vísa til þess, sem um hana er sagt í nál. Aðeins skal því bætt við, að búizt er við, að viðhald veganna fari allmikið fram úr þessari upphæð á yfirstandandi ári. Ég vil hins vegar ítreka það, að þess er vænzt, að vegamálastjórnin geri allt, sem unnt er, til þess að taka hér upp nýbreytni í vegaviðhaldi, sem hvort tveggja í senn skapaði betri endingu vega og gerði ríkissjóði það ódýrara, er til lengdar léti.

Um 15. brtt. má segja það sama og um framlag til veganna, að þörfin fyrir nýjar brýr er svo aðkallandi, að raunverulega hefði þurft hér miklu meira fé en gerð er till. um, til þess aðeins að bæta úr brýnustu þörf. Vil ég í því sambandi minnast á, að brúin yfir Hörgá í Eyjafirði er nú ekki talin vera fær orðin bifreiðum, nema eiga á hættu, að af hljótist slys. Er gert ráð fyrir, að endurnýjun hennar kosti um 800 þús. kr. N. sá sér ekki fært að taka upp fjárframlag til hennar, en væntir þess, að á næsta ári verði hún byggð af fé úr brúasjóði, og hefur það verið rætt við vegamálastjóra. Þá skal einnig bent á, að framlag það, sem lagt er til, er engan veginn nægilegt til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru upp í till., en sumpart er þess vænzt, að fé komi úr héraði, og sumpart, að samkomulag náist um það, að nota megi það fé, sem geymt er, til þess að ljúka öðrum, enda líði sú brú, sem féð er lánað frá, á engan hátt við það síðar meir.

16. brtt. er gerð vegna þess, að fallið hefur niður af frv. framlag, sem staðið hefur um langan tíma á fjárlögunum, en verkinu er ekki lokið, og þykir rétt, að framlagið sé tekið upp í frv. á ný.

Um 17. brtt. má segja það sama og um framlag til vega og brúa, að of litlu fé er varið til þessara framkvæmda, ef bæta ætti úr aðkallandi þörf, og vísast til þess, sem um þetta er sagt í nál. Vegna þess að það kann að þykja einkennilegt, að meiri hluti n. leggur til, að greitt sé jafnhátt framlag til sumra þeirra hafna, sem mikið eiga ógreitt frá ríkissjóði af mótframlagi, og til hinna, sem miklu minna eiga ógreitt af framlagi, og það jafnvel þótt báðar hafnirnar ætli sér að vinna fyrir jafnmikið fé á næsta ári í nýjum framkvæmdum, vildi ég mega segja þetta: Ef farið væri eftir þeirri reglu að greiða upp árlega öll ógreidd framlög ríkissjóðs til hafnarmálanna, mundi framlagið gera lítið betur en endast til þess og aðrar hafnir fengju þá ekkert framlag. Slíkt mundi skapa þeim fjársterkustu þá aðstöðu að hirða ár eftir ár allt framlagið. Skerðing sú, sem gerð er hér á, er beinlínis til þess að fyrirbyggja, að einstakar hafnir geti á þennan hátt hrifsað til sín allt framlagið árlega. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að skýra frekar þá skiptingu, sem gerð hefur verið. Flestum þm. var hún kunn, áður en endanlega var gengið frá till.

18. brtt. er um að taka upp framlag til tveggja ferjuhafna, Hornafjarðar og Brjánslækjar, en fella niður framlag til Arngerðareyrar, þar sem upplýst er, að þar er um viðhald að ræða og á því að greiðast af viðhaldsfé vega eftir eðli málsins og með tilvísun til ákvæðis vegalaganna, en þar er beinlínis sagt, að byggja skuli ferjuhafnir fyrir bílferjur og greiðist kostnaður af vegafé og einnig kostnaður við ferjurnar sjálfar. Þegar fé var veitt á sínum tíma til ferjuhafnar á Arngerðareyri, var það gert vegna þess, að þar endaði bílvegurinn yfir Þorskafjarðarheiði. Var þá hugsað að halda bílasambandinu áfram við Ísafjörð með bát eða ferju á milli þessara staða. Vegurinn er síðar framlengdur út með Djúpinu að vestanverðu, og ár eru þar brúaðar til þess beinlínis að tengja vegakerfið við vestursýsluna. Er það ekki í anda vegalaganna að byggja ferjubryggju við hvern vegarenda, eftir því sem vegurinn teygist áfram. En einmitt vegna þess, að enn og ávallt er þörf fyrir ferjubryggju á Arngerðareyri, svo að bifreiðarstjórar eigi þess jafnan kost að þurfa ekki að aka allan veg inn með Djúpi til þess að komast í samband við vegakerfi landsins, er alveg sjálfsagt, að þessari ferjuhöfn sé haldið við af vegafé, eftir því sem nauðsyn er á hverjum tíma. Hins vegar getur meiri hluti n. ekki fallizt á, að aðrar hafnir, sem farið er fram á að veita fé til sem ferjuhafna, eigi á því rétt. Að veita fé til þeirra hafna eins og annarra hafna, sem taldar eru undir lendingarbótaflokki, er allt annað atriði, og er sjálfsagt, að það sé gert á sama hátt og til annarra sams konar hafna.

Ferjuhöfn á Brjánslæk lýtur hér sömu reglum og Arngerðareyri. Hún er tengiliður ferju eða báts, sem hefur beinar ferðir milli Brjánslækjar og Stykkishólms, og slíkum ferðum verður haldið áfram alveg eins þótt vegur verði lagður inn fyrir allan Breiðafjörð. Hitt væri fásinna, að ætla sér að koma upp ferjuhöfnum á kostnað ríkissjóðs við alla viðkomustaði flóabáta á Breiðafirði, en að því er stefnt, að slíkar kröfur komi fram, ef viðurkennt er nú, að ferjuhafnir skuli almennt koma þar upp, sem flóabátar hafa viðkomu og vegur liggur að. Eru engin takmörk fyrir því, hvar slíkar kröfur mundu enda. Hornafjörður hefur hér alveg sérstöðu. Þar er engin leið í allri framtíð að koma farartækjum á milli tveggja vega nema með ferju, og verður ekki deilt um það atriði. Ég tel einnig, að leiðin milli Rafnseyrar og Bíldudals verði að takast upp bráðlega sem ferjuleið og ferjuhöfn að byggjast á Rafnseyri ásamt ferju yfir Arnarfjörð. Bæði er það, að enginn vegur mun um langan aldur tengja saman þessa tvo staði, auk þess sem enginn mundi fara leiðina á bifreið, ef hann ætti þess kost að komast á ferju, sem hlýtur að verða eini tengiliður bifreiðanna milli Vestur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu. — Mér þótti rétt að láta þetta koma hér skýrt fram vegna þess ágreinings, sem orðið hefur í n. um þessi atriði.

Í sambandi við till. nr. 15 og 17 skal ég geta þess, að nokkrar prentvillur hafa slæðzt þar inn. Hafa sumar þeirra verið leiðréttar á öðru þskj., en aðrar munu verða leiðréttar síðar, og hefur þetta engin áhrif á niðurstöðutölu frv.

19. brtt. er aðeins leiðrétting á fyrirsögn.

20. brtt. er nokkur hækkun til áhaldakaupa og tilrauna vegna garðyrkjuskólans á Reykjum. Eru öll líkindi til þess, að skapa megi í fram-

tiðinni verulegan útflutning ávaxta, sem framleiddir eru hér við jarðhita, og er fjárveitingin tekin upp í því skyni að hjálpa til, að svo megi verða.

Um brtt. 21—24 vísast til þess, sem gert er grein fyrir í nál.

Um brtt. 25—27 skal tekið fram, að n. leit svo á, að meðan þeirri reglu er fylgt að styrkja sérstaklega einstaka menn til listanáms, þá sé ógerlegt að neita öðrum um sömu aðstoð, ef þeir einnig dveljast erlendis við sams konar nám. N. vill á engan hátt gerast dómari um það, hver hæfastur er fyrir styrk vegna listgáfu, og hefur því þótt rétt að leggja til, að allir þeir aðilar fengju styrk, sem upp eru teknir í till.

Um 28. brtt. skal þetta tekið fram: Á frv. er upphæð til þess að halda alls konar mót á Íslandi. Þykir þetta nauðsynleg landkynning og nauðsynlegt til þess að halda við menningartengslum við aðrar þjóðir. Raddir komu fram í n. um að fella öll slík framlög niður. Það fékk ekki nægilegan stuðning, og þó er það álit margra, að hér sé svo mikið að gert, að árangurinn sé orðinn vafasamur. En úr því að þessari stefnu er haldið, er sjálfsagt að gera hér engan mannamun. Kann þó að lokum að verða sótt svo á, að ekki sé lengur stætt á slíkri gestrisni.

Um brtt. 29—31 vísast til þess, sem er sagt í nefndaráliti.

Um brtt. 32 skal þetta tekið fram: N. leitaði álits Búnaðarfélagsins um nauðsyn á framlagi til landþurrkunar, þar sem vitað væri, að helmingur kostnaðar væri greiddur sem jarðræktarstyrkur og lán úr jarðræktarsjóði fengist að einhverju leyti til slíkra framkvæmda auk styrksins. Upplýsti Búnaðarfélagið, að landþurrkun sú, sem verið er að gera í Landeyjum, sé þannig, að hér sé um að ræða sameiginlegan skurð, sem að kostnaði til sé ofvaxið viðkomendum að greiða, þar sem þeir verða að gera á eftir aðra skurði í gegnum lönd sín til þurrkunar, og því sé mjög mælt með því, að fé sé veitt til þessa sérstaka verks. — Um landþurrkun á Stokkseyri og Eyrarbakka kvaðst félagið ekki geta sagt neitt. Er þess vænzt, að hæstv. landbrh. láti athuga þessi mál og gefa heildarskýrslu um það verk, sem ríkið hefur þegar kostað, og hve mikið talið er að eftir sé til þess að ljúka verkinu.

Um 33. brtt. skal tekið fram, að n. vildi með henni sýna viðurkenningu fyrir það mikla og óeigingjarna starf, sem einstaklingur hefur sýnt við að koma upp og starfrækja elliheimili á sinn kostnað.

Á þskj. 308 ber meiri hluti n. fram nokkrar brtt. Get ég að mestu vísað til þess, sem um þær er sagt í nál.

1. brtt. er til hækkunar á tekjum fyrir eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa. Er gert ráð fyrir, að tekjurnar verði nægilegar til þess að mæta kostnaði, og er upplýst, að svo hafi verið á s. l. ári.

Um till. nr. 2 er það að segja, að rétt þótti að hækka framlag til fjallvega um 150 þús. kr. Tengja þeir orðið víða saman byggðir að sumarlagi til mikilla samgöngubóta fyrir landið.

Í fjárlagafrv. hafði ekki verið tekið framlag til ræktunarvega, eins og venja hefur þó verið til um mörg ár. Þótti ekki rétt að láta þetta falla niður, og hefur verið tekin upp nokkru hærri upphæð en síðasta ár, sbr. brtt. nr. 3.

Um brtt. nr. 4 skal tekið fram, að óhjákvæmilegt þótti að halda við róðrarmerkjum við Faxaflóa. Bátar víðs vegar að af landinu sækja þarna sjó á vetrum. Samkv. reglugerð er þeim ekki heimilt að leggja frá landi nema á tilskildum tíma og allir í sama mund. Þykir þetta bæði nauðsynlegt og hagkvæmt. Safnast þeir því allir við róðrarmerkin til þess að vera þar viðbúnir, þegar leyft er að leggja frá landi. Samkv. reglum, sem gilda um vitamálin, er ekki talið, að hægt sé að taka þetta af framlagi til vitamálanna, og er því þessi till. fram borin.

5. brtt. er leiðrétting við 4. lið 17. brtt. á þskj. 282, og er sú till. því hér með tekin aftur. Hefur þetta engin áhrif á niðurstöðurnar.

Um 6. brtt. skal þetta tekið fram: Hér er raunverulega ekki um annað að ræða en leiðréttingu. Í frv. hafði misritazt 100 þús. kr. fyrir 1 millj., en allt önnur og hærri upphæð tekin upp í samlagninguna. Við leiðréttinguna verður heildarupphæðin 40 þús. kr. lægri en skráð er í frv.

Upplýst er, að þær 250 þús. kr., sem eru á frv. fyrir tæknilega aðstoð við flugmálin, séu greiðsla í eitt skipti fyrir öll, og þótti rétt, að það kæmi fram á fjárlögunum, og er því 8. brtt. fram borin.

Um brtt. nr. 9—16 vísast til þess, sem sagt er í nál.

Um brtt. nr. 17 skal þetta tekið fram: Eins og alþjóð er kunnugt, hefur S. Í. B. S. komið upp vistheimili fyrir berklasjúklinga í Reykjalundi. Aðalbyggingin er um 1000 m² og 10 þús. m³. Er byggingin útbúin fyrir 55 vistmenn, auk þess sem heimilismenn allir hafa þar borðstofu, eldhús, dagstofu, setustofu og lækningastofur o. fl. Í þessari byggingu verður nú helmingur starfsmanna að hafa vinnustofur, sem annars gætu verið fyrir vistmenn og eru til þess gerðar. Er það beinlínis vegna þess, að enn hefur ekki verið hægt að koma upp vinnuskálum. Auk þess hefur verið komið upp 10 sérstökum húsum fyrir 40 vistmenn og 5 húsum fyrir starfsfólk. Allur kostnaður við þessar byggingar hefur þegar orðið um 10 millj. kr., og hefur ríkissjóður lagt fram 2 millj., en samkv. lögum um sjúkrahús hefði hlutur ríkisins átt að vera helmingi hærri. Verið er nú að koma upp vinnuskálum, sem eru 567 m², og er ætlunin að koma upp 4 slíkum skálum. Er þetta mjög aðkallandi í sambandi við rekstur, vinnuskilyrði og aðbúnað allan. En til þess þarf mikið fé. Ég þarf ekki að ræða hér mikið um þau mannúðarstörf, sem unnin eru af þessum félagsskap, eða þann þátt, sem hann hefur átt í því að útrýma berklunum á Íslandi, svo að við erum nú komnir í tölu þeirra, sem lægsta hafa dánartölu berklasjúklinga. Það er alþjóð svo kunnugt. Hitt vildi ég fara hér um nokkrum orðum í sambandi við þessa till., að reksturinn á þessari stofnun er svo einstæður, að vel mætti hann verða tekinn sem fyrirmynd fyrir rekstur ríkisins. Menn hafa almennt litið svo á, að það fé, sem ríkissjóður

leggur af mörkum til stofnunarinnar, samfara því fé, sem fæst inn til hennar fyrir happdrætti, merkjasölu eða á annan hátt, fari til þess að mæta rekstrarhalla í stofnuninni. Er ekki lengra síðan en rétt áðan, að merkur læknir ræddi við mig um þetta og vildi ekki trúa öðru en að svo væri. En þetta er mesti misskilningur. Og það er beinlínis vegna þess, að þar er ekki um neinn rekstrarhalla að ræða og hefur aldrei verið. Það er ekki að furða, að menn láti segja sér þetta oftar en einu sinni, svo ótrúlegt sem það virðist. Allt það fé, sem inn hefur komið á þann hátt, sem ég hef minnzt á hér áðan, hefur verið notað til að byggja upp þær byggingar, sem ég lýsti hér, og kostað hafa 10 millj. kr. Hver sá vistmaður, sem dvelur á Reykjalundi og getur látið í té 60 vinnustundir á mánuði, hefur með því greitt að fullu fyrir húsnæði, fæði, læknisaðstoð og aðhlynningu alla. Er þetta jafnt hvort sem um er að ræða karlmenn eða konur. Ef vinnustundin er metin að meðaltali á 12 kr., yrði daggjaldið 24 kr. á dag. Er þetta ekki nokkurt umhugsunarefni fyrir þá, sem stjórna öðrum heilsustofnunum í landinu og þurfa a. m. k. 100 kr. á dag fyrir vistmenn, til þess að reksturinn beri sig? Hver stund, sem vistmaður vinnur fram yfir, er honum greidd að fullu. Þegar farið er að hugsa ofan í kjölinn þetta fyrirkomulag, sem hér hefur verið byggt upp, verður ekki hjá því komizt að brjóta til mergjar þá spurningu, hvernig það megi vera, að sjúkir menn, sem aðeins eru færir að inna af hendi 60 stunda vinnu á mánuði, skuli með því geta tryggt sér vist á jafnframúrskarandi stað og Reykjalundur er, þar sem umgengni öll og aðbúnaður er betri en allur almenningur í landinu á nokkurn kost á að geta veitt sér, en fullfriskir menn telja sig þurfa að leita til Alþ. um styrk og aðstoð til þess að geta dregið fram lífið. Ég mæli ekki þessi orð til þess að réttlæta till. meiri hl. n. fyrir 50 þús. kr. hækkun á framlagi til bygginga á Reykjalundi. Þess gerist engin þörf. En ég mæli þau vegna þess, að ég teldi það hollt fyrir þá menn, sem standa í fremstu röð um að gera margar og miklar kröfur til ríkisins til þess að geta tryggt afkomu heilla stétta, sem heilar ganga til skógar, að kynna sér, á hvern hátt hinir sjúku menn hafa getað leyst sín vandamál, og reyna síðan að læra eitthvað af þeim. Eitt nýmæli, sem sambandið hefur tekið nú upp, er að innleiða skyldusparnað og fá vistmenn til þess að leggja til hliðar 20% af kaupi sínu og leyfa því að vera í rekstri stofnunarinnar, m. a. vegna rekstrarfjárskorts, sem þrengir mjög að þar eins og annars staðar. Hvað mikinn vanda mundi það ekki leysa í þjóðfélaginu nú, ef allir heilbrigðir menn vildu fylgja sama dæmi? Manni verður nærri því á að spyrja: Er þjóð vorri þörf á því eftir margra ára peningaflóð og velgengni á öllum sviðum að verða fyrir einhverjum þrengingum, heilsufarslega eða af einhverjum öðrum ástæðum, til þess að vitkast? Verður það eina úrræðið til þess að komast yfir þá erfiðleika, sem hinir heilbrigðu menn í þjóðfélaginu eru ávallt sjálfir að keppast við að framleiða og viðhalda?

18. brtt. á þessu þskj. er um það að fella niður úr frv. bætur til þeirra, sem fangelsaðir voru af erlendum aðilum í fyrri heimsstyrjöld. Meiri hl. n. vill ekki leggja til, að þessar greiðslur séu inntar af hendi. Hann telur þetta ríkissjóði óviðkomandi, enda hljóti það að hafa í för með sér, að ýmsar aðrar kröfur í sambandi við þessi mál fylgi á eftir, enda hafa þegar borizt til n. erindi um tvo menn til viðbótar, og víst er, að það eru ekki lokakröfurnar. Hafi Alþ. á þennan hátt eða einhvern annan viðurkennt skyldu sína um bætur fyrir fangelsun þessara manna, kemst það ekki hjá því að viðurkenna einnig skyldu sína um bætur fyrir meiðingar, morð og annað, sem framið hefur verið af sömu aðilum. Og sé skylda ríkissjóðs einhver í sambandi við þessi mál, þá er hún fyrst og fremst sú að aðstoða viðkomandi aðila til þess að sækja rétt sinn gegn þeim, sem hryðjuverkin unnu á sínum tíma. En það hefur Alþ. ekki viljað fallast á enn sem komið er.

Nauðsynlegt þótti að hækka framlag til vatnsveitna um 100 þús. kr. Liggja þegar fyrir svo margar beiðnir, að ógerlegt er talið að komast af með minni upphæð. Er 19. brtt. borin fram af þeim ástæðum.

Þá þykir óhjákvæmilegt að taka upp 50 þús. kr. til alþjóðabarnahjálparsjóðsins, og hefur n. fallizt á það.

Ég hef þá lýst hér nokkuð öllum þeim brtt., sem meiri hl. n. ber fram. Leggur hann til, að þær verði allar samþ. og aðrar fram komnar till. verði felldar. Verði fallizt á það, kemur frv. til að líta út eftir 2. umr. sem hér segir: Tekjur samkv. frv. 387984750 + tekjuhækkun 9700000. Tekjur alls 397684750 kr. Gjöld samkv. frv. 351955159 kr. + gjaldahækkun 8126812 kr. Gjöld alls 360081971 kr. Og rekstrarhagnaður 37602779 krónur.

Sjóðsyfirlitið kæmi þá til þess að líta þannig út: Innborganir 402644750 kr., en útborganir 400513641 kr. Hagstæður greiðslujöfnuður yrði þá 2131109 kr.

Um allar brtt. hefur meiri hl. haft samráð sumpart við viðkomandi þm. og sumpart við hæstv. ríkisstj. Þó skal ég taka það fram, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað fallizt á brtt. nr. 19 á þskj. 308. Ég vil enn fremur taka fram, að nokkur erindi, sem n. hafa borizt, hafa ekki endanlega verið afgreidd, og þótti rétt að láta afgreiðslu þeirra bíða til 3. umr. Er þar með talin öll 20. gr. og 22. gr. fjárlaganna. En þetta hefur ekki áhrif á rekstrargjöldin á þessu stigi.

Vil ég svo leyfa mér að leggja til, að fjárlagafrv. verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umræðu.

Frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eftir ræðu hv. form. fjvn. og frsm. meiri hl. mun sennilega fáa þm. undra það, þó að ég hafi klofið n. og skili séráliti, því að þannig var sú lýsing, sem hann gaf á minum starfsháttum í n. Eftir það kom allmikill reiðilestur um ástandið í þjóðfélaginu og kröfuhörku — mér skilst nú allrar þjóðarinnar — á hendur Alþ. Mætti nú ef til vill um það margt segja, en ég ætla að láta það bíða

fyrst um sinn. En viðvíkjandi því, sem hann sagði sérstaklega um mína framkomu, að ég hefði komið fram í n. þannig, að það hefði litið út fyrir, að ég hefði frekar verið fulltrúi erlends herveldis heldur en austfirzkra bænda, og enn fremur það, að ég hefði flutt þannig ábyrgðarlausar till. um hækkun á tekjuliðum og sömuleiðis hækkun á útgjaldaliðum, að slíkt taki engu tali, þá vildi ég segja það, að það gæti verið athugandi mál, hvort þarna hefur ekki sannazt á sjálfum form. fjvn. sá íslenzki málsháttur, að „sannleikanum verði hver sárreiðastur". Það virðist nefnilega vera svo hér í Alþ., að meiri hl. hv. alþm. sé orðinn svo viðkvæmur, þegar minnzt er á viss mál, sem eru ein mestu vandamál þjóðfélagsins núna, og þar á meðal þau, sem um var að ræða þarna í þessu tilfelli, að þeir vilja ekki um þau ræða. Og ástæðan virðist frekast vera sú, að þeir séu farnir að finna, að þeir standi í þeim málum heldur höllum fæti. Annars ætla ég að koma frekar að þessu síðar.

Ég hef gert grein fyrir því í mínu nál., að ég hef klofið n. vegna þess, að ég sé ósammála stefnu frv., þeirri stefnu í fjárhags- og atvinnumálum, sem sýnilega á að halda áfram samkv. þessum væntanlegu fjárlögum og er hin sama og áður hefur verið. En í sambandi við það vil ég þó aðeins víkja frekar að þeirri lýsingu form. fjvn., að allur þjóðarbúskapurinn virðist vera að lenda í vandræðum vegna kröfuhörku fjölda aðila í þjóðfélaginu, og benda á það, að þessi ályktun kemur ekki alveg heim við ályktun hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa fjárlfrv., þegar sú umr. fór fram í byrjun október. Annað aðalblað hæstv. ríkisstj., þ. e. blað hæstv. fjmrh., Tíminn, birti þá ræðu undir fyrirsögninni „Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur án skattahækkana í 3 ár". Þetta var nú býsna góð lýsing á þeirri viðreisnarstarfsemi, sem sífellt klingir við að hafi verið unnin af Alþ. og ríkisstj. þessi s. l. 3 ár eða raunar meira en 3 ár. Ég er hins vegar á því, að það sé síður en svo, að þarna sé rétt farið með, að hér hafi verið greiðsluhallalaus ríkisbúskapur án skattahækkana í 3 ár eða lengur, heldur vildi ég einmitt taka það fram, að ástæðan til þess, að ég klýf n., er fyrst og fremst sú, að ég tel, að sú stefna, sem stjórnað hefur verið eftir í fjárhags- og atvinnumálum, sé fjarri því að vera eins og hér er lýst. Þessi fullyrðing um það, að ríkisbúskapur án skattahækkana hafi átt sér stað hér í 3 ár, er byggð fyrst og fremst á því, að það er gerð tilraun til þess að taka tölur fjárlaganna út úr heildarafkomu þjóðarinnar einar út af fyrir sig, en ekki tekið tillit til þess, í hvers konar tengslum fjárlagaafgreiðslan er við atvinnulífið. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að það hafi einmitt gerzt á þessum tíma vissir þættir í afgreiðslu fjárlaga, sem hafi beinlínis hjálpað mjög til þess að gera atvinnulífinu erfiðara fyrir og geri jafnframt mikið til þess að gera erfiðari fjárlagaafgreiðsluna á næstu árum. Hvað segja tölurnar, sem liggja fyrir opinberar um það, að það hafi verið hér greiðsluhallalaus ríkisbúskapur í 3 ár? Í mínu nál. hef ég leyft mér að birta hér samanburð á nokkrum helztu tekjuliðum fjárlaganna árið 1950 og árið 1952. Og þessi samanburður lítur þannig út, að tekju- og eignarskatturinn hefur hækkað um 12 millj., úr 40 millj. upp í 52, vörumagnstollur hefur hækkað um 1½ millj., verðtollur hefur hækkað úr 78 millj. upp í 105 millj., aukatekjur hafa hækkað úr 1.8 millj. upp í 3.5, miðað við áætlanir, stimpilgjald úr 4.5 millj. í 9 millj. og söluskattur úr 47.5 millj. upp í 83 millj. Þetta eru nú helztu liðirnir, sem um er að ræða, en það mætti vitanlega nefna þá fleiri. En þetta sýnir það, að hér hefur orðið gífurleg hækkun á þeim álögum, sem ríkið tekur af almenningi og atvinnulífinu, álögum, sem aftur hafa gert — má segja — óhjákvæmilegar þær kröfur á ríkissjóðinn, sem form. var að fordæma. En það er ekki nema hálfsögð sagan með þessu. Það veit hvert einasta mannsbarn í landinu, sem komið er til vits og ára, að það hafa verið framkvæmdar raunverulega stórkostlegar falsanir í þessum málum bak við alla fjárlagaafgreiðslu, og það er það, þegar hinir ákveðnu tekjustofnar, sem lagðir eru á með sérstökum lögum til þess að mæta ákveðnum greiðslum, sem ríkið þykist þurfa að inna af hendi, eru síðan beinlínis teknir inn í ríkissjóðinn beint og látnir fara til annarra greiðslna, en síðan lagðar með reglugerð nýjar álögur á verðlagið í landinu, eins og gert var með bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu og hinu nýja verzlunarfyrirkomulagi, sem stjórnarflokkarnir eru mjög stoltir af. Þarna er annar þáttur, raunverulega miklu stærri, sem hefur hjálpað til þess að auka erfiðleika atvinnulífsins, auka álögurnar á almenningi og þar með hjálpa til þess að auka kröfur atvinnulífsins til ríkisins og kröfur fólksins til atvinnuveganna. Það er þessi hringferð, sem hefur átt sér stað sífellt þessi ár, og sú hringferð á upptök sín hér á Alþ.

Ég hef áður hér í þessari hv. þd. sýnt fram á það með tölulegum útreikningum, hversu miklu þeir tollar og skattar, sem beinlínis leggjast á vöruverðið, nema á hvert einasta mannsbarn í landinu, miðað við að því verði skipt jafnt, sem hins vegar er vitanlega ekki. Og niðurstaðan er sú, að á hverja 5 manna fjölskyldu skiptir þetta núna 8—10 þús. kr. Ég ætla ekki að fara neitt frekar út í þær tölur núna, ég hef svo oft komið inn á það, að ég tel þess ekki þörf í þetta sinn.

Þá er rétt að minna líka á það í sambandi við þetta, hver hefur orðið hækkun fjárlaganna einna þessi þrjú ár, sem liðin eru síðan þessi prýðilega viðreisn átti að hafa byrjað.

Árið 1950 voru rekstrartekjur fjárlaga áætlaðar 298 millj. kr. En á þessu fjárlagafrv., sem hér er til umr., ásamt till. meiri hluta fjvn., nemur þessi upphæð 397 millj. kr. og hefur hækkað á þessum 3 árum um 99 millj. kr. Rekstrarútgjöldin voru árið 1950 262 millj., en eru núna samkv. till. meiri hl. fjvn. 360 millj. Þar hefur hækkað um 98 millj. kr. Rekstrarafgangur er svo að segja sá sami, hann var áætlaður á fjárlögum 1950 36 millj., en núna er hann áætlaður 37 millj. Og þessar tölur sýna einfaldlega, hvert þetta stefnir. Það stefnir í þá átt, þar eð rekstrarafgangurinn er sú upphæð, sem nánast er notuð til eignaaukninga, að þessi upphæð fer

sífellt minnkandi, miðað við þá hækkun, sem á fjárlögunum verður.

Ef maður lítur yfir samanburð á sjóðsyfirliti bæði þessi ár, þá verður útkoman svo að segja nákvæmlega sú sama. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa þær tölur upp, því að þær eru svo svipaðar hinum, nema þær verða þeim mun hærri, sem rekstrarafganginum nemur.

En það er annað, sem líka hefur gerzt við fjárlagaafgreiðslu þessara ára og ég hef bent á í fjvn. og gerði sérstaklega að umtalsefni í fyrra við afgreiðslu fjárlagafrv. þá. Það er það, að áætlanir þær, sem ríkisstj. og meiri hluti fjvn. hafa gert á hverju ári þessi ár, hafa verið rangar — og þær hafa verið mjög mikið rangar, misjafnlega mikið, en yfirleitt mjög mikið. Hvers vegna er það vísvitandi gert að gera áætlanir svo rangar sem raun ber vitni um? Ég segi hiklaust, að það hafi verið vísvitandi gert, þegar fjárlög fyrir 1950 og 1951 voru afgreidd. Það kom nefnilega í ljós, þegar fjvn. tók til starfa í fyrra, að þá var allt útlit orðið fyrir, að umframtekjur ríkissjóðs það ár, umfram áætlanir, mundu verða nokkuð á annað hundrað millj. kr. Meira að segja sagði sjálfur stjórnarmeirihluti fjvn. þá í sínu nál., að tekjur umfram áætlanir mundu líklega verða um 150 millj. kr. Ég taldi þá, að þetta væri of hátt áætlað, og sagði í mínu nál., að þær mundu líklega verða um 120—130 millj., og sýnir það bezt, hvort það er mikill sannleikur í þeirri ásökun, að ég hafi yfirleitt sýnt af mér meira ábyrgðarleysi en meiri hlutinn. Reynslan varð sú, að umframtekjur ríkissjóðs á því ári urðu 115.5 millj. kr., og það sýnir greinilega, hversu fjarstæðukennd sú áætlun var, sem gerð var við afgreiðslu þeirra fjárlaga. Það sýnir enn fremur, að fjöldi þm. hefur farið meira og minna blekktur frá fjárlagaafgreiðslunni þá, og það sýnir enn fremur, að ríkisstj. hafði þarna stórkostlegar fjárfúlgur fram yfir það, sem gert var ráð fyrir, sem gerði það að verkum, að aðhald hennar til þess að spara útgjöld hlaut að verða miklu minna en áður. Það kom líka í ljós, að útgjöld umfram heimildir urðu milli 50 og 60 millj. kr. og greiðsluafgangurinn varð tæpar 60 millj. Nú veit ég það vel, hvaða vörn stuðningsmenn stjórnarflokkanna og ríkisstjórnin færa fyrir þessu. Þeir færa þau rök, að vegna þess að það hafi verið nóg að gera með þessa peninga, þá hafi verið þörf á að taka þá af þjóðinni. En þetta sýnir það, að á þessu ári voru 115 millj. kr. teknar af atvinnuvegunum í landinu og af almenningi og greiddar inn í ríkissjóðinn fram yfir það, sem gert var ráð fyrir um áramótin að þyrfti að vera, og það sýnir enn fremur, að það er satt, sem ég sagði áðan, að á Alþ. á upptök sín sú hringrás, sem hefur skapað þá kröfuhörku bæði frá atvinnuvegunum og fólkinu, sem form. fjvn. var mest að tala um í sínum reiðilestri áðan.

Það má segja, að það liggi ljóst fyrir núna, að hagstæð útkoma ríkissjóðs á þessu ári verður ekki svipað því eins mikil og hún var á síðasta ári, en hún verður samt ábyggilega nokkur, þ. e. a. s., það verða áreiðanlega verulegar umframtekjur fram yfir áætlanir. Ég skal ekki fara í deilur hér um það, hversu miklar þær umframtekjur kunna að verða. Sjálfur meiri hluti fjvn., stjórnarstuðningsmennirnir, gerir áætlanir um, að það muni verða nú um 35 millj. Ég tel, að það séu nokkrar líkur til, að það verði eitthvað meira, og skal færa viss rök að því, án þess að ég ætli mér að gera það að sérstöku deilumáli, því að þetta mun koma alveg í ljós núna á næstunni. En ég ætla að benda á það, að samkv. yfirliti, sem fjvn. fékk um tekjur og gjöld ríkissjóðs á þessu ári fram að 1. nóv., þ. e. a. s. 10 mánuði ársins, hefur mikill meiri hluti tekjuliðanna á fjárlagafrv. farið fram úr áætlun, sumir verulega og aðrir minna. 4 tekjuliðir hafa þó ekki náð þeirri áætlun, sem þeir hefðu átt að hafa samkv. þeim tíma, sem liðinn er, en það eru yfirleitt þeir tekjuliðir, sem telja má víst að eigi ókomið inn meira en hlutfallslega mætti segja, miðað við þann tíma, sem eftir er af árinu. Þess vegna tel ég, að það séu nokkuð miklar líkur til, að ætla megi, að umframtekjurnar verði meiri en 35 millj., að þær verði 40—50 millj., án þess að ég ætli að fara að deila sérstaklega um það, eins og ég sagði, þar sem það mun liggja ljóst fyrir áður en langt um líður.

En í samræmi við þetta geri ég að vísu ráð fyrir því, að gjöld muni fara eitthvað fram úr áætlun líka, þó muni einhver tekjuafgangur verða, en hversu mikill skal ég ekki fullyrða. Hins vegar er það mjög áberandi í þessu, að það eru til hér tekjuliðir, einkum eru það að vísu þeir smærri, sem sýnilega ætla að verða geysiháir í samanburði við þá upphæð, sem áætluð var. Eitt í því sambandi vil ég minnast á, vegna þess að hv. frsm. meiri hl. bar mér það á brýn, að ég hefði verið með svo óhóflega ábyrgðarlausar till. í n. um hækkun á vissum tekjuliðum. Og það er bezt, að ég segi þá strax, hverjar þær till. voru. Annars mun þeim verða útbýtt bráðlega.

Í fyrsta lagi var það stríðsgróðaskatturinn. Hann er áætlaður á fjárlögum þessa árs 1 millj. og 500 þús. kr. En allar líkur eru til þess, að hlutur ríkissjóðs muni verða 4 millj. og 400 þús. Það er útlit fyrir, að hann muni þrefaldast. Þetta eina dæmi sýnir líka svolitið, hvert þróunin er að stefna í þjóðfélaginu. Á þeim tímum, sem atvinnulífinu gengur illa, og á þeim tímum, sem almenningur neyðist til þess að gera kröfur um hækkaðar tekjur vegna vaxandi dýrtíðar, þá hækkar stríðsgróðaskatturinn hlutfallslega miklu meira en nokkrir aðrir skattar. Þess vegna hef ég lagt til, að þessi tekjuáætlun yrði hækkuð um 1.5 millj. kr. Það er ein af þessum ábyrgðarlausu till. Ég lagði einnig til þar, að vörumagnstollurinn yrði hækkaður í áætlun um 1 millj. kr., og allar líkur eru til þess, að hann muni á þessu ári verða 23.5 millj. í staðinn fyrir 22.5. En það eru allar líkur til þess, að hann verði 24—25 millj. á næsta ári. Þetta er önnur hin ábyrgðarlausa till. Svo mun ég leggja það til enn fremur, að óvissar tekjur skuli hækka um 3 millj. kr. í staðinn fyrir 1 millj., sem meiri hluti fjvn. leggur til. Ég byggi það á þeirri áætlun, sem lá fyrir fjvn. um útlit fyrir þessa tekjuliði á þessu ári.

Í þessu sambandi ætla ég að benda á eitt stórt atriði. Það er til stofnun í landinu, sem heitir fjárhagsráð. Þessi stofnun var einu sinni tekin inn á fjárlög. Þá var það fastur liður á 11. gr., eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum, og áætlað, að það mundi kosta 2 millj. kr. Svo skeði það á einu þingi, að nokkrir Framsfl.-menn fluttu frv. um breyt. á fjárhagsráðslögum og sýndu þá fram á í grg., að þessi stofnun væri óhóflega dýr og tæki óhóflega mikið í leyfisgjöld. Þá skeði það á næsta þingi á eftir, að hæstv. *ríkisstj. lagði fyrir sinn meiri hluta* í fjvn. að taka fjárhagsráð ekki inn í fjárlögin og halda því utan við sem einni af þeim ríkisstofnunum, sem helzt á ekki að sýna, hvernig standa. Nú hef ég fengið upplýsingar um það, að á s. l. ári voru tekjur fjárhagsráðs 6 millj. kr., en útgjöld þess voru 2 millj. og 600 þús. Þegar ástandið er þannig, eins og formaður lýsti, að atvinnulífið er að gera óhóflegar kröfur til ríkisins og almenningur aftur til atvinnulífsins, þá er samt sem áður hægt að hafa 3 millj. og 400 þús. kr. gróða á fjárhagsráði fyrir það að úthluta leyfum til landsmanna. Þetta er aðeins eitt af þeim mörgu dæmum, sem sýna það, að það er til gróði í þjóðfélaginu. Það er einmitt það, sem er að gerast, að það er að vaxa gróði í vissum höndum, þegar ástandið er eins og það er núna. Afgangurinn af tekjum fjárhagsráðs fer beint í ríkissjóð og kemur þar fram í þeim liðum, sem þar er um að ræða.

Samt hefur meiri hl. fjvn. lagt til, að tekjuáætlunin yrði hækkuð á vissum liðum, sem hv. frsm. meiri hl. tók líka fram. Samtals eru þetta 10 millj. kr., og hæsti liðurinn þar er hækkun á söluskattinum um 6 millj. kr., sem er vissulega rökrétt út frá því fyrirkomulagi, sem er, og út frá þeirri fyrirhuguðu áætlun, sem virðist áreiðanlega vera hjá stjórninni og meiri hluta þings, að halda þeim skatti áfram. Það mun nefnilega sannast á þessu ári, að söluskatturinn, sem áætlaður er 77 millj. kr., mun fara verulega fram úr áætlun. En þetta er sá skattur, sem mun vera óvinsælastur allra tekjuliða ríkisins vegna þess, hversu þungt hann liggur einmitt á atvinnulífinu og hefur beinlínis hjálpað til þess að auka kröfur atvinnulífsins.

10 millj. kr. er það, sem hv. meiri hl. fjvn. leggur til að tekjuáætlunin hækki, og byggir það á þeirri áætlun, að á þessu ári muni tekjur ríkisins fara fram yfir áætlanir um 35 millj. kr. Ég leyfði mér í fjvn. að bera fram till. um 4½ millj. í viðbót við þetta. Og ég leyfði mér að halda því fram, að það séu miklar líkur til þess, að tekjuáætlunin fari á þessu ári, sem þetta er áætlað eftir, miðað við svipaðar aðstæður, fram úr áætlun meiri hl. fjvn. sem nemur þessum 4.5 millj.

Í sambandi við þetta ætla ég nú að minna á eina setningu, sem ég skrifaði upp eftir hv. frsm. meiri hl., þar sem hann var að tala um erfiðleika, sem hinir heilbrigðu menn í þjóðfélaginu væru sífellt að framleiða. Í sambandi við það sagði hann, að það væri nauðsynlegt að brjóta nú blað í þeirri sögu, sem við erum að deila um hér. Ég er honum að vissu leyti mjög sammála um það. Það eru erfiðleikar í þjóðfélaginu, sem heilbrigðir menn eru að framleiða, en við erum kannske ekki alveg sammála um, hverjir það eru, sem framleiða þá mest, hverjir eru hinir heilbrigðu menn, sem eiga sök á þeim. Og í sambandi við þetta ætla ég að minna nú á þá deilu, sem við áttum í fyrra við afgreiðslu fjárlaga þá, fyrst hörkudeilu í fjvn. og síðan hér í þessum þingsal. Það var í sambandi við till. um afnám eða að minnsta kosti lækkun þessa söluskatts, þessa skattstofns, sem er, eins og ég sagði, óvinsælastur af öllum *almenningi í landinu, vegna þess að fólkið finnur*, hve hann leggst þungt á atvinnulífið. Ég sagði áðan, að það lágu fyrir þær upplýsingar strax þegar fjvn. kom saman í fyrra, að tekjur ríkisins mundu fara á annað hundrað millj. kr. fram úr áætlun. Þá var þess vegna vissulega tækifæri til þess að brjóta þetta blað, sem form. var að ræða um. Þá var tækifæri til þess að afnema einmitt eitthvað af þeim álögum, sem hafa valdið þeim kröfum, sem hann talar mest um, — og var aldrei betra tækifæri en þá. En þegar ég kom með till. í fjvn. um það einmitt að brjóta þetta blað, með till. um það, að n. byrjaði störf sín á því að hugsa upp möguleika til þess að fella niður þennan skatt, ná samvinnu við ríkisstj., ná samvinnu við ríkisstofnanirnar um það að lækka framlög til þeirra, miðað við það, að jafnframt mundi dýrtíðin lækka við það að afnema skatt, sem virkilega veldur verulegum hluta verðlagsins í landinu, 11—12% var upplýst af einum af stuðningsmönnum stjórnarinnar þá, — en þegar ég kom með till. um að brjóta nú einmitt þetta blað vegna þessara sérstöku ástæðna, sem voru fyrir hendi, þá reis allur meiri hl. n. og ríkisstj. og meiri hl. þingsins upp á móti þessu og vildi ekki heyra það nefnt.

Einmitt þessi skattur hefur átt hina furðulegustu sögu hér á Alþ. og líklega furðulegri en flestir aðrir skattstofnar, sem Alþ. hefur samþykkt. Upphaflega var hann beinlínis samþ. til þess að standa undir ákveðnum greiðslum. Síðan er lækkað gengið til þess að losa ríkið við þær ákveðnu greiðslur, en jafnframt þurfti að hækka skattinn. Síðan eru enn þá gerðar nýjar ráðstafanir með bátagjaldeyrinum til þess að styðja þann atvinnuveg, sem upphaflega átti *að njóta söluskattsins, og jafnframt því þurfti* enn þá að hækka söluskattinn. Hvernig er nú hægt að fá betri sannanir fyrir því, að einmitt hér á Alþ. á þessi hringrás upptök sín, sem form. var að lýsa?

Ég ætla ekki að fara að endurtaka núna neitt af því, sem ég sagði í deilunni um þessa till. mína um afnám söluskattsins á síðasta þingi. Ég get gert það, ef ástæða gefst til síðar í umr. En ég bendi á það, að hér var virkilega möguleiki til þess að byrja á þessari braut. Það var ekki reynt, og þess vegna er ástandið núna verra en það var í fyrra. Annað mætti benda á líka. Það hefði verið mikil ástæða fyrir Alþ. að byrja á þessari braut og byrja á sínum eigin vettvangi í fyrra á því að reyna að lækka dýrtíðina í landinu, dýrtíðina, sem veldur þessum kröfum, sem mest er kvartað um núna. Þá var einmitt vöruverð frekar að lækka erlendis og

þess vegna enn þá hægara fyrir Alþ. að brjóta blaðið heldur en annars hefði verið.

Þá ætla ég að koma að öðrum þætti í afgreiðslu fjárlaganna, sem er raunar líka enn þá meiri þáttur í allri efnahags- og fjármálastarfsemi þjóðarinnar, og í sambandi við það skal ég aðeins koma inn á þá fullyrðingu formanns, að ég hefði í n. starfað þannig, að það liti fremur út, að ég hefði verið fulltrúi erlends herveldis heldur en austfirzkra bænda, og það er það, hversu allt fjármálalíf okkar og athafnalíf og atvinnulíf er orðið háð erlendum þjóðum, orðið háð erlendum herveldum, og eitt þeirra, hið voldugasta, situr núna með her hér í landinu. Í sambandi við það ætla ég enn að minna á fullyrðingu Tímans, sem birt var sem fyrirsögn með ræðu fjmrh. í haust, að ríkisbúskapur hefði nú verið rekinn greiðsluhallalaus í 3 ár án hækkandi tolla og skatta. Ég er búinn að sýna fram á það, hvort það hafi virkilega ekki þessi 3 ár hækkað tollar og skattar eða sambærilegar álögur á þjóðina og atvinnuvegina. Ég veit ekki, hver treystir sér til að neita því. En það er hitt, sem líka er hægt að sanna, að ríkisbúskapurinn hefur einmitt ekki verið rekinn greiðsluhallalaus þessi 3 ár, og það sannast bezt með því, þegar við lítum á það, að þessi 3 ár höfum við lifað að nokkru leyti á gjöfum frá öðrum þjóðum, gjöfum, sem hafa gert ríkisstj. og meiri hluta þm. að fulltrúum erlends herveldis.

Ég veit, að allir hv. alþm. muna það, að á miðju sumri 1949 var undirritaður hinn svo kallaði Marshallsamningur, og okkur var lofað miklu í sambandi við þann samning. Okkur var lofað því, að við skyldum fá lán. Okkur var lofað því, að við skyldum fá gjafir. Okkur var lofað því, að við skyldum verða búnir að fá aðstoð til þess að reisa við okkar efnahagslíf þannig, að árið 1952 skyldi það verða í meiri blóma en nokkru sinni fyrr, þ. e. a. s., þetta voru loforð hinna innlendu postula Marshallstefnunnar. Það kom fram hjá hinum erlendu postulum hennar, að það væri kannske annað meira á bak við. Þar kom m. a. fram þá, að það gæti nú skeð, að Ísland yrði að fórna einhverju af þeim friðindum, félagslegum og efnahagslegum, sem það þá var búið að ávinna sér. Það er hægt að vitna í ummæli m. a. forstjóra og framkvæmdastjóra Marshallæstlunarinnar og finna þessi ummæli þar. Hver hefur svo reynslan orðið? Hún hefur orðið sú, að við höfum fengið gjafir, við höfum fengið hátt í 400 milljónir í gjöfum og lánum, mest af því gjafir, og á s. l. ári, því árinu, sem við áttum að vera búnir að koma okkar efnahagslífi á verulega góðan kjöl samkvæmt loforðum hinna innlendu postula Marshallkerfisins, fengum við 135 millj. kr. í beinum gjöfum. Það er fjarstæða að halda því fram, að það sé rekinn greiðsluhallalaus ríkisbúskapur hjá ekki fjölmennari þjóð en þetta, þegar hún þarf að fá í beinum gjöfum 135 millj. kr. Hver eru svo hin friðindin, sem við höfum fengið fyrir þessa aðstoð, friðindi, sem við höfum fengið í sambandi við Marshallæstlunina? Ég veit ekki betur en núna sé svo komið, að ein helzta aðstoðarþjóð okkar, Bretar, er búin að kasta okkur út af sínum mörkuðum, og núna stöndum við í beinu viðskiptastríði við hana. Hvað er þetta annað en það, sem sósíalistarnir sögðu fyrir að væri aðaltilgangur þessarar Marshallhjálpar allrar saman, að við mundum að henni lokinni standa verr að vígi en áður, eins og reynslan sýnir nú? Þetta eru efndirnar á því, sem okkur var lofað í sambandi við Marshallhjálpina. En svo höfum við fengið annað í staðinn. Við höfum einmitt fengið hið erlenda herlið, sem situr hér í landinu. Það var Marshallhjálpin, þessi efnahagssamvinna, sem hjálpaði til þess að gera þá fulltrúa, sem samþykktu þann hernáms- eða varnarsamning eins og þeir kalla, að fulltrúum erlends herveldis. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að hæstv. form. fjvn. sé viðkvæmur, þegar lagt er til að fella niður af fjárlagafrv. upphæðir eins og t. d. 364 þús. kr. upphæð til skrifstofu Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, skrifstofu, sem situr í París við hliðina á sendiráðinu þar. Ég skal koma aðeins ofur lítið inn á það betur einmitt í sambandi við þetta, og þar kem ég einmitt að þeim tillögum, sem ég flutti til lækkunar á frv.

Árið 1950 gengum við í hið svo kallaða Atlantshafsbandalag. Þá var því heitið, að við skyldum aldrei þurfa að hafa her hér á landi á friðartímum, og það var ekkert um það getið, að það mundi kosta okkur nokkur fjárútlát. Ég skal að vísu játa, að þau fjárútlát, sem það hefur kostað okkur beint í fjárframlögum á fjárlögum, eru ekki stór, miðað við heildarupphæð fjárlaganna. En þó skal ég benda á þessar upphæðir. Á 11. gr. er 364 þús. kr. upphæð til skrifstofu Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, skammstafað NATO, í París. Við erum náttúrlega orðnir miklir menn á þessu sviði, og það er ekki furða, þó að við þurfum að leggja eitthvað til hermála. Við gengum í Atlantshafsbandalagið á þessu ári, sem ég nefndi. Við gengum í fyrra í hernaðarbandalag við Tyrkland og Grikkland, ekki mátti það minna kosta, — hefði nú þótt fyrirsögn hér fyrr á árum hjá okkur líklega flestum, þegar við vorum að læra Íslandssögu um Tyrkjaránið í barnaskólunum íslenzku. Ætli það hefði verið talið trúlegt þá, að Íslendingar ættu eftir að ganga í hernaðarbandalag við Tyrki? En það hefur margt ólíklegt skeð á þessum síðustu árum. Við erum gengnir inn í Evrópuráðið, sem er einn angi af þessu öllu saman, þó að eigi ekki að heita beint hernaðarbandalag. Og samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj., sem hún gaf fáum dögum eftir að styrjöld brauzt út austur í Kóreu, þá erum við raunverulega í stríði við Norður-Kóreumenn. Ja, hver hefði nú spáð því fyrir 10 árum síðan, svo að maður fari ekki lengra aftur í timann, að þetta ætti eftir að henda hina vopnlausu og friðsömu íslenzku þjóð, sem ekki hefur borið vopn í margar, margar aldir? En það er þá víst ekki furða, þó að við þurfum eitthvað smávegis að leggja fram í fjárlögum til þess að fá að vera með í öllum þessum ágætu samtökum. Þessar upphæðir, eins og ég sagði, sem ég lagði til að fella niður, eru upphæðin til skrifstofu NATO. Þar er um að ræða fulltrúa. Ég efast um, að hv. alþm. margir viti, hvað þessir sendimenn þar eiga að gera. Hlutverk þeirra á sem

sé að vera það að líta eftir því, hvernig aðrar bandalagsþjóðir standa við sínar skuldbindingar á hernaðarsviðinu gagnvart bandalaginu sjálfu. Sjálfir höfum við nú ekki neinar slíkar skuldbindingar aðrar en þá hersetu Bandaríkjanna hér. Og ég fæ nú ekki skilið, hvað það á að þýða, að Íslendingar séu með aukasendiráð niðri í París, sem kostar nærri 400 þúsund, til þess að líta eftir þessu. Hann hlýtur að vera orðinn góður hernaðarsérfræðingur, sá maður, sem stjórnar þeirri skrifstofu. En Íslendingum er nú líka mjög mikið að fara fram á hernaðarsviðinu. Ég lagði einnig til, að tillag til Atlantshafsbandalagsins, 263 þús., yrði fellt niður, og ég lagði til, að tillag til Evrópuráðsins yrði fellt niður, 60 þús. Þetta þykja ekki stórar upphæðir. Ég lagði einnig til að lækka kostnaðinn við þátttöku í alþjóðaráðstefnum, en hæstu liðirnir þar eru einmitt á vegum þessarar starfsemi. Og sú lækkun, sem ég lagði til samtals í því efni, nam um það bil einni milljón króna. Ég tel, að sú milljón væri betur komin annars staðar en í þessari starfsemi, og ég skal standa við þau orð hvar sem er og frammi fyrir hvaða íslenzkum hlustendum sem er. En það er dálítið skiljanlegt, þegar maður finnur alla þá viðkvæmni, sem ríkir hér á Alþingi gagnvart því, að minnzt sé á þessi mál, þó að hv. form. fjvn. yrði líka viðkvæmur fyrir því að fá þessar till. bornar upp í n. og fella þær.

Það er rétt í sambandi við þetta, þó að það sé nú ekki nema þáttur af þessu máli, að ég gefi upplýsingar um það, hvernig skiptist í stórum dráttum sá liður á 10. gr. fjárlaga, sem heitir: Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, — og er það í tveim liðum, bæði á vegum utanrrn. og annarra ráðuneyta. Á vegum utanrrn. er hér um að ræða 449 þús. kr. Það skiptist þannig, — það er rétt til gamans fyrir hv. þm. að heyra það. Það er hér byrjað með smáupphæð vegna kostnaðar við viðkomu D. Eisenhowers, 3000 kr. rúmlega. Það hefur nú ekki verið nema rétt fyrir vindlum handa honum og flösku af einhverju. Svo er það kostnaður vegna þinghalds Evrópuráðsins í Strassbourg, 74900 kr. Vegna Efnahagssamvinnustofnunarinnar 50 þús. Utanríkisráðherrafundur á Norðurlöndum 12500. Atlantshafsbandalagið 130 þús. Þing FAO 19 þús. og Allsherjarþing sameinuðu þjóðanna 88 þús. Annað eru smáupphæðir, sem litlu máli skipta. En þegar um er að ræða þessa einu milljón, sem ég lagði til, að felld yrði niður í sambandi við allt þetta hernaðarvesen, og form. fjvn. stimplar mig í staðinn fulltrúa erlends herveldis, þá ætla ég að benda á það, að það er rifizt í fjvn. hörkudeilum um 5 þús., um 10 þús. kr. fjárveitingar til vissra menningarmála, og þá litur út fyrir, að bæði formanni og öðrum meirihlutamönnum í fjvn. þyki sem fjárhagur ríkisins muni allur af göflum ganga, ef slíkar upphæðir, ein og ein, fari inn í fjárlögin. Það er nefnilega ekki sama, til hvers féð á að fara, gagnvart því að eyða upphæðum í a. m. k. vafasama hluti.

Þá ætla ég enn að benda á það, að það er vafalaust hægt að lækka ýmsa gjaldaliði á fjárlögunum, en gagnvart mörgum þeirra þarf vitanlega að gera annað fyrst. Það er þess vegna ekki sök meiri hl. fjvn. eða fjvn., þó að það liggi ekki fyrir till. um slíkt. Það eru vissir hlutir, sem virkilega er hægt að laga í stórum dráttum í ríkiskerfinu, en það þarf helzt að takast upp af ríkisstj. og vinna að því skipulega. Ég skal nefna t. d. eitt dæmi, sem ég gerði að dálitlu umtalsefni hér við fjárlagaumræðuna í fyrra, — ég ætla að minna á það aftur núna. Það er t. d. það, hversu miklu fé er eytt í húsaleigu fyrir ríkisstofnanir og ríkisstarfsemi. Það er kunnugt, að ríkið á eina allstóra byggingu fyrir sínar skrifstofur, sem er Arnarhvoll. Það á einnig aðra byggingu, að ég ætla, Túngötu 18, þar sem líka eru ríkisskrifstofur. En þessar byggingar hrökkva ekki nærri því fyrir starfsemi ríkis og ríkisstofnana. Afleiðingin er sú, að ríkisstofnanirnar búa í leiguhúsnæði hingað og þangað úti um bæ, og við fengum í fjvn. skýrslu um, hvað þetta leiguhúsnæði kostar, og það er hreint ekki smáræði. Hún er of löng til þess, að ég geti farið að lesa hana alla hér upp. En ég bendi á það, að þar eru mjög háir liðir, eins og t. d. að Skattstofan í Reykjavík greiðir 105 þús. kr. í húsaleigu, áfengisverzlun ríkisins greiðir 163 þús. kr. í húsaleigu og Tóbakseinkasalan greiðir 179 þús. kr. í húsaleigu. Þetta eru gífurlegar upphæðir, þegar þær eru dregnar saman, enda er heildarupphæðin í þessari skýrslu rúmlega 1½ millj. kr. Ég benti á það við fjárlagaumræðuna í fyrra, hvað lítið vit væri í því fyrir ríkið að eyða fé á þennan hátt. Og ég ætla núna að benda á annað, sem er staðreynd í sambandi við þetta, og það er það, að í sumum þessum tilfellum, náttúrlega ekki í öllum, en í sumum a. m. k. og það stórum tilfellum hefur ríkið einmitt, eða einhverjir sjóðir, sem ríkið á eða ríkisstofnanir, lánað eigendum þessara húsa fé til þess að byggja og tekur síðan húsin á leigu og borgar í raun og veru þannig húseigendum byggingarkostnaðinn, sem það ætti að réttu lagi að borga sjálfu sér. Hér er um að ræða eina tegund þeirra krafna, sem gerðar eru af háttsettum mönnum hjá þjóðinni, háttsettum mönnum, sem hafa aðstöðu til þess að beita sér hjá æðstu valdamönnum þjóðarinnar, og þessum kröfum hefur verið fylgt í því miður of stórum stíl. En það er ekki mikið verið að benda á þetta, ekki af stjórnarmeirihlutanum a. m. k., í hinum almennu umræðum um afgreiðslu fjárl. eða atvinnumála og fjárhagsmála yfirleitt.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu lengri. Því miður mun ekki vera búið að útbýta minum brtt., og það er vegna þess, að því er mér var sagt áðan, að þær hefðu tafizt í prentsmiðjunni, vegna þess að rafmagnið hefði verið tekið af prentsmiðjunni. Þær eru ekki margar, og ég hef gert þegar grein fyrir sumum þeirra. Ég mun þá biðja um orðið seinna á fundinum til þess að gera grein fyrir hinum. Ég kann ekki við að fara að tala fyrir þeim hérna, meðan ekki er búið að útbýta þeim. En ég vil aðeins taka það fram aftur, sem ég sagði í byrjun, að ég tel, að sú stefna, sem hefur ríkt undanfarin ár og á upptök sín hjá Alþingi og ríkisstj. í þessum málum öllum, bæði innanríkismálum og utanríkismálum, eigi sök á því ástandi, sem núna er í

landinu í atvinnumálum og fjárhagsmálum þjóðarinnar. Og þetta fjárlagafrv. sýnir það, eins og afgreiðsla þess á að vera samkvæmt vilja ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans, að ætlunin er að halda áfram á nákvæmlega sömu braut og áður.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það fór enn á þann veg eins og oft áður, að fjvn. tvíklofnaði um afgreiðslu fjárlfrv. við 2. umr. þess. Það er því skilað nál. um það í þrennu lagi.

Fjárlfrv., eins og það var lagt fyrir hv. Alþ. s. l. haust, mátti heita nálega uppprentun á fjárl. yfirstandandi árs, og í meðferð fjvn. á frv. hefur engin breyting, sem teljandi sé, verið gerð á því. Samtals leggur meiri hl. fjvn. til, að tekjuáætlunin hækki um tæpar 10 millj. og gjöldin um rúmar 8 millj., og er þetta allt niðurstaða af margvíslegu og fremur ómerkilegu smákáki í frv. hingað og þangað. Ég held, að engum blandist hugur um það, hversu ómerkilegar og óverulegar þessar breytingar eru, ef litið er á brtt. meiri hl. á þskj. 282, þegar frá eru teknar till. til skiptingar á vegafé og brúafé og hafnafé, enda er það svo, að flestum meiri háttar erindum og till. hefur verið vikið frá í bili og geymt að afgreiða þau þar til við 3. umr. málsins. Þessi 2. umr. um fjárl. er því að minu áliti að mestu leyti málamyndaafgreiðsla til þess að fullnægja formi fremur en að hv. stjórnarfl. hafi sýnt, að þeir teldu þörf nokkurrar endurskoðunar eða breytingar á fjárlagafrv.

Það kemur fyrir alloft á fundum í fjvn., að það heyrist allhávær sparnaðargnýr í fulltrúum stjórnarfl. í fjvn., en þegar eftir því er gengið af stjórnarandstöðunni, hvort fulltrúar stj. vilji þá ekki fylgja þessu sparnaðarhjali sínu eftir með því að greiða atkv. með sparnaðartill., þá fer oftast svo, að það situr við orðin tóm. Núna hafði það t. d. hneykslað hv. meiri hl. n. allmjög, að fjöldi starfsmanna hjá ríkinu hefur risnufé, þó að mönnum sé alls ekki kunnugt um, að ýmsir þessara embættismanna hafi nokkur útgjöld öðrum embættismönnum fremur af risnu. Þegar ég svo bar fram till. um að fella allt risnufé niður nema hjá forseta Íslands, forsrh. og utanrrh. og nokkrum öðrum æðstu embættismönnum þjóðfélagsins, þá stóð ekki á því, að allar hendur sparnaðarmanna stj. í fjvn. væru á lofti til þess að fella till. um niðurfellingu risnufjárins. Þá virtist það vera orðið að prinsipatriði, að þetta yrði ekki fellt niður. Þessi smávægilega sparnaðartill. mín um hneykslunarhelluna, risnufé, var þess vegna felld með 7:2 atkv., — stjórnarliðið með því, að risnufé héldi sér, stjórnarandstaðan á því, að þetta mætti missa sig, — og þannig hefur miklu oftar farið, að hneykslun meiri hl. hefur hjaðnað eins og bóla, þegar átti að taka hneykslunarhelluna sjálfa burt.

Ég sagði áðan, að þetta fjárlfrv. væri að mestu leyti endurprentun á fjárl. yfirstandandi árs, og höfuðeinkenni fjárl. á yfirstandandi ári og fjárl. á undanförnum árum hefur verið það, að rekstrarkerfi ríkisins hefur heimtað frá ári til árs stórhækkandi fjárupphæðir, en hins vegar hefur stungið í stúf, þegar hefur komið að 13. gr. í fjárl. um verklegar framkvæmdir, að þá hefur sparnaðarandinn náð sér á strik. Og alveg eins er það nú — og í raun og veru þó öllu augljósar nú en nokkru sinni áður. Á seinasta fjárlfrv., fyrir árið 1952, þegar það var lagt fram, voru áætlaðar nokkurn veginn sömu fjárupphæðir til verklegra framkvæmda eins og árið þar áður, og var þó öllum ljóst, að þetta þýddi greinilega lækkaðar framkvæmdir til verklegra framkvæmda hjá ríkinu. Það þýddi minni nýbyggingar vega, lakara vegaviðhald, færri brýr byggðar og minni úrbætur á aðkallandi hafnargerðum o. s. frv. Núna þurfti ekki aðeins að hækka þessar fjárveitingar til verklegra framkvæmda vegna vaxandi dýrtíðar, til þess að þær næðu sama notagildi eða verkgildi og áður, heldur þurfti einnig að taka tillit til þess, að á seinasta þingi voru afgreidd ný vegalög og við það lengdist þjóðvegakerfi landsins um 970 km — nærri þúsund km. En hvað blasti svo við okkur, þegar við sáum fjárlfrv. lagt fram nú í þingbyrjun? Hafði ekki hæstv. fjmrh. lagt til hækkaðar fjárveitingar til vegamála, m. a. vegna þessarar stórkostlegu lengingar á vegakerfinu, auk þess sem þurfti að ætla hækkaðar fjárupphæðir vegna aukinnar dýrtíðar frá árinu áður? Nei, það var ekki mikið um hækkanir á fjárveitingum. Og nú var ekki einu sinni látið sitja við óbreyttar tölur frá árinu áður, heldur sáu menn nú verulegar lækkanir á ýmsum fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Þannig höfðu á fjárl. yfirstandandi árs verið veittar 8 millj. og 985 þús. kr. til akvega, þ. e. a. s. á árinu 1952, en á fjárlfrv. fyrir 1953 var þessi fjárveiting ekki nema 8 millj. og 855 þús. kr. Þó hafði vegamálastjórinn, sem verður nú að teljast fremur varfærinn embættismaður, gert grein fyrir því, að fjárveitingar til nýrra vega þyrftu nauðsynlega að hækka um 3—4 millj. kr. Og eins var um viðhaldsfé. Vegamálastjórinn hafði upplýst, að árið 1951 hefði viðhald vega kostað 20 millj. kr., og hefði þó raunar þurft, ef vel hefði átt að vera séð fyrir vegaviðhaldinu, að verja til þess 22 millj. kr. Nú fór hann þess vegna fram á það, bæði með tilliti til hækkaðs verðlags og til lengra vegakerfis, að til viðhaldsfjár yrðu veittar 25 millj. kr., og auk þess bað hann nú um 2 millj. kr. til endurbóta á aðalleiðum vegakerfisins. Þetta voru óskir hv. vegamálastjóra, vafalaust bornar fram við fjmrh., áður en hann gekk frá sínu uppkasti að fjárlfrv. Og hvað ætlaði svo fjmrh. til vegaviðhalds á þessum fjárl. næsta árs? Það eru 18 millj. og 400 þús. kr., þriðjungi lægri fjárupphæð en vegamálastjóri taldi bráðnauðsynlegt, að til þess yrði varið, og nokkrum millj. lægra en þetta kostaði reikningslega árið 1951 við miklu minni dýrtíð en nú er. — Á fjárl. yfirstandandi árs voru veittar 3.475 þús. kr. til brúargerða, en nú eru það 3.100 þús. kr. Það varð að lækka það um 375 þús. kr. — Alveg er sama sagan um fjárveitingar til hafnargerða og lendingarbóta. Á fjárl. yfirstandandi árs voru veittar 5 millj. og 145 þús. kr. til þeirra mála, en á þessu fjárlfrv. fyrir næsta ár eru það 4 millj. og 475 þús. kr. Það er 770 þús. kr. lækkun frá árinu áður, og er alveg augljóst mál, að þarna hefði þurft að hækka fjárveitinguna að krónutölu verulega, ef nokkur von hefði átt að vera til þess,

að takast mætti að framkvæma neitt því líkt sem árið áður í hafnargerðum.

Ég hygg, að flestir séu mér sammála um, að í þessu sé öfugt stefnt. Nú hefði þurft að auka verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins í stað þess að draga úr þeim, eins og gert er í þessu fjárlfrv., því miður. Það eru vissulega augljós sannindi, að þegar einkaatvinnurekstrinum vegnar erfiðlega og atvinnulífið dregst saman og atvinnuleysi sækir þjóðfélagið heim, þá er tvöföld skylda á herðum ríkisins að auka þá einmitt verklegar framkvæmdir og gera þannig sitt til að minnka atvinnuleysið. Ég vil ekki trúa því, að hæstv. ríkisstj. hafi getað lokað augunum fyrir því, að nú er atvinnuástandið víða um land þannig, að þessarar stefnu hefði verið hin fyllsta þörf og meira að segja að henni hefði fylgt sköruleg framkvæmd af hendi ríkisstj. Það er rétt að taka sem dæmi iðnaðinn í landinu. Það vita það allir og viðurkenna, að hæstv. ríkisstj. hefur með stefnu sinni leikið þennan þriðja aðalatvinnuveg þjóðarinnar fremur grátt. Iðnaðurinn er nú í mörgum greinum lagður í rústir með þeim óhóflega innflutningi á unnum iðnaðarvörum, sem fluttar hafa verið inn í landið. Þetta hefur leitt til þess, að mikill fjöldi fólks, sem áður stundaði iðju og iðnað, gengur nú atvinnulítill eða atvinnulaus og berst við mjög þröng kjör. Menn skyldu nú ætla, að þess sæjust einhver spor á fjárlfrv. og í till. meiri hl. fjvn., að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir vildu að einhverju leyti bæta fyrir þessi brot sín gagnvart iðnaðinum, t. d. með ríflegum fjárveitingum til iðnaðar og iðnaðarmála. Og hverjar eru nú þessar fjárveitingar til iðnaðarins í fjárlfrv., eins og það liggur núna fyrir? Jú, það er lagt til, að það verði veitt ein milljón króna sem byggingarstyrkur til iðnskólahúss. En að öðru leyti eru það svo 700 þús. kr. samtals, sem ætlaðar eru til iðnaðarmála, að meðtöldum ýmsum smástyrkjum til einstaklinga. Þetta virðist mér vera eins konar undirstrikun stjórnarherranna á því, að iðja og iðnaður séu þeim óviðkomandi, og það mætti næstum ætla, að þessi atvinnuvegur ætti engan rétt á sér og væri jafnvel talinn til þjóðhættulegrar starfsemi. — Einar 700 þús. kr. til þriðja stærsta atvinnuvegar þjóðarinnar, fyrir utan byggingarstyrk til iðnskólahúss!

Ég hefði vænzt þess, að þess hefðu sézt einhver spor í fjárlagafrv. eða í tillögum hv. meiri hl. fjvn., sem vitanlega gerir tillögur í anda ríkisstj., að ástandið í landinu er næsta alvarlegt, svo alvarlegt, að ríkisstj. getur ekki látið eins og það sé sér óviðkomandi, látið undir höfuð leggjast að gera þar einhverjar tillögur til aðstoðar og úrbóta. Það er nefnilega komið svo í landinu, að það er orðið ólíft fyrir verkalýðsstétt landsins með þeim launakjörum, sem hún hefur, í þeirri ægilegu dýrtíð, sem nú hefur heltekið þjóðfélagið. Verkamaður, sem jafnvel hefði vinnu upp á hvern einasta virkan dag í hverjum mánuði ársins, ætti samt í örðugleikum með að geta keypt fyrir sig sínar brýnustu lífsnauðsynjar. En nú er fjarri því, að verkamenn búi yfirleitt við þá sæmd að eiga að verki að ganga hvern virkan dag. Það er mikill hluti af íslenzkri verkalýðsstétt nú, sem fær ekki verk að vinna, hversu feginn sem hann vildi. Og þar hefur skorturinn heimsótt heimilin, og hann er orðinn daglegur gestur á þúsundum heimila í landinu. Það er afleiðing af þessu, að samtök verkalýðsins hafa hafið kjarabaráttu með samstilltu átaki og á víðtækari grundvelli en nokkur dæmi eru til áður í sögu landsins. Menn skyldu ekki halda, að það sé neitt leikfélag, sem þarna hefur verið stofnað. Það eru samtök, sem eru stofnuð vegna sárrar neyðar, sem heimsækir nú margt af þessu fólki, sem þarna á því hendur sínar að verja vegna þess þjóðfélagsástands, sem hæstv. ríkisstj. hefur skapað viljandi eða óviljandi.

En þrátt fyrir það að þetta ástand hljóti að blasa við augum allra, hæstv. ríkisstj. ekki síður en annarra, þá er samt haldið áfram á sömu eyðslu- og ráðleysisbraut með allan ríkisbúskapinn. Og þó er það vissulega krafa alþjóðar, að ríkið og æðstu ráðamenn þess gefi það fordæmi, sem þegnunum sé hollt að fylgja og hlýða, ekki síður þegar að þrengir heldur en á velti- og velgengnisárum.

Ég tel, að það verði naumast séð fyrir afleiðingar þess, ef Alþingi gerir engar ráðstafanir til að stöðva dýrtíðarflóðið og stemma stigu við taumlausu okri og fjárplógi, sem nú um sinn hefur fengið að geisa eins og logi yfir akur og hefur eytt tekjum vinnandi fólks, að því er virðist undir allra hæstri velþóknun ríkisstj.

Það er vissulega ekki hægt að búast við því, að auðurinn og örbirgðin búi miklu lengur en orðið er friðsamlega hlið við hlið í íslenzku þjóðfélagi, ef ekkert verður að gert.

Með tilliti til þessa, sem ég nú hef verið að segja, — þó að fáir hafi á það hlýtt og bekkirnir séu hér þunnskipaðir eins og oftar, — þá er það sannfæring mín, að hæstv. ríkisstj. ætti að láta endurskoða alla afgreiðslu fjárlagafrv. með það fyrir augum, að nema burt úr því öll þau útgjöld, sem ekki verða að teljast lífsnauðsyn fyrir fátækt þjóðfélag. Jafnframt þessu eigi að framkvæma lækkun á tollum og sköttum, og löggjafarvaldið verði jafnframt þessu að gera löggjafarráðstafanir til lækkunar á vöxtum til aðstoðar við atvinnulífið, lækkunar á farmgjöldum, lækkunar á álagningu bæði heildsala og smásala og setja upp öruggt eftirlit með því, að hinum nýju lagaákvæðum verði fylgt.

Því yrði vitanlega til svarað, að það fyrsta, að lækka tolla og skatta, þyldi ríkisbúskapurinn ekki, en ég nefndi það líka, að það yrði að skera öll lítt þörf útgjöld burt úr fjárlagafrv., öll útgjöld önnur en þau, sem jafnvel fátæk þjóð kæmist ekki hjá að inna af hendi. Ef jafnframt væru gerðar ráðstafanir til lækkunar á verðlagi í landinu, þá kæmi að því innan stundar, að vísitalan lækkaði. Þar með drægi úr útgjöldum ríkisbúskaparins. Þar með drægi úr útgjöldum allra atvinnuvega í landinu. Þar með yrðu þeir sterkari og gætu haldið uppi meiri atvinnu. Þá drægi úr atvinnuleysinu. Þá létti þeim byrðum af þjóðfélaginu að þurfa að aðstoða atvinnulífið, eins og það verður nú að gera með allháum fjárupphæðum, þegar út í neyðina er komið. Þá væri stefnt til betra lífs á Íslandi.

En ef fjárlög verða nú afgreidd með þessum hætti og engar lagaráðstafanir gerðar til þess að bæta lífsafkomu þess fólks, sem nú þjáist af

atvinnuleysi og tekjuskorti, þá er þetta sama fólk knúið til að beita afli samtaka sinna til þess að fá kjör sín bætt með einhverju móti, e. t. v. á þann hátt, sem þjóðfélaginu væri ekki til eins mikillar farsældar og ef hæstv. ríkisstj. væri vakandi á verðinum og sýndi vilja og einbeitni til þess að opna aðrar farsællegri leiðir.

Ég geri mér að vísu harla veikar vonir um það, að núverandi ríkisstj. hafi nægilega einbeittan vilja til þess að framkvæma svona niðurfærslu- og sparnaðarleið, sem vissulega hlyti að koma nokkuð við marga aðila í þjóðfélaginu, og ég veit það vel, að ríkisstj., sem ætti að færast slíkt í fang, yrði að trúa á einhvern annan guð en sína eigin pyngju. En um þá trú er ég hræddur um að sé fullmikið innan hæstv. ríkisstj.

Hv. meiri hl. fjvn. hefur nú vikið frá þeirri venju, sem fylgt hefur verið nokkur undanfarin ár, og hefur nú gert brtt. við tekjulið fjárlagafrv. við 2. umr. Þetta eru þó frekar smávægilegar breytingar við tekjuliðina, en á undanförnum árum hefur það verið svo, að tekjuliðin hefur verið áætluð of lág, svo að milljónatugum hefur skipt. Og það hefur áreiðanlega ekki verið neitt óviljaverk, heldur verið hagað þannig með það fyrir augum, að hægt væri að segja, þegar til útgjaldanna kæmi: Við höfum ekki tekjustofna til þess að taka á okkur þessi eða hin — jafnvel fremur nauðsynleg útgjöld, og víkjum þeim því frá okkur. — En svo hefur reynslan sýnt, að tekjurnar hafa orðið miklu hærri, og þær till., sem ég hef gert til hækkunar á tekjuliðinni, hafa frá ári til árs nú í mörg undanfarin ár staðizt og sýna, að það hefði verið óhætt að áætla tekjurnar mun hærri.

Í upphafi nál. hv. meiri hl. n. er það upplýst, að 1951 hafi tekjur ársins orðið 413.5 millj. kr., eða 115.5 millj. kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Þarna er ekki hlífzt við að segja sannleikann, og hann er á þá leið, að tekjurnar hafi verið áætlaðar nokkuð á annað hundrað millj. kr. lægri en þær voru, og svo miklu skeikar ekki skýrum fjármálamönnum um áætlun frá ári til árs. Þetta hefur því miður verið vitandi vits of lágt áætlað til þess að koma sér hjá að áætla á móti gjöld, og verður þetta því að teljast tilraun til þess að taka fjárveitingavaldið úr höndum Alþ. miklu meira en góðu hófi gegnir og miklu meira en nokkur fjmrh. eða ríkisstj. á þingræðislegan rétt til.

Ég hef nokkuð kynnt mér þá skýrslu um tekjur og gjöld ríkissjóðs, sem fjvn. var send núna um síðustu mánaðamót, og ég þykist af því sjá, að það sé óhætt að hækka tekjuliði þessa fjárlagafrv. nokkru meira en meiri hl. fjvn. hefur þegar lagt til. Ég tel, að það sé einsætt, að þar sem tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka, hefur nú verið á lagður 58 eða 59 millj. kr., þá sé óhætt að áætla hann 55—56 millj. kr., gerandi þá ráð fyrir, að 4—5 millj. kr. innheimtist ekki eða verði að teljast afföll vegna hugsanlegra lækkana hjá ríkisskattanefnd. En í mörg undanfarin ár hefur það ekki komið fyrir, að þessi lækkun væri meiri en 2—3 millj. kr. Nú er þetta áætlað í fjárlagafrv. 52 millj., og hv. meiri hluti held ég að telji óhætt að hækka það um 2 millj.

Það virðist líka af þessu yfirliti, sem fjvn. hefur verið sent frá ríkisbókhaldinu, að óhætt sé að hækka vörumagnstollinn um allt að 4 millj., innflutningsgjald af benzíni einnig nokkuð, og það er alveg augljóst mál, ef menn ætla ekki vitandi vits að áætla söluskattinn of lágan, að þá má hækka hann um 10—12 millj. kr., kannske öllu betur. Ég tel alveg óruggt, að það megi hækka tekjuliði þessara fjárlaga, — ef menn ætla að vera eitthvað nálægt raunveruleikanum og verða sér minna til skammar en á undanförnum árum með alrangar áætlanir, — um fast að 30 millj. kr., 28—30 millj. kr.

En þar sem ég, eins og ég sagði í upphafi máls míns, lít svo á, að þessi 2. umr. um fjárlögin núna sé raunverulega málamyndaafgreiðsla, þá tel ég miklu réttara, að við Alþýðuflokksmenn bíðum með allar okkar meginbrtt., bæði við tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv., til 3. umr. Þá er betur séð, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að afgreiða frv. endanlega, og þá liggja líka fyrir upplýsingar um það, hvernig tekjur nóvembermánaðar hafa gefizt, og er þá skammt til áramóta og lítill vandi að áætla tekjuliði frv. nokkurn veginn rétt, ef vilji er fyrir hendi.

Ég hef haft nokkurt gaman að því að sjá hið langa og ýtarlega nál. hv. meiri hl. fjvn. og verð að játa það, að það er í raun og veru fullt af gagnrýni á stjórnarstefnuna og afleiðingar hennar í þjóðfélaginu. Það er t. d. tekið fram í upphafi nál., að opinberum stofnunum og ríkisfyrirtækjum virðist vera veitt mjög lítið aðhald. Þar er skýrt frá því, að embættismenn, jafnvel sumir forstjórar og skrifstofustjórar, hafi að ýmsum leiðum fengið laun sín hækkuð umfram launalög. Sumir fái verulega greiðslu fyrir aukavinnu, sem geti leitt til allt að tvöföldun embættislauna. Og það er tekið fram alveg réttilega, að svona nokkuð valdi óánægju. Það raskar líka með öllu samræmi í launagreiðslum, og þegar þetta er orðið jafnalgengt og nú á sér stað, þá væri miklu réttara að afgreiða ný launalög, sem væru hækkuð frá þeim núgildandi, því að við það fengist samræmi milli launa frekar en nú á sér stað, því að sumir sitja við sín lögboðnu laun, en aðrir eru með aukatekjur, sem gera það að verkum, að laun jafnvel meira en tvöfaldast.

Meiri hl. n. lætur í ljós, að það væri æskilegt, að skýrslum væri safnað um þessar aukagreiðslur í ríkisbókninu, og ég tek undir það, og hefði verið æskilegt, að sú skýrsla hefði legið fyrir í upphafi þessa þings, svo að hægt hefði verið að lagfæra þetta núna í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. En hv. meiri hl. n. telur, að þessi skýrsla þyrfti að liggja fyrir, áður en þessu þingi lýkur. Ef þeirri bæn væri nú fullnægt, þá væri það svo, að við gætum fengið að vita rétt undir þinglokin, hvernig þetta ófremdarástand lítur út og hversu alvarlegt þetta ástand sé, en engin aðstaða væri til að gera þar nokkra lagfæringu á.

Hv. meiri hl. fjvn. segir nú og hefur sagt mörg undanfarin ár, að það væri nauðsynlegt að veita stofnunum ríkisins í heild miklu meira aðhald en gert sé, og það er hárrétt. En það þýðir lítið að segja þetta frá ári til árs og gera engar till. um aukið aðhald, og það hefur hv. meiri hl. fjvn. látið undir höfuð leggjast nú eins og öll undan-

farin ár, enda þótt jafnan hafi verið haft orð á þessu.

Það er getið hér í nál. meiri hl. um stofnanir, sem hafi greitt mörg hundruð þús. kr. fyrir aukavinnu til starfsmanna sinna. Og þegar þetta er dregið saman, eftir því sem nefndin hefur komizt næst samkvæmt nafnkenndum upplýsingum, sem lágu fyrir n., þá er talið, að það sé 7—8 millj. kr., sem greitt sé hjá ríki og ríkisstofnunum fyrir aukavinnu. Þegar heildarskýrsla lægi fyrir, þykir mér þó ekki ólíklegt, að þetta yrði meira. Ég gæti vel trúað að þetta nálgaðist milljónatuginn. — Þar, sem halli er á ríkisstofnunum, virðist ekki vera lögð höfuðáherzla á að skipa þeim stofnunum að útrýma rekstrarhallanum með auknum sparnaði. Þegar það blasir við, að pósturinn er rekinn með halla, þá er tekið á því sem fyrsta úrræði, að það þurfi að hækka burðargjöld, sérstaklega fyrir prentað mál, og þannig koma hallanum yfir á almenning. Ekki yrði það lækning á dýrtíðarvandamálinu, ef það ætti að vera aðalúrræðið enn, í viðbót við allt annað, að hækka gjöldin, sem almenningur á að greiða fyrir þá ríkisþjónustu, sem veitt er, t. d. þarna hjá póstinum. Þegar ég fletti svo við og kem á næstu síðu, þá er það sama hjá ríkisútvarpinu, þar er lagt til, að afnotagjöldin hækki úr 125 kr. á ári í 200 kr., og þar með á að lækna hallareksturinn hjá þeirri stofnun. Það er þessi sama stofnun, sem upplýst er og allir vita að býr í bæði dýru og jafnframt ónógu leiguhúsnæði, en á þó meira en hálfa fjórðu millj. kr. sjóð, sem mun heita framkvæmdasjóður, en mun nú vera í lánum hjá hinum og þessum, m. a. hjá stórauðugum kaupsýslumönnum hér í borginni, — lánum, sem eru með svo lágum vöxtum, að þeir eru lægri en af því fé, sem sama stofnun verður að taka að láni. Það virðast vera heldur ömurlegir viðskiptahættir og ekki forsjál fjármálaráðsmennska að koma ríkisstofnun í þá aðstöðu, og vitanlega hefur þetta gerzt með ráðherrasamþykki.

Það er líka frá því skýrt, að n. hafi borizt erindi frá dómsmrn. og fleiri ráðuneytum, sem boði verulegar hækkanir, og við getum átt von á því, að þær eigi eftir að sýna sig betur áður en fjárlagafrv. verður afgr. við 3. umr. Og í nál. meiri hl. er vikið að því nálega í sambandi við hverja grein fjárl., að starfsmenn hins opinbera hafi haft aðstöðu til að öðlast kjarabætur og sumir allverulegar. Ég verð nú að segja, að þegar stjórnarflokkarnir vita um þetta, að embættismannalýður þjóðfélagsins, sem hefur allt annað og meira lífsöryggi en verkalýðsstéttin, hefur *fengið stórkostlegar kjarabætur undir handarjaðri* ríkisvaldsins og með samþykki þess og fær blessun ríkisstj. yfir það á hverju einasta ári með afgreiðslu fjárl., þá getur ríkisstj. ekki litið á það með vanþóknun, að þær stéttir þjóðfélagsins, sem verða fyrir barði atvinnuleysisins, fái kjarabætur, svo að þær geti dregið fram lífið á sómasamlegan hátt. Og mér skilst, að samræmis og réttlætis vegna hljóti sú sama ríkisstj. raunverulega að veita lítilmagnanum lið í því efni, að hann fái einnig slíkar kjarabætur, sem miklu betur settar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið með fullri vitund hinna ráðandi afla á hverjum tíma.

Ég vil svo að síðustu víkja að því, sem ég talaði hér um áðan, að ég geri mér til síðustu stundar vonir um það, að hæstv. ríkisstj. láti endurskoða alla afgreiðslu fjárlagafrv. með það fyrir augum að nema úr því öll lítt þörf útgjöld, þannig að ekkert standi í því nema hin óumflýjanlegustu útgjöld fátækrar þjóðar, og jafnframt geri hún víðtækar lagaráðstafanir til að lækka verðlag í landinu og veita atvinnulífinu á þann hátt þá aðstoð, sem það nú mjög þarfnast, og hinu vinnandi fólki í landinu aukna möguleika til þess að fá að starfa og möguleika til bættrar afkomu gegnum aukinn kapumátt launanna, sem því verða greidd. Það er þetta, sem ég tel að sé hlutverk ríkisstj. og Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl. og lagasetningu á síðari hluta þessa þings.

Ég tek að síðustu fram, að a. m. k. allar meginbreytingar till. Alþfl. í sambandi við afgreiðslu fjárl. verða látnar bíða 3. umr., þegar séð er betur, hvaða endanleg afgreiðsla er fyrirhuguð þessu frv., sem hér er til umræðu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil segja aðeins örfá orð nú við þessa umr. Ég vil fyrst þakka meiri hl. fjvn. fyrir afgreiðslu hans á fjárlagafrv. nú við 2. umr. Það hefur tekizt gott samstarf á milli meiri hl. og ríkisstj. um afgreiðslu málsins, og það liggur nú fyrir, að með því að gæta hófs um hækkun útgjaldaliða á fjárlagafrv. er hægt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1953 án þess að hækka skattaeða tollaálögur. Takist þetta, eins og horfir nú við 2. umr. eftir till. meiri hl. fjvn., þá verða þetta fjórðu fjárlögin, sem afgreidd hafa verið frá hv. Alþ., án þess að grípa hafi þurft til hækkunar á sköttum eða tollum. Það þarf ekki að rekja það, hversu langt er síðan slíkt hefur heppnazt. Ég vona, að engir þeir hlutir eigi eftir að gerast, sem geri það að verkum, að þessu takmarki verði ekki náð.

Ég get lýst því yfir, að yfirleitt er ég samþykkur þeim brtt., sem hv. meiri hl. fjvn. gerir við fjárlagafrv., eins og raunar hefur þegar komið fram í þeim orðum, sem ég hef sagt.

Um nál. minni hl. og framsögur þeirra hv. þm., sem að þeim standa, er ekki ástæða til þess að vera fjölorður. Því miður var ég önnum kafinn við störf, sem ekki þoldu neina bið, og tókst því þannig til, að ég heyrði ekki framsöguræðu þess hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, en hann hafði framsögu fyrir nál. 2. minni hl. fjvn. Ég get því ekki gert ræðu hans að umtalsefni þegar af þeirri ástæðu. En ég heyrði aftur á móti ræðu hv. 5. landsk. þm. (ÁS), sem talaði fyrir nál. sínu, en hann skipar 1. minni hl. n. Þessi nál. eru í raun og veru bæði byggð á sömu grundvallarhugsuninni, en hún er sú að krefjast þess, að það verði felldir niður tollar og felldir niður skattar, en jafnhliða eru heimtuð stóraukin fjárframlög úr ríkissjóði. Þessar álitsgerðir eru sem sé byggðar á því að deila á þingmeirihlutann fyrir allt of háar skattaálögur og jafnhliða að deila á þann sama þingmeirihluta fyrir að vanrækja framlög til ýmissa nauðsynlegra mála. Þessi nál. dæma sig sjálf.

Hv. 5. landsk. kvaðst hafa lagt það til í fyrra

í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, að fjvn. tæki sér fyrir hendur að hugsa upp möguleika til þess að lækka ríkisútgjöldin, en þessu hefði verið illa tekið í n. Þessi hv. þm. kvartaði nú yfir þessu. Ég vil benda honum á það nú, á svipaðan hátt og ég hef gert áður, að hann á sjálfur setu í fjvn., hefur góða aðstöðu til þess að þekkja til þessara mála og hefur nú haft nægan tíma til þess að hugsa, því að hann er búinn að sitja í n. í mörg ár. En honum hefur ekki tekizt betur að notfæra sér þennan tíma, sem hann hefur haft til umhugsunar, heldur en það, að engar nýtilegar till. koma frá hv. þm. eða hafa komið í þá átt að koma fram sparnaði í ríkisrekstrinum. Ég held þess vegna, að þessi hv. þm. ætti að fara fram á það við flokksbræður sína, að hann yrði ekki oftar settur í þann vanda að vera þeirra fulltrúi í fjvn., því að fyrst honum hefur ekki tekizt betur en orðið er að gera grein fyrir stefnu sinni í till., þótt hann hafi hugsað sig um í mörg ár, þá sé vonlaust, að honum takist betur framvegis. Hann sé sem sagt orðinn fullreyndur.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 314 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953 og við brtt. á þskj. 282. Það er í fyrsta lagi rómv. II, við 13. gr. fjárlaganna, c-lið, rómv. VIII, nýr liður, til hafnarframkvæmda á Hellnum í Breiðuvík, 15 þús. kr. Þessari beiðni hefur hvorki verið beint til vitamálaskrifstofunnar né til hv. fjvn., sem stafar af því, að hafnarnefnd Hellna kom svo seint fram með þessa beiðni, að hún barst mér fyrst í hendur í gær. Ég tel víst, að hefði þessa beiðni borið að nógu snemma, þá hefði bæði vitamálaskrifstofan og sömuleiðis hv. fjvn. mælt með því, að þessi upphæð yrði veitt, þar sem hér er um mjög aðkallandi mál að ræða í sambandi við hafnarbætur á þessum stað.

Þá er önnur brtt. mín á sama þskj., rómv. VII. Það er einnig nýr liður, breyt. við 15. gr. A. XXV. Er það fjárframlag til lúðrasveitar Stykkishólms, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annars staðar að, 10 þús. kr. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er veitt töluvert af almannafé í fjárlögum til lúðrasveita og til annarrar slíkrar starfsemi. Lúðrasveit Stykkishólms hefur starfað í mjög mörg ár, var upphaflega stofnuð 1914 og hefur starfað síðan að mestu óslitið í Stykkishólmi. Þeir, sem hafa heyrt í þessari hljómsveit, telja hana mjög færa í sínu starfi, og undrast margir, að jafnfámennt kauptún og Stykkishólmur skuli hafa jafngóða lúðrasveit innan sinna vébanda. Það er farið fram á þessa fjárveitingu nú af þeirri ástæðu, að lúðrasveitin hefur orðið að afla sér nýrra hljóðfæra og hefur þröngan fjárhag til þess að geta sinnt málefnum sínum svo sem þörf er á.

Báðar þessar till. vil ég þó leyfa mér að taka aftur til 3. umr. fjárl. Ég mun þá endurflytja þær í þeirri von, að hv. alþm. geti fallizt á að ljá þeim liðsinni.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 314 ásamt hv. þm. Siglf. till. um, að upphæð sú, sem ætluð er til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis, — þ. e. á 14. gr. B. II. a., — verði hækkuð úr 875 þús. kr. í 1275 þús. Þessi upphæð, sem við leggjum til, er hin sama og verið hefur undanfarin 2 ár. En í þetta sinn hefur framlagið til þessara styrkja verið lækkað um 400 þús. kr., en um leið er gert ráð fyrir 400 þús. kr. framlagi til „styrktarsjóðs námsmanna“, eins og það er orðað í frv. Það ákvæði er að vísu næsta óljóst, en ganga má út frá því, að það, sem þarna segir um styrktarsjóð námsmanna, eigi við sjóð þann, sem í frv., sem er til athugunar í menntmn. Nd., er kallaður „lánasjóður fyrir íslenzka námsmenn erlendis“. Gerir það frv. ráð fyrir, að sjóður þessi starfi við hlið menntamálaráðs og í sambandi við það, en úr honum á, eins og nafnið bendir til, að lána fé til íslenzkra námsmanna erlendis. Málið horfir þá þannig við, að framlag til beinna styrkja handa námsmönnum er lækkað um 400 þús. kr., en sú upphæð færð yfir á sjóð, sem enn er aðeins til á þskj. og ekki er víst að yfirleitt verði stofnaður. Og ef svo færi nú, að hann yrði ekki stofnaður, þá hafa námsmennirnir þar með verið sviptir 400 þús. kr., sem þeir áður fengu sem beina styrki, en gætu nú ekki einu sinni fengið sem lán. — Þó að frv. yrði að lögum og lánasjóður þessi stofnaður, þá væri alls ekki heldur hægt að sætta sig við þessa lækkun á styrkjunum. Þeir mega auðvitað alls ekki minnka, eins og nú er komið námskostnaði. En veiting lána, sem gert er ráð fyrir að verði endurgreidd, ætti að vera þeim óviðkomandi og koma sem aukning við aðstoð þá, sem námsmönnum er veitt, en ekki sem skerðing á henni.

Ég þykist með þessu hafa sýnt fram á réttmæti þessarar brtt., en ég vil aðeins láta þess getið að lokum, að út af fyrr nefndu frv. ríkisstj. um lánasjóð fyrir íslenzka námsmenn erlendis hefur menntmn. Nd. borizt bréf frá menntamálaráði, þar sem það lýsir sig m. a. þeirrar skoðunar, að mjög óeðlilegt væri að lækka framlag til beinna námsstyrkja, þó að slíkur lánasjóður yrði stofnaður.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt. við frv. til fjárl. Og þessar brtt. hafa nú verið prentaðar hér á þskj. 314 undir tölul. I.

Fyrri brtt. er um mál, sem er orðið gamall kunningi hér á hv. Alþ., þ. e. um framlag til byggingar fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég hef á hverju þingi undanfarin ár flutt brtt. um aukið framlag til þessarar byggingar vegna þess, hversu seint hún hefur gengið, en niðurstaðan hefur allajafna verið sú, að aukið framlag hefur ekki fengizt. Þrátt fyrir það hef ég nú leyft mér að gera enn þá eina tilraun til þess að fá þetta framlag hækkað úr 500 þús. kr., eins og það er á fjárlfrv., upp í 1 millj. Bygging þessa sjúkrahúss er nú búin að standa í rúm 7 ár, og er það nokkuð langur tími, þegar tekið er tillit til þess, hversu brýn þörfin var fyrir sjúkrahúsið og hversu allt of lengi það hafði dregizt, að byrjað væri á þessari nauðsynlegu byggingu. En nú eru þessar byggingarframkvæmdir búnar að standa í rúm 7 ár, og er nú loksins svo komið, að byggingin sjálf má heita næstum fullbúin. Það

er aðeins minni háttar, sem eftir er að ljúka við í sambandi við sjálfa bygginguna. Hins vegar vantar enn þá húsgögn, sem náttúrlega kosta mikið fé í svona stóra byggingu, sjúkrarúm og ýmisleg húsgögn, sem þarna þarf, svo og sængurfatnað og annað slíkt, og svo enn fremur ýmislegt við bygginguna úti og inni og þá sérstaklega við að laga til þá stóru lóð, sem byggingunni fylgir. Þetta er það, sem einkum er eftir að gera. En þó er komið svo eftir þennan langa tíma, að nú er það þó ekki nema herzlumunurinn, sem vantar, til þess að byggingunni sé að fullu lokið *utan og innan og hún geti tekið til starfa*. Og ég álít, að sá tími, sem þessar framkvæmdir þegar hafa staðið, sé orðinn svo langur, að Alþ. ætti að sjá sóma sinn í því að auka nú svo framlagið til þessarar byggingar, að hægt væri að ljúka því, sem eftir er, og að sjúkrahúsið gæti tekið til starfa á næsta ári.

Ég skal geta þess, að kostnaður við bygginguna, eins og hún er nú, mun vera því sem næst 9 millj. kr. Af þessu er ríkið búið að leggja fram um 3 millj. kr., eða nákvæmlega tiltekið 3 millj. og 60 þús. kr., eða um ⅓ af byggingarkostnaði, en samkv. l. á ríkið að leggja fram ⅝ byggingarkostnaðarins, eins og hv. alþm. mun kunnugt, en það mundi nema 5,4 millj., og lætur þá nærri, að ríkið skuldi *nú af framlagi sínu til byggingarinnar* um 2½ millj. kr. Nú er hins vegar, eins og ég nefndi áðan, ekki nema ½ millj. á frv. til þessarar framkvæmdar, og ef með einhverjum ráðum yrði útvegað fé til þess að ljúka bygginguni, svo að sjúkrahúsið gæti tekið til starfa á næsta ári, þá mundi með þessari fjárveitingu enn vaxa sú skuld, sem ríkissjóður er í lögum samkv. við þessa stofnun. Ég álít aftur á móti, að það væri meiri þörf á því, að ríkissjóður minnkaði þessa skuld og greiddi þannig fyrir því, að hægt væri á næsta ári að láta stofnunina taka til starfa, því að um þörfina fyrir það verður áreiðanlega ekki deilt.

Ég vil þess vegna vænta þess, þrátt fyrir þær *undirtektir, sem ég hef fengið undir brtt. minar* um þetta efni á undanförnum þingum, að þetta fari nú á annan veg og þessi till. um hækkun á framlaginu upp í 1 millj. kr. verði nú samþ. sem vottur þess, að þm. vilji stuðla að því, að hægt verði að taka þessa byggingu í notkun.

Ég ræddi það nokkuð í fyrra og kannske ekki ástæða til að fara út í það nú, að það leiðir af sér þó nokkuð mikinn rekstrarkostnað að hafa þessa byggingu svona ónotaða árum saman. Þó að ekki sé hægt að hafa af henni það gagn, sem til er ætlazt, sem sjúkrahúsi, þá kostar það mikið fé að hita bygginguna upp og halda henni við á sómasamlegan hátt og hafa með henni þá umsjón, sem óhjákvæmileg er. En sá verulega mikli rekstrarkostnaður, *sem á þessu er þessi ár*, fer að sjálfsögðu allur til ónýtis, á meðan ekki koma í staðinn þau not, sem til er ætlazt og eiga að verða af þessari stofnun, svoleiðis að það er ekki fjárhagslega séð — að mínu áliti — neitt hyggilegt að draga þessar fjárveitingar um of á langinn, og ég tel, að það hafi verið óhyggilegt af ríkisstj. að leggja ekki örara fram fé til þessarar stofnunar en gert hefur verið.

Ég skal þá ekki ræða frekar um þessa till., en ég flyt hérna eina litla till. aðra við brtt. hv. fjvn. á þskj. 282, við 15. liðinn þar, þ. e. a. s. brúargerðir, og 13. tölulið í brúargerðunum, þ. e. framlag til byggingar brúar á Glerá. Ég leyfi mér að leggja til, að það verði hækkað úr 50 þús. kr., eins og n. leggur til, og upp í 100 þús. kr.

Á fjárlögum yfirstandandi árs voru veittar 100 þús. kr. til þessarar brúarbyggingar. Því miður hefur framkvæmdin á byggingu brúarinnar dregizt úr hömlu, — ég veit ekki vel, hvaða ástæður eru til þess, — en það stafar þó út af fyrir sig ekki af því, að fé hafi ekki verið fyrir hendi, *því að auk þessara 100 þús. kr., sem veittar voru* á fjárlögum yfirstandandi árs til brúarbyggingarinnar, þá veitti Akureyrarbær einnig jafnháa upphæð af sinni hálfu. Og mér er kunnugt um það, að bæjarstjórn bauð að leggja fram það fé, ef framkvæmdinni yrði haldið áfram á s. l. sumri, svo að mér skilst, að það hafi staðið á umboðsmönnum ríkisins í þessu efni. En það tel ég hins vegar ekki vera neina ástæðu til þess, að nú sé dregið úr fjárframlagi til brúarinnar, og tel þess vegna sjálfsagt, að það verði ekki minnkað frá því, sem var á síðasta ári, heldur verði aftur veittar nú 100 þús. kr. til brúarbyggingarinnar. Og ég vildi þá vona, að framkvæmdavaldið gerði skyldu sína í því að koma framkvæmdinni á, því að þessi brú er orðin mjög nauðsynleg vegna samgangna Akureyrarbæjar og sérstaklega Glerárþorps, en þó ekki aðeins það, heldur líka vegna samgangnanna almennt til Akureyrarbæjar, eins og ég gerði grein fyrir hér áður í sambandi við þetta mál, og ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á að endurtaka þau rök hér að nýju. Ég vona hins vegar, af því að hér er um tiltölulega litla fjárhæð að ræða, sem áreiðanlega væri hægt að ná, jafnvel kannske með innbyrðis hreyfingu á milli framlaga til brúanna, án þess að ég sé að leggja það sérstaklega til, — en hvort sem það yrði nú gert eða ekki, þá er hér um svo litla upphæð að ræða, að það yrðu áreiðanlega engin vandræði úr því að leggja hana fram, ef til þess *væri fullur vilji. Og þó að mér sé ekki fyllilega* kunnugt um það, þá held ég þó, að ég megi segja, að vegamálastjóri hafi lagt til, að þetta framlag til Glerárbrúar yrði eins á næsta árs fjárlögum eins og það var á fjárlögum þessa árs og eins og ég nú legg til að það verði. Vona ég þess vegna, að það verði samþ.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla með örfáum orðum að mæla fyrir tveim brtt., sem ég er 1. flm. að og flyt ásamt þrem öðrum hv. þm.

Hin fyrri er um 8 þús. kr. framlag til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Félag þetta var stofnað fyrir rúmu ári hér í Rvík og hefur það markmið að veita lömuðum og fötluðum aðstoð í baráttu *sinni við sjúkdóm sinn*. Félagið hefur hafið fjársöfnun og orðið allvel ágengt í starfi sínu og þegar hafizt handa um ýmsar framkvæmdir í þágu þessa sjúka fólks. Eitt af því, sem félagið hófst handa um á s. l. sumri, var, að það réð sérfróðan lækni til þess að ferðast um ákveðinn landshluta, nokkurn hluta af Vestfjörðum, til þess að safna skýrslum um það, hversu margir kynnu að reynast sjúkir á því svæði. Grunur hafði nefnilega leikið á um, að ekki væri með vissu vitað,

hversu mikið kvæði að slíkum sjúkdómi hér á landi, og reynslan varð sú, að miklu meira virtist kveða að þessum sjúkleika en grunur hafði áður verið á um. Hinn sérfróði læknir fann á þessum ákveðna hluta Vestfjarða, sem ferðazt var um, miklu fleiri sjúkdómstilfelli en vitað hafði verið um áður, svo að ótvírætt kom í ljós, að þörf mundi vera á því, að sérfróður maður ferðaðist um land allt til þess eins að safna skýrslum um það, hversu margir væru haldnir þeim sjúkdómi, sem hér er um að ræða, og væru því læknisþurfi.

Félagið er reiðubúið til þess að leggja fé af mörkum til þess, að þessi starfsemi megi halda áfram, en er þess ekki megnugt að kosta hana upp á eigin spýtur að öllu leyti, og þess vegna er það, sem við berum fram þessa till., að því verði veittur þessi litli fjárstyrkur, 15 þús. kr., til þess að þessi skýrslusöfnun megi halda áfram. Vona ég, að hv. þm. sjái, að hér er mikið nauðsynjamál á ferðinni, og greiði því atkvæði sitt, að félagið verði styrkt með þessari litlu fjárupphæð.

Hin till. er um það að veita Jóhannesi Áskelssyni jarðfræðingi 8 þús. kr. til rannsókna á íslenzkum surtarbrandsjarðlögum og plöntusteingervingum, einkum við Brjánslæk á Barðaströnd, en einnig víðar á landinu. Jóhannes Áskelsson menntaskólakennari er einn af kunnustu jarðfræðingum þjóðarinnar og hefur þegar mikið fengizt við rannsóknir á þessum efnum, ekki aðeins hér á landi, heldur hefur hann einnig ferðazt til nágrannalanda, fyrst og fremst til Norður-Írlands og Skotlands, til hliðstæðra rannsókna. Hann hefur ritað allmikið í erlend og innlend sérfræðirit um þessar rannsóknir sínar og fullyrðir þar, að hinir íslenzku plöntusteingervingar séu stórum fjölskrúðugri og fróðlegri heimildir um jarðsögu hinnar atlantísku basaltmyndunar og þá um leið jarðsögu Íslands en hliðstæðir steingervingar úr surtarbrandslögum nágrannalandanna. Einkum telur hann, að surtarbrandslögin hjá Brjánslæk á Barðaströnd séu merkilegt rannsóknarefni. Það leiðir af líkum, að opinber starfsmaður hefur ekki tíma til þess að fást mikið við þessar rannsóknir í tómstundum sínum og verja til þess því fé, sem nauðsynlegt er, ef hann hefur til þess engan styrk. Og þess vegna er það, að við fjórmenningarnir höfum borið fram þessa till. um, að þessi vísindastörf yrðu styrkt með 8 þús. kr. Vona ég, að hv. þm. ofbjóði sú fjárhæð ekki, þegar um slíkt verkefni er að ræða.

Ég vil enn fremur taka það fram, að í bréfi til hv. fjvn. hefur Jóhannes Áskelsson lýst því yfir, að náttúrugripasöfn hans, sem eru allmikil og merkileg, muni á sínum tíma verða afhent jarðfræðideild hins íslenzka náttúrugripasafns, öllum að kostnaðarlausu, svo að ríkið mun þar á sínum tíma eignast allmikið verðmæti. Og með tilliti til þess, að vitað er, að þessi vísindamaður mun þannig gera árangurinn, bæði hinn sýnilega og fræðilega árangur af þessum rannsóknum sínum, að almenningseign, þá finnst mér það enn mæla með því, að hv. Alþingi taki vel í þessa mjög svo hóflegu tillögu okkar um styrk honum til handa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Því miður er ekki búið að útbýta þeim brtt., sem ég hef flutt við fjárl., svo að það er eiginlega ekki að öllu leyti gott að fara að mæla fyrir þeim strax. Hins vegar er það máske hægt, þótt ekki sé það eftir þingsköpum, sérstaklega ef maður færi þá eitthvað að hugleiða um leið frekar viðvíkjandi afgreiðslu fjárlaganna eins og þau nú eru lögð fyrir.

Mér finnst nú satt að segja hálfundarlegt að vera að afgreiða fjárlög á þinginu. Ég sé ekki betur en núverandi hæstv. ríkisstj. áliti sig ósköp vel komast af án þess að fá fjárlög frá Alþ. Ég held, að þetta sé að verða bara gamall siður, sem ríkisstj. sé ekki búin alveg að átta sig á að hún ætti að losa sig við, að vera að afgreiða fjárlög héðan frá Alþingi — eins og yfirleitt það að vera að hafa þing hér sitjandi. Svo að segja hvert einasta mál, sem flutt hefur verið á þessu þingi, liggur í n., nema stjórnarfrv. Hér er leikinn sá skollaleikur, að þingmenn stjórnarflokkanna flytja fram hvert frv. á fætur öðru um stórkostleg útgjöld úr ríkissjóði, stórkostlegar ábyrgðir, stórkostleg lán. Öllum þessum frv. er vísað til nefnda. Síðan slást þeir sjálfir á móti því í n., að það sé afgreitt úr nefnd. Þegar svo fjárl. koma fram, þá er náttúrlega ekki eitt einasta atriði af öllu því, sem þessir hv. þm. stjórnarflokkanna eru að koma fram með, í fjárlögunum. M. ö. o., það er verið að leika sér að því að gera þingið og þingstörfin að argasta skrípaleik með þessu móti. Á þingfundunum í deildunum eru þm. stjórnarflokkanna látnir koma fram með frv. upp á 7 millj., 4 millj., 30 millj., 90 millj., bjóða hver öðrum betur. Svo kemur ríkisstj. og lætur sinn meiri hluta í fjvn. afgreiða fjárlög, og þar sést ekki tangur né tetur af öllu þessu, sem þm. stjórnarinnar eru látnir flytja þess á milli, og það allt saman svæft í n. Svo er tilkynnt: Þingið heim fyrir jól. — Það er alveg auðséð, að hæstv. ríkisstj. er nú, af því að svo vill til, að þetta er síðasta þing fyrir kosningar, að leika sér að því að gera þingstörfin að skrípaleik. Hvað svo um sjálfa afgreiðslu fjárlaganna? Á sama tíma sem hér er verið að deila um, hvort maður eigi nú að veita ríkisstj. heimild til að greiða t. d. 2 þús. kr. eða 5 þús. kr. eða 10 þús. kr. eða 1 millj. kr., og verið er að deila um, hvort það eigi nú að áætla 2 millj. kr. hærra, 5 millj. kr. hærra söluskatt, vörumagnstoll, verðtoll eða eitthvað slíkt, hvað gerir þá hæstv. ríkisstj.? Jú, hæstv. ríkisstj. fer í vasa almennings, tekur 100 millj. kr. og ríflega það úr vasa almennings og úthlutar til einstakra manna í landinu án heimildar í lögum, án ráðstöfunar í fjárlögum um, hvernig því skuli úthlutað. Ég á hér við bátaútvegsgjaldeyrinn. M. ö. o. það, sem Íslendingar og Danir voru einu sinni að slást við Estrup-stjórnina út af, að taka fé af almenningi án heimildar ríkisins, án heimildar þings, — það er þessi núverandi ríkisstj. alltaf að láta framkvæma. Þegar þetta er tekið fyrir hér til þess að ræða það, þá fást ráðh. ekki til þess að svara. Það virðist nú svo, þegar haft er svo mikið við okkur þm. að fara að leggja hérna fyrir okkur allt niður í 800 kr. útgjöld á fjárlögunum, að þá hefði mátt taka með smápósta, kannske 60 millj. kr. á einu ári eins og bátaút-

vegsgjaldeyrinn, og láta ekki þessa hluti vera alveg utan við öll fjárlög.

Það er ekki nóg með, að þetta sé gert, sem er náttúrlega það stórkostlegasta í því. Það er auðséð, að hæstv. ríkisstj. er smám saman að skapa sér hin og þessi fyrirtæki utan við fjárlögin, sem hún eigi að geta ráðstafað ágóðanum af, eftir því sem henni þóknast. Hv. frsm. 1. minni hl. benti hér á það, að það væri orðið nokkuð óviðkunnanlegt bæði viðvíkjandi fjárhagsráði og fleiru slíku. Gróðinn af fjárhagsráði er, eins og sýnt var fram á, 3½ millj. kr., og hér var nýlega verið í Sþ. að ræða um gróðann af sölu setuliðseigna, sem vafalaust verður hægt að auka nokkuð mikið, ef farið verður að selja allt ruslið, sem núna er verið að safna saman á Keflavíkurflugvelli, og ef ríkisstj. á að fá það eins og sáprovision til þess að ráðstafa utan fjárlaganna. Þegar farið verður að selja þá tiltölulega nýju bíla, sem Ameríkanarnir eru að leika sér að að keyra í klessu, þá fer þetta ekki að verða neitt smáræði. Hvað var það nú, sem var upplýst að salan á svo kölluðum setuliðseignum væri utan fjárlaganna? Voru það ekki einar 2—3 milljónir, sem var hægt að hafa upp úr því? Maður sér ekki betur en að ríkisstj. sé að mynda sér smávegis svartamarkaðssjoppur eins og fjárhagsráð og annað slíkt utan við fjárlögin til þess að ná sér í aura, sem hún getur disponerað eins og henni þóknast og þarf ekki að leggja fyrir þingið. Og þegar hæstv. fjmrh. síðan er af einum hv. þm. krafður sagna um þetta, þá segir hann: „Jú, það er nú kannske rétt að setja þetta á næstu fjárlög.“ Sjálfur fyrirskipaði hann fyrir skömmu — eða hans flokkur — að taka fjárhagsráð út af fjárlögum. Svo býst ég við, þegar við höfum sýnt fram á, hvernig eigi að taka tekjurnar fyrir útgjöldin, sem við leggjum til að framkvæmd séu, þá verði sagt: „Þið bendið ekki á nokkrar tekjur fyrir þessu“ — og hæstv. fjmrh. fari jafnvel að tala um ábyrgðarleysi í sambandi við þetta. Ég er nú hérna með smávægilegar till.

Ein till. er um, að það sé lögð fram ein millj. kr. til þess að koma í framkvæmd — þótt ekki sé nema að hverfandi litlu leyti — l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Þau l. voru sett út úr funktion, af því að það var sagt, að ekki væru til peningar. Þriðjungurinn af gróðanum af fjárhagsráði væri nægilegur til þessa. Og svo legg ég til samsvarandi þessu, að veitt sé heimild til lántöku eins og gengið er út frá, að gert sé, í 3. kafla l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, þeim kafla l., sem fjallar um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Og það virðist nú satt að segja ekki til mikils mælzt, að ofur litlu af þeim svartamarkaðsálögum ríkisstj., sem hún stingur undan og sýnir ekki í fjárlögunum, sé varið í því skyni, að ríkið hjálpi til þess að bæta ofur lítið úr húsnæðisleysinu og láti rífa ofur lítið af verstu bröggunum, meðan enn þá er við haldið þeim einokunarlögum að banna Íslendingum sjálfum að byggja yfir sig.

Hv. frsm. fjvn. talaði um það í sinni framsöguræðu, að það væru gerðar kröfur til ríkisins og allt væri heimtað af ríkinu. Ég vil minna stjórnarflokkana á það, að það, sem þjóðin heimtar af ríkinu, er að fá að vera í friði fyrir afskiptum ríkisstjórnarinnar, fá að vinna í friði fyrir ríkisstjórninni, fá að veiða sinn fisk og selja hann út úr landinu í friði fyrir ríkisstjórninni, fá að byggja sér hús og búa í þeim í friði fyrir ríkisstjórninni, — að hún komi ekki nærri þessum hlutum. Og það, sem hér hefur verið farið fram á á Alþ., er, að einokuninni á þessum hlutum, einokuninni og banninu á byggingunum, einokuninni og banninu á fiskútflutningnum, sé aflétt, en það er það, sem ekki fæst. Af hverju ekki? Af því að það er lítil klíka, sem ræður þessu ríki, ræður útflutningnum, ræður byggingarstarfseminni, og vill ekki létta þessari einokun af, af því að hún vill hagnýta ríkisvaldið fyrir sig og banna almenningi í landinu allt frelsi. Það er ekki til neins að koma með neinar ásakanir á alþýðu þessa lands, á meðan henni eru bannaðar bjargirnar af þeim, sem völdin hafa í þjóðfélaginu.

Ég vil minna á, að ástandið, sem nú er í þjóðfélaginu, er ekki sök alþýðu manna. Að svo miklu leyti sem alþýðan hefur haft einhver áhrif á stjórnarfarið á undanförnum árum, þá hefur hún knúið það fram, að stórkostleg atvinnutæki væru keypt hingað inn í landið. En sú hönd, sem nú hindrar, að þessi tæki séu hagnýtt að fullu, er auðmannaklíkan hérna í Reykjavík, sem með lánsfjárbanninu og útflutningseinokuninni kemur í veg fyrir fulla hagnýtingu togaranna, hraðfrystihúsanna og okkar fiskiðjuvera. Öll þau tæki, sem á tímum nýsköpunarstjórnarinnar voru lögð upp í hendurnar á þjóðinni, er nú meira eða minna bannað að nota til fulls sakir þeirrar stjórnmálastefnu, sem núna ríkir í landinu, þeirrar stjórnmálastefnu, sem vill skapa atvinnuleysi og markvisst vinnur að því að skapa atvinnuleysi og viðheldur banninu á útflutningi íslenzkra afurða og á byggingu íbúða hér á Íslandi til þess að geta við haldið og haft mátulega mikið atvinnuleysi og stjórnar meira að segja því ekki betur en svo, að atvinnuleysið verður hörmulega mikið, þannig að það sverfur að fólki um allt land.

Það er ekki aðeins hérna á Íslandi nú sem stendur, sem þessi háttur er hafður á. Ég tók eftir því, að af öðru Marshalllandi, Danmörku, hafði sá fulltrúi alþýðunnar, sem þaðan hefur verið sendur hingað nú til þess að mæta á alþýðusambandsþinginu, alveg sömu lýsinguna að gefa. Ritari danska verkalýðssambandsins, Karl P. Jensen, sem er gestur Alþýðusambands Íslands nú, fór í ræðu, sem hann flutti á yfirstandandi þingi Alþýðusambandsins, eftirfarandi orðum um þá stefnu, sem ríkir í Danmörku, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefna sú, sem ríkisstjórnin og flokkar hennar hafa haldið uppi undanfarið, stöðvun lánveitinga og lítt takmarkaður innflutningur tilbúinna vara, sem við gætum framleitt sjálfir, hefur leitt til þess, að atvinnuleysi hefur aukizt og iðnaðarframleiðslan minnkað. Atvinnuleysið hefur vaxið samhliða framkvæmd þessarar stefnu, og nú eru 65—75 þúsundir atvinnulausar í Danmörku. Þessi iskyggilega þróun hefur hins vegar ekki valdið dönsku ríkisstjórninni áhyggjum. Hún álítur það vera takmark sitt, eins og það er tak-

mark atvinnurekenda, að koma upp nokkurs konar varaliði atvinnulausra iðnaðarverkamanna og hafa þannig áhrif á vinnumarkaðina með það fyrir augum að geta ráðið að mestu árangrinum af launabaráttu verkamanna og geta stöðvað eðlilega hækkun launanna.“

Þetta voru orð þessa ritara danska verkalýðsfélagasambandsins um þá stefnu, sem rekin er í Danmörku, og ég býst við, að menn kannist við sömu myndina hérna heima, hvernig atvinnuleysið hefur verið skipulagt til þess að skapa ríkisstj. þar með betri aðstöðu til þess að halda launum niðri, hvernig afkoma almennings hefur verið rýrð með ráðstöfunum ríkisstj. Á sama tíma er svo skapaður stórkostlegur gróði í landinu fyrir einstaka aðila, meiri gróði en þeir hafa haft nokkurn tíma áður. Útvegurinn og atvinnurekendurnir eru látnir tapa. Málunum er stjórnað þannig, að togaraeigendur og vélbátaeigendur eru neyddir til að tapa. Á sama tíma græðir — við skulum taka bara eina stofnun, sem ríkið ræður yfir — Landsbankinn 28 millj. kr. á síðasta ári. Og ég veit, að hv. þm., sem hafa staðið í því á undanförnum árum að gefa eftir tapið á fimm síldarvertíðum, muna, hvað það var, 15—16 millj. kr. fyrir mislukkaðar síldarvertíðir, en á hverju af þeim árum græddi Landsbankinn 15—16 millj. kr., og nú síðasta árið, meðan atvinnureksturinn er að sligast undir pólitík ríkisstj., græðir Landsbankinn 28 millj. Hvað Eimskipafélagið græðir, — ég veit, að það er náttúrlega komið fram með frv. um skattfrelsi þess núna, — hvað olíuhringarnir græða, það skulum við ekki ræða um.

Það er enginn smáræðis gróði, sem skapaður er hérna í landinu, og þó sér ríkisstj. til þess, að mesti gróðinn, sem skapaður er á Íslandi, safnast fyrir erlendis, og til þess er einokuninni á íslenzkum afurðum haldið við. Ég vil aðeins taka þetta fram vegna þess, að í fyrsta lagi er skapaður með þeirri vinnu, sem nú er unnin á Íslandi, stórfelldur gróði, sem það vinnandi fólk sjálft fær ekki að njóta. Í öðru lagi eru þau atvinnutæki og það vinnuafl, sem til er á Íslandi, ekki hagnýtt nærri því til fulls fyrir hringlandi vitlausa pólitík eða vísvitandi tilgang ríkisstj. að skapa atvinnuleysi, sem hún þarf á að halda í baráttu sinni við verkalýðinn til að ræna af honum arði hans vinnu. Ég vil taka þetta fram vegna þess, að það þýðir ekki neitt að koma svo á eftir, þegar þau atvinnutæki, sem alþýðan hefur átt sinn þátt í að fá hingað inn í þetta land, eru hagnýtt svona, og fara að prédika sparnað fyrir vinnandi stéttum landsins, — það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar. Svo framarlega sem þær fengju að hafa áhrif á stjórn landsins, þótt ekki væri meira en á svipaðan hátt og gert var á tímum nýsköpunarstjórnarinnar og í svipuðum anda, anda þess að skapa atvinnu handa öllum, tryggja, að allt vinnuafl væri hagnýtt, allir kraftar þjóðarinnar hagnýttir, þá þyrftu menn ekki að kvarta yfir sívaxandi fátækt og vaxandi hörmungum í okkar landi. Við erum ríkari en við vorum þá. Við njótum nú þeirrar giftu að eiga þau tæki, sem þá voru keypt inn, og gætum haft þau öllsömun í gangi, ef ekki væri fyrir ómögulega stjórn á málum þjóðarinnar skipulagt yfir okkur atvinnuleysi og hörmungar. En það leiðir af sjálfu sér, að það er ekki til neins að ætla að gera brtt. við fjárlögin til þess að breyta þessu. Fjárlögin verða endurspeglun af því þjóðfélagsástandi, af því atvinnuástandi, sem er á hverjum tíma. Hæstv. fjmrh. er máske einhver bezti gjaldkerinn, sem Ísland hefur átt, en hann er líka sá versti stjórnandi á atvinnulífi þess, sem nokkurn tíma hefur komið nærri atvinnumöguleikum Íslendinga. Fyrir honum er allt gums, sem heitir að skapa möguleika fyrir þessa þjóð til að geta lifað, framleitt og látið sér líða vel. Fyrir honum eru togararnir, sem við núna byggjum okkar tilveru á, gums, sem honum þótti líklegast, að þjóðin sæti bara uppi með og gæti ekki notað. Þegar hæstv. fjmrh. kemur þess vegna hér í stólinn til þess að fara að hnýta í einstaka þm., þá situr það sannarlega ekki á honum. Það, að nú er reynt að halda þessu þingi við það að takmarka sig við þessi fjárlög, eins ömurleg og þau eru, er vegna þess, að það er búið þannig að atvinnulífi þjóðarinnar, að undirstöðunni, að grundvellinum, að það þyrfti fyrst og fremst að breyta þeim grundvelli, til þess að hægt væri að breyta þessum fjárlögum. Gangandi út frá þeim grundvelli, sem er, gangandi út frá þeirri atvinnupólitík, sem hæstv. fjmrh. ríkisstj. rekur, þá skil ég það ákaflega vel, að hv. form. fjvn. líti eiginlega á það sem sitt verkefni að reyna að halda öllu innan þeirra vébanda, sem þessi fjárlög núna eru. Það er ekki svo gott að ætla að deila á meiri hl. fjvn. í þessu sambandi. Þeim aðilum eru skapaðar aðstæðurnar annars staðar frá með þeirri heildarstefnu, sem rekin er í þjóðfélaginu, með þeirri hringavitlausu stefnu, sem þar er rekin. Og við höfum horft framan í slíka stefnu áður, þannig að við þekkjum þetta, og sama eymdarsönginn.

Það er misskilningur, að atvinnulífið dragist saman. Það er dregið saman. Það er vísvitandi verið að draga úr því af þeim mönnum, sem ráða í þjóðfélaginu. Það, sem við getum þess vegna gert, er í hæsta lagi að koma fram með smávægilegar till. í sambandi við fjárlögin, sem okkur hlýtur ákaflega vel að vera ljóst að eru við þær aðstæður, sem fjárlögin eru samin, langt frá því að ná tilgangi sínum. Ég flyt hér ásamt fleiri hv. þm. till. um 10 millj. kr. til atvinnuframkvæmda. Ég flyt þessa till. vegna þess, að ég veit, að það er gífurlega mikil þörf á þessu. Ég veit enn fremur, að það eru nægir peningar til fyrir henni. Meira að segja bara ef ekki væri sleppt út af fjárlögunum ákveðnum upphæðum núna, sem faldar eru, þá nægði það til þess. En ég veit hins vegar, að þessar 10 millj. duga ekki neitt. Ég vil þó minna á, að það liggur lítið frv. í fjhn. Nd., ef ég man rétt, frá allmörgum þm. Sjálfstfl., ósköp fallegt frv. Það er frv. um, — ég man ekki, hvað milljónirnar eru margar, ég held, að það séu nú bara 4 millj. fyrsta árið og svo bætt dálitlu við áfram, en alls er verið að ráðstafa í því frv. um 10—20 millj., ef ekki meiru, og svo náttúrlega svo og svo miklu úr mótvirðissjóðnum. Þannig eru þessar 10 millj., sem ég kem hérna með ásamt fleiri hv. þm. Sósfl., náttúrlega ósköp lítið, samanborið við það, sem þessir þm. Sjálfstfl. eru að leggja til. En mér sýnist líka það frv. þm.

Sjálfstfl. eiga að fá að sofa ósköp rólegum svefni í þeirri n., sem það er komið til. Og ég hef ekki séð örla neitt á því, að það væru teknar upp samsvarandi till. hjá fulltrúum ríkisstj., þegar nú er verið að afgreiða fjárlögin. Ef til vill mætti þess vegna ætla, að nokkur grundvöllur væri fyrir að fá samþ. þessa litlu till. um 10 millj. til atvinnuframkvæmda, en það vil ég svo taka fram til þess að firra misskilningi, að það væri ekki þörf á að taka þetta inn á fjárlög, ef sjálf stefnan í atvinnumálum þjóðarinnar væri heilbrigð.

Ég vil svo að síðustu minnast á eitt mál, sem ég flyt ekki, en er í þeim till., sem hv. frsm. 1. minni hl. fjvn. flytur, og ég hef áður komið nokkuð nærri að flytja hér á þingi. Það eru till. viðvíkjandi raforkumálunum. Ég ætla ekki að fara að mæla fyrir þeirri till. hans, en ég ætla aðeins að minna á eitt. Ég ætla að minna á það, að það hefur rignt niður hér á Alþ. frv. viðvíkjandi raforkumálum, og það rignir niður kröfunum yfir raforkuráð um rafmagnsveitur, um raforkuver, um allar mögulegar aðgerðir í þessum efnum úti um allar sveitir landsins og ekki hvað síst frá báðum stjórnarflokkunum og þm. þeirra. Og allar þessar till. þeirra liggja í nefnd. Og öllum þessum till. þeirra er auðsjáanlega ekki ætlað að fara neitt lengra, sem sé bara að vera til að sýnast. Svo á að koma heim til kjósendanna rétt fyrir kosningarnar og segja: Ja, ég flutti nú svona og svona ágætt frv. í þinginu um framlög til raforkumála. — En ég vil bara minna hv. þm. á, að afgreiðslan á því, hvernig um raforkumálin fer, er ákveðin við meðferð fjárlaga, þannig að afstaða þeirra kemur þar í ljós, hvort þeir eru á móti því að fá rafmagn út í sveitirnar eða ekki.

Þá vildi ég að síðustu mæla fyrir brtt., sem ég flyt við 12. gr. fjárlaganna, um heilbrigðisstofnanir í Reykjavík, að í staðinn fyrir 1 millj. komi 2 millj. kr. Ég veit, að öllum hv. þm. eru kunn vandræði viðvíkjandi okkar heilbrigðisstofnunum, spitölum og öðrum, og hver nauðsyn er á að bæta þar úr. Þetta er ekki há upphæð, sízt af öllu miðað við það, sem haldið er utan fjárlaga, eins og ég gat um áðan. Það mætti ákaflega hæglega, ef t. d. gróðinn af fjárhagsráði væri tekinn inn, skipta honum þannig, að ein millj. færi til heilbrigðisstofnana í Reykjavík, önnur millj. færi til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði og t. d. þriðja millj. til raforkumálanna. En það getur verið, að ríkisstj. vilji heldur halda þessu utan við, það gæti verið þægilegra fyrir hana, en ég kann nú samt ekki við þá afgreiðslu fjárlaganna.

Ég vil leyfa mér að vona, að hv. þm. athugi nú þessar litlu brtt. og láti þann áhuga, sem þeir hafa haft fyrir flutningi frv. hér á Alþ., sem nú því miður liggja í n., koma fram í atkvgr. þeirra við afgreiðslu fjárlaganna nú við þessa 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 315 og 320, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 314 varðandi það framlag, sem í frv. er ákveðið til flugvallagerðar, og að vísu með þeirri athugasemd, að sú upphæð, sem ég þar fer fram á að verði við aukið, sé notuð til þess að stækka, þ. e. a. s. að lengja Vestmannaeyjaflugvöll, til þess að hann komist sem fyrst í fullöruggt horf. Umferð um þennan flugvöll er orðin fjarska mikil. Má t. d. á það benda, að á s. l. ári var flogið á þennan stað tvo daga af hverjum þremur árið um kring. Flugbrautin er aðeins ein, þ. e. a. s., það liggur ekki krossbraut þar, heldur ein löng braut, og fyrir því er það oft svo, að vindstaða er nokkuð óheppileg til lendinga, og verður þó að notast við þá aðstöðu, sem fyrir hendi er. En til þess að slíkt megi verða, er nauðsynlegt, að svo einhæfur völlur hafi nægilega lengd, þannig að vélarnar hafi nægt pláss til þess að renna á. Þessi völlur var upphaflega 800 m á lengd og hefur verið lengdur upp í 1000 metra, en þyrfti nauðsynlega, til þess að geta heitið sæmilega öruggur, að verða 1200 m á lengd.

Nú er það svo, að þarna er oft ærið veðrasamt, og eins og ég sagði áður, verður oft að notast við lakari flugskilyrði en ella mundi. — Í nærfellt tvö ár hafa umbætur á þessum stað svo að segja legið niðri bæði árin og alveg á þessu ári. Ég tel það mjög óforsvaranlegt og hef þess vegna ekki viljað láta undir höfuð leggjast að benda á og gera tilraun til að fá hið háa Alþingi til þess að veita fé, sem nægja mætti til þess að fullgera þessa flugbraut, eins og ég áður sagði. Það er að vísu kostnaðarsamt verk, því að það kostar allmikla uppfyllingu á vesturenda hennar. Austur verður hún varla lengd til muna, þar sem sjórinn tekur við, eins og vitað er.

Nú kann að vera, að þeir, sem yfir fjármálunum ráða á þessu þingi, mundu segja, að ég hefði átt að koma fram fyrr með till. slíka sem þessa. Er þá því til að svara, að ég hef ekki fyrr en alveg nýlega fengið staðfestingu á því frá hv. flugmálastjóra, að af þeirri fjárveitingu, sem í frv. er, sé ekki neitt, sem hann geti lofað til þeirra framkvæmda, sem ég hér fer fram á, en ég hafði lengst af vonað, að þar mundi nokkur úrlausn verða á gerð. Þegar svo er komið, þá verð ég, um leið og ég bið hv. fjvn. afsökunar á þessum drætti, samt sem áður og tel nægan tíma til að gera tilraun til að fá úr þessu bætt. Fyrir því hef ég leyft mér að flytja þessa brtt., sem ekki er svo stórvaxin, að hún ætti að geta valdið umróti, þegar horft er fram á þann tekjuafgang, sem hv. frsm. fjárlaganefndarinnar lýsti að yrði á þessu ári og aðrir hv. þm., sem hér hafa talað, sumir hverjir, hafa talið að yrði miklu meiri en hann gerði þó ráð fyrir. Annars verð ég að segja það, að eins og flugsamgöngur eru orðnar miklar hér á landi, þá undrar mig, hversu smávaxin sú upphæð er í frv., — ekki frekar frá hálfu hæstv. n. heldur en frá hálfu hæstv. ríkisstj., — sem ætluð er til flugvallagerðar. Það eru í frv. 1 millj. og 300 þús. kr. nú, sem virðast eiga að deilast um allt land, þar sem þessara framkvæmda er þörf. Nú er þess að gæta, að í sambandi við gerð flugvalla er það meira en moldin sjálf, sem þarf að vinna á, eða grundin. Flugvallagerðinni tilheyrir ýmiss konar öryggisútbúnaður, sem völlunum er talinn nauðsynlegur og er nauðsynlegur, og gefur auga leið, að fyrir 1 millj. og 300

þús. kr. er ekki hægt að fullnægja nema örlitlu af þeim bráðnauðsynlegustu þörfum, sem fyrir hendi eru í þessu efni. Þetta er þeim mun furðulegra, þegar þess er gætt, að þrátt fyrir það að fjárlagafrv. vaxi að tölum hröðum þrepum og útgjöldin verði nálægt 400 millj. kr., þá stendur þetta atriði svo að segja í stað. Það er eiginlega nokkuð táknrænt, — og það er ekki nýlunda hér á Alþingi, — að þessum málum og öryggi þeirra er á vissum köflum minni gaumur gefinn en skyldi.

Ég skal ekki hafa hér um fleiri orð, en ég flyt með þessari brtt. ekki aðeins nauðsyn Vestmannaeyinga, heldur fjölda margra annarra manna, sem þessa leið þurfa að fara. Till. miðar að því að auka svo sem unnt er að þessu leyti það öryggi, sem þarf að vera á Vestmannaeyjaflugvelli. Vonast ég til, að hv. fjvn. og aðrir hv. ráðamenn taki þetta mál til íhugunar, áður en fjárlögin verða endanlega afgreidd.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt þrem öðrum hv. þm. brtt. á þskj. 320, en hún er um það, að heimild verði gefin til þess, að Svavari Guðnasyni listmálara verði greiddur byggingarstyrkur að upphæð 30 þús. kr.

Svavar Guðnason er allvel þekktur listamaður, einn af þekktustu málurum okkar Íslendinga. Hann hefur tekið þátt í mörgum sýningum erlendis og haft sjálfstæðar sýningar hér heima. Hann vinnur eingöngu að list sinni, og gefur það heldur rýran sjóð, eins og menn vita, þannig að honum væri mikill styrkur að því, ef Alþingi yrði við því að veita honum þá upphæð, sem farið er fram á hér, til byggingar. Ég segi ekki, að það sé fastur siður, en það hefur verið nokkur venja um það, að slíkur byggingarstyrkur hafi verið veittur oftast nær einum listamanni á hverju þingi. Ég var að aðgæta í fjárlagafrv. og einnig í brtt. hv. fjvn. Ég sé ekki, að þar séu till. um neinn slíkan styrk eins og þennan, sem hér er borinn fram, þannig að ég tel, að af þeirri ástæðu og til þess að bregðast ekki venju sinni, þá ætti Alþingi að samþ. nú að veita Svavari Guðnasyni þennan styrk. — Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þessa till. okkar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann mikið hér og það af ástæðum, sem augljósar eru. Ég hélt, að það væri nú 2. umræða fjárlaganna, sem hér stæði yfir. En á meðan hv. 2. þm. Reykv. flutti sína ræðu, sem var reiðilestur að mestu leyti á stjórn og þing, þá fór ég að efast um, að þetta væri 2. umr. Mér fannst það miklu líkara því, að hann væri í eldhúsinu, og sjálfsagt á þingheimur eftir að heyra þessa ræðu aftur, þegar að eldhúsumræðunum kemur.

Ég ætla nú ekki að fara að svara þeirri ræðu, enda er hann hér ekki viðstaddur. En hann talaði m. a. um það, að það væri óþarft að vera að samþykkja fjárlög hér á Alþ., það ætti að láta ríkisstj. um það að ákveða fjárveitingarnar, og jafnvel talaði hann um það, að það væri óþarft með öllu að halda þing, því að ríkisstj. réði öllu og þá einhver klíka í kringum hana, sem hún hefði til ráðuneytis.

Þetta, sem hann er að tala um, mun nú aðallega vera það, að því er fjárlögin snertir, að það er vitanlegt, að stjórnarflokkarnir hafa hugsað til að hafa samtök um afgreiðslu fjárlaga, þannig að þau gætu orðið tekjuhallalaus og forsvaranlega afgreidd. Og þetta er ekki beinlínis neitt nýtt í sögu Alþ., að samtök séu um afgreiðslu fjárlaga. Ég á satt að segja bágt með að hugsa mér, hvernig afgreiðsla þeirra yrði, ef engin slík samtök væru fyrir hendi meðal þingmanna. Meira að segja þegar þessi hv. þm. studdi hér stjórn í tvö ár, þá höfðu þáverandi stjórnarflokkar samtök um afgreiðslu fjárlaganna. Ég man svo langt, að þá þýddi ekki mikið fyrir stjórnarandstæðinga að bera fram brtt., og var þessi hv. þm. og hans flokksmenn engir eftirbátar annarra stjórnarstuðningsmanna þá í því að halda sig eingöngu við það, sem samkomulag hafði verið um í stjórnarflokkunum.

Ég á enga brtt. við fjárlfrv. vegna míns kjördæmis. Það er ekki sökum þess, að ríkisstj. banni það, að hennar stuðningsmenn flytji till. Og allir þm. hafa aðgang að hv. fjvn. um það að bera þar fram óskir viðvíkjandi sínum héruðum. Það er ekki heldur fyrir það, að ég sé að öllu leyti ánægður með það, sem hv. fjvn. af sinni réttvísi úthlutar mínu kjördæmi. Mér þykir t. d. vera veitt of lítið til vega í Eyjafjarðarsýslu og þó einkum vegna þess, að við þm. Eyf. vorum neyddir til þess að fallast á, að 100 þús. kr. af því fé, sem veitt er, færu til þess að byggja upp að nýju gamlan akveg, sem að réttu lagi ætti að gera fyrir það fé, sem veitt er til viðhalds vega. En þessi akvegur er eins konar lífæð meginhéraðsins í okkar kjördæmi og er að verða með öllu ófær oft og tíðum, t. d. mestan hluta vetrar. Ekki hefur fengizt nægilegt fé til hans af viðhaldsfé vega, og þá er ekkert annað að gera en að fara þessa leið, en vitanlega gengur það þá út yfir aðrar nýbyggingar vega í héraðinu, sem eru mjög litlar þar af leiðandi.

Ég get út af fyrir sig líka verið hv. fjvn. þakklátur fyrir till. hennar um framlag til Ólafsfjarðarhafnar. En það vil ég þó segja henni, sem henni er sjálfsagt þegar ljóst, að þrátt fyrir þessa fjárveitingu muni verða hin mestu vandræði á ferðum með höfnina. Ég sé ekki, þrátt fyrir þessa fjárveitingu, hvernig t. d. um 100 þús. kr., sem höfnin skuldar nú verkamönnum fyrir vinnu, verða greiddar. Þetta er sjálfsagt til athugunar og úrlausnar á öðrum vettvangi en beinlínis við fjárlagaafgreiðsluna, þó að ég nefni þetta hér.

Þá hefði mér einnig þótt öruggara, ef hv. fjvn. hefði tekið upp sem beina till. fjárveitingu til brúar á Hörgá. Þessi brú var byggð 1901 og er því meira en 50 ára. Hún var byggð á sama hátt og með sömu gerð eins og Ölfusárbrúin gamla, og hún er að fara alveg nákvæmlega eins og Ölfusárbrúin fór. Það veit enginn, hvenær að því kemur, að hún hrynur undan bílhlassi. Ég hef fengið eins konar boð um það, að möguleikar mundu verða á því að byggja þessa brú fyrir fé brúasjóðs, og vildi gjarnan fá staðfestingu á því frá hv. fjvn., ef yfirlýsing hefur legið fyrir hjá henni um það.

En ástæðan til þess, að ég ber ekki fram brtt. fyrir mitt kjördæmi við þessa umr. fjárlaganna,

er sú, að ég tel, að þingmenn yfirleitt verði að beygja sig fyrir því, að fjármunir eru ekki til til þess að láta í allt það, sem menn kynnu að óska, og að fjárlagafrv., eins og það er nú, þolir ekki hækkanir að neinu ráði fram yfir það, sem hv. fjvn. hefur lagt til. Ég efast ekkert um það, að hv. fjvn. hefur gert sitt bezta til að úthluta því fé, sem hægt er að veita í verklegar framkvæmdir úti um landið, í hin einstöku héruð, eins réttlátlega og hún taldi bezt vera. Og þegar á að úthluta meðal margra, þá er það ævinlega svo, að hverjum fyrir sig finnst, að hann fái of lítið. En betra ráð verður nú ekki tekið, held ég, svona yfirleitt heldur en að sætta sig í þessu efni við það, sem hv. fjvn. hefur lagt til.

En þrátt fyrir þetta hefur það nú farið svo, að ýmsir hv. þingmenn og það stuðningsmenn ríkisstj. hafa flutt hækkunartillögur til sinna kjördæma. Ef það færi nú svo, að eitthvað verulegt yrði samþ. af þeim hækkunartillögum, þá er þetta vitanlega farið úr böndunum. Með því, að slíkt verði samþ., en aðrir dragi sig alveg í hlé, skapast misrétti, og ég vil þess vegna lýsa yfir því, að ég bind mig alls ekki við það að bera ekki fram brtt. til hækkunar við 3. umr. fjárlaga, ef ég sé það, að sú stefna verður ofan á hér að samþ. hækkunartill. til einstakra héraða.

Þó að ég beri ekki fram hækkunartill. til míns héraðs, þá er ég þó riðinn við eina brtt. En hún er ekki kjördæmamál og snertir meira að segja alls ekki menn í mínu kjördæmi, svo að mér sé kunnugt um. Hún hækkar ekki heldur reikningsniðurstöðu fjárlaganna. Þessi brtt. er XII. liður á þskj. 314, við 22. gr. fjárl., um að heimila ríkisstj. að verja allt að 140 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi, sem varð 1951. Ég er nú ekki 1. flm. þessarar till., og ég veit, að hv. 1. flm., þm. N-Ísf., muni gera rækilega grein fyrir þessari till. En ég vil aðeins minna á það, hvers konar atvik þetta var, sem till. vísar til, að sumarið 1951 vildi það til á Bolungavíkurvegi, að stór steinn eða bjarg hrundi úr fjallinu, lenti á bíl, sem þar var á ferð, með þeim afleiðingum, að sumir farþegarnir biðu bana, en sumir slösuðust mjög mikið. Ég þekki t. d. persónulega einn farþegann, sem að vísu beið ekki bana, en varð að liggja marga mánuði og er mjög eftir sig eftir þetta enn í dag. Hefði það nú verið bíll, sem rakst á þessa bifreið, og þó að það hefði haft sömu afleiðingar, þá hefði þetta verið bætt. Aðstandendur þeirra dánu hefðu fengið dánarbætur, og þeir, sem urðu fyrir slysum, hefðu fengið bætur af bílatryggingunni. En af því að það vill svona til, að hægt er að segja, að þetta sé af náttúrunnar völdum, þá eru engar bætur. Allir sjá það nú að sjálfsögðu, að farþegunum, sem þarna urðu fyrir slysum, eða aðstandendum þeirra, sem urðu fyrir líftjóni, er þetta allt alveg eins tilfinnanlegt, þó að það væri af náttúrunnar völdum, eins og þó að það hefði verið af völdum bifreiðar. Og mér getur ekki fundizt annað en að það mæli öll sanngirni með því, að ríkið hlaupi þarna undir bagga, þegar ekki er í annað hús að venda. En það virðist ekki vera. Ég vildi því mjög mælast til þess, að hv. Alþ. vildi samþ. þessa brtt. Það er svo hæstv. ríkisstjórnar að meta það, að hve miklu leyti hún vill nota þessa heimild og sér ástæðu til þess, því að þetta er ekki annað en till. um heimild.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt hv. samþm. mínum tvær brtt. við fjárlögin að þessu sinni. Ég ætla mér ekki að gera að umtalsefni fjárlagafrv. og hinar einstöku brtt. aðrar, sem fyrir liggja. Ég tel, að það sé tilgangslítið, sé ekki nema til þess að lengja umr. Ég get reyndar lýst því yfir, að mér kom dálítið á óvart, hvernig tillögurnar um fjárveitingar til vegamála í okkar héraði líta út. Ég bjóst við, að þær mundu verða með dálítið öðrum hætti, eftir því sem þær voru í fyrra og þeirri reglu, sem mér var sagt að mundi gilda um þær. Það hefði einnig verið mjög æskilegt fyrir okkur í héruðunum austan fjalls, að unnt hefði verið að verja meira fé til Þorlákshafnar en þarna er lagt til. En þá sögu hafa sjálfsagt margir að segja, að mönnum hefði þótt æskilegra, að fjárveitingar til hinna ýmsu mannvirkja væru ríflegri.

Í sambandi við þessi atriði, sem ég hef nú minnzt á, vil ég beina því til hv. frsm., hv. þm. Barð., hvort okkur muni ekki vera óhætt að ganga út frá því, Árnesingum, að eitthvað verði sinnt brúarsmíði á næsta ári hjá Iðu. Það er mál, sem Alþ. var á sínum tíma búið að ákvarða, að sú brúarbygging skyldi fara fram árið 1948. Þá kom annað, sem talið var að kallaði meira að. Og ég var samþykkur því fyrir mitt leyti, að það skyldi ganga fyrir, en það var smíði á brúnni yfir Þjórsá. En vitaskuld var til þess ætlazt af hálfu okkar þm. Árnesinga þá, Eiríks heitins Einarssonar og mín, að þegar því verki væri lokið, þá skyldi næst sinnt brúarsmíðinni hjá Iðu. Nú hefur það farið nokkuð á annan veg, en eigi að síður mundi maður ekki fjölyrða mjög um það, ef það drægist nú ekki úr hömlu lengur en orðið er. Ég vil mega vænta þess að heyra það frá hv. frsm. n., að það sé tilætlunin, að þessi brú verði byggð á næsta sumri, í það minnsta brúarsmíðinni verði haldið áfram, — það er aðeins lítillega byrjaður undirbúningur.

Við hv. samþm. minn og ég, flytjum till. á þskj. 320,V. Það er til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði. Hún hefur notið styrks um langt árabil til síns skóla, og hann hefur verið rekinn af mesta myndarskap. Þar hafa stúlkur haft skólavist, svona frá 15 til rúmlega 20 á hverjum vetri. En auk þess hefur hún haft námskeið við og við til að liðsinna ungum stúlkum og auka mennt þeirra. Nú mun ekki vera í þessu frv. neitt ætlað til hennar skóla, og teljum við það miður farið og vonum, að hv. Alþ. sjái til þess, að hún fái nokkurn styrk til síns skólahalds.

Þá flytjum við á sama þskj. aðra brtt., rómv. II. Það er, að Brynjólfi Gíslasyni gestgjafa í Tryggvaskála verði greiddar til gistihúshalds að vetrinum 30 þús. kr. Þessi gestgjafi er búinn að reka gistihús þarna með hinum mesta myndarskap. Ég ætla, að hann hafi byrjað að reka gistihúsið 1942, og hann heldur uppi því starfi enn, en nú seinni veturna hefur gistihúsið verið rekið með halla, og hefur hann farið vaxandi. Það er vitaskuld ómögulegt fyrir einstakling að halda

uppi slíku starfi árum saman, þegar tjón er á því á hverju ári. Ég veit til þess, að hann hefur haft við orð að hætta rekstri gistihússins að vetrinum, en mundi þó miklu fremur hafa kosið að gera gistihúsið svo úr garði, að það gæti tekið á móti mörgum mönnum og veitt þeim næturgistingu, en það er mjög takmarkað eins og er. En til þess hefur hann engin ráð. Hann hefur sent Alþ. bréf, sem ég hef fengið að sjá, og ég ætla, að bezt yfirlit verði gefið um þetta starf hans með því að lesa bréfið. Það er ekki mjög langt og tekur ekki langan tíma. Það er dagsett 15. okt. þessa árs og hljóðar svo:

„Sumarið 1942 hóf ég rekstur gistihússins í Tryggvaskála. Húsnæði gistihússins var þá í ýmsu áfátt og ófullkomið. Ég endurbætti húsnæðið eftir föngum og stækkaði það nokkuð, aflaði nauðsynlegra heimilisvéla, kælitækja o. s. frv. Þessar umbætur var mér unnt að gera sakir þess, að rekstur gistihússins gekk sæmilega fyrstu árin, eða til ársins 1948. Síðan hefur rekstur gistihússins verið afar erfiður og einkum að vetrarlagi, sérstaklega tvo síðustu veturna.

Færð milli héraða og um héruðin hefur verið þung og vegfarendum oft gengið mjög erfiðlega að komast leiðar sinnar og stórtafizt á þessum ferðum. Það hefur þrásinnis komið fyrir, að ég hef orðið að fara í jeppanum mínum út á Hellisheiði til að hjálpa fólki, sem setið hefur í bílum, sem hvergi hafa komizt vegna ófærðar og stundum verið bilaðir. Í sumum þessum ferðum hef ég haft einn eða tvo menn með mér til hjálpar. Dæmi eru um það, að fólk var búið að vera 30 klukkustundir úti á heiði, þegar því var bjargað. Eitt sinn var ég alla nýársnótt að koma fólki í húsaskjól. Í annað sinn fór ég ásamt öðrum manni með fimm hesta út á Hellisheiði til að bjarga mönnum til byggða. Þá var gersamlega ófært öllum ökutækjum. Áreiðanlega hefði illviðrið orðið einum þessara manna að fjörlesti, ef hjálpin hefði ekki komið á þann hátt og nógu fljótt. Á jeppa mínum fór ég eitt sinn með manni, er fór með sjúkling í sjúkrabíl í ófærð um Þingvöll. Lagt var af stað kl. eitt um nótt. Lágum við úti á Mosfellsheiði um nótt í blindhríð í 18 stiga frosti. Eftir þriggja daga þrotlaust stríð var komið heim aftur. Í hittiðfyrra var um 80 manns veðurteppt hér. Þá var hér m. a. staddur póst- og símamálastjóri, og mundi hann geta um þetta borið. Um páskaleytið í fyrra voru hér um 80 manns, er ekkert komst vegna veðurs og ófærðar. Síðast liðinn vetur fór ég aldrei úr fötum í janúarmánuði.

Á þessi dæmi er drepið til að sýna, hvernig háttað er um ferðir hér að vetrarlagi, þegar vetrarríki er. Síðan minnkaði um fjárráð fólks, hefur margt af þessu fólki ekki auraráð til þess að borga fyrir sig. En hingað til hef ég ekki spurt um það, áður en beini var veittur hungruðu og köldu fólki, hvort það gæti borgað beina, sem því væri veittur, og fyrir ferðirnar, sem ég hef farið til að bjarga fólki, hef ég ekki hingað til tekið borgun.

Til að annast heimilisstörf á gistihúsinu hef ég að vetrinum haft tvær stúlkur í borðstofu og tvær í eldhúsi. Á svona gististað verða að vera vaktaskipti. Launagreiðslan að vetrinum nemur milli 10—20 þús. kr. Eins og nú er háttað um ferðir hér, þyrftu húsakynnin að vera allmiklu stærri en þau eru, til þess að hægt væri að taka á móti því fólki, sem er að ferðast, sérstaklega að vetrinum, þegar veður eru ill og færð er þung. En til að stækka gistihúsið hef ég ekki fjárráð.

Vegna þessarar reynslu, sem ég hef af gistihúshaldi yfir veturinn hin síðari ár, sé ég mér ekki fært af eigin rammleik að halda þessu starfi áfram að vetrarlagi án fjárhagslegs stuðnings. Fyrir þessar sakir leyfi ég mér að fara þess á leit við hv. Alþ., að það veiti mér 30 þús. kr. rekstrarstyrk úr ríkissjóði til gistihússins. Ég ætla, að hér sé ekki síður nauðsyn á að greiða fyrir þessu starfi heldur en á öðrum stöðum á landinu, þar sem það er gert. Ef nauðsyn hefði ekki borið til, mundi ég ekki hafa hreyft þessu máli.

Virðingarfyllst.

Brynjólfur Gíslason."

Ég ætla, að þetta stutta erindi tali skýru máli um, hvað þarna er um að ræða, og fleiri orð hafa í raun og veru ekkert að segja. Einu get ég þó bætt við frá síðasta vetri. Það var, að þangað komu í ófærð — ég ætla, að það hafi verið eitthvað um 30 nemendur frá einum skóla. Búnir voru þeir að hrekjast langdrægt upp í sólarhring, þegar þeir komu að Tryggvaskála. Gestgjafinn veitti þeim þá strax nokkurn beina, en svo var ráðgert að halda áfram. Þá var ófærð yfir Flóann og Holtin. Brynjólfur spurði þá þann, sem leiðsögn hafði með fólkinu, hvort það ætlaði ekki að fá sér einhverja næringu, áður en það legði í þessa ferð, því að ósýnt væri, hvort það næði áfangastað næstu nótt. Sá, er með unglingunum var, mun hafa látið á sér skilja, að líklega væri eitthvað litið í buddunni. Gestgjafinn sagði þá, að þörf þeirra væri ekki minni fyrir því að fá hressingu. Lét hann bera mat á borð fyrir allan hópinn og bjó hann undir ferðalagið. Þessi velgerningur hans kom að góðu haldi, því að alla næstu nótt voru þessi ungmenni á ferð og komu ekki fyrr en daginn eftir á áfangastað. Nú á það sér stað, að greitt er fyrir ferðamönnum, sem eiga erfiðar ferðir. Það er að minnsta kosti á tveim stöðum, sem ég þekki til. Vera má, að það sé víðar, þar sem svipað er ástatt um. Eins og nú er komið samgöngum hér vestan yfir fjall og austan, get ég sagt, að þá er þetta eini greiðastaðurinn, sem getur liðsinnt svona fólki. Ef sú starfsemi leggst niður, kvíði ég fyrir því, hvernig fer um margan ferðamanninn á þessum ferðum, þegar færð er ill og illviðri eru. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að hv. Alþ. sýni þessu máli fullan skilning og láti þennan gestgjafa njóta ósérplægni sinnar og þess, hvað hann er nokkuð öðruvísi gerður en mjög margir menn, því miður, meðal okkar þjóðar nú.

Þá flyt ég eina till. enn ásamt tveimur öðrum hv. þingmönnum. Ég ætla, að hún muni vera á öðru hvoru þessu þskj., sem hæstv. forseti var að tilkynna að hefði verið úthýtt. Það er hv. þm. Hafnf. og hv. 11. landsk., sem flytja þessa brtt. með mér. Það er við 15. gr. IX, 12, til Ara

Arnalds rithöfundar, að fyrir 7500 kr. komi 9 þús. kr. Ari Arnalds er þjóðkunnur rithöfundur, eins og kunnugt er. Hann hefur haldið til haga á hinn prýðilegasta hátt ýmsum þjóðlegum fræðum og góðum minningum. Fyrir nokkrum árum var borin hér fram till. í því skyni að veita honum nokkurn ritstyrk. Hann var þá helzt til klipinn við nögl og gerður nokkru minni en við, sem fluttum það mál, ætluðumst til. Dálitið var þó úr því bætt síðar, en þó ekki til fulls, eins og við höfðum nú talið, að vera hefði átt. Nú leggjum við til, að bætt verði við þennan ritstyrk 1500 kr. Í stærra er nú ekki farið. Og þá mun það vera orðin sú upphæð, sem var upphaflega flutt. Ég hygg, að þeir, sem lesið hafa ritgerðir Ara Arnalds, og þeir eru margir meðal þessarar þjóðar, telji ekki eftir þennan ritstyrk, heldur þvert á móti. Menn hafa lesið það, sem frá honum hefur komið, með mestu ánægju. Ekki ætti hann það sízt skilið að fá þessa viðbót fyrir síðustu bók sína, sem hann sendi frá sér og var á allan hátt hin prýðilegasta og mjög ánægjuleg og gaman að lesa, ekki sízt fyrir það, hvað honum er auðvelt að setja fram á fögru máli og skemmtilegu það, sem hann vill segja. Íslenzka þjóðin hefur jafnan — og ég vil vona, að svo sé enn — kunnað að meta það, sem gott er og vel sagt og hefur bókmenntalegt gildi. Og vafalaust eigum við því að þakka fyrst og fremst, að við höldum enn tungu okkar og menningu og sennilega tilveru okkar sem sjálfstæðrar og sérstakrar þjóðar. Það merki álít ég að við eigum aldrei að láta niður falla, heldur hafa í heiðri og meta og hlynna að hverjum þeim, sem gerir vel í því efni. Það mun gefa þjóðinni margfalda uppskeru.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Í fjárl. þessa árs eru 100 þús. kr. veittar til menntaskóla á Laugarvatni. Í l. um menntaskóla segir svo: „Stofna skal menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess á fjárl.“ Nú hef ég af ýmsum ástæðum ekki séð mér fært að fara eftir þessu og ætla því að gera nokkra grein fyrir málinu og minni afstöðu til þess, eins og það stendur nú.

Ég skal þá fyrst geta þess, að með bréfi, dags. 11. jan. á þessu ári, skrifaði rn. skólanefnd héraðsskólans á Laugarvatni í sambandi við þetta mál og spurðist fyrir um það, hvort héraðsskólinn gæti látið menntaskóla í té nauðsynlegt húsnæði, ef hann yrði stofnaður þar. Í bréfinu segir m. a., „að rn. muni aðeins samþ. stofnun skóla, sem starfar algerlega sjálfstætt og með svipuðum hætti og þeir menntaskólar, sem nú eru starfandi. Enn fremur að nemendur allir geti haft heimavist í skólanum. Rn. vill beina þeirri fyrirspurn til skólan. héraðsskólans, hvort hún geti látið af hendi við væntanlegan menntaskóla húsnæði, er fullnægt gæti þörfum hans fyrst um sinn til kennslu og heimavistar.“

Þessu svarar svo skólan., og skal ég leyfa mér að lesa hér stutta kafla úr bréfi n., sem gefa góða mynd af svarinu. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Skólanefndin er ekki reiðubúin að ráðstafa eignum héraðsskólans til annars skóla nú þegar. Til þess þarf margs konar athuganir og samninga, eins og rn. hlýtur að vera ljóst. Nýja skólahúsið er enn í smíðum, og gamla skólahúsið er eins og það var gert eftir brunann 1947. Á þessu stigi málsins vill skólan. því bjóða rn. til leigu nægan húsakost fyrir menntaskólann, þ. e. kennslustofur, íbúðarherbergi fyrir nemendur og aðgang að mötuneyti. Enn fremur er starfandi við skólann kennaralið, sem hefur sýnt, að ekki stendur að baki kennurum menntaskólanna hvað kennslu snertir. Hins vegar sér n. ekki önnur ráð nú en að samvinna verði fyrst um sinn milli beggja skólanna um húsakost.“ — Enn fremur segir: „Vilji ráðun. setja sérstakan skólastjóra yfir menntaskólann nú þegar, bendir n. á, að engin íbúð er til fyrir hann, fyrr en byggt verður.“

Ég skal í þessu sambandi geta þess, að núverandi skólastjóri héraðsskólans gæti ekki orðið skólameistari í væntanlegum menntaskóla, vegna þess að hann uppfyllir ekki þau skilyrði, sem l. setja fyrir skólastjóra menntaskóla. Hér segir því skólan., að íbúð handa skólameistara sé ekki til á staðnum og því verði að byggja hana. Enn fremur segir skólan.:

„Skólan. er það ljúft að ræða við rn. um skiptingu húsakostsins á Laugarvatni milli héraðsskólans og menntaskólans, og er n. einhuga á sama máli og rn. um, að hvor skólinn fyrir sig verði sjálfstæð stofnun, óháð hvor annarri, en n. telur ókleift að koma á slíkri skipan nú þegar, þ. e. að stofnanirnar séu óháðar hvor annarri, og bendir því á það auðvelda fyrirkomulag, að samvinna verði um stund milli skólanna, eins og verið hefur á fimmta ár og reynzt ágætlega, þ. e., að menntaskólinn sé eins konar deild í héraðsskólanum.“

Þetta eru kaflar úr bréfi skólan. sem svar við bréfi rn.

Eftir að hafa fengið bréf þetta skrifaði rn. fræðslumálastjóra og fól honum að gera till. um skiptingu húsakosts og kennaraliðs á Laugarvatni milli héraðsskólans og fyrirhugaðs menntaskóla, miðað við, að menntaskólinn verði þegar í öndverðu sérstök stofnun. Þetta er með bréfi 10. marz. Þessu svarar svo fræðslumálastjórinn 25. s. m. og gefur þar skýrslu um samtal, sem hann átti við skólastjóra héraðsskólans á Laugarvatni, Bjarna Bjarnason, um þetta mál, og niðurstöðurnar af því samtali eru í stórum dráttum þessar:

„Héraðsskólinn þarf sjálfur, eftir því sem skólastjórinn segir:

a) Nýja skólahúsið óskert eins og gert hefur verið ráð fyrir því á teikningu húsameistara, nema hvað aðrir skólar fái sameiginleg afnot af mötuneyti og samkomusal.

b) Heimavistarhús þau og kennaraíbúðir, sem þegar eru á staðnum, að frátöldu húsi því, er húsmæðraskóli Suðurlands hefur nú til umráða. Héraðsskólinn getur ekki selt eða látið af hendi til frambúðar neitt af húsnæði því, er hann á nú. Framtíð menntaskóla á Laugarvatni verður þess vegna að byggja á því, að byggt verði sérstakt eða sérstök hús handa honum.“

Svo er talin upp húsnæðisþörf menntaskólans, og skal ég ekki lesa það upp.

Af þessu kemur fram álit skólastjórans, Bjarna Bjarnasonar, og þetta álit er staðfest af honum 20. marz í samtali við fræðslumálastjórann. Eftir að hafa fengið þessa umsögn skrifaði rn. aftur 2. apríl til fræðslumálastjóra og óskaði svars hans um þetta:

„1) Er möguleiki að setja upp sjálfstæðan menntaskóla á Laugarvatni á þessu ári með þeim húsakosti og aðbúnaði, sem þar er nú?

2) Ef svo er ekki, hvað mætti áætla núverandi kostnað við að koma upp nauðsynlegum húsakosti?

3) Hversu mikill mundi verða árlegur rekstrarkostnaður skólans fyrstu árin lauslega áætlað?"

Þessu svarar svo fræðslumálastjóri 9. apríl, eða 7 dögum síðar, og segir:

„1) Ég tel ekki fært að hafa bæði héraðsskóla og menntaskóla til frambúðar í sömu húsakynnum.

2) Skrifstofa húsameistara ríkisins hefur áætlað lauslega, að menntaskóli á Laugarvatni kosti 6—7 millj. kr. Er miðað við byggingarkostnað eins og hann er um þessar mundir og þann húsakost, sem um getur í samtali okkar Bjarna skólastjóra (sem var sundurliðað á þessu plaggi — ég las ekki upp sundurliðunina) og ég greindi menntmrh. frá 25. f. m.

3) Árlegur rekstrarkostnaður menntaskóla á Laugarvatni mun vart geta orðið minni en hátt á fjórða hundrað þús. kr., miðað við núverandi verðlag og þá áætlun um kennarafjölda, er ég sendi rn. 14. júní."

Þetta er þá endanlegt svar við þeim tilraunum, sem rn. gerði til þess að fá úr því skorið, hvort hægt væri á þessu ári að setja á stofn menntaskóla á Laugarvatni, og niðurstöðurnar eru í fáum orðum þessar:

1) Fyrir menntaskóla sem sjálfstæða stofnun er nú ekkert húsnæði á Laugarvatni, er héraðsskólinn gæti látið af hendi og fullnægt til frambúðar þörfum hans fyrir kennslustofur og heimavist.

2) Ekkert húsnæði er fyrir skólameistara eða kennara. Núverandi skólastjóri héraðsskólans getur ekki tekið að sér skólameistarastarfið, sökum þess að hann uppfyllir ekki skilyrði laga til þess.

3) Ef stofna ætti menntaskóla á Laugarvatni, er talið óhjákvæmilegt að byggja skólahús og heimavist, íbúð fyrir skólameistara og 3—4 kennaraíbúðir. Samkv. núverandi verðlagi er byggingarkostnaður áætlaður 6—7 millj. kr., eins og ég gat um, og rekstur skólans mundi fyrst í stað nema um 400 þús. kr. á ári samkv. áætlun fræðslumálaskrifstofunnar.

4) Rn. telur frágangssök að stofna menntaskóla á Laugarvatni með 100 þús. kr. fjárveitingu eins og er í fjárl. þessa árs.

Þegar undirbúningur fjárl. stóð yfir, gerði rn. till. um fjárveitingu til stofnunar menntaskóla á Laugarvatni. Upp í frv. hefur verið tekin í 14. gr., 6. lið, till. um rekstrarkostnað skólans og á 20. gr. til byggingar skólastjóraíbúðar við menntaskólann 250 þús. kr. En rn. hafði gert till. um og talið að þyrfti 6½ millj. kr. til þess að stofna menntaskóla og hafa til frambúðar á Laugarvatni. Sökum þess að till. rn. höfðu ekki verið teknar á frv. til fjárl. eins og rn. gekk frá þeim, taldi rn. nauðsynlegt að gera fjvn. grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Þess vegna skrifaði rn. fjvn. bréf 27. okt. og skýrði málið, og ég ætla að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þetta bréf, vegna þess að það skýrir fyllilega afstöðu rn.:

„Í sambandi við frv. til fjárl. fyrir 1953 vill rn. vekja athygli á, að fjárhæð sú, sem ætluð er til menntaskóla á Laugarvatni, er ekki í samræmi við till. héðan að því er stofnkostnað varðar. Þetta rn. lét athuga, hver verða mundi kostnaður við menntaskólahald á Laugarvatni, og reyndist hann sem hér segir:

1) Stofnkostnaður: Bygging skólahúss og heimavistar 4.5 millj. kr. Íbúðir skólastjóra og kennara 2 millj. kr. Samtals 6.5 millj. kr.

2) Rekstrarkostnaður árið 1953 kr. 339844.00.

Samtals kr. 6839844.00.

Till. um þessi framlög voru sendar fjmrn., ekki af því að þetta rn. sé hlynnt því, að efnt sé að svo stöddu til menntaskóla á Laugarvatni, heldur til þess að Alþ. geri sér ljóst, í hvern kostnað er stefnt, ef það vill sinna þessu máli, og að ekki þurfi um að sakast síðar, að menn verði duldir þess, hver fjárhagsbyrði er með þessu skólahaldi lögð á landsmenn.

Að stofnun menntaskóla á Laugarvatni hefur verið unnið af miklu kappi, en minni forsjá og án alls tillits til gildandi l. og gegn fyrirmælum rn., sem hefur að sjálfsögðu hvorki getað né viljað fallast á, að slíku máli væri hrundið af stað án skýlausra fyrirmæla Alþ. Í landinu eru nú 3 skólar, sem brautskrá menn með rétti til innritunar í háskóla, þ. e. menntaskólarnir í Reykjavík og á Akureyri og Verzlunarskóli Íslands. Menntaskólinn á Akureyri gæti með þeim húsakosti, sem hann hefur og í smíðum er, tekið við um 170 nemendum í heimavist, en í heimavist eru nú 137, þar af 22 í miðskóladeild.

Rn. er út af fyrir sig alls ekki andvígt því, að menntaskóli verði stofnaður í sveit. Það telur slíka skólastofnun að mörgu leyti æskilega. En tvö frumskilyrði verða að vera fyrir því, að hafizt sé handa. Hið fyrra, að þörf sé fyrir skólann og að ekki sé lagt í mikil útgjöld að þarflausu. Í öðru lagi, að skólinn, er stofnaður verður, fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til slíkrar menntastofnunar, að hann sé að öllu leyti hliðstæður öðrum menntaskólum ríkisins og starfi sem sjálfstæð stofnun.

Um fyrra skilyrðið er það að segja, að sá menntaskóli, sem hefur heimavist, er ekki nærri fullsetinn, og getur hann, er miðskóladeildin verður lögð niður, bætt við 60—70 manns í heimavist. Ef menntaskóli verður nú stofnaður á Laugarvatni, má búast við, að enn dragi úr aðsókn að Akureyrarskóla, svo að húsnæði hans og kennslukraftar notist ekki að fullu. Kostnaður við heimavist á Akureyri er svipaður og að Laugarvatni. (Ég skal upplýsa, að 1950—51 var fæðiskostnaður á Akureyri um 548 krónur á mánuði á nemanda, en á Laugarvatni 465 krónur.)

Að því er snertir hitt skilyrðið, munu flestir sammála um, að ekki megi draga úr þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra skóla, sem búa

menn undir háskólanám, og ekki komi til mála að stofnsetja menntaskóla í sveit, nema sá skóli sé sérstök stofnun, sjálfri sér nóg og hlutverki sínu vaxin.

Ástæðan til þess, að rn. neitaði að stofnsetja formlega menntaskóla á Laugarvatni samkv. fjárveitingu á 14. gr. B, VI. í fjárl. þessa árs, var sú, að fjárveitingin, 100 þús. kr., er ekki nema lítið brot af því fé, sem þarf til þessarar skólastofnunar. Ýmsum þykja útgjöld vegna skólamála ærið há nú þegar, þótt menn skirrist við í lengstu lög að skera niður framlög til þeirra, en misráðið er að efna til nýrra skóla umfram þarfir, þótt fullnægt verði ef til vill með því metnaði og þrengstu sjónarmiðum eins manns eða fáeinna.

Rn. vill vísa af höndum sér allri ábyrgð af þeirri gjaldabyrði, sem stofnun menntaskóla á Laugarvatni hefði í för með sér nú, en taldi rétt, ef Alþ. vildi samt sem áður stíga þetta skref, að horfzt væri í augu við hinn raunverulega kostnað, sem skiptir milljónum, í stað þess að málinu yrði lætt gegnum þingið með lágum og óraunhæfum fjárveitingum, er leiða til þungra gjalda síðar."

Þetta er bréfið, sem rn. skrifaði fjvn. til þess að skýra sína afstöðu til málsins. — Annars skal ég segja það, að mér væri mikil ánægja að stofnsetja menntaskóla í sveit, ef öll skilyrði eru fyrir hendi til að framkvæma það á þann hátt, að skólinn fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til slíkrar menntastofnunar. Fyrirmælin í l. um menntaskóla í sveit eru því aðeins framkvæmanleg, að unnt sé með fjárveitingu Alþ. að búa skólanum þau skilyrði, sem nauðsynleg eru hvað snertir húsakost til kennslu, heimavistar og íbúðar fyrir kennara. Ég tel það enn fremur frumskilyrði fyrir stofnun menntaskólans, að skólinn sé sérstök menntastofnun, byggð upp sem aðrir menntaskólar landsins, en ekki sem útibú eða deild úr héraðsskóla.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja örfáar brtt. við fjárlfrv. að þessu sinni og vildi leyfa mér að gera grein fyrir þeim í stuttu máli.

Það er fyrst brtt. á þskj. 314, um að fé verði veitt til tveggja ferjuhafna við Ísafjarðardjúp. Að því hefur verið unnið s. l. 10 ár að bæta afgreiðsluskilyrði fyrir flóabát þann, sem gengur um Djúpið og flytur mjólk og aðrar búsafurðir bænda, með þeim árangri, að þar er nú búið að koma upp einum 6 ferjubryggjum. Þetta er til stórkostlegs hagræðis fyrir bændur í héraðinu og flýtir einnig mjög fyrir afgreiðslu flóabátsins. Hv. Alþ. er kunnugt um þessar framkvæmdir, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þær.

Vil ég aðeins leggja áherzlu á það, að brýna nauðsyn ber til þess, að framlengd verði ferjubryggjan í Vatnsfirði, en ég legg til, að til hennar verði veittar 100 þús. kr. Það mundi sennilega nægja til þess að lengja mannvirkið nægilega til þess, að af því yrðu full not, en svo er ekki nú, þar sem flóabáturinn flýtur ekki við bryggjuna, nema þegar hásjávað er.

Svipuðu máli gegnir um Melgraseyri, en ég hef flutt till. um 90 þús. kr. fjárveitingu til þeirrar ferjubryggju. Segja má, að það sé jafnvel enn þá nauðsynlegra að lengja þá bryggju, þar sem Melgraseyri er nú endastöð fyrir bifreiðaferðir frá Reykjavík að Djúpi, og er raunar óhætt að fullyrða, að það sé mjög miklum vandkvæðum bundið að hafa þar endastöð, meðan bryggjan er ekki lengri og fullkomnari en hún nú er.

Ég hafði skrifað fjvn. um bæði þessi hafnarmannvirki og hafði gert mér von um, að hún mundi taka þau upp í brtt. sínar. Hún hefur ekki gert það, en þar sem ég veit, að hv. n. hefur ekki að fullu lokið till. sínum, geri ég ráð fyrir því, að þess megi ef til vill vænta, að hún taki einmitt þetta til athugunar milli umr. Ef ég verð þess áskynja, að hv. n. hafi það í hyggju, þá er ég fús til að taka þessar brtt. aftur til 3. umr.

Önnur brtt., sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum hv. þm., er um bætur til handa því fólki og aðstandendum þess fólks, sem varð fyrir hinu sorglega slysi, sem varð á Bolungavíkurvegi sumarið 1951. Ég flutti slíka till. á síðasta hv. Alþ., og munaði þá litlu, að hún yrði samþ. Nú flyt ég — ásamt nokkrum öðrum hv. þm. — till. um nokkru lægri bætur, 140 þús. kr.

Efni þessa máls er það, að í þessu slysi létust tveir menn og tveir stórslösuðust. Langferðabifreiðin, sem flutti fólkið, gerónýttist. Þannig hagar til, að þetta fólk eða aðstandendur þeirra, sem létust, getur engar bætur fengið. Annar þeirra manna, sem stórslösuðust, verður örkumlamaður alla sína ævi. Þetta fólk fær, eins og ég sagði, hvorki slysa- né örorkubætur, og venzlamenn þeirra, sem létust, fátækt fólk og gamalt, fær heldur engar bætur. Fátækur maður, sem átti bifreiðina, fær hana ekki heldur bætta hjá tryggingarfélagi sínu. Ég held, að það skapi ekki hættulegt fordæmi að koma nokkuð til móts við það fólk, sem svo hörmulega hefur verið leikið, og bæta því lítillega þann miska og meiðsl, sem það hefur orðið fyrir. Ég hygg þess vegna, að hv. Alþ. geti með góðri samvizku samþ. brtt. sem þessa.

Þriðja brtt., sem ég flyt, er um, að veittar verði 15 þús. kr. í stofnstyrk til Handíðaskólans í Reykjavík. Þessi skóli er ein hin þarfasta menntastofnun hér á landi og bætti úr brýnni nauðsyn fyrir slíka skólastofnun. Hún hefur aldrei fengið neinn stofnstyrk frá ríkissjóði. Hins vegar hefur nú á síðari árum hafizt um hana nokkur samvinna milli hins opinbera og þess einstaklings, sem af miklum ötulleik og dugnaði hefur barizt fyrir þessari menntastofnun. Við, sem þessa brtt. flytjum, væntum þess, að hv. þm. meti það merka skólastarf, sem þarna hefur verið unnið, svo mikils, að þeim þyki ekki fram á mikið farið, þegar flutt er till. um 15 þús. kr. stofnstyrk til handa þessari stofnun, en mér er kunnugt um það, að fjárhagur hennar er mjög þröngur, og gæti þessi lítilfjörlega fjárveiting greitt nokkuð götu hennar, a. m. k. næstu mánuði og ár.

Fjórða till., sem ég flyt einnig ásamt nokkrum öðrum hv. þm., er brtt. við 22. gr. fjárl., um að greiða Jóni Björnssyni rithöfundi 20 þús. kr. byggingarstyrk. — Það er alkunna, að Alþ. hefur á undanförnum árum og áratugum veitt ein-

stökum listamönnum, sem átt hafa við fjárhagslega erfiðleika að búa, byggingarstyrk. Fyrst og fremst munu slíkar fjárveitingar hafa verið veittar málurum, sem mjög hafa þurft á því að halda að geta unnið störf sín í sæmilegum húsakynnum. Hins vegar er það auðsætt, að menn, sem vinna önnur listastörf, eins og t. d. rithöfundar, eiga litlu hægara með að búa í gersamlega óviðunandi húsnæði. Svo stendur á um þennan rithöfund, sem brtt. er flutt um að fái 20 þús. kr. byggingarstyrk, að hann býr í bragga hér, svo kölluðum Herskálakamp, við skilyrði, sem eru — mér liggur við að segja gersamlega óviðunandi og naumast mannsæmandi. Ég hygg, að hér eigi að hafa svipaðan hátt á og gagnvart málurunum og einhverjum myndhöggvurum áður og koma lítillega til móts við þennan listamann, ef þessi lága upphæð, sem brtt. er um, mætti verða til þess, að aðstaða hans batnaði lítillega, en mér er kunnugt um, að þessi upphæð mundi nægja til þess, að gata hans yrði greidd verulega í þessum efnum.

Ég vildi svo aðeins minnast lítillega á brtt., sem ég er meðflm. að á þskj. 314, um að veittar verði 500 þús. kr. til byggingar nýs kennaraskóla. Ég geri ráð fyrir, að 1. flm. till., hv. 7. þm. Reykv., muni mæla fyrir henni. En ég vil aðeins leggja áherzlu á það, að þessi skóli, Kennaraskóli Íslands, er langsamlega hraklegast á vegi staddur allra skóla hér í höfuðborginni um húsnæði sitt, og er allillt til þess að vita, að sú skólastofnun, sem á að ala upp og mennta sjálfa kennarastétt landsins, skuli vera svo illa á vegi stödd um húsnæði. Skólinn er í eldgömlu húsi, sem engan veginn fullnægir þeim kröfum, sem gera verður til slíks skólahúss. Ég hygg, að það megi ekki dragast lengur, að Alþ. sýni nokkurn lit á því, að úr húsnæðisvandamáli þessarar skólastofnunar verði bætt.

Að lokum vil ég svo segja það, að ég sætti mig sæmilega við till. hv. fjvn. varðandi fjárveitingar til framkvæmda í minu héraði, Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég vil þó aðeins endurtaka það, sem ég hef drepið á áður við fjárlagaumræður, að fyllsta ástæða væri til þess, að það hérað landsins, sem ég hygg að sé allra héraða verst á vegi statt um vegabætur, nyti nokkurrar sérstöðu, fengi langsamlega hæstar fjárveitingar til umbóta á þessu sviði, til vega- og brúargerða. Svo hefur nú ekki verið á undanförnum árum og svo er ekki enn. En allverulegar fjárupphæðir eru samt veittar samkv. till. hv. n. í þessu skyni, og sé ég ekki ástæðu til að gagnrýna það. Ég veit, að hv. n. hefur í mörg horn að líta nú ekki síður en áður. Ég vil þó vekja athygli á því, að fjárveiting sú, sem ætluð er til brúargerða í héraðinu, á eina á, sem er á aðalþjóðveginum út með Ísafjarðardjúpi að vestanverðu, Ísafjarðará, nægir engan veginn til þess, að hægt verði að byggja þessa brú á komandi sumri. Það er því aðeins, ef lán fengist á móti framlagi ríkissjóðs gegn fjárveitingu síðar, sem slíkt yrði unnt, eða ef heimilað yrði að vinna fyrir hærri upphæð við þetta mannvirki heldur en veitt er í fjárl. Það má vera, að það sé nauðsynlegt að búta svona í sundur fjárveitingar til einstakra brúarmannvirkja, sérstaklega þegar um dýrar brýr er að ræða, en það er engu að síður mjög óhentugt. Þessi á er á aðalþjóðveginum út með Ísafjarðardjúpi, sem nú er verið að leggja og verður lögð meginherzla á á næstu árum, en að þeim vegi verður lítið gagn fyrr en þessi á hefur verið brúuð.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt., en vænti þess, að þar sem svo mjög er í hóf stillt í brtt. mínum, þá megi vænta þess fylgis við þær, að þær nái samþykki.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. ásamt hv. 8. þm. Reykv., við 14. gr., þess efnis, að tekin verði upp fjárveiting til æskulýðshallar, byggingar íþróttasalar, 160 þús. kr. Bygging æskulýðshallar í höfuðstað landsins hefur verið alloft á dagskrá hér á Alþingi, án þess að raunhæfar samþykktir hafi verið um það mál gerðar.

Ég tel, að á þeim tíma, sem nú er liðinn frá því að þessu máli var fyrst hreyft hér á Alþingi, hafi skapazt nokkuð ný viðhorf, og vil leyfa mér í sambandi við þessa till. að gera grein fyrir þeim.

Menn voru á þeirri skoðun, að æskilegt væri að byggja eitt allsherjar tómstunda- og félagsheimili fyrir æskulýð höfuðstaðarins, sem þá var kallað æskulýðshöll. En síðar, við útþenslu bæjarins á undanförnum árum, hefur æ meira komið fram sú hugsun, að eðlilegra væri að velja slíkum tómstunda- og félagsheimilum staði í hinum einstöku bæjarhverfum og hafa þau þar af leiðandi minni og á fleiri stöðum, enda er það svo nú, að sum íþróttafélögin hér í bæ hafa þegar komið sér upp myndarlegum félagsheimilum, og af þessum sökum er það, að till. okkar nú er orðuð þannig: Til æskulýðshallar, byggingar íþróttasalar. — Og það er byggt á þeirri hugsun, að enda þótt við flm. getum fallizt á, að eðlilegt sé að velja félagsheimilum og tómstundaheimilum staði í hinum einstöku bæjarhverfum og hafa þau fleiri og minni, þá sé þó full þörf og ástæða til að byggja í höfuðstað landsins einn allsherjar íþróttasal eða íþróttahús, sem er þá ekki aðeins hugsaður til afnota fyrir æsku höfuðstaðarins, heldur verður einnig til afnota fyrir æsku landsins sem einn allsherjar samkomustaður, þegar meiri háttar íþróttasýningar eru haldnar.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur hefur svipuð þróun átt sér stað í viðhorfi til þessa máls, og kemur það fram í ákvörðun bæjarstjórnar á s. l. ári, þar sem veittar eru allt að 200 þús. kr. til æskulýðshallar og fjárveitingin orðuð þannig, að þessu fé skyldi varið til byggingar íþróttahúss í samráði við Bandalag æskulýðsfélaganna í Reykjavík.

Nú má að vísu segja, að slík bygging í höfuðstaðnum ætti þá að njóta styrks úr félagsheimilasjóði eins og aðrar hliðstæðar byggingar.

Það er vitað, að æskulýðsfélögin hér eða bandalag þeirra mun hafa nú á reiðum höndum um 150 þús. kr., sem safnað hefur verið í þessu skyni. Og eins og ég sagði áðan, hefur bæjarstjórnin ákveðið að verja 200 þús. kr. til þessarar byggingar á þessu ári, ef hafizt yrði handa. Það hefur nú ekki verið byrjað neitt á bygg-

ingunni, en samt hafa verið greiddar 50 þús. kr. úr bæjarsjóði, þannig að ef Alþingi vildi sýna þessu máli nokkurn sóma með ekki stærri fjárveitingu en hér er farið fram á, væri þó öruggt, að það væri hægt að hefjast handa og gera allverulegt átak til þess að koma upp þessu allsherjar íþróttahúsi, sem hér um ræðir.

Eins og ég vék að áðan, kann að vera, að menn telji, að það sé ekki ástæða til þess að hafa sérstaka fjárveitingu til þessa, og vísi á félagsheimilasjóð. Hef ég heyrt þær skoðanir. En þeir, sem þekkja nokkuð til fjárhagsgetu félagsheimilasjóðsins, vita, að það mundi líða langt árabil, þar til hann væri aflögufær til slíkrar byggingar. Og það er mín skoðun, að alveg eins og það sé eðlilegt, að Alþingi verji sérstöku fé til allsherjar íþróttaleikvangs í höfuðstað landsins, sem er ekki aðeins leikvangur höfuðstaðarbúa, heldur landsmanna allra, þegar allsherjar íþróttakeppnir eru, þá sé einnig ekki óeðlilegt, að Alþingi sýni æsku höfuðstaðarins nokkuð sérstaka tillitssemi með því að verja sérstaklega á fjárlögum nokkru fé til byggingar íþróttasalar eins og hér um ræðir.

Það hefur ekki verið tíundað, hvaðan það fé er komið, sem félagsheimilasjóður er byggður upp af. Ef það væri gert, þá kæmi í ljós, að langsamlega mestur hluti þess fjár kemur frá höfuðstað landsins, Reykjavík. Engu að síður hafa bæði ég og aðrir þm. Reykjavíkur verið stuðningsmenn félagsheimilasjóðsins, og við höfum verið stuðningsmenn hans þrátt fyrir þetta, vegna þess að við höfum skilið þá ríku og miklu þörf, sem æskan í sveitum landsins og hinum dreifðu byggðarlögum hefur til þess, að þar sé komið upp félagsheimilum og íþróttahúsum. Ég vil segja það, að því þjóðþingi, sem hefur svipaða afstöðu til höfuðborgar sinnar eins og Alþingi Íslendinga hefur til Reykjavíkur, — og þegar á þetta er litið, sem ég nú hef greint, — því er of þröngur stakkur skorinn, ef það telur ofrausn að veita nokkurt fé sérstaklega til málefna eins og hér er farið fram á. Og einmitt í trausti þess vil ég mega vænta þess, að þessi till. hljóti nú góðar undirtektir hjá hv. þm. Og miðað við það, að þróun þessara mála sé bundin við, að komið sé hér upp allsherjar íþróttasal, og fjárveitingin við það miðuð, treysti ég á, að þeir þm., sem eru úr hinum dreifðu byggðum, sem njóta fjárveitinga úr félagsheimilasjóði, sem, eins og ég sagði, hefur fyrst og fremst tekjur sínar frá Reykvíkingum, telji sér fært að sýna æsku höfuðstaðarins þá viðurkenningu, sem felst í þessari litlu fjárveitingu, með því að vera henni hliðhollir og samþykkja hana.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það lítur nú út fyrir, að hægt verði að ljúka þessum umr. alltímanlega, því að bæði er það, að óvenjulega fáar till. hafa borizt við þessa umr., og að það er ekki mjög margt, sem ég þarf að svara hér í sambandi við umr. síðan ég hélt mína framsöguræðu. Ég vil þó aðeins svara hér nokkrum atriðum, sumpart þeim, sem hefur verið beint til mín út af ákveðnum till., og sumpart út af þeim orðum, sem fallið hafa hér í umr.

Hv. 5. landsk., frsm. 1. minni hl. fjvn., sagði hér áðan í sinni framsöguræðu, að Alþingi hefði verið blekkt við afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1951. Mér þykir rétt að leiðrétta þennan misskilning hjá hv. frsm. minni hlutans. Það hefur verið margsinnis upplýst hér á Alþingi, að afgreiðsla fjárlagafrv. fyrir 1951 var gerð á þann veg, að tryggt væri, að ekki yrði greiðsluhalli á fjárlögunum, þótt ekki fengist sá tekjustofn, sem síðar var um samið. Þetta veit hv. frsm. mjög vel, og allar fullyrðingar hans um blekkingar í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna það ár eru því heilaspuni einn. — Það er annað atriði, sem ég gjarnan vildi leiðrétta hér í sambandi við hans ræðu. Hann sagði, að það hefði verið hörkurifrildi í fjvn. um hverjar 5 og 10 þús. kr. till. til menningarmála. Mér þykir illa mælt, að einn af okkar ágætu meðnm. skuli láta slík ummæli frá sér fara hér í Alþingi, því að sannleikurinn er sá, — og ég segi það mínum meðnm. til hróss, — að þar hefur ekkert rifrildi átt sér stað. Það væri ekki hægt að rífast þar, nema því aðeins að einhver mótmæli hefðu komið um ákveðin mál. Þau hafa öll verið rædd með fullri ábyrgð af meiri hl. n., og þá sjaldan að mótmæli hafa komið frá minni hlutanum, hafa þau ekki skapað neitt rifrildi. Þau hafa verið flutt, bæði af hv. 1. minni hl. og hv. 2. minni hl. með fullri prúðmennsku og hafa ekki gefið tilefni til neins rifrildis, enda venjulega felld án frekari umræðna. Þykir mér rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að ég kann því illa, að einn af okkar meðnm. skuli vera að bera út slíkar ósannar slúðursögur.

Þá minntist hv. frsm. minni hl. á húsaleigu ríkisins. Það er alveg rétt, sem hann heldur fram, að ríkið greiðir svo og svo mikið fé í húsaleigu, ef til vill þá upphæð, sem hann hefur minnzt á, — ég hef nú ekki reiknað það saman, — en ég vil þá benda honum á, að til þess að ríkið gæti sparað alla þá húsaleigu, þyrfti það að fjárfesta að minnsta kosti 20 millj. kr. eða jafnvel stærri upphæð, til þess að koma upp slíkum húsakynnum sem það leigir nú af öðrum. Og ég hygg, að það yrði að skera allverulega niður á fjárl. nauðsynlegar framkvæmdir, ef á einu ári ætti að byggja yfir allar skrifstofur ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara neinu öðru í ræðu hv. frsm. 1. minni hl. en því, sem ég þegar hef minnzt á.

Hv. frsm. 2. minni hl. sagði hér, að þetta væri ómerkileg afgreiðsla fjárlaganna nú við 2. umr., vegna þess að ýtt hefði verið til hliðar öllum stærstu málunum. Þessi ummæli hv. frsm. 2. minni hl. eru byggð á hreinum misskilningi og stafa sjálfsagt af því, að hann hefur vegna anna ekki getað tekið þátt í síðustu fundunum, þegar þessi mál voru afgr. Og hefur hann því sagt hér meira en hann hefur vitað um. Það er rétt, sem ég tók fram í framsöguræðu minni, að nokkur atriði hafa verið sett til hliðar, m. a. 20. gr., en það er ekki neitt, sem veltur á um afgreiðslu fjárlaganna almennt, ef ekkert nýtt kemur til. Get ég fullvissað um, að það verða engar stórkostlegar breytingar á því, sem hafa nein veruleg áhrif á afgreiðslu fjárlaganna, þótt

það hafi verið látið bíða. Það er því allt annað en að aðeins sé verið að fullnægja forminu um afgreiðslu fjárl. hér. Það er verið að fullnægja þeim lagafyrirmælum, sem ákveðin eru um, hvernig skuli farið með fjármál. Og það er síður en svo, að það hafi verið undirbúið lakar nú en önnur þau ár, sem ég hef þekkt til hér, meðan ég hef verið á þingi.

Þá talaði hv. frsm. 2. minni hl. nokkuð um risnufé og getur einnig um það í sínu nál., að allir stjórnarstuðningsmenn hafi rétt upp hendurnar gegn því, að það væri tekið af. Ég hef lýst því í minni framsöguræðu, hvernig farið hefur verið að því að bæta mönnum upp laun að ýmsum leiðum í embættum í landinu, og skal ekki endurtaka það. En mér þykir rétt að segja frá því í sambandi við þetta mál, vegna þess að hér var um að ræða risnufé til nokkurra aðila í stjórnarráðinu, sem hafa haft þetta í fjöldamörg ár, að einmitt í þessari stofnun er svo að segja engin — eða jafnvel engin yfirvinna. Og meiri hl. fjvn. sá ekkert réttlæti í því að breyta hér um á þessum eina stað, á meðan ekki væri hægt að koma því fram á öðrum stöðum. En ég hef gert grein fyrir því annars staðar, hversu það muni vera erfitt fyrir fjvn. að fá þar nokkrar breyt. á.

Ég vil hins vegar benda hv. frsm. 2. minni hl. á það, sem honum er vel kunnugt, að þegar farið var að rannsaka, í hvaða embættum það væri, sem helzt þyrfti að grípa til sparnaðar, þá var síður en svo, að þau embætti væru undanskilin, sem ýmist hafa verið stofnuð af hans ágætu flokksmönnum eða hans ágætu flokksmenn stjórna nú. Skal ég svo ekki ræða frekar um það atriði.

Hv. frsm. sagði, að iðnaðurinn hefði verið lagður í rústir, leikinn grátt vegna innflutnings á alls konar vörum. Um það atriði skal ég ekki deila hér. Hann getur deilt um það í hv. Nd. við hæstv. viðskmrh., en ég vil mótmæla því, sem hann sagði hér, að veittar væru aðeins 700 þús. kr. til iðnaðarmálanna, eins og hann lýsti í sinni ræðu. Það verður ákaflega erfitt að gera upp á milli þess, hvað er raunverulega til iðnaðar, sjávarútvegs eða landbúnaðar, þegar öllu er á botninn hvolft. Þetta grípur svo hvað inn í annað. Og erfitt verður að segja m. a., að ekkert af því, sem fer til raforkumálanna, sé viðkomandi iðnaðinum. Þess utan er nú iðnfræðslan á bls. 32 í frv. nærri 500 þús. kr. Er það þó beint framlag til iðnaðarmálanna. Sama má segja um ýmislegt annað, svo sem framlag til ríkisprentsmiðjunnar eða það fé, sem ríkissjóður leggur til hennar á hverju ári, landssmiðjunnar, tunnuverksmiðja, verksmiðjueftirlitsins o. fl., o. fl. Ég vil aðeins taka upp þessi dæmi. Það sýnir greinilega, að hv. frsm. 2. minni hl. hefur mælt hér án þess að hugsa, þegar hann fullyrti um þetta hér áðan.

Hv. frsm. minntist hér á, að rétt væri, eftir að ég hefði gefið þær upplýsingar, sem koma fram í nál. og minni ræðu, að afgr. nú ný launalög. Ég hef sannað það bezt með minni ræðu, hversu það væri ógerlegt að starfa undir þeim launalögum, sem nú væru í landinu. Nákvæmlega þessi sömu rök voru færð fram þegar launalögin voru endurskoðuð síðast, að það þyrfti að leiðrétta laun hinna lægst launuðu og laga launalögin í heild vegna þess misræmis, sem þá var í launakjörum starfsmanna ríkisins. En hvernig fór svo, eftir að þau launalög voru sett? Þá var öllum uppbótunum, sem embættismennirnir fengu eftir gömlu l., haldið, þrátt fyrir það þótt búið væri að setja ný launalög, og ekki einu sinni að þeim væri haldið, heldur var líka greidd víðast hvar visitöluuppbót á þær bætur, sem þó var búið að fella inn í hin nýju launalög. Ef ætti að fara eins að hér, þá væri að fara úr öskunni í eldinn í sambandi við greiðslur til starfsmanna ríkisins. — Hann sagði einnig, að það hefði komið fram í minni ræðu, að rétt væri að veita meira aðhald þeim stofnunum, sem væru reknar af ríkinu. Það er alveg rétt. En ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að á sínum tíma flutti Sjálfstfl. frv. um ríkisráðsmann, á meðan hv. þm. Vestm. sat sem fjmrh., en ég hygg, að þá hafi flokkur þessa hv. þm. staðið á móti því, að þær umbætur væru gerðar. Kynni að vera, að ástandið í þessum málum væri ekki slíkt sem því hefur verið lýst nú, ef sú till. hefði náð fram að ganga.

Hv. þm. Snæf. hefur borið hér fram till. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þær neitt sérstaklega. N. mun athuga milli 2. og 3. umr., hvort ástæða sé til þess að taka upp till. um Hellnar, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að óska eftir, að neinar aðrar af hans till. verði teknar aftur. Annars ræður hann því að sjálfsögðu sjálfur.

Hv. 4. landsk. minntist á till. sína um sjúkrahús á Akureyri. Þetta hefur verið rætt í n. Það lá ekki fyrir henni neitt erindi um þetta, en ég hygg, að það sé ekki möguleiki fyrir því, að n. taki upp þessa tillögu. Það er ýmislegum öðrum liðum að sinna í sambandi við heilsugæzlumálin. Ég hygg, að það verði ekki rúm fyrir hans till., nema því aðeins að það sé hægt að benda á frekari tekjur. — Um till. hans um brú á Glerá skal ég upplýsa, að þetta hefur einnig verið athugað í n. og talið, að það mundi ekki standa á því eina atriði, hvort brúnni yrði lokið á þessu ári, þó að vantaði þær 50 þús. kr., sem hann gat um og við vitum um að þarf til lokagreiðslu. Ef hann athugar um aðrar brýr, þá hefur ekki heldur verið sett full greiðsla til þess að ljúka þeim, og eiga ekki að þurfa að verða nein vandræði af.

Hv. 3. landsk. minntist nokkuð á till. sína á þskj. 214 um að styrkja skýrslusöfnun um lamað fólk. Ég vildi spyrja hv. 4. þm. Reykv., hvort þetta hefur ekki verið að nokkru leyti gert af Tryggingastofnun ríkisins eða hvort það sé ekki í hennar verkahring. Ég minnist þess, að það fór fram fyrir nokkru skýrslusöfnun um alla öryrkja í landinu. Ég geri ráð fyrir því, að það falli einmitt undir þann lið og Tryggingastofnun ríkisins ætti að hafa með höndum að safna skýrslum um alla lamaða menn í landinu. Ég sé ekki, að það ætti að þurfa að leggja sérstaklega fé úr ríkissjóði til þess að afla þeirra upplýsinga, en till. fer einmitt fram á, að það verði gert.

Hin till. hans er um að veita nokkurt fé til

Jóhannesar Áskelssonar í sambandi við vísindarannsóknir á Vestfjörðum. Fjvn. hefur athugað þetta mál, og hún hefur ekki getað orðið sammála um að leggja til, að fé verði til þess veitt. Ég vil í sambandi við þetta gjarnan upplýsa, að þessi ágæti maður hefur allverulegar tekjur fram yfir sín laun, eins og aðrir menntaskólakennarar, og skal ég leyfa mér að vísa í mína fyrri ræðu um þau atriði, og sé ég ekki, hvers vegna hann ætti sérstaklega að verðlaunast til þess að gera slíkt starf, eftir að hafa allar þær launauppbætur, sem hann hefur í þeim skóla, og síðan þriggja mánaða frí frá störfum. En færi svo, að meiri hl. Alþ. vildi samþ. þessa till., þá þætti mér illa við eiga, ef ekki yrði hækkaður styrkur til Guðmundar Kjartanssonar til rannsókna og vísindastarfa, því að mér er það ljóst, að þær 15 þús. kr., sem hann hefur á 15. gr., notar hann allar til þess að greiða kennara, er gegnir starfi hans á veturna, svo að hann geti unnið að þeim verkefnum, sem hann aflar sér á sumrin. Hann vinnur því þetta verk raunverulega án þess að fá nokkuð fyrir það og leggur þó í það alla sína vinnu yfir sumarmánuðina og kostar sjálfur öll ferðalög. Ég sé ekki, að það sé mögulegt fyrir hv. Alþ. að samþ. till. um fjárveitingu til Jóhannesar Áskelssonar, án þess að þetta yrði bætt upp á einhvern hátt, og vildi ég beina því til þeirra manna, sem bera umhyggju fyrir þessum málum.

Þá get ég ekki látið vera að minnast ofur lítið á hina mjög svo skemmtilegu og hressilegu ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég hef heyrt um menn, sem hafa ofnæmi fyrir ýmsu. Ég hef heyrt um gripi, sem hafa ofnæmi fyrir rauðum lit, t. d. naut á Spáni. Einstaka menn fá ofnæmi af heita vatninu í Reykjavík, af seltu í loftinu o. s. frv. En ég hef aldrei fyrr á ævinni komizt í kynni við nokkurn mann, sem hefur ofnæmi fyrir orðum eins og hv. 2. þm. Reykv. Hann má ekki heyra nokkurn tíma nefnda Ameríku, svoleiðis að hann verði ekki „of sterkur", eins og þeir kalla þá menn, sem geta ekki ráðið við sig. Hann má aldrei heyra nefndan Landsbankann, og hann má aldrei heyra nefnt S. Í. F. Það hefur slík áhrif á hann, að hann getur ekki stjórnað geði sínu eða orðum og verður eins og maður, sem ekki fær ráðið við sig. Ég veit engin betri ráð en að hann reyndi að hitta lækna, sem gera það að sératvinnu að lækna ofnæmi.

Hv. þm. Vestm. talaði hér fyrir till. sinni um flugmál. 20. gr. hefur ekki verið athuguð í fjvn. Hans till., ef hún verður tekin til baka, — án þess að ég sé að óska þess, — mun þá verða athuguð af n. í sambandi við afgreiðslu þeirrar gr., en ég get hins vegar ekkert sagt um það, hvort hún fær fylgi hjá n. eða eigi.

Út af þeim till. frá hv. 8. þm. Reykv. og öðrum, sem fram hafa komið hér í sambandi við byggingarstyrki til listamanna, þá vildi ég gjarnan spyrja þessa hv. þm. að því, hvort þeir séu nokkuð kunnugir því, hvort þessir menn séu að byggja yfirleitt eða ekki. Ég veit ekki, hvort nokkurn tíma hefur verið fylgzt með því, að þeir listamenn, sem hafa fengið byggingarstyrki, hafi nokkurn tíma uppfyllt það skilyrði að byggja fyrir fé eða hvort rn. hefur nokkurn tíma fylgzt með því, að fé væri ekki látið af hendi, nema viðkomandi aðili væri að byggja. Mér þykir það nefnilega ákaflega einkennilegt, eftir að heyra það frá þessum viðkomandi hv. þm. hér, að þessir menn séu svo fátækir, að þeir búi í húsum, sem ekki sé verandi í, bröggum og grenjum, eins og þeir lýsa því, að þeir skuli allt í einu hafa möguleika til þess að byggja yfir sig sæmilegar íbúðir, ef þeir fái 10—20 þús. kr. styrk úr ríkissjóði. Að öðru leyti skal ég ekki ræða þessar till., en ég vildi gjarnan heyra þær upplýsingar frá þeim, áður en verður gengið til atkv. um þær.

Hv. 1. þm. Eyf. óskaði nokkuð eftir því að fá yfirlýsingu í sambandi við byggingu á brú yfir Hörgá. Þegar fjvn. fékk skýrslu frá vegamálastjóra og till. um fjárveitingu til brúa fyrir árið 1953, þá lagði hann fyrst til, að brú yfir Hörgá í Eyjafirði yrði tekin á fjárlög þessa árs með 800 þús. kr. En síðar, þegar hann var beðinn um að athuga skiptinguna á ný og honum var tilkynnt, hvað væri hámark þeirrar upphæðar, sem setja mætti inn á fjárlögin í sambandi við nýjar brýr, þá skiptir hann þessu í bréfi til fjvn., dags. 18. nóv., og segir þar í niðurlagi þess bréfs: „Fé til nýrrar brúar á Hörgá komi úr brúasjóði." Aðrar eða meiri yfirlýsingar hefur fjvn. ekki í sambandi við byggingu brúarinnar. Það er ekki á valdi fjvn. — eða hún hefur a. m. k. ekki tekið sér það vald enn — að skipta brúasjóðsfé. En eftir að hún hafði fengið þetta bréf, þá taldi hún sér vera óhætt að leggja ekki til, að fé til byggingar brúar á Hörgá yrði tekið af því fé, sem lagt er fram á fjárl. til brúargerða almennt, enda hefði það aldrei rúmast innan þeirra takmarka, sem þar voru sett. Hef ég tekið þetta fram í minni framsöguræðu og endurtek það hér, að það er byggt á þessu bréfi, sem n. fékk frá vegamálastjóra. Ég veit því ekki betra ráð en að hv. þm. reyni að fá yfirlýsingu frá vegamálastjóra um, að brúin verði byggð fyrir fé úr brúasjóði, ef hann treystir sér ekki til að láta þessar upplýsingar nægja.

Hv. þm. sagði, að hann væri engan veginn ánægður með það vegafé, sem hann fengi til vega sinna og sérstaklega til endurbyggingar á vegum í Eyjafirði, en það verður víst almennt álit hjá hv. þm., að enginn þeirra fái nægilegt vegafé, svo að miklu meiri upphæð hefði þurft að skipta. Ég vil hins vegar í sambandi við þessi ummæli leyfa mér að upplýsa, að í Eyjafjarðarsýslu var ekki varið minna en rúmum 1200 þús. kr. til vegaviðhalds á s. l. ári, og er það tvöföld og þreföld upphæð við margar aðrar sýslur í landinu. Er ekki alveg óeðlilegt, að nokkurt tillit sé tekið til þess, þegar verið er að skipta fé til nýrra vegabygginga í sýslum landsins. Nú er vitað, að Eyjafjarðarsýsla er sæmilega vel veguð, og það er einmitt kannske þess vegna, sem vegaviðhaldið er svo hátt sem ég þegar hef skýrt frá.

Ég skal ekki ræða hér mikið um Ólafsfjarðarhöfn. Það er fjvn. kunnugt, hversu mikið hún hefur fengið að öðrum leiðum, og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða frekar um framlagið, sem ákveðið er hér í okkar till.

Ég skal lýsa því yfir, að erindi um bætur

fyrir slys í Óseyrarhlíð var sent fjvn. Það var einnig sent henni í fyrra. Afstaða n. til þeirra mála er ekkert breytt frá því, sem var á fyrra ári, enda engar nýjar upplýsingar komið fram. Er því ekki eðlilegt, að n. tæki það upp.

Út af fyrirspurn frá hv. þm. Árn. um það, hvort ég sem frsm. n. geti gefið yfirlýsingu um, að brúin hjá Iðu verði byggð á næsta sumri, þá er nú síður en svo, að það sé á mínu valdi að gera slíkt. Eins og ég skýrði frá áðan, þá skiptir fjvn. ekki því fé. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja og ég gat um í minni ræðu, þá munu vera um 1800 þús. kr. til ráðstöfunar úr brúasjóði á næsta ári. Ef 800 þús. kr. eru teknar til þess að byggja Hörgárbrú, sem mér sýnist að vegamálastjóri hugsi sér að gera, þá er ekki eftir þar nema um 1 millj. kr., en brúin hjá Iðu er talin kosta 4 millj. og 650 þús. Nú hefur vegamálastjóri gert hér till. um brýr, sem eiga að byggjast úr brúasjóði, og það er þá Skjálfandafljót fyrst. Þar hefur hann geymslufé, 150 þús., og úr brúasjóði 400 þús., eða 550 þús. kr. En áætlað er, segir hann, að enn vanti 1.3 millj. kr. til þess að fullgera brúna með núverandi verðlagi. Ætli hann sér því að fullgera þá brú árið 1953, þá sé ég ekki, að hann hafi neitt fé til þess að byggja fyrir brú á Hvítá hjá Iðu, enda kemur ekkert fram um það í gögnum til n., að það sé fyrirhugað. Hins vegar er það atriði, sem hv. þm. verður að eiga bæði við vegamálastjóra og rn., hvort hugsað er að vinna þar nokkuð eða geyma það enn þar til meira fé er fyrir hendi í brúasjóði. Vegamálastjóri hefur hins vegar lagt mjög mikla áherzlu á það, að tvöfaldaðar séu tekjurnar til brúasjóðs af benzíntollinum. Fjvn. hefur ekki viljað leggja það til, og standa því tekjurnar óbreyttar, nema einhverjar sérstakar aðgerðir komi til frá Alþingi.

Um vegagerð í Árnessýslu skal ég vera fáorður. Mér þykir rétt að upplýsa hér samt sem áður, vegna þess að það var minnzt á það, að veitt væri lítið fé í þá sýslu, að sú sýsla hefur fengið á 3. millj. kr. í vegaviðhald á s. l. ári, og þætti okkur gott sumum hverjum öðrum, ef við værum komnir nokkuð nálægt þeirri upphæð í sambandi við vegaviðhaldsfé í sýslunum.

Erindi um styrk til skóla Árnýjar hefur borizt fjvn., og hún hefur ekki viljað taka það upp. Það hefur jafnan áður verið veittur nokkur styrkur til þessa skóla sem byggingarstyrkur, en það hefur aldrei verið veittur til skólans neinn rekstrarstyrkur.

Erindið um 30 þús. kr. styrk til gestgjafa þess, sem hv. þm. minntist á, hefur einnig verið hér í n., en hún hefur ekki séð sér fært að leggja til, að það verði tekið upp í frv. Það mundi hafa það í för með sér, að ýmsir aðrir gestgjafar í landinu mundu einnig sækja um styrk. Hvort þeir hafa unnið til hans á sama hátt og þessi ágæti maður, skal ég ekkert segja um, en það verður erfitt að stöðvast á þeirri braut, ef byrjað er að veita styrki til slíks rekstrar. Mér er ekki kunnugt um, að neinn gestgjafi hafi styrk frá ríkissjóði, nema veittar eru úr sérleyfissjóði, að ég hygg, einhverjar smáupphæðir, sem ekkert koma ríkissjóði við.

Ég vil leyfa mér að flytja hv. 1. þm. Árn. þakkir mínar fyrir hin ágætu orð, sem hann sagði um minn góða vin, Ara Arnalds, og hans dóm um hann sem rithöfund, en fjvn. hefur því miður ekki séð sér fært að hækka þetta, m. a. vegna þeirra tekna, sem hann hefur á 18. gr. sem embættismaður. Ef þessi orð eru ekki ofmælt, og ég veit, að þau eru það ekki, þá held ég, að það ætti að vera hægur vandi fyrir einn flm. till., hv. 11. landsk. (ÞÞ), sem væntanlega fær það skemmtilega verk að úthluta skáldastyrk eða rithöfundalaunum, að bæta þessum ágæta rithöfundi upp eitthvað í sambandi við þá úthlutun. Þá er einnig annar liður á fjárl. til ritstarfa, um 90 þús. kr., sem fjvn. skiptir ekki, og þætti mér ekki ólíklegt, að svo ágætur rithöfundur sem Ari Arnalds er gæti þá fengið einhvern glaðning úr þeim sjóði, þó að þessi till. verði felld hér í þinginu. En fjvn. hefur ekki treyst sér til þess að mæla með henni.

Mér þykir nauðsyn að segja hér nokkur orð í sambandi við ræðu hæstv. viðskmrh. um menntaskólann á Laugarvatni. Ég skildi nú eiginlega ekki vel, hvað hæstv. ráðh. meinti, vegna þess að hann endaði ekki sína ræðu með því þá að leggja til, að þetta yrði fellt niður úr frv. En ef hæstv. ráðh. hefur ætlazt til þess, að fjvn. færi að verða einhver dómari í ágreiningsmálum á milli sjálfra ráðh., þá er það alveg misskilningur. Við höfum séð ýmis erindi frá hinum einstöku rn., sem hafa kvartað undan niðurskurði hjá hæstv. fjmrh. frá till., sem þau hafa gert. Við höfum einnig séð það hjá stofnunum. Og fjvn. tekur ekki að sér það vandaverk að vera neinn Salómonsdómari um það, hvor hafi þar rétt að mæla. Það er of lítil samvinna hjá rn., ef þau geta ekki komið sér saman um það, hvað eigi að takast inn á fjárlfrv. í sambandi við rekstur ríkisins, og ekki rétt undir neinum kringumstæðum að leggja þann vanda á fjvn., enda mundi hún ekki ætla sér það. Hins vegar hefur n. ekki haft tækifæri til þess að ræða við rn. sameiginlega um ágreining um einstök atriði, en það mun verða gert fyrir 3. umr., og þá mun að sjálfsögðu einnig bera á góma þetta atriði hér, sem hæstv. ráðh. lýsti, en ég hygg nú, að það hafi aldrei vakað fyrir neinum, hvorki fyrir þeim, sem voru samþykkir 100 þús. kr. framlagi til Laugarvatnsskólans í fyrra, og ekki heldur fyrir þeim hæstv. ráðh., sem nú hefur tekið upp nokkru hærri framlög til skólans, að hér ætti að koma upp sérstökum menntaskóla, sem kostaði nokkrar milljónir eða tugi milljóna. Það hefur a. m. k. aldrei verið mín hugsun, og satt að segja á ég ákaflega erfitt með að skilja, hvernig sami hæstv. menntmrh. heldur því fram, að þetta þurfi að hafa þá þróun, sem hann lýsti hér, á meðan það er staðreynd, að í Reykjavík er menntaskóli, sem er ekki rekinn á þann hátt, sem hæstv. ráðh. minntist á, en það er Verzlunarskóli Íslands. Hann hefur leyfi til þess að kenna og brautskrá að fullu stúdenta, og ég sé ekki, hvernig það ekki mætti verða, að sama fyrirkomulag gilti á héraðsskólanum að Laugarvatni. Og þess vegna held ég, að allt umtal hæstv. ráðh. um nýjan menntaskóla á Laugarvatni, sem verði

að byggja yfir fyrir margar millj. og megi ekki koma nálægt héraðsskólanum frekar en ef svartidauði væri í annarri stofnuninni og taugaveiki í hinni, sé einhverjir hugarórar. Mér finnst það vera ákaflega merkileg mistök á þessu máli, ef ekki er hægt að koma því fyrir á annan hátt en hann lýsti hér. En sem sagt, ég skal gjarnan sem formaður n. ræða þetta atriði við báða þessa ágætu hæstv. ráðh., ef þeir geta ekki komið sér saman um málið og ef svo mikið ber á milli sem hæstv. menntmrh. skýrði hér frá áðan.

Hv. þm. N-Ísf. hefur borið hér fram till. um ferjuhafnir. Ég lýsti því í minni framsöguræðu, að fjvn. vildi ekki ganga inn á það efnislega, að hér sé um ferjuhafnir að ræða, og hún mun því ekki ræða málið á þeim grundvelli. N. er hins vegar viljug til að ræða framlög til hafna á þessum stöðum, ef hv. þm. vill bera fram brtt. við annan kafla þessarar gr. Hvort hann vill taka till. aftur til þess að breyta henni þannig, það skal ég ekki segja um, en verði henni ekki breytt, þá mun fjvn. ekki styðja till. eins og hún er. Ég minntist nokkuð á þetta í minni framsöguræðu og skal ekki endurtaka það meir.

Út af till., sem komið hefur fram um kennaraskólann, þá vil ég einnig upplýsa það hér, að erindi um það liggur fyrir fjvn., en vegna þess að það snertir 20. gr., þá hefur ekki verið gengið að fullu frá þeim málum. Hún mun því að sjálfsögðu athuga þá till., eins og hún mun athuga erindið sjálft, sem liggur fyrir. Þess utan hafði fjvn. samtal við skólastjóra, og henni er fullkunnugt um þá þörf, sem hér er á, og það hefur ekkert nýtt komið fram í dag í sambandi við það mál, sem n. vissi ekki áður.

Ég vil þá aðeins segja hér nokkur orð um till. hv. 5. þm. Reykv. um framlag til æskulýðshallarinnar eða íþróttasalar fyrir æskulýðshöllina.

Það vildi svo til, að ég var staddur norður á Ólafsfirði í sumar og hafði tækifæri til þess að koma þar í íþróttahús, sem var byggt með slíkum ágætum, að ég varð að draga skó af fótum mér til þess að saurga ekki salinn, þegar ég gekk inn. Ég hygg, að það finnist hvergi í heiminum slíkur íþróttasalur hjá nokkrum bæ, sem hefur undir 1000 íbúa, hvar sem leitað væri. Mér datt þá í hug, að ef sú n., sem stjórnar íþróttasjóði, hefði aldrei gengið á rétt Reykvíkinga, þá ætti Reykjavík að eiga 30 slíka íþróttasali hér. Og ég vildi nú vísa þeim mönnum til þeirrar stofnunar, áður en þeir fara að reyna að knýja hér út fé fyrir nýjan íþróttasal í Reykjavík, og fá þá menn, sem þar stjórna, til þess að gæta nokkru meira réttlætis gagnvart þeim, sem búa hér í Reykjavík, og beina nú íþróttaframlaginu til þessarar æskulýðshallar, þ. e. a. s. til íþróttasalarins við æskulýðshöllina, þar til hann er kominn upp, til þess að jafna metin, sem áður hafa verið gerð á þessum málum. Það er svar mitt við þessari till.

N. hefur athugað þetta mál. Hún hefur einnig leyft ekki einasta formanni fyrir þessum félagsskap að ræða við sig, heldur með öllum þeim herskara, sem hann hafði með sér, einum fulltrúa frá hverjum stjórnmálaflokki, og sýndist það eiga að vera trygging fyrir því, að málið næði fram að ganga. Hins vegar leizt okkur í n. þá ekki betur á það en svo, að þegar þeir voru nýfarnir út, þá var till. felld.

Ég vil einnig segja, að ef þetta er rétt, sem hv. þm. sagði um tekjur félagsheimilasjóðsins, að þær komi mest úr Reykjavík, þá sé ég ekki heldur, að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu, að þeir hinir sömu menn, sem fá allan félagsheimilasjóðinn til þess að byggja upp félagsheimili úti á landinu, gæfu þá eftir í eitt eða tvö ár framlag úr íþróttasjóði, svo að hægt væri að koma upp einhverjum svolitlum hluta af þeim íþróttahúsum, sem Reykjavík hefur verið svikin um af þeim mönnum, sem hafa stjórnað sjóðnum undanfarin ár.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svara öðrum athugasemdum, sem hér hafa komið fram. Ég held, að ég hafi gert nokkra grein fyrir öllu því, sem til mín hefur verið beint í sambandi við þær till., sem hér hafa verið fluttar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 323, 327 og 328, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég flyt brtt. við fjárlögin. Brtt. er prentuð á þskj. 320, III og er um styrk til byggingar kirkju á Selfossi, 100 þús. kr. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessa till. Ég skal samt ekki vera margorður um hana.

Fyrir rúmum 30 árum var ekki byggð á Selfossi, nema tveir sveitabæir og eitt gistihús. Þetta fólk, sem þarna bjó, átti kirkjusókn að Laugardælum, sem er í nálega 5 km fjarlægð. Þar var þá lítil timburkirkja, sem stendur enn og hefur ávallt verið og er enn sóknarkirkja þeirra, sem búa á Selfossi, en söfnuðurinn er nú um 1200 manns.

Það var fyrir rúmum 11 árum, að samþykkt var á safnaðarfundi að flytja kirkjuna frá Laugardælum að Selfossi. Á s. l. sumri var fyrst hafizt handa um byggingu nýrrar kirkju á þeim stað, þar sem hreppurinn hafði keypt land í þessu skyni. Nú er byggingunni þar komið, að allri steypuvinnu er lokið og þessa daga er verið að ganga frá þaki á kirkjuna.

Þegar bygging kirkjunnar hófst, átti hún 150 þús. kr. í handbæru fé. Síðan hafa safnazt innan safnaðar í byggingarsjóðinn 50—60 þús. kr. Sýnilegt er, að bygging kirkjunnar tekur langan tíma, ef söfnuðurinn á einn og hjálparlaust að standa að byggingunni, en slíkur styrkur sem hér er farið fram á frá ríkissjóði yrði í fyrsta lagi kærkominn fjárhagslegur stuðningur og auk þess söfnuðinum hvöt til að leggja fram krafta sína við hið menningarlega, stóra átak, sem kirkjubygging ávallt er litlum söfnuði. — Það er von mín, að hv. alþm. fallist á að veita þessari styrkbeiðni samþykki sitt.

Ég vil með nokkrum orðum að gefnu tilefni minnast á menntaskólann á Laugarvatni.

Hæstv. menntmrh. hélt hér ræðu um skólann, og það, að ég vil gjarnan segja nokkur orð um

þetta mál, er vegna þess, að fyrir ráðh. náð, þessa sama ráðh., hef ég verið formaður skólanefndar héraðsskólans á Laugarvatni nú um tveggja ára skeið. Ég hef þess vegna, síðan ég öðlaðist það embætti, kynnzt frekar en áður málum héraðsskólans og í sambandi við hann nú síðustu ár málum menntaskólans eða þeirrar kennslu til menntaskólanáms, sem þarna hefur farið fram.

Um nokkurra ára skeið hefur farið fram menntaskólakennsla á Laugarvatni, eins og kunnugt er, en próf hafa ekki verið tekin þar við skólann, heldur hafa nemendur orðið að fara til Reykjavíkur og taka próf við menntaskólann hér.

Samkvæmt gildandi fræðslul. eru menntaskólar á landinu tveir, í Reykjavík og á Akureyri. En þegar fé er veitt til þess á fjárl., þá skal stofna menntaskóla í sveit, þann þriðja á landinu. Nú var, eins og hv. alþm. er kunnugt, veittur á fjárl. þessa árs 100 þús. kr. styrkur til menntaskóla á Laugarvatni. Þessi styrkur hefur ekki enn verið greiddur og menntaskólinn ekki formlega stofnaður. Hefur það vakið nokkra undrun þeirra, sem að þessum málum standa í héraði, að þetta hefur dregizt svo úr hömlu, þrátt fyrir þessa fjárveitingu. Við, sem stóðum að þessu eystra, álitum, að þá væri ekki neitt því til fyrirstöðu, að skólinn yrði stofnaður, en það hefur orðið nokkurt undrunarefni, að það hefur ekki verið gert. Þeir nemendur, sem stunda nú nám við skólann, vita ekki, eins og sakir standa núna, hvar þeir taka próf á næsta vori, hvort þeir verða látnir fara hingað til Reykjavíkur. En það hlýtur að vera öllum ljóst, að það er töluvert mikil fyrirhöfn og óhagræði að láta rúmlega 60 nemendur fara hingað til Reykjavíkur að vorinu til þess að taka prófið. Ef skólinn er ekki enn stofnaður, þegar að því kemur, þá er ekki annað fyrir hendi en að gera það, ef það verða þá möguleikar á því. Þá hefur skólanum verið mjög bagalegt að fá ekki þessa fjárveitingu, sem hann hefur alveg reiknað með að fá.

Nú hefur hæstv. menntmrh. gert grein fyrir því, hvers vegna hann hefur ekki stofnað menntaskólann á Laugarvatni formlega. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta eða ræðu hæstv. ráðh., en ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um húsakost héraðsskólans eins og hann er núna. Vil ég þá minna á, að 1947 brann ofan af gamla skólahúsinu á Laugarvatni efri hæðin, sem var í háum risum, eins og allir muna, sem þangað hafa komið. Í þessum risum voru íbúðir heimavistarnemenda eða nemenda skólans, því að þar var ekki um annað en heimavistir að ræða. Strax eftir brunann samþykkti þáverandi skólanefnd, — ég vil taka það fram, að ég var ekki kominn í skólanefndina þá, — í samráði við kennsluyfirvöld að hefjast handa um bygginga á nýju skólahúsi. Þetta var mikið og stórt hús, en það var strax hafizt handa um bygginguna. Þegar það er alveg komið upp, þá verða í þessu nýja húsi 8 skólastofur, heimavist fyrir kringum 100 nemendur, eldhús í kjallarahæð, matsalur o. fl., o. fl. Þetta hús er ekki enn komið lengra en það, að önnur álma hússins er reist, og í henni er heimavist fyrir 90—100 nemendur, notuð að fullu núna. Þá eru einnig tilbúnar 4 kennslustofur, sem einnig eru notaðar, og 2 kennslustofur, sem eru notaðar sem samkomusalur skólanna beggja. Í þessu húsi fer nú fram kennsla nemenda héraðsskólans, en í gamla húsinu, sem brann ofan af, eins og ég minntist á áðan, eru 4 kennslustofur, og þar fer fram kennsla menntaskólanemendanna núna, þannig að eins og stendur eru þessir skólar sinn í hvoru húsi, en það fannst mér hæstv. ráðh. leggja svo mikla áherzlu á, að það væri ekki hægt að blanda skólunum saman, að það væri jafnvel skaðlegt skólalífi og m. ö. o. ómögulegt að hafa það svo.

Nú hef ég lýst, hvernig húsnæði skólanna er núna. Nú hefur skólanefndin ávallt verið reiðubúin til að ræða um þessi mál, eða skiptingu húsnæðisins á milli skólanna beggja, eins og bréf skólanefndarinnar, sem hæstv. ráðh. las upp, ber með sér, en það er ekki, eins og fram kom í bréfinu, hægt eins og stendur, meðan skólahúsið nýja er ekki nema að hálfu leyti byggt, að ákveða að öllu leyti, hvað menntaskólinn skuli fá og hvað héraðsskólinn skuli hafa. Það er hægt að hugsa sér fleiri aðferðir en eina við skiptingu húsnæðisins, t. d. að menntaskólinn fengi gamla húsið, en þó verður að geta þess í því sambandi, að til orða hefur komið, að íþróttakennaraskóli ríkisins fengi það hús. Þó að það yrði, að hann fengi það hús, þá væri eftir nýja húsið, ef það væri komið upp að öllu leyti, með 10 kennslustofum. Ef það væri athugað nú strax, þegar hugsað væri um áframhaldandi byggingu á því húsi, að haga byggingu þannig að gera mögulega skiptingu á húsnæðinu milli héraðsskólans og menntaskólans, þá stendur ekki á skólanefndinni, — mér er óhætt að fullyrða það, — að athuga þá möguleika. Þá gæti maður hugsað sér það, að nýja húsinu, er það væri orðið fullgert, yrði skipt á milli þessara skóla. — Ég drep aðeins á þetta að gefnu þessu tilefni og ætla ekki að hafa um það fleiri orð nú eins og stendur. En ég vil að lokum láta þá von í ljós, að hæstv. menntmrh. láti ekki dragast að stofnsetja menntaskóla á Laugarvatni, er hv. Alþ. hefur samþykkt þá fjárveitingu til hans, sem nú er í fjárlagafrv., sem ég geri ráð fyrir að hv. alþm. geri. Það var samþykkt fjárveiting til skólans á síðasta þingi með miklum meiri hluta, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hugur hv. þm. hafi breytzt svo, að þeir muni ekki greiða atkvæði með því aftur núna. Og þá vildi ég aðeins segja það, að hæstv. menntmrh. ætti eftir þá atkvgr. að vera orðið ljóst, að hv. þm. eru að greiða atkvæði um þetta vitandi vits, en ekki út í bláinn.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur áðan, þegar hv. frsm., hv. þm. Barð., flutti sína ræðu. En hann hefur tjáð mér viðvíkjandi fyrirspurn, sem ég beindi til fjvn. viðvíkjandi byggingu á brúnni hjá Iðu, að n. hefði ekki haft nein afskipti af því máli og ekki yfir höfuð haft neina íhlutun um, hvernig fé brúasjóðs er varið, en bygg-

ing þessarar brúar á að framkvæma af fé brúasjóðs, ekki mundi þó horfa vænlega um þessa brúarsmíði, því að féð mundi ætlað til annarra hluta. Mér dettur ekki í hug að átelja hið minnsta nokkuð hjá hv. fjvn. í þessum efnum frekar en öðru í hennar starfi. Ég veit, að það er bæði vanþakklátt og vandasamt og hv. n. hefur haft í mörg horn að líta og ærinn vanda á höndum að gera sínar till. En ég vil vona, að betur rætist úr en á horfist og eitthvað verði unnt að búa í haginn fyrir þessa brúarsmíði, því að Alþ. sjálft sem stofnun á hér hlut að máli. Það er illa farið, ef sú skoðun fer að festa rætur úti á meðal þjóðarinnar, að upp úr samþykktum þess sé ekkert leggjandi. En það eiga menn nokkurn rétt á að álykta, ef það fer svo mjög á milli mála, að það, sem búið er að lofa að framkvæma, dregst svo árum skiptir.

Þá er það annað atriði, sem hér hefur komið fram, og það var aðallega þess vegna, sem ég bað um orðið. Það var út af ræðu hæstv. menntmrh. viðvíkjandi byggingu menntaskóla á Laugarvatni og fjárveitingu til hans.

Ég sé nú, að hæstv. ráðherra er ekki hér staddur, og þykir mér það leiðinlegt, því að ég hefði fremur kosið, að hann heyrði það, sem ég vildi segja um það mál. En ég get líka dregið mál mitt mjög saman, sakir þess að hv. frsm. fjvn. hefur gert því máli ágæt skil í sinni ræðu, þegar hann minntist á þetta mál og svaraði ræðu hæstv. ráðherra. Enn fremur hefur hv. samþm. minn gefið mikilsverðar upplýsingar um húsakost skólans og hvernig það skipast til betri vegar, þegar búið er að koma upp því skólahúsi, sem er nú í smíðum. Ég ætla þess vegna ekki að fara fleiri orðum um þessi atriði. En það er viðvíkjandi því atriði hjá hæstv. ráðherra, hvernig hann hefur hagað framkvæmdum — eða öllu heldur framkvæmdaleysi, sem ég vil fara nokkrum orðum, og má þó vera, að það sé óþarft, því að ég gat því miður ekki komið nógu fljótt inn til að heyra alla ræðu hv. frsm. um þetta efni, og má vel vera, að hann hafi eitthvað líka vikið einmitt að því atriðinu, sem ég ætla nú að gera að umtalsefni. Það var utanbæjarmaður, gestur í bænum, sem þurfti að eiga tal við mig, og fyrir því tafðist ég. Annars mundi ég hafa hlustað eftir því, sem hér hefur gerzt, hefði mér verið það mögulegt.

Hæstv. ráðherra hefur neitað að framkvæma vilja Alþ. um stofnun menntaskólans. Þó eru skýlaus lagafyrirmæli um það, að þegar Alþ. samþykkir fjárveitingu til stofnunar menntaskóla í sveit, þá skuli skólinn stofnaður. Þessi ákvæði gildandi l. um þetta efni eru svo skýlaus og skýr, að ekki verður um villzt. Alþ., hið síðasta, samþykkti þetta nær einróma. Ég ætla, að það hafi verið einir 5 menn á móti og eitthvað ámóta margir, sem sátu hjá. Mig minnir, að það væru nærri 40 alþm., sem greiddu atkv. með fjárveitingunni til stofnunar menntaskóla á Laugarvatni. Fylgið með þessu máli var það mikið, að það eru mjög fá mál, sem afgreidd eru í Alþ., sem hafa svona eindregið fylgi. Hæstv. ráðh. hefur svo fært þær ástæður fram fyrir neitun sinni, að þessi fjárveiting til stofnunar menntaskóla hafi verið svo lítil, að það næði ekki neinni átt og hrykki hvergi nærri til þeirra gjalda, sem af því leiddi að stofna skólann. Þess ber þó að geta, að þessi fjárveiting á yfirstandandi ári átti aðeins að vera til launagreiðslu í þágu þessa skóla á Laugarvatni, en ekki til bygginga eða neins annars. Það var skýrt tekið fram, þegar málið var borið hér fram, og þurfti enginn að fara í neinar grafgötur um það, til hvers átti að verja þessum fjármunum. Hæstv. ráðh. færir svo fram þær ástæður, að það hefði verið nauðsynlegt að sjá fyrir húsakosti skólans um leið og til þeirra hluta nægði þetta fé auðvitað ekki neitt, og það er rétt hjá hæstv. ráðh. En það var ekki heldur til þess ætlazt — hefur engum dottið í hug. Og þó að hæstv. ráðh. telji sér máske skylt að hafa í þessum efnum sem öðrum, sem heyra undir hans starf, fulla forsjá, — og vil ég sízt verða til þess að misvirða það, ég þykist kunna að meta einmitt þess konar vinnubrögð hjá hæstv. ráðh. sem öðrum, — þá má ráðh. samt ekki ætla sér að fara þannig með nær alla þm., og það margt mætra manna, sem þar eru og greiddu atkvæði með, eins og þeir væru ómyndugir að sínum gerðum eða hefðu ekki gert sér grein fyrir, hvað þessi samþykkt þýddi.

Hæstv. ráðh. færir nú fram þær ástæður, að það þurfi að byggja sérstök hús fyrir skólann og þau komi til með að kosta 6—7 millj. og ekkert megi vera sameiginlegt með þeim héraðsskóla, sem þar er, engin sameiginleg hús eða neitt þess konar. Það er vitaskuld mesta fjarstæða, að þetta skuli gert í skyndi og verða að koma samstundis, um leið og skólinn tekur til starfa. Mér skildist á hæstv. ráðh., að þetta fyrirkomulag þyrfti helzt að vera eins og hann setur það fram, til þess að skólinn gæti notið sín. Mig hálffurðar á þessu, m. a., eins og ég býst við, að hv. frsm. hafi einmitt haft á orði, þar sem hér er annar skóli, sem útskrifar stúdenta, og þar fer kennslan fram undir sama þaki og nemendum, sem leggja allt annað nám fyrir sig, er veitt tilsögn. Ég á þar við Verzlunarskólann. Og ég hef ekki heyrt á þessum hæstv. ráðh., að hann hafi neitt við það að athuga. Að minnsta kosti kom það ekki fram í þeirri ræðu, sem hann flutti hér í kvöld. Nú er það vitaskuld um slíkt mál sem þetta, að þá verður vafalaust að því stefnt, að þessi skóli hafi sem mest sín eigin húsakynni. En húsakostur er það mikill á Laugarvatni, eins og hv. samþm. minn hefur gert glögga grein fyrir, að þegar sú nýja bygging er komin í lag, sem nú er í smíðum, þá verður hægt að hafa aðgreiningu nokkuð glögga og góða á milli skólanna, þannig að það komi ekki að sök. Og vafalaust má leggja mikið upp úr því, sem komið er fram við kennslu á Laugarvatni, einmitt þessa kennslu, því að sem betur fer gefur hún góða raun. Það er að vísu ekki nema eitt einasta dæmi. Það er frá s. l. vori, þegar nokkrir nemendur þaðan tóku stúdentspróf. Til þess að taka það urðu þeir að koma hingað til Reykjavíkur, og nokkuð annað er það þó að fara að heiman og vera fjarvistum og taka próf undir þeim kringumstæðum. Þó að vafalaust hafi verið reynt að búa að nemendunum eftir föngum, þá

er það nokkuð annað en að taka það í þeim skóla, þar sem þeir hafa stundað námið. En þeir nemendur, sem próf tóku í vor, gerðu það allir vel og flestir með prýði. Og ég vildi óska þess, einmitt hvað áhrærir menntun þeirra ungmenna, sem leggja þetta skólanám fyrir sig, að engir gerðu það lakara og þeim færist sem flestum það jafnvel úr hendi. Af því hefðu þeir gott sjálfir og þjóðin líka.

Hæstv. ráðh. lét í ljós, að eiginlega væri hann nú fús til þess að stofna menntaskóla í sveit. Ekki kunni ég samt nógu vel við það, þegar hæstv. ráðh. í sömu andránni dró það fram, að húsakostur Akureyrarskóla, sem hann nefndi, væri það mikill, að þetta væri alveg óþarfi, því að sá skóli gæti tekið við þeim nemendum, sem leituðu þessarar menntunar, ásamt menntaskólanum hér í Reykjavík, og þá Verzlunarskólanum, og færði fram sem ástæðu gegn því, að rétt væri að stofna menntaskóla í sveit, að húsakosturinn væri nú þarna fyrst og fremst svona mikill og svo hefðu kennarar við þann skóla ekki nóg að gera, nema skólinn væri fullskipaður, skildist mér. Ég held það geti varla verið misskilningur hjá mér, því að annars áttu þessar röksemdir ekkert erindi hér inn í umr. En hvað ber þá til þess, hví er verið að hafa kennara við skóla, sem ekkert hafa að gera? Mér finnst vera seilzt nokkuð langt eftir röksemdum gegn þessari stofnun, sem Alþingi hefur nú ákvarðað að stofna. Yfir höfuð gengu röksemdir hæstv. ráðh. allar út á það, að ástæða væri til þess að vera á móti því að stofna slíkan skóla í sveit. Ef hæstv. ráðh. meinar það, eins og hann hálfgert gaf í skyn, að hann vildi stofna menntaskóla í sveit, þá hefur honum farizt ákaflega óhöndulega í þessari röksemdafærslu. Hann vill láta okkur trúa því, að hann vilji stofna þennan skóla, eins og mér hefur reyndar fundizt annað veifið. En út í þetta vil ég ekki fara frekar. Það skiptir ekki svo miklu máli héðan af. Ég veit, að hv. Alþingi heldur við sínar gerðir, ég er alls óhræddur um það. Það lætur ekki segja sér það um ákvörðun, sem það tekur svona einróma með atkvæðum margra ágætismanna, að þeir hafi ekki gert sér ljóst, hvað atkvæði þeirra þýddi, þegar þeir greiddu atkvæði á sínum tíma með stofnun skólans.

Hæstv. ráðh. las þarna upp úr bréfi, sem hann hafði skrifað. Það hef ég ekki séð og ekki heyrt úr því fyrr en hæstv. ráðh. las upp úr því. Þar kenndi nú ýmiss misskilnings, sýndist mér. En þar sem hæstv. ráðh. er nú ekki viðstaddur og heyrir ekkert af því, sem ég hef fram að færa, þá ætla ég ekki að gera það frekar að umtalsefni. En eitt má hæstv. ráðh. vera alveg viss um, að stjórn Laugarvatnsskólans mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiða fyrir því, að stofnun þessa skóla fari sem bezt úr höndum. Hún mun verða hin fúsasta til samvinnu við hæstv. ráðh. um að uppfylla þær kröfur, sem hann gerir um sem bezt fyrirkomulag á kennslu við þennan skóla og það, hvernig þar er skipað húsum fyrir héraðsskólann annars vegar og menntaskólann hins vegar; það má hæstv. ráðh. vera alveg viss um. Og ég vil vona það, að innan stundar, þegar hann leitar eftir samvinnu um slíkt efni við skólanefndina, þá sannfærist hann um það, að þar er góðum vilja að mæta, eins og málefnið á skilið. Þá mun af hálfu okkar, sem höfum litið öðruvísi á þessa framkvæmd — eða framkvæmdaleysi hans, gleymast fljótt, þótt við hefðum kosið, að hann hefði hagað nokkuð öðruvísi sinni afstöðu gagnvart málefninu hingað til.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru örfá orð varðandi þær athugasemdir, sem hv. form. fjvn. gerði við þær 2 brtt., sem ég er 1. flm. að og mælti hér fyrir. Ég er honum alveg sammála um, að mjög æskilegt væri, að Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur fengi þann styrk, sem honum er ætlaður, hækkaðan nokkuð. Sá vísindamaður er alls góðs maklegur, og ég er því mjög hlynntur og þætti vænt um, ef ég og við flm. gætum átt einhverja samvinnu við hv. form. fjvn. um að koma því fram. Það er ekki meining okkar með flutningi till. um vísindastyrkinn til Jóhannesar Áskelssonar að ívilna honum á neinn hátt fram yfir það, sem Guðmundur Kjartansson á réttilega skilið. Til þess að betra tóm gefist til þess að athuga þetta, þá munum við taka þessa till. aftur til 3. umr.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði um till. um 15 þús. kr. styrk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, — ég skal geta þess, að það er prentvilla á þskj., þar sem það er kallað Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, og hef ég þegar gert ráðstafanir til þess, að þskj. verði endurprentað, — varðandi það, sem hann sagði, að það væri í verkahring Tryggingastofnunarinnar að safna skýrslum um lamaða menn og fatlaða um land allt, vildi ég aðeins geta þess, að Tryggingastofnunin mun aðeins telja í verkahring sínum að safna skýrslum um öryrkja. En það, sem hér er um að ræða, er, að sérfræðingur geri nána rannsókn á því, hvar sé um að ræða þau sérstöku sjúkdómstilfelli, sem falla undir lömun og fötlun. En reynsla hefur sýnt það, að nauðsyn er á sérfræðilegri athugun til þess að komast að raun um þau sjúkdómstilfelli, sem um kann að vera að ræða. En við munum jafnframt, til þess að athuga þetta mál enn nánar og ræða það við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og þá einnig við hv. form. fjvn. og fjárveitinganefnd, taka þessa till. aftur til 3. umr.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 323 hef ég leyft mér að flytja tvær brtt. Fyrri brtt., rómv. I, er við 3. gr. A. 2., snertandi fjárframlag til notendasíma í sveitum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir framlagi í þessu skyni, að upphæð 1740000 kr., en ég legg til í brtt. minni, að upphæðin hækki um eina millj. kr., eða í 2740000 kr.

Það verður að teljast mjög brýn nauðsyn, að Alþingi og hæstv. ríkisstj. leggi mikla áherzlu á að flýta lagningu afnotasíma í sveitum landsins. Hv. alþm. er kunnugt, hve mikilsvert það er fyrir bændur landsins, sérstaklega þá, sem búa á jörðum, sem eru afskekktar, að fá afnotasíma. Þess er ekki sízt þörf nú, þegar margar

jarðir hafa fátt heimilisfólk, og afnotasími veitir slíkum heimilum mjög mikið öryggi. Þá er vitað, að nokkurs misræmis hefur gætt í sambandi við framkvæmdir á afnotasímunum í hinum ýmsu sýslufélögum. Ég hef kynnt mér, hvað þessum málum er langt á veg komið í hinum ýmsu sýslufélögum, og sé, að æði mikils misræmis gætir í þessum efnum. Það er sem sé búið að leggja afnotasíma í einstöku sýslum á allt að 90% af býlum og í mörgum sýslum á 70—80% býla. Þó eru nokkrar sýslur, sem eru langt á eftir. T. d. munu aðeins tæplega 50% af býlum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og í Eyjafjarðarsýslu hafa fengið afnotasíma. Hef ég í huga, að ef brtt. mín um hækkun á fjárframlagi til afnotasíma verður samþ., sem ég vona að verði, þá verði sérstaklega gætt hagsmuna þeirra sýslufélaga, sem skemmst eru á veg komin með afnotasíma. Treysti ég hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir, og sömuleiðis hv. póst- og símamálastjóra að gæta allrar sanngirni í þessum efnum. Þá má benda á það, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1953 er gert ráð fyrir sömu upphæð til afnotasíma í sveitum og veitt var á yfirstandandi ári. Öll sanngirni mælir með því, að þessi upphæð verði hækkuð verulega, og treysti ég á fylgi hv. þm. til þess að það megi takast.

Þá er önnur brtt. mín, rómv. III á þskj. 323, við 14. gr. A. II, nýr liður, til endurbyggingar Búðakirkju á Snæfellsnesi 30 þús. kr. Ég hafði beint óskum mínum til hv. fjvn. um fjárframlag á fjárlögum 1953 í þessu skyni. Enn sem komið er hefur hv. fjvn. ekki séð sér fært að verða við áskorun minni. Ég skrifaði hv. fjvn. bréf og sagði í því m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Búðakirkja á Snæfellsnesi var eign ríkissjóðs, en á árinu 1948 var hún afhent söfnuðinum ásamt fjárhæð, 22500 kr. Var kirkjan þá með öllu ónothæf til messugerðar. Réðst hinn fámenni söfnuður, sem telur aðeins 46 gjaldendur, í að endurbyggja kirkjuna. Því verki var lokið að mestu á s. l. ári, og var kirkjan vígð af biskupi landsins sumarið 1951. Endurbyggingin á kirkjunni ásamt því, sem enn er óhjákvæmilegt að gera henni til góða, er áætlað að muni kosta 80—90 þús. kr. Í sjálfu sér hefði verið eðlilegt, þar sem ríkið óskaði að koma kirkjunni yfir á söfnuðinn, að nægileg fjárhæð hefði fylgt henni, svo að hægt væri að nota kirkjuna til messugerðar. Er það varla sæmandi ríkissjóði að hafa þennan hátt á í samskiptum sínum við fámennan söfnuð og efnalitinn. Eru það því vinsamleg tilmæli mín til hv. fjvn., að hún mæli með fjárveitingu til kirkjubyggingar á Búðum, 30 þús. kr., á fjárlögum ársins 1953."

Eins og ég tók fram áðan, hefur hv. fjvn. ekki enn séð sér fært að verða við þessum tilmælum, en með því að ég tel ekki enn vonlaust, að það náist samningar um það, vil ég leyfa mér að taka aftur til 3. umr. báðar þessar brtt. mínar, í þeirri von, að þær fái þá góða afgreiðslu þingsins.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd, sem ég þarf að gera hér, áður en umr. lýkur.

Mér hefur láðst að taka það fram, að á þskj. 282, í 15. till. frá meiri hl. fjvn., tölulið 3, stendur „Stóra-Langá" í staðinn fyrir „Stóra-Langadalsá". Og í 17. till., tölul. 22, stendur „Hafnir í Höfnum" í staðinn fyrir „Hafnir". Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti geti fallizt á, að þetta sé lagað í prentun, svo að ekki þurfi að bera fram brtt. við frv. af þeim ástæðum.

Úr því að ég stóð hér upp, skal ég aðeins minnast örfáum orðum á þau atriði, sem hv. þm. Snæf. ræddi hér um áðan. Mér er fullkomlega ljóst, að það er mjög mikil þörf á að hækka framlag til sveitasíma, alveg eins og mér er líka ljóst, að það er mjög mikil þörf á að hækka til ýmissa annarra verklegra framkvæmda. En það hefur á undanförnum árum verið tekinn upp sá háttur, að ýmis sveitarfélög hafa lánað fé til að koma þessu í framkvæmd. Og það hefur nú komið fram, að vextir og afborganir af þessum lánum eru teknir af því fé, sem varið er til framkvæmdanna á ári hverju. Það hefur þá einnig íþyngt áframhaldandi framkvæmdum, þannig að fé til raunverulegra framkvæmda hefur orðið minna en vænta mátti. Á þessu stigi málsins hefur fjvn. ekki séð sér fært að leggja til að hækka þennan lið, og þá jafnvel líka með tilliti til þess, að það, sem símanum væri langmestur hagur af að framkvæma, væri að fjölga símum í kaupstöðum landsins, vegna þess að það mundi gefa honum miklu betri fjárhagslega afkomu. En það hefur ekki þótt tiltækilegt að leggja í meiri fjárfestingu á hverju ári heldur en það, sem síminn hefur gefið í arð, og það, sem á hverjum tíma hefur þótt gerlegt að bæta við þær upphæðir. Skiptingu á fénu til hinna ýmsu héraða hefur fjvn. ekki haft nein afskipti af, og þarf ég því ekki að svara til fyrir það.

Út af hinu atriðinu, erindi í sambandi við styrk til Búðakirkju á Snæfellsnesi, vil ég upplýsa það, að engin af þeim erindum, sem komu til n. í sambandi við styrk til kirkna, hafa verið samþ. af n. sjálfri. Því hefur öllu saman verið hafnað, og er það m. a. af því, að þetta mál er svo umfangsmikið, að það er engin leið að leysa það á þann hátt, sem óskað er eftir hér á hverju ári, með smáum upphæðum fyrir hverja kirkju. Ég get upplýst það, að ég hef átt samtal um þetta við biskup Íslands, og mér skilst, að hann sé að undirbúa heildarlöggjöf í sambandi við þessi mál. Það er sýnilegt, að þessum málum verður ekki komið í viðunandi horf, nema því aðeins að takast mætti að finna ákveðinn tekjustofn, sem treysta má, líkt og til félagsheimilanna, ef á að byggja upp allar kirkjur landsins, og þess er sannarlega mikil þörf. Þjóðin hefur hins vegar fyrst kosið að koma upp félagsheimilum og danshúsum umhverfis allt land, þar sem fólk gæti skemmt sér, — látið kirkjurnar bíða. Er þess að vænta, að þegar biskup hefur gengið frá sínum till., verði þær lagðar fyrir Alþingi. Ég býst þó ekki við, að það verði á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 28. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 315,1 felld með 24:12 atkv.
— 315,2 felld með 29:14 atkv.
— 282,1—4 samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 323,I tekin aftur.
— 282,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 315,3 felld með 27:12 atkv.
— 282,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 282,7—8 samþ. með 32:4 atkv.
— 315,4—6 felldar með 32:9 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 315,7 felld með 32:9 atkv.
— 282,9 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 282,10—11 samþ. með 29 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 29:1 atkv.
Brtt. 315,8 felld með 25:11 atkv.
— 282,12 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 314,I.1 felld með 27:15 atkv.
— 323,II felld með 28:14 atkv.
— 320,I felld með 28:11 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 282,13 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 282,14 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 282,15.1—12 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 314,I.2 felld með 25:11 atkv.
— 282,15.13—22 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 308,3 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 282,16 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 320,II tekin aftur.
— 308,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 282,17.1—3 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 282,17.4—16 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 308,6 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 282,17.17—23 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 314,II tekin aftur.
— 282,17.24—39 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 327,I felld með 30:13 atkv.
— 282,17.40—55 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 282,18.a samþ. með 24:12 atkv.
— 282,18.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 314,III tekin aftur.
— 308,7—8 samþ. með 28 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 323,III tekin aftur.
— 320,III tekin aftur.
— 314,IV felld með 31:14 atkv.
— 314,V samþ. með 30:7 atkv.
— 282,19—20 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 320,IV tekin aftur.
— 320,V tekin aftur.
— 328,I felld með 26:14 atkv.
— 327,II felld með 25:14 atkv.
— 320,VI tekin aftur.
— 327,II.varatill. tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 282,21 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,9 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 282,22 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 308,10—11 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 323,IV samþ. með 24:18 atkv.
— 314,VI samþ. með 24:9 atkv.
— 282,23 samþ. með 25:7 atkv.
— 308,12 samþ. með 27:5 atkv.
— 282,24 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 314,VII tekin aftur.
— 282,25—29 samþ. með 34:1 atkv.
— 308,13—14 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 327,III felld með 30:14 atkv.
— 308,15 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 314,VIII tekin aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 282,30—32 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,16 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 315,9 felld með 36:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GÞG, HV, HG, JÁ.
nei: KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, JPálm.
1 þm. (AE) fjarstaddur.
Brtt. 315,10 felld með 36:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HG, JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GÞG.
nei: HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, JPálm.
1 þm. (AE) fjarstaddur.
16. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 314,IX tekin aftur.
— 282,33 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,17 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,18 samþ. með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JG, JR, KK, KS, LJóh, MJ, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, StJSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÓ, EirÞ, EmJ, EystJ, GG, GJ, HÁ.
nei: HV, HG, HermJ, JóhH, JJós, JS, JÁ, LJós, ÓTh, SB, SG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BBen, BrB, EOl, FRV, GTh, GÞG.
JörB, RÞ, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (AE, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 320,VII.1 felld með 26:13 atkv.
— 328,II felld með 26:14 atkv.
— 308,19 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 320,VII.2 felld með 26:12 atkv.
— 308,20 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 315,11—12 felldar með 33:8 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 314,X tekin aftur.
— 314,XI tekin aftur.
20. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 314,XII tekin aftur.
— 320,VIII tekin aftur.
— 328,III tekin aftur.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi gefa þær upplýsingar, sem ef til vill gætu valdið því, að þessi till. þyrfti ekki að koma til atkv. Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og fjmrh., að þetta lán, sem hefur verið veitt Iðnaðarbankanum og greiðist smám saman á móts við annað innborgað hlutafé, verði vaxtalaust. Þess vegna er þessi till. ekki nauðsynleg.

Brtt. 320,IX tekin aftur.
— 320,X tekin aftur.
— 314,XIII tekin aftur.
22. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (almennrar umr., útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þessi umr. í kvöld, sem er almenn umr., fer fram með þeim hætti, að hver þingfl. hefur til umráða 50 mínútur, en hefur heimild til að skipta þeim tíma milli fleiri ræðumanna, eftir því sem flokkunum þykir við eiga. Röð flokkanna í kvöld er þannig, að fyrst er Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl., þá Alþfl., í þriðja lagi Framsfl. og síðast Sjálfstfl.

Nú hefst umr. og tekur til máls fyrri fulltrúi Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl., hv. 5. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hinn 30. nóv. s. l. birtist feitletruð þrídálka fyrirsögn á 12. síðu Morgunbl., svo hljóðandi: „Alvarlegar söluhorfur íslenzkra afurða. Ísfiskmarkaðurinn að lokast og ⅔ hlutar hraðfrysta fisksins óseldir.“ — Nokkrum dögum áður hafði sama blað sagt það lygi, þegar sósíalistar höfðu bent á þessa staðreynd sem dæmi þess, hvernig markaðsmálum okkar er komið vegna stjórnar undanfarinna ára. Nú þótti enn þá meiri nauðsyn til að viðurkenna sannleikann, því að þá þurfti að sannfæra þjóðina um, að atvinnuvegirnir gætu ekki borið kauphækkanir. Viðtæk verkföll höfðu verið boðuð næsta dag.

Fjárlfrv. var til 1. umr. snemma í október. Fjmrh. flutti framsöguræðu. Tíminn birti hana undir fimm dálka fyrirsögn, svo hljóðandi: „Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur í 3 ár án skatta- og tollahækkana.“ Niðurlag ræðunnar var á þessa leið: „Aðalúrræðin til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi verða að vera meiri afköst, meiri vinna, meiri framleiðsla og þar með meiri þjóðartekjur.“ — Fögur er kenningin, ekki vantar það. En til er stofnun ein í þjóðfélaginu, sem á að gegna því hlutverki að tryggja hverjum manni möguleika til að beita orku sinni að meiri afköstum, meiri framleiðslu og sköpun meiri þjóðartekna. Þessi stofnun heitir ríkisstj. og hefur sér til stuðnings meiri hl. Alþ. Undir aðgerðum þessara aðila er það fyrst og fremst komið, hvort framleiðslugeta einstaklinga er notuð til þessa eða liggur ónotuð sem dæmi þeirrar mestu eyðslusóunar, sem átt getur sér stað í nokkru þjóðfélagi.

Eitt er það, sem veruleg áhrif hefur á möguleika hverrar ríkisstj. til að reka þjóðarbúið vel, þ. e., hve mikið fjármagn hún hefur til umráða í erlendum gjaldeyri. Sé hann mjög lítill, verða allar aðstæður hennar erfiðari. Í hagtíðindahefti s. l. októbermánaðar birti Hagstofa Íslands yfirlit um gjaldeyristekjur og gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar s. l. 2 ár. Er þar upplýst, að s. l. ár, 1951, höfum við haft til ráðstöfunar — auk þeirra erlendu lána, sem tekin voru — 1032 millj. kr. Þar við bætast svo erlend lán, sem tekin voru á árinu, að upphæð 89 millj. kr. Þessi lán voru tekin vegna Sogs- og Laxárvirkjunar og landbúnaðarframkvæmda. Þessar upphæðir báðar til samans nema því samtals 1121 millj. — og er þó raunar heldur meira. Þetta er langsamlega mesta eyðsla á erlendum gjaldeyri, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað á Íslandi á einu ári, þrátt fyrir það þó að fullt tillit sé tekið til þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðgildi krónunnar. Gjaldeyrisskortur hefur ekki háð rekstri þjóðarbúsins í höndum hæstv. ríkisstj. Þetta sama ár, 1951, voru hinar beinu gjaldeyristekjur, þar með talið gjafafé, en auk erlendra lána, 376 millj. hærri en næsta ár á undan, 1950. Það skortir að vísu fullt tillit til þess, að tekjur janúar- og febrúarmánaðar 1950 eru metnar á hærra gengi, en munurinn er áreiðanlega ekki minni en 300 millj., þó að tillit sé tekið til þess líka. Það hefði sannarlega ekki átt að síga á ógæfuhlið, hvorki hvað afkomu atvinnulífsins né almennings snerti, ef allt hefði verið með felldu.

Á 9 fyrstu mánuðum þessa árs höfum við flutt út vörur fyrir nærri 425 millj. Þá var óseldur mestur hlutinn af hraðfrysta fiskinum, sem er ein aðalframleiðsluvaran, eins og Morgunblaðið lýsti. Ísfisk verður að hætta að framleiða vegna lokunar brezka markaðarins. Búið að framleiða upp í mestalla samninga, sem gerðir hafa verið um saltfisksölu. Hvernig finnst ykkur þeir vera, möguleikarnir til að auka afköstin, auka framleiðsluna, auka þjóðartekjurnar? Þó veit hver maður, að framleiðslutækin og framleiðslugetan er hvergi nærri notað til fulls. Vegna síversnandi kjara almennings eru skollin yfir viðtækustu verkföll, sem enn hafa verið háð á Íslandi, en fjmrh. hælir sér af greiðsluhallalausum ríkisbúskap í 3 ár án skatta- og tollahækkana.

Hvers konar stjórn hefur verið á efnahagsmálum þjóðarinnar undanfarin ár? — Hinn 3. júlí 1948 var samningur um þátttöku Íslands í svo kallaðri efnahagssamvinnu vestrænna þjóða undirritaður af Bjarna Benediktssyni utanrrh. Samvinna þessi hefur einnig hlotið nafnið Marshallaðstoð, og munu flestir Íslendingar kannast bezt við það nafn. Okkur var sagt, að þar væri á ferðinni ein stórkostlegasta hjálparstarfsemi, sem mannkynssagan þekkir. Á 4 árum skyldi reist úr rústum atvinnu- og efnahagslíf hinna hrjáðu styrjaldarþjóða í Vestur-Evrópu og því verki lokið árið 1952. Auðvitað skyldu Íslendingar fá að vera með. Allur þingheimur borgaralegu flokkanna á Íslandi trúði þessu, og hann trúði því einnig, að í þessu væri göfugmennskan ein að verki. Bjarni Benediktsson sagði svo í þingræðu um þetta mál:

„Allir frjálshuga menn skilja, að þar (þ. e. í Bandaríkjunum) ræður skilningur á því, að at-

vinna og velsæld geti ekki ríkt í einu landi til lengdar, ef það er umkringt atvinnuleysi, fátækt og eymd. Þennan skilning á því, að ef manni sjálfum á að vegna vel, þá verði meðbræðrum hans einnig að gera það, hefur allt of lengi skort í viðskiptum þjóðanna. Þeim mun meiri ástæða er til að fagna því, þegar hann birtist á jafnáþreifanlegan hátt í framkvæmdum voldugustu þjóðar í heimi."

Einn stjórnmálaflokka tók Sósfl. eindregna afstöðu móti þátttöku Íslands í samstarfi þessu og hélt fram gagnstæðri skoðun um eðli þess. Við héldum því fram, að hér væri um vægðarlausan „business" að ræða. Allt væri kerfið við það miðað að troða amerískum vörum inn á heimamarkaði þátttökuríkjanna og hindra þróunina í þeirra eigin framleiðslu. Þannig mundu Bandaríkin gera hættu þá, sem yfir þeim vofði, að útflutningsvöru til þátttökuríkjanna, og Ísland mundi verr á vegi statt efnahagslega að áætluninni lokinni en við upphaf hennar. Form. Sósfl., Einar Olgeirsson, komst svo að orði í þingræðu um málið:

„Hæstv. viðskmrh. lauk ræðu sinni um framtíðaráætlunina með því, að allt þetta væri miðað við það að geta staðið á eigin fótum 1952. Ég er hræddur um, að raunveruleikinn verði sá, ef haldið er áfram eins og nú er byrjað, að allt sé miðað við það, að Ísland eigi að krjúpa að knjám Bandaríkjanna árið 1952 og biðja um fleiri dollara, af því að markaðir séu eyðilagðir, og muni Íslendingar þá bjóða upp á meiri fríðindi í landinu til þess að mega verða áframhaldandi viniáttu Ameríkumanna aðnjótandi."

Hvað annað en þetta var að gerast í maí 1951, þegar 43 þm. var hóað saman á klíkufund í Reykjavík til að samþ. bandaríska hersetu, sem engum manni með heilbrigða skynsemi kemur til hugar að þörf sé eða þýðingu hafi Íslandi til varnar. Svo ör hefur þróunin orðið, að þessir atburðir gerast ári fyrr en áætluninni lýkur.

Með þátttöku Íslands í þessari svo kölluðu efnahagssamvinnu var því slegið föstu, að íslenzka þjóðin skyldi að verulegu leyti hætta að vinna fyrir sér sjálf. Í samræmi við þá fyrirætlun hefur efnahagsmálum hennar verið stjórnað þessi ár, en enginn skyldi halda, að ætlazt væri til, að hún héldi lífskjörum sínum óskertum, a. m. k. ekki allur almenningur. Til dæmis er í skýrslu hins bandaríska Marshallsérfræðings um Ísland rætt um það, að meðan á viðreisninni standi muni Ísland þurfa að skerða kjör íbúa sinna allverulega.

Til þess að sýna fram á samhengið milli þessara hluta allra, verður að rekja stjórnaraðgerðir ríkisstj. og meiri hl. þings þessi ár. Rétt er einnig að bregða ljósi yfir samræmið milli þessara stjórnaraðgerða og hvatningar fjmrh. um meiri afköst, meiri framleiðslu, meiri vinnu og meiri þjóðartekjur, og enn fremur er rétt að bregða ljósi yfir fullyrðinguna um greiðsluhallalausan ríkisbúskap án skatta- og tollahækkana.

Ég vænti þess, að þeir, sem lásu Tímann á stríðsárunum og fram yfir stríð, minnist þess, hvert var aðalumræðuefni hans þá. Í hverju blaði var rætt um verðbólgu og aftur verðbólgu. Verðbólgan var talin undirrót allra meina. En eftir að Framsókn komst í ríkisstjórn aftur og einkum eftir að Marshallsamningurinn var gerður, hefur verðbólga tæplega verið nefnd á nafn í Tímanum, og bæði íhaldið og Framsókn virðast nú álíta, að verðbólga sé þjóðarinnar eina bjargráð, — að verðbólga sé undirrót allra gæða.

Atburðarásin hefur nánast verið þessi: Samkv. því ákvæði Marshallsamningsins, að Íslendingar skyldu koma á og viðhalda réttu gengi, var samþ. gengisbreyt. í marz 1950. Allur erlendur gjaldeyrir var hækkaður í verði um 75%. Þar með var þá ákveðið, að hver íslenzkur verkamaður, hver íslenzkur bóndi, hver íslenzkur iðnaðarmaður o. s. frv. skyldi þurfa þeim mun lengri tíma en áður til þess að vinna fyrir hverri einingu af erlendum nauðsynjum, sem hann þarf að kaupa. Það var ekki óeðlileg ráðstöfun, einmitt áður en mest var innflutt fyrir aðstoðarfé. Þetta var fyrsta viðreisnarráðstöfunin, og var fullyrt, að tilgangurinn væri sá einn að bjarga útflutningsframleiðslu þjóðarinnar frá hruni. Enn fremur hafði það verið stórt mál hjá báðum núverandi stjórnarfl. í kosningunum 1949, að létta þyrfti fiskábyrgðargreiðslunum af ríkissjóði. Til þess að mæta þeim hafði söluskatturinn verið lagður á og því sérstaklega yfirlýst af ríkisstj. í umr. um dýrtíðarsjóðinn 1948. Á árinu 1949 var söluskattur áætlaður 36 millj., en innheimtur 43 millj. En svo undarlega vildi til, að þótt fiskábyrgðargreiðslunum væri létt af ríkissjóði með gengisfellingunni, var söluskatturinn ekki afnuminn, heldur hækkaður um 11 millj., og árið 1950 var hann innheimtur samkv. ríkisreikningi með 54 millj.

Tæpu ári eftir gengislækkunina var bjargráð hennar á enda. Þá þurfti að taka upp nýja aðferð, og varð fyrir valinu bátagjaldeyriskerfið svo nefnda. Þá var lagður á vöruverðið nýr tollur, sem að vísu var ekki látinn koma inn á fjárl., því að ríkisstj. tók sér vald til að ákveða hann með reglugerð daginn eftir að Alþ. var sent heim. Sjálf bátagjaldeyrisupphæðin nam nærri því 60 millj. kr. á s. l. ári; þar við bætist verzlunarálagning og fleira, sem ofan á kemur, svo að áreiðanlega má fullyrða, að skatturinn, sem fólkið greiðir í hækkuðu vöruverði, nemur ekki minna en 100 millj. kr. Þessi skattlagning er gerð af ríkisstj. utan við öll lög. Og hvað gerist svo um söluskattinn, jafnframt því sem bátagjaldeyririnn er upp tekinn til þess að gegna því hlutverki, sem hann átti upphaflega að gegna, þ. e. að koma í stað fiskábyrgðargreiðslnanna, eftir að gengislækkunin hafði brugðizt öllum vonum? Var þá söluskatturinn afnuminn? Nei, hann var innheimtur með 90 millj. kr. s. l. ár, og svo öruggur er þingmeirihl. stjórnarfl. um þennan skatt, að á þessu fjárlagafrv. er hann hækkaður í áætluninni um 6 millj. frá því, sem hann var á fjárl. yfirstandandi árs.

Annálaritarar fyrri alda voru stuttorðir og gagnorðir. Þeir mundu hafa lýst þessari þróun í annálsformi eitthvað á þessa leið:

1948: Greitt vegna fiskábyrgðarl. 15 millj. kr. Innheimtur söluskattur kringum 19 millj. kr.

1949: Greitt vegna fiskábyrgðar 31 millj. kr. Innheimtur söluskattur 43 millj. kr.

1950: Fiskábyrgðargreiðslum létt af ríkissjóði

með gengislækkun. Innheimtur söluskattur 54 millj. kr. Innheimtur verðtollur 58 millj. kr., 14 millj. kr. hærri en áður. Innheimtir tollar og skattar samtals 216 millj. kr.

1951: Tekið upp bátagjaldeyriskerfi, jafngildandi 100 millj. nýjum tolli. Innheimtur söluskattur 90 millj., 36 millj. hærri en árið áður. Innheimtur verðtollur 118 millj., — 60 millj. hærri en árið 1950. Innheimtir tollar og skattar samtals 317 millj., þ. e. rúmum 100 millj. hærri en árið 1950.

Svo er reynt að telja okkur trú um, að hér sé rekinn greiðsluhallalaus ríkisbúskapur án skatta- og tollahækkana.

Þetta er beinlínis hávísindaleg aðferð við sköpun verðbólgu og til þess að ná sem mestu af tekjum almennings í þessa hít, enda er það í fullu samræmi við áætlun hins bandaríska Marshallsérfræðings um, að íslenzka þjóðin yrði að fórna verulegum hluta af sínum félagslegu fríðindum á altari þessarar efnahagssamvinnu.

Hér er þó ekki nærri því öll sagan sögð. Jafnframt því sem bátagjaldeyriskerfið var upp tekið, var fengið á annað hundrað millj. kr. framlag frá Greiðslubandalagi Evrópu til að flytja inn fyrir vörubirgðir í landið og jafnframt gera verzlunina frjálsa, eins og það er kallað. Auðvitað er það öfugmæli, því að enginn má t. d. selja vöru út úr landinu nema með sérstöku leyfi. En fyrir þetta fé hefur verið dyngt inn í landið hvers konar varningi, bæði nauðsynlegum og ónauðsynlegum, í svo ríkum mæli, að í mörgum tilfellum hefur hann bolað innlendri framleiðslu út af innlenda markaðinum og skapað stöðvun innlendra framleiðslufyrirtækja og þar með atvinnuleysi í stórum stíl.

Sem dæmi um þróunina á árinu 1951 má nefna 40 iðnaðarfyrirtæki í Reykjavík, sem höfðu 699 menn í vinnu í ársbyrjun þess árs, en 221 í lok þess. Fækkunin á þessu ári nam 478 eða meir en ⅔. Sum þessara fyrirtækja höfðu alveg hætt, önnur því sem næst. Það er þokkalegur þjóðarbúskapur, að fá erlent láns- og gjafafé til að flytja inn vörur, sem verið er að framleiða í landinu, og leggja innlendu framleiðsluna niður og gera fólkið jafnframt atvinnulaust. Og hvernig finnst ykkur þetta samrýmast hvatningarorðum fjmrh. um meiri vinnu, meiri afköst, meiri framleiðslu og meiri þjóðartekjur?

Þá er það hið svo kallaða verzlunarfrelsi og frjálsa álagningin, sem fylgdi þessum ráðstöfunum. Í því sambandi er vert að athuga dálítið sérstaklega þátt Framsfl. Hann hefur einmitt sérstaklega unnið sitt fylgi á því að þykjast vilja sem mestar umbætur á verzlunarkerfinu. Þegar Eysteinn Jónsson og Bjarni Ásgeirsson voru ráðherrar í Stefáns Jóhanns-stjórninni og Hermann Jónasson í fjárhagsráði, flutti hann þar till. um nýja tilhögun á verzlunarmálum, sem Framsókn taldi þá að einar væru allra meina bót. Svo langt gekk, að þetta var talin aðalástæðan til stjórnarslitanna 1949, sem Framsókn stóð fyrir. En svo kynlega brá við, að þegar til stjórnarsamninganna kom við íhaldið, virtist Framsókn hafa steingleymt þessum ágætu málum, enda kosningar þá nýafstaðnar. Í þess stað var gengið inn á það, sem kallað hefur verið frjáls verzlun, en í reyndinni er ekkert annað en einokun volduugustu klíknanna með aðstoð ríkisvaldsins og bankanna. Yfirstjórn viðskiptamálanna öll var falin aðalforingja heildsalanna í Reykjavík, Birni Ólafssyni. Jafnframt því var gefin frjáls álagningarheimild á verulegum hluta innflutningsins, og nú eiga framsóknarráðherrar aldrei nógu sterk orð til að dásama ágæti þessa fyrirkomulags undir stjórn Björns Ólafssonar.

Rétt er að líta á, hvernig verðlagsmyndunin fer fram undir þessu fyrirkomulagi frjálsrar verzlunar, sem svo er kallað. Síðasta skýrsla verðgæzlustjóra er góð heimild um þá hluti, og örfá dæmi úr henni tekin af handahófi nægja til að sýna ástandið í stórum dráttum.

4 vörusendingar af bómullarefni kosta samtals í innkaupi 64 þús. kr. Fragt, tollar og söluskattur á þetta magn nemur 38 þús. kr. Þá tekur verzlunarkerfið íslenzka við, og í meðferð þess bætast við 68 þús. kr. Þannig fæst 170 þús. kr. útsöluverð á vörumagni, sem kostar í innkaupi 64 þús. Þetta dæmi er tekið úr A-listavörum, þar sem bátagjaldeyrir kemur ekki til greina.

En þá er bezt að líta á dæmi úr B-lista. 4 vörusendingar, 2 af ullarefnum, ein af gaberdine og ein af gólfteppum, kosta samtals í innkaupi 230 þús. Í fragt, bátagjaldeyri og ríkisskatta bætast við 255 þús. Síðan bætir verzlunarkerfið ofan á 185 þús. kr. Þá verður 230 þús. kr. innkaupsverð að 665 þús. kr. útsöluverði.

3 sendingar af bifreiðavarahlutum kosta samtals að innkaupsverði 81 þús. Við bætast 78 þús. kr. í fragt, ríkissköttum og bátagjaldeyri. Þá tekur verzlunin við, og hún þarf 75 þús. á þetta magn, og 81 þús. kr. innkaupsverð verður 234 þús. kr. útsöluverð. Ég gæti talið tugi af slíkum dæmum sem þessum úr skýrslunni, en tíminn leyfir ekki meira.

Með þessum dæmum hef ég viljað sýna tvennt. Í fyrsta lagi, hvílík fjarstæða það er, þegar reynt er að afsaka verðbólguna hér með háu verði erlendis, og í öðru lagi hitt, hversu þungt þetta ástand hvílir bæði á afkomumöguleikum einstaklinganna og atvinnufyrirtækjunum. Í því sambandi skal ég enn fremur benda á þá kjaraskerðingu, sem aðgerðir þessar allar með afleiðingum sínum hafa skapað.

Reiknuð hefur verið út um alllangan tíma svo kölluð framfærsluvísitala. Á hún að vera mælikvarði á það, hve dýrt sé að lifa. Í janúar 1943 var þessi vísitala 310 stig. Síðan hefur hún vaxið svo samkv. upplýsingum hagstofunnar, að í október s. l. var hún 619 stig og hefur hækkað síðan. Hún hefur því fyllilega tvöfaldazt á þessum árum. Laun eru greidd eftir svo kallaðri kaupgjaldsvísitölu. Til þess að hindra það, að launagreiðslur fylgdu dýrtíðinni, hafa ýmiss konar breytingar verið gerðar á kaupgjaldsvísitölunni á þessum árum með l. frá Alþ. Fyrst var hún bundin í 300 stigum 1948, og hélzt það fram að gengislækkun. Þá var hún orðin 42 stigum á eftir framfærsluvísitölunni. Þá var hún skrifuð niður í 100, gerð að grunnkaupi. Síðan hefur hún hækkað og er nú 150 stig, og eftir því er kaup greitt. Ef aldrei hefði verið gerð tilraun til þess að falsa þessa kaupgjaldsvísitölu, hefði hún átt að vera núna 230 stig, miðað við þann útreikn-

ing, sem hún er reiknuð eftir núna, í staðinn fyrir 150. Þannig er kaupmáttur launanna fyllilega þriðjungi lægri en hann var í ársbyrjun 1947. Svo mikið eru launahækkanirnar á eftir dýrtíðinni.

Þetta dreg ég fram til þess að sýna fjarstæður þeirra blekkinga, sem sífellt er haldið fram, að kauphækkanir séu orsök verðbólgunnar, því að það getur hver meðalgreindur maður skilið, að sá þátturinn, sem er langt á eftir, getur ekki verið frumorsök hinna þáttanna, sem eru langt á undan. Ég bendi enn fremur á það, að kröfur þær, sem verkalýðsfélögin gera núna um kjarabætur, eru aðeins brot af þeirri kjararýrnun, sem orðið hefur á þessum árum samkv. þessum útreikningum. Þó er ekki þar með fullsögð sagan. Atvinnurýrnun og atvinnuleysi eykur muninn enn þá meir og dregur enn þá meir úr kaupgetunni. Fyrir bændur landsins er hin rýrnandi kaupgeta búin að hafa svo alvarlegar afleiðingar, að í stað þess, að áður var hvert kjötkíló, hver smjörpakki, hver ostur og hver mjólkurlítri rifinn út um leið og hann kom á markaðinn, er nú komin svo alvarleg sölutregða, að sumar framleiðsluvörur landbúnaðarins hlaðast upp og verða skemmdum að bráð. Pólitískir leiðtogar bændastéttarinnar eru að reyna að fela þessar staðreyndir fyrir bændunum, en tekst það heldur óhöndulega. Það virðist nú vera eitt aðaláhugamál ýmissa þessara leiðtoga að hindra aukningu mjólkurframleiðslunnar, jafnvel draga úr henni. Af of mikilli kjötframleiðslu hafa þeir þó ekki þurft að hafa áhyggjur, því að þar hafa fjárpestirnar tekið af þeim ómakið enn sem komið er. Það, sem nú er að gerast í þessum málum, er áþreifanlegasta sönnun þess, hve hagsmunir bóndans, verkamannsins, iðnaðarmannsins og sjómannsins eru samanslungnir og verða á engan hátt aðskildir.

Verkfallið, sem nú er háð, er í þágu bændanna líka sem annarra atvinnustétta, því að haldi áfram síversnandi kaupgeta þeirra vinnustétta annarra, þá er alveg útilokað, að bændastéttin geti staðið ein upp úr, og þá er þróun landbúnaðarins stöðvuð. En atvinnuvegirnir geta ekki borið kauphækkanir, veit ég að svarið verður. Og því til sönnunar er bent á markaðsástandið, sem Morgunblaðið lýsti. Það er rétt, að atvinnulífið á líka í erfiðleikum, og þar er einmitt komið að kjarna málsins. Atvinnuvegirnir eiga í erfiðleikum hjá þjóð, sem hefur undanfarin ár haft vaxandi gjaldeyrisfúlgur til ráðstöfunar með hverju ári og árlega lækkar lífskjör þess fólks, sem við atvinnuvegina starfar.

Kjarni þessa máls er sá, að í þjóðfélaginu er til annað ráð, fjármálalegt peningaráð, sem ræður ríkisvaldinu og með aðstoð þess dregur til sín arðinn af vinnu fólksins í atvinnulífinu. Oft hefur verið á það minnzt, að s. l. ár hafði Landsbankinn 28 millj. kr. í hreinan ágóða. Hver hefur greitt þann ágóða annar en atvinnuvegirnir? Eitt stærsta auðfélag Íslands, Eimskipafélagið, sem flytur mikið af vörum landsmanna, hefur grætt tugi milljóna sum árin. Þetta fyrirtæki nýtur skattfrelsis og rakar saman gróða á of háum farmgjöldum. Olíuhringarnir, sem við kaupum allar olíur og benzín af, eru voldugustu auðfélög veraldarinnar og arðræna íslenzkt atvinnulíf með aðstoð innlendra leppa sinna um marga milljónatugi árlega. Það er frægt dæmið um Olíufélagið h/f, leppfélag Standard Oil, sem nú liggur undir ákæru fyrir 2 millj. kr. fjárdrátt í sambandi við gengislækkunina. Slíkt var þó bara smáaukaþóknun. En hver greiðir slíkar aukaþóknanir og annan gróða nema atvinnulífið?

Ég sagði áðan, að þessar peningaklíkur réðu ríkisvaldinu, og ég vil nefna dæmi um áburðarverksmiðjumálið því til sönnunar, hvernig ríkisvaldið er notað til skefjalauss fjárdráttar í þeirra þágu. Upphaflega var tilgangurinn sá, að áburðarverksmiðjan yrði eign ríkisins og rekin af því. Þannig hafði málið verið samþ. við 5 umr. í Alþ. Við síðustu umr. málsins í Ed. kom núverandi viðskmrh., Björn Ólafsson, því inn í frv., að leita skyldi hlutafjárframlaga til stofnunar fyrirtækisins og er hlutafé einstaklinga næði 4 millj., skyldi ríkið bæta við 6 millj. kr. hlutafé og verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag. Þetta var samþ. og hefur verið gert. Verksmiðjan er áætluð kosta 108 millj. kr. Þar af leggja hluthafar, aðrir en ríkið, fram 4 millj. 104 millj. leggur ríkið fram, þar af 6 millj. sem hlutafé og 98 millj. á annan hátt. Það er ekki stafur um það í lögunum, að þetta málamynda hlutafélag eigi að vera eigandi verksmiðjunnar, en ráðh. lýsa því yfir hver af öðrum á Alþingi, að svo eigi það að vera. Gert er ráð fyrir, að reksturinn greiði stofnkostnaðinn. Það þýðir, að einstaklingar, sem fram hafa lagt 4 millj. kr., verða að ⅝ hlutum eigendur að fyrirtæki, sem ríkið hefur lagt 104 millj. króna til að stofnsetja. Þetta er reksturinn látinn gefa þeim jafnótt og stofnkostnaðurinn er greiddur, því að hann á að greiðast af rekstrinum. Þetta er það, sem ég kalla yfirráð og beitingu ríkisvaldsins til skefjalauss fjárdráttar í þágu peningaklíkna þeirra, sem sjúga sig fastar á efnahagslífið hvar sem færi gefst og nota til þess vald sitt yfir öllum hinum þremur borgaralegu stjórnmálaflokkum. Og bændafulltrúar utan af landi, sem í raun og veru eru heiðarlegustu menn, eru látnir rétta upp hendur til atkvgr. með þvílíku hneyksli. Svo eru það aðalröksemdir ríkisstj. og hennar flokka gegn því, að atvinnuvegirnir greiði verkafólki sínu viðunandi laun, að reksturinn geti ekki borið það.

Þá vil ég benda á samhengi þessarar þróunar, sem ég hér hef lýst, og lýsingar Morgunblaðsins á markaðsmálunum, sem fyrr er getið. Ef ein þjóð ætlar að lifa á vinnu sinni, en ekki bónbjörgum, þá verður hún að geta selt framleiðslu sína, en fyrsta skilyrði til þess, að hún geti selt framleiðsluna, er það, að hún kaupi í staðinn framleiðslu þeirra þjóða, sem hún selur til, þ. e. kaupi nauðsynjar sínar hjá þeim, en ekki öðrum. Og til þess að geta selt mikið og framleitt mikið, þá þarf hún að kaupa mikið í staðinn. En til þess að hún geti keypt mikið, er ekki nóg, að fámenn yfirstétt hafi næga kaupgetu. Þjóðin þarf að hafa næga kaupgetu öll. Næg kaupgeta alls almennings er undirstaða þess, að hægt sé að nota framleiðslutæki okkar til fulls. Hún er undirstaða þess, að við getum sýnt meiri afköst, meiri framleiðslu og skapað meiri þjóðartekjur. Annars losnum við ekki við framleiðsluna og efnahags-

lífið lendir í strand. Þegar við kaupum nauðsynjavörur okkar fyrir gjafafé, eyðileggjum við sjálfir möguleikann á að selja framleiðslu okkar, eyðileggjum möguleikann til að nota afkastagetuna og sköpum atvinnuleysi, kreppu og eymd. Þegar skattapíning sú, sem ég hef lýst, er í tilbót notuð til að rýra kaupgetuna, eru enn þá skertir möguleikar til þess að selja framleiðslu þjóðarinnar, vegna þess að mestan hluta þjóðarinnar skortir möguleika til að kaupa andvirði framleiðslunnar, þegar það er innflutt í landið. Allar búðarholur Íslands eru núna fullar af erlendum varningi, sem fluttur er inn fyrir gjafir og lánsfé og fólkið getur ekki keypt. En sjálfstæði Íslands hefur verið gert að útflutningsvöru til þess að greiða með því þetta gjafafé. Afleiðing þeirra ráðstafana er sú, að ⅔ hlutar einnar aðalframleiðsluvörunnar liggja óseldir. Hér eiga allir þrír borgaralegu flokkarnir sömu sök. Þetta er afleiðing þeirra örlagaríku ákvarðana að láta þjóðina fara að lifa á gjöfum í stað þess að vinna fyrir sér. Sú stjórn á atvinnumálum, fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, sem þá var upp tekin og fylgt hefur verið síðan, gat aldrei leitt til annars en þess ástands, sem núna ríkir.

Þannig er lokað þeim vítahring, sem dreginn hefur verið um þjóðfélagið, lokað í sjálfheldu ráðleysis ríkisstj., sem heldur að sér höndum og treystir aðeins á bandaríska dollarastraum í sambandi við hernaðaraðgerðir á Íslandi.

Nú standa yfir ein hin viðtækustu verkföll, sem hér hafa verið háð. Farið er fram á, að bættur verði aðeins lítill hluti þeirrar kjaraskerðingar, sem orðið hefur á síðustu 6 árum. Þessar kröfur eru verk Alþingis og verk þeirra ríkisstjórna, sem með völd hafa farið þessi ár. Alþingi og ríkisstj. hafa lagt þessar kröfur upp í hendur þeirra aðila, sem verkfallið heyja. Þessi verkfallsbarátta er því í raun og veru barátta við beinar afleiðingar vísvitandi stjórnarstefnu, sem leitt hefur til ófarnaðar, barátta við afleiðingar dýrtíðar, atvinnuleysis og kreppu. En jafnframt því að vera barátta gegn þessari stjórnarstefnu og þróun þeirri, sem af henni leiðir, þá er verkfallsbaráttan einnig núna barátta fyrir meiri afköstum, meiri framleiðslu og meiri þjóðartekjum.

Ég beini þeirri áskorun til ykkar, sem í þessari baráttu standið, að standa fast saman í baráttu ykkar núna. Undir úrslitum hennar getur það verið komið, hvort áfram verður haldið þeirri helstefnu, sem undanfarið hefur verið fylgt, eða takast mætti að mynda samtök, sem knúið geta stjórnmálin inn á aðrar og heillavænlegri brautir. Þessi barátta, verkfallsbaráttan, sem núna er háð, er því aðeins fyrsta skref. Til þess að vernda það, sem kann að vinnast í henni, þarf þegar að stíga annað skref. Það skref er að mynda samtök allra þeirra stétta, sem halloka hafa farið fyrir þróun, sem hingað til hefur átt sér stað í þessum efnahagsmálum, mynda samtök til að fá nýja ríkisstjórn, ríkisstjórn, sem gerbreytir um stjórnarstefnu, bæði í innanlands- og utanríkismálum, ríkisstjórn, sem snýr við hjóli efnahagsþróunarinnar, ríkisstjórn, sem þorir að heimta erlent herlið burt af íslenzkri grund, og ríkisstj., sem þorir að berjast fyrir endurheimt þess sjálfstæðis, sem gert var að útflutningsvöru fyrir Marshalldollara. Tækifærið til að stíga þetta skref kemur á næsta ári.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 5. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, lokið máli sínu. — Tekur nú til máls síðari ræðumaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósfl., hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Ástandið í þjóðfélaginu hjá okkur í dag minnir mig á, hvernig hér var umhorfs fyrir átta árum, haustið 1944. Þá sat að völdum hér nærri því eins úrræðalaus og duglaus stjórn eins og sú, sem nú situr. Hún var af alþýðu manna kölluð Coca-cola-stjórnin, í höfuðið á þeim Birni Ólafssyni og Vilhjálmi Þór, sem mótuðu efnahagspólitík hennar.

Það voru mörg verkalýðsfélög í verkfalli það haust og heimtuðu hækkað kaup. Stjórnin sá ekkert úrræði, hún sá ekkert nema hrunið fram undan. Í hennar augum voru öll sund lokuð, enginn möguleiki til kauphækkana, allir atvinnuvegir á hausnum, — og stjórnin lagði fram frv. um lögskipaða lækkun á kaupi, og Framsfl. stappaði stálinu í atvinnurekendur. Þeir skyldu bara stöðva allt atvinnulíf, frekar en láta að kröfum verkalýðsins. Þær væru bara til að eyðileggja þjóðfélagið, eins og Tíminn og Vísir sögðu. Og þá átti þjóðin um 500 millj. kr. í peningum erlendis. Þá sagði Sósfl. þjóðinni, að hún væri rík, að hún gæti veitt verkalýðnum betri lífskjör en hann hefði, að það væri ekkert böl fram undan, heldur þvert á móti bjartari og betri tímar, uppbygging afkastameira og fjölskrúðugra atvinnulífs en áður, ef aðalstéttir landsins aðeins hefðu hug og dug til þess að taka höndum saman um að leysa af hendi það hlutverk, sem beið þeirra, nýsköpun atvinnulífsins. Og þjóðin trúði Sósfl. Gæfa Íslands, samheldni og skilningur beztu krafta andstæðra stétta bjargaði okkur úr klóm eysteinskunnar, úrræðaleysisins og eymdarinnar.

Eysteinn og Björn, hæstv. núverandi viðskmrh. og fjmrh., hafa kyrjað: Fram undan er hrun. — Við sósialistar sögðum: Fram undan er blómlegasta tímabil íslenzks atvinnulífs, ef farið er að okkar ráðum og alþýðan fær að marka stefnuna með útrýmingu atvinnuleysis, hækkun kaupgjalds og útvegun nýrra atvinnutækja. — Og það varð eins og við sósialistar sögðum fyrir. Fram undan voru beztu afkomuár, sem íslenzk alþýða hefur lifað, af því að hún markaði sjálf stefnuna í þágu sinna hagsmuna á verulegum sviðum stjórnmálalífsins. Og hvar stæði Ísland í dag, ef við nytum ekki þess, sem þá var gert, ef ekki væru nýsköpunartogararnir, skýjaborgirnar eða gumsið, eins og Eysteinn kallaði það og sagðist ekki vita, hvað þjóðin ætti eiginlega við þetta að gera? Hvernig væri afkoma þjóðarinnar, ef Eysteinn og Björn, hæstv. ráðh., hefðu fengið að ráða þá og engir togarar verið keyptir til landsins eða í hæsta lagi 6 seint og síðar meir? Á skýjaborgum Sósfl. frá 1944 lifir þjóðin í dag. Það reyndist rétt, sem við sósialistar sögðum. Það reyndist skakkt, sem afturhaldsflokkarnir sögðu 1944. Mennirnir, sem aldrei hafa haft vit

á þjóðarbúskap Íslendinga og þörfum þjóðarinnar, aldrei haft vilja til að vinna fyrir íslenzka alþýðu og hagsmuni hennar, höfðu á röngu að standa. Og hvað gerðist svo 1948? Þá var gerbreytt um efnahagspólitík, Benjamínsjafnvæginu var komið á undir amerískri yfirstjórn. Björn og Eysteinn og allt heila hyskið sagði: Nú er risaáætlun í undirbúningi. Henni verður lokið 1952. Með 500 millj. kr. aðstoð erlends stórveldis verður afkomuöryggi Íslendinga tryggt, svo að við stöndum á öruggum grundvelli 1952. — Hvað sögðum við sósíalistar þá? Við sögðum, að það væri verið að selja frumburðarrétt Íslendinga til þessa lands fyrir ameríska baunadisk. Við sögðum, að það ætti í krafti ameríks gjafakorns að drepa stórhug Íslendinga. Við sögðum, að í anda ameríks auðvalds ætti að rýra lífskjör íslenzkrar alþýðu um helming á fáum árum. Við sögðum, að það ætti að selja Ísland amerísku herveldi sem drápsker.

Ég kem að deilunni um Marshallaðstoðina. 19. okt. 1948 sagði ég orðrétt: „Það er leitt að vita, að hæstv. ríkisstj. skuli í stað góðra, raunverulegra áætlana hafa hægt og bítandi undirbúið gjaldþrot á sviði verzlunarmálanna 1952.“ Og hver er reynslan? Hrunið, sem stjórnarflokkarnir hófu að undirbúa 1948 og við sögðum fyrir, er nú komið fram, á þeim tíma, sem við sögðum, og fyrir þær orsakir, sem við þá röktum, traust ríkisstj. á fiskmörkuðunum í Bretlandi og annars staðar í Vestur-Evrópu, vanrækslu hennar á hagnýtingu fiskmarkaðanna í Austur-Evrópu. Það reyndist rétt, sem við sósíalistar sögðum 1948. Það reyndist skakkt, sem afturhaldsflokkarnir sögðu 1948. Og nú situr að völdum dáðlausasta og úrræðalausasta ríkisstj., sem nokkurn tíma hefur setið að völdum á Íslandi, stjórn, sem búin er að gera landið að opinberri erlendri herstöð þvert ofan í skýlaus loforð og heit, stjórn, sem búin er að leiða yfir landið sára fátækt og sviðandi smán. Það eru sömu öflin, sem standa að þessari stjórn, og stóðu að Coca-cola-stjórninni fyrir 8 árum, en þau eru því harðvítugri í alþýðu garð sem ameríska auðvaldið er voldugra hér á Íslandi nú en það var þá. Marshallaðstoðin, Atlantshafsbandalagið og hernámið hafa magnað þennan ameríska draug, sem þá reið húsum íslenzkrar alþýðu, svo að nú læsir hann krumlum sínum um háls hvers frjálsborins Íslendings og rænir brauði hans, rænir rétti hans til lífsins og landsins.

Það er í dag verkfall gegn þessari ríkisstj., gegn helstefnu hennar, hungurstefnu hennar, víðtækasta verkfall, sem háð hefur verið á Íslandi. Og þessi ríkisstjórn svaraði eins og vant er, eins og allt kolsvart afturhald alltaf hefur svarað kröfum íslenzkrar alþýðu frá upphafi vega. Hún svaraði því, að það sé ekki hægt að borga hærra kaupgjald.

Með núverandi stjórnarstefnu er síðan 1947 búið að ræna íslenzkan verkalýð helmingnum af þeirri kaupgetu, sem hann hafði þá. Bein lækkun á raungildi tímakaupsins fyrir aðgerðir ríkisstj., gengislækkun, bátagjaldeyri og annað slíkt, er minnst 30%.

Verkalýður Íslands heimtar nú 15% grunnkaupshækkun. Það er aðeins helmingurinn af því, sem ríkisstjórnin er búin að stela af honum á undanförnum árum. Það er það minnsta af þýfinu, sem ríkisstj. ætti að geta skilað til baka, sú ríkisstj., sem þegið hefur að mála frá erlendri stjórn yfir 400 millj. kr. og notað það vald, sem sá auður gaf, til að rýra lífskjör íslenzkrar alþýðu, til að láta sverfa að þeim, sem mest vinna og minnst bera úr býtum í þessu landi.

Getur þjóðarbúið þá uppfyllt kröfur verkalýðsins þrátt fyrir barlóm og blekkingar benjamínskunnar? Ber þjóðarbúið sig? Já, það ber sig ágætlega. Það er ekkert smáræði af þjóð, sem er 150 þús. sálir, að hún skuli hafa í þjóðartekjur samkv. útreikningi hæstv. fjmrh. um 2200 millj. kr., eða um 15 þús. kr. á hvert mannsbarn, 75 þús. kr. á 5 manna fjölskyldu, ef jafnt væri skipt. Þjóðarbúið ber sig vel, af því að hér eru dugmiklar vinnandi stéttir að verki og hafa afkastamikil tæki til þess að vinna með, en það er ríkisstj., sem ræður því, hvernig tekjurnar af þjóðarbúinu skiptast. Og hvernig skiptir hún þessum tekjum? Hún skiptir þeim þannig, að engin verkamannsfjölskylda hefur þær meðaltekjur, sem hægt væri að láta Íslendinga fá. Þorri verkalýðsins í smábæjum Íslands verður að draga fram lífið á allt niður í 8—9 þús. kr. árslaunum. Og meginið af verkamönnum, þótt vinnu hafi allmikinn hluta ársins, kemst aðeins upp í 30 þús. kr. Og hvernig er svo með atvinnurekstrinn? Ber sjávarútvegurinn sig? Skiptir ríkisstj. þjóðartekjunum þannig, að hún örvi þá, sem reka fiskiskipin, til útgerðar, sem er lífsskilyrði landsmanna? Ríkisstj. segir, að sjávarútvegurinn beri sig ekki. Við skulum taka orð hennar gild. Við skulum ganga út frá, að rekstrartap á togara sé 200 þús. til 250 þús. kr. til jafnaðar, eða um 10 millj. kr. af öllum togurunum. Og við skulum ganga út frá, að á öllum vélbátaflotanum sé álíka tap, um 10 millj. kr. En hvert fer þá gróðinn af þjóðarbúinu, gróðinn af vinnu verkamannsins, fiskimannsins, bóndans, allra vinnandi stétta landsins, gróðinn af vinnu alþýðunnar og millistéttanna — og tapið á atvinnurekstrinum?

Ég skal segja ykkur, hvert ríkisstj. beindi gróðanum með fjármálastefnu sinni, með einokun sinni á verzlun og bönkum og öllu atvinnulífi landsins á síðasta ári, 1951. Olíuhringarnir útlendu og innlendu græddu um 50 millj. kr. Saltfiskhringurinn græddi ótalda milljónatugi. Landsbankinn græddi 28 millj., bankarnir allir ekki undir 40 millj. kr. Eimskip græddi að minnsta kosti 12 millj. kr. Ríkissjóður tók sjálfur 60 millj. kr. í tekjuafgang, þindar undan blóðugum nöglum almennings á Íslandi. Ríkisstj. tók án lagaheimildar 60 millj. kr. í bátagjaldeyri og greiddi um 40 millj. kr. í gróða fyrir innheimtu hans og henti síðan þessari fúlgu í erlenda einokunarhringi eins og Unilever í Bretlandi með því að selja freðfiskinn þangað á 80 sterlingspund, þegar hægt var að selja hann á 130 sterlingspund annars staðar. Og svo er máske ekki alveg úr vegi, að stærstu heildsalarnir og S. Í. S. hafi eitthvað grætt, og fráleitt er heldur ekki, að okraraaauðmagnið í Reykjavík, sem ríkisstj. hjálpaði með lánsfjárbanni sínu, hafi eitthvað grætt. Það eru áreiðanlega nokkrir milljónatugir, sem ríkismenn

Rvíkur, gæðingar og skjólstæðingar ríkisstj., hafa náð af þjóðinni og atvinnuvegunum fyrir tilstilli hæstv. ríkisstj. M. ö. o., það er ekki undir 2—3 hundruð milljóna króna gróði af starfi vinnandi stéttanna á Íslandi, af erfiðum og áhættusömum atvinnurekstri Íslendinga, en sá gróði rennur ekki til mannanna, sem vinna, og aðeins að litlu leyti til mannanna, sem reka fiskiskipin og atvinnutækin. Gróðinn rennur fyrst og fremst til afætnanna, til auðhringanna, innlendra og erlendra, til bankanna og ríkisvaldsins, allt fyrir tilstilli ríkisstj.

Alþýða Íslands heimtar nú sína réttlátu hlutdeild í þessum gífurlega gróða, sem hún skapar. Hún neitar að una því að skorta brýnustu nauðsynjar daglegs lífs, verða að neita börnum sínum um skólagöngu á æðri skóla, fara á mis við þau gæði, sem þjóðfélagið þegar getur veitt þeim. Og alþýða Íslands ber fram sínar skýlausu, réttmætu kröfur um tafarlausa kauphækkun, ekki aðeins í vitund þess, að hún eigi þessa peninga inni hjá þjóðarbúinu í hít hringavaldsins, heldur líka í vitund hins, að alþýðan treystir sér til að reka þjóðarbúskapinn betur og með meiri afrakstri en nú er gert, ef hún fengi að ráða rekstri hans. Aðeins nýsköpunartogararnir einir, svo að ekki sé talað um öll önnur atvinnutæki í landinu, geta framleitt fyrir 526 millj. kr. útflutningsverðmæti, ef þeir eru settir í framleiðslu á saltfiski og freðfiski, um 53 þús. tonn af óverkuðum og verkuðum saltfiski, um 45 þús. tonn af freðfiski. Og það er hægt að selja þetta allt og miklu meira og fá í staðinn allar þær nauðsynjar, sem íslenzk alþýða þarf til fæðis og klæða, og allar byggingarvörur, sem þjóðin þarfnast, og megnið af rekstrarvörum núverandi atvinnuvega. Það, sem stendur í veginum fyrir sölu íslenzkra afurða erlendis í dag, er næst eftir einokunarstefnu ríkisstj., sem þegar hefur verið lýst, það, að kaupgeta alþýðunnar á Íslandi er allt of lítil, það, að íslenzk alþýða fær allt of lágt kaupgjald, svo að hún getur ekki keypt alla þá matvöru, vefnaðarvöru, skóvöru og allt annað, sem við getum fengið erlendis í skiptum fyrir þau ógrynni fisks, sem íslenzk alþýða framleiðir. Of lítil kaupgeta íslenzkrar alþýðu er ekki aðeins böl alþýðuheimilanna, sem sverfur að húsmæðrum, börnum, mönnum um allt land nú sem stendur. Of lítil kaupgeta íslenzkrar alþýðu er líka þjóðarmein, sem þjóðinni allri er þörf á að sé tafarlaust upprætt. Íslenzka þjóðin er í dag ríkari en hún hefur nokkurn tíma verið. Hún er miklu ríkari en 1944, þegar hún átti 500 millj. kr. í erlendu fé, því að í dag á hún m. a. flota nýsköpunartogara, sem færir henni árlega í bú yfir 500 millj. kr., ef hann er hagnýttur réttilega. En einokunarhrammur ríkisstjórnarinnar beygir þjóðina undir skortinn, þegar hún gæti lifað öll góðu lífi.

Í dag neitar verkalýður Íslands því að una lengur við misskiptingu þjóðarteknanna, að una því lengur að þræla fyrir gróðahít einokunarhringanna og auðsöfnunarhít ríkissjóðs og banka. Alþýðan neitar því að láta lengur arðræna sig og féfletta, láta lengur blinda sig með blekkingunum um, að ekki sé hægt að skipta afrakstri þjóðarbúsins réttlátar en gert er. Þjóðin er búin að fá nóg af þessari ríkisstj., meira en nóg af kaupráni hennar, atvinnuleysi, skattaáþján og smán, logandi, svíðandi smán hernámsins, sem öll þjóðin ber kinnroða fyrir.

Öll þjóðin er í verkfalli gegn þessari ríkisstj., gegn fátæktinni, sem hún leiðir yfir fólkið, gegn óstjórninni og okrinu, sem hún leiðir yfir landið. Verkalýðssamtök Íslands þola ekki þessa hungurstjórn lengur. Meginið af öllum verkalýð Íslands er þegar í verkfalli til að mótmæla hungurpólitík hennar, til að knýja fram verulegar bætur á lífskjörum sínum, sem orðin eru óbærileg fyrir aðgerðir ríkisstj. Atvinnurekstur Íslands ber ekki þessa ríkisstj. og einokunarstefnu hennar lengur. Allir sanngjarnir atvinnurekendur segja: Við viljum gjarnan borga hærra kaup. Við vitum, að verkamenn þurfa þess, og við þurfum líka á meiri kaupgetu hjá alþýðunni að halda, svo að hún geti keypt vörur okkar, en ríkisstj. og gæðingar hennar flá okkur inn að skinninu með sköttunum í Eysteinshítina og okurvöxtum bankanna, með lánsfjárkreppunni, sem Benjamín og Björn Ólafsson fyrirskipa, með okrinu á olíunni og öðru, m. ö. o. plokka allt, sem atvinnureksturinn ætti að græða, yfir í auðhringabanka og eyðsluhítir ríkissjóðs. — Aldrei í sögu Íslands hefur nein innlend stjórn verið svo gersamlega fylgissnauð hjá þjóðinni, svo algerlega áhrifalaus á gang málanna, enginn tekur tillit til hennar, öll þjóðin hunzar hana, einu vinir hennar eru ofbeldismenn suður á Keflavíkurflugvelli. Á þeirra byssustingjum hvílir nú vald hennar á Íslandi. Og hæstv. ráðh. ætla samt til lengdar að sitja á þeim byssustingjum, og eru þeir þó valtir líka.

Alþýða Íslands, millistéttir og atvinnurekendur, sem viljið reka atvinnuvegina til gagns fyrir okkar þjóð! Það þarf meira en þetta volduga verkfall, sem sýnir samtakamátt hins vinnandi lýðs, sem sýnir, hvað er hreyfiaflið í þjóðlífinu, sem sýnir, hvar vald þjóðfélagsins er, ef á það reynir. Það þarf meira til að breyta um í þjóðmálum Íslands. Það þarf verkfall kjósendanna um allt land á stjórnarflokkana, á Framsókn og íhaldið, á þá, sem eru ábyrgir fyrir því ófremdarástandi, sem þjóðin býr við. Það þarf virkt verkfall í næstu kosningum á ríkisstj. og flokka hennar, sem feykir þeim út úr kjördæmunum, sem þeir illu heilli hafa blekkt til þessa.

Það volduga verkfall, sem nú stendur yfir, munu einhuga verkalýðssamtök leiða til sigurs. Og það, sem ekki er hægt að vinna með þessu verkfalli, þarf pólitískt einhuga alþýða að vinna í næstu kosningum í bandalagi við allar starfandi stéttir landsins, við millistéttir bæjanna, við útvegsmenn, bændur og alla þá atvinnurekendur, sem vilja vinna með alþýðunni að afkomuöryggi og velmegun í okkar landi. Sköpun slíkrar þjóðfylkingar er boðorð dagsins. Heill og framtíð Íslands er undir því komin, að slík eining náist gegn einokunarvaldinu, útlendu og innlendu, og leppstjórn þess. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, lokið máli sínu, og tekur nú til máls fyrri fulltrúi Alþfl., hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Íslenzkir hlustendur, nær og fjær. „Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.“ Og nú er bezt að líta upp og lesa ávextina af stjórnartrénu, svo fagrir og girnilegir sem þeir annars eru á að líta og svo góðir sem þeir hafa reynzt íslenzku þjóðinni. Það vantar ekki, að stjórnartréð ber mikla ávexti, greinar þess svigna undan þunganum og nema næstum við jörð. Og ekki er annað að sjá en að greinunum liggi sumum við broti. Ef þetta væru nú góðir ávextir, girnilegir til fróðleiks og góðir að éta, eins og þar stendur, þá byggði Ísland ekki í dag hnípin þjóð í vanda. En því miður er það svo. Íslenzk málefni, þau sem mestu varða, eru nú flest í fullkomið óefni komin. Það er í einni setningu ávextirnir af stjórnarstarfinu. Við vitum, hverju sáð var, og við sjáum ávextina, hvar þeir hanga á svignandi greinunum. Við nefnum sem dæmi gengislækkun, bátagjaldeyrisbrask, verzlunarokur, dýrtíðarflóð, atvinnuleysi með skort og neyð. Þetta er, hlustendur góðir, fremur ófagur ávaxtaklasi, og má fullyrða, að þessir ávextir standast á engan hátt það gæðamat, sem íslenzkri iðnframleiðslu er ætlað að standast. Þessi gróður tryggir engan veginn lífið í landinu.

Það málið, sem um þessar mundir upptekur allra hugi, er verkfallsmálið, enda mun ég verja meginhluta ræðutíma míns í kvöld til þess að skýra frá gangi þess.

Vegna þess ástands, sem stjórnarstefna núverandi ríkisstj. hefur skapað, sáu verkalýðsfélögin fram á það á s. l. sumri, að svo búið mátti ekki lengur standa. Tóku þau þá að segja upp samningum og bera saman ráð sín. Varð niðurstaðan sú, að til urðu á skömmum tíma órjúfandi samtök verkalýðsins í öllum landshlutum um samræmdar kröfur til kauphækkana og kjarabóta, því að alls staðar kreppti skórinn að á sama hátt með tilfinnanlegum afleiðingum dýrtíðar og atvinnuleysis. Kröfurnar voru fullmótaðar fyrir miðjan nóvember og þá þegar sendar atvinnurekendum og gerðar heyrinkunnar. Boðuðu mörg félög til verkfalls frá 1. desember, ef ekki næðust samningar fyrir þann tíma, en önnur hefja verkfallið smám saman á tímabilinu fram í miðjan desember. Er sýnt, að verkfall það, sem nú er hafið, verður þannig hið viðtækasta, sem nokkurn tíma hefur verið háð hér á landi.

Nokkru áður en verkalýðsfélögin fóru af stað með kröfur sínar, gerðu opinberir starfsmenn undir forustu Ólafs Björnssonar prófessors kröfur um miklar launahækkanir, þar sem svo væri komið, að laun hinna föstu starfsmanna hrykkju ekki lengur fyrir daglegum nauðsynjum. Um líkt leyti hófst mikil og almenn hreyfing meðal launamanna í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur undir handarjaðri heildsalanna og þó í ónáð þeirra fyrir kauphækkunum og kjarabótum, og er það fyrst nú fyrir fáum dögum, að Morgunblaðið skýrði frá því fagnandi, að verzlunarmenn mundu þó ekki hefja verkfall fyrir kröfum sínum.

Það þarf ekki að taka það fram, að enginn flokkslegur ágreiningur hefur verið um það innan verkalýðsfélaganna að bera þessar kröfur fram. Menn úr stjórnarflokkunum hafa verið jafnákveðnir og aðrir, því að neyðin brennur jafnt á þeirra bökum sem annarra. Það er því vonlaust verk hjá íhaldinu að reyna að koma því inn hjá fólki, að nú sé verið að misnota verkalýðshreyfinguna í flokkspólitískum tilgangi. Hér er um svo hreina stéttarlega kjarabaráttu að ræða sem verið getur, og einmitt það gerir samtökin svo sterk, að algert óvit er að reyna að brjóta þau á bak aftur. Það verður einungis þeim til ófarnaðar, sem það reynir. Það sýnir líka vel, hversu almenn sú nauðsyn er, sem knúið hefur verkalýðsfélögin út í sitt nauðvarnarstríð, að hver beiðnin á fætur annarri hefur borizt alþýðusamtökunum frá launasamtökum utan þeirra um, að þau fái að vera með í þessari baráttu. Á þennan hátt hafa t. d. iðnsveinar og trésmiðir í Reykjavík slegizt í för með verkalýðsfélögunum og gengið út í baráttuna undir merkjum þeirra. Vil ég nú stuttlega sýna og minna á, hverjar kröfurnar eru, sem alþýðusamtökin hafa borið fram á hendur atvinnurekendum.

Fyrsta krafan er sú, að allt grunnkaup í samningum hækki um 15%, þó þannig, að grunnkaup karla við almenna vinnu verði hvergi á landinu lægra en kr. 10.63 á klst. og að grunnkaup kvenna verði samræmt og hækki þannig, að bilið milli þess og grunnkaups karla minnki verulega frá því, sem nú er. Þetta þýðir, að verkalýðssamtökin beita sér nú fyrir því, að vinnan sé goldin sama verði hvar sem er á landinu, og jafnframt hitt, að kaup kvenna hækki hlutfallslega miklu meira en karlmannskaup. Í því efni er takmarkið skýrt, nefnilega það, að greidd verði sömu laun fyrir sömu vinnu án alls tillits til þess, hvort vinnan sé framkvæmd af karli eða konu.

Önnur meginkrafan er sú, að á allt grunnkaup verði greidd verðlagsuppbót mánaðarlega samkv. framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan þeim mánuði, sem kaup er greitt fyrir. Nú standa sakirnar þannig, að framfærsluvísitalan er komin upp í 163 stig, en kaupgreiðsluvísitölunni er haldið niðri í 153 stigum. Það er 10 stiga munur verkamönnum í óhag. Leiðrétting á þessu er því meira réttlætismál, þegar þess er gætt, að vísitalan sýnir hvergi nærri rétta mynd af aukningu dýrtíðarinnar. Til þess er nefnilega hyllzt af stjórnarvöldum að láta verðhækkanir, sem að mestu eru til komnar vegna stjórnarráðstafana, svo sem vegna tolla, söluskatts, bátagjaldeyris o. fl., koma á þær vörur, sem annaðhvort alls ekki eða að mjög litlu leyti eru teknar með í vísitölugrundvöllinn. Þetta sýnir berlega, að kjararýrnun sú, sem orðin er, er í rauninni miklu meiri en framfærsluvísitalan gefur til kynna. Og að því þarf ekki að eyða orðum, að stórfelldust er kjaraskerðing þess launafólks, sem að undanförnu hefur ekki fengið fulla kaupgjaldsvísitölu á kaup sitt, enda er þess nú krafizt, að allir innan samtakanna verði látnir sitja við sama borð í því efni. Svo órækar sannanir hafa samtökin lagt á borðið fyrir þeirri kjararýrnun, sem þau hafa orðið að þola, að atvinnurekendur hafa ekki treyst sér til að hnekkja þeim. Þeir viðurkenna flestir, að ekki sé lengur hægt að lifa af launum verkamannsins. Það er nálega sama, hvaða nauðsynjavara er nefnd, það kostar verkamanninn nú fleiri mínútur að vinna fyrir

henni en fyrir nokkrum árum. Þetta er kjararýrnun, svo að ekki verður um deilt. Sé borið saman hækkun kaups og hækkun vöruverðs síðan í októbermánuði 1947, verður þetta upp á teningnum: Hækkun kaupsins á þessum tíma er 58.6%, en hækkun hinna algengustu nauðsynjavara til fæðis og klæðis er þetta frá 60% allra lægst og allt upp í 533%. — Ég hef ekki heldur trú á því, að staðið verði gegn kröfunni um fulla mánaðarlega framfærsluvísitölu, enda er hún strax í rauninni annars eðlis, ef unnt yrði að gera ráðstafanir til verðlagsstöðvunar eða jafnvel verðlækkunar í sambandi við þessa kaupgjaldssamninga. En von mín er, að slíkt megi takast.

Þriðja krafan er sú, að atvinnurekendur greiði 4% á greidd vinnulaun í atvinnuleysistryggingasjóð, sem ætlunin er að stofna til. Atvinnuleysistryggingar eru nú orðnar lögfestar í mörgum nágrannalöndum og hafa fengið mikla og góða reynslu. Er það flestra manna mál, að þær séu einna sjálfsagðastar allra trygginga. Atvinnuleysið er í senn þjóðfélagsmeinsemd og slíkt þjóðfélagsböl, að einskis má láta ófreistað til að afstýra lamandi og tærandi áhrifum þess.

Þá er komið að fjórðu kröfunni, lengingu orlofsins úr 12 dögum í 18 daga. Þetta þýðir hækkun orlofsfjár um 2% eftir reglum orlofslaga. Nú má í þessu sambandi minna á, að ríkisstj. íhalds og vinstri manna í Danmörku lögfesti einmitt á s. l. ári að kröfu verkalýðssamtakanna 6½% orlof verkamanna þar í landi, og má af því marka, að ekki verður þetta með nokkru móti heimfært undir kommúnisma, þótt gengið yrði að kröfunni um 6% orlof hér.

Fimmta krafan er þess efnis, að athugaðir verði möguleikar á framkvæmd 40 stunda vinnuviku, og sú sjötta og síðasta, að bætt verði kjör iðnnemanna til mikilla muna frá því, sem nú er. Er þjóðinni þess brýn þörf, að ungir menn séu hvattir, en ekki lattir til verklegs náms, því að við Íslendingar erum því miður eftirbátar margra annarra menningarþjóða í verklegri kunnáttu og þurfum á því sviði allt of margt til annarra að sækja.

Þetta eru þá kröfurnar, sem verkalýðssamtökin hafa borið fram og eru ákveðin í að knýja fram til sigurs í einni eða annarri mynd. Á fyrsta samningafundi með atvinnurekendum neituðu þeir að ganga að kröfunum og báru við getuleysi sínu. Var málinu þá þegar vísað til aðgerða ríkissáttasemjara. Á fyrsta fundi, sem ríkissáttasemjari hafði málið til meðferðar, vék hann ræðu sinni að svofelldum niðurlagsorðum í grg. samninganefndar verkalýðsfélaganna fyrir kröfum sínum. Í grg. sagði svo:

„Að lokum viljum við taka það fram, að þótt verkalýðshreyfingin sé nú eins og oft áður til þess neydd að bera fram kröfur sínar um kauphækkanir og getur raunar ekki gert það í öðru formi við samningsaðila sína, atvinnurekendur, þá er okkur það ljóst, að æskilegra væri að öllu leyti, ef unnt væri að koma því til leiðar, að auka kaupmátt launanna með öðrum ráðstöfunum og bæta afkomuskilyrði hins vinnandi fólks með aukinni atvinnu. En hvorugt þetta er á valdi verkalýðssamtakanna. Það er á valdi Alþ. og ríkisstj. að gera þær ráðstafanir vinnandi fólki til hagsbóta að löggjafarleiðum, sem jafngilt gætu þeim kjarabótum, sem í framangreindum kröfum felast.“

Samninganefnd verkalýðsfélaganna féllst þegar á uppástungu sáttasemjara um að ræða þessa leið við fulltrúa atvinnurekenda. Kváðu þeir sig ekki eygja neina aðra leið í bili til að leysa sinn vanda en að biðja ríkisvaldið um aðstoð. Er þar skemmst af að segja, að sáttasemjari fékk heimild beggja málsaðila til að ræða það við ríkisstj., hvort hún vildi vinna að lausn deilunnar að löggjafarleiðum. Þetta mun sáttasemjari strax hafa gert, því að næsta dag var samninganefnd verkalýðsfélaganna boðuð á fund ríkisstj. til viðræðu um málið. Gerðum við þar grein fyrir skoðunum okkar á því, að ýmsar löggjafaraðgerðir mundu ef til vill geta minnkað bilið milli deiluaðila, og nefndum við sem dæmi meðal annars þetta: lækkun farmgjalda, lækkun verðtolls, niðurfellingu eða lækkun söluskatts, t. d. í því formi, að hann legðist aldrei nema einu sinni á sömu vöru, lækkun heildsöluálagningar, lækkun smásöluálagningar, lækkun húsaleigu, t. d. í endurgreiðsluformi eftir fjölskyldustærð. Vaxtalækkun nefndum við einnig til léttis atvinnulífinu, og fleira kunnum við að hafa tekið í mál. — Ef eitthvað í þessa átt kæmi frá ríkisstj. í ákveðnu formi, kváðumst við mundu með aðstoð sérfræðinga meta, að hve miklu leyti það jafngilti kröfum okkar til atvinnurekendanna.

Næsta dag barst svo fyrsta bréf ríkisstj., þar sem boðið var, að hafin skyldi sérfræðirannsókn á fjárhag ríkissjóðs og fjárhagshorfum hans, greiðslugetu atvinnuveganna og mörgu fleiru, að því tilskildu, að verkfallinu yrði frestað á meðan. Þetta heitir raunar að svara út í hött og setja óaðgengileg skilyrði. Þetta bréf var lagt fyrir fulltrúafund flestra þeirra verkalýðsfélaga, sem að deilunni standa, og var þar synjað um frestun verkfallsins.

Eftir nokkra daga leitaði ríkisstj. enn eftir frestun verkfallsins, og þótti þá enn síður vera tiltækilegt að slá framkvæmd verkfallsins á frest, þegar það var komið í algleyming. En þetta virðist hæstv. ríkisstj. hafa gengið erfiðlega að skilja, og mun hún hafa lagt það út sem fjandskap verkalýðsfélaganna við sig, en slíkt er á misskilningi byggt.

Þegar svo samninganefndin harmaði það í bréfi, að ríkisstj. hefði sýnt það fyrirhyggjuleysi að hafa engan viðbúnað í nóvembermánuði til að afstýra þeirri alvarlegu deilu, sem allir sáu þá fyrir að byrja mundi í desembermánuði, þá vitnaði ríkisstj. í bréf Alþýðusambands Íslands til verkalýðsfélaganna, dags. 25. ágúst í sumar. Telur hún sig löglega afsakaða um aðgerðaleysið í nóvembermánuði, fyrst ekkert finnist í ágústbréfi sambandsins um verkfall. Þetta er meiri fáfræði í verkfallsmálum en ríkisstj. Íslands má gera sig seka um. Í því efni þarf hún líka eitthvað að kunna. Alþýðusamband Íslands tekur aldrei ákvarðanir um verkföll. Það eru verkalýðsfélögin sjálf. Og það vissu allir í nóvembermánuði, nema þá ríkisstj. ein, að félögin ætluðu mörg að fylgja kröfum sínum eftir með verkfalli frá og með 1. des.

Ríkisstj. hefur því ekki fylgzt með aðdraganda málsins sem skyldi, og af þeim sökum hefur hún reynzt svo óviðbúin sem raun ber vitni. Um þetta er ekki til nokkurs hlutar að reyna að slá ryki í augu almennings. En viðbúin hefði hún vissulega mátt vera frá því í ágústmánuði, er henni var kunnugt um uppsagnir samninga við atvinnurekendur. Það var teiknið, sem boðaði storm.

Að ósk sáttasemjarans voru þann 29. nóv. kosnar undirnefndir, bæði af hendi verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, til þess að vinna áfram að lausn deilunnar. Þessar nefndir báðu sáttasemjara að koma á framfæri við Hagstofu Íslands og ýmsar aðrar tilteknar stofnanir ýmsum spurningum, sem m. a. hnigu í þessa átt:

1) Hvaða þýðingu mundi það hafa fyrir vöruverð í landinu, ef ekkert væri lagt á bátagjaldeyrisálagið nema útlagður kostnaður?

2) Hvaða áhrif hefði það á vöruverð, ef heildsöluálagning væri aldrei hærri en 10% og smásöluálagning aldrei hærri en 30%?

Þessum spurningum var síðan vikið þannig við, að beðið var um athugun á, hvaða áhrif það hefði á vöruverð til lækkunar, ef ákveðin yrði nú sama álagning í heildsölu og smásölu og gilti, þegar verðið var seinast háð verðlagsákvæðum.

Í þriðja lagi var spurt um söluskattinn og beðið að athuga, hvað hann mundi lækka mikið, ef hann yrði aðeins lagður á vörur í heildsölu og smásölu, þ. e. a. s. tvisvar sinnum. Einnig skyldi athuga, hvaða lækkun fengist á honum, ef hann yrði aldrei lagður á vöru eða þjónustu nema einu sinni.

Þá var í fjórða lagi spurt um það, hvaða áhrif það mundi hafa, ef útlánsvextir yrðu lækkaðir um 1—2%.

Tvær spurningar voru bornar fram um verðlag landbúnaðarafurða. Fyrri spurningin var þessi: Hvaða áhrif mundi það hafa á verðlagið, ef meðalbúið væri áætlað ca. 15% stærra en nú er gert, — og í öðru lagi, ef dreifingarkostnaður landbúnaðarvara færi ekki fram úr 25% af verðinu til framleiðenda?

Um margt fleira var spurt, er allt hné í þá átt að geta myndað sér skoðun um, að hve miklu leyti kynni að reynast fært að minnka bilið milli deiluaðila með löggjafaraðgerðum til verðlækkunar. Að þessu hefur sem sé verið starfað undanfarna daga, og er ég sannfærður um, að þetta er leiðin, sem þjóðin vill að farin sé og reynd til þrautar.

Það er uppörvandi og ánægjulegt að heyra það í útvarpi og blöðum þessa dagana, að einmitt þann 1. des. létti norska stjórnin öllum tolli af kaffi og sykri í Noregi. Og seinustu dagana hafa verið gerðar þar ráðstafanir til verðlækkunar á 20—30 helztu lífsnauðsynjum norskrar alþýðu. Hefur norska útvarpið einmitt skýrt frá því, að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar til að lækka dýrtíðina og auka kaupgetu almennings, svo að honum endist betur tekjurnar til kaupa á nauðsynjum og komizt verði hjá kauphækkunum.

Hér hefur nú verið frá því skýrt, hvað gerzt hefur í verkfallsmálunum síðan 1. des. Og í dag standa málin þannig, að engin svör hafa fengizt frá ríkisstj. um það, hvort hún vilji hjálpa atvinnurekendum, sem hún hefur þó mergsogið svo með stjórnaraðgerðum, að þeir þykjast nú einskis megnugir til þess að koma til móts við kröfur verkalýðssamtakanna. Þeir þykjast í raun og veru vera þess ómegnugir að greiða það kaup, sem geri verkafólki mögulegt að draga fram lífið.

Vera má, að það komi í ljós á næstu dögum, að ríkisstj. viðurkenni nauðsyn verkafólksins á kjarabótum, og er þá vel. En það er líka hugsanlegt, að því verði haldið fram í þessum umræðum, að ríkissjóður sé þess ekki megnugur að leggja fram fé til lausnar deilunni. En ef slík fullyrðing yrði borin hér fram, þá vil ég mótmæla henni þegar í stað. Tekjuáætlun fjárlaga er enn sem fyrr fullum 20 millj. kr. of lág, þrátt fyrir ca. 9 millj. kr. hækkun meiri hl. fjvn. Fella má og niður risnu allra nema forseta Íslands, forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Bifreiðakostnað allan hjá starfsmönnum ríkis og ríkisstofnana má og á að fella niður, og aukavinnu alla hjá ríki og ríkisstofnunum á að fella niður og taka alveg fyrir, en það segir meiri hl. fjvn. að nemi um 8 millj. Hygg ég, að með þessu öllu samanlögðu mætti spara um það bil 10 millj. kr. útgjöld. Með auknu aðhaldi og fastari stjórn mætti fækka starfsfólki hjá ríki og ríkisstofnunum, svo að við það spöruðust, eftir því sem ég hef komizt næst, að minnsta kosti 2 millj. króna. Það er aðeins um 50 manns, sem þyrfti að fækka um, með um 40 þús. kr. árslaun, og er þar vægt og varlega í sakirnar farið. Nægilegt er að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum í stað þriggja og eitt sendiráð á meginlandi Evrópu í stað tveggja, sem ákveðið er að hafa þar á næsta ári og framvegis. Við þetta sparast veruleg upphæð. Þá má og skera burt fjölda gjaldaliða, smárra og stórra, um allt fjárlagafrv., sem enginn mundi sakna, og spara með því a. m. k. um 5 millj. kr. upphæð. — Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir er nú orðinn 17 millj. kr. á ári. Þetta eru ekki í eðli sínu rekstrargjöld eins árs, og mætti vel dreifa því á 10—15 ár með lántöku eða með greiðslu í ríkisskuldabréfum að einhverju verulegu leyti. Þannig mætti fá 16—17 millj. kr. — Á frv. er liður, sem heitir kostnaður við ráðstafanir vegna ófriðarhættu, að upphæð 1 millj. kr. Þá milljón má nú spara, sem betur fer. Þetta gerir samtals 56 millj. kr., og er ég þó þeirrar skoðunar, og hef látið það í ljós áður, að 18. gr. fjárl. megi alveg hverfa úr fjárlögum í þeirri mynd, sem hún er, en hún er nú komin upp í 12 millj. kr. Væru þá þarna til umráða um það bil 68 millj. kr., fengnar með réttri tekjuáætlun fjárl. og með niðurskurði á gjaldabálki. Þeirri upphæð, eða hluta hennar eftir þörfum, mætti verja til lausnar vinnudeilunni með hverri þeirri aðferð, sem hagfelldust þætti.

Vinnudeilan og lausn hennar er óefað stærsta mál þjóðarinnar í dag. Hún er engin tilbúin og tilfundin stjórnmálaherferð á hendur ríkisvaldinu. Hún er ómótstæðileg þjóðhreyfing fólksins, sem framleiðslustörfin vinnur. Hún er undirbúin, hafin og háð af fólkinu sjálfu, sem ber nú fram lágmarkskröfur sínar um kaup og

kjör, af því einu, að fólkið sér sér ekki fært að draga fram lífið og vill ekki una því að búa við óbreytt kjör, þegar aðrir hafa tækifæri til óheftrar auðsöfnunar. Og ég segi: Vei þeirri ríkisstj., sem synjar vinnandi stéttum um réttinn til sómasamlegs lífs eða lætur sem þau mál séu sér óviðkomandi.

Dráttur á lausn deilunnar kostar þjóðina of fjár í glötuðum verðmætum. En fátt er þó svo með öllu illt, að ekki fylgi nokkuð gott, því að drátturinn gerir annað. Hann þrýstir sundruðum kröftum alþýðunnar saman í einn farveg, sem rífur allar hindranir úr vegi, þegar mótspyrnu er mætt. Sigurinn er öruggur að mínu áliti í þessu réttlætisstríði öreigans gegn okrinu, hvað svo sem ríkisstj. gerir eða lætur vera að gera. Enn þá hefur hæstv. ríkisstj. ekkert gert í þessu máli annað en það að veita samningamönnum verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda eitt viðtal og láta vera að banna Hagstofu Íslands og nokkrum öðrum stofnunum að vinna að athugunum og útreikningum fyrir samninganefndirnar. Þetta er sannleikurinn í málinu. En þetta þykir mér og mörgum öðrum fulllítið á sig lagt af ríkisstj., þegar atvinnulífið á í hlut og hefur verið stöðvað í 6 daga.

Kröfum verkalýðsfélaganna varð að stefna til atvinnurekendanna. En sé það rétt, að þeir séu þess ekki megnugir að greiða það kaup við framleiðslustörfin, sem lífvænlegt geti talizt, þá hlýtur það að vera stjórnarfarið í landinu, sem veldur því getuleysi fyrst og fremst. Þess vegna liggur málið ljóst fyrir. Ríkisstj. verður þegar í stað að koma atvinnurekendum til hjálpar, að svo miklu leyti sem þá kann að skorta getu til þess að fullnægja lágmarkskröfum verkalýðssamtakanna. Og þessa hjálp á ríkisstj. að leggja fram fljótt, því að nú er dýr hver dagurinn. En að því er verkalýðssamtökin snertir, þá er sú hjálpin bezt þegin, sem virkust reynist til stöðvunar eða lækkunar á dýrtíðinni eða kemur að mestu gagni til aukinnar atvinnu.

Ef það hefur hvarflað að hæstv. ríkisstj. að afgr. fjárl. nú, áður en deilan er leyst, þá tel ég það mjög miður farið. Og ef hún skyldi hafa látið sér detta það í hug að senda þingið heim að verkfallinu óleystu, þá teldi ég það hið mesta glapræði og jafnvel ábyrgðarleysi. Ég segi nú, eins og ég sagði við 2. umr. fjárl., að það verður að endurskoða alla afgreiðslu fjárlfrv. með það fyrir augum að nema burt úr því öll þau útgjöld, sem ekki geta talizt lífsnauðsyn fyrir fátækt þjóðfélag. Jafnframt þessu á að lækka tolla og skatta. Með löggjafarvaldi verður að lækka vexti og farmgjöld, svo og — og ekki sízt — álagningu bæði heildsala og smásala og hafa með því strangt eftirlit, að þeim lagaákvæðum sé framfylgt. Þetta tel ég vera leiðina til bættrar afkomu atvinnuveganna og til aukinnar atvinnu. Þetta tel ég leiðina til aukinnar kaupgetu og örari viðskipta. Þetta er leiðin til lækkaðrar dýrtíðar og þar með lækkaðs rekstrarkostnaðar ríkisbáknsins og allrar starfrækslu í landinu. Þetta er vissulega leiðin til betra lífs á Íslandi. Og það verður ekki talin sök verkalýðsfélaganna, ef við berum ekki gæfu til að fara þessa leið í þetta sinn.

Ég kemst ekki hjá því að víkja nokkrum orðum að þeim vandamálum, sem skapazt hafa við veru hins erlenda setuliðs, sem nú dvelur hér í landinu. Ég var andvígur því á sínum tíma, að Íslendingar gengju í Atlantshafsbandalagið, og taldi, að Ísland ætti í lengstu lög að halda sér utan við öll hernaðarsamtök stórvelda. Meiri hl. Alþ. var, sem kunnugt er, á annarri skoðun og taldi, að öryggi landsins væri í hættu, ef við gengjum ekki í bandalagið.

Þegar setuliðið settist hér að fyrir hálfu öðru ári, var það auðvitað bein afleiðing af þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Um þær mundir var útlitið í alþjóðamálum mjög uggvænlegt. Kóreustríðið hafði brotizt út, og enginn vissi nema sá neisti gæti orðið til þess að kveikja alheimsbál, þegar minnst varði. Af þessum sökum féllst ég á það sem illa nauðsyn, að fámennt erlent setulið settist hér að um stuttan tíma, meðan séð væri, hvað yrði úr þeim átökum milli voldugra aðila, sem þá voru hafin.

Síðan er mikið vatn runnið til sjávar. Kóreustyrjöldin hefur, sem betur fer, ekki breiðzt út til annarra landa, svo að okkur geti stafað hætta af. Það standa því nú vonir til þess, að ástandið í heimsmálunum geti breytzt svo innan ekki langs tíma, að Íslendingar geti endurskoðað afstöðu sína til erlends setuliðs í landinu. En í því efni verðum við óefað að taka ákvarðanir okkar með fullri hliðsjón af aðgerðum nánustu nágranna- og vinaþjóða okkar. Við erum í þessu efni hlekkur í keðju, sem hvergi má bresta. Hlýtur það að vera ósk allra góðra Íslendinga, að erlent herlið hverfi héðan svo fljótt sem mögulegt er. Sama er og afstaða allra þjóða, sem orðið hafa að veita erlendu herliði móttöku, og allar slíkar þjóðir hljóta að líta á veru erlends herliðs í löndum sínum sem neyðarástand og byrði, sem aðeins verði þoluð sem öryggisráðstöfun á hættutímum. Við eigum í þessu efni samleið með öðrum þjóðum og munum haga aðgerðum okkar með tilliti til þess, sem þær telja sér fært að gera. Því miður hefur ríkisstj. ekki reynzt röggsöm í þessum málum fremur en öðrum, og verður að krefjast þess, að skýrar reglur séu settar og þeim haldið í heiðri, á meðan við verðum að sætta okkur við þetta leiða tvíbýli í landinu. Stjórnarvöldin verða að sjá svo um, að hvor búi að sínu, herinn og Íslendingar, og að þess sé vel gætt, að þjóðerni okkar og menning eru í hættu, jafnvel í voða stödd, ef við gætum þessa ekki vel.

Íslendingar vilja áreiðanlega eiga góða og friðsamlega sambúð við allar þjóðir, og það er þeirra æðsta ósk að fá að vera óáreittir í landi sínu. En það mun enginn lá Íslendingum, að þeir vilji ekki fórna menningu sinni og sjálfstæði og þannig ekki þola, að Ísland verði hernaðarstöð um aldur og ævi. En með menningu vorri og sjálfstæði yrði það vissulega goldið, ef svo færi. Þetta tel ég ástæðu til að segja hér, svo að enginn þurfi að vera í vafa um afstöðu mína í þessu máli.

Ríkisstj. byrjaði feril sinn með gengislækkuninni fyrir hálfu þriðja ári. Menn muna eftir hinum fögru loforðum um hliðarráðstafanir, sem áttu að gera þessa ráðstöfun léttari öllum al-

menningi. Loforðin voru gefin, en algerlega svikin. Menn muna eftir því, að sérfræðingar stjórnarinnar fullvissuðu þjóðina um, að framfærsluvísitalan mundi hækka um ein 11 — ég endurtek 11 — stig. En nú er hún komin upp í sex sinnum 11 stig, eða því sem næst. Menn muna fullyrðingarnar um það, að gengislækkunin mundi verða allra meina bót fyrir þjóðina, koma atvinnuvegunum á réttan kjöl og gera hana efnahagslega sjálfstæða. Gengislækkunin á sinn hlut í því, að viðskiptajöfnuðurinn er nú óhagstæðari en nokkru sinni. Menn muna einnig þau aðvörunarorð Alþfl.-manna, að þessi gengislækkun mundi aðeins leiða til annarrar gengislækkunar og svo koll af kolli. Og nú er svo komið, að sumir þeir menn, sem ákafastir voru á sínum tíma í að verja gengislækkunina, eru farnir að tala mjög um yfirvofandi lækkun krónunnar enn á ný.

Og þá kem ég að því hneykslinu, sem er enn verra undir stjórn hæstv. ríkisstj., en það er bátagjaldeyririnn svo kallaði. Nú er það að vísu ekki nýtt og ekki óeðlilegt í sjálfu sér, að innflutningsgjöld á ónauðsynlegum vörutegundum séu stundum notuð til þess að styrkja aðalatvinnuveg þjóðar. En með bátagjaldeyrinum hefur ríkisstj. tekizt að koma þessum málum svo fyrir, að fyrir hverja krónu, sem bátarnir fá, rennur önnur króna í vasa heildsalanna, sem vörurnar flytja inn. Það er eitt út af fyrir sig að taka fé af landsfólkinu til þess að halda atvinnutækjum þess gangandi, en hitt er annað og verra að leyfa heildsölum að tvöfalda þennan skatt og taka helminginn í sinn vasa. Slíka verzlunarhætti geta landsmenn með engu móti sætt sig við.

Þm. Alþfl. hafa nú lagt fram frv. á Alþ. um endurskipulagningu þessara mála, þar sem bent er á ráð til þess að skera meinsemdina úr bátagjaldeyrisskipulaginu og fyrirbyggja með öllu það brask, sem því hefur verið samfara. Í þessu frv. er ákvæði um nýja skipun markaðsleitar fyrir afurðir bátaflotans, og þar er það fyrirbyggt, að frystihúsin fái bróðurpart hugsanlegrar aðstoðar, en sjálfir bátarnir látið sem ekkert. Hefur Alþfl. með þessu frv. sínu á fyllilega ábyrgan og framkvæmanlegan hátt sýnt fram á leiðir til úrbóta í þessum efnum, sem jafnframt mundu fyrirbyggja hið hneykslanlega brask með bátagjaldeyrisvörurnar. Ég þarf ekki að taka það fram, að kommúnistar hafa ekki, frekar en fyrri daginn, sýnt ábyrga umhugsun eða andstöðu í þessum efnum og hafa þar ekkert nema lýðskrum fram að færa, enda ekki þess að vænta úr þeirri áttinni.

Ég hef nú rætt um nokkur einstök atriði í syndaregistri hæstv. ríkisstj., en hvergi nærri tæmt þann bikar.

Ég vil þá snúa mér næst að iðnverkafólkinu, sennilega fjölmennustu stétt þessa lands. Og ég vil leyfa mér að láta það leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ríkisstj. Það spyr: Af hverju hafa verksmiðjurnar verið neyddar til þess að draga saman seglin eða loka dyrum sínum? Af hverju standa dýrmætar vélar í landinu ónotaðar? Af hverju er þjálfað iðnverkafólk látið sitja auðum höndum, meðan þjóðinni er á engu meiri þörf heldur en aukinni framleiðslu? Ég geri einmitt ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. muni svara þessu með hagfræðikenningum sinna hirðspekinga eitthvað á þá lund, að geti íslenzkur iðnaður ekki keppt við erlendan, þá eigi hann ekki rétt á sér, því að hver eigi að vinna það, sem hann geti bezt gert. Ef til vill segja spekingar ríkisstj.: Íslendingar eiga að veiða fisk, en flytja inn iðnaðarvörur. — Þessi hagfræðikenning hefur nú verið reynd hér á landi, og hún hefur ekki reynzt rétt að því er okkur snertir. Sjávarútvegurinn hefur ekki getað tekið við fleira fólki, og árangurinn hefur aðeins orðið atvinnuleysi og stórvandræði iðnfyrirtækjanna. Þessi kenning er hér á landi álíka skynsamleg og það væri af bónda í sveit að segja konu sinni að kaupa allt utan heimilis, sem kynni að fást tiltölulega ódýrt aðkeypt, t. d. að hætta að prjóna sokka á heimilinu, af því að það væri hægt að fá þá í verksmiðjum, sem gætu jafnvel framleitt jafngóða vöru. Hagur bónda þessa væri sízt betri, þótt konan fylgdi slíku ráði. Þannig er það augljóst mál, að Íslendingar verða að hlúa að iðnaði sínum, gefa honum tíma og tækifæri til að þroskast, bæta sig, því að um það verður ekki villzt, að framtíðarafkoma íslenzku þjóðarinnar er að miklu leyti undir því komin, að hér rísi upp stórfelldur iðnaður og þá fyrst og fremst stóriðnaður.

Við Alþfl.-menn höfum lagt fyrir Alþ. till. okkar í þessum efnum, og þær eru á þá lund, að tollar verði litlir sem engir á hráefni til iðnaðar, en fari stighækkandi eftir því, sem varan er meira unnin. Þetta er hin eina rétta leið í þessum efnum, því að það gengur vitfirringu næst að flytja erlent vinnuafl inn í landið í formi fullunninnar vöru, meðan atvinnuleysi er í landinu sjálfu. Við verðum að láta íslenzkar hendur ganga fyrir öllum störfum fyrir íslenzku þjóðina. Það er leiðin til útrýmingar atvinnuleysi.

Að lokum vil ég svo segja þetta: Lausn vinnudeilunnar, lækkun dýrtíðar og bætt kjör hinna vinnandi stétta eru kjörorð dagsins og meginviðfangsefni þings og stjórnar, ef þau skilja sitt hlutverk.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Ísaf. lokið máli sínu. — Tekur nú til máls síðari fulltrúi Alþfl., hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þessar eldhúsumræður fara fram undir óvenjulegum kringumstæðum. Það er verkfall í landinu. Þetta verkfall er víðtækara en nokkurt annað verkfall, sem háð hefur verið á Íslandi. Um hvað er barizt í þessari deilu? Verkalýðssamtökin hafa ekki lagt og eiga ekki að leggja höfuðáherzlu á, að kaup sé hækkað. Aðalkrafan hefur verið sú, er sú og á að vera sú, að kaupmáttur launanna sé aukinn með lækkun verðlags, einkum og sér í lagi á þeim vörum og þeirri þjónustu, sem láglaunafólk kaupir fyrir tekjur sínar. Slíkt er á valdi ríkisstj. einnar. Hitt er svo annað mál, að meðan þverneitað er að verða við slíkum kröfum, þá eiga verkalýðssamtökin einskis annars úrkosta en að hækka kaupið. Þau eða umbjóðendur þeirra

stjórna landinu ekki, því miður. Þau geta ekki gert ráðstafanir til niðurfærslu verðlags og tekjujöfnunar. Hið eina, sem þau geta gert, er að hækka kaup félaga sinna, og það gera þau, ef þau fá því ekki framgengt, sem þau vildu helzt, en þau gera það sem hreina neyðarráðstöfun, því að þau vita, að krónutala kaupsins hefur ekki úrslitaáhrif á lífskjör launþeganna. Ef ríkisstj. vill koma í veg fyrir slíka kauphækkun, er henni það innan handar með því að gera nokkrar róttækar ráðstafanir til verðlækkunar og tekjujöfnunar.

Það er blekking, þegar sagt er, að í þessum átökum sé verið að reyna að skipta meiru en til sé, atvinnuvegirnir geti alls ekki skilað láglaunafólki meiru en það fær nú. Þetta er hættulegasta blekkingin, sem ríkisstj. og atvinnurekendur hafa nú í frammi gagnvart launþegum. Kjarni þeirrar deilu, sem nú er háð, er ekki viðleitni til að skipta meiru en til er eða koma atvinnuvegunum á kaldan klaka, heldur að skipta því, sem til er, af auknu réttlæti og láta atvinnuvegina skila meiru til þeirra, sem vinna við þá, en minnu til eigendanna og alls konar braskara og milliliða.

Mig langar til að spyrja einnar spurningar, ekki aðeins hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., heldur ykkur öll, sem mál mitt heyrið, — spurningar, sem snertir kjarna þess máls, sem nú er deilt um. Við munum öll tímana fyrir heimsstyrjöldina. Þeir voru erfiðir. Hinir lægst launuðu bjuggu við kröpp kjör. Á undanförnum áratug hafa lífskjör þjóðarinnar batnað mjög mikið. Þetta vita allir. En nú kemur spurningin: Finnst ykkur, að lífskjör hinna lægst launuðu hafi átt að batna meira eða minna en hinna? Finnst ykkur, að framfarirnar undangenginn áratug hafi átt að verða til þess að minnka bilið milli hins fátæka og ríka eða til þess að breikka það? Þetta er spurning, sem hver einasti maður verður að svara með sjálfum sér, og þeir, sem taka þátt í opinberu lífi, ættu ekki að komast undan því að svara henni opinberlega. Mér segir svo hugur um, að fáir þeirra þyrðu að svara henni öðruvísi en þannig, að auðvitað hefðu framfarir síðasta áratugs átt að verða til þess að jafna lífskjörin eða að minnsta kosti ekki til þess að gera þau ójafnari.

En nú skal ég sýna fram á, þannig að ekki verði með rökum á móti mælt, að frá 1939 og til 1950 minnkaði hlutur hinna lægst launuðu, þ. e. a. s. Dagsbrúnarmanna og annarra, er svipuð kjör hafa, í þjóðartekjunum. Ég kemst ekki hjá því að nefna fáeinar tölur í þessu sambandi, en ég mun flytja mál mitt þannig, að ríkisstj. og málsvörum hennar gefist sem beztur kostur á að andmæla rökum mínum, ef þeir treysta sér til.

1939 voru þjóðartekjurnar taldar 155 millj. kr. 1950 höfðu þær aukizt upp í 1593 milljónir. Verðgildi peninganna minnkaði hins vegar sökum hækkandi verðlags, og fólkinu fjölgaði. Sé tekið tillit til verðlagsbreytingarinnar og fólksfjölgunarinnar, kemur í ljós, að raunverulegar þjóðartekjur á hvern íbúa, þ. e. a. s. þjóðartekjurnar mældar í raunverulegum verðmætum, hafa aukizt um 63%. Ef þeirri aukningu þjóðartekna, sem hér varð á þessu tímabili, hefði verið skipt hlutfallslega jafnt á milli allra borgara þjóðfélagsins, hefðu kjör allra átt að geta batnað um 63%. Kaupmáttur launanna hefði átt að aukast um 63%. En nú skulum við athuga afkomu hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu og miða við Dagsbrúnarverkamann. Í desember 1950 var kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns aðeins 30% meiri en hann var 1939. Kaupmáttur tímakaupsins hefði því átt að vera 25% hærri en hann var til þess að vera jafn þeirri meðalhækkun, sem varð á þjóðartekjunum.

Hér er að vísu eins að geta. Við notum ekki allar þjóðartekjurnar til neyzlu. Við notum hluta af þeim til fjárfestingar, og fjárfestingin var tiltölulega miklu meiri 1950 en 1939. Einhverjir kynnu að segja, að ekki sé eðlilegt, að kaupmáttur tímakaupsins vaxi nema í hlutfalli við aukningu þess hluta þjóðarteknanna, sem notaður er til neyzlu. Ef tekið er fullt tillit til þessa og gert ráð fyrir því, að fjárfestingin 1950 hafi verið 18.3% af þjóðartekjunum, en 1939 10% af þjóðartekjunum, þá kemur í ljós, að aukning þess hluta af þjóðartekjunum, sem notaður hefur verið til neyzlu, hefur numið 48%, en kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmannsins hefur ekki aukizt nema um 30%. Raunverulegt kaup hans þarf því að hækka um 14% til þess eins að ná meðaltali þess, sem allar stéttir hafa fengið til aukinnar neyzlu.

Verulegur hluti fjárfestingarinnar er í höndum hins opinbera. Hins vegar er engin sanngirni í því að hugsa sér, að hinir efnameiri eigi að eignast allt það, sem einstaklingar hafa fest fé í, því að þá raskaðist eignaskiptingin enn. Hinir ríku yrðu ríkari, en hinir fátæku fátækari.

Ef Dagsbrúnarmaður hefði því átt að vera hlutfallslega eins settur 1950 og hann var 1939, hefði kaupmáttur launa hans þurft að vera eitthvað milli 14 og 25% hærri en hann var í raun og veru. Ef tekið er meðaltal, hefði hann átt að vera 19—20% hærri.

Árið 1950 er hið síðasta, sem tölur eru til um, en ekki er hægt að segja með vissu, hver breyting hefur orðið á hlutdeild láglaunamanna í þjóðartekjunum síðan 1950. Margt bendir þó til þess, að hún hafi enn farið minnkandi. Það er því óhætt að segja, að Dagsbrúnarmaður eigi nú siðferðislegan rétt á 19—20% aukningu á kaupmætti launa sinna til þess eins að vera ekki hlutfallslega verr settur en hann var 1939. Í raun og veru á hann rétt á meiri aukningu.

Þessi niðurstaða er svo mikilvæg, að hver einasti maður verður að hugleiða hana. Með henni er sýnt fram á, að láglaunastéttirnar hafa dregizt aftur úr í baráttunni um lífsgæðin. Þær hafa fengið minna í sinn hlut en hinar efnameiri, en hefðu þó vissulega átt að fá meira, því að ójöfnuðurinn var of mikill 1939, en ekki of lítill. Og ég vil ekki láta hjá líða í þessu sambandi að minna á, að Ísland mun vera eina landið í Norðvestur-Evrópu, þar sem slíkt gerðist á þessum tíma. Alls staðar annars staðar jöfnuðust lífskjörin.

Þessi staðreynd er í raun og veru undirrót og kjarni deilunnar, sem nú er háð milli verkalýðssamtakanna annars vegar og atvinnurekenda með ríkisstj. að bakhjarli hins vegar. Það

er ekki um það að ræða að skipta meiru en aflast. Það er um hitt að ræða, að skipta því, sem aflast, af meira réttlæti, að láta skiptinguna vera a. m. k. ekki óhagstæðari hinum lægst launuðu en hún var 1939, en það er hún nú. Hverjum dettur í hug í alvöru, að atvinnuvegirnir geti ekki borið hlutfallslega jafnhátt kaupgjald nú og þeir gátu 1939? Til hvers hafa þá allar framfarirnar verið? Til hvers var þá öll nýsköpunin? Var það virkilega tilætlunin, að hún yrði til þess, að hinir lægst launuðu fengju hlutfallslega minna en áður, en hinir ríkari meira?

Í þessum staðreyndum, sem ég hef lýst, felst svo þungur dómur um afstöðu ríkisstj. í deilunni, að hún kemst ekki hjá því að taka afstöðu til þeirra. Ég ætla fyrir fram að vara hæstv. ríkisstj. við einu svari. Hún hefur átt það til, þegar henni hafa verið sagðar óþægilegar tölur, að láta sér nægja að segja, að þær væru rangar, án þess þó að færa þeim orðum sínum stað, og látið svo þar við sitja, í von um, að fylgismenn trúi sér betur en andstæðingunum. Um allar þær tölur, sem ég hef nú nefnt, að einni undantekinni, er það að segja, að þær eru sóttar í fræðirit eftir hagfræðing, sem ég veit, að hæstv. ríkisstj. vantreystir ekki, prófessor Ólaf Björnsson. Þetta fræðirit er Þjóðarbúskapur Íslendinga, rit, sem notað er við kennslu í háskólanum og ýmsir kunnir hagfræðingar hafa skrifað ritdóma um án þess að hafa nokkuð við að athuga hvað það snertir, sem ég hef hér gert að umtalsefni. Eina talan, sem er ekki úr þessu riti, er sú áætlun, að fjárfestingin 1939 hafi numið 10% af þjóðartekjunum, en um það efni eru engar skýrslur til. Hæstv. ríkisstj. verður því að andmæla þessum staðreyndum með öðru en hrópum um, að þessar upplýsingar séu rangar, og ég skora á málsvara ríkisstj., þá sem tala hér í kvöld eða annað kvöld, að andmæla þeim. Ég skora jafnframt á þá að gera grein fyrir því, hvort þeir ætlast í raun og veru til þess, að hlutdeild hinna lægst launuðu í þjóðartekjunum sé nú minni en hún var á erfiðleikaárunum fyrir stríð.

Allir hugsandi menn gera sér ljóst, að ekki er víst, að hækkuð krónutala kaups nægi til þess að leiðrétta þetta hlutfall. Meðan ríkisvaldið er í höndum óvina hinna lægst launuðu, er því innan handar að ræna þá aftur því, sem þeir kunna að fá í kauphækkun, og þá er enginn betur settur, heldur allir verr. Þess vegna verða allir launamenn að skilja, að það er ekki nóg að sigra í baráttunni um krónutölu kaupsins og raunar alls ekki aðalatriði, — en hver efast raunar um, að verkalýðssamtökin sigri í þessum átökum? Aðalatriðið fyrir launastéttirnar er, að ríkisvaldið sé í höndum fulltrúa þeirra sjálfra, en ekki andstæðinga þeirra. Þangað til svo verður, er enginn sigur í kaupdeilum öruggur. Þess vegna er mergurinn málsins nú eins og ávallt sá, að alþýða manna til sjávar og sveita geri sér ljóst, hverjir eru hagsmunir hennar, hvaða flokkar vinna gegn þeim og hvaða flokkar fyrir þá.

Þeir, sem veittu núverandi stjórnarflokkum brautargengi við síðustu kosningar, hljóta nú að hugleiða, hvort ríkisstj. hafi gert það, sem þeir ætluðust til. Og mig langar til þess að spyrja þá: Ætluðuzt þið til þess, að haldið yrði þannig á málum, að hér yrði stórkostlegt atvinnuleysi? Ætluðuzt þið til þess, að verulegur hluti innlends iðnaðar yrði beinlínis lagður í rúst með hóflausum innflutningi alls konar varnings, sem auðvelt er að framleiða í landinu? Gerðuð þið ráð fyrir því, að lagt yrði út í svo ábyrgðarlaust ævintýri í verzlunarmálunum, að hallinn á viðskiptunum við útlönd yrði um 600 millj. kr. á 2½ ári? Bjugguzt þið við því, að haldið yrði áfram á verðbólgubrautinni? En útlán bankanna hafa aukizt á valdatíma stjórnarinnar um meira en 500 millj. kr. Gerðuð þið ráð fyrir því, að öll skipun viðskiptamálanna yrði við það miðuð, að milliliðir ættu sem auðveldast með að maka krókinn? Áttuð þið von á, að ríkisstj. mundi láta það viðgangast, að heildsalar, sem vissulega voru þó ekki sú stétt, sem harðast hafði orðið úti, þrefölduðu meðalálagningu sína á helztu neyzluvöru, svo sem vefnaðarvöru, og margfölduðu hana á margar aðrar? Bjugguzt þið við því, að ríkisstj. teldi það viðeigandi og ágætt, að heildsalar hækkuðu álagningu sína á innflutta vefnaðarvöru samkvæmt frílista um 15 millj. kr. umfram það, sem verðlagsákvæðin höfðu heimilað, en það svarar til árslauna hvorki meira né minna en 500 Dagsbrúnarmanna? Það má spyrja: Kusuð þið stjórnarflokkana til þess að koma á bátagjaldeyrisbraskinu? Þið vitið, hverjum það hefur þjónað. Hlutarsjómenn vita, að þeir hafa haft af því takmarkaðan ávinning. Útvegsmenn vita líka, að þeir hafa ekki fengið bróðurpartinn. Allir vita, að það eru milliliðirnir í útgerðinni og verzluninni, sem mest hafa fengið í sinn hlut. Verzlunarálagningin á þær bátagjaldeyrisvörur, sem búið er að yfirfæra fyrir, nemur vafalaust ekki undir 100 millj. kr.

Hér langar mig til þess að skjóta inn þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort það sé rétt, að eigendum skemmds saltfisks, framleidds á árinu 1950, hafi verið leyft að innheimta bátagjaldeyrisálag á andvirðið og velta þannig tapi sínu yfir á almenning, og ef svo er, þá hversu miklu þetta nemi. Almenningur er að vísu ýmsu vanur af hálfu ríkisstj., en sé þetta rétt, er hér um að ræða furðulegt hneyksli, sem skýra verður til fullnustu.

Og enn má spyrja: Bjugguzt þið við því, að ekkert, bókstaflega ekkert yrði gert til þess að hefta vöxt dýrtíðarinnar? En hún hefur vaxið um 63%, síðan ríkisstj. tók við völdum, og er það að minnsta kosti Evrópumet. Gerðuð þið ráð fyrir því, að hjá þessari ríkisstj. mundi verða sukksamara en hjá nokkurri annarri, sem hér hefur verið við völd? Áttuð þið von á því, að ríkisstj. sýndi enga viðleitni til nokkurs sparnaðar í ríkisrekstrinum, svo að reynt yrði að draga eitthvað úr skattabyrðinni? Kusuð þið hana til þess að halda áfram að leggja skatta og tolla á tekjur og neyzlu hins fátækasta, en horfa aðgerðalaus á, að auðurinn safnaðist á æ færri hendur? En ég hef öruggar heimildir fyrir því, að eignir 20 ríkustu einstaklinganna hér í Reykjavík muni nema um 190 millj. kr.

og 20 ríkustu félaganna um 366 millj., eða samtals 556 millj. kr. Ég veit, að þeir launþegar og alþýðumenn, sem kosið hafa stjórnarflokkana, hafa ekki ætlazt til þess, að stefna stjórnarinnar yrði eins og hún hefur orðið, og þess munu þeir vafalaust minnast við næstu kosningar. Hvað margir þeirra 15 þúsunda, sem nú eru í verkfalli, skyldu ætla sér að kjósa þá flokka, sem nú stjórna landinu?

Á næsta sumri verður kosið til Alþingis. Þá þurfa íslenzkir kjósendur að tryggja, að skipt verði algerlega um stjórnarstefnu. Afturhaldsöflin, sem ráðið hafa mestu um stjórn landsins á liðnum áratug, verða að missa ítök sín. Verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn og opinberir starfsmenn í bæjum eiga að taka höndum saman við bændur í sveitum undir merkjum lýðræðis og frelsis. Undir merkjum lýðræðis og frelsis á íslenzk alþýða að sameinast til voldugs átaks til þess að bæta kjör sín og auka menningu sína, til þess að gera þjóðfélagið betra og réttlátara, til þess að auka framleiðsluna, tryggja öllum stöðuga atvinnu og öllum réttmætan hlut af afrakstrinum, til þess að útrýma spillingu og fjárbraski, en tryggja ábyrga og heiðarlega stjórn.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, lokið máli sínu. — Tekur nú til máls fyrri fulltrúi Framsfl., hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Góðir hlustendur, fjær og nær. Hv. stjórnarandstæðingar hafa nú í ræðum sínum látið hv. Alþ. og hv. hlustendum í té þá lýsingu, sem þeim þykir hlýða að gefa við þetta tækifæri á núverandi stjórnarháttum og ástandi yfirleitt í landinu. Af málflutningi þeirra verður það helzt ráðið, að ríkisstjórn sú, er hér hefur verið við völd síðustu árin, hafi átt það eitt áhugamál að spilla afkomu þjóðarinnar og rýra lífskjör almennings í landinu, þetta hafi henni tekizt, eins og bezt megi sjá á því, að nú standi yfir allsherjarverkfall og atvinnuvegirnir þar með stöðvaðir að fullu. Ljótt er, ef satt væri, og mætti raunar undarlegt heita, ef meiri hluti kjósenda í lýðræðislandi veldi sér stjórn, sem svo hastarlega færi að ráði sínu gagnvart umbjóðendum sínum. Munu og flestir þeir, er á þessar umr. hlýða, gera sér grein fyrir því, að eitthvað muni vera meir en lítið bogið við þennan málflutning. Ég ætla ekki að nota þann tíma, sem ég hef hér til umráða, til æsiupphrópana og rakalausra fullyrðinga, eins og að minnsta kosti sumir málssvarar hv. stjórnarandstæðinga hafa viðhaft í ræðum sínum, heldur ætla ég að láta staðreyndirnar tala. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta í einstökum atriðum, en í þess stað frá mínu sjónarmiði rifja upp nokkuð af því helzta, er gerzt hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessum tíma.

Ég held, að það sé hollt að byrja á því að rifja það upp nú, hvernig ástandið var á ýmsum sviðum, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum fyrir tæplega 3 árum, og hvað það var þá, sem einkum sætti gagnrýni almennings og var aðalviðfangsefni þeirra, er fengust við opinber mál.

Ég vil þá fyrst nefna, að undanfarin ár, þ. e. a. s. 1947 til ársloka 1949, hafði stjórn hv. 8. landsk., Stefáns Jóh. Stefánssonar, farið með völd. Þessi stjórn reyndi í upphafi að taka allfast á sumum málum og reyndi að veita viðnám gegn verðbólgu og vaxandi dýrtíð. Þannig var það stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem ákvað að binda vísitöluna varðandi kaup og launagreiðslur á þann hátt, að miðað var við 300, þannig að kaupgjald var eigi greitt á þau vísitölustig, er umfram voru þá tölu. Þetta er glöggur vottur þess, að þegar Alþfl. fer með ríkisstjórn, þá tekur hann til úrræða, er hann svo hamast gegn, þegar hann er í stjórnarandstöðu.

Stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar gafst algerlega upp á árinu 1949, svo að algert hrun meginatvinnuvega þjóðarinnar og gjaldþrot ríkissjóðs var fyrirsjáanlegt, ef ekki væri leitað nýrra róttækra úrræða. Þá um áramót, 1949—1950, var m. a. svo ástatt, að mikið af útflutningsvörum landsins var óseljanlegt, nema með því móti, að greiddar væru með framleiðslunni útflutningsuppbætur úr ríkissjóði og ríkið tæki ábyrgð á útflutningsverðinu. Þetta ástand hófst í árslok 1946, og er víst ekki ofmælt, þótt sagt sé, að það hafi verið farið að vekja almenna óánægju meðal þjóðarinnar, enda fékk ríkissjóður ekki lengur undir því risið. Flestir voru sammála um, að ekki yrði haldið áfram á sömu braut, og þá lá ekki annað fyrir en stöðvun útflutningsframleiðslunnar, sem þýðir sama og algera stöðvun sjávarútvegsins, ef ekki yrði gripið til nýrra úrræða. Í verzlunarmálum var ástandið þannig, að flestar nauðsynjavörur voru skammtaðar, en skömmtunin hafði að verulegu leyti mistekizt og var mjög óvinsæl. Kvartanir um vöruskort á frjálsum markaði fóru sívaxandi, en svartur markaður blómgaðist jafnt og þétt með þessum afleiðingum: Mjög margar vörur voru seldar við miklu hærra verði en leyfilegt átti að vera, þótt strangt verðlagseftirlit væri. Vefnaðarvörur voru lítt fáanlegar í búðum, en heimilin urðu að kaupa tilbúnar flíkur uppsprengdu verði, sem bæði fyrr og síðar hafa aðallega verið saumaðar heima til að spara heimilum útgjöld. Þetta muna sjálfsagt flestir, þegar á það er minnzt. Menn muna það sennilega líka, að á þeim tíma var allur vöruinnflutningur háður innflutningsleyfum og þá oft að því fundið með sterkum orðum, að öll viðskipti væru reyrð í viðjar, þar sem enginn mætti sig hræra. Hér er aðeins skýrt frá staðreyndum um þetta efni. Á þessum tíma voru og allar byggingar háðar fjárfestingarleyfum, en á því hefur nú í seinni tíð nokkur breyting orðið, sem kunnugt er, þar sem hinar minni íbúðir hafa verið gefnar frjálsar til mikils hagræðis og léttis. Um fjárhag ríkissjóðs, þegar stj. tók við, skal ég þó ekki hafa mörg orð, en í stuttu máli sagt var hann þannig, að mikill árlegur greiðsluhalli hafði orðið næstu árin á undan, safnazt fyrir stórar upphæðir í óumsömdum, lausum skuldum, og Alþ. hafði í raun og veru gefizt upp við að koma saman fjárl.,

því að um miðjan marz 1950 var ekkert farið að vinna að fjárl. þess árs, þótt nærri fjórðungur fjárlagaársins væri þá liðinn.

Margt fleira mætti rifja upp um ástandið á þessum tíma og óánægju almennings með það ástand, sem glögglega kom fram á margan hátt. Þótt fólk þá væri óánægt með afkomu sína, þá var þó ástandið það, að þjóðin lifði langt yfir efni fram, svo að auðsjáanlega leiddi til allsherjargjaldþrots, ef svo færi fram, enda stóð þá fyrir dyrum alger stöðvun útflutningsframleiðslunnar og í kjölfar hennar almennt atvinnuleysi, — miklu stórkostlegra en nokkru sinni fyrr hefði þekkzt með þjóð vorri. Sumir menn segja, og má að vísu færa að því nokkur rök, að slík allsherjarstöðvun hlyti að hafa komið því til vegar, er stundir liðu, að kaupgjald og verðlag innanlands tæki breytingum til lækkunar til samræmis við hið lága útflutningsverð í íslenzkum krónum. En sú breyting hefði áreiðanlega tekið langan tíma, kostað þjóðfélagið mikla fjármuni, valdið stórfelldara atvinnuleysi en þekkzt hefur áður með þjóð vorri og þess vegna komið langþyngst niður á vinnandi fólki í landinu. Þjóðin hafði á prjónunum mikil áform um rafvirkjanir og fleiri stórframkvæmdir, sem enginn grundvöllur var fyrir að hefjast handa um með þeirri fjármálapólitík, sem hafði verið ríkjandi að undanförnu.

Hvað hefur svo stj. og þingmeirihl. sá, er að henni stendur, gert til breytinga á því ástandi, sem nú hefur verið lýst? Hverjar eru þessar ráðstafanir, sem nú eru taldar henni til dómsáfellis af hv. stjórnarandstæðingum? Ég mun minnast hér á nokkrar þeirra.

Verðgildi hins erlenda gjaldeyris hefur verið breytt til samræmis við hið innlenda verðlag, sem skapazt hafði. Þetta var fyrst gert með því að breyta hinni almennu gengisskráningu, en síðan með því að taka upp hinn svo nefnda bátagjaldeyri. Bátagjaldeyrisfyrirkomulagið er í því fólgið, að útvegsmönnum var í rauninni heimilað að ráða sjálfir gengi á tilteknum hluta gjaldeyris þess, er aflað var á þeirra vegum, en sú gengisbreyting, er þannig kom fram, eingöngu látin koma niður á verði tiltekinna vara, er ekki teljast til brýnustu lífsnauðsynja. Auðvitað var hægt að hafa almennu gengisbreytinguna meiri og sleppa bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu, en viðbótarhækkunin, sem fékkst með bátagjaldeyrinum, hefði þá komið niður á brýnustu nauðsynjum, þ. á m. rekstrarvörum útgerðarinnar sjálfrar, og þá um leið étið sig upp að nokkru leyti, eins og ávallt verður að einhverju leyti um almennar gengislækkanir. En hjá þessu hvoru tveggja vildu menn komast, og þess vegna var bátagjaldeyrisfyrirkomulagið valið, þótt ýmislegt megi að því finna að sjálfsögðu. Hin opinbera gengisbreyting 1950 var í rauninni ekkert annað en leiðrétting til samræmis við framleiðslukostnaðinn, eins og hann var orðinn. Misræmið milli framleiðslukostnaðar og erlends gjaldeyris var orðið svo mikið, að segja mátti, að allir vildu kaupa allt frá öðrum löndum, ef unnt var að fá gjaldeyri til þess, en enginn gat selt neitt út úr landinu á samkeppnisfæru verði, og getur slíkt vitanlega ekki gengið til frambúðar, jafnvel þótt beitt sé ströngum gjaldeyrishöftum. Þetta er hin almenna ástæða til þess, að gengisbreyting hlýtur alltaf að koma fyrr eða síðar, ef kostnaðurinn innanlands verður í íslenzkum krónum mun meiri en framleiðslukostnaðurinn er í viðskiptalöndunum.

Samhliða gengisbreytingunni hefur innflutningur verið gefinn frjáls að miklu leyti og skömmtun að mestu afnumin. Þetta var mögulegt vegna gengisbreytingarinnar og þess hluta hinnar erlendu efnahagsaðstoðar, sem veittur var til að koma á frjálsum viðskiptum, er stofnað var hið svo kallaða Greiðslubandalag Norður-álfu.

Af öðrum ráðstöfunum í tíð núverandi ríkisstj. má t. d. nefna hina miklu breytingu, sem orðið hefur á fjárhag ríkissjóðs, sem m. a. hafði það í för með sér, að á árinu 1951 lagði ríkið meira fé fram til atvinnuveganna en dæmi eru til áður, þar sem greiðsluafgangi ríkissjóðs þetta ár var öllum varið til þess að efla atvinnulífið og fyrirbyggja atvinnuleysi. Greiðsluafgangur ríkissjóðs það ár varð svo mikill, að hægt var á þann hátt að forða frá miklum erfiðleikum víða um land. Þá hefur allmikið verið gert að því umfram það, sem áður var, að útvega lánsfé til byggingar íbúðarhúsa í þágu almennings, bæði í sveit og við sjó, og á þann hátt að greiða fyrir þessum framkvæmdum. Enn fremur hefur verið útvegað allmikið fé til starfsemi Ræktunarsjóðs, eins og kunnugt er. Hafin var og er nú vel á veg komin bygging hinna miklu raforkuvera við Sog og Laxá, svo og bygging áburðarverksmiðju. Hér er aðeins stiklað á stóru, en mest er um það vert, að meginframleiðslu landsmanna hefur yfirleitt verið haldið gangandi með þeim ráðstöfunum, sem lýst hefur verið, og framleiðsluvörur, sem ella hefðu verið óseljanlegar, hafa orðið þess megnugar að afla þjóðinni gjaldeyris, eins og verður að vera á hverjum tíma, ef þjóðarbúskapurinn á að geta haldið áfram.

Ég vil leyfa mér að hafa þá skoðun og þykist hafa sterk rök fyrir því, að ef þjóðin hefði síðan á árinu 1950 átt við að búa, þótt ekki væri nema meðalárferði að því er viðkemur tíðarfari, aflabrögðum og viðskiptum út á við, þá hefðu þær ráðstafanir, sem nefndar hafa verið, og ýmsar aðrar, sem gerðar hafa verið undanfarin ár, fyllilega borið þann árangur, sem til var ætlazt, og það á þann hátt, að glöggt hefði sýnt sig í batnandi afkomu almennings, en því miður hefur þjóðin ekki átt slíku árferði að fagna, og það verða menn að muna, er meta skal, við hverju megi búast. Síldveiðarnar hafa nú enn brugðizt í 3 sumur samfleytt til viðbótar þeim 5, er áður voru, og aldrei þó eins hastarlega og s. l. sumar. Aflaleysi á bátamiðum víða hér við land hefur verið svo stórkostlegt, að valdið hefur því, að við hefur legið, að ýmis bæjarfélög gæfust upp. Hefur ríkið orðið að hlaupa undir bagga og láta miklar upphæðir til þess að afstýra mestu vandræðunum. Óþurrkar, vetrarharðindi og áframhaldandi fjárpestir hafa herjað á landbúnaðinn um mikinn hluta landsins ár eftir ár á þessum

tíma og ríkissjóður orðið að greiða miklar upphæðir þess vegna. Slík áföll hljóta að hafa sín áhrif, beint eða óbeint, á hina almennu afkomu í landinu. Þetta vita flestir eða allir, þótt það sé ekki alltaf íhugað sem skyldi. En hér kemur fleira til, sem almenningur veit ekki eins glögg skil á, enda sjaldnar um það talað.

Fyrir þjóðarbúskapinn skiptir það ákaflega miklu máli og getur jafnvel valdið mestu um lífskjör fólksins í landinu, hvaða hlutfall er á milli verðs á innfluttum og útfluttum vörum á hverjum tíma, en það er hins vegar ekki nema að mjög litlu leyti á valdi þjóðarinnar sjálfrar. Þetta hlutfall er það, sem átt er við, þegar talað er um verzlunarárferði. Því hærra sem verðið er á útfluttum vörum, en því lægra sem það er á innfluttum vörum, því betri verður afkoma þjóðarinnar sem heildar af þessum ástæðum. Þetta hlutfall er hægt að reikna út, enda hefur það verið gert af hagfræðingum samkv. opinberum skýrslum, er fyrir liggja. Skal ég nú skýra frá nokkrum niðurstöðum í þessu efni.

Útreikningar um þetta efni sýna, að verzlunarárferði fór mjög batnandi á fyrstu stríðsárunum og var mjög hagstætt á árunum 1940—42. Stafaði það af því, að verð útflutningsvaranna hækkaði þá miklu meira en verð innflutningsvaranna. Árin 1943—44 var hlutfallið hins vegar nokkru óhagstæðara, og stafaði það af áframhaldandi hækkun innfluttu varanna, en á árunum 1945, 1946 og 1947 var verzlunarárferðið aftur gott, enda hækkuðu útfluttu vörurnar þá stórlega í verði, einkum vegna matvælaskortsins eftir styrjöldina. Síðan hefur það stöðugt farið versnandi frá ári til árs. Sé verzlunarárferðið 1951 borið saman við verzlunarárferðið 1946, kemur í ljós, að hlutfallið hefur versnað um 30%, miðað við árið 1946. Þetta þýðir það, að ef á árinu 1951 hefði verið sama verzlunarárferði og 1946, hefði það svarað til þess, að við hefðum fengið rúmlega 300 millj. kr. meira fyrir útflutningsframleiðsluna það ár en við raunverulega fengum. Gjaldeyristekjur þjóðarinnar hefðu þannig orðið 300 millj. meiri, og þessar 300 millj. kr. hefðu komið fram sem auknar þjóðartekjur, sem hægt hefði verið að skipta milli atvinnuveganna og þess fólks, sem við þá vinnur, og bæta þannig kjör þess. Ef verzlunarárferðið hefði verið jafngott s. l. ár og 1946, hefði sýnilega getað verið um gróða að ræða hjá atvinnuvegunum og þar með raunverulega verið grundvöllur til kjarabóta fyrir almenning í landinu. En þetta gefur líka að verulegu leyti hugmynd um ástæðuna til þess, að kjör manna nú eru ekki betri en þau raunverulega eru, og er ástæða til að festa sér það vel í minni.

Það er aldrei hægt að skipta meiru en aflast, og hið sama gildir um þjóðartekjurnar. Sé verzlunarárferðið og aðrar ástæður innanlands þannig, að atvinnuvegirnir græði fé, þá er myndaður grundvöllur fyrir kauphækkanir og aðrar kjarabætur verkafólki til handa. Það er föst venja foringja verkamanna, sem vilja láta telja sig ábyrga, að sanna það fyrir fram, áður en verkfall er hafið, að atvinnurekendur geti greitt hærra kaup. Þessa aðferð viðhafa verkalýðsforingjar í nágrannalöndum vorum, enda er engin leið önnur fær. Vitanlega á að greiða eins hátt kaup og atvinnuvegirnir mest geta þolað, en sé farið yfir þau takmörk, verkar það á þann veg, að atvinnurekstur dregst saman, en atvinnuleysi eykst. Verkalýðsforingjar vorir hafa því miður algerlega vanrækt að taka sér til fyrirmyndar fordæmi félaga sinna frá öðrum löndum hvað þetta snertir. Mun það bitna þungt á þeim verkamönnum, sem hafa kosið þá til þessara ábyrgðarmiklu trúnaðarstarfa.

Þegar gengisbreytingin var gerð, hlaut það að sjálfsögðu að hafa í för með sér allmikla verðhækkun fyrst um sinn í íslenzkum krónum. Var gert ráð fyrir uppbótum til launþega vegna þeirra verðhækkana. Skömmu eftir að gengisfellingin varð og m. a. vegna Kóreustyrjaldarinnar, sem skall á sumarið 1950, urðu verðhækkanir á erlendum vörum miklu meiri en sem gengisbreytingunni nam, og gerði það allt örðugra um framkvæmd þessara mála. Nú hefur hér orðið breyting á. Verðhækkun sú, er Kóreustyrjöldin hratt af stað um heim allan, virðist vera stöðvuð, og sumar erlendar vörur hafa jafnvel lækkað nokkuð í verði aftur á heimsmarkaðinum í seinni tíð, eins og kunnugt er. Þess hafa líka sézt merki á innanlandsverðlaginu hér á þessu ári, að það væri í þann veginn að stöðvast, ef ekkert óvænt kæmi til. Bið ég menn að veita þessu sérstaka athygli. Fyrstu 10 mánuði ársins í fyrra, 1951, hækkaði verðlagið um 18%. Fyrstu 10 mánuði þessa árs hækkaði það hins vegar ekki nema um 6½%, og er þá búið að taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á landbúnaðarvörum á s. l. hausti, en þessi verðhækkun landbúnaðarvaranna er ákveðin eftir á í samræmi við þær verðlags- og kaupgjaldshækkanir, sem orðið hafa næsta ár á undan, og er þetta reiknað út samkv. vísitölu landbúnaðarvara. Það, sem ég hef nú sagt, sýnir, að verðhækkunaraldan er nú að mestu stöðvuð og að þjóðin hefur það því í hendi sinni, hvort henni verður hleypt af stað aftur, því að ekki er búizt við verulegum hækkunum erlendis frá í næstu framtíð.

Ríkisstj. hefur haft gildar ástæður til að ætla, að stj. Alþýðusambands Íslands vildi fyrir sitt leyti gæta varúðar í þessum málum. Þegar verkalýðsfélögin sögðu upp samningum vorið 1951, náðist samkomulag áður en til verulegs verkfalls kæmi milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda og þá með aðstoð ríkisstj. Voru þá gerðar nokkrar breytingar á kjörum, sem báðir aðilar gátu vel sætt sig við. Jafnframt var það tryggt, að samningum yrði ekki sagt upp næstu 6 mánuði. Síðan hefur vinnufriður haldizt. Á s. l. vori áttu sér enn stað viðtöl um þessi mál milli ríkisstj., Alþýðusambandsins og atvinnurekenda. Varð það þá enn niðurstaðan, að engar vinnustöðvanir yrðu gerðar næstu 6 mánuðina. Samkomulag náðist um nokkur atriði, þ. á m. það, að sett yrði á laggirnar atvinnumálanefnd ríkisins til að vinna gegn atvinnuleysi á stöðum, sem hafa orðið hart úti vegna aflaleysis o. fl., og var þetta gert eftir sérstakri ósk Alþýðusambandsins, en í n. eiga sæti

fulltrúar Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og ríkisstj. N. þessi hefur gert allmargar till. til úrbóta á atvinnuástandinu á ýmsum stöðum, og hefur að mestu leyti verið eftir þeim farið.

Ríkisstj. hefur samkv. því, sem nú hefur verið rakið, haft fulla ástæðu til að ætla, að það væri einlægur ásetningur Alþýðusambandsins að stuðla að því, að vinnufriður mætti haldast, og gera ekki kauphækkunarkröfur, sem atvinnuvegunum eru um megn og leiddu því af sér meiri eða minni framleiðslustöðvun og röskuðu algerlega því jafnvægi, sem stefnt hefur verið að í kaupgjalds- og verðlagsmálum að undanförnu. Tel ég og rétt og skylt að viðurkenna þessa afstöðu Alþýðusambandsins á undanförnum árum. Virtist líka sérstök ástæða til að ætla, að framhald yrði á slíku, þar sem útlit var fyrir, að jöfnuður væri í þann veginn að nást innanlands milli kaupgjalds og verðlags, eins og ég hef áður nefnt, og því minni ástæða en jafnvel stundum áður til að hefjast sérstaklega handa í þessum efnum. Í ágústmánuði s. l. skrifaði stj. Alþýðusambandsins sambandsfélögunum bréf, og segir þar m. a. á þessa leið:

„Eins og ykkur hefur þegar verið tilkynnt, verður Alþýðusambandsþing haldið um miðjan nóvember n. k., og væri ekki óeðlilegt, að verulegum tíma þingsins yrði varið til þess að ræða þau málin, sem áður er getið (þ. e. a. s. kaup- og kjaramálin ásamt fleiru), og tæki það þá ákvarðanir um, hvað gera skuli. Á það skal bent, að þótt samningum væri sagt upp á næstunni, þannig að þeir yrðu úr gildi 1. des. n. k., er ekki þar með sagt, að nauðsynlegt væri að fara í aðgerðir eða deilu þá þegar, ef sambandsþingi sýndist annað vænlegra."

Enn virðist sama stefnan í kaup- og kjaramálum vera ráðandi hjá stj. Alþýðusambands Íslands, þegar þetta bréf er ritað. Hún vill hafa samningana lausa, þegar Alþýðusambandsþingið kemur saman, til þess að þingið sjálft fái að fjalla um þá, og lætur sambandsfélögin vera í þeirri trú, að ekki komi til þess að ákveða verkföll fyrr en þingið hafi tekið afstöðu til þess. Vitað er og, að mörg verkalýðsfélög sögðu upp samningum eingöngu á þessum grundvelli, en gerðu alls ekki ráð fyrir því, að til verkfalls kæmi.

En nú virðast skyndilega hafa verið teknar upp nýjar vinnuaðferðir í þessum málum. Það leynir sér ekki, að Alþýðusambandsstj. og aðrir forráðamenn þess verkfalls, sem nú stendur yfir, hafa ákveðið að knýja verkfall fram án þess að reyna til þrautar samningaleiðir á sama hátt og gert var 1951 og aftur s. l. vor. Þar sem undirtektir hjá verkalýðsfélögum um uppsögn samninga voru mjög daufar og það svo, að einungis fá þeirra höfðu látið til sín heyra, þegar komið var fram í október, var farin sú leið að sigla undir fölsku flaggi, láta í veðri vaka við verkalýðsfélögin, að einungis ætti að hafa samninga lausa, þegar Alþýðusambandsþingið kæmi saman 23. nóv., en að sjálfsögðu tæki þingið sjálft þá málið í sínar hendur, en hins vegar haga öllum undirbúningi þannig að draga á langinn, að nokkrar verulegar viðræður gætu átt sér stað fyrir 1. des., þegar verkfall gat fyrst hafizt. Síðustu dagana áður en Alþýðusambandsþingið kemur saman eggja svo verkfallsforingjarnir sem flest félög til þess að hefja verkfall frá 1. des., til þess að algerlega sé búið að binda hendur Alþýðusambandsþingsins áður en það tekur til starfa. Meiri lítilsvirðingu er ekki hægt að sýna frjálsum félagsskap en hér hefur verið gert.

Það er fyrst um miðjan nóvember, að samningan. verkalýðsfélaganna leggur kröfur sínar fyrir atvinnurekendur, en séu þær teknar undir eitt, munu þær nema um 30% kjarabótum, þar af 15% bein grunnkaupshækkun. Sáttasemjari er fyrst til kvaddur eftir 20. nóv., um það bil viku áður en verkfall skyldi skella á. Það er fyrst 27. nóv., þremur dögum áður en verkfall skyldi hefjast, að n. frá deiluaðilum koma til ríkisstj. Óskaði samningan. verkalýðsfélaganna eftir því, að ríkisstj. skærist í leikinn, þar sem atvinnurekendur teldu sig ekki geta greitt hærra kaupgjald. Voru þá í því sambandi nefnd nokkur atriði, sem óskað var sérstaklega eftir að athuguð væru og að einhverju leyti gætu haft kjarabætur í för með sér. Ríkisstj. tók strax vel í, að slík rannsókn færi fram, bauðst til að stuðla að því, að n. frá deiluaðilum og ríkisstj. tæki allt þetta til athugunar og rannsóknar, en að sjálfsögðu gegn því, að verkfallinu yrði frestað meðan slík rannsókn stæði yfir. Var það og í fullu samræmi við þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru bæði vorið 1951 og aftur vorið 1952, en þessu var skilyrðislaust hafnað af hálfu samningan. verkalýðsfélaganna.

Þessi vinnubrögð öll bera þess ljóst vitni, að n. af ásettu ráði stefndi beint til verkfalls og vildi ekkert annað. Glæfralegri og ábyrgðarlausari verkamálapólitík hefur aldrei verið leikin, og hver er ástæðan? Hún getur aðeins verið ein. Stjórnarandstæðingar núverandi ríkisstj. og þingmeirihluta sáu, að ástand yfirleitt í atvinnu- og fjárhagsmálum fór batnandi. Atvinnuleysi er minna en fyrir ári. Horfur um aflabrögð og atvinnulíf eru betri sums staðar, þar sem erfiðast var áður, þótt víða séu mikil vandræði enn. Vitað var, að hægt yrði að afgreiða fjárl. á sómasamlegan hátt, án þess að þyrfti að hækka nokkra skatta. Líkur voru til, að hægt yrði að ljúka hinum miklu mannvirkjum, rafvirkjununum og áburðarverksmiðju, á næsta ári. Margt fleira hlíðstætt þessu mætti nefna. Þennan árangur af starfi ríkisstj. og þingmeirihl. varð að eyðileggja, hvað sem það kostaði. Kosningar voru fram undan innan fárra mánaða. Stjórnarandstæðingar óttuðust hina sterku aðstöðu stjórnarfl. í þeim. Þess vegna var ekki hlustað á þá till. ríkisstj., sem hún ekki einu sinni, heldur tvisvar bar fram, að fresta verkfalli meðan rannsókn, sem samningan. verkalýðsfélaganna sjálf óskaði eftir að yrði framkvæmd, færi fram.

Hefði verið farið að till. ríkisstj., verkfalli frestað í bili, n. skipuð frá deiluaðilum báðum og ríkisstj. til þess sameiginlega að taka til meðferðar ráðstafanir, er að einhverju leyti gætu greitt úr deilunni, hefði ríkisstj. að sjálfsögðu farið eins að og áður undir sömu kringumstæðum, leitað að leiðum til samkomulags

til þess að hindra það, að til verkfalls þyrfti að draga, og veitt alla aðstoð að því.

Ég hef að sjálfsögðu ekkert við því að segja, þó að þeir pólitísku stríðsmenn, sem valizt hafa til einhvers konar forustu hjá verkalýðssamtökunum, tefli sitt pólitíska tafl með nokkru tilliti til þeirra kosninga, sem standa fyrir dyrum á næsta ári. Og ríkisstj. ætlast ekki til neinnar tillitssemi í sinn garð af þeirra hálfu. En þá kröfu verður vissulega að gera til þessara manna, að þeir haldi slíkum aðgerðum innan skynsamlegra takmarka og gangi ekki lengra en lög leyfa. Verkfall og afleiðingar þess eru ekkert gamanmál. Verkfall bitnar þunglega á öllum þeim, er þátt í því taka og missa vinnu sína af þeim ástæðum. Þess ber því að krefjast af verkfallsforingjum, að slíku vopni sé ekki beitt fyrr en fullprófað sé, að ekki séu önnur úrræði fyrir hendi. Þetta hafa þeir foringjar, er þessu verkfalli stjórna, vanrækt, eins og glögglega er rakið hér að framan. Þeir hafa fyrirhyggjulaust flanað út í þetta verkfall, áður en reynt var til þrautar að ná samningum. Slíkum foringjum geta verkamenn ekki treyst, því að með slíkum vinnubrögðum leiða þeir umbjóðendur sína, verkamennina, og þjóðfélagið allt til vaxandi fátæktar og örbirgðar.

Árið 1950 var af hálfu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipuð sérstök nefnd hagfræðinga og annarra sérfróðra manna, er athuga skyldu og semja skýrslu um viðhorf launþega til kauphækkana yfirleitt. Þessi n., fulltrúar launþeganna sjálfra, samdi þessa skýrslu, og segir þar m. a. á þessa leið:

„Í stuttu máli má segja, að eins og viðhorfið er nú í íslenzku þjóðfélagi, séu almennar kauphækkanir ekki vænleg leið til kjarabóta fyrir launþega. Það, sem mestu ræður um slíkar kjarabætur, eru tæknilegar, stjórnmálalegar og félagslegar aðstæður, sem launþegasamtökin aðeins geta haft óbein áhrif á. Miklar almennar kauphækkanir hafa einnig í för með sér alvarlegar truflanir á starfsemi efnahagslífsins og síaukna verðmætisrýrnun sparifjár, afleiðingar, sem launþegasamtökin geta ekki látið hjá líða að taka tillit til, er þau marka stefnu sína."

Menn athugi, að það eru fulltrúar launþeganna sjálfra, sérfróðir og athugulir menn, sem fyrst og fremst höfðu launþegasjónarmið í huga, sem þessi ummæli létu frá sér fara. Þeir launþegar, sem kunna að líta á það með tortryggni, sem ríkisstj. segir, ættu þó að minnsta kosti að taka fullt mark á orðum sinna eigin fulltrúa. Þessi ummæli eru tekin úr skýrslu um afstöðu launþega til kauphækkana árið 1950. Hafi þessi ummæli verið rétt þá, að almennar kauphækkanir séu ekki vænleg leið til kjarabóta, þá er víst, að hið sama gildir nú, nema það væri þá í enn ríkari mæli.

Forseti (RÞ): Hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, hefur lokið máli sínu. — Nú tekur til máls síðari fulltrúi Framsfl., hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. „Þetta geta þeir", sagði Alþýðublaðið, það flutti fregnir um verðlækkanir í Noregi. Hannibal Valdimarsson var einnig hrifinn af þessum verðlækkunum hér áðan. En hvað mundu þeir segja hér um þá aðferð að taka einstakar vísitöluvörur út úr og lækka á þeim verðlagið með niðurborgun eða með tollalækkunum? Fram að þessu hafa þvílíkar aðferðir verið kallaðar hér fölsun vísitölunnar, af því að þá lækka þær vörur einar, sem eru í vísitölunni, og kaupið þar með, en ekki hinar vörurnar, sem eru utan við vísitöluna, og einmitt þessi aðferð var ein af þeim, sem Alþýðusambandið lagði áherzlu á eftir gengislækkunina að ekki væri notuð á Íslandi.

Hv. þm. Ísaf. kom hér með leynivopnið við sparnaðinum. Ég mun ræða það nánar annað kvöld. En aðaltill. voru tvær. „Það má strika út 16 millj. kr. fjárveitingu til sauðfjárveikivarnanna, greiða bæturnar með skuldabréfum." Fjárlausir og tekjulausir bændur eiga sem sé að lána ríkissjóði fé til þess að greiða sjálfum sér fjártjónsbæturnar. „Það má strika út 8 millj. kr., sem greiddar eru í aukavinnu og tímavinnu," sagði Hannibal. Það skipti þm. auðvitað engu, þótt það yrði að kaupa fasta starfsmenn til þess að vinna þá vinnu, sem nú er unnin í aukavinnu, og ekkert varðar hann heldur um það, þótt forstöðumenn starfsgreinanna haldi því fram og leggi við sóma sinn, að þeir láti vinna aukavinnu af því, að það sé dýrara að hafa fleiri fasta starfsmenn.

Málflutningur stjórnarandstæðinga hér ber þess ekki vott, að þeir beri mikla virðingu fyrir sér eða hafi mikið álit á hlustendum. Við skulum athuga ofur lítið áróður þeirra um fjármálin. Þegar búið er að tína gífuryrðin úr, þá er eftir kjarninn, en hann er sá, að því er þessi mál varðar, að vera á móti öllum sköttum og tollum til ríkissjóðs, þykjast vera með sparnaði, sem þeir þó af góðum og gildum ástæðum vilja ekki trúa neinum fyrir, og ef þeir gera það, þá reynast till. eins og þær, sem Hannibal Valdimarsson flutti hér áðan, fylgja svo samtímis hverri útgjaldatill. og hverju frv. til útgjalda, sem fram kemur, og gera loks sjálfir stórfelldar kröfur á hendur ríkissjóði með frumvarpaflutningi og fundasamþykktum. Ein uppáhaldskenning þessara manna núna um skeið, eða nánar tiltekið síðan þeir fóru úr ríkisstj., hefur verið sú, að hækkaðir tollar eigi meginþátt í dýrtíðinni og að mögulegt væri að gera stórfelld átök til lækkunar henni með lækkun tolla og söluskatts. Það er mál út af fyrir sig, að núverandi ríkisstj. og þingmeirihluti hafa ekki hækkað tolla, og geri ég því skil síðar, en hitt skiptir meginmáli í sambandi við þessar fullyrðingar, hvort hægt er eða ekki að lækka svo að um munar verðlag í landinu með því, að ríkissjóður afsali sér að verulegu leyti tolltekjunum.

Hver eru þá áhrif tollanna á dýrtíðina? Söluskatturinn og verðtollurinn hafa mesta þýðingu í þessu sambandi. Þeir gefa ríkissjóði nærri 200 millj. kr. á ári, eða sem næst helming ríkisteknanna. Hagstofustjóri hefur áætlað eftir minni beiðni, hversu miklu söluskatturinn og verðtollurinn muni nema í verðlaginu yfirleitt. Hefur hann komizt að þeirri niðurstöðu, að samtals

nemi þessir skattar, sem færa ríkissjóði helming teknanna, um 10½ vísitölustigi. Setjum nú svo, að þeir væru lækkaðir um 10%. Þá mundi það samkv. þessu lækka vísitöluna um rúmlega 1 stig og verðlag þeirra vara, sem eru utan við vísitöluna, sennilega að sama skapi. Kaupgjald mundi þá hins vegar að sjálfsögðu lækka einnig um þetta rúmlega 1 stig, og því mundi þessi ráðstöfun ekki verða að neinu leyti kjarabót fyrir verkamenn eða aðra launþega, en ríkissjóður mundi missa 19 millj. af tekjum sínum. Það mundi aftur á móti hafa þær afleiðingar, sem ég kem að síðar og allra sízt væru hagstæðar fyrir verkamenn. Þetta vita forkólfar stjórnarandstæðinga, og það þarf því mikla forherðingu til að berja höfðinu við steininn ár eftir ár í þessu sambandi, og það er þokkalegur trúnaður við málstað þeirra manna, sem hafa falið þeim forstöðu mála sinna, að halda því fram og hafa haldið því fram gegn betri vitund, að hægt væri að gera stórátök til lækkunar verðlagi og til kjarabóta fyrir launþega með því að lækka eitthvað tollana. Ég veit ekki, hvaða orð eiga bezt við um þá forkólfa stjórnarandstöðunnar, sem telja verkamönnum trú um, að það væri sérstakur hagur fyrir þá, að lækkaðir væru tollar við þessar aðstæður og dregið þannig stórkostlega úr þeim möguleikum, sem ríkissjóður hefur til að halda uppi framkvæmdum og gera ráðstafanir til atvinnuaukningar.

En þá kemur spurningin: Er ríkissjóður ekki ágætlega aflögufær? Getur hann ekki haldið uppi öllum nauðsynlegum greiðslum, ríflegum fjárframlögum til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar? Er ekki óhætt þess vegna að lækka ríkistekjurnar? Gott væri að fá tollalækkanir, þótt þær hefðu ekki mjög mikil áhrif á dýrtíðina, mundi margur segja. Um þetta vil ég fara fáeinum orðum.

Áður en núverandi ríkisstj. tók við, var ríkissjóður rekinn með gífurlegum greiðsluhalla, síðustu tvö árin um 40 millj. kr. að meðaltali á ári. Strax á fyrsta ári tókst að rétta þennan halla alveg við, og stóðust tekjur og gjöld á árið 1950. Árið 1951 var verulegur greiðsluafgangur vegna þess, að þá var flutt óvanalega mikið inn í sambandi við breytta verzlunarstefnu, enda jukust vörubirgðir í landinu á því ári. Þessi greiðsluafgangur var allur notaður til framlaga í þágu atvinnuveganna, til framkvæmda og til þess að greiða hluta af andvirði 10 togara, sem ríkið keypti og dreift var um landið. Horfur um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, áður en verkfallið, sem nú stendur yfir, skall á, voru þær, að jöfnuður náist, en ekki meira, og því ekkert fé verða til ráðstöfunar af ríkissjóðstekjum þessa árs til atvinnumála, sem þó hefði verið nauðsynlegt að styðja með fjárframlögum. Horfurnar um afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1953 eru þær, eftir 2. umr. þeirra, að það er hægt að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaust og hægt að ætla eitthvert fé til atvinnuaukningar án þess að leggja á nýja skatta og tolla, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til stórkostlegra, almennra kauphækkana. Næðu hins vegar fram að ganga kröfur þær, sem nú liggja fyrir um kauphækkanir, þá yrði afleiðingin annað af tvennu eða hvort tveggja, að skera yrði niður stórkostlega eða fella með öllu niður verklegar framkvæmdir eða hækka tollana um marga milljónatugi.

En hvað hefur þá áunnizt fyrir almenning við þessa stefnubreytingu í fjármálum, sem ég var að lýsa áðan, og við það, að rekinn hefur verið greiðsluhallalaus ríkisbúskapur?

Það er fyrst, að ríkissjóður hefur getað haldið uppi miklum verklegum framkvæmdum. Ríkissjóður hefur getað innt af höndum stóraukin framlög til framkvæmda í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. Nægir í því sambandi að minna á lán til smáíbúða, verkamannabústaða, til ræktunar og húsabygginga og framlög til atvinnutækjakaupa þar, sem verst hefur á staðið. Þá hefur ríkissjóður verið þess megnugur að leggja fram verulega fjármuni þar, sem sérstök óhöpp hafa steðjað að, svo sem harðindi eða aflaleysi, til styrktar og atvinnuaukningar, og nema þau framlög, sem ríkissjóður hefur innt af hendi og er í þann veginn að greiða til þessara mála á þessum síðustu tveim árum, um 20 millj. kr. Hefur þetta fé víða komið að ómetanlegu gagni.

Tekizt hefur að leysa út og fá til landsins togarana 10, sem búið var að festa kaup á, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, en tvímælalaust hefði orðið að selja erlendis vegna vanskila og hefðu aldrei til landsins komið, ef ríkissjóður hefði ekki haft aukin fjárráð frá því, sem var, þegar hallabúskapurinn var látinn viðgangast.

Hallalaus ríkisbúskapur hefur fremur en nokkuð annað opnað okkur aðgang að Alþjóðabankanum, og hafa frá þeirri stofnun runnið inn í landið 70 millj. kr. í lánsfé á þessu tímabili til virkjananna, áburðarverksmiðjunnar og landbúnaðarins. Ég fullyrði, að það er með öllu óhugsandi, að þessi lán hefðu fengizt, ef hér hefði rekið á reiðanum um fjárhagsafkomu ríkisins og það ófremdarástand haldizt í þeim málum og í framleiðslumálum, sem hér ríkti áður en núverandi stjórn tók við.

Vegna þess, að ríkisbúskapurinn var hallalaus og stefnt með því og fleiri ráðstöfunum að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, lagði Greiðslubandalag Evrópu einnig fram 73 millj. ísl. króna til þess að stuðla að því, að verzlunin gæti orðið frjálsari en áður. Þetta framlag hefði aldrei getað komið til mála, ef ríkisbúskapurinn hefði ekki verið færður í lag, og hefði hallarekstur ríkisins verið látinn halda áfram, hefðu menn síðustu árin búið áfram við vöruskortinn, svartamarkaðinn, keðjuokrið og misréttið í verzluninni, sem menn urðu að þola áður til tjóns og vanvirðu.

Það mætti leiða nokkrum getum að því, hvernig hér væri ástatt, ef ekki hefði verið tekið í taumana og hallarekstrinn stöðvaður. En á þessum fáu dæmum sést, að hin breytta fjármálastefna hefur blátt áfram komið í veg fyrir hrun og afstýrt stórfelldu atvinnuleysi, sem hefði hlotið að verða hlutskipti manna, ef áfram hefði verið látið reka á reiðanum. Það væri ekki hægt að hugsa sér verri fjörráð við alþýðu-

stéttir landsins en þau að svipta ríkissjóð tekjum, þannig að taka yrði upp aftur óreiðu- og hallabúskap ríkisins, með þeim afleiðingum, sem það hlyti að hafa fyrir möguleika ríkissjóðs til að halda uppi framkvæmdum í landinu, og þá jafnframt vegna þess, að slíkt búskaparlag mundi gersamlega girða fyrir, að hægt væri að fá erlent lánsfjármagn til þeirra framkvæmda hér á landi, sem við þurfum að fá erlent fé til eða láta ógerðar ella.

Stjórnarandstæðingar eru sífellt að klifa á einhverju, sem þeir kalla skatta- og tollahækkanir núverandi ríkisstj. Þegar þeir á hinn bóginn eiga að gera grein fyrir fullyrðingum sínum um þetta, vefst þeim tunga um tönn, reyna þó að halda því fram helzt, að núverandi ríkisstj. hafi aukið skattabyrðarnar sem söluskattinum nemur, þar sem söluskatturinn hafi áður verið notaður í útflutningsuppbætur, en gangi nú til ríkissjóðs.

Það er rétt, að fyrir gengislækkunina átti söluskatturinn að ganga til útflutningsuppbóta og til dýrtíðarráðstafana innanlands, en söluskatturinn gekk bara ekki til þessara ráðstafana nema að litlu leyti. Hann hvarf í þann gífurlega greiðsluhalla, sem var á rekstri ríkissjóðs fyrir gengisbreytinguna. Við sjáum einna gleggst, hvernig þetta mál raunverulega lá fyrir, á því, að áður en gengisbreytingin var gerð, hafði verið lagt fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1950, þar sem gert var ráð fyrir söluskattinum tekjumegin, en engum útflutningsuppbótum gjaldamegin, og með því móti náðist jöfnuður á frv. og engu öðru móti. M. ö. o., fjárlagafrv. fyrir 1950 var viðurkenning á því, að fyrir gengislækkunina var svo komið, að söluskatturinn stóð ekki undir útflutningsuppbótum, heldur varð að renna í ríkissjóð. Þetta er heldur ekkert undarlegt, þegar þess er gætt, hversu gífurlegur greiðsluhalli var þessi árin. Lausaskuldasöfnunin nam meiru en útflutningsuppbótunum.

Það er óhagganleg staðreynd, að núverandi ríkisstj. hefur náð þeim árangri um fjárhagsafkomu ríkisins, sem fyrir liggur, og getað innt af hendi þau framlög í þágu almennings, sem hún hefur gert, án þess að skattalöggjöf eða tollalöggjöf hafi verið breytt til hækkunar. Nokkrar tilfærslur hafa verið gerðar í skatta- og tollalöggjöfinni, en heildaráhrif þessara breytinga eru tvímælalaust til lækkunar, en ekki hækkunar. Slíku hefur þjóðin hins vegar ekki átt að venjast undanfarið, og það má teljast meira en lítil óskammfeilni af stjórnarandstæðingum, sem aldrei hafa tekið þátt í stjórn, án þess að það hafi þurft að hækka skattana og tollana, að gera skatta- og tollamálin að sérstöku ádeiluefni á þá stjórn, sem án nýrra skatta- og tollahækkana hefur skilað greiðsluhallalausum ríkisbúskap í þrjú ár og lagt fram meira fé til verklegra framkvæmda og stuðnings atvinnumála en dæmi eru til áður. Ofan á þetta bætist svo, að einmitt vegna fjármálastefnu stjórnarinnar hefur mjög mikið erlent fjármagn komið til landsins og opinberar framkvæmdir, sem stjórnin hefur útvegað fé til, orðið svo miklar, að ekkert sambærilegt hefur áður þekkzt. Á hverju ári hafa stjórnarandstæðingar reynt að eyðileggja þessa stefnu í framkvæmd. Þeir hafa beitt sér gegn samþykkt söluskattsins t. d. og með óheiðarlegu lýðskrumi reynt að koma því inn hjá mönnum, að ríkissjóður þyrfti ekki á honum að halda. Hefðu orð þeirra og till. verið að einhverju höfð, þá væri það nú orðið að stórtjóni fyrir afkomu alþýðustéttanna og þjóðarinnar í heild. Það ætti að geta verið hverjum ljóst, sem hugleiðir, hver áhrif fjármálastefna stjórnarinnar hefur haft fyrir atvinnu og framkvæmdir í landinu.

Þá kem ég að ríkisútgjöldunum, þeirri spurningu, hvort hægt sé að lækka ríkisútgjöldin, og vík um leið að afstöðu stjórnarandstæðinga til þeirra mála.

Þótt ég hafi sýnt fram á, að lækkun ríkisútgjaldanna og þar af leiðandi lækkun á tollum mundi ekki hafa nein veruleg áhrif á dýrtíðina, þá væri lækkun ónauðsynlegra ríkisútgjalda þýðingarmikil fyrir því, og þá ekki sízt vegna þess, að ef hægt væri að lækka þau, þá væri auðveldara um vik að lagfæra agnúa á skattalöggjöfinni, og þá losaðist fé, sem unnt væri að láta ganga til sumra þeirra nauðsynjamála, sem nú verða ýmist að bíða betri tíma eða ganga hægara að marki en skyldi.

Reyna má að bregða upp á örfáum mínútum mynd af ríkisútgjöldunum, miða þá við fjárlagafrv. eftir 2. umr.

Til vaxtagreiðslna eru áætlaðar 3 millj. og 700 þús. kr. Ekki verður hlaupizt frá þeim. — Alþingiskostnaður er metinn á 3 millj. og 700 þús. kr. Engan hef ég heyrt halda því fram, sem til þekkir, að hægt væri að komast af með styttra þinghald en verið hefur síðan þessi stjórn tók við. Engar till. eru heldur í hávaða um það að leggja Alþ. niður, þótt hitt sé á hinn bóginn ljóst, að ætlunin sé að setja þinginu stólinn fyrir dyrnar, og þeir standi fyrir því, sem ekki hafa fengið umboð þjóðarinnar í kosningum til þess að ráða málum á Alþ.

Til dómgæzlu og lögreglustjórnar eru veittar 25 millj. kr., landhelgisgæzlan og lögreglukostnaðurinn er um 16 millj. kr. af því. Ekki er hin minnsta hreyfing uppi um að draga úr þessum kostnaði. Þvert á móti eru háværar kröfur um það úr öllum áttum, að ríkið taki á sig meira af lögreglukostnaði, og úr öllum áttum kröfur um meiri landhelgisgæzlu. Auðvitað eru stjórnarandstæðingar háværastir í þessum kröfum eins og öllum kröfum, sem horfa til aukinna útgjalda ríkisins.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála eru veittar 28 millj. kr. Þetta er aðallega hallinn á sjúkrahúsum ríkisins, framlag til sjúklinga, sem þjást af langvinnum sjúkdómum, læknalaun og framlög til byggingar sjúkrahúsa. Úr öllum áttum eru óskir og kröfur um meiri framlög til heilbrigðismála, og stórar stofnanir eru í byggingu, sem munu hafa í för með sér aukin framlög til þessara mála í framkvæmdinni. Sterkar óskir eru um aukin framlög til sjúkrahúsabygginga. Stjórnarandstæðingar eru auðvitað fremstir í flokki um kröfurnar. Það er svo auðvelt að krefjast framlaga til vinsælla mála, ausa svo svívirðingum á þingmeirihlutann fyrir að taka ekki allar slíkar óskir til greina, þykj-

ast svo þar á ofan berjast fyrir sparnaði og lækkun ríkisútgjalda og afnámi tolla.

Til samgöngumála hafa verið veittar 60 millj. kr. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta. Þetta fé fer til vegagerða, hafnargerða, brúa og strandferðakostnaðar og flugmála. Það er á allra vitorði, að menn koma tæplega svo saman, tveir eða fleiri, að ekki sé á það minnzt, að hækka þurfi þessi framlög, og um yfirboð stjórnarandstæðinga í þessu er óþarft að ræða. Þau eru svo alþekkt.

Til kirkjumála eru veittar 6 millj. kr., og er nú alveg nýlega fenginn öruggur vitnisburður um það, að Alþ. ætlar sér ekki að lækka framlög til þeirra mála. Það sást á síðasta þingi, þegar fjallað var um fækkun prestakalla.

Til kennslumála fara 56 millj. Mörgum þykir kennslulöggjöfin dýr í framkvæmd, en ekki geri ég ráð fyrir, að stjórnarandstæðingum finnist það, því að þeir höfðu forustu um setningu hennar og ætluðu að rifna af monti út af því. Þeir hafa enn fremur uppi sífelld yfirboð til skólamála. Um möguleika á því að spara á skólakostnaðinum er það að segja helzt í fljótu bragði, að það mun sýna sig í því sambandi, að auðveldara er að stofna til kostnaðar af þessu tagi en að losna við hann aftur. Eitt er víst, að þótt samtök fengjust um skynsamlegar sparnaðarráðstafanir í því efni og ráðstafanir til þess að takmarka óeðlilega útþenslu í þessum málum, þá tekur það sinn tíma, að slíkar ráðstafanir hafi áhrif til lækkunar útgjalda, og mundi ekki hafa nein áhrif á þau fjárlög, sem nú verða afgreidd, eða tekjuþörf ríkissjóðs á næsta ári.

Til bókmennta og listastarfsemi og til rannsókna í opinbera þágu eru veittar 11 millj. Þetta er kostnaður við söfnin, skáldalaunin, veðurþjónustan og rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Enginn hefur viljað halda því fram, að feitan gölt væri að flá til lækkunar á þessari grein fjárlaganna, og allra sízt stjórnarandstæðingar.

Til atvinnuveganna eru veittar 53 millj. kr. á 16. gr. Linnir ekki kröfum úr öllum áttum um aukin framlög til atvinnuveganna og stjórnarandstæðingar auðvitað fremstir í flokki með yfirboð sín og sýndarkröfur. Á þessari grein eru framlög til raforkumála t. d., og þekkja menn flestir þörfina fyrir aukin framlög til þeirra mála.

Til félagsmála eru veittar 45 millj., og er langsamlega mestur hluti þeirrar fjárhæðar vegna tryggingalaganna. Liggja hér fyrir Alþ. till. frá stjórnarandstæðingum um stórkostlega aukin framlög til tryggginganna.

Til eftirlauna og styrktarfjár og til óvissra útgjalda er samtals veitt 41 millj. kr. Þar af eru 28 millj. vegna niðurgreiðslu á vörum innanlands, og mundi dýrtíðin óhjákvæmilega hækka mikið, ef niðurgreiðslum þeim væri hætt eða þær lækkaðar. Um 12 millj. kr. eru eftirlaun og styrktarfé, aðallega framlög til lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna samkv. l. og nokkrar fjárveitingar til uppbóta á eftirlaun, sem menn hver um annan þveran hafa keppzt við að samþ., stjórnarandstæðingar ekki síður en aðrir.

Loks eru á fjárlögum afborganir lána og greiðslur vegna ríkisábyrgðar, 22.5 millj., en frá þeim skuldbindingum verður víst tæpast hlaupið, og framlög á 20. gr. til eignaaukningar, þ. e. a. s. framlög til verklegra framkvæmda, sem taldar eru varanleg eign, þegar lokið er, 18 millj. kr., og enginn vill lækka þau, heldur keppast allir við að fá þau hækkuð sem mest, stjórnarandstæðingar auðvitað óþreytandi í svívirðingum sínum um ríkisstj. fyrir það að stórauka ekki þessi framlög.

Þá hef ég talið 375 millj. af útgjöldum fjárlagafrv., en gjöldin eru alls 400 millj. Ég hef því talið 93½% af öllum ríkisútgjöldunum, og allir þessir liðir, sem ég hef talið, eru þannig vaxnir, að þeir eru annaðhvort alveg fastir eða þess eðlis, að stjórnarandstæðingar hafa uppi háværar kröfur um hækkun á þeim. Og ýmsir þessir liðir og það sumir hinir stærstu eru þannig, að nær öll þjóðin óskar eftir hækkun á þeim, ef peningar væru til að leggja meira fé fram.

Eftir eru þá ótaldar 25 millj. kr. Það er kostnaður við ríkisstarfræksluna í þrengstu merkingu, utanríkisþjónustan, skatta- og tollainnheimta, sameiginlegur embættiskostnaður yfirleitt. Þessi kostnaður nemur 6½% af útgjöldunum. Öllum væri að sjálfsögðu ósárt um, þó að þessi upphæð væri lægri, ef hægt væri að inna alla nauðsynlega þjónustu ríkisins af hendi samt sem áður. Allt kapp verður að leggja á slíkt, enda sífellt unnið mikið starf af ýmsum til þess að takmarka þennan kostnað. Ég skal engar fullyrðingar frammi hafa um möguleika í þessu sambandi. En til þess að fá mynd af málinu skulum við gera okkur í hugarlund, að einhver hinna miklu sparnaðarkappa kæmi til sögunnar og hann kæmi á 15% — eða til þess að vera ekki of smátækir skulum við segja 20% lækkun á þessum beina starfrækslukostnaði. Slíkt átak mundi þýða 5 millj. kr. sparnað eða 1.2% lækkun á ríkisútgjöldunum. Lítið mundi það nú hrökkva upp í allar till. stjórnarandstæðinga um hækkun ríkisútgjaldanna á öðrum sviðum, til skólamála, tryggingamála, heilbrigðismála, samgöngumála o. s. frv., og lítið mundi verða afgangs til lækkunar sköttum og tollum. Hér við bætist svo, að stjórnarandstæðingar eru sífellt að koma sér í mjúkinn hjá opinberum starfsmönnum með því að ýta undir kröfur af þeirra hendi um almennar grunnlaunahækkanir þeim til handa.

Annars eru stjórnarandstæðingar þrautreyndir sparnaðarmenn. Við þekkjum sparnað Áka Jakobssonar í flugmálum og síldarmálum t. d., Brynjólfs Bjarnasonar í kennslumálum og forkólfa Alþfl. í starfsgreinum þeim og stofnunum, sem þeim hefur verið falið að stýra. Kommúnistar og Alþfl.-menn eru blátt áfram frægir fyrir hirðuleysi um kostnað við opinberan rekstur.

Eitt dæmi, sem sýnir glöggt, hve takmarkalaus hræsni stjórnarandstæðinganna er, þegar þeir eru að tala um sparnað í opinberum rekstri, er afstaða þeirra til vinnutíma opinberra starfsmanna. Þegar núverandi ríkisstj. beitti sér fyrir því að lengja vinnutíma opinberra starfsmanna úr 35½ klst. á viku í 38½ klst. á viku, eða um ½ klst. á dag, þá reyndu útsendarar stjórnar-

andstæðinga með öllu móti að fá opinbera starfsmenn til þess að gera ólöglegt verkfall og reyna þar með að koma í veg fyrir lengingu vinnutímans. Það var ekki þeim að þakka, heldur hinu, að opinberir starfsmenn fóru sínu fram og höfðu þeirra æsingar að engu, að til slíks kom ekki.

Ég ætla, að með þessum upplýsingum hafi verið rækilega flett ofan af blekkingum stjórnarandstæðinga um ríkisútgjöldin, tollana og samband þeirra við verðlagsmálin. Þessar upplýsingar og afstaða stjórnarandstæðinga til fjármálanna sýnir það alveg svart á hvítu, svo að ekki verður um deilt, að engin stjórn né nokkur þingmeirihluti er svo mikið sem hugsanlegur eins og nú standa sakir, sem haft gæti lægri fjárlög og lægri ríkisútgjöld en þessi stjórn og sá meiri hluti, sem nú ræður afgreiðslu mála á Alþ. Ef stjórnarandstæðingar leyfa sér að vefengja þetta, þá þýðir það, að þeir stimpla till. sínar til aukinna ríkisútgjalda botnlaust skrum.

Enn fremur er það alveg augljóst mál af þessum upplýsingum, að engir möguleikar eru fyrir hendi til þess, hvorki fyrir þá stjórn, sem nú situr, né aðrar, að færa niður ríkisútgjöldin þannig, að það hafi áhrif á dýrtíðina, nema með því að skera stórkostlega niður framlög til atvinnuveganna, til verklegra framkvæmda, til trygginga, heilbrigðismála og allrar annarrar slíkrar þjónustu. Þetta er blátt áfram staðreynd. Þótt öll minna vinsæl útgjöld væru skorin að kviku, þá dregur það ekki sem máli skiptir í þessu sambandi. Afleiðing af slíkri niðurskurðarpólitík yrði hins vegar hreinlega stórfellt atvinnuleysi og kjararýrnun allra þeirra, sem erfiðasta hafa aðstöðuna vegna óstöðugrar atvinnu, heilsuleysis, ómegðar eða vegna annarra erfiðleika. Er þetta það, sem á að þvinga fram með baráttunni fyrir því að svipta ríkissjóð tekjum hans? Eða er það hallarekstur inn, sem að er keppt, sem á örstuttum tíma mundi leiða til sömu niðurstöðu?

Sagan um fjárhagsmálin og afskipti stjórnarandstæðinga af þeim er óvenjulega ljót saga. Maður getur skilið kommúnistana. Þeir vilja þjóðskipulagið feigt, vilja koma hér á einræði að rússneskri fyrirmynd, þar sem ekki þarf á skilningi almennings að halda, þar sem verkföll eru bönnuð, kaupið skammtað af stjórninni og þar sem barátta gegn söluskatti Stalins mundi jafngilda landráðum. Kommúnistar vinna sem sé hér og í öðrum lýðræðisþjóðfélögum eftir reglunni: Þeim mun vitlausara, þeim mun betra. — En hvað eru Alþfl.-menn að fara með því að snúa svo gersamlega við öllum staðreyndum og taka upp þessar starfsaðferðir, sem hljóta að koma þeim sjálfum í koll, ef nokkur legði minnsta trúnað á það, sem þeir halda fram nú um efnahagsmálin? Það er erfiðara að sjá.

Allur málflutningur stjórnarandstæðinga í fjárhagsmálunum er þannig, að þeir ættu að biðja fyrirgefningar á honum, ekki fyrst og fremst ríkisstj., þótt sumum kynni að finnast það eðlileg kurteisi, heldur fyrst og fremst það fólk, sem hefur haft þá að trúnaðarmönnum og þeir hafa gefið rangar upplýsingar.

Nú hefur verið stofnað til mikillar deilu við atvinnurekendur um launakjör, deilu, sem á sér þó pólitískar rætur fyrst og fremst. Inn í þá deilu hefur þeim málum mjög verið blandað, sem ég hef rætt hér í kvöld. Menn eru nú að sannfærast fullkomlega um það af því, sem upplýst hefur verið, að hnútur sá, sem er nú riðinn, verður því miður ekki með því leystur, að dýrtíð verði lækkuð á kostnað ríkissjóðs, nema þá með svo geigvænlegum afleiðingum fyrir þá, sem sízt mega við áföllum, að enginn heiðarlegur maður getur gerzt talsmaður þess, að svo verði gert. Verði á hinn bóginn knúnar fram kauphækkanir, sem atvinnureksturinn getur ekki með nokkru móti borið, þá þýðir það ekki nema eitt af tvennu: almennt atvinnuleysi eða gengisfall, eða aðrar slíkar ráðstafanir, til þess að framleiðslan geti gengið. Enginn getur hagnazt neitt af því.

Hér er því vandi úr að ráða. Hafa verður í huga, að það, sem mestu máli skiptir, er að tryggja og efla atvinnuna og jafnframt að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir að bæta sinn hag, eru fjölskyldumenn í lægstu tekjuflokkunum. Því verður að leita gaumgæfilega eftir leiðum til þess að bæta hag þessara manna frá því, sem nú er, án þess að til ráðstafana þurfi að koma, sem leiða af sér samdrátt atvinnu og enn þá aukna dýrtíð. Ef stjórnarandstæðingar í Alþýðusambandinu hefðu látið hagsmunasjónarmið ein ráða gerðum sínum nú, þá hefðu þeir leitað samvinnu við ríkisstj. um ráðstafanir í þessa stefnu, í stað þess að knýja fram á bak við Alþýðusambandsþing í raun og veru verkföll um kröfur, sem ekki gætu orðið að gagni verkamönnum, þótt þær fengjust samþ., en á hinn bóginn skapað öngþveiti í framleiðslunni, sem kæmi fram í kjararýrnun, en ekki kjarabótum.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lokið máli sínu. Og tekur nú til máls fyrri fulltrúi Sjálfstfl., hæstv. atvmrh., Ólafur Thors.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þá hafa menn nú heyrt, hvers konar stjórn það er, sem þjáir og þjakar vesalings íslenzku þjóðina á þessum síðustu og verstu tímum. Bölvaðir eru brezkir útgerðarmenn, segja menn sín á milli, en þó eru þeirra fantabrögð aðeins svipur hjá sjón, miðað við alla þá ógæfu, sem forustumenn stjórnarandstöðunnar segja, að við, sem í ráðherrastólunum sitjum þessa stundina, kaldrifjaðir og illviljaðir, séum að leiða yfir þjóðina. Án efa trúa einhverjir úr stjórnarandstöðunni. Þó er sá smáhængur á, að ef menn hafa áður heyrt eldhúsdagsumræður, rámar kannske þá minnugustu í að hafa heyrt eitthvað svipað áður, jafnvel oft áður. Og þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að þessi ægistjórn, sem nú fer með völdin, er ekkert einsdæmi, heldur rétt og slétt eins og allar ríkisstj. hér á landi hafa verið, ef treysta má lýsingum stjórnarandstæðinga á hverjum tíma á stjórn landsins og jafnvel lýsingu minna ágætu samstarfsmanna í ríkisstjórn á einni þeirri beztu stjórn, sem hér hefur verið, nýsköpunarstjórninni, og harma ég nú mjög þær fullyrð-

ingar allar, ef menn skyldu þá síður taka mark á þeirra ágætu ræðum nú.

Ég mun verja mínum stutta ræðutíma hér í kvöld til þess að svara í stórum dráttum þeim ræðum, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa flutt hér í kvöld.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að haustið 1949 var svo komið högum sjávarútvegsins, að við blasti alger rekstrarstöðvun, nema annað tveggja væri gert, að leggja geigvænlega nýja skatta, svo að hundruðum milljóna króna næmi, á þjóðina til styrktar útveginum eða að freista þess að hleypa nýju fjöri í framleiðslustarfsemi landsins með því að lögfesta hið mikla verðfall peninganna, sem þá var orðin staðreynd. Minnihlutastjórn Sjálfstfl., sem með völdin fór um áramótin 1949 og 1950, valdi síðari kostinn og lagði fyrir Alþ. till. sínar í þeim efnum, sem í aðalatriðum voru samþ. í marzmánuði 1950. Er þetta allt svo kunnugt, að ég leiði hjá mér að rekja þá sögu hér, en leyfi mér þó aðeins að minna á tvær staðreyndir. Önnur er, að alvöruleysi andmælenda gengisfellingarinnar skilst bezt á því, að ekki einn einasti þeirra hefur bent á tekjustofn, sem nægja mundi til þess að standa undir svo miklu sem ⅒ hluta þeirra útgjalda, sem á ríkissjóð hefðu verið lögð, ef hindra átti allsherjar atvinnuleysi eftir troðnum slóðum styrktar- og uppbótastefnunnar. Hin staðreyndin er, að ef öllu hefði undið fram með eðlilegum hætti, mundi gengisfellingin hafa nægt til að afstýra því böli allsherjar atvinnuleysis, sem við blasti í árslok 1949. Hitt er svo alkunna, að óhöppin, sem hafa steðjað að, eru mörg, ekki sízt að því er varðar sjávarútveginn. Varð þess vegna ekki hjá því komizt að grípa til hins svo nefnda bátagjaldeyris til þess að halda uppi atvinnu allra þeirra þúsunda sjómanna og iðnaðarfólks, sem við hraðfrystihúsin vinna, og allra annarra, sem starfa að verkun aflans. Það eru þessar ráðstafanir, sem þeir, sem kaldan hug bera til útvegsins, hafa gert sér svo tíðrætt um, m. a. í kvöld, og nota þær að yfirskini til síendurtekinna árása á stjórnina. Hefur þeim árásum raunar jafnóðum verið hrundið, en þó í rauninni bezt af stjórnarandstæðingum sjálfum, sem engin önnur úrræði hafa getað bent á. Og þeim úrræðum, sem Alþfl. nú til málamynda ber fram á þessu þingi, munu áður en langt um líður verða gerð þau skil, að það mun renna upp fyrir sjómönnum, útvegsmönnum og öllum, sem góðan hug bera til íslenzks sjávarútvegs, að það eru ekki annað en sýndarúrræði, einokun og einræði. Eru þessar árásir út af bjargráðum útveginum til handa því ámælisverðari sem óhöpp útvegsins hafa verið fleiri og stærri. Ég nefni þar til aðeins 8 síldarleysisár í röð og hið óhagstæða verzlunarárferði, sem Íslendingar hafa átt við að búa síðustu árin. Ég á hér við, að verðhækkun aðkeyptrar vöru hefur orðið miklu meiri en verðhækkun útfluttrar vöru. Hversu örlagaríkt áhrif þetta hefur haft á afkomu þjóðarinnar, skilja menn bezt á því, að ef hlutfallið milli verðlags aðkeyptrar og útfluttrar vöru hefði verið hið sama árið 1951 eins og var árið 1946, þá mundu Íslendingar hafa fengið á fjórða hundrað millj. kr. meira fyrir útflutningsvöru sína á árinu 1951 en raun ber vitni um. Og það má sannarlega sjá minna grand í mat sínum.

En þrátt fyrir alla þá örðugleika, sem orðið hafa á vegi þjóðarinnar, þá verður að viðurkenna, að allt hefur gengið stórslysalaust. Vandræði iðnaðarins út af tilslökun á hinum illræmdu höftum og bönnum eru án efa að miklu leyti stundarfyrirbrigði. Munu allir þeir, sem bezt börðust fyrir hinu langþráða verzlunarfrelsi, sameinast um að ráða fram úr þeim vanda og ekki láta þá glepja sér sýn, sem meira hugsa um það að reyna að hagnýta vandamál iðnaðarins sjálfum sér til pólitísks framdráttar en að leysa sjálfan vandann. Á ég þar ekki sízt við Alþfl., og raunar má ekki heldur gleyma garminum honum Katli, kommúnistunum. En þá hefur þjóðin að nýju öðlazt verulegan hluta þess verzlunarfrelsis, sem hún hafði orðið áður á bak að sjá fyrir tveimur áratugum. Hafa einokunarpostularnir að sjálfsögðu hamazt gegn verzlunarfrelsinu og mest haft verðlagsmálin að yfirskini.

Vafalaust má með réttu sýna fram á einhverja ágalla þeirrar skipunar, sem nú ríkir. En samanburðurinn á henni og því ástandi, sem áður ríkti, sýnir þó alveg ljóslega mikla breytingu til bóta. Áður var það meginatriðið að halda vísitölunni niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, vöruskömmtun og verðlagsákvæðum. Um hitt var lítið hirt, hvort mikill eða lítill hluti af nauðsynjum þjóðarinnar var fáanlegur með þessu tiltekna verði. Þröng innflutningshöft og bönn voru einn liður þessa háskalega hagkerfis. Af því leiddi mikinn vöruskort. Margt af nauðsynjum almennings var ýmist ófáanlegt eða aðeins á svörtum markaði og þá við margföldu hinu lögheimilaða verði. Vísitalan og þar með kaupgjaldið, sem auðvitað var byggt á lögheimilaða verðinu, var þess vegna ekkert nema helber blekking og tvímælalaust skæðasta leynivopnið, sem beitt hefur verið gegn hagsmunum launþeganna í kjarabaráttu þeirra. Núverandi stjórn gerði þennan draug landrækan. Hún rauf þessa svikamyllu blekkinga og falsaðra talna. Hún sá borgið því, sem neytendur varðar mestu og bezt tryggir hagsmuni þeirra, þ. e. a. s., að innflutningur og framboð á nauðsynjum almennings fullnægi þörfinni. Með þeim hætti einum er til frambúðar hægt að tryggja hæfilegt vöruverð í landinu, því að þegar vörurnar eru nógar, þá skapar samkeppni seljendanna og dómgreind almennings hið rétta verðlag.

Ég læt þessum fáu orðum um störf stjórnarflokkanna lokið með því að benda á, að heildarmyndin af samstarfinu er sú, að með samfelldum ráðstöfunum, gengisfellingu, bátagjaldeyri, greiðsluhallalausum fjárlögum, án nýrra skatta, stórauknu verzlunarfrelsi og ýmsu öðru hefur stjórnarflokkunum þrátt fyrir óvænta og óvenjulega örðugleika, svo sem aflabrest, markaðstöp, illt tíðarfar til lands og sjávar og síðast en ekki sízt mjög óhagstætt verzlunarárferði, tekizt að halda framleiðslustarfsemi þjóðarinnar í horfinu. Jafnframt hafa þessar ráðstafanir aukið traust Íslands út á við og með því gert þjóðinni fram að þessu kleift að afla fjár til stórframkvæmda þeirra, sem nú eru á döfinni fyrir atbeina ríkisstj., virkjunar Sogsins, Laxár og bygg-

ingar áburðarverksmiðjunnar. Má stjórnin þess vegna vel una hag sínum og hlutskipti og getur ótrauð gengið undir dóm almennings og almennar kosningar hvenær sem er.

Vegna ummæla stjórnarandstæðinga hér í kvöld kemst ég ekki hjá því að beina nokkurri gagnrýni að óviturlegum aðdróttunum stjórnarandstöðunnar.

Íslendingar eiga nú sem oft áður við margt að stríða og kannske fremur nú en oft fyrr. Okkur skortir mikið fé, a. m. k. 70 millj. kr., til að ljúka hinum miklu framkvæmdum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Til sementsverksmiðjunnar mun enn fremur þurfa um 80 millj. Þá er og nauðsynlegt, að takast megi að útvega a. m. k. 40 millj. kr., svo að auðið verði að ráðast í bráðnauðsynlegar byggingar smáíbúða og til landbúnaðarframkvæmda. Og þá eru ótalin mörg alveg nauðsynleg lán. Það standa vonir til, að sumt af þessu takist, en ekki allt, og þó ekkert nema unnið verði af alhug og fylgt á eftir svo sem auðið er. Þá er það líka áhyggjuefni, hversu ræðst fram úr afurðasölunni. Saltfisksalan hefur að vísu gengið vonum betur, en þó grúfir óvissa yfir framtíðinni. Þunglega horfir um sölu hraðfrysts fisks og beinlínis voveiflega um ísfiskinn. Við þetta bætist, að jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að úr sölutregðunni greiðist, er hagur útvegsins hallur, eins og allir vita. Er þess skemmst að minnast, að sumarið 1951 fóru fram skuldaskil bátaflotans. Þá kom í ljós, að nær enginn bátaútvegsmanna átti fyrir skuldum. Síðan hafa enn riðið yfir tvö síldarleysisár og rýr afli á þorskveiðum. Meiri hluti togaranna er einnig rekinn með halla og getur ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Það er þess vegna sannmæli, að þrátt fyrir gengisfellinguna og bátagjaldeyrisfríðindin berst sjávarútvegurinn í bökkum. Gegn þessum vanda ber þjóðinni einhuga að snúast.

En hver eru svo úrræðin, sem stjórnarandstaðan bendir á til þess að sigrast á vandanum? Þau eru tvö. Hið fyrra er, að ríkisvaldið brjóti niður þá skjólgarða, sem útvegsmenn hafa reist sér í því skyni að tryggja sér sem hæst verðlag á framleiðsluvöru sinni. Alþfl. ber fram frv. um að svipta útvegsmenn því frelsi, sem sölusamtök þeirra eru reist á, og setja í þess stað allsherjar einræði og einokun. Kommúnistar vilja svipta útveginn frelsi undir yfirskini aukins frelsis. Þeir vilja veita sérhverjum þeim, sem sér sér stundarhag í því að rjúfa samtök útvegsmanna, sem fyllst frelsi til þess. Skilja kommúnistar þó mætavel, að það frelsi leiðir beint í ánauð og ófrelsi versnandi afkomu og aukinna skulda útvegsins, en tryggir að vísu þeim erlendu þjóðum, sem af okkur kaupa, og þá ekki síst þjóðunum austan járntjaldsins, lægra verðlag á íslenzkum afurðum og íslenzku kommúnistadeildinni gróða af þeim viðskiptum. Hitt bjargráðið, sem stjórnarandstæðingar benda útveginum á, er almenn grunnkaupshækkun um land allt, sem nemur svona 30—35%, eins og ég hef nú tekið fram í kvöld. Á það mál getur ríkisstj. lítil áhrif haft, þótt sjálfsagt sé að athuga öll skynsamleg úrræði, sem á kynni að verða bent til þess að bæta kjör almennings í landinu og þá ekki síst þeirra, sem erfiðast eiga.

Ef stjórnarandstaðan ætlast til þess, að því sé trúað, að barizt sé fyrir bættum lífskjörum launþeganna, þá kemst hún ekki undan réttmætu ámæli fyrir að halda óvenjulega óskynsamlega á málum, enda mun almennt álitið í landinu, að málsmeðferð öll sanni, að hér sé fyrst og fremst um pólitíska atlögu á hendur ríkisstj. að ræða.

Umboðsmenn launþeganna virðast í orði og verki viðurkenna, að atvinnurekendur geti ekki bætt á sig nýjum útgjöldum. Til þess benda hin nýju vinnubrögð, sem nú eru tekin upp. Í stað venjulegra samninga við atvinnurekendur er nú kröfunum stefnt að ríkissjóði. Atvinnurekendur una að sjálfsögðu ágætlega þessari viðurkenningu fulltrúa launþeganna á getuleysi atvinnurekendanna og telja efalaust hyggilegt að athuga með þeim, hvað ríkissjóður geti lagt af mörkum. Síðan bera fulltrúar launþega fram við ríkisstj. margar og mismunandi óskir. Þetta gera þeir fjórum dögum áður en allsherjarverkfall á að hefjast. Það kemur í ljós, að þeir hafa mjög óljósar hugmyndir um málið. Þeir virðast aðeins vita, að þeir ætla að gera kröfur á hendur ríkissjóði, þessum sjóði, sem þó að öllu leyti er varið í þágu almennings í landinu, en þeir gera sér mjög takmarkaða grein fyrir hinu, hvort það eru launþegar eða atvinnurekendur, sem hagnast á því, að kröfurnar nái fram að ganga. Ríkisstj. bregzt þó vel við og býður samstarf um rannsókn málsins, en mælist til þess, að böli verkfallsins sé bægt frá dyrum verkalýðsins og þjóðarinnar allrar meðan rannsókn fer fram. Handhafar verkfallsréttarins taka þetta ekki í mál, heldur er verkfall, sem þeir sjálfir segja að kosti þjóðarbúið 2—3 millj. kr. á dag, fært yfir þjóðina, en síðan er byrjað að rannsaka, hvort eitthvað sé nú hægt að veita úr ríkissjóðnum, og sé svo, hvort nokkuð sé þá á því að græða. Það bætir svo ekki málstaðinn að ætla að reyna að koma sökinni á ríkisstj. fyrir að samþ. ekki fyrir fram kröfur, sem enginn veit, hverjum eru til hagsbóta né heldur hversu mikið kosta þann sjóð, sem stendur undir þörfum almennings í landinu. Hyggileg vinnubrögð verða þetta tæplega talin. Ríkisstj. er nú að leitast við að láta afla ýmissa upplýsinga til leiðbeiningar fyrir þá, sem kröfurnar eru að gera, svo að þeir geti gert sjálfum sér grein fyrir, hvort þeir nú að athuguðu máli telja réttara að fylgja kröfunum fram eða falla gersamlega frá þeim.

Víkur nú aftur sögunni að atvinnurekendum. Enginn dregur í efa, að launafólk þurfi síns með og þótt meira væri. Það sjónarmið skiptir miklu máli, en getur því miður ekki skorið úr. Það, sem úr sker, er, að sé það óvefengjanleg staðreynd, að í rekstri aðalframleiðslutækja þjóðarinnar, báta- og togaraflotans, sé að minnsta kosti ekki um gróða að ræða, þá eykur það ekki hag launþeganna að leggja á framleiðsluna ný útgjöld. En blandist mönnum hugur um gjaldgetu útvegsins, er auðvelt að ganga úr skugga um það, hvað satt er í þeim efnum. Það er ekki hægt að víkja sér undan vandanum með því að benda á búmannshyggju og barlóm atvinnurekenda, sem aldrei þykjast neinu geta á sig bætt. Rekstur flestra togaranna er í höndum bæjarfélaga eða annarra opinberra aðila og reikningar þeirra

eru opnir almenningi. Í rekstri bátanna er heldur ekkert hulið þeim, sem honum vilja kynnast. Um allt þetta hafa því handhafar verkfallsréttarins full gögn, sem þeim ber að leggja fyrir almenning, ef þau sanna eða jafnvel aðeins leiða líkur að því, að bætandi sé á útgjöld atvinnurekenda, án þess að böl hljótist af fyrir verkalýðinn.

Ef til vill skýrir það málið fyrir hv. hlustendum, að minnt sé á það, að með lagasetningu frá tímum utanþingsstjórnarinnar er svo um hnúta búið, að bændur og launþegar fylgist að með kauphækkun. Fái launþegar hækkun, hækka afurðir bænda að sama skapi í verði, þótt bóndinn að sönnu fái sína hækkun aðeins einu sinni á ári og eftir á. Þannig stafar hækkun landbúnaðarafurðanna núna í haust af þeim hækkunum, sem launþegar voru búnir að fá á undanförnum 12 mánuðum. Þessi dýrtíðarskrúfa verður ekki stöðvuð gegn vilja fjölmennustu stétta þjóðfélagsins. En varðandi útflutning framleiðslunnar, sem allar þessar hækkanir lenda á, er aðra sögu að segja, þá, að verðlag útflutningsvörunnar á erlendum markaði er að sjálfsögðu alveg hið sama, hvort sem kaupgjald á Íslandi er hærra eða lægra. Af þessu leiðir, að sé kaupgjald hærra en afurðaverðið fær undir risið, þá hlýtur framleiðslan að dragast saman og atvinnuleysi að skapast. Þegar svo stendur á, eru kauphækkanir ekki kjarabætur, heldur tilræði við verkalýðinn.

Öllum þessum staðreyndum er nauðsynlegt að menn geri sér glögga grein fyrir. Í ljósi þeirra liggur málið þannig fyrir: Það er almennt ætlað, að atvinnurekendur geti ekki bætt á sig útgjöldum. Samt sem áður eru bornar fram kröfur um stórfelldar kauphækkanir og kjarabætur. Af því leiðir, að sé til þess ætlazt, að atvinnurekendur verði við þeim óskum, er óhjákvæmilegt, að þeim verði veitt aðstoð til þess, og þá rís sú spurning, hvort það sé hægt og þá hvernig. Það er mögulegt að minnsta kosti að forminu til, að því er sjávarútveginn snertir, að veita þá aðstoð með nýrri gengislækkun. Vilja menn það? Það væri mögulegt með auknum bátagjaldeyri, einnig til handa togurunum. Vilja menn það? Það væri mögulegt með því að leggja stórfellda nýja skatta á þjóðina, sem ríkissjóður síðan notaði til þess að styrkja atvinnurekendur til að hækka kaupgjaldið. Vilja menn það? Vilji menn ekkert af þessu, þá verða menn að segja til um, hvaðan atvinnurekendum á að koma gjaldþol til að bæta á sig nýjum útgjöldum. Geri menn það ekki, og leggi menn nýjar kvaðir á atvinnurekstur, sem þegar er í kröggum, án þess að bæta hag hans á öðrum sviðum, er verið að leggja þann atvinnuveg í rúst og með því lífsafkomu fólksins. Sá, sem ekki getur svarað skýrt og afdráttarlaust, með hverjum hætti á að gera atvinnurekendum landsins kleift að rísa undir nýjum gjöldum, en treystir sér þó ekki til að halda því fram, að bæta megi útgjöldum á atvinnurekendur, hann viðurkennir, að enda þótt launþegar fengju öllum kröfum sínum framgengt, eru þeir ekki betur settir, heldur verr.

En hvar er þá komið málstað verkfallsins? Ég leiði hjá mér að spá um málalokin, en bið verkalýðinn að athuga þetta tvennt:

1) Ef atvinnurekendur þola ekki hærra kaupgjald, mun sérhver sýndarsigur snúast gegn verkalýðnum, og fær góður vilji ríkisstj. í þeim efnum engu áorkað.

2) Með yfirlýsingu, sem stjórnarandstæðingar hafa gefið hér í kvöld og þeir létu Alþýðusambandsþingið samþ. sem beinan lið í kaupgjaldsmálunum, þ. e. a. s. yfirlýsingu um það, að kaupþækkanir og kjarabætur væru verkalýðnum gagnslausar, nema því aðeins að launþegar hétu því að kjósa engan stuðningsmann núverandi ríkisstj. á þing, hafa þeir viðurkennt, að kjarabætur séu aukaatriði, en pólitísk árás á ríkisstj. aðalatriðið.

Síðan hefur öll málsmeðferðin verið í samræmi við þetta. Fyrst á að heimta hærra kaup af þeim, sem enga útgjaldahækkun geta borið. Böl verkfallsins á svo að nota til þess að æsa verkalýðinn gegn ríkisstj. En reyni ríkisstj. að leysa deiluna og vinni það til sætta að brjóta vitandi vits lögmál efnahagslífsins, er ætlunin að telja verkalýðnum trú um, að þær afleiðingar, sem af þessu kunna að verða, stafi af illvilja ríkisstj. í garð launþega. Sjái menn ekki gegnum svo þunnan blekkingavef, þá eru þeir blindir og verður ekki bjargað. Sannleikurinn er sá, að kommúnistar eru ekki að vinna fyrir launþegana, heldur eru þeir með blekkingum að reyna að ginna launþega til fylgis við sig í baráttunni fyrir alheimskommúnisma.

Annars er það táknrænt fyrir þessa verkfallsbaráttu, að þeir, sem að verkfallinu standa, leggja megináherzlu á að telja þjóðinni trú um, að stjórnin hafi svikið skyldu sína með því að taka ekki málið fyrir löngu í sínar hendur og tryggja lausn þess. Og þótt undarlegt megi virðast, þá sýnist svo sem ýmsir gíni við þessu, gíni við þessari fásinnu. En hvar í heiminum vita menn dæmi þess, þegar kaupdeila er í uppsiglingu, að ríkisstj. segi: Blessaðir verið þið ekki að rífast. Ríkissjóður borgar það, sem á milli ber? — Ef menn hugleiða, hvert slíkar aðgerðir ríkisvaldsins gagnvart kaupdeilum, sem á hverjum tíma eru í aðsigi, leiða, þá hljóta allir að skilja, að ríkisstj., sem þannig hegðar sér, gerir ekki skyldu sína, heldur þvert á móti hefur hún með því unnið sér til óhelgi með bjálfalegum og þjóðhættulegum aðgerðum. Löggjafinn — og þar með bæði Alþfl. og kommúnistar — hefur ákveðið, að ef aðilar geta ekki leyst kaupdeilur sínar, þá taki sáttasemjari ríkisins málið í sínar hendur. Hann hefur gert það nú eins og jafnan fyrr, en auk þess hefur ríkisstj. einmitt sérstaklega í þessu máli tekið vel á óskum verkfallsmanna strax og þeir sneru sér til hennar.

Það dettur auðvitað engum skynsömum manni í hug, að ríkisstj. óski ekki jafnvel öllum öðrum fremur, að deila þessi leysist fljótt og vel. En hér nær góður vilji skammt. Og hvaða ráð geta menn gefið ríkisstjórninni til lausnar á þessari þjóðhættulegu deilu, sem þá ekki fyrr en varir bitnar á verkalýðnum sjálfum? Vilja menn hugleiða þessa spurningu og svara henni, ef þeir geta? — Að auka kaupmátt launanna með því að lækka dýrtíðina, sagði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason. Það kemur í ljós sem fyrr, að menn tala meira um þetta mál en þeir hugsa, því að lækkun dýrtíðarinnar eykur sáralítið kaupmátt launanna, vegna

þess að krónufjöldinn, sem menn fá í kaup, minnkar eða vex í hlutfalli við dýrtíðina og vísitöluna. Minnki dýrtíðin, fá menn færri krónur handa á milli, en að vísu stærri, og eitthvað hagnast þeir á því, þar sem kaupa þarf fleira en það, sem í vísitölunni felst. Þó fer mjög fjarri, að fólk með þessu fái einhverjar verulegar kjarabætur. En vilji menn þessa lausn deilunnar, þá er sjálfsagt, að hún sé athuguð tafarlaust og með velvilja. Verður þó enn að minna á, að ef sú leið er farin, er óumflýjanlegt að leggja á nýja skatta eða draga úr fríðindum, sem ríkissjóður miðlar almenningi, og mundi þá ekki margur heldur kjósa einhverja lækkun beinna skatta á þeim, sem erfiðast eiga með greiðslu þeirra? Eitthvað mætti ef til vill gera í þeim efnum, án þess að eftirköst hlytust af.

Sem dæmi þess, hversu erfitt er að lækka vísitöluna með greiðslum úr ríkissjóði, þá skal ég aðeins benda á, að krafa verkfallsmanna um að lækka söluskattinn og verðtollinn um 10% mundi kosta ríkissjóð 19 millj. kr., en aðeins lækka vísitöluna um eitt einasta stig, og yrði allur hinn óvinsæli söluskattur afnuminn, þá mundi ríkissjóður tapa 85 millj. kr., vísitalan ekki lækka nema um 4 stig, en launþegar nær ekkert hagnast, vegna þess að þeim krónum, sem þeir fá í kaup, fækkar með lækkaðri vísitölu. Allt er þetta því flóknara mál en menn gera sér almennt grein fyrir. Og það er líklegra, að köld skynsemi og hugarró finni eitthvert viðhlítandi úrræði út úr þessum vanda, séu þau á annað borð til, en það hugarfar, sem grær í æsingu mikils verkfalls. En aðalatriðið er, að það er ekki hægt að skipta meiru en aflast, og velta því lífskjör þjóðarinnar alltaf langsamlega mest á aflamagni og verðlagi útflutningsvöru okkar. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði að vísu, að þetta væri fásinna. Aðalatriðið væri, að atvinnurekendur ættu að fá minna en þeir fá nú. Þetta leyfir þessi hv. þm. sér að segja, þegar foringi hans, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, var að enda við að lýsa yfir, að atvinnurekendur væru á heljarþröm, og Gylfi Þ. Gíslason verður að temja sér að virða orð síns foringja. Það er góð regla.

Ég hef nú gerzt nokkuð fjölorður um það, sem allir eiga að vita, þ. e. a. s., að nær allur atvinnurekstur landsmanna berst í bökkum og að sala útflutningsafurðanna er ýmist ótrygg, treg eða með öllu stöðvuð. Allt hvetur þetta til varfærni í málefnum framleiðslunnar, en auk þess hafa nú þeir atburðir gerzt, sem einstakir eru í sögu Íslendinga um langt árabil, þegar erlent vald reynir að svelta þjóðina til hlýðni. Eru hér að verki menn, sem um langt árabil hafa setið að matborði Íslendinga og satt sig vel. Við höfum margt gott gert þessum mönnum, en aldrei illt. Með því að hætta lífi okkar sjálfra höfum við oft bjargað lífi brezkra sjómanna, en nú, þegar við verjum líf okkar og afkomu og búum jafnframt í haginn fyrir brezku útgerðina með því að hagnýta okkur lögmætan og raunar tildæmdan rétt til að forða gereyðingu fiskimiðanna, gjalda brezkir útgerðarmenn og yfirmenn á skipum þeirra veittar velgerðir og velmegun með því að loka brezkum fiskimörkuðum fyrir okkur. Ég vil forðast öll stóryrði, en íslenzka þjóðin fordæmir og fyrirlítur þessar kúgunartilraunir brezkra þegna gegn íslenzkum hagsmunum og fellir sig því illa við afskipti eða afskiptaleysi brezkra stjórnarvalda af þeim ósóma. En fyrirlitlegastir erum við Íslendingar þó sjálfir, ef við svörum hverjum heiftúðugum árásum erlends valds með innbyrðis deilum eða jafnvel allsherjarverkfalli. Allir aðrir slíðra þó sverðin, þegar óvinurinn ræðst inn í land þeirra, en við ætlum að svara þessari erlendu ofsókn því einu, að við megum ekki vera að því að sinna henni, að okkur gefist ekki tími til að undirbúa sóknina á hendur árásarmönnunum, vegna þess að við megum ekki vera að því að hugsa um frumdrætti þeirrar myndar, sem við eigum að sýna heiminum af þessu gerræði, vegna þess að við séum önnum kafnir við að murka lífið hver úr öðrum.

Nú fremur en nokkru sinni fyrr ber Íslendingum heilög skylda til að efla samhug og standa allir sem einn gegn erlendu valdi. Við erum að vísu fáir og veikburða, en ef við fellum niður hjaðningavígin og reynum í bróðerni að deila með sanngirni og skynsemi því, sem aflað er, þá eigum við þó styrk gáfaðrar menningarþjóðar, sem á grundvelli laga og réttar berst fyrir lífi sínu og tilveru. Allsherjarverkfall er að sönnu vopn í þeirri baráttu, en það er ekki vopn í okkar hendur, heldur vopn, sem við leggjum í hendur andstæðingum okkar, til þess að þeir fái betur unnið á okkur. Slíkt atferli er þjóðarsmán. Þess vegna ber okkur öllum að sýna skilning og velvilja og láta einskis ófreistað til að leysa þessa ógiftusamlegu deilu.

Ég á þess ekki kost að taka frekari þátt í þessum umr., þar eð ég er á förum til Parísar, þar sem ég mun sitja tvo fundi ýmissa ráðh. vestrænna landa, en þátttaka mín í þeim fundum var ákveðin og tilkynnt snemma í síðasta mánuði. Er aðalerindi mitt að vinna að málstað Íslands í landhelgismálinu. Veit ég ekki, hvort mér verður nokkuð ágengt, en ekki skortir mig viljann, og ég veit einnig, að einhuga góðhugur allrar íslenzku þjóðarinnar fylgir mér til leiðarenda.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, lokið máli sínu. — Tekur nú til máls síðari fulltrúi Sjálfstfl., hæstv. dómsm.- og utanrrh., Bjarni Benediktsson.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Íslendingar hafa lengst af búið í strjálbýli og þurft að sækja viðurværi sitt í jarðargróður eða sjávarafla. Meðan svo háttaði, þurftu menn mjög að treysta á sinn eigin mátt og megin, og gat þó aldrei dulizt, að veðurfar og aflabrögð réðu eigi síður miklu um afkomu þeirra en dugnaður og atorka, jafnframt því sem afkoman var ætíð mjög háð verzlunarháttunum.

Íslendingar voru lengi lítt félagslyndir, og var það eitt helzta verkefni forustumanna á 19. öld og fyrri hluta hinnar 20. að vekja þá til vitundar um mátt og gagnsemi samtakanna. Allt hefur þetta gerbreytzt á fáum árum. Sem betur fer helzt að vísu enn víðast hvar byggð um sveitir lands-

ins, en svo margir búa nú í þéttbýlinu, að höfuðborg okkar er sennilega hlutfallslega hin stærsta í heimi. Með almennum samtökum hafa menn sigrazt á ýmsum örðugleikum okkar harðbýla lands og bætt aðstöðu sína til framleiðslu og viðskipta, enda hefur félagslyndi þroskazt svo, að ýmsir virðast nú ætla, að öllu verði náð, ef menn bindast um það samtökum eða gera um það fundarsamþykktir.

Þéttbýlið og meiri verkaskipting með þjóðinni en áður leiða meira að segja til þess, að sumir gleyma því, að líf hvers einstaklings og þjóðarheildarinnar er enn mjög háð veðurfari og aflabrögðum. Í stað þess að gera sér þessi einföldu sannindi ljós, er reynt að telja mönnum trú um, að ekki þurfi annað en að samþykkja nógu háar kröfur á hendur einhverjum öðrum eða nógu mögnuð afskipti ríkisvaldsins og ráðsmennsku þess, til þess að allt sé í lagi. Skýzt þá sumum einnig yfir, að afkoma okkar er mjög háð viðskiptum við aðrar þjóðir og verðlagi á heimsmarkaði, sem við ráðum litlu eða engu um.

Stjórnarandstæðingar, svo sem hv. þm. Ásmundur Sigurðsson áðan, kenna t. d. ríkisstj. og stefnu hennar um, að afkoma almennings sé ekki svo góð sem skyldi, og fullyrða, að lífskjörunum hafi hrakað á seinni árum, annaðhvort vegna illvilja eða mistaka ríkisstj. Það er saga fyrir sig, hvort það sé satt, að lífskjörunum hafi hrakað síðari ár. Það er a. m. k. fullvíst, að frásagnir stjórnarandstæðinga um það eru mjög villandi, og öruggt er, að ekki er það vegna skorts á verkföllum eða af því að kaupið hafi ekki hækkað í krónutölu, ef lífskjörunum hefur hrakað.

Hitt væri að vísu ekki nema eðlilegt, að þjóðin ætti nú við verri kjör að búa en á fyrstu árunum eftir stríðið. Þá voru afurðir okkar enn í háu verði, miðað við verð á þeim vörum, sem við þurftum að kaupa inn, og aflabrögð og árferði var gott, miðað við það, sem síðar hefur verið. Nokkur aflabrestur varð raunar þá þegar á síldveiðum, en þess er að gæta, að til viðbótar eðlilegum tekjum af atvinnuvegunum vorum við þá enn að eyða því fé, sem við höfðum aflað á stríðsárunum. Því fé var að verulegu leyti varið til framkvæmda, sem ætla mátti að mundu reynast nytsamar, og þó að þá færi eitthvað í súginn eins og gengur, þá hafði fjöldi manna vinnu af þessum framkvæmdum öllum og naut því mikils góðs af þeim, meðan þær stóðu yfir, en á því byggist það ástand í atvinnumálum á þessum árum, sem Einari Olgeirssyni varð svo fjölrætt um áðan.

Hitt gleymdi Einar að minna á, að mikill hluti þessara framkvæmda var gerður til þess að geta hagnýtt síldaraflann hér við land. Menn vonuðust þá til og byggðu á fyrri ára reynslu um það, að þessi síldveiðiundirbúningur yrði mjög arðbær, þegar tímar liðu. Við skulum vona, að svo muni reynast, áður en yfir líkur, en enn sem komið er hefur hann einungis orðið að byrði. Í þessum miklu síldveiðiframkvæmdum höfum við bundið stórkostlegt fé, og ekki nóg með það, við síldveiðarnar hafa á ári hverju unnið þúsundir manna. Öll vitum við, að því vinnuafli og þeim fjármunum hefur að verulegu leyti verið kastað á glæ nú um margra ára skeið. Að kunnugustu manna yfirsýn má ætla, að þótt ekki hefði fengizt á sumarsíldveiðunum árin 1945—52 nema meðalafli, miðað við næstu ár á undan, þá hefðu gjaldeyristekjur þjóðarinnar á þessum árum reynzt 1500 millj. kr. meiri en raun varð á, og hefðu þar af komið í hlut útvegsmanna og skipverja nær 900 millj. meira en var. Þetta hlýtur að segja til sín í afkomu alls almennings, ekki aðeins þeirra, sem þennan atvinnuveg hafa stundað, heldur og allrar þjóðarinnar. Ofan á þetta hefur bætzt eyðing fiskimiðanna og þar af leiðandi aflatregða á öðrum veiðum en síldveiðum, harðindi í sumum byggðarlögum ár eftir ár og óhagstæðari verzlunarkjör en voru á fyrstu árunum eftir stríð, eins og þegar hefur verið rækilega sýnt fram á í þessum umræðum og ég þarf því ekki að rekja frekar.

Ástæðan til þeirrar verðbreytingar er sú, að á fyrstu árunum eftir stríð var í nágrannalöndum okkar skortur á matvöru, sem nú er úr sögunni. Kommúnistar segja raunar, að það sé rangri stefnu í afurðasölumálunum að kenna, að við eigum nú við erfitt verzlunarárferði að búa, og færðu fulltrúar þeirra áðan þá kenningu sína í æði skáldlegan búning. Sá söguburður kommúnista hefur verið marghrakinn. Þegar því t. d. er haldið fram, að ríkisstj. vilji ekki hafa viðskipti við Austur-Evrópu, er sannleikanum alveg snúið við. Íslenzka stjórnin hefur gert allt, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að greiða fyrir viðskiptunum og hefur samkvæmt óyggjandi alþjóðlegum skýrslum tekizt það miklu betur en flestum eða öllum öðrum stjórnum vestan járntjaldsins. Fyrirgreiðsla stjórnarinnar hefur komið fram með mörgu móti. Alveg nýlega hefur t. d. ríkisstj. lagt fram um 50 millj. kr. ríkisábyrgð til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum. Stjórnin hefur meira að segja oft og tíðum neytt innflytjendur til að kaupa vörur hærra verði frá þessum löndum en þeir gátu fengið þær fyrir annars staðar, til þess með því móti að létta undir með sölu íslenzkra afurða. Af þessu hefur leitt hærra verðlag en ella innanlands, en ef það er eina ráðið til þess að halda uppi atvinnunni, tjáir ekki að horfa í það, og allra sízt situr það á þeim, sem ætíð kvarta undan, að viðskiptin við þessi lönd séu allt of lítil, að býsnast yfir því háa verðlagi, sem af þeim viðskiptum leiðir, en það gerðu kommúnistar áðan.

Til staðfestingar því, að núverandi ríkisstj. hafi greitt fyrir viðskiptum við þessi lönd, skal ég aðeins geta þess, að á árinu 1946, þegar kommúnistar voru í ríkisstjórn, seldum við til Póllands fyrir aðeins 750 þús. kr., en á árinu 1951 fyrir nærri 38 millj. kr. Til Tékkóslóvakíu seldum við 1946 fyrir 8½ millj., en á árinu 1951 fyrir rúmar 17 millj. kr. Til Ungverjalands seldum við 1951 fyrir rúmar 2 millj., en ekkert 1946.

Um tilraunir Íslands til viðskipta við sjálf Sovétríkin rússnesku skal ég aðeins vitna til tilkynningar utanrrn. um þessi efni, er gefin var hinn 31. okt. s. l. Þar er sannað, að íslenzka stjórnin hefur æ ofan í æ leitað eftir því við rússnesk stjórnarvöld, að verzlunarviðskipti milli landanna gætu tekizt. Það hefur ætíð strandað á rússnesku stjórninni. Síðast skrifuðum við rússneska sendiráðinu um þessi efni hinn 7. okt. s. l.,

og hefur reynzt enn sem fyrr, að tregt er um svar, og er það ókomið enn.

Þessi framkoma Rússa í viðskiptum við Íslendinga kemur nú orðið engum á óvart. Hv. þm. Áki Jakobsson lýsti á sínum tíma yfir því hér á Alþ., að ekki væri hægt að búast við því, að Rússar vildu verzla við Íslendinga, meðan svo vondur maður sem Bjarni Benediktsson væri utanríkisráðherra. Þarna kom fram, að skilyrði viðskiptanna væri, að Rússar réðu utanríkisstefnu Íslendinga. Síðan hafa kommúnistar reynt að hlaupa frá þessari hreinskilnu yfirlýsingu Áka Jakobssonar, en við réttarhöldin í Prag nú síðustu vikurnar hafa komið fram í þessu mikilsverð gögn.

Í tékkneska blaðinu Lidova Demokratice frá 26. nóv. s. l. er t. d. sagt frá því, hvernig fyrrverandi aðstoðarverzlunarmálaráðherra Tékka, Rudolf Margolius, hafi játað á sig skemmdarverk í utanríkisverzlun landsins. Segir þar, að Margolius hafi látið hagsmuni Tékkóslóvakíu sitja á hakanum fyrir hagsmunum auðvaldsríkja, sem hann gerði viðskiptasamninga við, og telur hann Ísland sérstaklega á meðal þessara ríkja og segist hafa verið því mótfallinn, að fiskur og fiskafurðir yrðu fluttar inn frá Póllandi, þótt slíkur innflutningur þaðan hefði auðveldlega fullnægt Tékkóslóvakíu. Að fenginni þessari játningu lýsti ákærandinn því, að með því að gera slíka samninga hefði sakborningurinn framið skemmdarverk gegn grundvallarreglum þeim, sem viðskiptasamninga hinna kommúnistísku ríkja ætti að byggja á.

Margolius var síðan dæmdur til dauða og hengdur miðvikudaginn 3. des. s. l. En daginn áður var yfirmaður hans, sjálfur verzlunarmálaráðherrann, sviptur embætti, og má nærri geta um orsakirnar til þess. Eftir þessa harmsögu ætti að vera óþarfi að deila um, af hverju erfiðleikarnir um viðskipti við þjóðirnar austan járntjalds spretta.

Annar söguburður kommúnista um afurðasöluna er eftir þessu. Hv. varaþm. Magnús Kjartansson sagði frá því á Alþ. 29. okt. s. l., að íslenzkur saltfiskur, sem íslenzkir framleiðendur fengju greiddar fyrir hér á landi kr. 2.90 fyrir kg, kostaði í smásölu á Ítalíu kr. 9.66 kg. Þm. sagði því hækkunina vera hvorki meira né minna en 233% og bætti við: Þótt hluti af þessu væri eðlilegur kostnaður, væri augljóst, að millilíðaokrið væri óhemjulegt og auðvelt ætti að vera að tryggja Íslendingum mun hærra verð með heiðarlegum verzlunarháttum. — Þannig segir Þjóðviljinn frá þessari uppljóstrun ritstjóra síns, og skal ég ekki dæma um sannleiksgildi hennar, en sé hún rétt, er það vissulega einsdæmi, að svo sé um nokkuð það, er kemur frá þeim hv. varaþm. og ritstjóra.

En það eru aðrar frásagnir, sem ég hef úr öruggum skýrslum og ekki verða vefengdar, frásagnir, sem eru lærdómsríkar á margan veg, m. a. um það, hvort við mundum eiga von á lægri álagningu en nú á nauðsynjum, ef kommúnistar fengju að ráða einir hér á landi.

Rússar keyptu saltsíld frá Íslandi á árinu 1946, þegar hv. þm. Áki Jakobsson var yfirmaður sjávarútvegsmála. Verðið á hverju kg síldarinnar, sem framleiðendur fengu hér, var kr. 1.71. Samkvæmt skýrslu sendiráðs Íslands í Moskva, dags. 2. des. 1946, til utanrrn. var íslenzka síldin seld í verzlunum í Moskva út á skömmtunarseðla fyrir ísl. kr. 39.16. Það verð er 2190% hærra en verðið, sem íslenzku framleiðendurnir fengu fyrir vöru sína.

Með þessu er þó ekki sagan öll sögð. Þeir, sem ekki eru í náðinni hjá stjórnarherrunum í Moskva, verða að kaupa nauðsynjar sínar án skömmtunarseðla. Á þessum tíma var því saltsíld einnig seld í verzlunum austur þar óskömmtuð, en kostaði þá hvert kg frá kr. 85.92 upp í kr. 220.92. Íslenzka síldin var ein dýrasta síldartegundin, sem þar var seld, og ef við miðum við það, þá var álagningin til þeirra, sem ekki fengu skömmtunarseðla, á þessa íslenzku vörutegund 12850% frá því, sem íslenzku framleiðendurnir fengu fyrir vöruna.

Kommúnistaþingmanninum þótti mikið um álagninguna á ísl. saltfiskinn suður á Ítalíu, og kommúnistar hér guma mikið yfir álagningu íslenzkra heildsala. En hvað er hún hjá því, sem þarna reyndist um íslenzku síldina austur í sæluríki kommúnista? Þeir, sem telja þá stjórnarhætti, er til slíkra óskapa leiða, hina eftirsóknarverðustu, ættu sannarlega hvorki að býsnast yfir lélegri afurðasölu íslenzkra útflytjenda né ásaka íslenzka innflytjendur fyrir álagningu þeirra, eða hver getur nefnt dæmi úr íslenzkri verzlunarsögu, sem við þetta jafnist?

Áróður kommúnista er við það miðaður að villa um fyrir veilum sálum, en ekki hitt, að segja mönnum, hvað er satt og rétt. Enginn skyldi halda, að það hefni sín ekki að hafa slíkan málflutning í frammi. Einhverjir láta raunar ruglast um sinn — og því miður of margir, eins og dæmin sanna. En heilbrigð skynsemi og dómgreind almennings verður þó yfirsterkari að lokum. Við hinu verður ekki gert, að þessar sífelldu staðlausu ásakanir trufla hugarfar þeirra sjálfra, sem um það gera sig seka. Dæmi þess varð alþjóð heyrinkunnugt á s. l. hausti. Einn forustumanna kommúnista, aðalfjármálasérfræðingur flokksins, sem þó alveg nýlega hafði verið í framboði við alþingiskosningar fyrir flokk sinn, var að næturlagi á ferðalagi milli Akureyrar og Reykjavíkur með svefnvagninum svo kallaða. Er menn héldu hann hafa sofnað værum blundi, hrökk hann skyndilega upp og kvað sér vera horfið stórfé síðan hann kom í vagninn. Við rannsókn sannaðist, að hann hafði sjálfur á sér peningana, sem hann fullyrti, að sér væru horfnir.

Þetta atvik er engin tilviljun. Það er táknrænt fyrir hugarfar og baráttuaðferðir kommúnista. Hinar sífelldu staðlausu ásakanir kommúnista enda með því að æra þá sjálfa. Hér í lýðræðislandi getum við tekið þessu léttilega, en öðruvísi horfir við, þar sem þessir menn einir hafa völdin. Þar er miskunnarlaust fylgt þeirri höfuðkenningu hinna kommúnistísku fræða, að réttvísin eigi að vera verkfæri í höndum valdhafanna. Þar nægir ákæra valdhafans til þess, að hinum ákærða sé miskunnarlaust refsað.

Slíkur hugsunarháttur er okkur Íslendingum fjarlægur, en við skulum þó gæta þess, að hann eitri ekki smám saman hugarfar einhvers hluta

þjóðarinnar. Það má aldrei þola neinum það að láta önnur lög ganga yfir vini sína og skoðanabræður en aðra landsmenn. Öllum getur að vísu skjátlazt, því að enginn er alfullkominn, en munurinn er sá, hvort menn vilja keppa að því, að lögin gangi jafnt yfir alla, eða beita réttvísinni á þann veg, sem hin kommúnistísku fræði segja til um og við heyrum nú daglega ömurleg dæmi um utan úr heimi. Hinn kommúnistíski hugsunarháttur hlýtur að leiða til ofbeldis og kúgunar, og þegar uppi er í landinu heill flokkur, sem meðal annars með þessu móti vill grafa undan lögum og rétti, þá hlýtur að spretta af því ýmiss konar ófagnaður; eða getur nokkrum dulizt, að þarna er m. a. að leita skýringanna á vaxandi ofbeldishneigð nokkurs hluta íslenzks æskulýðs og ýmissa annarra óheillafyrirbæra í íslenzku þjóðlífi?

Efnahagsmálin eru að vísu mikilsverð, en við skulum þó varast að hugsa um þau ein. Maðurinn lifir ekki á einu saman brauði, og það er einnig hægt að villa svo fyrir mönnum, að þeir gleymi hinum gömlu sannindum, að þeir verða að vinna fyrir brauðinu í sveita síns andlitis. Sá hugsunarháttur, sem ég drap á áðan, að það eitt nægi til þess að sjá öllu borgið að koma saman og gera samþykktir, er merki þess, að menn hafa misst sjónar af þeim staðreyndum, sem byggja verður á, ef vel á að fara. Afskipti ríkisins og samtakamáttur ýmiss konar félagsheilda gera gagn, meðan menn halda sér að því, sem mögulegt er og framkvæmanlegt, en lengur ekki.

Það er t. d. enginn efi á því, að þátttaka Íslands í ýmiss konar alþjóðlegum samtökum á undanförnum árum, t. d. samstarfinu, sem kennt er við Marshall, hefur haft mjög heillavænleg áhrif, gagnstætt því sem kommúnistar létu í kvöld. Bein óafturkræf framlög til okkar, auk lána og fyrirgreiðslu um afurðasölu í þessu sambandi, hafa numið 364 millj. kr. Þetta er að vísu ekki nema lítill hluti þess tjóns, sem við höfum beðið af aflabresti, harðindum og óhagstæðu verði á íslenzkum vörum undanfarin ár. En auðsætt er, að þessir örðugleikar mundu hafa orðið mun þungbærari fyrir almenning en orðið hefur, ef þessa samstarfs hefði ekki notið við, enda höfum við í skjóli þess ráðizt í stærstu verklegar framkvæmdir, sem hér hafa verið gerðar. Þetta þora kommúnistar ekki annað en að játa í öðru orðinu, eins og þegar Einar Olgeirsson í fyrra þakkaði þeim, kommúnistum, hversu mikil Marshallframlögin hefðu verið. En hin kommúnistíska skopparakringla snýst ört, og blasti önnur hlið hennar við okkur í kvöld en í fyrra. Hraðinn á snúningnum fer eftir því, hversu hvasst hann blæs að austan hverju sinni.

Samstarf, sem miðar að því að bæta hag þeirra, er saman vinna, hvers um sig og allra í heild, miðar til góðs, meðan menn láta það ekki verða til þess að rugla sig í þeim óhagganlegu sannindum, að til lengdar getur enginn lifað umfram efni. Þetta á jafnt við um samstarf þjóðfélagsþegnanna sem um samstarf milli ríkja.

Það er eðlilegt, að ríkið haldi uppi ýmiss konar starfrækslu, ráðist í margs konar framkvæmdir og hlaupi undir bagga með þeim, sem fyrir sérstökum óhöppum verða. Allt getur þetta komið að góðu gagni, en menn verða að muna, að það er ekkert allsherjar læknisráð að vísa á ríkið og þess úrræði. Ríkisstj. og Alþ. hafa ekki yfir öðru fé að ráða en því, sem tekið er af borgurunum sjálfum. Kröfur um nýjar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins, ráðstafanir, sem hljóta að hafa ný útgjöld í för með sér, eru þess vegna í raun og veru kröfur um nýja skatta. En hvar á að taka þá? Spyr sá, sem ekki veit. Og þeir verða áreiðanlega fleiri en ég, sem telja, að skattarnir séu nú þegar orðnir yfrið háir í þessu landi.

Nú þegar er búið, m. a. með háum sköttum á svo kallaðar hátekjur, að jafna lífskjörin svo hér á landi, að ekki er hægt að benda á neitt annað þjóðfélag, þar sem lífskjör manna eru svo jöfn sem hér. Samanburður Gylfa Þ. Gíslasonar á hlutfalli kaups verkamanna 1939 og 1950 var mjög villandi, þegar af þeirri ástæðu, að hann gleymdi því hryggilega atvinnuleysi, sem var hér á árunum fyrir 1939 og á árinu 1939 sjálfu. Hann bar aðeins saman tímakaupið, en ekki hversu marga tíma hver maður vann og þess vegna hvert raunverulegt kaup hans var. Og það vita allir, að þó að nokkuð hafi borið á atvinnuleysi, því miður, sérstaklega á s. l. ári, þá er það alveg hverfandi, miðað við það, sem var á árunum fyrir stríð. Hlutfallslega eru verkamenn því, þegar á heildartekjur þeirra er litið, miklu betur staddir en Gylfi Þ. Gíslason vildi vera láta. Jöfnuðurinn er góður og nauðsynlegur og okkar mesta stolt, Íslendinga, að við höfum meiri jöfnuð en nokkur önnur þjóð. En við skulum þó minnast orða Stalíns, mannsins, sem Brynjólfur Bjarnason í för sinni á þing hins „dýrðlega kommúnistaflokks“ á dögunum nefndi „hinn mikla“, þeirra orða, er sá „mikli maður“ mælti í ræðu 1934, er hann sagði á þessa leið:

„Það verður í eitt skipti fyrir öll að yfirvinna vöntunina á persónulegri ábyrgð við vinnuna og útrýma jafnaðarfarganinu úr launakerfinu.“

Þetta sagði sá „mikli maður“. Við Íslendingar viljum þó áreiðanlega ekki ganga jafnlangt í ójöfnuðinum og gert er í Rússlandi, þar sem fjöldi embættismanna og gæðinga stjórnarinnar hefur t. d. 27-föld laun á við verkamenn. Við látum okkur nægja, að æðstu embættismennirnir hafi tvöföld verkamannalaun. En verður er verkamaðurinn launanna, og erfiði og áhætta, sem samfara er dug og framtaki, krefst sinnar umbunar, enda getur ekkert þjóðfélag staðizt til lengdar, þar sem ekki er gert mögulegt að safna því fjármagni, sem er nauðsynleg undirstaða heilbrigðs atvinnurekstrar, er einn getur tryggt almenningi örugga og stöðuga atvinnu. Er eftirtektarvert, að sú söfnun fjármagns, sem t. d. Einar Olgeirsson taldi upp áðan og fann að, er að langmestu leyti í höndum aðila svo sem Eimskips, bankanna og annarra slíkra, sem starfa beinlínis að uppbyggingu atvinnulífsins. Hvaða sjómaður vildi vera án nýju Fossanna, prýði Íslands? En það eru möguleikarnir til þess, að slík nýsköpun geti átt sér stað, sem Einar Olgeirsson og hans félagar vilja nú koma í veg fyrir.

Stjórnarandstæðingar tala um verzlunargróða. En hvernig stendur á því, að kaupfélögin, sem þeir sjálfir standa fyrir, bæði Kron og kaupfé-

lagið á Ísafirði, sem Hannibal Valdimarsson er einn aðalmaðurinn í, skuli ekki halda álagningunni niðri, ef hún er óhæfileg? Þeir hafa það í hendi sér að keppa út alla heildsalana og kaupmennina. Það, að þeim tekst það ekki, er þyngsti dómurinn yfir allri þeirra orðmælgi hér í þinginu nú og endranær.

Skattabyrðin reynist almenningi einmitt svo þung vegna þess, að nú þegar er búið að skattleggja þá, sem hærri tekjurnar hafa, svo mikið, að með hærri skattstigum er ekki hægt að auka tekjur ríkissjóðs svo að neinu nemi. Þess vegna verður að innheimta skattana af öllum fjöldanum, svo að ríkis- og sveitarstjórnir geti staðið undir öllum þeim margháttuðu verkefnum, sem á þær hefur verið hlaðið. Kröfurnar um ýmiss konar ráðstafanir af hálfu þessara aðila eru því nú orðið ekkert annað en kröfur um, að aukið fé sé tekið af öllum almenningi og ráðstafað með einhverja sérhagsmuni fyrir augum. Þetta eru einföld sannindi, sem vissulega er kominn tími til að menn átti sig á og skilji til hlítar.

Jafnhliða sífelldum kröfum um stórauknar framkvæmdir af hálfu ríkisins er nú krafizt skattalækkana. Ég skal vera fyrsti maður til að styðja þær, aðeins ef sýnt er fram á, hvað af ríkisútgjöldunum er hægt að skera niður, en þar láist þessum sömu mönnum að bera fram raunhæfar till. Það kom glögglega fram hjá Hannibal Valdimarssyni áðan, eða hver trúir því t. d., að hann muni, þegar þar að kemur, beita sér fyrir afnámi greiðslu á eftirvinnu opinberra starfsmanna? Hann, maðurinn, sem lagði á það alveg sérstaka áherzlu í ræðu sinni, að þeir ættu nú þegar við of bág kjör að búa. Nei, hjá kröfuforsprökkunum stangast sannarlega hvert á annars horn.

Sannleikurinn er sá, að allt of margir vilja hlunnindin, en ekki útgjöldin, sem þeim fylgja. Auðvitað er með löggjöf hægt að veita síaukin hlunnindi til alls og allra, alveg eins og hægt er með samningum að kveða á um hvaða kaup sem vera skal. En ef þetta styðst ekki við veruleikann, ef raunveruleg geta er ekki á bak við, kemur þetta að engu haldi, heldur hefnir sín áður en varir með enn auknum örðugleikum.

Eins og högum okkar nú er háttað, verður augunum ekki lokað fyrir því, að við sem þjóð lifum umfram efni. Einni þjóðfélagsstétt þýðir ekki framar að gera kröfur á hendur öðrum, hvorki öðrum stéttum né þjóðarheildinni. Slík kröfugerð getur aðeins leitt til vandræða, til verðbólgu, til eyðingar fjárverðmætanna, gengislækkunar og enn aukinna örðugleika hvers einstaklings og þjóðfélagsheildarinnar.

Þetta eru erfiðar staðreyndir, en engu að síður sannar. Eina örugga ráðið til að bæta hag þjóðarinnar til frambúðar er aukin sköpun verðmæta, sem ekki verður náð nema með stöðugri vinnu, meiri afköstum, aukinni og fjölbreyttari framleiðslu. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, lokið máli sínu. Er hann síðasti ræðumaðurinn hér í kvöld. Umr. er nú frestað og heldur áfram kl. 8 annað kvöld.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (almennri umr., útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá er fundur settur í Sþ. Er þegar gengið til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskránni, sem er fjárl. 1953, 1. mál, þskj. 335, frh. 3. umr., og er það framhald útvarpsumr., sem hófst hér í gærkvöld. — Í kvöld verður umr. hagað á þann hátt, að það eru 3 umferðir: 1. umferð 20 mín., 2. umferð 15 mín. og 3. umferð 10 mín. Röð flokkanna við þessa umr. í öllum umferðum er þannig, að fyrst er Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl., þá Framsfl., síðan Alþfl. og síðast Sjálfstfl.

Nú hefst umr., og tekur fyrstur til máls hv. 7. landsk. þm., Finnbogi R. Valdimarsson.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar litazt er um í þjóðfélagi okkar í dag, virðast mér þrjár staðreyndir benda til þess, að allmikil tímamót fari í hönd í stjórnmálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessar þrjár staðreyndir eru:

1) Vinnudeilurnar, sem nú standa yfir, og afstaða ríkisstj. til þeirra.

2) Það viðskiptastríð — og kalda stríð, sem stj. Bretlands hefur sagt þjóð okkar á hendur.

3) Að gjöfum þeim er nú lokið, sem erlent herveldi hefur sæmt okkur á undanförnum árum, eftir að það hefur fengið þau gjöld fyrir, sem til var ætlazt, en þau eru, að það hafi hér her í landi næstu áratugi.

Þessar þrjár staðreyndir benda til þess, að fram undan sé hörð barátta, ekki aðeins fyrir vinnustéttir þessa lands fyrir kjörum sínum, heldur einnig hörð barátta allrar þjóðarinnar fyrir hugsjónum sínum um sjálfstæðan tilverurétt.

Það stendur yfir vinnudeila, víðtækari en dæmi eru til áður á Íslandi. Á milli 10 og 20 þús. verkamenn hafa lagt niður vinnu, og fleiri hundruð eða þúsundir eiga eftir að bætast við, ef á löngu líður að deilan verði leyst. Verkafólkið hefur lagt niður vinnu, vegna þess að það getur ekki lengur lifað sómasamlegu lífi á þeim launum, sem það hefur, við þá dýrtíð, sem hér er. Þessari staðreynd treystist enginn til að mótmæla. Dýrtíðin hér á landi samkv. opinberum vísitölum, sem að vísu sýna dýrtíðina lægri en hún er, hefur aukizt hraðar og meira í stjórnartíð núverandi ríkisstj. en í nokkru landi öðru í heiminum á sama tíma. Þeirri staðreynd treystist heldur enginn til að mótmæla, því að hana sýna alþjóðlegar skýrslur. Hæstv. ríkisstj. hefur í sinni þjónustu hagfræðinga til að falsa hagfræðilegar staðreyndir. Ég skora á hana að láta þá afsanna þessa staðhæfingu, að hún — hæstv. ríkisstj. — hefur sett heimsmet í dýrtíðaraukningu í sinni stjórnartíð. Þessi staðreynd sannar einnig, að það er þessi sama ríkisstj., sem hefur skapað dýrtíðina hér, en dýrtíðin stafar ekki öll af almennum verðhækkunum á erlendum mörkuðum, því að annars hefði sama dýrtíð og hér er komið fram í nálægum löndum á sama tíma. Dýrtíðin hér, a. m. k. að því leyti, sem hún er meiri en í öðrum löndum,

er heimatilbúin, verk hæstv. ríkisstj., enda vita allir, að verk hæstv. ríkisstj., gengislækkun, sem olli 75% verðhækkun á allri erlendri vöru í innkaupi, hækkun skatta og tolla, leyfi til ótakmarkaðrar álagningar á hækkað verð og hækkaða tolla, hlaut að valda ægilegri dýrtíð. Hér mun einnig hafa verið sett heimsmet í frögtum, öllum flutningsgjöldum á vörum til landsins og frá, allt að því heimsmet í okurvöxtum á lánsfé og a. m. k. Evrópumet í upphæð óbeinna skatta og nefskatta á alþýðu manna. Svar atvinnurekenda til verkalýðsins í verkfallinu nú er, að vegna þess að atvinnurekstur þeirra stynji undir allri þessari margvíslegu áþján — alveg eins og verkalýðurinn — geti þeir ekki greitt hærra kaup, nema létt sé af þeim þessari áþján skatta, vaxta, fragta, tolla og okurálagningar á nauðsynjar atvinnuveganna. Ef menn efast um, að þetta sé satt, þá ættu menn að hugleiða, hvort ekki er eitthvað að í þjóðfélagi, þar sem þjóðþrifafyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands — óskabarn þjóðarinnar fyrr og síðar — leyfir sér að taka allt að 14 millj. kr. gróða á ári á því að flytja nauðsynjar þjóðarinnar heim og framleiðslu hennar út, eftir að það hefur endurnýjað skipastól sinn fullkomlega, — eða þegar bankar landsins safna tugmilljóna gróða árlega. Sjálfur Landsbankinn, sem þjóðin á sannarlega, safnar 28 millj. gróða á einu ári af viðskiptum sínum við atvinnuvegina og alla landsmenn. Hamingjan má vita, hvað sú stofnun heldur sig hafa að gera með að græða árlega 28 millj. fallinna og fallandi seðlakróna, og þó að það væri gull, — gulltrygging íslenzkra seðla er ekki í pokum í kjallara Landsbankans, heldur íslenzkar vinnuhendur til lands og sjávar. Ef þær eru hraustar og fá að vinna með verkfærum við sitt hæfi, þá er króna okkar tryggð, en annars ekki.

Það er svo komið í þessari vinnudeilu, að atvinnurekendur og verkalýðurinn eru í raun og veru sammála, af því að báðir aðilar stynja nú undir sama fargi: dýrtíðarvaldinum hér á landi, okri milliliðanna og áþján skatta og tolla. Báðir aðilar snúa sér til þess eina aðila, sem hefur það á valdi sínu að létta þessu fargi af svo að nægi, til hæstv. ríkisstj. Tugir þúsunda, háir og lágir, ríkir og fátækir, bíða og hlusta eftir svari ríkisstj. Þeir fengu svarið þegar í upphafi verkfallsins og aftur í gærkvöld. Svar ráðh. er þetta: Okkur kemur þetta ekki við, og auk þess getur ríkisstj. ekkert gert til þess að leysa deiluna. — Hæstv. fjmrh. sannaði, að á 400 millj. fjárl. finnist enginn liður, þar sem hægt sé að spara eina krónu, ekki einn einasta sendiherra, ekki eina einustu sendiför, ekki eina veizlu, ekki einn bíl, ekki eitt embætti; það væri þá helzt á kennslumálum, sagði hæstv. ráðh. Hann hefur verið kennslumálaráðh. Ég ætla ekki að fara að pexa um þetta við þennan hæstv. heimsmeistara í dýrtíð og Íslandsmeistara í eyðslu og pexi. Það muna allir þá tíð, að hv. framsóknarmenn, ekki sízt þessi hæstv. ráðh., þóttust geta bent á sparnaðarleiðir, og það vita allir ástæðuna fyrir því, að þeir geta það ekki í dag. Aðeins eitt dæmi: Í eldhúsumr. 1950 sagði hæstv. Framsóknarráðh. orðrétt: „Framsóknarmenn fengu því ekki ráðið, að sendiherrum á Norðurlöndum væri fækkað um einn.“ Síðan hafa verið skipaðir 2 sendiherrar á Norðurlöndum; þeir eru báðir framsóknarmenn. Nú veit þjóðin það, að á 400 millj. kr. fjárl. er ekki hægt að spara grænan eyri, og þjóðin veit meira. Hún veit nú, að ríkisstj. vill ekki leysa vinnudeiluna. Það kemur hæstv. ráðh. ekki við, þótt flestallir atvinnuvegir þjóðarinnar og samgöngur séu stöðvaðar. Ríkisstj. vill að vísu, að vinnudeilan leysist, en á einn veg, þann veg, að þegar verkafólkið sé orðið svo soltið, að það hafist ekki við lengur, þá fari það aftur að vinna við sömu kjör og sömu dýrtíð og þá fari atvinnurekendur aftur að gera út sín skip, reka sinn iðnað við sömu aðbúð af ríkisvaldsins hálfu, sömu skatta og tolla, sömu vexti, sömu vátryggingargjöld, sömu fragtir, sama milliliðaokur og sömu dýrtíð.

Hvernig stendur á þessu? Er ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. ekki fyrst og fremst ríkisstj. atvinnurekendanna í aðalframleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar? Er hún ekki stj. smárra og stórra útvegsmanna, iðnrekenda og bænda? Nei, hún er fyrst og fremst ríkisstj. þeirrar einu virkilegu gróðastéttar, sem til er í þessu landi, milliliðaokraranna, en sú gróðastétt er nú slitin úr öllum hagsmunatengslum við aðalframleiðsluatvinnureksturinn í landinu — í útgerð, í iðnaði og í landbúnaði. Ég skal skýra þetta. Það græðir enginn stórfé á búskap, en það er hægt að græða stórfé á því að flytja inn nauðsynjar landbúnaðarins, t. d. vélar, vélahluta, benzin og olíu. Smáútvegsmenn raka ekki saman fé, jafnvel ekki togaraeigendur. Þess vegna á Kveldúlfur nú ekki nema einn togara. En það er hægt að græða stórfé á því að flytja inn og selja útgerðinni nauðsynjar hennar, veiðarfæri, olíu, kol, salt o. s. frv. Það er hægt að græða stórfé á því að lána útgerðinni rekstrarfé. Það er hægt að græða milljónir á því að kaupa af útgerðinni fiskinn upp úr sjónum og selja hann aftur. Það er áhætta að eiga fé sitt í fiskiskipum, stórum og smáum, og þeir verða aldrei stórríkir, sjómennirnir, sem hætta lífi sínu á þeim skipum og bátum. En það er hægt að græða milljónir árlega á því að vátryggja þessi skip og þessa menn. Við greiðum aðeins erlendum vátryggingarfélögum 21 millj. í árlegan gróða. Iðnrekendur kvarta hástöfum, gefast upp við sinn rekstur og segja verkafólki upp í hundraðatali, en það græðist vel á því að flytja inn hráefni til iðnaðar og þó mest á því að flytja inn tilbúnar iðnaðarvörur. Ríkir menn leggja nú ógjarnan fé sitt í útgerð eða iðnrekstur. Þeir geta haft það í útlánum með allt að 50% vöxtum á ári, með veði í húsum, sem húsnæðislaust fólk er að byggja eða kaupa, og þeim er óhætt að leggja það í heildverzlun, sem flytur inn nauðsynjar almennings og nauðsynjar atvinnuveganna. Á því græðist. En ef þeir ríku menn hafa einnig aðgang að lánsfé í bönkum þjóðarinnar og hafa tök á sjálfu ríkisvaldinu og sambönd við erlent fjármagn og auðhringa, þá er hægt að stofna risavaxin hlutafélög um t. d. bílainnflutning og bílaverzlun, olíuinnflutning og olíuverzlun, vátryggingar- og útlánastarfsemi og jafnvel eina

áburðarverksmiðju. Þess vegna hafa á síðustu árum þotið upp ný hlutafélög í þessum greinum, og í flestum hinna þekktustu þeirra hafa tvö nöfn fundizt meðal hluthafa, nöfnin Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson. Samvinna þessi mun vera nýjasta greinin á meiði samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi. Þessi tegund samvinnu blómgast t. d. ágætlega í Coca-cola-verksmiðjunni, Esso og Áburðarverksmiðjunni h/f. Það eru þessir menn, Björn Ólafsson, hæstv. viðskmrh., og Vilhjálmur Þór, sem mestu ráða um stefnu hæstv. ríkisstj. nú. Þeir Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., og Hermann Jónasson, hæstv. landbrh., sem eru taldir vera og eru í sínu kjördæmi kosnir til að vera og eflaust vilja vera fulltrúar smáútvegsmanna og bænda, þeir ráða minnu. Það, sem ræður, þegar á reynir og í odda skerst, eru hagsmunir hinnar einu raunverulegu gróðastéttar, milliliðaokraranna. Fulltrúar og tákn þeirra eru þeir menn, sem ég áður nefndi. Bezta dæmið um þetta er bátagjaldeyrisfyrirkomulagið. Útvegsmenn fá 50—60 millj. kr. ársstyrk til að halda útgerðinni á floti. Milliliðirnir fá 100 milljónir. Almenningur borgar og sveitist blóði sínu til þess að láta endana mætast, eins og sagt er, kaupið hrökkva fyrir sköttum og nauðþurftum. Og þetta, að gróðastétt milliliðanna hefur meiri áhrif í stjórnarfl. en atvinnurekendurnir í framleiðslunni, útvegsmenn og iðnrekendurnir, veldur því, að hæstv. ríkisstj. vill ekki leysa vinnudeiluna. Það er ekki hægt að leysa vinnudeiluna að gagni nema á kostnað gróðastéttarinnar, milliliðanna. Þar er við voldugan að etja, en það er eitt af menningaráhrifum verkalýðshreyfingarinnar í nútímaþjóðfélagi, að samtökin og hin hörðu átök, sem þau lenda í, kenna verkamönnum, hvílíkt afl þeir eru, ef þeir standa sameinaðir.

Nú stendur svo á, að í því stríði, sem hér er háð, eiga meira að segja atvinnurekendurnir, útvegsmenn og iðnrekendur, samleið með verkalýðnum um þá kröfu, að milliliðaokrararnir, sem hvergi koma nærri atvinnurekstrinum í framleiðslunni, sitji ekki lengur einir að gróðanum í þjóðfélaginu. Sú ríkisstj., sem veldur slíkri öfugþróun, óskynsemi og ranglæti, á að fara frá völdum og það fyrr en síðar. Ef þetta stríð vinnst ekki til fulls núna fyrir jól, þá er áreiðanlega hægt að vinna það um eða eftir sumarsólstöðurnar næstu. Þá verða kosningar, og ef alþýðan stendur þá sameinuð, getur hún unnið mikilvæga orustu í sínu langa stríði. Alþýðan vinnur alltaf og alls staðar sitt langa stríð að lokum. Hún vinnur það, þegar hún skilur, að það er hún, sem skapar öll verðmæti þjóðfélagsins, af því að það er hún, sem leiðir þau fram úr skauti náttúrunnar með sínum vinnuhöndum.

Fyrsta og helzta afsökun núverandi ríkisstj. er sú, að hún hafi tekið við af ábyrgðarlausri og skammsýnni ríkisstj., sem hafi látið sér nægja bráðabirgðalausnir á hverju vandamáli, sniðgengið erfiðleikana í stað þess að horfast í augu við þá og því siglt öllu í strand, áður en núverandi ríkisstj. tók við. Formenn þeirra flokka, sem standa að núverandi ríkisstj., hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, form. Framsfl., og Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., form. Sjálfstfl., hafa einkum lýst viðskilnaði þeirrar stj., sem núverandi stj. tók við af, og arfinum, sem hún skildi eftir, með miklum skarpleik og þunga. Ég þarf ekki að rekja nákvæmlega ummæli þessara hæstv. ráðh. um fyrirrennara sína. Þeir hafa haft þau yfir í hverjum eldhúsumr. nú síðustu árin, sem þessi ríkisstj. hefur setið. Þau eru í stuttu máli á þá leið, að bátaútvegurinn hafi verið gjaldþrota, nýsköpunartogararnir komnir að þroti, ríkissjóður kominn gersamlega í þrot, enda safnað óreiðuskuldum að upphæð allt að 190 millj. kr. á þeim þrem árum, sem sú ríkisstj. sat, sem hér um ræðir. Veltuskatturinn, tollarnir, gjaldeyrisskatturinn o. s. frv., samtals um 70 millj. kr., sem þjóðinni hafði verið sagt að væru innheimtar til þess að greiða niður framleiðsluvörurnar, höfðu farið í eyðslu, sagði Hermann Jónasson, hæstv. landbrh., í útvarpsumr. 1950. Niðurgreiðslurnar höfðu verið teknar að láni, og voru nú samansafnaðar vanskilaskuldir, en þessu var vitanlega ekki hægt að halda áfram lengur, af þeirri einföldu ástæðu, að ríkissjóður fékk hvergi lán og var kominn í þrot. Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., hefur lýst þessu mjög á sömu lund. Útgjöld ríkisins, sagði hann á einum stað, voru hækkuð úr 170 millj. í 300 millj. Stj. lagði nýja skatta á þjóðina, sem námu 100 millj. Samt var greiðsluhalli ríkissjóðs um 60 millj. á ári hennar þrjú valdaár. Vanskila- og óreiðuskuldum var safnað um þá upphæð. Verðbólgan óx um 60—70 stig. Þetta sagði hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, m. a. í Morgunblaðinu 21. okt. 1949, og báðir hafa form. núverandi stjórnarflokka lagt áherzlu á það, að sú ríkisstj., sem var við völd 1947—49, hafi með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi raunverulega fellt gengi íslenzku krónunnar og þannig gert gengislækkunina 1950 óhjákvæmilega staðfestingu á orðnum hlut, enda hafi stj. Stefáns Jóhanns byrjað hina opinberu gengisfellingu í október 1949.

Þetta eru helztu afsakanir og málsbætur núverandi stjórnarflokka fyrir gerðum núverandi stj., að gengislækkunin hafi verið óumflýjanleg nauðsyn, afleiðing þess, sem var áður orðið, bein afleiðing af stefnu stj. Stefáns Jóhanns 1947—49. En hvaða flokkar réðu þeirri stefnu? Það veit öll þjóðin, að það voru fyrst og fremst Sjálfstfl. og Framsfl., en Stefán Jóhann var þar áhrifalítil toppfígúra. Hverjir voru aðalmenn þessarar stj. Stefáns Jóhanns? Það voru Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson, núverandi hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh., sömu mennirnir og mestu ráða í núverandi ríkisstj. Hverjir tóku ákvarðanir í stefnu- og stjórnarathöfnum þessarar stj. Stefáns Jóhanns? Það voru vitanlega miðstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. undir forsæti Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar. Hlutverk Alþfl.-ráðh. í þessari stj., Stefáns Jóhanns og Emils Jónssonar, hv. 8. landsk. og hv. þm. Hafnf., hefur aldrei orðið augljósara en í stjórnarandstöðu þessara sömu manna í tíð núverandi stj. Þegar þeir hafa ráðizt á stefnu núverandi stj., sem þeir hafa oft gert af miklum krafti og gildum rökum, þá hafa þeir jafnan fengið sömu svörin frá núverandi hæstv. ráðh., þ. á m. og ekki sízt frá fyrrverandi

félögum sínum í stj. Stefáns Jóhanns, þeim Bjarna Benediktssyni og Eysteini Jónssyni, að þeim færist ekki að ráðast gegn stefnu núverandi stj., því að hún sé hin sama og stefna fyrstu stj. Alþfl. Þegar þeir hv. Alþfl.-menn og fyrrverandi ráðh. ráðast á kjaraskerðingu alþýðunnar af hálfu núverandi ríkisstj., eru þeir spurðir: Hver lögbauð fyrstu kjaraskerðingu alþýðunnar? Þegar þeir ráðast á skattaálögur núverandi stjórnarvalda, eru þeir spurðir: Hver lagði 100 millj. á bak alþýðunnar á einu ári? Hver lagði á söluskatt og tolla? Og þegar þeir ráðast réttilega á eyðslu og sóun og svik við sparnaðarloforðin, eru þeir spurðir: Hvað sparaði stj. Stefáns Jóhanns? Og þegar þeir ráðast réttilega á gengislækkanir núverandi stj., opinbera gengislækkun og raunverulega gengislækkun með bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu, eru þeir spurðir: Hver undirbjó raunverulega gengislækkun og framkvæmdi opinbera gengislækkun árið 1949? Og þegar þeir ráðast á bátagjaldeyrinn, er svarað: Er bátagjaldeyrir annað en hrognapeningar í 10. veldi — o. s. frv.? Þannig hefur stjórnarandstaða þessara hv. þm., Stefáns Jóhanns og Emils Jónssonar, verið ónýtt, ekki vegna þess að þeir séu ónýtir í ádeilum sínum á núverandi stj., heldur vegna þess, að það er auðvelt fyrir núverandi stj. að sanna, að stefna hennar er beint framhald af stefnu Stefáns Jóhanns-stjórnarinnar, enda sömu öflin og sömu mennirnir, sem mestu ráða, aðeins stórkostlegri og ósvífnari árásir á kjör alþýðunnar, því að ofan á skattpíninguna með tollum og söluskatti hefur verið bætt tvennum gengislækkunum, sem hafa leitt af sér miklu stórfelldari kjaraskerðingar alþýðunnar en stj. Stefáns Jóhanns stóð að, og þar á ofan bætist stórfelldara atvinnuleysi en var í tíð Stefáns Jóhanns-stjórnarinnar.

Fyrrverandi foringjar Alþfl. hafa sýnt góðan vilja til þess að veita núverandi ríkisstj. harða andstöðu hér á hv. Alþ., og þeir hafa sannarlega mikið til síns máls, þegar þeir hafa sýnt fram á það með rökum, hve stórlega hagur vinnandi fólks í landinu og aðstaða atvinnuveganna hefur versnað síðan á þeirra stjórnarárum fyrir beinar aðgerðir núverandi ríkisstj., en þeir hafa staðið höllum fæti í stjórnarandstöðunni vegna fortíðar sinnar. Þetta hefur fólkið í Alþfl. fundið. Það hefur nú loksins risið upp, kastað frá sér þessum forustumönnum sínum. En hentar það mjög vel hæstv. form. Sjálfstfl., Ólafi Thors, og Hermanni Jónassyni að sanna það við hverjar eldhúsumr., hve glæfraleg stefna Stefáns Jóhanns hafi verið og að núverandi stj. hafi tekið við gjaldþroti hennar? Og það er satt, þeir voru ekki í stj. Stefáns Jóhanns, en eru í þessari. En það hentar betur hæstv. varaform. stjórnarflokkanna, þeim hæstv. ráðh. Bjarna Benediktssyni og Eysteini Jónssyni, að sanna, að stefna núverandi stj. er hin sama og fyrrv. stj. Stefáns Jóhanns, að gengislækkuninni viðbættri, sem þeir hafa sannað að hafi verið óumflýjanleg nauðsyn, afleiðing þess, sem áður var orðið, eins og hæstv. ráðh. Eysteinn Jónsson hefur komizt að orði. Þessir varaform. stjfl. hafa verið í báðum þessum stj. og ráðið mestu í báðum. Hér er því sama stefnan og raunverulega sama stj. nema skipt um menn, form. stjfl. komnir í stað þeirra hv. 8. landsk. þm., Stefáns Jóhanns, og hv. þm. Hafnf., Emils Jónssonar. Nokkrar staðreyndir sýna þetta ljóslega. Útgjöld ríkisins voru, áður en stj. Stefáns Jóhanns tók við, um 170 millj., að því er haldið hefur verið fram. Sú stj. hækkaði þau í nær 300 millj. Núverandi ríkisstj. hefur komið þeim upp í 400 millj. Álögur á landsfólkið, skattar og tollar, hækkuðu í tíð stj. Stefáns Jóhanns um 100 millj., að því er núverandi hæstv. ráðh. telja. Núverandi stj. hefur hækkað álögurnar á þjóðina um 200 millj. Dýrtíðin samkv. gömlu visitölunni var í janúar 1947 310 stig, en í október 1952 619 stig, hefur hækkað um 300 stig. Skuldir ríkissjóðs hækkuðu samkv. uppgjöri hagstofunnar um 200 millj. í tíð stj. Stefáns Jóhanns. Þær hækkuðu um aðrar 200 millj. í tíð núverandi ríkisstj.

En hverju lofuðu stjfl. fyrir kosningarnar 1949? Hafa yfirlýsingar form. flokkanna og blaða þeirra í kosningabaráttunni þá skýrt málið? Um leið og form. flokkanna, Ólafur Thors og Hermann Jónasson, gagnrýndu stj. Stefáns Jóhanns svo harðlega, lofuðu þeir gerbreyttri stjórnarstefnu. Ég fylgdist ekki með kosningaloforðum Hermanns Jónassonar á Ströndum, en því betur með Ólafi Thors í Gullbr.- og Kjósarsýslu. Hann lofaði á hverjum fundi, að ef horfið yrði að gengislækkuninni, skyldu 100 millj. kr. skattar Stefáns Jóhanns-stj. afnumdir. Hann endurtók þetta loforð í aðalútvarpsræðu sinni fyrir kosningarnar, sem birt er í Morgunblaðinu 20. okt. 1949. Þar stendur:

„Ef breyta þarf skráðu gengi krónunnar til þess að auka kaupmátt hennar með því að afnema 100 millj. kr. skatta og svartamarkað og tryggja atvinnu handa öllum, þá er það almenningi til hagsbóta, og þá á að gera það.“

Getur þetta loforð verið skýrara? Ef gengið yrði lækkað, þá átti að afnema 100 millj. kr. skatta. En hvað var gert? Hundrað milljóna skattarnir voru ekki afnumdir. Álögurnar á þjóðinni voru raunverulega þrefaldaðar. 200 millj. kr. álögum var bætt við, eftir að gengið var lækkað.

Það sjá nú allir, að gengislækkunin hefur gersamlega mistekizt. En það verður að játa, að kjósendur Sjálfstfl. og Framsfl. 1949 trúðu á gengislækkunina sem bjargráð þá og þegar hún var framkvæmd. Nú trúir enginn á gengislækkun sem bjargráð, ekki einu sinni hæstv. ríkisstj. sjálf. En hve margir munu trúa kosningaloforðum þessara flokka um ný bjargráð og nýjar skattalækkanir fyrir næstu kosningar? Öll þjóðin veit, að ríkisstj. Bretlands hefur sagt ríkisstj. Íslands og íslenzku þjóðinni viðskiptastríð — kalt stríð — á hendur. Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, fór mjög hörðum orðum um framkomu brezkra togaraeigenda í gærkvöld og sveigði um leið fast að brezku stj. Við vitum, að það er í raun og veru brezka stj., en ekki brezkir togaramenn, sem lokar brezkum höfnum fyrir íslenzkum skipum eða setur löndunarbann á íslenzkan fisk. En hverju sætir það, að öndvegisþjóð lýðræðisins og vinaþjóð okkar beitir okkur ekki aðeins kúgun og ofbeldi, heldur sýn-

ir okkur um leið kalda fyrirlitningu? Við erum í bandalagi við þessa þjóð, ekki einu, heldur mörgum. Báðar þjóðirnar eru meðal Sameinuðu þjóðanna. Við erum í Atlantshafsbandalaginu með Bretum, jafnréttháir og þeir að sagt er. Í sáttmála þess segir, að þjóðirnar skuldbindi sig til samvinnu, ekki aðeins á hernaðarsviðinu, heldur einnig í efnahagsmálum og menningarmálum. Einmitt Bretar hafa viljað leggja mikla áherzlu á þetta síðasta. Við erum með Bretum í svo nefndu Evrópuráði. Í stofnskrá þess eru mjög hátíðleg heit og skuldbindingar um nána samvinnu. Við tókum ásamt Bretum þátt í svo nefndri efnahagssamvinnu til viðreisnar Evrópu. Um hana eru margir hátíðlegir og flóknir samningar um nána samvinnu og samhjálp. Í einum þessara samninga, sem Bretar hafa undirskrifað og Ísland einnig, segir svo meðal annars:

„Ríkisstjórn Bretlands mun gera þær ráðstafanir, sem hún telur viðeigandi, og mun hafa samvinnu við þátttökuríkin um að koma í veg fyrir, að beitt verði af hálfu verzlunarfyrirtækja einstaklinga eða opinberra aðila þeim verzlunaraðferðum, sem torvelda samkeppni, takmarka aðgang að mörkuðum eða stuðla að einokunarfyrirkomulagi, þegar slíkar aðferðir eða ráðstafanir verða til að hefta framgang hinnar sameiginlegu áætlunar um viðreisn Evrópu.“

Þetta samningsákvæði á við í þessu tilfelli. Við höfum enn fremur sérstakan samning um fisklandanir í Bretlandi, gerðan milli Íslands og Bretlands 5. sept. 1949, sem gilti til 28. febr. 1950, en var framlengdur með bréfi í marz 1950 og er í fullu gildi til þessa dags. Í honum skuldbindur brezka stj. sig til þess að leyfa íslenzkum fiskiskipum að landa í ákveðnum brezkum höfnum ákveðnu magni af fiski, og eru um þetta í samningnum ákveðin, ótvíræð ákvæði. Þessi samningur hefur verið þverbrotinn. Við vitum öll, að rýmkun landhelginnar er okkur lífsnauðsyn. Hún byggist, hvað sem öllum þjóðarétti líður, á þeim rétti, sem er öllum þjóðarétti æðri, rétti smáþjóðar til að lifa. Hvaða erindi eigum við nú í mörg og margvísleg bandalög með þjóð, sem ekki virðir gerða samninga né heldur rétt okkar sem þjóðar til að lifa? Það er aðeins eitt svar réttmætt og viðeigandi við Breta, að segja Ísland úr Atlantshafsbandalaginu og stækka landhelgina. Í efnahagssamvinnunni höfum við ekkert að gera með þjóðum, þar sem ekki er um neina efnahagssamvinnu að ræða, enda gjafirnar nú á enda og þurfa ekki lengur að freista þeirra, sem þær hafa viljað fá. Og ekki ætti mikill skaði að vera skeður, þótt við drægjum hv. 8. landsk. þm., Stefán Jóhann, út úr Evrópuráðinu um leið.

En ég spurði áðan og spyr enn: Hvers vegna leyfa Bretar sér að sýna okkur þá lítilsvirðingu að leika okkur þannig? Má ef til vill benda á ástæðu til þess, að þeir líti smáum augum á þjóðarheiður okkar og telji okkur lítilsvirðingar maklegasta? Lítum á. Árið 1940 mótmæltum við hernámi Breta í samræmi við yfirlýsta utanríkisstefnu þjóðarinnar, sem er hin eina skynsamlega og rétta. Árið eftir gerðum við herverndarsamning við Bandaríkin. Árið 1945 kröfðust Bandaríkin herstöðva hér á landi í 100 ár. Allir stjórnmálamenn landsins lýstu því þá yfir, að það skyldi aldrei ske, erlendur her á Íslandi væri sjálfsmorð nýfengnu sjálfstæði. En hvað hefur skeð? Halda menn, að Bretar hafi ekki veitt því athygli, sem skeð hefur og hvernig það hefur skeð þvert ofan í allar yfirlýsingar íslenzkra stjórnmálamanna? Árið 1946 fengu Bandaríkin Keflavíkursamning, þótt þeir hefðu svikið herverndarsamninginn frá 1941 um að fara með allan her sinn burt. Gegn þeirri samningsgerð var mikil mótstaða á Alþ. Árið 1947, hinn 14. okt., lýsti utanrrh. Íslands, Bjarni Benediktsson, sem þá hafði gegnt embætti í 8 mánuði, því yfir, að ekki kæmi til mála að taka 7—8 millj. Marshalllán. Hæstv. ráðh. sagði þá:

„Ísland er ekki í hópi þeirra þjóða, sem hafa beðið um slíka aðstoð. Við skulum vona, að við berum gæfu til að haga svo málum okkar, að við þurfum ekki á henni að halda, en jafnvel þótt miklu stærra lán væri fáanlegt, er greinilegt, að afleiðing þess yrði einungis sú, að við mundum á skömmum tima festast í skuldafeni, sem við ættum erfitt með að losna úr.“

Á árunum 1948—52 höfum við þegið nær 450 millj. kr. gjafir og lán frá Bandaríkjunum, þrátt *fyrir hinar hraustlegu yfirlýsingar* 1948. Árið 1949 gengum við í Atlantshafsbandalagið. Enn voru gefnar yfirlýsingar. Hæstv. utanrrh. lýsti yfir, að samkv. skýlausum loforðum utanrrh. Bandaríkjanna í embættisnafni skyldi aldrei til þess koma, að farið yrði fram á herstöðvar á Íslandi á friðartímum, enda gáfu forustumenn þriggja flokka yfirlýsingu um, að þær yrðu aldrei leyfðar, þótt farið yrði fram á það. Það er skylt að geta þess, að einn hæstv. ráðh., Hermann Jónasson, var ekki aðeins andvígur herstöðvakröfunum 1945, heldur einnig Keflavíkursamningnum, og í júlí 1948 varaði hann við Marshalllánunum og gjöfunum í bréfi til ríkisstj. Hann var einnig andvígur þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og sagði í bréfi til kjósenda sinna í síðustu kosningum, eftir því sem hæstv. utanrrh. hefur upplýst, að sér hafi þótt stjórn Stefáns Jóhanns undirlægjugjörn og ósjálfstæð í utanríkismálum.

En er nú nokkurt samband á milli þeirrar staðreyndar, að tvær ríkisstj. hafa þegið 450 millj. af Bandaríkjamönnum, og hinnar, að stjórnmálamenn og heilir flokkar hafa gert í utanríkismálum einmitt það, sem þeir sögðust aldrei mundu gera? Stóð það á nokkru fyrir þessum tveimur hæstv. ríkisstj., hvort þær fengju gjafirnar eða ekki? Hv. 8. landsk. þm. svaraði því í Alþýðublaðinu í dag. „Það er því miður einnig svo komið,“ segir hann þar, „að óvenjulega ömurlegt ástand og öryggisleysi blasir nú við framtíð fjölda manna. Og þó væri þetta enn geigvænlegra, ef ekki hefði notið 300—400 millj. kr. gjafafjár, er gert hefur kleift að viðhalda innflutningi og leggja í framkvæmdir við byggingu viðaukaorkuveranna við Laxá og Sog og reisa áburðarverksmiðju. Og ekki má heldur gleyma því, að framkvæmdir á vegum varnarhersins hafa veitt mörg hundruð mönnum vinnu. Ef ekki hefði komið til þessarar tvöföldu erlendu aðstoðar, væri hér á landi orðið hreint öngþveiti

og algert neyðarástand.“ — Hvað mundi það þá þýða fyrir hæstv. núverandi ríkisstj., ef hér á landi væri í dag algert öngþveiti og hreint neyðarástand? Hvernig stæði ríkisstj. þá að vígi í þessum umr. og í vinnudeilunum? Hafa Bretar ef til vill hugmynd um það, hve karlmannlega við höfum á undanförnum árum snúizt við erfiðleikum og ágengni erlends ríkis? Og finnst þeim ef til vill þess vegna ólíklegt, að við snúumst nú karlmannlegar við samningsrofum þeirra og hótunum?

Ég sagði í upphafi máls míns, að þrjár staðreyndir, sem nú blasa við, boðuðu tímamót og alvarlega baráttu fyrir framtíð þjóðarinnar: 1) Vinnudeilurnar, 2) að gjafirnar hætta og 3) viðskiptabann Breta. Gjafirnar hætta; það er víst. Blasir þá við algert öngþveiti og hreint neyðarástand, eins og Stefán Jóhann segir. Ef löndunarbannið heldur áfram, eins og líklegt er, þá virðast sannarlega blasa við nýir erfiðleikar. Þeir erfiðleikar eru svo miklir, að þeir verða ekki leystir af neinni ríkisstj. annarri en þeirri, sem hefur einhuga verkalýð og vinnustéttir þjóðarinnar að baki sér. Á Íslandi hafa aðeins setið tvær slíkar stjórnir: stj. Hermanns Jónassonar 1934—38 og stj. Ólafs Thors 1944—46. Báðar þær stj. unnu afrek hvor á sinn hátt, þótt báðum væri ábótavant. Sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hótar nýrri gengisfellingu íslenzku krónunnar. Það er hennar eina lausn og bjargráð út úr aðsteðjandi erfiðleikum. En það er engin lausn og verri en engin. Það er hægt að mynda þegar á morgun ríkisstj., sem getur leyst vinnudeiluna með samningum við verkalýðinn án gengisfellingar. En þeim, sem taka við af núverandi hæstv. ríkisstj., hverjir sem það kunna að verða og hvenær sem það verður, er bezt að gera sér það ljóst, að nú er ekki tími til að lofa gulli og grænum skógum. En þið, hæstv. ráðh., sem hafið lýst því yfir, að þið viljið ekki og getið ekki leyst vinnudeiluna og erfiðleikana með öðru en gengislækkun, ef ykkur er alvara, þá eigið þið að fara og fara sem fyrst. Það skiptir ekki höfuðmáli, hvenær þið farið eða í hvaða embætti, en í hamingjunnar bænum farið.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 7. landsk. þm. lokið máli sínu. — Næstur tekur til máls hæstv. landbrh., Hermann Jónasson.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það má sjálfsagt ýmislegt að núverandi ríkisstj. finna, en Íslendingar væru orðnir einkennilegt fólk, ef það borgaði sig fyrir ræðumenn, eins og ræðumenn gerðu í gærkvöld, að halda því fram, að núverandi ráðherrar séu slík varmenni, að þeir gleðjist yfir því alveg sérstaklega, ef fátækt fólk hefur léleg lífskjör, og meira að segja að stjórnarstefnan sé beinlínis við það miðuð að ná því marki. Samhliða þessum tón gerðist hv. þm. Einar Olgeirsson svo óskammfeilinn að halda því enn að þjóðinni, að nýsköpunarstjórnin hafi með stórhug vísað þjóðinni veginn, enda hafi fólki aldrei liðið eins vel hér á landi og í hennar valdatíð, og þetta er endurtekið nú í síðustu ræðu. Nýsköpunarstjórnin bjó við betra verzlunarárferði en nokkur önnur ríkisstj., svo sem rakið var í gærkvöld. Hún hafði því meiri þjóðartekjur úr að spila en aðrar ríkisstj. Hún eyddi ekki aðeins öllum tekjunum, heldur öllum gjaldeyrisforðanum mikla, sem safnazt hafði erlendis, þessum þjóðarauði, sem naumast hefur átt sinn líka hjá smáþjóð, og það helzta, sem upp úr stóð eftir allt sukkið, voru 30 togarar, sem hv. þm. Einar Olgeirsson talaði um í gærkvöld. Það var ekki lítið þrekvirki að láta þjóðina hafa sæmilega í sig og á á þessum tímum.

En aldrei hefur misskipting arðs og auðs verið meiri á Íslandi en þessi ár, aldrei meira ranglæti. Og ég vil skjóta því hér inn í, að e. t. v. er þetta meginorsök þeirrar misskiptingar, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason minntist á hér í gærkvöld. En meðan mikill hluti þjóðarinnar sigldi á gullskýinu, taldi ríkisstj. þjóðinni trú um, að þetta væri allt varanlegt ástand, því að þegar erlendi gjaldeyririnn væri eyddur, yrði búið að nýskapa allt atvinnulíf landsins, dýrtíðin gerði ekkert til, því að tækin yrðu svo fullkomin, að við þyldum alla samkeppni fyrir því.

Eins og allir vita, voru þetta fánýt glamuryrði, og hver einasti fjármálasérfræðingur og hagfræðingur, sem rannsakað hefur íslenzkt fjármálalíf, hefur komizt að þeirri einu og sömu niðurstöðu, að nýsköpunarstjórnin og stjórnin 1942, sem hvort tveggja var sama tóbakið og kommúnistarnir uppistaðan í, séu meginupphaf og orsök raunasögu okkar í efnahagsmálunum síðari ár. Ég skora á ræðumenn hér í kvöld að nefna einn einasta sérfræðing í fjármálum, sem ekki hefur sett fingurinn á þessa nýsköpunarstjórn og sagt: Þessi stjórn vakti upp dýrtíðardrauginn. Þessi draugur kom nýsköpunarstjórninni sjálfri fyrir kattarnef að lokum, og það hafa allar ríkisstj. síðan verið að glíma við að koma honum niður án árangurs, en hann hefur komizt nær því sjálfur en flestar stórplágur í þessu landi að liða sundur íslenzkt þjóðfélag, svo sem dæmin sýna í dag. — Það er engin furða, þótt hv. þm. Einari Olgeirssyni og þeim flokki, sem hann tilheyrir, þyki nýsköpunarstjórnin hafa vísað veginn.

Ef menn vilja gera sér rétta grein fyrir verkum núverandi ríkisstj., verður ekki hjá því komizt að taka tillit til þess, við hverju hún tók og hvaða erfiðleika hún hefur haft við að stríða. Hæstv. forsrh. gerði mjög glögga grein fyrir þessu í gærkvöld, og ég þarf ekki að endurtaka það, sem hann sagði. Þegar í árslok 1946 var hluti af útflutningsframleiðslunni hættur að bera sig, og var þá fiskábyrgðin illræmda tekin upp. Rússar höfðu af sínu alkunna raunsæi lýst yfir þjóða fyrstir, að þeir gætu ekki verzlað við Íslendinga, af því að framleiðsla okkar væri of dýr.

Jafnaðarmönnum hefur oft verið núið því um nasir, að þeir skertu vísitöluna í stjórnartíð Stefáns Jóh. Stefánssonar og neituðu að hækka kaup, sögðu, að að öðrum kosti mundi framleiðslan stöðvast. Þetta var auðvitað rétt, þótt þeir prédiki annað nú. Kauphækkunin 1949 varð líka banabiti stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar og eyðilagði síðustu vonina um, að komizt yrði hjá gengislækkun. Núverandi stjórn varð að fram-

kvæma hana og gerði það. Hún tók sér einnig fyrir hendur að rétta við fjárhag ríkisins með þeim árangri, sem lýst hefur verið. Hún kvað niður svarta markaðinn, sem gert hefði vísitöluuppbætur lítils virði. Hún gerði ráðstafanir til að bæta úr vöruskortinum. Í stað hans selja útsölur nú vörur á niðursettu verði, og ef fólk gætir sín fyrir okrurunum, getur það nú fengið allar sínar nauðsynjar á réttu verði gegnum kaupfélög eða pöntunarfélög, sem fólk stofnar nú í óða önn hér í Reykjavík.

Allir hagfræðingar og aðrir sérfræðingar, sem leitað var til, hvar í flokki sem þeir stóðu, töldu gengisbreytingu eina úrræðið, sem völ væri á. Með leiðréttri skráningu gjaldeyrisins og fleiri ráðstöfunum hefur tekizt að halda atvinnuvegunum í gangi til þessa dags, og nú er verðlag erlendra vara loks lækkandi, jafnvægi í nánd og atvinnuhorfur batnandi þrátt fyrir aflabrest og mjög óhagstætt verð útflutningsvaranna, svo sem sýnt hefur verið.

Í umræðunum hér í gærkvöld vöktu kommúnistar enga undrun, þeir voru rétt eins og venjulega. Þeir sögðu t. d., að ríkið hefði lagt 100 millj. í áburðarverksmiðju. Hið sanna er, að það leggur fram 6 millj. og aðrir 4 millj. í hlutafé og þar af S. Í. S. langmest. Ríkið hefur meiri hluta verksmiðjustjórnar að lögum og ræður fyrirtækinu. Allt annað stofnfé er lán til verksmiðjunnar, sem útvegað hefur verið eins og mörg önnur lán.

En það ætti að hafa vakið furðu allra hugsandi manna að heyra til ræðumanna Alþfl., sem sjálfir áttu forustu í þeirri ríkisstj., sem skildi við 1949 á þann hátt, sem hæstv. forsrh. lýsti í gær. Nú hvetja þeir menn til kauphækkana og eru stórhneykslaðir yfir því, að ekki skuli allt vera í himnalagi í þjóðfélaginu. En þessi ræðumennska stjórnarandstöðunnar og þeir viðburðir, sem orðið hafa í landinu síðustu daga, eiga eins og allt annað sínar skýringar. Atvinnu- og verðlagshorfur eru, eins og fyrr segir, batnandi. Andstöðuflokkar ríkisstj. töldu kosningaaðstöðu hennar of góða. Þess vegna var verkfall kallað yfir þjóðina nú rétt fyrir jólin með þeim furðulega hætti, sem lýst var í gærkvöld, því að það þurfti að hefja það meðan þingið sæti. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvers eðlis þetta verkfall er. Kommúnistar töluðu um verkfallið á Alþýðusambandsþinginu sem pólitískt verkfall, og þarf enginn um að villast. Báðir ræðumenn þeirra í gærkvöld töluðu um verkfallið sem fyrsta skref í pólitískum samtökum og gáfu meir en í skyn, að án slíks framhalds væri verkfallið þýðingarlítið.

Vitanlega ber að viðurkenna það, að kaupgjald hefur ekki hækkað í hlutfalli við framfærslukostnað. Þess hefur þó verið reynt að gæta, að fórn verkalýðsins yrði sem minnst, enda hefur verið á mörkunum, að framleiðslan gæti staðizt með því kaupgjaldi, sem greitt hefur verið. En nú er allt í einu stofnað til allsherjarverkfalls og launafólkinu sagt, að við þetta skuli ekki unað. Nú eigi að hækka kaupið og afla sér kjarabóta. Við, sem berum fram aðvaranir, erum auðvitað stimplaðir verkalýðsböðlar, sem sérstaka unun höfum af því, að fjölskyldur verkamanna líði skort. Margs konar augljósar blekkingar eru bornar fram, eins og sú, sem hv. þm. Einar Olgeirsson bar fram í gærkvöld, að kaupið ætti að hækka nægilega mikið, til þess að fólkið gæti keypt erlendar vörur í búðunum, og þá sé hægt að selja meiri fisk fyrir meiri erlendar vörur. Það er nú ekki verið að hugsa um íslenzka iðnaðinn þá stundina, og það þykir ekki ómaksins vert að geta um eins lítilmótlegan hlut eins og þann, að ef það kostar meira að framleiða fisk en fæst fyrir hann á erlendum markaði, þá er enginn fiskur framleiddur. Þá skapast það ástand, sem var, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, hringrásin á vöruskiptunum stöðvast.

Það er mjög áberandi í þessum umræðum og þó enn meir áberandi á bak við tjöldin hér í Reykjavík, að reynt er að vekja óánægju með verð á landbúnaðarvöru og tortryggni í garð bænda og þeirra, sem sölu annast á vörunum. Spurt er, hvers vegna landbúnaðarvörur hafi verið látnar hækka í haust. Í öðru lagi er talað um, að dreifingarkostnaðurinn, sem svo er nefndur, sé óeðlilegur. Í þriðja lagi er mönnum oft talin trú um, að bændur hafi óeðlilega háar tekjur og beinlínis vaði í peningum, meðan aðrir hafi þröng kjör.

Um verðhækkunina í haust er því að svara, að samkvæmt landslögum kemur hækkun landbúnaðarvara jafnan á eftir hækkun kaupgjaldsins samkvæmt útreikningum hagstofustjóra. Bændur búa raunverulega við gerðardóm, sem ákveður tekjur þeirra. Til þess að koma í veg fyrir hækkun yrðu bændur að afsala sér rétti, er þeir hafa að landslögum, rétti, sem aðrar stéttir eru þegar búnar að nota sér vegna vísitölunnar. Bændur vita það auðvitað eins vel og aðrir, að hækkun getur valdið sölutregðu og skaðað þá sjálfa á sama hátt og hækkun kaupgjalds veldur atvinnuleysi, ef framleiðslan getur ekki keypt vinnuaflið.

Bændur eru eina stéttin í þessu landi, sem sjálf hefur boðið fram og tekið á sig stórar fórnir til þess að afstýra skrúfugangi milli kaupgjalds og verðlags og þar með böli dýrtíðarinnar. Það var árið 1944, sem bændastéttin átti lagakröfu til að fá 9.4% hækkun á landbúnaðarvörum. Þessari kröfu um hækkun, sem þegar var áfallin að lögum, afsalaði bændastéttin sér gegn því, að aðrir stöðvuðu. Það var tekið á móti fórnum bændastéttarinnar, en skilyrðin síðan svikin, og þótt bændur mundu allra stétta fyrstir taka boði um stöðvun, held ég, að fáir geti talið það eðlilegt, að ætlazt sé til þess af þeim, að þeir bjóði aftur fram nýjar fórnir að fyrra bragði eftir það, sem skeði 1944.

Um dreifingarkostnaðinn, sem svo er nefndur, er það að segja, að vel má vera, að álagning smásala á sumar landbúnaðarvörur, t. d. kjöt, sé meiri en vera þyrfti, enda oft verið um það deilt milli þeirra og framleiðsluráðsins, en þegar smásalaálagningunni sleppir, er dreifingarkostnaðurinn að langmestu leyti vinnulaun verkafólks og annar kostnaður, sem ekki getur talizt milliliðakostnaður í venjulegum skilningi. Í dreifingarkostnaði kjötsins t. d. er kostnaður við slátrun, kostnaður við að frysta kjötið eða salta, útskipun á framleiðslustað, flutningur til markaðs-

staðar, oft langar leiðir á sjó eða landi, uppskipun á markaðsstað, geymsla í frystihúsi bæði á framleiðslustað og markaðsstað og stundum allt að heilu ári, þangað til það er selt.

Svipaða sögu er að segja um mjólkina og mjólkurafurðirnar. Dreifingarkostnaðurinn svo kallaði er þar að miklu leyti vinna verkafólks, eða milli 70 og 80% beinlínis. Það skýtur því nokkuð skökku við að tala í sömu andránni um hækkun á kaupi þeirra, sem dreifa vörunni, og lækkun á dreifingarkostnaðinum.

Um tekjur bænda og efnahag almennt mætti tala langt mál. Nokkrir bændur, sem búnir eru að koma sér sérstaklega vel fyrir, hafa vitanlega góðar tekjur, en þeir bændur mega teljast til undantekninga. Því miður er þróunin enn ekki komin lengra en þetta, og einn af þm., sem sæti eiga í þessum sal, skaut í dag að mér bréfi, sem hann hafði fengið í gær frá bónda í einni af sauðfjársveitum harðinda- og garnaveikisvæðisins. Hér er kafli úr bréfinu, þar sem þessi bóndi lýsir með nokkrum glöggum tölum efnahagsástandinu í sinni sveit. Hann segir:

„Haustið 1951 voru í öllum hreppnum settar á vetur 1439 ær og hrútar og 565 lömb, eða rúmar 2000 kindur. Í haust er fjártalan 2200 kindur, þar af 680 lömb. Af fjalli hafa komið 1600 lömb. Bændurnir eru 29. Hafa þeir þá fengið að meðaltali 55 lömb. Þeir setja á til viðhalds að meðaltali 23 hver, og til slátrunar koma þá 32 lömb að meðaltali hjá hverjum bónda. Fyrir þetta á svo að kaupa hey, fóðurbæti, áburð og alls konar lyf handa búfénu, og getur þú þá séð, hvort bruðla megi með það, sem eftir verður, þegar búið er að borga vexti og afborganir af skuldum."

Þessi bréfkafli frá bóndanum þarf engrar skýringar við. Þarna er ekki mjólkurframleiðsla nema aðeins til heimilisnota, ein til tvær kýr á bæ.

Ég vík aftur að kaupgjaldsmálunum. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason nefndi margar tölur í gær, og munu þær ræddar af öðrum. En hér hefur líka verið minnzt á mjög skilmerkilega skýrslu frá árinu 1950 um það, hvernig verkalýðurinn skuli meta, hvenær kauphækkun sé honum hagstæð og hvenær ekki. Þessi skýrsla er samin af fjögurra manna samstarfsnefnd Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þetta eru trúnaðarmenn verkamanna og launþega og áttu að rannsaka, hvort hagstætt væri fyrir þessar stéttir að hækka kaup eftir gengisbreytinguna. Álit nefndarinnar, 60 bls. að stærð, dags. 27. maí 1950, er til á prenti, og allir nm. voru sammála og allir nm. þannig settir í verkalýðs- og launastétt, að ég býst ekki við, að þeir verði vefengdir um, að þeir segi hið sanna og réttasta í þessu máli. En um hvað voru þessir menn sammála? Þeir voru sammála um, að það væri ekki til hagsbóta fyrir verkamenn og launþega að krefjast launahækkunar, meðan þjóðartekjur ykjust ekki vegna afkastaaukningar eða fyrir bætt hlutfall milli verðlags útfluttra vara og innfluttra vara. Þeir segja, að ef þessi skilyrði séu ekki til staðar, geti kauphækkun meira að segja orsakað kjaraskerðingu, og þeir sýna með nákvæmum útreikningum, hvernig á því standi. Þeir taka til athugunar, hvort tekjur þjóðarbúsins hafi vaxið, og segja síðan orðrétt á bls. 49 í hinu prentaða nál.:

„Á undanförnum árum hefur þróunin verið öll önnur. Raunverulegar þjóðartekjur hafa lækkað vegna versnandi verzlunarárferðis, aflabrests og minnkandi afkasta að öðru leyti, sem eiga rót sína að rekja til eyðingar gjaldeyrisforðans. Allar líkur benda til þess, að sú þróun muni halda áfram um sinn, nema því aðeins að breyting verði á síldarafla frá því, sem verið hefur á undanförnum árum." — Og loks segja þeir enn orðrétt: „Það er því óhætt að fullyrða, að sú forsenda, að ekki geti verið um raunverulega aukningu þjóðartekna að ræða, muni vera í fullu gildi á næstunni."

Því miður hafa þessir menn reynzt allt of sannspáir, því að ef ekki var grundvöllur fyrir kauphækkanir 1950 verkalýðnum til hagsbóta, þá er hann þó enn þá síður til staðar 1952. En ef verkalýðurinn trúir ekki þeim mönnum, sem hann sjálfur skipar til að rannsaka, hvað honum sé fyrir beztu, þá fer málið að vandast. En hið sanna er, að forvígismenn verkfallsins og margir launamenn vita, að trúnaðarmenn þeirra sögðu þeim satt 1950 í nál., sem ég hér hef rakið. Þeir vita það, að kauphækkun nú getur ekki annað af sér leitt en samdrátt framleiðslunnar, atvinnuleysi og skort eða gengislækkun. Hvorugur kosturinn er verkalýðnum til hagsbóta, sá fyrri af augljósum ástæðum. Sá síðar nefndi, gengislækkun, mundi enn afskrifa skuldir hinna ríku og gefa heildsölum og kaupmönnum, sem nú eiga mjög miklar vörubirgðir, nokkra tugi milljóna.

Hið eina, sem nú var unnt að gera láglaunafólki til hagsbóta, var að rannsaka, hvort hægt væri í samvinnu við ríkisstj. að hagræða þannig málum, að einhver kjarabót yrði fyrir þá, sem hafa þyngsta ómegð. Þannig mátti komast hjá því að setja fjárhagskerfið allt úr skorðum með almennum kauphækkunum, öllum verkalýðnum til tjóns og ómagamönnum mest, eins og skýrsla trúnaðarmannanna sannar. En verkfallið er ekki háð á faglegum grundvelli til kjarabóta fyrir vinnandi fólk, heldur af annarlegum pólitiskum ástæðum til þess að skapa upplausn, óánægju og æsa hugi manna fyrir næstu kosningar. Þess vegna kann að vera erfiðara að leysa þetta verkfall heldur en venjuleg verkföll. En þetta ástand í þjóðfélaginu er svo geigvænlegt, að það hlýtur að vekja hvern sæmilegan mann til umhugsunar. Verulegur hluti verkalýðsins er kommúnistar, og þeir væru auðvitað hreinir flokkssvikarar, ef þeir notuðu ekki hvert tækifæri til þess að rifa núverandi þjóðfélag á hol og liða það sundur undir alls konar yfirskini. Með þessum mönnum er vitað, að ekki er hægt að vinna, en hinn lýðræðissinnaði hluti verkalýðsins, sem Alþfl. fylgir, hefur hins vegar fyrir forgöngu forvígismanna sinna neitað öllu samstarfi, neitað að nefna skilyrðin fyrir því, að hann vildi taka á sig nokkra ábyrgð. Lýðræðisflokkur, sem ekki vill taka á sig ábyrgð, á auðvitað engan tilverurétt, því að hann stefnir ekki að því að byggja upp lýðræðislegt þjóðfélag, heldur að því að leysa það upp og er óhjákvæmilega bezti hjálparkokkur kommúnistanna, hvað oft sem forvígismennirnir sverja, að þeir starfi á móti kommúnistum.

Eina ráðið til þess að friða þjóðfélagið, tryggja lýðræði og afstýra einræði, sem mundi koma eftir algera upplausn, er, að hinn lýðræðissinnaði verkalýður verði nægilega sterkur, nægilega heiðarlegur við sjálfan sig og lýðræðið, nægilega djarfur til að taka á sig ábyrgð. Þetta verður að gerast með þeim hætti, að verkafólk noti félagssamtök sín líkt og íslenzkir bændur til þess að fá í sína umsjá eða stjórn öll þau fyrirtæki og allar þær stofnanir, sem beint eða óbeint geta að öðrum kosti haft tækifæri til að taka ranglega hluta af réttu kaupi hins vinnandi fólks. Ef fulltrúar og umboðsmenn verkafólksins fengju þannig vald til þess að fylgjast með eða stjórna frá því að fyrsta handtakið við framleiðsluvöruna hefst og þangað til síðasta eyri andvirðis hennar er skilað í lófa verkamannsins, sjómannsins, iðnaðarmannsins o. s. frv. og gætu því sannað sérhverjum, að hann fái sitt, þá á að vera hægt að halda hér uppi heilbrigðu lýðræði, er tryggi þá velmegun, sem landið getur veitt börnum sínum. Með öðru móti dreg ég í efa, að það sé unnt á lýðræðislegan hátt til lengdar, eins og nú stefnir. Vegna þessarar sannfæringar minnar, sem ég hef oft áður lýst yfir, mundi ég af alhug styðja þessi vinnubrögð, með hvaða flokki sem þau væru gerð, og lýðræðissinnuðum verkalýð væri nær að vinna í þá átt að skapa sér slíkt vald heldur en að taka þátt í þeim óvitahætti með kommúnistum að rífa niður það hús, sem hann telur sig þó ætla að búa í.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, lokið máli sínu. — Þá tekur til máls hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Niðurlagsorð hæstv. landbrh. kalla á andsvar strax. Hann sagði, hæstv. ráðh., að Alþfl. hefði neitað að taka á sig ábyrgð. Hæstv. ráðh. veit, að þetta er tilbúningur einn, hversu mikla stund sem hann leggur á að breiða þessa framleiðslu sína út um landið. Hitt er rétt, að Alþfl. hefur neitað því algerlega að taka á sig ábyrgð á gengislækkuninni og á framkvæmd og störfum núverandi ríkisstj. — Því, sem hæstv. ráðh. sagði um verkfallið og hvers vegna til þess væri stofnað, munu aðrir svara. En það skal hann muna, að meðal verkfallsmanna eru menn úr öllum flokkum, allmargir einnig úr hans flokki og stuðningsflokki, Sjálfstfl., einnig. Veit ég ekki betur en að þeir sýni sama áhuga, sömu heilindi og sömu einbeitni í baráttunni fyrir sínum lífskjörum eins og aðrir verkfallsmenn. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað.

Við Finnboga Rút vil ég segja það, að heldur linast nú kappinn, þegar hann slær því föstu, að stefna núverandi ríkisstj., gengislækkunin, og það, sem henni fylgdi, sé beint framhald af þeim stöðvunartilraunum, sem næsta ríkisstj. á undan hafði í frammi. Þá brestur nú rökfræðin.

Hæstv. landbrh. flutti hér nokkra tölu um það, að kauphækkun væri hreinasti háski fyrir þjóðfélagið og sérstaklega hættuleg fyrir launþega sjálfa og líkleg til þess að spilla kjörum þeirra, ef þeir fengju hana fram að þjóðartekjum óbreyttum. Mig furðar á því, að þessi sami hæstv. ráðh., sem var að hæla sér af því, að það væri samkv. ákvæðum í lögum, að kaup bænda hefði hækkað um 12½% í haust, skuli ekki sjá, hver háski stafar af þessu. Sé þjóðinni búinn háski af því, að laun verkamanna hækki, hlýtur sami háski að steðja að henni, ef kaup bændanna hækkar. Og hann hefur nú um næstum þriggja ára skeið unnið að því kappsamlega að auka tekjur milliliða og gróðamanna í landinu. Heldur hann, að minni háski stafi af þessum auknu tekjum heldur en þó að verkamenn auki tekjur sínar svo, að þeir fái til hnífs og skeiðar? Slík rökfræði er ekki neinum bjóðandi.

En úr því að farið er að tala hér um verðlagið og skiptingu teknanna, þá er kannske rétt, að ég birti hv. þingheimi og öðrum áheyrendum nokkrar upplýsingar, sem ég hef fengið um, hvernig því er hagað. Ég hef hér lista yfir 9 algengar vörutegundir, sem hvert heimili notar og ekki teljast miklar álagningarvörur. Af hveiti, sem kostar 100 kr. í útsöluverði, renna tæpar 24 kr. í álagningu til milliliðanna. Af haframéli renna 28—29 kr. af hverjum 100 kr. til milliliða í álagningu, af sykri nálægt 25 kr., af sítrónum nálægt 35 kr., af handsápu um 31 kr., af hreinlætisvörum eins og salernispappír 33 kr. hér um bil, af ullarefni 28 kr., af lérefti 33 kr. og eitthvað og af bollapörum og þess háttar um 42 kr. af hverjum 100 kr. Svo koma í viðbót við þetta tollarnir og B-listaskírteinagjald o. s. frv. Hvað skyldu nú tekjur þeirra manna, sem gera sér að atvinnu að verzla með þessar vörur, hafa aukizt við gengisfellinguna? Við skulum athuga það. Tökum vöru eins og haframéls, algengustu nauðsynjavöru. Útsöluverðið á 100 kg af haframéli er núna kr. 396.13. Af því renna til milliliðanna kr. 111.40. Þessi sama álagning var fyrir gengislækkunina kr. 43.35. Hækkunin er því kr. 68.05, eða 157%, sem þessi þjónusta við þjóðfélagið hefur hækkað um. Á sama tíma hafa laun verkamanna fengið 50% uppbót, þriðjunginn tæplega. Tökum annað, tökum hreinlætisvörur, salernispappír, 10 rúllur. Þær kosta nú kr. 25.63 í útsöluverði. Álagningin kr. 8.42. Hún var áður kr. 3.63. Hækkunin er kr. 4.79, eða yfir 132%. Svona má telja upp ótal vörutegundir, og niðurstaðan verður þessu svipuð. Það er ekki til neins að vera að tala um óskerta hækkun á álagningunni í þessu sambandi, vegna þess að hækkunin á vörunni sjálfri vegna gengislækkunar og tolla og bátagjaldeyris er svo gífurleg, að hún margfaldar álagninguna í krónum, þó að prósentan sé óbreytt.

Það er augljóst af þessu, að fyrir að annast dreifingu og sölu eins 100 kg poka af haframéli á að borga kr. 111.40, þ. e. a. s. jafnmikið og fullt dagsverk hjá Dagsbrúnarmanni. Er vit í þessu? Er það eðlilegt, að það þurfi að kosta eins dags kaup fyrir Dagsbrúnarmann að úthluta einum poka af haframéli, 100 kg? Ég hygg, að hér mætti lækka öllum að skaðlausu, og tel engan vafa á því.

Hæstv. ráðh. drap hér áðan á álagningu og milliliðakostnað landbúnaðarafurða. Eftir þeim skýrsl-

um, sem fyrir liggja, þá fá bændur nú kr. 13.80 fyrir hvert kg af kjöti. En milliliðakostnaðurinn á nýja kjötinu frysta er kr. 5.55, eða 40%, en 44% hér um bil, ef það er saltað. Þ. e. a. s., milliliðakostnaður á einum 20 kg dilkskrokk er hvorki meira né minna en liðugar 111 kr. Það er fullkomið dagsverk með Dagsbrúnarkaupi að koma einum einasta dilkskrokk til neytenda.

Hugsið ykkur, góðir hálsar! Hvað kostar verzlunin í landinu með þessu háttalagi? Hverjir hafa grætt á gengislækkuninni? Það eru milliliðirnir, sem þessi störf annast.

Síðan gengið var lækkað, hefur verið flutt inn vefnaðarvara af frílista fyrir 91 millj. kr. að innkaupsverði. Á þessa vöru hefði átt að leggja, meðan verðlagsákvæði voru í gildi, hjá heildsölum 6.5 millj. kr., en álagning þeirra hefur orðið 18.4 millj.; hjá smásölum samkv. verðlagsákvæðum 26.3 millj. kr., en álagningin varð 39.8 millj. kr. Samtals hefur álagningin orðið 58.2 millj. á þessa 91 millj. — og hækkunin 25.4 millj. fyrir að afhenda þessa vöru frá því, sem verðlagsákvæðin ákváðu. Þessi hækkun, 25 millj. kr., á álagningu þeirra, sem verzla með þessa vefnaðarvöru, nemur hvorki meiru né minnu en heilu árskaupi, reiknað með 300 dögum, 30 þús. kr. fyrir mann, fyrir yfir 800 manns. Er vit í þessu? Getur þjóðfélagið borið þetta? Er nauðsynlegt að hafa þetta svona?

Hæstv. ráðh. segja, að það sé ekki hægt að eyða meiru en aflað er. Það sé ekki hægt að skipta meiru en því, sem framleitt er. Það er rétt. En því minna sem kemur til skiptanna, þeim mun meira er áríðandi, að skiptin séu réttlát, að enginn sé látinn hagnast á öðrum, ekki sé einum ívilnað á annars kostnað. Sök hæstv. ríkisstj. er sú, að alla sína valdatíð hefur hún mismunað stéttunum í landinu. Hún hefur dregið fram hlut þeirra, sem auðnum ráða og eignir hafa, og hún hefur skert hlut hinna, sem hafa átt lausafé og sparifé og vinnu sína til að lifa á. Kunningi minn einn keypti hús eða íbúð, réttara sagt, fyrir 5 árum fyrir 100 þús. kr. Hann átti engar eignir til og fékk fé að láni. Hann seldi íbúðina núna nýlega fyrir 250 þús. kr. Hann borgaði upp þær 100 þús. kr., sem hann hafði fengið að láni, og þá átti hann eftir 150 þús. kr. Þetta þykir smáræði. Þetta er aðeins lítið dæmi. En þetta má margfalda, ekki með 10, ekki með 100, heldur með þúsundum til þess að fá rétta mynd. Allan tímann síðan verðbólga styrjaldarinnar hófst hafa fasteignir og öll veruleg verðmæti stöðugt hækkað í verði með fallandi verði peninganna. Fasteignirnar, sem menn áttu hér í Reykjavík fyrir 10 árum, hafa a. m. k. tífaldazt í verði. Sá, sem átti milljónavirði í fasteignum, á nú 10 milljóna virði. Hafi hann skuldað út á það, þá hafa skuldirnar minnkað um 9/10 hluta. Þær 500 millj. kr., sem talið er að menn eigi inni í bönkum og sparisjóðum, eru nú ekki meira virði heldur en sem svarar 50 millj. fyrir stríð. Gróði þeirra, sem hafa grætt á gengislækkuninni og vaxandi verðbólgu, var tekinn af þeim, sem áttu sparifé og lögðu bönkunum það til sem starfsfé, og þeim, sem ekki höfðu annað en launatekjur til að lifa á.

Í blaðinu Vísi stóð þann 26. nóv. s. l.:

„Á miklu veltur, að almenningur geti borið fullt traust til löggjafarþings og ríkisstjórnar, en á því hefur verið nokkur misbrestur um langt skeið.“

Hér er vissulega hófsamlega til orða tekið. Það er ekki sagt, að það sé nauðsynlegt, að þjóðin beri traust til ríkisstj. og Alþingis, heldur aðeins talið mikilsvert, að almenningur geti það, geti borið traust til stjórnarinnar. En að dómi þessa bezta stuðningsblaðs hæstv. ríkisstj. gengur jafnvel þessi fróma ósk lengra en svo, að nokkrar líkur séu til, að hægt sé að verða við henni. Það hefur verið á því nokkur misbrestur um langt skeið, segir blaðið, að almenningur geti borið traust til hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ., sem hana styður.

Hvernig stendur á þessum ósköpum, að stuðningsblað ríkisstj. kemst að þessari niðurstöðu? Þeir útvegsmenn og sjómenn, sem trúðu því, að þessi ríkisstj. vildi með gengislækkun, bátagjaldeyri og skuldaskilum tryggja atvinnu þeirra og afkomu, hafa allir orðið fyrir sárum vonbrigðum. Þeir bændur, sem vonuðu, að gengislækkunaraðgerðir ríkisstj. mundu tryggja þeim öruggan markað fyrir afurðir þeirra, ekki aðeins hér innanlands, heldur einnig erlendis, eru nú sárlega vonsviknir. Þeir iðnaðarmenn og iðjurekendur, sem vonuðu, að gengislækkunin mundi bæta aðstöðu íslenzks iðnaðar og iðju, hafa orðið að segja upp verkafólkinu, láta mikinn og dýran vélakost og húsa ónotaðan eða hálfnotaðan. Og þeir verkamenn, sem trúðu því, að gengislækkunin mundi veita þeim aukna atvinnu án skerðingar á kaupmætti launanna, hafa fengið lækkun launa og stórfellt atvinnuleysi í ofanálag. Og þeir, sem trúðu loforðum ríkisstj. um lækkun tolla og skatta, skulu líta á fjárlagafrv. og sjá, hvað hækkunin er mikil. Og þeir, sem ef til vill hafa leyft sér að vona, að hæstv. ríkisstj. mundi vinna að því að draga úr misrétti og ójöfnuði á meðal landsmanna, forðast að mismuna mönnum eða stéttum, forðast að bæta hag eins á annars kostnað, — þeir hafa nú allir áreiðanlega lært þá lexíu, sem þeim seint líður úr minni. Vísa ég um það efni til þeirra upplýsinga, sem ég gaf hér áðan. Þess vegna er misbrestur á því, að almenningur geti, þótt hann feginn vildi, borið traust til hæstv. ríkisstj. Þeir, sem trúðu eða vonuðu, að kjör og hagur almennings mundi verða betri eða öruggari en þegar hún tók við, eða a. m. k. ekki verri en þá var, hafa verið sárlega sviknir. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. gert að fullum sannindum og augljósum staðreyndum allar spár mínar og okkar Alþýðuflokksmanna um hinar háskalegu afleiðingar af gengislækkuninni og stefnu ríkisstj. í fjárhags-, viðskipta- og atvinnumálum, því miður.

Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún tók við völdum, að hún teldi það sitt hlutverk að bjarga útflutningsatvinnuvegunum frá stöðvun og hruni, að koma rekstri þeirra á heilbrigðan grundvöll, létta skattana, afstýra atvinnuleysi og tryggja örugga atvinnu. Þessu marki átti að ná með gengislækkuninni. Ég leyfði mér þá að leiða rök að því, að gengislækkun út af fyrir

sig gæti engan vanda leyst í þessu efni, en með henni væri gerð stórfelld röskun á efnahag landsbúa, eignir sparifjáreigenda væru skertar og töp þeirra gerð að gróða hinna, sem ættu fasteignir og notuðu lánsfé. Ég sýndi fram á, að tekjur launþega mundu verða rýrðar, en gróði auðstéttarinnar aukinn að sama skapi. Gengislækkun, verðfelling peninga, er ávallt háskasamleg og hlýtur að skapa nokkurt ranglæti. En jafnframt reyndi ég að sýna fram á, að gengislækkun án fjölmargra annarra samtímisráðstafana til þess að festa hið nýja gengi og koma í veg fyrir, að stéttir eða einstaklingar gerðu sér hana að gróðalind og féþúfu á kostnað annarra, væri augljóst glæfraspil, sem hlyti að leiða beint til ófarnaðar og til nýrrar gengislækkunar.

Engar slíkar ráðstafanir voru gerðar af hæstv. ríkisstj. Hún gerði ekkert til þess að festa hið nýja gengi. Hún sýndi enga viðleitni til þess að hafa hemil á dýrtíðaraukningunni eða gróðabrallinu. Þvert á móti. Hún ýtti undir hækkanirnar, gaf álagninguna frjálsa og gróðabrallinu lausan taum. Útlendu vörurnar hækkuðu að sjálfsögðu. Flutningsgjöldin hækkuðu líka, vextir, umboðslaun, þóknun. Tollarnir hækkuðu, skattarnir sömuleiðis. Innlenda varan, kjöt, smjör og mjólk, hækkaði einnig. Rafmagn, hitaveitugjöld til að fylgja kolaverðinu, útsvör o. s. frv. Allt hækkaði þetta. Hækkun á kaupgjaldi verkafólksins átti svo að koma þremur mánuðum síðar, eftir á, þá átti það að fá þá uppbót, sem vísitala næsta mánaðar á undan sagði til um.

Eftir tvö og hálft ár er svo komið, að framfærsluvísitalan í nóv. er orðin 163 stig. Hækkunin er næstum því sexfalt meiri heldur en sérfræðingar og ráðunautar stjórnarinnar sögðu fyrir um. Á sama tíma hefur kaupgjaldsvísitalan þó aðeins hækkað um 50 stig. Framfærsluvísitalan segir að sjálfsögðu ekki nema hálfan sannleikann. Og hún segir í raun og veru ekki neitt til um það, hvað framleiðslukostnaður útflutningsvaranna hefur aukizt. En það er augljóst mál, að sú hækkun, sem gengislækkunin kann að hafa haft í för með sér á vöruverði útflutnings, er meira en étin upp af þeirri verðhækkun, sem ríkisstj. hefur skapað sjálf í landinu. Ella hefði ekki þurft að bæta bátagjaldeyrinum við.

Ráðherrarnir hæstvirtir, Ólafur Thors og Steingrímur Steinþórsson, hafa með mörgum orðum lýst því, hve hörmulegt ástandið hafi verið, þegar stjórn Stefáns Jóhanns fór frá í árslok 1949 og hinir tóku við. Ekki hafa þeir þó sagt, að það hafi verið komið í strand. Þeir hafa sagt, að það hafi litið út fyrir hrun og stöðvun. Þessu hruni og stöðvun, sem fram undan var, ætluðu þeir að afstýra, bjarga þjóðinni frá því. Allt þeirra skraf um hrunið, sem fram undan væri, var spásaga. Allt árið 1949 kenndi engrar stöðvunar hjá atvinnuvegunum, og nær einskis atvinnuleysis varð þá vart. En til uppbótagreiðslu á útflutningsafurðir voru greiddar um 31 millj. kr., eða sem svarar rösklega þriðjungnum af því, sem fjmrh. nú gerir ráð fyrir að söluskatturinn einn gefi honum á næsta ári.

Þannig var ástandið þá. Hvernig er þá ástandið nú, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur verið að bjarga bátaútveginum, sjávarútveginum allan þennan tíma, eftir að búið er að gera gengislækkun á gengislækkun ofan, leggja á bátagjaldeyri o. s. frv.? Ólafur Thors lýsti þessu svo í ræðu sinni í gærkvöld:

Bátaútvegurinn hefur orðið fyrir stórfelldu tapi og heldur við stöðvun vegna síldarleysisins. Meiri hluti nýsköpunartogaranna er rekinn með halla, 11 eru auglýstir til nauðungarsölu. Horfir þunglega með sölu saltfisks vegna birgða, bæði hér heima og erlendis. Voveiflegt útlit með sölu á freðfiski, ⅔ framleiðslunnar óseldir hér og í markaðslöndunum.

Þetta er lýsingin, sem hæstv. ráðh. gefur af árangrinum af starfsemi stjórnarinnar, árangrinum af gengislækkuninni og þeirra ráðstöfunum öðrum. En við þetta má bæta: Óselt smjör og ostar hrúgast upp í birgðaskemmum bændanna. Mjólkursalan minnkar mánuð frá mánuði. Atvinnuleysingjar skiptu þúsundum á síðasta vetri. Atvinnuleysið er þegar byrjað aftur, þó að hátt á annað þúsund manns hafi vinnu á Keflavíkurflugvelli. Svona er þá ástandið eftir lýsingu hæstv. ráðherra sjálfra.

Hæstv. sjútvmrh. kvað svo að orði, að ríkisstj. hefði lánazt að afstýra stórslysum til þessa. Hún mætti vera ánægð með þessi afrek sín, una hag sínum vel og ganga óhrædd til kosninganna næst. Ég er ekki viss um, að mat og dómur kjósenda sé hið sama á afrekum ráðherranna. — Hæstv. ráðh. sagði einnig, að ef hefði átt að afstýra gengislækkun og halda útveginum gangandi, hefði þurft að leggja yfir eina millj. króna á í nýjum sköttum og það hefði verið ómögulegt. Hvað hefur nú almenningur fengið? Hann hefur fengið gengislækkunina og yfir eitt hundrað millj. króna í nýjum sköttum í gegnum bátagjaldeyrisfyrirkomulagið í viðbót við skattahækkanir þær, sem koma fram í fjárlagafrv. hjá Eysteini Jónssyni. En út úr þessu hafa þó ekki útflytjendur fengið meira en 54 millj. kr. vegna framleiðslu ársins 1951, og hefur þó ekki öll sú upphæð runnið í hlut útvegsmanna, því að hraðfrystihúsin munu hafa fengið af því mjög verulegan skerf.

Svör og afsakanir hæstv. ríkisstj. einkennast af tveimur orðum. Það er stöðugt endurtekið: „ef“ og „hefði“. Ef verzlunarárferði hefði verið betra en það var, þá hefði þetta nú slarkað. Ef síldveiðin hefði ekki brugðizt, þá stæðum við okkur bara vel. Ef ekki hefði komið ólukku stríðið í Kóreu, þá væri þetta allt í himnalagi. Ef ekki hefðu komið harðindi á Austurlandi og grasbrestur, ja, þá hefði ástandið verið allt annað og betra. Ef meira hefði fiskazt, þá væri allt í bezta lagi. En svo er bætt við: Ef meira hefði selzt og fyrir betra verð, þá væri allt í fullum gangi. Ef og hefði, hefði og ef, það voru svör hæstv. ríkisstjórnar.

Yfirleitt er það nú svo, að flestar ríkisstjórnir verða að mæta ýmsum örðugleikum. Og dómur kjósenda, dómur fólksins um þeirra frammistöðu fer eftir því, hvernig þær bregðast við, en ekki eftir því, hvað hefði orðið, ef svona og svona hefðu ástand og kringumstæður verið. Það er vissulega rétt, að ekki er hægt til lengdar

að eyða meiru en aflað er, ekki hægt að skipta meiru til neytenda, og það er líka rétt, að sjávarútvegurinn hefur þrátt fyrir alla „björgunarstarfsemina“ orðið fyrir stórfelldum töpum á síðasta ári. En hitt er jafnvíst, að einmitt þessi töp sjávarútvegsins hafa orðið stórfelldasta gróða- og tekjulind fyrir aðrar stéttir og einstaklinga, fyrst af öllu heildsalana, sem hafa fengið innflutningsgróðann allan í sínar hendur, og einnig fyrir aðra þá viðskiptaaðila, eins og vinnslustöðvar, hraðfrystihús, vélaverkstæði, veiðarfæraverzlanir og aðra slíka viðskiptaaðila útgerðarinnar, sem hagnast af þeirra tapi, fyrir utan þá miklu röskun, sem ég drap á fyrr í mínu máli.

Ýmsir hv. ræðumenn hafa vikið að vinnustöðvuninni. Það er sízt að ástæðulausu, og er rétt að gera sér nokkuð í hugarlund, af hverju hún er sprottin og hvernig horfir. Ég hygg, að það geti ekki orkað tvímælis, að vinnustöðvunin nú *er bein, rökrétt og óhjákvæmileg afleiðing af* stefnu og framkvæmdum eða framkvæmdaleysi hæstv. núverandi ríkisstj. Hún er nauðvörn verkalýðsins, sem hefur séð og fundið kaupmátt launa sinna rýrna með hverjum mánuði, samtímis því sem aðrar stéttir auka sínar tekjur eftir vild og geðþótta, eins og ég áðan benti á. Eitt er sérkennilegt við þessa deilu: Báðir aðilar virðast sammála um í fyrsta lagi, að það sé eðlilegt, að verkalýðurinn þurfi og verði að fá kauphækkun, ef hann á að lifa mannsæmandi lífi, og í öðru lagi, að viðhlítandi lausn á deilunni sé varla hægt að finna, nema ríkisstj. geri sitt til að styðja að þeirri lausn. Deilan er um það, hvernig eigi að skipta tekjum þjóðarinnar, þeim verðmætum, sem þjóðin framleiðir með vinnu sinni. Og deilan er fyrir aðgerðir ríkisstj. að þessu sinni ekki einasta milli verkamannanna og þeirra, sem kallaðir eru atvinnurekendur. Deilan er um stærra atriði. Hún er um það, hvernig eigi að skipta þjóðartekjunum þannig, að það sé tryggt, að þeir, sem hingað til hafa borið skarðastan hlut frá borði, fái nokkrar bætur kjara sinna.

Hæstv. ríkisstj. hefur í þessum umr. hér ekki látið annað til sín heyra um sín afskipti af vinnudeilunni heldur en það eitt, sem skilja má sem hótun um, að ef verkalýðurinn fái bót á sínum kjörum, þá verði það notað sem tilefni til nýrrar gengislækkunar, nýrra skrefa á þeirri óheillabraut, sem hæstv. ríkisstj. hefur fetað undanfarin ár. Mætti ætla, að hæstv. ríkisstj. væri það ekki fjarri skapi, ef marka má af hennar fyrri aðgerðum. Því miður.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, lokið máli sínu. — Næstur tekur til máls hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég verð því miður að biðja menn að afsaka, að röddin er ekki í eins góðu lagi og skyldi, vegna þess að ég er mjög kvefaður.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, las hér upp nokkrar tölur, sem áttu að sýna hina miklu hækkun milliliðagróðans, sem orðið hefur nú upp á síðkastið. Því miður virtist eitthvað hafa farið á milli mála hjá hv. þm., því að ég hef hér sömu útreikningana sem hann gerði að umræðuefni, og þeir sýna dálítið annað, þeir sýna til dæmis, að hluti álagningar í hveitiverði 1952 er 4.82% í staðinn fyrir 4.90% fyrir gengislækkunina og í stað 6.90% 1946, þegar allt var undir verðlagsákvæðum. — Sama er að segja um haframjöl. 1946 var heildsöluálagningin 6.90%. 1951 var hún 4.70%, en 1952 er hún 4.54%. — Svipað er með salernapappírinn, sem hv. þm. minntist á. Mér hefur ekki unnizt tími til að bera saman fleiri tölur, sem hv. þm. fór með úr þessum upplýsingum, en vafalaust eru þær með sama marki brenndar. Í þessum útreikningum er álagningin alls staðar hærri hlutfallslega 1946 en 1952, en 1946 voru allar vörur undir hámarksálagningu.

Ég ætla að byrja að svara hér einni fyrirspurn, sem gerð var í umr. í gær af hv. 3. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni. Var hann með ógeðfelldar dylgjur og mikla háreysti í umr. í gærkvöld út af skemmdum á fiski. Spurði hann, hvort satt væri, að sú óhæfa hafi verið framin að leyfa bátagjaldeyrisálag á fisk þennan. Hér er um að ræða fisk frá 1950, sem skemmdist af salti, en seldist ekki fyrr en á árunum 1951 og 1952. Bátaútvegsmenn urðu fyrir miklu tapi af þessu, og var þess vegna talið sanngjarnt, að þessi fiskur þeirra mætti koma að nokkru leyti undir bátagjaldeyrisskipulagið, þótt hann væri veiddur 1950. Hefði hann verið veiddur 1951, þurfti ekki um neitt leyfi að spyrja. Bátaálagið nam samtals 1.8 millj. kr. Fiskur, sem togararnir áttu og skemmdist af sömu orsökum, var ekki bættur með bátaálaginu. Hv. þm. hefur auðsjáanlega verið farinn að hlakka til að geta flett ofan af einhverju stórhneyksli, en það fæðist ekki alltaf stórt, þegar fjöllin taka jóðsótt.

Íslenzka þjóðin hefur um langt skeið drýgt tekjur sínar með því að hækka sífellt krónutal þeirra, jafnóðum og kaupmáttur krónunnar rýrnaði. Þessi búdrýgindi höfðu áhrif á allt fjárhags- og atvinnulíf í landinu frá 1942 til ársbyrjunar 1950 og breyttu stórlega öllu verðgildi nema einu. Það var verð erlends gjaldeyris. Þótt tekjurnar og verðmætið innanlands fimmfaldaðist í verði, gátu menn keypt með óbreyttu verði þann gjaldeyri, sem fékkst fyrir allar útflutningsafurðir landsins. Á þann hátt var útflutningsframleiðslan mergsogin, svo að hún gat ekki staðið á eigin fótum. Þjóðin, sem hafði fimmföld peningaráð, fékk að kaupa gjaldeyri hennar fyrir hálfvirði. Sú peningavelta, sem með þessu komst í gang, og það sálarástand, sem verðbólgan hleypti yfir þjóðina á þessum árum, færði allt efnahagskerfi hennar úr jafnvægi.

Í tíð þeirrar ríkisstj., sem sat að völdum frá 1947—49, var jafnvægisskorturinn svo áberandi og svo þjóðhættulegur, að leitazt var við um stund að láta allt fljóta með því að leggja 80—100 millj. kr. viðbótarskatta, beina og óbeina, á þjóðina. Þetta var í rauninni ekkert annað en það að taka aftur af þjóðinni það, sem verðbólgufreistarinn hafði fengið henni í hendur, eða réttara sagt, það, sem hún sjálf hafði skammtað

sér í krónum umfram það, sem hennar eigin atvinnuvegir voru færir um að bera.

Þau 10 ár, sem þjóðin hefur verið að berjast við afleiðingar sívaxandi verðbólgu, má segja, að hvert einasta ár hafi fært henni stöðugt ný og vaxandi vandamál, sem öll voru sprottin af sömu rót, rót verðbólgunnar.

Í árslok 1949 var ástandið af þessum sökum orðið þannig, að hjól framleiðslunnar voru að stöðvast þrátt fyrir allar mótvægisráðstafanir, sem gerðar höfðu verið á árinu 1947—49 með stöðvun kaupgjaldsvísitölunnar og með stórlega hækkuðum tollum og sköttum. Kvörn verðbólgunnar, sem þjóðin sjálf stritaðist við að snúa, malaði jafnóðum þær mótvægisráðstafanir, sem gegn henni voru gerðar. Þetta hættulega ástand framkallaði stjórnarskiptin 1949 og þær víðtæku ráðstafanir, sem gerðar voru af núverandi stjórnarflokkum fyrri hluta árs 1950. Stjórnarandstaðan, jafnaðarmenn og kommúnistar, lagðist af alefli gegn gengisbreyt. og öðrum ráðstöfunum, sem gerðar voru, þótt þeir hvorki fyrr né síðar kæmu með nokkrar till. um, hvernig reisa skyldi við fjárhags- og atvinnulífið, sem var að hrynja í rústir.

Aðeins róttækar aðgerðir gátu bjargað því sjúka efnahagsástandi, sem nú var orðið, en enginn gat gengið þess dulinn, að sú gengislækkun, sem talin var óhjákvæmileg til jafnvægis, hlaut að bera í skauti sér tímabundna aukningu dýrtíðarinnar. En færi allt eftir því, sem mannlegu viti var fært að spá fram í tímann, var sennilegt, að dýrtíðaraldan mundi stöðvast og verðbólguskrúfan hætta að hreyfast innan hæfilegs tíma.

Þetta fór þó nokkuð á annan veg og voru til þess tvær meginorsakir, sem ríkisvaldið réð ekki yfir. Önnur var sú, að stórkostleg verðhækkun varð erlendis á fjölmörgum nauðsynjavörum, sem stórhækkaði verðlagið hér innanlands. Hin orsökin var samtök verkafólks og launþega, sem knúðu fram nýjar grunnkaupshækkanir, sem aftur komu af stað kapphlaupinu milli verðlags og vinnulauna.

En þótt mörgum þætti gengislækkunin mikil og þungbær, kom bráðlega í ljós, að talsvert vantaði á, að hún væri nægileg til þess að gera rekstur bátaflotans arðberandi. Vegna bátanna hefði gengislækkunin líklega þurft að vera 20—25% meiri. En um frekari gengislækkun var þó ekki að ræða að sinni. Var þess vegna horfið að því ráði að koma á bátagjaldeyrisskipulaginu, eins og kunnugt er. Ég hef ætíð litið á þetta skipulag sem neyðarráðstöfun, en taldi það þó betra en annað, sem til mála gat komið að svo stöddu.

Sú mynd, sem hér blasir við, er þessi: Þjóðin sjálf gerir meiri kröfur til útflutningsframleiðslunnar en þessir atvinnuvegir fá risið undir. Þjóðin er því látin endurgreiða það, sem ofgreitt er, í gegnum hærra verð á innfluttum vörum. Slík hringrás kemur ætíð fram fyrr eða síðar í einni eða annarri mynd, þegar gjaldþoli atvinnuveganna er misboðið. Annars mundi atvinnurekstur inn stöðvast. Þegar hinir innlendu kostnaðarliðir, kaupgjald, þjónusta og annar kostnaður við framleiðslu útflutningsafurðanna, eru orðnir of háir, leitar það leiðréttingar, aðallega á tvennan hátt, með því að auka tekjur framleiðslunnar í krónum með gengislækkun eða með því að taka af þjóðinni samsvarandi fjárhæð í tollum eða sköttum, sem svo eru látnir renna til baka í rekstrarsjóð framleiðslunnar.

Það er mjög athyglisvert, eins og minnzt var á í umr. hér í gærkvöld, að síðan 1946 hafa verzlunarkjörin farið stöðugt versnandi, þ. e. a. s., að verðlag útflutningsins hefur farið lækkandi borið saman við verðlag innflutningsins. Þjóðin hefur því orðið að greiða tiltölulega meira fyrir keyptar vörur en hún hefur fengið fyrir útflutninginn. Hefur þetta að líkindum kreppt meira að efnahag landsmanna en nokkuð annað.

Athugað hefur verið, að kaupmáttur útflutningsins, samanborið við verðlag innflutningsins, eða m. ö. o. verzlunarkjörin eru óhagstæð um sem svarar 316 millj. kr. á síðasta ári. Veldur hér miklu hin gífurlega verðhækkun, sem ég gat um áðan og varð á mörgum erlendum vörum af völdum Kóreustyrjaldarinnar. Hefur verið gizkað á, að sú verðhækkun hafi kostað þjóðina um 100 millj. kr. 1950 og 150 millj. kr. 1951, og er næsta furðulegt, að ekki skyldi fara allt um þverbak í gjaldeyrismálunum á þessu tímabili. Í viðbót við þetta kemur síldarleysið. Gjaldeyristekjur af síldarafurðum urðu um 80 millj. kr. lægri á þessu ári en þær voru í fyrra. Það segir sína sögu.

Ég verð því miður að viðurkenna, að það, sem ég hef nú gert að umtalsefni, er þurrt og jafnvel torskilið öllum almenningi, en þetta eru staðreyndirnar, eins og þær hafa komið fram í dagsljósið. Menn verða að gera sér grein fyrir þessu til þess að skilja þá miklu erfiðleika, sem nú er við að fást í efnalegu og félagslegu tilliti. Það er erfitt og sjaldan sársaukalaust að snúast gegn erfiðleikum. Hitt er auðveldara í svip, að loka fyrir þeim augum og eyrum og fljóta undan straumi, en það hefur íslenzka þjóðin nú gert um nokkurt skeið. Þess vegna var ljóst, að engin ríkisstj. mundi kafna í vinsældum, sem tók að sér það hlutverk að stöðva verðbólguþróunina og bægja frá því giftuleysi, sem henni fylgir.

Núverandi ríkisstj. hefur verið sökuð um það af andstæðingum, að hún hafi ráðizt á lífskjör fólksins og dregið úr þeim. Hið sanna er það, að hún hefur leitazt við að tryggja lífskjörin. Kjör fólksins eru órjúfanlega bundin afkomu þess eigin atvinnuvega. Ef þeir eru heilbrigðir og lifandi, eru kjör fólksins góð. Stjórnin hefur með ýmsum ráðstöfunum, sem ekki hafa verið vinsælar í sumra augum, tryggt, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar geti starfað. Hitt er svo landsmanna sjálfra að gera sér grein fyrir, að gera ekki meiri kröfur til atvinnuvega sinna en þeir fá undir risið.

Auk hinna beinu ráðstafana til að ná jafnvægi í efnahagsástandinu var það eitt af stefnuskráratriðum stjórnarinnar að bæta úr þeim sára vöruskorti, sem ríkti í landinu í mörgum greinum og sérstaklega var áberandi á tímabilinu 1948—50. Vegna vöruskortsins þreifst hér baktjaldamarkaður í stórum stíl, og margar vörur voru raunverulega ófáanlegar nema bak við tjöld-

in fyrir margfalt verð. Verðlagsákvæði, sem áttu að tryggja rétt verð og lága álagningu, voru aðeins marklaus bókstafur, þegar vöruþurrðin var annars vegar. Undir slíkum kringumstæðum voru þau neytendunum engin trygging fyrir réttu verði.

Áhrifin af hinum aukna innflutningi fóru fljótt að koma í ljós. Baktjaldamarkaðurinn hvarf úr sögunni, biðraðirnar við búðirnar hurfu, og almenningur gat fengið nauðsynleg efni til þess að vinna úr heima hjá sér, sem áður höfðu verið ófáanleg.

Alþfl. hefur í ræðu og riti ráðizt hatrammlega á stjórnina og þá sérstaklega á mig fyrir þessa stjórnarstefnu. Menn geta notað ýmislegt fyrir árásarefni á andstæðinga sína, en furðulegt mætti það vera, ef þjóðin kysi heldur vöruþurrð og baktjaldamarkað, sem einkenndi stjórnartíð Alþfl., í stað vöruframboðs og vöruvals, sem skapar samkeppni í sölunni og gerir kaupandann óháðan um val sitt á vörunum. Með frílistunum, sem útgefnir voru 1950 og 1951, og með bátalistanum var með nokkrum skilyrðum raunverulega gefinn frjáls innflutningur á ¾ af öllum innflutningi til landsins. Þótt vissir erfiðleikar hafi öðru hverju gert vart við sig vegna gjaldeyrisskorts, nú síðustu mánuðina vegna síldarbrestsins í sumar, hefur verzlunarástandið gerbreytzt til batnaðar undanfarin þrjú missiri.

Ég ætla þá að ræða nokkuð um verðlagið, sem sætt hefur harðri gagnrýni hjá talsmönnum Alþfl. innan þings og utan. Í frjálsu verðlagi hlýtur álagning og verð að vera nokkuð mismunandi, en almenningur hefur með nokkurri aðgætni tækifæri til að kaupa þar, sem álagningin er lægst eða verðið hagkvæmast. Í frjálsu verðlagi myndast óhjákvæmilega samkeppni og sterk viðleitni að ná hagstæðum innkaupum. Kaupmönnum ber saman um það nú, að miklu erfiðara sé að velja og selja vörur nú en var á haftatímunum vegna þeirrar samkeppni, sem myndazt hefur. Þegar verðlagseftirlitið var í algleymingi og stöðugt var kreppt harðar að verzluninni með óeðlilegum niðurskurði á álagningunni, var það á allra manna vitorði, að það var orðið beinlínis hagsmunamál fyrir verzlunina að kaupa vörurnar á sem hæstu verði. Verzluninni var tryggð hámarksálagning, hversu dýrar sem vörurnar voru, og vegna vöruþurrðar seldust þær jafnóðum. Er nú hægt að hugsa sér öllu hlálegra ástand en þetta, að hámarksákvæðin bókstaflega skapa verzlunarástand, sem er öfugt við það, sem heilbrigð verzlun á að vera, og hækka í stað þess að lækka vöruverð í fjölda greinum?

Engar skýrslur eru til um það, hversu mikið þetta öfugstreymi kostaði þjóðfélagið, þegar ríkisstj. Alþfl. ætlaði að sigrast á svarta markaðinum 1947—49 með því að skera álagningu verzlunarinnar inn í kviku, svo að hún stóð ekki undir dreifingarkostnaði. Þessar óviturlegu ráðstafanir leiddu aðeins til þess, að svarti markaðurinn blómstraði, því að vörurnar leituðu á þann markað, sem ekkert verðlagseftirlit náði yfir.

Þegar verðlagið var gefið frjálst, fór strax að bera á því, sem ekki hafði sézt hér í 10 ár, að auglýstar voru útsölur og sérstakar verðlækkanir á vörum. Þetta hafði ekki komið fyrir allan tímann, sem verðlag í landinu var bundið verðlagsákvæðum. Hvers vegna? Vegna þess, að kippt hafði verið burt skjólgarði hámarksákvæðanna, sem allir notuðu sér til fulls, en vöruþurrðinni, sem skapaði svarta markaðinn, hafði verið útrýmt. Nægilegt vöruframboð og frjálst verðlag tryggir betur hagsmuni neytenda en bönn og binding, sem valda öfugþróun, er sniðgengur boð og reglur.

Því er haldið fram af andstæðingum ríkisstj., sem reynt hafa að gera sér verðlagsmálin að pólitísku vopni, að verðlagið hafi hækkað óhóflega, síðan verðlagsákvæðin voru að miklu leyti numin í burtu. Þeir menn, sem slíkt mæla, hafa þó viðurkennt opinberlega, að álagningin, eins og hún hafði að síðustu verið skorin niður, var orðin allt of lág, svo lág, að ógerningur var að annast vörudreifingu með slíkri álagningu. Þetta er af öllum viðurkennt og því næsta óheiðarlegt að miða útreikninga við þessa álagningu, þegar um málið er rætt. Krafan um hærri álagningu kom ekki aðeins frá kaupmönnum eða kaupmannaverzlunum, heldur einnig frá flestum kaupfélögum landsins, þ. á m. frá tveimur þeim stærstu, sem vitanlegt er að hafa óvenjumikla veltu og selja vöruna yfirleitt með lágri álagningu og hóflegu verði.

Til marks um það, hversu gífurlega álagningin hefur verið skorin niður á árunum 1947—50 frá þeim ákvæðum, sem í gildi höfðu verið frá byrjun stríðsins og til 5. maí 1947, má geta þess, að álagning á matvörur hafði verið lækkuð í heildsölu um 47%, í smásölu um 38%, á vefnaðarvörur í heildsölu um 45% og í smásölu um 49% og á búsáhöld í heildsölu 50% og í smásölu 45%, svo að nokkuð sé nefnt.

Það er næsta lærdómsríkt í öllu því moldviðri, sem þyrlað er upp um álagningu á vörur, að fram til 5. maí 1947 voru í gildi eftirfarandi hámarksákvæði um álagningu: Matvörur í heildsölu 10%, í smásölu 30%; vefnaðarvörur í heildsölu 12%, í smásölu 45%, keypt beint; fatnaðarvörur í heildsölu 18%, í smásölu 50%, keypt beint frá útlöndum.

Svipuð hámarksákvæði voru í gildi allan tímann, sem viðskiptaráð starfaði, og var þá 3. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, annar aðalmaðurinn við setningu þessara ákvæða. Sú álagning, sem hafði þótt sanngjörn í mörg ár, fram til vors 1947, var á þremur árum skorin niður um nærri helming, eins og ég skýrði frá áðan. Fyrir þá, sem dæma af sanngirni, er fortíðin oft óþægilegur förunautur.

Vegna árása AB-flokksins á verðlagsmálin og vegna misþyrmingar þeirra á staðreyndum, kemst ég ekki hjá að þreyta hlustendur litla stund með því að minnast á vöruverðið. Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem með mestum ofsa hafa látið í ljós vanþóknun sína á frjálsa verðlaginu og því, sem þeir kalla okur í verzluninni, muni viðurkenna nær undantekningarlaust, að verð á vörum hjá tveimur stærstu kaupfélögum landsins muni vera heilbrigt og sanngjarnt. Ég ætla því að gera lítinn samanburð í Reykjavík og á Akureyri. Athugað var um síðustu mánaðamót verðlag á helztu nauðsynjum í 50 matvöruverzl-

unum í Rvík, þ. á m. hjá kaupfélaginu. Allar verzlanirnar höfðu sama verð á 15 tegundum nauðsynja, svo sem kaffi, kókó, palmín, osti, eggjum, blautsápu, þvottadufti, smjörlíki o. fl. Ég ætla að lesa hérna nokkurn samanburð á öðrum tegundum:

Molasykur seldi kaupfélagið fyrir kr. 4.90, allir kaupmenn fyrir sama verð. Hveiti seldi kaupfélagið fyrir kr. 3.20, nokkrir kaupmenn 3.20, flestir 3.25. Hrísmjöl seldi kaupfélagið á kr. 5.70, 28 kaupmenn seldu það á kr. 4.10—5.00, aðrir frá 5.25 upp í 5.95. Rúsínur seldi kaupfélagið á 11.80, 22 kaupmenn seldu þær á 10.40—11.50, aðrir frá 11.70—13.00. Sveskjur seldi kaupfélagið á 10.50, 11 kaupmenn á 9.50—9.80, aðrir á 10.00—11.00.

Ég skal ekki þreyta hlustendur með frekari upplestri, en á Akureyri seldi kaupfélagið rúgmjöl á 3.25, kaupmenn á 3.10—3.45. Strásykur seldi kaupfélagið á 4.35, kaupmenn á 4.20 og 4.50.

Af þessu verður séð, að kaupmannaverzlanir standa kaupfélögum hvergi að baki með lágt vöruverð, og ef verðið er sanngjarnt hjá kaupfélögunum í nefndum stöðum, þá er það ekki síður hjá kaupmannaverzlununum.

Til viðbótar þessum athugunum skal ég geta þess, að samkv. athugunum, sem gerðar voru um álagningu á mörgum sendingum af helztu matvörum innfluttum í febrúar til júní fyrir samtals 9½ millj. kr. að kostnaðarverði, var meðalálagningin í heildsölu 5.3% og í smásölu 22.8%, en samkv. síðustu hámarksákvæðum var leyfð álagning 4.9—5.8% í heildsölu og 16.1—22.2% í smásölu. Staðfestir þetta, að álagning á matvörurnar er mjög lág og hafin yfir alla gagnrýni.

Eins og kunnugt er, voru gefin út brbl. í maímánuði um birtingu á nöfnum þeirra fyrirtækja, sem gera sig sek um óhóflega álagningu. Til þess að koma í veg fyrir misskilning vil ég taka fram, að viðskmrn. hefur fyrir nokkru gefið verðgæzlustjóra fyrirmæli um birtingu nafnanna og ákveður þar, hvar draga skuli línuna fyrir óhóflegri álagningu. Að öðru leyti hefur ráðuneytið ekkert með framkvæmd málsins að gera og annast verðgæzlan að öllu leyti birtinguna og ber ábyrgð á þeim útreikningum og athugunum, sem lagðar eru til grundvallar fyrir birtingu nafnanna.

Síðan innflutningurinn var gefinn frjáls að talsverðu leyti á árinu 1951, hefur verið rekinn harðdrægur áróður í því skyni að koma þeirri skoðun inn með þjóðinni, að ríkisstj. væri af ásettu ráði að leggja allan iðnaðinn í rúst. Þessum ógeðslega áróðri hefur sérstaklega verið haldið uppi af Alþfl., sem fordæmir frjálsa verzlun og hefur reynt að troða forustu sinni upp á iðnaðinn. Það er nú heldur fávísleg fullyrðing að halda því fram, að ríkisstj., hver sem hún er, sé vitandi vits að leggja einn aðalatvinnuveg landsins í rúst. Um það má hins vegar deila, hversu langt á að ganga í því að vernda allt, sem framleitt er í landinu, hversu frumstætt sem það er. Með því að vernda allt mætti ganga jafnvendilega í berhögg við hagsmuni almennings eins og að vernda ekkert.

Nokkur hluti iðnaðarins hefur átt í erfiðleikum, sérstaklega fyrst í stað eftir að innflutningurinn var gefinn frjáls. Fólki fækkaði nokkuð í ýmsum iðngreinum, einkum fatagerð og skógerð. Saumastofur, sem sprottið höfðu upp á svartamarkaðstímabilinu, hættu flestar að starfa, því að heimilin tóku við þeim iðnaði. Aftur á móti hefur nú á þessu ári verið bætt við fólki í flestum iðngreinum, og í sumum hefur aukningin verið mikil.

Viðfangsefnið í iðnaðinum er margþætt og vandasamt. Iðnaðarstarfsemin er á bernskuskeiði og varðar því mestu fyrir vöxt og viðgang, að iðnaðinum séu í byrjun veitt skynsamleg og heilbrigð skilyrði til þroska. Mun ríkisstj. í því efni ekki láta glepja sig glamur þeirra, sem ætla að gera sér pólitiska skó úr þeim stundarerfiðleikum, sem sumar greinar iðnaðarins hafa nú þurft að fást við. Ríkisstj. hefur skipað n. til að athuga þessi mál. Álit n. liggur nú fyrir, þótt ekki sé störfum hennar lokið að fullu. Athugun málsins mun nú leiða til þess, að gerðar verða ýmsar raunhæfar ráðstafanir til aðstoðar iðnaðinum. Ég hygg, að þær ráðstafanir muni reynast iðnaðinum raunhæfari aðstoð en allur sá áróðursvaðall, sem stjórnarandstaðan hefur haft í frammi upp á síðkastið. Hinu má þó ekki gleyma, að ekki er hægt að uppfylla allar óskir þessa atvinnuvegar frekar en annarra atvinnuvega, og verður að hafa fyrir leiðarstjörnu í því efni, hvað bezt þjónar alþjóðarheill.

Með því, sem ég nú hef sagt, hef ég reynt að skýra nokkur atriði í stjórnarframkvæmd síðustu þriggja ára, sem andstæðingarnir hafa deilt á, stundum hatrammlega, oftast af hlutdrægni, aldrei af sanngirni. Þess vegna á almenningur oft erfitt að skilja hismið frá kjarnanum, rétt frá röngu. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, hefur mátt rekja erfiðleika þjóðarinnar síðari árin að einni og sömu rót, rót verðbólgunnar. Og nú stendur þjóðin frammi fyrir þessum erfiðleikum í ægilegri mynd en nokkru sinni fyrr. Í átökunum til að halda þeim kjörum, sem verðbólgan hefur skert, hefur svo að segja allur atvinnurekstur í landinu stöðvazt. Ef til vill er þjóðin nú að komast á leiðarenda í þessu kapphlaupi, því að allir eru nú jafnráðþrota, hvernig halda megi því áfram á sömu braut án þess að fá steina fyrir brauð. Í þessum átökum tapa allir, fátækir og ríkir, þjóðin og einstaklingar, enginn getur borið sigur af hólmi, meðan við eyðum stórkostlegum raunhæfum verðmætum vegna deilu um verðmæti, sem ekki eru raunhæf.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, lokið máli sínu, og er þar með lokið fyrstu umferð. — Hefst nú önnur umferð, og tekur fyrst til máls hv. 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í umræðum þeim, sem hér hafa farið fram, hefur ljóslega verið sýnt fram á, hvernig stefna ríkisstj. hefur jafnt og þétt dregið máttinn úr atvinnuvegum landsins og skorið niður lífskjör almennings. Dæmin um gengisfellinguna og um bátagjaldeyrisskattinn, sem nemur 100 millj. kr. á ári og að mestu rennur þó til milliliða, dæmið um söluskattinn, sem orðinn er 90 millj. kr. á ári og rennur nú beint inn í ríkissjóð, eru

hverjum manni næg sönnun fyrir skattpíningarstefnu ríkisstj. Allir landsmenn vita um þessa skatta, því að þeir greiða þá daglega, og þeir segja sannarlega til sín. Stefna ríkisstj. hefur nú leitt til allsherjarverkfalls og stöðvunar á nær öllum rekstri í landinu. Stjórnin stendur ráðþrota og virðist ekki skilja afleiðingar sinna eigin verka. Fjmrh. telur fjárhag ríkissjóðs góðan og tekjur hans og gjöld réttlát og óbreytanleg. Hann heldur, að allt sé í stakasta lagi. En hvað blasir við í aðalatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum?

Aðeins nokkur dæmi skulu nefnd vegna tímaskorts. Bátaútvegsmenn hafa nýlega haldið árlegan aðalfund sinn hér í Reykjavík. Þeir krefjast stórhækkaðs fiskverðs vegna ört hækkandi rekstrarkostnaðar. Kröfur þeirra þýða mikla aukningu á bátagjaldeyrisvörum. Þeir lýsa yfir miklu tapi á rekstri bátanna. Á yfirstandandi ári hafa margir fiskibátar verið seldir nauðungarsölu. Í hvert sinn, sem Lögbirtingablaðið kemur út, má finna þar tilkynningar um nauðungaruppboð á fiskiskipum vegna vanskila. Nýsköpunartogararnir eru líka komnir með í þessar tilkynningar og liggja nú nokkrir undir hamrinum. Þannig er ástand báta- og togaraflotans eftir allar viðreisnartilraunir ríkisstj. Á miðju þessu ári var svo komið, að öll hraðfrystihús í landinu voru full af fiski og urðu að hætta fiskmóttöku. Salan á frosna fiskinum gekk illa, og afskipanir voru nær engar. Þá, á miðju sumri, á miðju framleiðsluári, urðu fiskibátarnir á ýmsum stöðum á landinu að hætta veiðum og togararnir, sem þá veiddu fyrir frystihúsin, urðu ýmist að hætta eða taka upp vonlausar siglingar með ísvarinn fisk á erlendan markað. Þegar þannig var komið, var gripið til þess neyðarráðs að flytja nokkuð af frysta fiskinum út til geymslu erlendis, og þar liggur hann enn óseldur í geymslu. Um svipað leyti í sumar kom tilkynning til saltfiskframleiðenda um það, að bannað væri að taka meiri saltfisk til verkunar en þá var búið að taka. Slíkt framleiðslubann var nýtt af nálinni og hafði ekki heyrzt áður. Allt var þetta vegna þess, að algert öngþveiti var að skella á í afurðasölumálunum. Í haust rofaði nokkuð til aftur um sölu framleiðslunnar með allmiklum sölum á óverkuðum saltfiski og nokkrum smærri sölum á frosnum fiski. En nú er enn allt að komast í sama öngþveitið. Frystihús eru full af fiski, bannað er að frysta sumar fisktegundir, og ráðlagt er frá að frysta meiri fisk. Nú tilkynnir Morgunblaðið, málgagn utanrrh. og atvmrh., sem bera ábyrgð á afurðasölunni, að ⅔ hlutar af ársframleiðslu frystihúsanna liggi óseldir. Frá þessu er skýrt nú í árslok, rétt áður en ný vertíð á að hefjast. — Ekki er útlitið betra, þegar litið er til annarra atvinnugreina í landinu.

Er nú ekki eðlilegt, þegar svona er komið, að Íslendingar spyrji hver annan: Hvar er hagur okkar af Marshallviðreisninni eftir 4 ár? Hvar er afkomuöryggið, sem Marshallstefnan átti að veita okkur? Hvar er afkomuöryggi atvinnuveganna, sem gengislækkunin átti að tryggja? Og hvar eru markaðir hinnar vestrænu viðreisnar? Og í hverju birtist efnahagssamvinna sú, sem við erum aðilar að? Kemur hún fram í framkomu Breta nú í landhelgismálunum? Eða höfum við verið blekktir svona hrapallega? Verkföllin, sem nú geisa, hafa ekki aðeins sannfært meiri hluta þjóðarinnar um, að kröfur verkafólks eru sanngjarnar og eðlilegar. Þau hafa einnig opnað augu margra fyrir því, að framleiðsluatvinnuvegirnir eru ásamt almenningi svo hart leiknir af stefnu ríkisvaldsins, að þeir þurfa líka að gera sínar varnarráðstafanir. Framleiðsluatvinnuvegirnir eru reyttir inn að skinni með hvers konar álögum okurstofnana, sem stunda okur sitt í skjóli ríkisvaldsins.

Það er sláandi dæmi, að gróði þjóðbankans eins skuli nema 28 millj. kr. á því ári, sem atvinnuvegirnir eru reknir með tapi. Ef þessum gróða bankans væri skipt niður á báta- og togaraútgerð landsmanna, sem í rauninni leggur til allan þann gjaldeyri, sem bankinn hefur gróða sinn af, þá mætti hugsa sér þá skiptingu á þessa leið: 40 togarar 250 þús. kr. hver, eða samtals 10 millj. kr. 150 stærri fiskibátar 50 þús. kr. hver, eða samtals 7.5 millj. 100 smærri bátar 30 þús. kr. hver, eða 3 millj. Samtals 20½ milljón króna. Samt hefði bankinn eftir 7½ millj. í hreinan ársgróða. Hefði þessi mikli gróði runnið til undirstöðugreina framleiðslunnar, þá hefði hagur hennar verið sæmilegur, og þá hefði framleiðsla landsmanna verið meiri en raun varð á. — En hér var aðeins nefndur gróði eins bankans. Hinir bankarnir hafa líka grætt drjúgum. — Og hver er gróði olíuhringanna? Á s. l. ári fengu þeir leyfi til að hækka olíuverðið um 8—10%, án þess að nokkur hækkun hefði orðið á olíu erlendis. 10% olíuverðsins munu nema um 20 millj. kr. Hver er gróði skipafélaganna, sem flytja vörur til landsmanna? Hver er árlegur gróði vátryggingarfélaganna? Og hvað græðir heildsalastéttin árlega á almenningi í landinu og á atvinnuvegunum?

Framleiðsluatvinnuvegirnir eiga samleið með vinnandi fólki. Þeir eru mergsognir af sömu aðilum og standa nú í sams konar vandræðum. Einn þyngsti bagginn, sem hvílir á herðum framleiðslunnar, er ríkisstj. sjálf. Skattar hennar og tollar eru þungar byrðar, en þó eru einokunarhringarnir á framleiðslunni enn þá verri. Allur út- og innflutningur er bundinn í viðjar og er aðeins látinn í hendur gæðingum ríkisvaldsins. Enginn fiskframleiðandi má bjóða út sjálfur eða selja sína framleiðslu á erlendum markaði. Ríkisstj. ein hefur þann rétt og þeir fáu, sem hún lætur fyrir sig vinna. Þó að nú í dag liggi mikill hluti ársframleiðslunnar óseldur, þá mega framleiðendur alls ekki bjóða þá framleiðslu út á erlendum markaði sjálfir. Hvers vegna má ekki veita framleiðendum rétt til að selja sjálfir þá framleiðslu, sem ríkisstj. er í vandræðum með að selja? Hvers vegna mega framleiðendur ekki fá sams konar rétt til innflutnings á vörum fyrir framleiðslu sína og heildsalarnir hafa nú til almenns innflutnings í landinu? Ríkisstj. kemst ekki hjá að svara þessum spurningum nú, þegar stöðva verður framleiðsluna vegna sölutregðu. Ef ríkisstj. vildi létta af framleiðslunni þeim höftum á út- og innflutningi, sem nú eru, þá mundi framleiðslan klára sig auðveldlega. En það er ekki jafnvíst, að sumir þeir, sem klára sig vel nú, mundu þá klára sig jafnvel á eftir.

Verkföllin, sem nú standa yfir, verða að leys-

ast og það sem fyrst. Vinnandi fólk og starfandi framleiðendur verða að fara að taka saman höndum. Kröfur alþýðu og vanda atvinnuveganna verður að leysa á kostnað gróðastéttanna og ríkisvaldsins, á kostnað þeirra, sem hafa fengið aðstoð ríkisvaldsins til þess að raka að sér gróða á framleiðslu þjóðarinnar. Við Íslendingar erum þannig búnir að atvinnutækjum nú í dag, að við getum framleitt miklu meira en nú er gert, ef tækjunum er rétt beitt. Hagur almennings getur vissulega batnað til muna. En til slíks þarf samvirka stjórn, stjórn, sem þorir að auka framleiðsluna, stjórn, sem getur selt framleiðsluna, stjórn, sem fullnýtir atvinnutækin, stjórn, sem er studd af verkalýð landsins og framleiðendum.

Forseti (JörB): Þá hefur hv. 2. landsk. þm., *Lúðvík Jósefsson*, lokið ræðu sinni. — Næst tekur til máls hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ræðumenn Sameiningarflokks alþýðu — Sósfl. í gærkvöld, þeir hv. þm. Ásmundur Sigurðsson og Einar Olgeirsson, nefndu m. a. Eimskipafélagið og Olíufélagið í ræðum sínum. Út af því, sem þeir sögðu um Eimskipafélagið, vil ég benda á það, að þingmenn Sameiningarflokks alþýðu — Sósfl. hafa margsinnis á undanförnum árum greitt atkv. með því hér á Alþ. að framlengja l. um skattfrelsi Eimskipafélagsins. Um Olíufélagið er það kunnugt, að það er alíslenzkt félag og stofnun þess og starfsemi hefur orðið til þess að bæta mjög olíuverzlunina hér á landi, hvað sem einstakir menn segja um það fyrirtæki.

Hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, flutti hér ræðu í gærkvöld. Hann fór m. a. með ýmsar tölur og útreikninga, sem hann fullyrti að sýndu, að hlutur verkamanna í þjóðartekjunum hefði verið tiltölulega miklu minni árið 1950 en 1939. Tölur sínar og reikninga kvaðst hv. 3. landsk. byggja á fræðiriti eftir prófessor Ólaf Björnsson, sem nefnist Þjóðarbúskapur Íslendinga. En um þær skýrslur, sem birtar eru í þessu riti, segir sjálfur höfundur ritsins, prófessor Ólafur, m. a. á þessa leið:

„Upplýsingar þær, sem fyrir hendi eru um þjóðartekjurnar, eru allónákvæmar og að töluverðu leyti byggðar á áætlunum, þannig að þær verður að nota með hinni mestu varúð."

Þrátt fyrir þetta sé ég ekki ástæðu til að finna að því, þó að hv. 3. landsk. geri útreikninga á grundvelli þeirra upplýsinga, sem finnast í þessu riti. En hvernig gengur honum að reikna, hv. 3. landsk., Gylfa Þ. Gíslasyni?

Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að í útreikningum hans séu tvær tölulegar skekkjur, sem gera niðurstöður hans rangar. Hv. 3. landsk. sagði í ræðu sinni, að í des. 1950 hefði kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns verið aðeins 30% meiri en hann var 1939. En samkv. tölunum í áðurnefndu riti prófessors Ólafs Björnssonar var kaupmáttur tímakaupsins 41% meiri 1950 en 1939, — 41% meiri, en ekki aðeins 30% meiri, eins og hv. 3. landsk. heldur fram. — Önnur villa hv. 3. landsk. þm. er í útreikningi hans á þjóðartekjunum. Virðist sú skekkja stafa af því, að þegar hann breytir þjóðartekjunum 1950 til samræmis við tekjurnar frá 1939, þá notar hann aðra vísitölu heldur en prófessor Ólafur Björnsson notar við útreikning sinn á kaupmætti launanna. En til þess að fá rétta útkomu úr þessum samanburðardæmum verður vitanlega að nota vísitölu sama mánaðar árið 1950 við útreikninga á hvoru tveggju, þjóðartekjunum og kaupmætti tímakaupsins.

Við samanburð á þjóðartekjunum 1939 og 1950 þarf að taka tillit til fólksfjölgunar á tímabilinu, sem mun hafa verið um 20%. Vinnandi fólki og vinnutímum fjölgaði áreiðanlega eins mikið á þeim tíma vegna meiri atvinnu og meiri atvinnutækja.

Hv. 3. landsk. segir, að áætla megi fjárfestinguna 10% af þjóðartekjunum árið 1939, en 18.3% 1950. Sé byggt á þessum tölum, verður útkoman úr dæminu sú, þegar búið er að leiðrétta skekkju hv. 3. landsk., sem ég gat um áðan, að þegar miðað er við þann hluta þjóðarteknanna, sem fer til neyzlu, þá hefur hann vaxið um 43% á tímabilinu, en ekki um 48%, eins og hv. 3. landsk. nefndi í sinni ræðu.

Niðurstaðan af þessum útreikningum er því sú, að *sá hluti þjóðartekna, sem fór til neyzlu*, hefur á tímabilinu 1939—50 aukizt um 43%, en kaupmáttur tímakaupsins hefur aukizt á sama tíma um 41%. Hér til viðbótar má benda á það, að samkv. bók Ólafs Björnssonar var kaupmáttur tímakaups í sept. 1951 47% meiri en 1939. Nú má benda á það, að hér er aðeins reiknuð út aukning á kaupmætti tímakaupsins, en enginn vafi er á því, að verkamenn hafa líka fengið tekjuauka á þessu tímabili með aukinni atvinnu. Ég tel því óhætt að fullyrða, að sé tekið tillit til þess, er ég nú nefni, og séu réttir útreikningar gerðir á grundvelli þessara upplýsinga, sem teknar eru úr riti prófessors Ólafs Björnssonar, þá sýni þeir, að hlutur verkamanna í neyzlu þjóðarinnar hefur alls ekki rýrnað á fyrrnefndu tímabili, heldur fremur hið gagnstæða. Útreikningar hv. 3. landsk., sem hann birti hér í gærkvöld, eru rangir, eins og ég hef þegar sýnt fram á, og allar þær bollaleggingar hans, sem hann byggði á þessum skökku tölum sínum, eru þess vegna staðlausir stafir.

Til enn frekari stuðnings þeirri skoðun minni, að á tímabilinu 1939—50 hafi hlutdeild verkamanna í þjóðartekjunum ekki rýrnað, heldur fremur hið gagnstæða, vil ég vekja athygli á því, að á þessum tíma hafa verið sett ný lög um almannatryggingar, miklu víðtækari en þau, sem áður voru í gildi. Þetta hefði hv. 3. landsk. þm. gjarnan mátt nefna, því að svo mikið hefur hans flokkur hælt sér af þeirri lagasetningu. Tilgangur tryggingalaganna mun hafa verið að flytja fé frá þeim, sem betur mega í þjóðfélaginu, til hinna, sem lakar eru settir. Og vafalaust hafa *lögin líka verkað þannig. Ég tel því alveg víst*, að tryggingal. hafi bætt aðstöðu verkamanna verulega. Telji hv. 3. landsk. þm. þetta ekki rétt, þá vænti ég þess, að hann færi rök fyrir því gagnstæða.

Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira um reikninga hv. 3. landsk., en ég vil fara nokkrum orðum um verzlunarmálin *í tilefni af ummælum* stjórnarandstæðinga um þau efni.

Snemma í apríl 1951 gaf fjárhagsráð út, í samráði við ríkisstj., auglýsingu um, að heimilt skyldi að flytja til landsins margar nauðsynlegar vörutegundir án þess að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þeim. Á þessum frílista voru auk margs annars t. d. kornvörur, kaffi, sykur, ýmsar nauðsynlegustu vefnaðarvörur, svo sem léreft, flónel, tvistdúkar o. fl., smávörur til fatagerðar, nærfatnaður og sokkar úr öðru efni en silki, gúmmiskófatnaður, ýmiss konar búsáhöld og margs konar nauðsynleg áhöld og vörur til framleiðslustarfseminnar. Þessar vörur hefur öllum verið frjálst að flytja til landsins. Fólk hefur því átt þess kost að fá þessar vörur með réttu verði og það magn af þeim, sem það hefur þurft á að halda eða hafði ástæður til að kaupa. Því var allt öðruvísi háttað um margar af þessum vörum í tíð fyrrverandi ríkisstj. Þetta vita þeir vel, hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna, þótt þeim þyki annað betur henta en að viðurkenna það í þingræðum sínum.

Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksmenn stjórna kaupfélaginu hér í Reykjavík. Á tímum fyrrverandi stjórnar, meðan allur innflutningur var háður innflutningsleyfum, var félagi þessu, eins og ýmsum öðrum kaupfélögum, svo smátt skammtað af ýmsum þeim vörum, sem nú er frjáls innflutningur á, að það gat hvergi nærri fullnægt eftirspurn félagsmanna sinna eftir þeim vörum. Kaupfélagið í Reykjavík tók þá til þess ráðs, eins og mörg fleiri kaupfélög, að taka upp sína eigin vöruskömmtun til þess að miðla þessu örlitla og alveg ófullnægjandi vörumagni, t. d. af vefnaðarvörum, milli félagsmanna. Ríkisstj. hélt að vísu uppi stóru og dýru skömmtunarskrifstofubákni á þeim árum, sem gaf út mikið af alla vega litum pappírum, sem kallaðir voru skömmtunarseðlar. En mikið af þeim var falskar ávísanir, því að menn höfðu enga tryggingu fyrir því, að þeir gætu fengið þær vörur, sem skömmtunarseðlarnir sögðu til um, og gátu oft alls ekki fengið þær nema taka það örþrifaráð að kaupa þessar vörur á svörtum markaði með okurverði, og það gerðu ýmsir fremur en að fá ekkert af vörunum. En nú er öldin önnur hjá kaupfélaginu í Reykjavík og víðar. Á þessu ári hefur það haft meira en nóg, t. d. af ýmsum nauðsynlegustu vefnaðarvörum, til þess að fullnægja eftirspurn félagsmanna sinna. Það hefur auglýst þessar vörur í Ríkisútvarpinu og boðizt til að senda þær hvert á land sem er. Félagið hefur þannig getað haldið uppi samkeppni við kaupmenn í verzlun með þessar vörur, vegna þess að höftin hafa að nokkru leyti verið leyst af verzluninni. Og kaupfélagið þarf nú ekki lengur að leggja í fyrirhöfn og kostnað við skömmtun á þessum vörum til félagsmanna sinna. Forráðamönnum Kron er það vel ljóst, að þessi breyting í viðskiptamálunum hefur orðið til mikilla hagsbóta fyrir kaupfélagsmenn og félagið sjálft, þó að flokksbræður þeirra á Alþ. telji auðvitað ekki heppilegt að viðurkenna þessar staðreyndir í eldhúsdagsumræðum. En þeir vita það vel, hvað sem þeir segja um þessi mál í þingræðum, að félagsmenn í Kron geta nú fengið þar flestar helztu nauðsynjavörur til heimila sinna, og álagningin á þær vörur er ekki meiri en sem nemur kostnaði við félagsreksturinn og lögákveðnum sjóðatillögum félagsins.

Þeir hv. þm. Alþfl., sem töluðu hér í útvarpið í gærkvöld, vita það líka vel, að vegna þess að síðustu tvö árin hefur verið frjáls innflutningur á helztu nauðsynjavörum almennings, er nú miklu auðveldara að ná í þær vörur heldur en var á þeim tíma, þegar þeirra flokkur hafði forsætisráðherra og viðskiptamálaráðherra í stjórn landsins. Þeir vita það líka, að ýmsar nauðsynlegar vörur, sem á þeim tíma voru lítt eða ekki fáanlegar nema hjá okrurum, er nú hægt að kaupa með eðlilegu verði hjá heiðarlegum verzlunarfyrirtækjum. Annar þessara ræðumanna Alþfl., hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, er stjórnarformaður í Kaupfélagi Ísfirðinga, sem mun vera langstærsta verzlunarfyrirtækið við Ísafjarðardjúp. Þessi hv. þm. veit vel, að vegna þeirrar rýmkunar, sem orðið hefur á innflutningshöftum síðustu árin, er kaupfélagið á Ísafirði nú miklu færara um að fullnægja vöruþörfum félagsmanna sinna en áður var. Það getur nú útvegað félagsmönnum sínum og öðrum viðskiptamönnum flestar helztu nauðsynjavörurnar, sem þeir þurfa að kaupa, og hv. þm. Ísaf. veit einnig vel, að þetta fyrirtæki okrar ekki á viðskiptamönnum sínum. Hann veit, að enginn Ísfirðingur þarf að sæta okurkjörum við kaup á þeim vörum, sem frjáls innflutningur er á. Og hann veit einnig, að íbúar annarra héraða og kaupstaða hafa sömu möguleika til að fá þessar vörur án þess að greiða nokkurn skatt til okrara.

Talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna ræddu mjög einhliða um verzlunarmálin í umr. í gær. Þeir töluðu um okurálagningu á vörur, og einn þeirra var með einhverja útreikninga um slíkt. Nú er auðvitað síður en svo, að það sé aðfinnsluvert, þó að minnzt sé á okurstarfsemi, úr því að hún er til í þjóðfélaginu. Það getur einmitt verið gott og gagnlegt að vara fólk við okrurum og hvetja það til að sniðganga þá í viðskiptum. En það er einmitt þetta, sem ræðumenn stjórnarandstöðuflokkanna vanrækja að gera, þegar þeir tala um okrarana og þeirra starfsemi. En hvernig stendur á því? — Þeir tala mikið um, að okrararnir fléttti almenning. Út af því má spyrja: Ætlast þessir hv. þm. virkilega til þess, að fólk kaupi vörurnar þar, sem álagningin á þær er mest og þær eru dýrastar? Hvers vegna ættu menn að gera það, þegar víða er hægt að fá vörurnar með sanngjarnri álagningu? En hvers vegna hvetja ræðumenn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins ekki fólk til þess að kaupa nauðsynjar sínar hjá þeim verzlunarfyrirtækjum, sem selja vörurnar með sanngjörnu verði? Og hvers vegna lætur hv. þm. Ísaf. þess að engu getið, að hér í Reykjavík og annars staðar á landinu hafa menn nú sömu möguleika eins og kjósendur hans á Ísafirði til þess að fá allar helztu nauðsynjavörur til heimila sinna án þess að koma nærri okrurum? Já, hvers vegna vara þessir menn ekki fólkið alvarlega við því að verzla við okrarana? Er þessum hv. þm. ekki ljóst, að þetta er ráðið, sem á að beita gegn okrurunum, að hætta viðskiptum við þá? Sé það gert, eru þeir brátt úr sögunni, og enginn ætti að harma það.

Hv. ræðumenn stjórnarandstöðuflokkanna tala um okur einstakra kaupsýslumanna eins og einhverja óviðráðanlega plágu, sem ómögulegt sé fyrir fólk að komast undan. Þetta er hliðstætt því, ef einn þessara ræðumanna, hv. 5. landsk., Ásmundur Sigurðsson, héldi hér hrókaræður um það, hvað Jökulsá í Lóni, þar sem hann á heima, væri mikið skaðræðisvatnsfall og ógurlegur farartálmi vegfarendum, en léti þess að engu getið, að nú geta menn farið yfir þetta stóra fljót á nýju brúnni, sem þar hefur verið byggð í tíð núverandi stjórnar.

Nú kunna menn að spyrja: Hefurðu gleymt bátagjaldeyrisálaginu? — Nei, ég man vel eftir því. Til þess ráðs var gripið til þess að koma í veg fyrir stöðvun bátaútvegsins, þegar það kom á daginn, að gengisbreytingin var ekki fullnægjandi fyrir þann atvinnuveg. Fyrst eftir að þetta fyrirkomulag var upp tekið, vorið 1951, mun einstökum kaupsýslumönnum hafa tekizt að græða verulega á þessu, vegna þess að nokkuð af fólki var of fljótt á sér að kaupa þann varning, sem þeir fluttu inn fyrir bátagjaldeyri. En þetta breyttist síðar. Og undanfarið mun hafa verið hægt fyrir hvern sem er að fá þennan gjaldeyri keyptan með því fastákveðna álagi, sem gengur til útvegsins. Hefur því getað skapazt samkeppni í verzlun einnig með bátagjaldeyrisvörurnar.

Þetta bátagjaldeyrisálag kemur ekki á helztu nauðsynjavörur landsmanna. Það kemur fyrst og fremst á lítt þarfar og óþarfar vörur, þó að það komi að vísu einnig á nokkrar þarfar vörur. En yfirleitt eru það vörur, sem menn þurfa ekki að kaupa mikið af. Þeir, sem mest finna að bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu, hafa alveg brugðizt þeirri skyldu að benda á það, með hverju móti öðru hefði verið réttara eða auðveldara að afstýra stöðvun bátaflotans. Auðvitað hefði mátt breyta genginu meir en gert var, svo að nægt hefði bátaútveginum. En áreiðanlega hefði það verið miklu óhagstæðara fyrir almenning, því að það hefði valdið verðhækkunum á öllum innfluttum vörum, alveg eins þeim mörgu nauðsynjavörum, sem ekkert bátagjaldeyrisálag leggst nú á.

Í umræðum um verzlunarmálin eins og önnur málefni er vitanlega réttast að benda á hvort tveggja, það, sem aðfinnsluvert er og þarf að laga, og einnig hitt, sem áunnizt hefur til umbóta. Mér er það ljóst, að enn vantar mikið á, að verzlunin sé svo góð og hagkvæm landsmönnum sem æskilegt er. Um útflutningsverzlunina er það að segja, að fyrirkomulag á sölu sjávarafurða gæti óefað verið betra en það er, og ættu útvegsmenn og sjómenn vissulega að beita samtökum sínum að því að koma þeim málum í heppilegra horf. Einokun er alltaf varhugaverð, eins í verzlun með útfluttar og innfluttar vörur. Og innflutningsverzlunin er ekki að öllu leyti frjáls. Enn er það svo, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi þarf fyrir mörgum vörum, og þeim leyfum mun vera úthlutað eins og áður eftir hinni mjög svo varhugaverðu „kvóta"-reglu. Seint á s. l. sumri, þegar séð varð, að síldveiðin brást enn einu sinni, taldi ríkisstj. sig til neydda að mæla svo fyrir, að nokkuð af þeim vörum, sem frjáls innflutningur hefur verið á undanfarið, megi nú um sinn aðeins flytja inn frá ákveðnum löndum. Vonandi verður hægt að afnema þessa tilskipun fljótlega, og verður það vafalaust gert svo fljótt sem hægt er.

En þrátt fyrir þá annmarka, sem ég hef hér nefnt, má öllum vera það ljóst, sem kynna sér þessi mál og gera samanburð á ástandi verzlunarinnar í tíð fyrrverandi stjórnar og nú, að mikil framför hefur orðið í þeim efnum. Á árunum 1947—49 voru ýmsar nauðsynlegar vörur lítt eða ekki fáanlegar nema á svörtum markaði fyrir okurverð, þrátt fyrir það þó yfirvöldin deildu út skömmtunarmiðum fyrir þeim vörum. Og þó að þá væri fjölmenn sveit opinberra starfsmanna, sem átti að hafa eftirlit með verðlagi, hafði almenningur þar enga vernd gegn svartamarkaðsbröskurunum. Þeir fóru sínu fram og færðu sig stöðugt lengra upp á skaftið, eftir því sem lengra leið á stjórnartímabil Stefáns Jóhanns-stjórnarinnar. Þá gátu samvinnufélögin ekki útvegað félagsmönnum sínum nema mjög takmarkaðan hluta þeirra nauðsynja, sem þeir þurftu að kaupa, vegna þess, hve innflutningur þeirra var skorinn við neglur. Nú er aftur á móti frjáls innflutningur á mörgum helztu nauðsynjavörunum, sem almenningur þarf að kaupa, — nóg framboð á þeim vörum í verzlunum, svo að samkeppni hefur myndazt um vörusöluna. Samvinnufélögin hafa getað fengið þessar vörur eftir þörfum og því getað séð fyrir vöruþörf félagsmanna sinna stórum betur en áður var og haldið uppi samkeppni við önnur verzlunarfyrirtæki. Menn eiga þess því kost að fá þessar vörur með eðlilegu verði, en eru ekki ofurseldir vöruskortinum og okrinu eins og áður var. Sú breyting til batnaðar, sem hér hefur á orðið, er öllum ljós, sem íhuga þessi mál, hvað sem um þau er sagt í eldhúsdagsræðum einstakra manna hér á þingi.

En það er vissulega ástæða til að hvetja fólk til aðgæzlu í verzlunarmálum og vandlegrar athugunar á vöruverðinu, því að það er mjög misjafnt. Nú á tímum eins og ævinlega hefur almenningur fulla þörf fyrir að ná sem hagstæðustum kaupum á nauðsynjavörum. Fólk ætti því að athuga gaumgæfilega verð á vörum, sem það þarf að kaupa, og gera samanburð á vöruverði hjá verzlunum, áður en það gerir viðskiptin. Með því móti geta menn komizt hjá því að kaupa vörur með óhóflegri álagningu. Sjálfs er höndin hollust í þessum efnum sem öðrum. Slíkt verðlagseftirlit almennings er vænlegast til stuðnings heilbrigðum verzlunarháttum og langtum áhrifameira og öruggara heldur en verðlagseftirlit opinberra starfsmanna, sem sumir telja að eigi að vera forsjón allra í þessum efnum.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson, lokið máli sínu. — Þá tekur til máls hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eins og þið heyrðuð í gærkvöld, komu fjórir ráðh. í halarófu hérna fram fyrir hljóðnemann. Ég gat ekki að því gert, að þá datt mér í hug þjóðsagan um Einbjörn, Tvíbjörn, Þríbjörn og Fjórbjörn, og þetta datt mér í hug vegna þess, að allir tilburðir hæstv. ráðh. voru á þá

lund, að það var auðséð, að þeir töldu sig vera í reiptogi, — reiptogi við alþýðu landsins, í reiptogi við verkalýðssamtökin, og þeir hugðust að draga verkalýðssamtökin upp, en þó að knáir menn séu í þessari röð ráðh. í hópi ríkisstj., þá er það alveg víst, að það verða ekki þeir, sem ganga með sigur af hólmi úr því reiptogi. Spottinn, sem þeir halda í, er sama eðlis eins og í þjóðsögunni; það er rófa, — það er íhaldsrófan, sem þeir toguðu í, og það fer á sama hátt eins og í þjóðsögunni: íhaldsrófan slitnar og öll ráðherrahersingin, svo virðuleg sem hún er, dettur á rassinn. Það er alveg áreiðanlegt, svona fer þetta.

Ég er alveg undrandi á ásökunum hæstv. forsrh. í garð Alþýðusambands Íslands, sem hann þó sagði að hann hefði oft haft góða samvinnu við. Nú sagði þessi virðulegi forsrh., að Alþýðusamband Íslands hefði núna, þegar deilan fór í hönd, siglt undir fölsku flaggi. Þetta er mjög ómaklega sagt í garð Alþýðusambands Íslands.

Þá sagði þessi virðulegi forsrh., að samninganefndin hefði stefnt beint til verkfalls og hefði ekkert viljað annað. Þetta sýnir algert þekkingarleysi hæstv. ráðh. á verkfallsmálum, eins og ég vék einmitt að í gær í öðru sambandi. Það eru verkalýðsfélögin, sem ákveða verkföll með 7 daga fyrirvara samkvæmt landslögum, og það gera engir aðrir. N. gerði það ekki og A. S. Í. gerði það ekki. Við höfum að engu öðru stefnt í samningan. heldur en að ná samningum fyrir hönd verkalýðsfélaganna, ef þess er kostur, og að því verður stefnt, þar til yfir lýkur. Og það er engin ástæða fyrir forsrh. landsins að hneykslast á því starfi. Það er starf í þjónustu þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. lét sér þau orð um munn fara, að glæfralegri og ábyrgðarlausari verkalýðspólitík hefði aldrei verið rekin heldur en sú, sem verkalýðsfélögin á Íslandi ræku nú. Þetta eru gífuryrði í reiði sögð. Og ég er alveg sannfærður um það, að hæstv. forsrh. iðrast þessara orða, kannske nú þegar. Hér á landi hefur verkalýðshreyfingin óneitanlega sýnt mikla þolinmæði og mikið umburðarlyndi, þangað til svo var komið, að fólkið, sem að framleiðslustörfunum vinnur, gat ekki lengur dregið fram lífið, og þá greip það til þess réttar síns að ákveða verðlag vinnunnar við samningaborð við gagnaðila sinn, vinnukaupendurna, en setti jafnframt sinn Ófeigshnefa í borðið og lýsti yfir verkfalli, og það er lögleg athöfn í þessu landi. Þetta, sem verkalýðsfélögin hafa gert, er svar við því, þegar verðlag á vörum og varningi hefur verið ákveðið einhliða út yfir öll hófleg takmörk, enda viðurkennt af öllum sanngjörnum mönnum, að þá ættu verkalýðssamtökin að ákveða verðið á vinnunni sem samningsaðili við gagnaðilann. Það er ekki ósanngjarnlega að farið.

Árum saman hefur það verið sagt við verkalýðssamtökin í blöðum íhaldsins: Þið eigið ekki að vera að hugsa sífellt um hækkandi kaup í krónutölu. Þið eigið að hugsa um það að tryggja kaupmátt launanna. — Og hvað verður svarið nú, þegar verkalýðsfélögin fara inn á þessa braut? Þá stendur ráðh. á bak við ráðh. og rembist við að eyðileggja þessa leið, líkir henni við kommúnisma og hvað annað, sem þeir hafa verst til þess að líkja henni við. Þá stendur m. a. Eysteinn Jónsson, hæstv. fjmrh., fyrir svörum ríkisstj. og segir: Það er ekki hægt að lækka verðlag í landinu. Það er ekki hægt að lækka tolla og skatta, og okkur þótti það bölvað tiltæki af norsku ríkisstj. að hafa fellt niður sykurtoll og kaffitoll og hafa lækkað verð á ýmsum nauðsynjavörum. Sú leið var ekki heldur fær á Íslandi. Ekki hægt að draga úr aukavinnu opinberra starfsmanna. Ekki hægt að lækka verðtoll eða söluskatt. Ekki hægt að hafa lægri fjárlög. Það var nú alveg ómögulegt. Ekki hægt, — ekki hægt, í svona 20—30 varíasjónum. Í mesta lagi hægt að spara svona 5 millj. kr. á fjárl., sagði hæstv. ráðh. — En þar er hann í stríði við meiri hl. fjvn., skipaðan flokksmönnum hans og íhaldsmönnunum. Þeir sögðu, að það væri hægt að fella niður 7—8 millj. kr. póst í aukavinnu hjá starfsfólki ríkis og ríkisstofnana. Þeir bentu á, að það væri losaralegt aðhald, sem ríkisstofnanirnar hefðu af hæstv. ríkisstj., og að það væri hægðarleikur að spara þar mannahald og laun. Þeir bentu á, að það væri hægt að fella niður ýmislegt í fjárl., sem hæstv. ráðh. hefur ekki getað komið auga á. Og ég fullyrði enn og ég get sannað það, að það er hægt að hækka tekjubálk fjárl. um 20 millj. a. m. k., án þess að sú áætlun verði sér til skammar, og það skal ég standa á að verði hér að ári liðnu, þegar reynslan hefur sannað mína fullyrðingu. Og það er hægt að skera niður, ef nokkur vilji er til þess, um 40—50 millj. af gjaldabálkinum, og þannig getur hæstv. ríkisstj. haft um 60—70 millj. kr. til ráðstöfunar til þess að ráða niðurlögum dýrtíðar og hjálpa til þess að leysa þessa alvarlegu deilu.

En hæstv. fjmrh. fór síðan, eftir að hann var búinn að segja: Ekki hægt, — ekki hægt, — að berja lóminn yfir því, að stjórnarandstaðan væri afleit, hún væri svo ofan á allt annað að heimta sjúkrahús, heimta skóla, heimta aukin fjárframlög til atvinnuveganna, og þetta fannst honum allt saman ljóta tiltækið. En sannleikurinn er bara sá, að það er ekki gert meira að þessu af stjórnarandstöðunni á þessu þingi a. m. k. heldur en af stjórnarflokkunum, og sérstaklega af íhaldsfl., sem vill nú skreyta sig með frjálslyndisfjöðrum og framfara fyrir kosningar, eins og íhaldið hefur alltaf gert í sinni dæmalausu hræsni.

Ólafur Thors tók líka þátt í reiptoginu og gaf kost á gengislækkun og viðtækari bátagjaldeyri, ef verkalýðurinn vogaði sér að knýja fram hærra kaup, og svo gaf hann auðvitað verkalýðnum heilræði, eins og hann hefur oft gert áður. Verkamenn eiga ekki að vera að gera kröfur um kaup, meðan Bretar sækja á og brjóta niður landhelgina hjá okkur, sagði hann m. a. Og vel á minnzt: landhelgina. Hver er afstaða íslenzkrar alþýðu til landhelgismálsins? Ég veit ekki annað en að það hafi verið fyrsta samþykkt, sem Alþýðusambandsþingið síðasta gerði, að lýsa yfir fullum stuðningi sínum við ríkisstj. Íslands í landhelgismálinu. Og þegar verkfallið var hafið, komu hér 2—3 varðskip til hafnar með bilanir og þurftu að fá viðgerðir. Það voru verkfallsmennirnir, sem voru þá látnir

víkja frá meginreglu verkfallsins, framkvæma viðgerðir á skipunum og gerðu það að verkum, að það var hægt að halda uppi landhelgisgæzlu við íslenzkar strendur. Svo er Morgunblaðið, þetta fína málgagn stjórnarinnar, látið ljúga því upp á verkfallsmenn, að þeir ætli að brjóta niður landhelgina, svo að Bretar geti stolið úr henni eftir vild. Þetta er að snúa málinu algerlega við. Ég vona, að það verði haldið fast á málstað Íslands í landhelgismálinu af hæstv. ríkisstj. og að hæstv. ríkisstj. túlki málið þannig, að þetta sé eingöngu skref í áttina í landhelgismáli okkar. Og ég vil vona, að hæstv. atvmrh. í siglingu sinni geri nú engan langvarandi samning um það við Breta, að 4 mílna landhelgin sé endanlegt mark hjá okkur.

Bjarni Benediktsson, hæstv. dómsmrh., sagði, að menn yrðu að vinna í sveita síns andlitis. Það er engin hætta á því, að vinnandi stéttir landsins hafi gleymt því, og ég vil bara vona, að hæstv. ráðh. svitni ekki minna undir þeirri byrði, sem þeir ættu að bera, eins illa og þeir hafa stjórnað málefnum þessa lands og þessarar þjóðar. Það væri fyllilega ástæða til þess, að þeir fyrir það starf sitt, eins illa og það hefur tekizt, væru reglulega sveittir.

Ég hirði að jafnaði ekki mikið um það að verja sjálfan mig fyrir aðkasti og skömmum, en í þessu verkfallsmáli verð ég þó að víkja út af þessari reglu og svara hér tveimur eða þremur atriðum.

Það hefur verið sagt Reykvíkingum núna að undanförnu, að verkfallsmennirnir ætli sér að stöðva mjólkurflutninga til barna og sjúklinga. Þetta mál er þannig vaxið, að á fyrsta degi verkfallsins leitaði borgarlæknirinn til samninganefndar verkalýðsfélaganna og óskaði eftir því, að hún féllist á till. lækna í bænum um, að nálægt 12 þús. lítrar mjólkur fengjust í bæinn daglega handa börnum, sjúku fólki, gamalmennum og barnshafandi konum. Við þessari ósk varð samninganefndin algerlega, heimilaði allt að 12 þús. lítra mjólkur á dag í borgina í þessu skyni. En hví fæst ekki þessi mjólk? Nú er mjólkurskammturinn kominn ofan í 5 þús. lítra. Af hverju? Af því að ýmsir framleiðendur mjólkurinnar hafa fallið fyrir þeirri freistni, að fólk héðan úr Rvík hefur hópazt til þeirra og boðið of fjár fyrir hvern mjólkurlítra og er þannig að ná í þessa mjólk handa sér og sínum, sem mjólkin var alls ekki ætluð, og þannig fæst hún ekki handa sjúku fólki og öldruðu. Það er ekki á valdi verkfallsstjórnarinnar að sjá um framkvæmd þessa verks. Það er stjórnarvaldanna í Reykjavík, og þau verða að sjá um, að þessi mjólk fari til sjúkra og gamalmenna og barna.

Þá var sagt eftir mér, að ég hefði hótað því, að Reykjavík skyldi verða myrkvuð. Þetta eru alger ósannindi. Ég sagði það, að verkfallsstj. hefði hingað til séð um, að haldið væri uppi landhelgi við Ísland. Við höfum og séð um það, að ekki væru lögð niður störf af verkfallsmönnum austur við Sog. Þar átti ég við eitt ákveðið tilfelli. Við sáum um það, að dælumenn við virkjunina við Sog legðu ekki niður starf, til þess að jarðgöngin fylltust ekki af vatni. Það á því ekkert skylt við að halda uppi störfum í Ljósafossstöðinni. Það eru þess vegna bein ósannindi bæði hjá Vísi og Morgunblaðinu, sem hafa viljað hræða Reykvíkinga til þess að trúa því, að þeir ættu nú að verða sviptir rafmagni og þannig möguleikum til þess að matreiða ofan í sig. Þessi ósannindi rek ég því hér með heim aftur til föðurhúsanna og vil nú vænta þess, að andstæðingar verkalýðsins og verkalýðssamtakanna reyni ekki að beita svona vopnaburði framvegis.

Málsvarar ríkisstj. hafa hvað eftir annað verið að reyna að andmæla hinum stórathyglisverðu upplýsingum hv. 3. landsk. þm., Gylfa Þ. Gíslasonar, hér í gærkvöld. Hann sýndi fram á það, að lægst launuðu stéttirnar hefðu dregizt aftur úr. Kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmanns þyrfti að hækka um 19—20%, til þess að verkamaðurinn fengi fulla hlutdeild í þeirri aukningu, sem orðið hefur á þjóðartekjunum síðan 1939. Málsvarar ríkisstj. hafa sagt, að þetta sé villandi, vegna þess að ekki sé tekið tillit til þess, að atvinnuleysi hafi verið meira 1939 heldur en það sé nú. Í fyrsta lagi er þetta fráleitur hugsunarháttur, en aðalatriðið er þó það, að verkamaður, sem hefur fulla atvinnu nú, fær tiltölulega minna í sinn hlut af þjóðartekjunum heldur en verkamaður, sem hafði fulla atvinnu 1939. Ég spyr: Er það kannske skoðun ríkisstj., að minnkun atvinnuleysis eigi að þýða það, að verkamaðurinn eigi ekki rétt á, að kaupmáttur tímakaups hans vaxi í hlutfalli við aukningu þjóðarteknanna? Ef það er svo, að ríkisstj. meini þetta, þá er gott, að það komi í ljós. Í öðru lagi hefur atvinnuleysi nú aftur haldið innreið sína í landið. Það var horfið, en það kom aftur með núverandi ríkisstj. Athugun sýnir, að enginn munur er á þeirri breytingu, sem orðið hefur á raunverulegu tímakaupi og raunverulegum árstekjum síðan 1939. Árið 1939 voru verkamannstekjur yfir árið um 4100 krónur. Árið 1951 munu verkamannstekjur hafa numið 33800 krónum. Ef tekjurnar 1951 eru leiðréttar með tilliti til verðlagsbreytingarinnar, þá kemur í ljós, að þær eru raunverulega 31% hærri en 1939. En Gylfi sýndi fram á það í gær, að hækkun kaupmáttar tímakaupsins væri 30% til 1950. Hækkun þjóðarteknanna á íbúa er hins vegar 63%, en hækkun þess hluta þeirra, sem notaður er til neyzlu, er 48%, ekki 43% eins og hv. þm. V-Húnv. fullyrti hér áðan, og það er þess vegna ómótmælanlegt, að hlutur hinna lægst launuðu er nú stórum lægri en vera ætti, hvort sem heldur er miðað við tímakaup eða árstekjur. Nú skal ég játa það, að hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson, er reikningsglöggur maður, og honum er full vorkunn, þegar hann komst hér að annarri niðurstöðu áðan heldur en hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason. En svoleiðis er málið vaxið, að prófessor Ólafur Björnsson, sem er höfundur þeirrar bókar, sem hér er byggt á, gaf verkfallsstj. á dögunum skjal í hendur, sem var útreikningar á þessum sömu atriðum. Þar hafði prófessorinn leiðrétt eina tölu, sem ekki hafði verið nákvæm í þessari bók hans, og þetta plagg liggur nú fyrir og er í margra manna höndum. Þetta veldur því, að Skúli Guðmundsson, sem reiknar eftir tölum bókarinnar og byggir sína útreikninga á því, kemst að annarri niðurstöðu, sem er röng, en Gylfi Þ. Gíslason hafði aðgang að þess-

um tölum og reiknaði með þessari grundvallartölu og komst að réttri niðurstöðu, og í því er hvorki reikningsskekkja né farið rangt með tölur. Niðurstaða Gylfa Þ. Gíslasonar er því rétt. Það er sannað á vísindalegan hátt, að hlutur verkamanna í þjóðartekjunum er nú 19—20% lægri en hann var 1939. Og það er ekkert þýðingarlítið atriði fyrir hlustendur í landinu að leggja sér þetta á minni. Þetta er hin rétta niðurstaða.

Og svo vil ég aðeins biðja hv. hlustendur að leggja annað á minnið. Um leið og kaupmáttur launanna hefur rýrnað um 20% hjá verkamönnunum á tímabili þessarar stj., hefur átt sér stað þreföldun á álagningu heildsalanna í landinu. Þetta er jafnréttisþjóðfélagið, sem hæstv. dómsmrh. var að guma hér af í gærkvöld og ætlar verkalýðnum að una við það, að það er gengið á hans hlut. Það er slátrað lambi fátæka mannsins enn þá einu sinni, þegar aðrir geta fitað sig á fátækt fjölmennustu stéttar þjóðarinnar.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja í kvöld: Íslenzk alþýða, stattu einhuga og sterk um frumburðarrétt þinn til lífsins, — réttinn til vinnunnar og til að fá þau laun fyrir vinnuna, sem lífvænleg séu, til þess að menn fáist til að vinna framleiðslustörf á Íslandi. Það er undirstaðan undir allri þjóðarvelmegun, og ríkisstj. Íslands tekst aldrei að stjórna þessu landi, ef hún virðir ekki þennan frumburðarrétt hins vinnandi fólks. — Þökk fyrir.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, lokið máli sínu. — Nú tekur til máls hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. þm. Ísaf., sem talaði hér síðastur, var bersýnilega orðinn töluvert smeykur við þau gífuryrði, sem hann viðhafði á útifundi hér í Reykjavík fyrir skömmu. Þess vegna reyndi hann nú að draga í land. Það hendir þennan hv. þm. oft að hafa ekki taum á tungu sinni. Ég vil aðeins láta þá von í ljós, að sá verkalýður, sem nú hefur sýnt þessum þm. allmikinn trúnað, eigi ekki eftir að bíða við það mikið tjón, en því miður lítur mjög út fyrir, að svo kunni að fara.

Hv. 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, dró hér áðan upp dökka mynd af ástandinu hjá sjávarútveginum, þar væri allt á kafi í taprekstri. En hvernig hefur hv. þm. og flokkur hans, kommúnistafl., snúizt við þessum erfiðleikum sjávarútvegsins? Þannig, að hafa forustu um stórfelldar kauphækkanir, sem óhjákvæmilega hlytu að stöðva meginhluta allrar útgerðar í landinu. Þannig vilja þá kommúnistar hjálpa útgerðinni. — Hv. 2. landsk. þm. sagði einnig, að ríkisstj. hefði fyrst og fremst með afurðasölu útvegsins að gera. Þetta er fullkomið ranghermi. Það eru samtök útgerðarinnar sjálfrar, sem hana annast, en kommúnistar vilja ólmir sundra þessum samtökum til þess að geta sjálfir hafið brask með afurðasöluna.

Kommúnistar hafa einnig í þessum umr. ráðizt mjög á það, sem þeir kalla ofsagróða Eimskipafélags Íslands. Hv. 7. landsk. þm., Finnbogi R. Valdimarsson, sem talaði hér áðan, taldi það þjóðarvoða, ef þetta félag, sem unnið hefur glæsilegt brautryðjendastarf í siglingamálum okkar, fengi að safna sér nokkrum sjóðum. En hvernig ætti Eimskipafélagið að endurnýja flota sinn, ef það ekki mætti safna í sjóði? Hvernig ætti það að eignast ný skip í stað þeirra, sem úr sér ganga? Hvernig ættu einstaklingar, jafnvel ríkisvaldið, að geta ráðizt í nauðsynlegar framkvæmdir, ef aldrei mætti safna fé til þeirra? Þessi ádeila kommúnista á Eimskipafélag Íslands er því eins og vænta mátti gersamlega út í bláinn.

Þjóðinni hefur nú gefizt tækifæri til að kynnast, hverjum úrræðum hv. stjórnarandstæðingar búa yfir til lausnar þeim vandamálum, sem við blasa og úrlausnar bíða. Í ræðum þeirra hefur lítið farið fyrir jákvæðum till. um raunhæfar aðgerðir. En það er rétt að líta lauslega á höfuðbjargráð þess þm. Alþfl., sem fyrstur talaði hér í gærkvöld, hv. þm. Ísaf., Hannibals Valdimarssonar. Hann skýrði frá því, að flokkur sinn hefði fyrir skömmu flutt frv. um framleiðsluráð sjávarútvegsins, sem leysa ætti öll vandkvæði bátaútvegsins. En hvers konar frv. er þetta? Samkv. 1. gr. þess á að stofna nýtt ráð, skipað 5 aðalmönnum og 5 til vara. Í lok 1. gr. segir svo á þessa leið:

„Framleiðsluráð ræður sér starfsfólk, eftir því sem þörf krefur. Ráðherra ákveður laun ráðsmanna, og teljast þau til kostnaðar við störf ráðsins.“

Er þetta úrræði ekki dásamlega líkt Alþfl.? Nýtt ráð, sem ræður sér starfsfólk, eftir því sem þörf krefur. Þá er allur vandi sjávarútvegsins leystur. Haldið þið nú ekki, sjómenn og útvegsmenn um land allt, að hagsmunum ykkar væri borgið, ef þessi ráðshugsjón Alþfl. kæmist í framkvæmd? Er ekki líklegt, að slíku skrifstofuráði hér í Reykjavík mundi t. d. farnast betur forusta um hagsmunamál bátaútvegsins en samtökum útgerðarmanna sjálfra? Ég læt ykkur um að svara þessum spurningum. En það merkilegasta við þetta frv. er þó það, að þar er gert ráð fyrir, að sjálft bátagjaldeyrisskipulagið sé lögfest. Í 9. gr. þess er framleiðsluráði heimilað að leggja ákveðið hundraðsgjald á innkaupsverð tiltekinna vörutegunda.

„Það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann,“ má segja um veslings Alþfl. Hann flytur frv., sem hann segir að eigi að afnema bátagjaldeyrinn, en í þessu frv. sjálfu kemst hann ekki hjá að hverfa til sömu úrræða og þegar hefur verið neytt af núverandi ríkisstj. Í þessu sambandi skiptir það ekki meginmáli, að í frv. er sagt, að ekki megi leggja álag á þetta hundraðsgjald. Þetta er þá eina úrræði Alþfl. auk þeirra krafna, sem forvígismenn hans hafa borið fram um 30% kauphækkanir hjá framleiðslutækjum, sem þeir játa að séu þegar rekin með tapi og muni stöðvast, ef rekstrarkostnaður þeirra hækki. En það úrræði mun ég minnast lítillega á síðar.

Hv. þm. Ísaf. gerðist hér einnig mikill sparnaðarmaður. Um það er ekki nema gott að segja. Batnandi manni er bezt að lifa, og víst er nauðsynlegt að spara. En hvernig ætlaði þessi ráðsnjalli þm. að spara? Jú, m. a. með því að strika út 18. gr. fjárl. Þar ætlaði hann að spara einar

litlar 12 millj. kr. En til hvers er þeim útgjöldum varið, sem á þeirri grein eru? Renna þau ef til vill til einhvers óþarfa, sem auðvelt er að skera niður? Nei, á þessari fjárlagagrein standa nöfn tæplega 400 gamalmenna, ekkna og starfsmanna, sem flestir hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir. Þar getur að líta nöfn aldraðra landpósta, fiskmatsmanna, sýslumanna, póstafgreiðslumanna, ljósmæðra, presta, lækna, kennara, vitavarða, listamanna o. s. frv. Meðal þeirra eru rúmlega 200 ekkjur. Flest þetta fólk lifir á þessu styrktarfé. Margt af því er fátækt fólk, sem kæmist á vonarvöl, ef það yrði svipt þessum stuðningi. Svo kemur hinn kokhrausti nýkjörni form. Alþfl. og segist vilja strika þessa grein út og spara 12 millj. kr.

Eftir þessu var allur málflutningur þessa hv. þm. Þannig segist hann vilja spara. Með slíkum sparnaði *segist hann geta leyst hið pólitíska* verkfall, sem hann og kommúnistar hafa leitt þúsundir manna út í í jólamánuðinum. Í þessu sambandi mætti svo upplýsa, að einmitt þessi hv. þm. Alþfl. vann það frægðarverk í bæjarstj. þess kaupstaðar, sem hann er þm. fyrir, að hækka á einu ári, árinu 1951, kostnaðinn við stj. bæjarmála hans um 44.5%, — segi og skrifa 44.5%! Það er svo sem auðséð, að þessum hv. þm. ferst að tala um sparnað á ríkisfé. — Enn má geta þess, að hv. þm. Ísaf. vann sér það til ágætis og fólki kjördæmis síns til kjarabóta að hækka útsvör þess á s. l. sumri um 38%. Mun það meiri hækkun en í nokkrum öðrum kaupstað í landinu á þessu ári. Sjá nú ekki allir, hvílíkur spámaður er upprisinn meðal vor, hvílíkur sérfræðingur í sparnaði og kjarabótum til handa alþýðu manna? — Ég læt þessi svör nægja við ræðu hv. þm. Ísaf. Málflutningur hans var nú eins og ævinlega innantómur og rakalaus belgingur.

Hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, og hv. 7. landsk. þm., Finnbogi R. Valdimarsson, töldu núverandi ríkisstj. hafa slegið öll met í vexti dýrtíðar, þar sem vísitala framfærslukostnaðar hefði hækkað um 63% í stjórnartíð hennar á tæpum 3 árum, en það eru rúmlega 20% á ári til jafnaðar. Víst eru þetta miklar verðhækkanir, en *þess má þó geta, að næstu 11 ár á undan hafði* vísitalan hækkað um samtals 360% samkv. útreikningi hagstofunnar með því að leiðrétta stærstu skekkjur hennar. Það gerir um 33% á ári að meðaltali, svo að auðsætt er, að ríkisstjórnum þeim, sem setið hafa á undan þessari, hefur einnig gengið erfiðlega að halda dýrtíðinni í skefjum. Töluverðan hluta þessa tímabils sat þó Alþfl. í stj., að ógleymdum kommúnistum og Framsfl., okkar ágæta samstarfsfl., enda þótt hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, vildi hér áðan kenna nýsköpunarstj. Ólafs Thors um að hafa vakið dýrtíðardrauginn upp.

Í ræðum kommúnista hefur ekkert nýtt komið fram. Þeir hafa leikið hér sinn áratuga gamla Sovétsvanasöng. — Hv. 5. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, gat þess þó í leiðinni, að bændur mundu græða á kauphækkunum, þess vegna hlytu þeir að vera samherjar hans í því verkfalli, sem nú stendur yfir. Það er rétt, að bændur fá afurðaverð sitt hækkað í nokkru hlutfalli við hækkuð vinnulaun, en þeir fá þá hækkun ekki fyrr en eftir á. Hitt er þó alvarlegra, að hækkað afurðaverð rýrir kaupgetu fólksins við sjávarsíðuna og þrengir markaði bóndans. Honum er ekki gagn að háu afurðaverði, ef vara hans selst ekki. Á sama hátt er verkamönnum ekki gagn að háu tímakaupi, ef þeir verða svo að ganga atvinnulausir. Niðurstaðan verður því með tímanum sú, að hvorugur græðir á kapphlaupinu milli kaupgjalds og verðlags. Hækkanirnar hverfa í hít verðbólgunnar. Dýrtíðarpúkinn fitnar á fjósbitanum, en afkoma þjóðarinnar í lífsbaráttu hennar versnar.

Síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk, höfum við Íslendingar lagt megináherzlu á eflingu bjargræðisvega okkar. Má segja, að uppbygging atvinnulífsins sé raunhæfasta sporið, sem þessi þjóð hefur nokkru sinni stigið til umbóta á lífskjörum sínum. Afkoma fólksins á hverjum tíma *byggist fyrst og fremst á þeim atvinnutækjum*, sem þjóðin á og rekur. Þess vegna hefur Sjálfstfl. lagt á það höfuðkapp að treysta þennan grundvöll lífskjaranna. Með því hefur hann viljað berjast *gegn því böli*, sem atvinnuleysi er ævinlega, hvar sem þess verður vart. Hann hefur viljað skapa hverjum fullhraustum manni, sem vill vinna, tækifæri til þess að hafa atvinnu við sitt *hæfi og njóta öryggis um afkomu sína*.

„En hvernig stendur á þeim erfiðleikum, sem íslenzka þjóðin á nú við að etja?“ má vera, að einhver spyrji. Ástæður vandkvæðanna nú eru fyrst og fremst tvær. Hv. stjórnarandstæðingar segja að vísu, að hún sé aðeins ein, sú, að í landinu sitji ríkisstj., sem eigi þá ósk heitasta að kvelja og pína almenning. Enginn skyni borinn maður leggur eyrun við slíkum málflutningi. Sannleikurinn er sá, að meginástæða efnahags- og atvinnuerfiðleika okkar í dag er fábreytni íslenzks atvinnulífs. Þrátt fyrir hina miklu eflingu þess undanfarin ár standa bjargræðisvegir okkar enn þá allt of völtum fótum. Meðan afkoma þjóðarinnar stendur og fellur með brigðulum sjávarafla á rányrktum fiskimiðum, hefur þessi þjóð ekki skapað sér atvinnuöryggi. Ég veit, að mikill meiri hluti fólksins í kaupstöðum og sjávarþorpum víðs vegar um land skilur þetta. Það hefur sárbitra reynslu af átta síldarleysissumrum ásamt aflatregðu á þorskveiðum í einstökum landshlutum. Það veit, hvaða áhrif þau hafa haft á lífskjör þess. Þetta ástand hjá útgerðinni hefur svo verkað á lífskjör alls almennings í landinu. Þetta kom ekki hvað sízt í ljós í stjórnartíð fyrstu stj. Alþfl., eins og Alþfl.-menn hafa kallað ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar, hv. 8. landsk. þm. Innflutningshömlurnar, vöruskorturinn, svarti markaðurinn og braskið voru skilgetin afkvæmi aflabrestsins og gjaldeyrisskortsins.

Önnur meginástæða efnahagserfiðleika okkar er sú staðreynd, að mitt í áhuga okkar fyrir öflun betri framleiðslutækja hefur okkur ekki tekizt að tryggja jafnhliða rekstur þeirra. Tregða okkar til þess að viðurkenna þá grundvallarstaðreynd, að við getum ekki eytt meiru en við öflum, hefur spennt bogann of hátt og gert meiri kröfur á hendur framleiðslunni heldur en hún hefur getað risið undir. Við höfum m. ö. o. fallið fyrir þeirri sjálfsblekkingu að álíta mögulegt að miða lífskjörin við eitthvað annað en arð atvinnutækja

okkar. Þetta er háskaleg villa, sem þegar hefur skapað þjóðinni fjölþætt vandkvæði og erfiðleika. Við sjálfstæðismenn höfum jafnan lagt áherzlu á að vara þjóðina við henni. Er og óhætt að fullyrða, að stór hluti hennar hafi glöggan skilning á eðli hennar, en allt of margir vilja ekki skilja þennan háska. Þess vegna geta upplausnaröfl þjóðfélagsins, kommúnistar og taglhnýtingar þeirra, att þúsundum manna út í baráttu fyrir sínum eigin ófarnaði. Þess vegna stendur nú yfir hörð barátta fyrir kröfum, sem óhjákvæmilega hlytu að leiða atvinnuleysi og bágindi yfir þjóðina, ef þær næðu fram að ganga.

Ég viðurkenni hiklaust, að fjöldi manna hér á landi þarf um þessar mundir á hærri launum að halda til þess að geta bætt lífskjör sín. Ég veit, að margir af sjómönnum vélbátaflotans, verkamenn og fastlaunamenn í láglaunaflokkum berjast í bökkum með að láta laun sín hrökkva fyrir daglegum þörfum. Ekkert væri þess vegna æskilegra en að hægt væri að bæta kjör þessa fólks með verulegum kauphækkunum. En hver trúir því, að launahækkanir, sem stöðva útgerð báta og skipa, rekstur frystihúsa og iðnfyrirtækja og hafa jafnframt í för með sér lögbundna hækkun á innlendum matvælum, svo sem mjólk, kjöti, smjöri og garðávöxtum, bæti raunverulega lífskjör þess fólks, sem erfiðast á um þessar mundir? Því getur enginn trúað nema sá, sem setur kíkinn fyrir blinda augað og neitar að viðurkenna augljósar staðreyndir.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt í þessum umr., að þessar rökræður þeirra, sem styðja núverandi hæstv. ríkisstj., sýni aðeins fjandskap við verkalýðinn og skilningsleysi á þörfum almennings. Þegar Alþfl. hafði forustu í ríkisstj. fyrir fáum árum, lét þó einn af leiðtogum hans sér þau orð um munn fara, að kauphækkanir væru fásinna, ef ekki hreinn glæpur, eins og þá var ástatt í þjóðfélaginu. Þegar kommúnistar voru í ríkisstj. fyrir nokkru fleiri árum, hikuðu þeir ekki heldur við að lofa því að beita áhrifum sínum gegn kauphækkunum. En nú eru þessir flokkar ekki í ríkisstj. Þess vegna þykjast þeir enga ábyrgð bera gagnvart almenningi í landinu. Þess vegna leyfa þeir sér einnig að beita verkalýðshreyfingunni fyrir stríðsvagn sinn til hefndarverka gegn alþýðu manna.

En hvaða leiðir ber íslenzku þjóðinni þá að fara til þess að tryggja lífskjör sín og framtíðarafkomu? Fyrst og fremst þá að treysta grundvöll bjargræðisvega sinna og miða kröfur sínar til þeirra við raunverulega greiðslugetu þeirra á hverjum tíma. Við verðum að geta rekið atvinnutækin og haldið uppi varanlegri atvinnu í landinu.

Við sjálfstæðismenn höfum á þessu þingi flutt þáltill. um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna með samvinnu vinnuveitenda, launþegasamtaka og ríkisvalds. Slík rannsókn verður fyrr en síðar að fara fram, ekki í eitt skipti fyrir öll, heldur árlega. Þjóðin verður að öðlast aukna þekkingu á rekstri atvinnutækja sinna og þeim grundvallarlögmálum efnahagsstarfseminnar, sem lífskjör hennar byggjast á á hverjum tíma. Slík þekking er lykillinn að framtíðarvinnufriði í landinu, sáttum milli vinnu og fjármagns.

En jafnhliða því, sem þess er krafizt af almenningi, að hann miði lífskjör sín við afkomu atvinnuveganna, verður að vinna gegn hvers konar óhófi, bruðli og eyðslu, bæði hjá hinu opinbera og einstaklingum, sem við góð efni búa. Okkur Íslendingum hefur á örskömmum tíma tekizt að jafna lífskjörin í landi okkar meira en tíðkast hjá flestum öðrum þjóðum. Í þessu litla þjóðfélagi á auður og örbirgð aldrei að eiga sæti hlið við hlið. Til þess að treysta afkomu okkar og skapa atvinnuöryggi í landinu verðum við enn fremur að gera bjargræðisvegi okkar fjölbreyttari. Á þann hátt einan getum við hindrað lífskjaraskerðingar aflabrests og rányrkju. Það verður að tryggja, að hvert byggðarlag hafi næg atvinnutæki til þess að tryggja fólki sínu atvinnu. Að því takmarki miðar það frv., sem við sjálfstæðismenn höfum flutt á þessu þingi um atvinnubótasjóð. Aukinn iðnaður, vaxandi vinnsla sjávarafurða innanlands og þróttmikill og blómlegur landbúnaður eru frumskilyrði aukins öryggis í efnahagslífi þjóðarinnar. Núverandi ríkisstj. hefur stigið stórt skref áleiðis til eflingar þessum atvinnugreinum. En þrátt fyrir stórvirkjanir við Sog og Laxá, sem nú er langt komið, erum við enn þá örskammt komnir áleiðis með virkjun þeirrar orku, sem býr í fljótum og fossum. Heila landshluta skortir raforku frá vatnsaflsstöðvum gersamlega. Að sjálfsögðu getum við ekki ráðizt samtímis í byggingu allra þeirra raforkuvera, sem við þurfum að reisa, en við verðum að gæta þess að afskipta ekki einstaka landshluta of lengi þessum þýðingarmiklu framkvæmdum. Af því hlýtur óhjákvæmilega að leiða vaxandi jafnvægisleysi byggðarinnar, áframhaldandi fólksflótta frá þeim stöðum, sem útundan verða. Fossaflið og jarðhitinn eru þær náttúruauðlindir þessa lands, sem glæsilegust fyrirheit gefa um blómlega byggð þess, aukin lífsþægindi og atvinnuöryggi fólksins. Við þurfum ekki að hika við að nota erlent fjármagn til þess að hagnýta þær. Ef rétt er að farið, þarf það aldrei að verða okkur fjötur um fót.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa oft undanfarið, m. a. í sambandi við setningu fjárl. fyrir næsta ár, gagnrýnt ríkisstj. fyrir of ríflegan stuðning við landbúnaðinn. Sú gagnrýni er á mikilli skammsýni byggð. Vel rekinn landbúnaður og fjölmenn og dugandi bændastétt er hverju þjóðfélagi mikilsverð kjölfesta. Efling landbúnaðarins er þess vegna ekki eingöngu hagsmunamál bænda, heldur þjóðarinnar í heild.

Á grundvelli heilbrigðs, fjölþætts og þróttmikils atvinnulífs mun þjóðin svo verða fær um að bæta aðstöðu sína og lífsskilyrði á marga aðra vegu. Koma þar ekki hvað sízt til greina umbætur í húsnæðismálum. Þúsundir fjölskyldna búa enn þá í húsnæði, sem er ófullnægjandi og jafnframt heilsuspillandi, og ungt fólk getur ekki stofnað heimili vegna húsnæðisleysis. Úr þessu verður að bæta. Við sjálfstæðismenn höfum á undanförnum árum lagt mikið kapp á að bæta aðstöðu efnalítils fólks til þess að eignast þak yfir höfuðið. Fyrsta sporið, sem stigið var í þá átt, var þegar aukavinna efnalítilla einstaklinga við byggingu eigin íbúða var gerð skattfrjáls. Með þeirri ráðstöfun var eitt af mörgum óvinsælum og ranglátum skattalagaákvæðum afnumið. For-

ustu um hana höfðum við hv. 7. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, og hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein. Í skjóli hennar hefur mikill fjöldi fólks ráðizt í byggingarframkvæmdir. Síðan komu l. um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, sem að vísu giltu of skamman tíma. Á síðasta þingi voru svo settar reglur um lánadeild smáíbúða og til hennar veitt nokkurt fé, sem úthlutað hefur verið til einstaklinga víðs vegar um land. Á þessu þingi hefur hæstv. ríkisstj. flutt frv. um öflun 16 millj. kr. lánsfjár, til þess að unnt verði að halda þessari starfsemi áfram og styðja einstaklingsframtakið til nauðsynlegra byggingarframkvæmda. Fyrir Alþ. liggur nú einnig frv., flutt af hv. 5. þm. Reykv., Jóhanni Hafstein, og nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl., um eflingu veðdeildar Landsbankans til eðlilegrar fasteignalánastarfsemi. Takmark okkar sjálfstæðismanna í húsnæðismálunum er útrýming alls heilsuspillandi húsnæðis í landinu til sjávar og sveita og sköpun góðra og heilsusamlegra húsakynna í þeirra stað. Við teljum, að líklegasta leiðin að þessu takmarki sé stuðningur við framtak einstaklingsins, en við teljum einnig rétt og sjálfsagt, að félagsframtakið njóti aðstoðar til byggingar verkamanna- og samvinnubústaða.

Ég hef hér — góðir hlustendur — gert nokkra grein fyrir því, á hvern hátt við sjálfstæðismenn höfum unnið að því og viljum vinna að því að bæta lífskjör almennings í landinu. Ég hef leitt rök að því, að heilbrigt atvinnulíf er sá grundvöllur, sem allar framfarir og umbætur byggjast á. Þann grundvöll höfum við haft forustu um að treysta. Í því felst hin raunhæfa barátta fyrir bættum lífskjörum fólksins. Hv. stjórnarandstæðingar segja, að við séum á móti framförum og umbótum og viljum lífskjör fólksins sem bágbornust. Til rökstuðnings þessari staðhæfingu hafa þeir ekkert nema íhaldsgrýlu sína, en hún er löngu dauð. Íslenzkt fólk trúir ekki lengur á grýlur. Það dæmir stjórnarfl. og leiðtoga þeirra af reynslunni, af störfum þeirra. Þess vegna er Sjálfstfl. í dag stærsti og þróttmesti stjórnmálafl. þjóðarinnar.

Ég vil ljúka máli mínu með því að benda á, að enda þótt við sjálfstæðismenn höfum mörg undanfarin ár tekið þátt í samsteypustjórnum, vegna þess að þær hafa verið nauðsynlegar, þá hlýtur þó höfuðmarkmið stjórnmálabaráttu okkar jafnan að vera hreinn meiri hluti flokks okkar með þingi og þjóð. Við vitum, að í kjölfar samstjórnarskipulagsins hefur siglt ýmiss konar los, stefnuleysi og pólitísk hrossakaup, sem engan veginn hafa haft heillavænleg áhrif á stjórnarfar þjóðar okkar. En samstjórnirnar hafa verið nauðsynlegar, þar sem enginn einn stjórnmálaflokkur hefur haft meiri hluta á Alþingi. Ef þjóðin vill skapa sér heilbrigt stjórnarfar, er sú leið greiðfærust til þess að skapa Sjálfstfl. meirihlutafylgi. Þá fyrst getum við framkvæmt stefnumál okkar án þess að semja um afslátt á þeim við aðra, og þá fær þjóðin jafnframt tækifæri til þess að dæma okkur fyrir framkvæmd þeirra. Þeim dómi kvíðum við ekki. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, lokið máli sínu. — Hefst nú 3. umferð, og tekur næst til máls hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Út af því, sem hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, sagði, vil ég segja eitt við stjórnarflokkana. Leysið þið ykkar einokunarfjötra af sjávarútveginum, og við skulum sýna ykkur, að útvegurinn ber hækkað kaup. Við sósíalistar höfum bjargað íslenzkum sjávarútvegi fyrr, og við getum gert það enn, úr því feni, sem þið hafið sett hann í. En þið þorið það ekki. Þið hafið í þrjú ár fellt öll frumvörp okkar sósíalista um slíkt, og af hverju? Af því að þið óttizt, að starfandi stéttir atvinnuveganna mundu draga gróðann úr þeirri hít einokunarauðvaldsins, sem stjórnarflokkarnir eru að vernda. Um frumvörp Sjálfstfl., sem hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, nú talaði um, vil ég segja: Frumvörpin um atvinnubótasjóð og önnur slík liggja hjá okkur í fjhn. í Nd. Við höfum boðið Sjálfstfl. — og Alþfl. hefur gert það líka — að samþykkja þau. Þið þorið ekki að samþ. neitt af ykkar eigin frumvörpum. Þið látið þau liggja í þinginu, af því að þau eru flutt af tómri hræsni til þess að sýnast. Og ég bið kjósendur um að athuga, hvað mikið af frumvörpunum fer í gegn. Það er meiri hluti fyrir þeim hérna í þingi, en Sjálfstfl. þorir ekki sjálfur að samþ. þau.

Háttvirtir hlustendur. Þið hafið heyrt pólitískt gjaldþrota stjórnarflokka birta ráðþrot sín frammi fyrir víðtækasta verkfalli, sem gert hefur verið á Íslandi. Þeir sjá engin ráð, af því að öll þeirra pólitík felst í því einu að slá skjaldborg um gífurlegan auð og háar tekjur einokunarauðvaldsins á Íslandi og verja hann gegn alþýðunni. Þið hafið heyrt úrræðalausa ráðherra staðfesta pólitískt gjaldþrot sjálfra sín og hlustað á þá reyna að breiða yfir þetta gjaldþrot með þvættingi, sem jafnóðum er og skal verða hrakinn. Hermann Jónasson, hæstv. landbrh., talaði um nýsköpunarstjórnina og kvartaði yfir henni eins og vant er, ekki í fyrsta sinn. Hvað er það, sem fer svona í taugarnar á Hermanni Jónassyni og hans flokki í fari nýsköpunarstjórnarinnar? Það er það, að á nýsköpunarárunum lærði íslenzk alþýða að lifa mannsæmandi lífi og gera kröfur til slíkra lífskjara áfram og að á þeim árum fékk þjóðin atvinnutæki til þess að geta fullnægt þeim kröfum. Það er þetta, sem veldur gremju Framsóknar og skal gera það áfram. Þjóðin þekkir ráð Hermanns Jónassonar. Hans ráð voru gerðardómsfjötrarnir 1942. Alþýðan sleit þá fjötra, og hún mun sprengja fjötra hans enn.

Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., sagði í gær, að það væru bjálfalegar, þjóðhættulegar aðferðir, ef ríkisstj. færi að skipta sér af málum eins og atvinnu og tekjum verkamanna, sem henni kæmi ekkert við. Ég veit ekki, af hverju hann Ólafur er að tala svona alveg eins og flón um hluti, sem hann veit ekkert um, en ætti þó að vita. Ríkisstjórninni er með l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, fengið allt vald yfir atvinnulífi landsins og skipað að stjórna því með eftirfarandi sjónarmið fyrir augum:

„1) Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.

2) Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, sem stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.“

Svo hljóða lögin. Það er af því að ríkisstj. hefur brotið þessi lög og rænt af verkamönnum þeim réttlátu tekjum, sem þeir áttu að fá og þeir fengu að nokkru leyti 1947, að öll þjóðin er í verkfalli á móti þessari lögbrotaríkisstjórn.

Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., sagði í gær, að þjóðin fordæmdi og fyrirliti brezka útgerðarmenn. Það er rétt. Hann gleymdi bara að bæta við, að Íslendingar fyrirlitu mest þann brezka aðilann, sem á stærsta brezka togaraflotann, sem á stærsta þýzka togaraflotann líka, sem á meginið af fiskgeymsluhúsum, fiskflutningsvögnum og fiskbúðum Bretlands, Unileverhringinn, sem stjórnar nú herferð brezkra auðmanna gegn Íslendingum. Af hverju skyldi Ólafur ekki hafa minnzt á hann? Og út af hans mikla áhuga fyrir landhelginni má ég þá spyrja: Af hverju lætur ríkisstj. öll varðskipin vera í biliríi 1. desember?

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, varð að viðurkenna, að *gífurleg auðsöfnun* ætti sér stað á Íslandi og kröfur verkalýðsins til réttlátari skiptingu auðsins væru því réttmætar. En hann sagði, að nokkrar af þeim stofnunum, sem auðurinn safnaðist í, væru nú eins konar almenningseign. En hverjir ráða þessum stofnunum og nota þær fyrir sig? Hverjir ráða Landsbankanum og nota hann fyrir sig, en banna að lána almenningi út á hús? Það er S. Í. S. og Kveldúlfur og Coca-cola-ráðh. Hverjir ráða Eimskip? Kveldúlfur og S. Í. S. Hverjir ráða olíuhringunum með 50 millj. kr. arðráni þeirra á Íslendingum árlega? Það er S. Í. S. og Kveldúlfur undir yfirstjórn Standard Oil og Shell. Hverjir ráða ríkissjóðnum og nota hann eins og vasapeninga í bitlinga og mútur? Það eru stærstu heildsalarnir og Kveldúlfur og S. Í. S. með einkafyrirtækjum þessara flokka, Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum.

Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., sagði, að engir bátaútvegsmenn ættu fyrir skuldum. Hvar eru eigurnar, sem bátaútvegsmenn og verkalýðinn vantar? Gylfi Þ. Gíslason, hv. 3. landsk., kom með góðar upplýsingar hér í gær um auðsöfnun ríkustu félaga og manna í Reykjavík. 40 ríkustu menn og félög áttu 566 millj. kr. í skuldlausum eignum. Ég skal bæta við þetta, að meðal þessara aðila eru hvorki Eimskipafélag Íslands, sem á 150 millj. kr. í skuldlausum eignum, né Landsbanki Íslands, sem á yfir 150 millj. kr. í sjóðum, né aðrir bankar. Allir þessir aðilar eiga sínar 400 millj. kr. í skuldlausum eignum. Alls eru yfir 1000 millj. kr. í eign 44 aðila á Íslandi.

Þið vinnandi menn og konur Íslands, sem nú standið í harðri baráttu fyrir réttlátari skiptingu auðsins. Það er nægur gróði, nægur auður á Íslandi, sem þið hafið skapað. Hann er bara ekki í vösum alþýðunnar.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að allir væru jafnir fyrir lögunum. Nei. Jafnrétti og réttvísi er ekki til á Íslandi undir hans dómsmálastjórn. Hann hefur sett réttarfarsofsóknir í staðinn fyrir réttvísina. Hann hefur skapað dómsvald handa gæðingum sínum og fjötrað dómstólana með mútum og spillingu.

Allir eru jafnir fyrir lögunum, sagði Bjarni Benediktsson í gær. Og þetta segja ráðh., sem hafa látið stela af þjóðinni 60 millj. kr. og látið almenning borga, auk 60 millj., 40 millj. kr. í laun fyrir þjófnaðinn. Ég á við bátagjaldeyrinn, sem ríkisstj. lætur taka af þjóðinni í algeru heimildarleysi, og það heitir að stela, ef fátæklingar eiga í hlut.

„Steli ég litlu og standi ég lágt,
í steininn settur verð ég,
en steli ég miklu og standi ég hátt,
í stjórnarráðið fer ég.“

Og í stjórnarráðinu dúsa þeir. En þeir ættu að tala um jafnrétti fyrir lögunum, ráðh., sem sitja í gamla tugthúsinu við Lækjartorg.

Bjarni Benediktsson, maðurinn, sem telur sig dómsmrh., lék eitt af sínum alræmdu „drengskaparbrögðum“ hér í útvarpinu í gær. Ég ætla að segja þessum manni það, að ef við stjórnarandstæðingar töluðum opinberlega eins um ávirðingar flokksmanna hans og hann gerir, bæði ölæðisafbrot, hjónabandshneykslí og annað verra, þá *yrði ekki líft í þessu landi. Utanrrh. kom* fram eins og sá maður, sem ekki kann mannasiði. Ef þetta eru hans umgengnishættir við erlenda menn, þá skal mig ekki undra, þó að hann verði að athlægi í Ameríku og honum sé ekki svarað af Sovétstjórninni, af því að hann kunni ekki mannasiði í diplómatískri umgengni. Höfðu þó Rússar t. d. áður gert við hann viðskiptasamning, þann stærsta, sem þeir hafa gert við Ísland, og Bjarni náttúrlega svarað með því að kalla sendiherra sinn heim frá Moskva og senda hann aldrei þangað aftur.

Þjóðin spyr nú, þegar verkfall hefur staðið í 8 daga: Af hverju var ríkisstj. svona gersamlega ábyrgðarlaus, að undirbúa ekkert að mæta kröfum verkalýðsins, þegar allsherjarverkfall vofði yfir 1. des., með verulegum sanngjörnum tilslökunum? — Ríkisstj. kom upp um það í síðasta bréfi sínu. En bréfin eru sem kunnugt er eina framlag hennar í þessu lífsmáli þjóðarinnar. Ríkisstj. hafði básúnað sigur svo kallaðra lýðræðisflokka í Alþýðusambandskosningunum sem sigur sinn. Hún hafði treyst á að þurfa aldrei að slaka til fyrir verkalýðnum. Hún hafði treyst á að geta fengið pólitíska jábræður sína í Alþýðusambandsstjórn til að bregðast hagsmunabaráttu verkalýðsins. Hún hafði treyst á að geta breytt fellibylnum frá vinnandi stéttum Íslands í hæga golu, í þægilegan andvara fyrir sex feita ráðh. til þess að hressa sig á í komandi kosningum. Henni brást bogalistin. Hún fékk engan til að svíkja. Verkalýðurinn stóð allur saman. Og nú tryllist ríkisstj. og sendir út opinber svívirðingarbréf á þá, sem hún kallar sína menn í stjórn Alþýðusambandsins, og sannar hið fornkveðna:

„Ekki sér hann sína menn,
svo hann ber þá líka.“

Af hverju er ríkisstj. svona reið? Hún sér, að þjóðin hefur opnað augu sín fyrir óstjórn hennar,

fyrir því, að ríkisstj. skipuleggur skortinn og atvinnuleysið um allt land.

Sigurður Bjarnason, hv. þm. N-Ísf., var að tala hér um nauðsyn íbúðarhúsabygginga áðan. Hann talar, en ríkisstj. neitar Íslendingum um frelsi til þess að mega byggja yfir sig og torveldar þeim með lánsfjárbanni sínu að bjarga sér, þegar þeir eru að reyna við byggingar smáíbúðanna núna. Ríkisstj. lætur hins vegar Íslendinga þræla í því að byggja fyrir ameríska liðsforingja suður á Keflavíkurflugvelli íbúðir upp á 90 millj. kr. Sigurður talar orðin. Ríkisstj. sýnir verkin. Og ríkisstj. er nú búin að sýna, hvað er í vændum, ef atvinnuleysis- og kauplækkunarherferð hennar verður ekki stöðvuð. Með svipu atvinnuleysisins rekur ríkisstj. nú um allt land íslenzka verkamenn frá konum og börnum suður á Keflavíkurflugvöll til þess að þræla þar sem ódýrt vinnuafl fyrir ameríska ofbeldismenn. Sjálfir hafa Ameríkanarnir þrefalt kaup á við íslenzka verkamenn, og svo eiga Íslendingar að þakka fyrir. Og fari Íslendingar að mögla, er þeim hótað með sulti og amerísku herliði af blöðum ríkisstj. Þarna á Suðurnesjum sitja nú hundruð íslenzkra manna við sultarskammt, því að Ameríkaninn skammtar smátt matinn, — sitja við okurhúsnæði, 200 kr. fyrir rúmið í bröggunum. Og þessir Íslendingar eru meðhöndlaðir eins og glæpamenn. Það er krafizt æviferilsskýrslu eins og af þurfamönnum á harðstjórnarárunum. Það eru heimtaðar upplýsingar um sannfæringu þeirra, og auðvitað skoðar hver ærlegur Íslendingur það skyldu sína að ljúga að kúgurunum. Síðan er þetta allt borið saman við upplýsingar amerísku njósnaranna á Íslandi, sporhunda þess fjandmannahers, sem lagt hefur undir sig Ísland. Það er leitað á íslenzkum verkamönnum eins og glæpamönnum, þegar þeir ganga um ættland sitt, um þær slóðir, þar sem Íslendingar fyrrum drápu Kristján skrifara og allt útlenda hyskið, sem honum fylgdi.

17. júní 1944 báðum við Íslendingar einum rómi á Þingvöllum við Öxará:

„Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur líti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í,
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð,
svo aldrei framar Íslands byggð
sé öðrum þjóðum háð.“

Og í dag eru íslenzkir menn beygðir undir erlent ok og hótað með byssustingjum erlends valds, ef þeir dirfast að heimta sinn rétt. Svona hefur leppstjórnin og þm., sem kölluðu herinn inn í landið, leikið lýðveldið og lýðfrelsi Íslendinga.

Það er nóg komið. Sú fátækt og sú smán, sem við sósíalistar sögðum að þessi stjórn mundi leiða yfir þjóðina, nístir nú hvern ærlegan Íslending. Hrunið, sem við sögðum að stjórnarstefna Marshallflokkanna mundi hafa í för með sér 1952, er dunið yfir. Og alþýða Íslands ætlar ekki að láta grafa sig lifandi í hrundum rústum Marshallstefnunnar. Alþýða Íslands er risin upp. Hún mótmælir öll sem einn maður þeirri stjórn og stjórnarstefnu, sem breytir allsnægtum þeim, sem hún gæti búið við, í örbirgð. Aldrei síðan 1851 hefur íslenzk þjóð mótmælt leppstjórn erlends valds svo einhuga sem nú með allsherjarverkfallinu á Íslandi.

Það er fátækt fólk, sem vart á málungi matar, sem gripið hefur til þessa ráðs, að hætta vinnu, leggja enn þá meira að sér til þess að mótmæla óþolandi aðbúnaði í lífskjörum. Það er alltaf fátækt fólk, sem bjargað hefur Íslandi, tungu þess, lífi þess og heiðri. Sú stjórn, sem engu sinnir hinum sjálfsögðu og sanngjörnu kröfum þessa fólks, svo ábyrgðarlaus, tilfinningalaus og ráðlaus stjórn, — það er ekki íslenzk stjórn. Það er leppstjórn erlends valds, sem engu lætur sig skipta hag íslenzks almennings, nema til að rýra hann að boði amerískra auðdrottna, í þágu erlendra auðhringa og íslenzkra ríkismanna. En eitt ætla ég að segja við þessa stjórn út af hótunum blaða hennar: Láttu ekki ameríska herlið koma nærri þessu verkfalli, því að gerirðu það, þá hleðurðu á þig blóðskuldarsök, sem aldrei verður af þér máð.

Nú verður öll íslenzk alþýða, öll íslenzk þjóð að standa saman sem einn maður. Hver sá, sem í dag neitar órofa samstarfi íslenzkrar alþýðu, faglegu og pólitísku, í verkföllum jafnt sem stjórnmálabaráttu, hann bregzt íslenzkri alþýðu í erfiðustu baráttunni, sem hún hefur háð. Þrennt er nauðsynlegt: Það verður að láta tafarlaust að öllum kröfum verkamanna um kauphækkun. Það verður að höggva á einokunarfjötrana, sem kyrkja íslenzkt atvinnulíf. Það verður að skera burt krabbameinið á Keflavíkurflugvelli, áður en það sýkir allan þjóðarlíkamann. Og hvað sem öllu öðru líður, ríkisstj. á strax að fara frá. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, lokið máli sínu. — Tekur nú til máls hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. „Svo aldrei framar Íslands byggð sé öðrum þjóðum háð,“ sagði kommúnistaleiðtoginn hér áðan og klökknaði. Sams konar ljóð hafa kommúnistaleiðtogarnir áreiðanlega haft yfir í löndum Austur-Evrópu. En hvað gerðu þeir? Þeir létu rússneska heri setja sig í valdastólana, og svo hengja þeir hver annan.

Um hv. 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, þarf ekki að fara mörgum orðum. Hann lýsti hér með sterkum orðum hinum miklu erfiðleikum sjávarútvegsins. En jafnhliða stendur hann fyrir stórfelldum kröfum, sem allir vita að verður að lokum velt á sjávarútveginn, á útflutningsframleiðsluna, ef þær ná fram að ganga. Veit ekki þessi hv. þm., að hann er fyrir löngu orðinn að athlægi fyrir tvöfeldni sína og óheilindi?

Hv. þm. Haraldur Guðmundsson hélt hér langa ræðu. Hann sagði: „Er þá ekki líka skakkt að hækka landbúnaðarvörurnar, ef það er óráð að hækka kaupið eins og nú er ástatt?“ Þessu má svara þannig, að það er lögbannað að hækka landbúnaðarvörur nema til samræmis við áður

fram komnar kauphækkanir. — Hv. þm. talaði mikið um verzlunarálagninguna og fannst hún mikil og dreifingarkostnaðurinn. Vill hann ekki spyrja hv. þm. Ísaf., sem er formaður Kaupfélags Ísfirðinga, um það, hvað hann telji hæfilegan dreifingarkostnað á nauðsynjavörum. Hann veit það og hann getur frætt hv. þm. um það fullgreinilega. — Þá sagði hv. þm.: Hugsið ykkur annað eins. Að koma einum dilkskrokk til kaupendanna kostar 45% álag á verðið, sem bændurnir fá. Hefur hv. þm. haft fyrir því að gera sér grein fyrir, hvað innifalið er í þessum 45%? Það er sláturkostnaðurinn, það er frysti- og geymslukostnaðurinn á staðnum, þar sem framleiðslan fer fram, það er flutningskostnaðurinn með bifreiðum eða skipum á sölustaðinn, sem oftast nær er Reykjavík, það er geymslukostnaðurinn í Reykjavík, í frystihúsunum, það er útkeyrslukostnaðurinn í búðirnar í Reykjavík, og það er smásölukostnaðurinn í Reykjavík. Þetta er allt saman innifalið í þessu álagi, sem hv. þm. talaði um. Mér er ekki vel kunnugt um það, hvernig þetta skiptist í vinnulaun og aðra liði, en ég veit það, að kostnaðurinn við mjólkina er 70—80% vinnulaun.

Hv. þm. Finnbogi R. Valdimarsson talaði hér áðan. Mér fannst eins og hann talaði upp úr svefni. Hann sagði ýmist, að það hefðu verið *þrefaldaðar álögur til ríkissjóðs í tíð núverandi* stjórnar eða hækkaðar um 200 millj. Það rétta er, að tekjur ríkissjóðs 1949 voru 295 millj., eða tæpar 300 millj., en eru nú 410 millj. Þær hafa hækkað í krónutölu um 40%. Það er minni hækkun heldur en vísitöluhækkunin er, og það er minni hækkun heldur en kaupgjald í landinu hefur hækkað. Vísitalan hefur hækkað um 63%.

Hv. landsk. þm. Ásmundur Sigurðsson flutti hér langa þulu í gærkvöld, barði höfðinu við steininn og hélt því fram, að skattar og tollar hefðu verið hækkaðir, það sæist á því, að ríkistekjurnar hefðu hækkað í krónutölu. Setjum svo, að tekjur ríkissjóðs hefðu lækkað vegna lækkandi verðlags og minnkandi viðskipta, en skatta- og tollalöggjöf staðið óbreytt. Mundi hv. þm. þá telja, að skattar og tollar hefðu verið lækkaðir? Enginn mundi bera sér slíkt í munn. Með þessu lyppast hin langa ræða þingmannsins, annáll og allt saman.

Hv. þm. Ísaf. er nú svo aðþrengdur orðinn út af tali sínu um fjárl., að hann er farinn að klóra í bakkann. Ekki tekst það þó fimlega, enda nokkurt vorkunnarmál. Aðalniðurskurðartill. þm. eru þrjár: Taka lán hjá bændum sjálfum í fjárskiptakostnaðinn eða lán annars staðar. Þetta mundi einfaldlega þýða 16—17 millj. kr. halla á fjárlögunum. Strika út 8 millj., sem hann sagði að allar væru greiddar í ríkisrekstrinum fyrir auka- og tímavinnu. Þetta er blekking vegna þess, að í staðinn yrði að fjölga fastafólki. Sú þriðja till. var að strika út 18. gr. úr fjárlögunum og þannig ætti að spara 12½ millj. Mér var nú ljóst áður, að hv. þm. Ísaf. er „ekki að súta það", eins og sagt er, ef í það fer og hann er í vandræðum. Á því átti ég þó tæpast von, að form. Alþfl. gerði till. um að fella niður allt framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eftirlaun opinberra starfsmanna. En þetta er allt á 18. gr. og nemur 8½ millj. Þá eru eftir laun ekkna og munaðarleysingja og eftirlaun til manna, sem hafa engin lögboðin eftirlaun, sem nema um 2 millj. kr. Ekkert sýnir betur óheilindi í málflutningi stjórnarandstæðinga en að þessu skuli kastað fram af formanni Alþfl. Þetta hlýtur að vera gert í fáti. En svona fer fyrir þeim, sem byggja málflutning sinn á röngum staðhæfingum og villandi. Fyrr eða síðar sitja þeir fastir í neti fjarstæðnanna.

Kommúnistar hafa hér — og gera það oftast nær — talað mikið um lánsfjárkreppuna, sem sé tilbúin af ríkisstj. Höfuðkenningin er þessi: Það er hægt að búa til nóg fjármagn og lána hverjum sem hafa vill. — Þetta er sami söngurinn sem kommúnistar syngja í öllum löndum, nema þar sem Stalin ræður. Þar sér hann og hans menn um, að þaggað sé niður svona fleipur, með aðferðum, sem við þekkjum. Þessi áróður er einn liður í þeirri baráttu kommúnista að viðhalda upplausn í fjárhagskerfinu, atvinnuleysi og gengisfellingu á víxl, til þess að undirbúa jarðveginn að innlimun landanna í einræðiskerfi kommúnismans.

Ríkisstj. hefur stefnt að því, að öll hjól geti snúizt sem hraðast. Einn liður í því er að halda uppi eins mikilli lánastarfsemi og sparifjármagn, framleiðslumöguleikar og gjaldeyrisástæður frekast leyfa. En við þessi atriði verður að miða útlánastarfsemina, ef hún á ekki að grafa undan gildi peninganna og framkalla gengislækkanir. Útlán verða að byggjast á því, að menn leggi sparifé í bankana, eða á framleiðslu seljanlegra verðmæta. Geri þau það ekki, skapa þau verðbólgu í landinu, grafa undan afkomu atvinnurekstrarins og orsaka atvinnuleysi og gengishrun. Heildarútlán bankanna hafa á 2½ ári aukizt úr 912 millj. í 1446 millj., eða um 534 millj., og er það 58.8% aukning. Fjármagnsþörfin er mikil, og til þess að leysa úr henni hefur verið teflt á tæpasta vaðið með heildarútlánin. Þannig er verulegur hluti mótvirðissjóðsins nú raunverulega fastur á bak við þessi almennu útlán, og þess vegna þarf nú enn að leita að nýju fé erlendis til virkjananna og áburðarverksmiðjunnar. Það verður ekki leyst úr lánsfjárskortinum nema með auknum sparnaði og aukinni framleiðslu. Þessi kommúnistaáróður um, að hægt sé að hafa nóg fjárráð bara með því að gefa út pappírspeninga eins og hver vill hafa, er svona álíka speki eins og kenningar þeirra og hv. þm. Ísaf. um, að vandamálin megi leysa með því að fella niður tolla og skatta og hækka ríkisútgjöldin um leið.

Þessi málflutningur kommúnista allur saman er byggður á þeirri trú, að menn séu svo gersamlega sneyddir öllum skilningi á atvinnu-, viðskipta- og fjármálalífi landsins, að óhætt sé að segja mönnum hvaða fjarstæðu sem er, menn muni trúa, ef þess er aðeins gætt að hafa það, sem sagt er, eitthvað nærri því, sem menn vildu að gæti verið satt. Þessi málflutningur er byggður á trúnni á múgsefjun, en ekki á rólegri íhugun. En undarlegt má það teljast, ef Íslendingar reynast lakar menntir en aðrar þjóðir, sem hafa þurrkað af sér kommúnista hver af annarri nú síðustu missirin, enda eru kommúnistar nú að

verða gersamlega áhrifalausir í öllum löndum, nema þar sem Rússar hafa með hervaldi sett þá í valdastólana og haldið þeim þar.

Ef nokkur glóra væri í gaspri hv. 2. þm. Reykv. og annarra kommúnista um, að kaupgjaldið þyrfti ekki að standa í neinu sambandi við það, sem framleiðslan gefur af sér, og auðvelt væri að skapa velmegun fyrir alla með því einu að búa til peninga og lána þá út, hvernig stendur þá á því, að Stalin t. d. og hans menn skuli pína verkamenn í Sovét-Rússlandi á 1200 rúblna mánaðarlaunum? En það er kaupið, sem kommúnistar *sjálfir segja að þar sé borgað*. Og samkvæmt rússneskum heimildum um verðlag nauðsynja eftir hina frægu lækkun þar í landi samsvarar ein rúbla einni krónu hér í kaupmætti. Hvers vegna skyldi Stalin og hans menn ekki nota aðferð Einars Olgeirssonar fremur en að láta menn draga fram lífið á hálfu kaupi, miðað við það, sem hér tíðkast? Hvers vegna er ekki þar notað „patent" Einars, aukin peningaveltan og útlánin til þess að létta neyðina? Einar Olgeirsson og þeir kommúnistar hér ættu að gefa þetta ráð austur. En af því að mér er meinlítið við Einar Olgeirsson persónulega, þá mundi ég ráðleggja honum að vera ekki austan við járntjaldið, meðan aðferðin væri reynd í framkvæmd. Það gæti orðið óþægilegt, þegar afleiðingarnar færu að koma í ljós.

Ríkisstj. hefur miðað alla sína pólitík við að auka framleiðsluna, atvinnuna og kaupgetuna. Í því skyni var gengislækkunin gerð á sínum tíma, til þess að koma útflutningsframleiðslunni úr sjálfheldunni og efla atvinnulífið. Í sama skyni hefur ríkisstj. teflt á tæpasta vað um notkun allra þeirra fjármuna, sem hún hefur yfir komizt, til framlaga í þágu atvinnuveganna og almennings. Því fé, sem ríkissjóður hefur haft aflögu frá beinum útgjöldum, hefur verið úthlutað jafnóðum í þessum sama tilgangi, eins og kunnugt er og margsinnis fram tekið. Enginn eyrir, sem stjórnin hefur yfir komizt, hefur notið nokkurs næðis, heldur verið sendur jafnharðan út aftur til þess að leysa úr þeim þörfum, sem brýnastar hafa þótt hverju sinni. Óvenjulega erfiðleika hefur hins vegar verið við að stríða, eins og bezt sést á því, að hefðum við búið við jafnhagstætt viðskiptaárferði 1951 eins *og árið 1946, þá hefðum við fengið 316 millj.* meira fyrir útflutninginn. Og ef við hefðum búið við jafnhagstætt árferði og 1949, hefðum við fengið 158 millj. meira fyrir útflutning okkar í fyrra en varð. Öll þessi ár hafa verið síldarleysisár, og nú á þessu ári brást síldarframleiðslan svo gersamlega, að slíks eru engin dæmi áður, síðan farið var að fást við þann atvinnuveg. Harðindi og sjúkdómar hafa herjað í landbúnaðinum. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug, að önnur eins áföll og þessi gangi yfir þjóðina án þess, að menn verði þess varir, hver og einn? En það merkilega er, að þrátt fyrir þessi gífurlegu áföll hefur þó verið hægt að koma málum þannig, að á sama tíma sem framfærsluvísitalan hefur hækkað um 63% hefur kaupið í lægstu launaflokkunum hækkað um 53%. Sá munur, sem menn þannig hafa tekið á sig á þessu tímabili, er að sjálfsögðu tilfinnanlegur, en þó vonum minni, þegar þess er gætt, hvílíkum áföllum þjóðin hefur mætt. Í þessu sambandi er rétt og skylt að minna á, að fyrir gengislækkunina var kaupgjaldið þar að auki mælt eftir vísitölu, sem ekki sýndi sanna mynd af verðlaginu eins og það raunverulega var. En nú er vísitalan miðuð við verð, sem vörurnar raunverulega fást fyrir í búðunum.

Ráðstafanir ríkisstj. og þingmeirihlutans hafa komið hér í veg fyrir hrun og stórfellt atvinnuleysi. Um það er ekki hægt að deila. Með þessari stefnu hefur tekizt að koma á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem er að sýna sig í bættu atvinnuástandi og stöðvun dýrtíðarinnar. Á árinu 1950 steig verðlagið um 32%, á árinu 1951 um 18%, en það, sem af er þessu ári, um aðeins 4%. Og á ýmsum sviðum er verðlagið nú lækkandi. Engar sérstakar vandræðaráðstafanir eru fram undan vegna framleiðslunnar. Aðalverkefnið, áður en verkfallið kom til sögunnar, var að útvega fé í enn þá nýjar framkvæmdir og gera ráðstafanir vegna þeirra byggðarlaga, sem höllum fæti stóðu um atvinnutæki. Þetta ástand var blátt áfram þannig, að stjórnarandstaðan taldi sig ekki geta þolað það. Hún taldi sig verða — af pólitískum ástæðum — að knýja málin úr skorðum fyrir kosningarnar, hvað sem tautaði. Þess vegna var allt kapp lagt á að knýja til verkfalla í vetur. Um það gátu Alþfl.-menn og kommúnistar orðið sammála — og það eitt. Það gerði hin pólitíska nauðsyn beggja. Um þetta getur enginn verið í vafa, sem heyrt hefur þessar umræður.

Það sorglega við þessa deilu, sem nú er háð, eru því óheilindin, sem á bak við búa hjá forustumönnum stjórnarandstöðunnar. Það er ekki hægt að komast hjá því að nefna t. d. tvo hv. þm. í þessu sambandi, og það eru þeir hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, og 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson. Báðir vita þessir hv. þm., að fengjust fram þær kröfur, sem þeir standa fyrir, *þá leiddi þar af, að öll framleiðslustarfsemi í* byggðarlögum þeirra hlyti að stöðvast. Eins og stendur, liggur við borð, að mörg atvinnutæki í þessum byggðarlögum flytjist á brott. Og svo fer um sum hin þýðingarmestu þeirra, ef stjórn og þingmeirihluti finna ekki einhver ráð til bjargar. Um þetta varðar þessa hv. þm. ekki neitt. „Planið" er sem sé þetta: Þeir vita, að menn hafa mikla þörf fyrir auknar tekjur. Það vitum við allir. Þær þykjast þeir ætla að útvega mönnum með baráttu fyrir hækkuðu kaupi, þótt þeir viti, að það étur sig allt upp eins og nú stendur. Þeir halda nú samt, að baráttan fyrir þessu sé vinsæl pólitískt. Þeir vita vel, hvað af þessu leiðir fyrir atvinnu og afkomu manna í þeim byggðarlögum, sem treysta verða eingöngu á sjávarafla og geta ekki velt hækkununum yfir á aðra. En þeir gera þetta í því trausti, að aðrir, sem meiri hafa ábyrgðina, treysti sér ekki, þegar til kemur, til þess að horfa aðgerðalaust á þá eymd og fátækt, sem af atvinnuleysinu stafar, og gangi heldur í að gera ráðstafanir fyrir framleiðsluna, svo að hún geti haldið áfram. — Og þá er komið að síðara þætti málsins og því, sem að er stefnt af hendi þessara forustumanna, og sá þáttur er skefjalausar árásir á þá, sem á þeim

tíma standa fyrir því að leysa framleiðsluna úr dróma. Það er nokkuð harðleikið að blanda hagsmunasamtökum verkalýðsins inn í svona „plön".

Það er ástæða til að gagnrýna, hvernig haldið hefur verið á vinnudeilunni af hendi verkfallsforustunnar. Kröfur til atvinnurekenda voru gerðar áður en Alþýðusambandsþing var komið saman, þótt Alþýðusambandsstjórn væri áður búin að gera fastlega ráð fyrir því og skrifa félögunum um það, að einmitt Alþýðusambandsþing fjallaði um málið, hvort gera skyldi kaupkröfur eins og nú stæði eða ekki. Kröfurnar voru hins vegar gerðar um miðjan nóvember, áður en Alþýðusambandsþingið kom saman, og verkfall tilkynnt með aðeins einnar viku fyrirvara og miðað við 1. des. Enginn utan innsta hringsins vissi með meira en viku fyrirvara, að vinnustöðvun væri fyrirhuguð 1. des., en ekki síðar. Því er svo haldið fram, að afskipti stjórnarinnar af málinu hefðu átt að koma til fyrir löngu, þótt verkfallsforustan sneri sér alls ekki til stjórnarinnar fyrr en á síðustu stundu og viðurkennt sé af henni, að deilan sé kjaradeila við atvinnurekendur, en ekki stjórnina, og þótt stjórnin gæti ekki haft hugmynd um, hvað fyrir verkfallsforustunni vakti. Þegar verkfallsforustan talaði við stjórnina, komu fram bendingar af hennar hendi um atriði, sem hún taldi, að áhrif gætu haft á málið. Stjórnin stakk þá upp á sameiginlegri athugun, ekki bara á afkomu ríkissjóðs og atvinnuveganna, eins og hv. þm. Ísaf. sagði í gær, heldur einnig athugun á þeirra eigin bendingum. Þessari sameiginlegu athugun var hafnað og verkfallið sett á í staðinn.

Hvað hefur svo gerzt? Það hefur rignt inn í stjórnarskrifstofurnar fyrirspurnum frá deiluaðilum, fyrirspurnum, sem sýna það, svo að ekki verður um villzt, að verkfallsforustan hefur ekki haft hugmynd um, hvaða þýðingu þau atriði hafa fyrir afkomu verkamanna og þjóðarbúskapinn, sem þeir hafa sjálfir á lofti haft í sambandi við deiluna og jafnvel haldið fram sem úrlausnum í málinu. Hv. þm. Ísaf. virtist bara ánægður með þessi vinnubrögð hér í gærkvöld og sagði orðrétt: „Um margt fleira var spurt." En hvað segja menn um þessi vinnubrögð, að halda 10—12 þús. manns í verkfalli, á meðan forkólfarnir sjálfir kynna sér sínar eigin till., sem þeim var auðvitað skylt að vera búnir að kryfja til mergjar, áður en þeir fóru í deiluna? Og hvaða vit var í því að hafna frestun á verkfalli, þegar það var komið í ljós, að það þurfti verulegan tíma til þess, að þeir sjálfir gætu sett sig inn í málin, sem báru till. fram? Það tjón, sem af þessum vinnubrögðum stafar, verður ekki bætt. En ég vil að lokum leyfa mér að minna alla þá, sem af góðvild og ábyrgðartilfinningu vilja vinna að lausn vandamálsins, eins og það er orðið, á það, að höfuðkjarni þessa máls er sá, að næg atvinna geti verið fyrir alla og að fundnar séu leiðir til þess að bæta kjör fjölskyldumanna í lægstu tekjuflokkunum, því að það eru þeir, sem erfiðast eiga með að láta endana mætast, þótt þeir hafi atvinnu. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lokið máli sínu. — Tekur nú til máls hv. 8. landsk. þm., Stefán Jóh. Stefánsson.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Haustið 1949 lét ég þess getið í viðtali við Alþýðublaðið, að hinar nýafstöðnu alþingiskosningar þá væru spor til hægri í íslenzkum stjórnmálum. Því miður reyndist þetta rétt. Og sporið var ekkert smáspor. Það hefur nálgazt það að vera risaskref. Öll hjálparkokksaðstoð hv. 7. landsk. þm., Finnboga R. Valdimarssonar, í ræðu hans hér í kvöld breytir þar engu, og hef ég engan tíma til þess að svara rausi þessa flokkaflakkara frekar.

Undirrót hins mikla óróa, er nú ríkir í þjóðfélaginu, og einnig ástæðan til þess, hvað allur atvinnurekstur stendur nú höllum fæti, er sú geysilega verðþensla og dýrtíð, er skapazt hefur á tímum núverandi ríkisstj. Áður fyrr töluðu núverandi stjórnarflokkar um það, að ofar öllu ætti að vera skelegg og áhrifarík barátta gegn dýrtíðinni, en þegar þessir sömu flokkar koma sameiginlega í valdastöðu, var jafnvel hætt við að berjast gegn dýrtíðinni í orði og enn þá frekar á borði.

Á tímum þeirrar samstjórnar, er sat að völdum frá ársbyrjun 1947 til síðari hluta árs 1949, var hafður raunverulegur hemill á dýrtíðinni. Vísitalan frá 1939, sem á að sýna verðlagsbreytingarnar, — en við hana verður að miða, ef gera á réttan samanburð, — hækkaði frá valdatöku þeirrar stjórnar úr 310 stigum í 330 stig, miðað við 1. sept. 1949, eða um 6.45%. Á þessu tímabili var lík hækkun í nágrannalöndunum, eða í Svíþjóð um 7.78% og í Danmörku um 7.87%. En svo tók núverandi hæstv. ríkisstj. við. Hún skellti yfir þjóðina stórfelldri gengislækkun, stofnaði síðan til hins illræmda bátagjaldeyrisbrasks, sinnti því engu, þó að allur innflutningur væri skipulagslaus og handahófskenndur, og afnam svo að segja allt verðlagseftirlit. Afleiðingar þessarar stjórnarstefnu komu brátt í ljós. Verðvísitalan hækkaði úr 330 stigum í 669 stig, miðað við 1. nóv. 1952, eða um 102.7%, en ekki um 63%, eins og hér hefur verið kennt í kvöld. Á sama tímabili hækkaði verðvísitalan í Danmörku um 20%, í Svíþjóð um 28.3% og í Noregi um 29%. Núverandi ríkisstj. sló þannig öll met í verðhækkunum og dýrtíðaraukningu. Þessi stjórnarstefna hefur beinlínis leitt til þess, að nú standa hér yfir stórfelldustu verkföll, er þekkzt hafa, samtímis því sem margur atvinnurekstur á í vök að verjast. En ekki nóg með það. Versta plága verkalýðsins, atvinnuleysið, hefur verið mjög alvarlegt og færzt í aukana á tímum þessarar ríkisstjórnar.

Í gærkvöld lýsti hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, því, hvernig hann teldi, að hefði verið umhorfs í árslok 1949. Sagði hann, að þá hefði staðið fyrir dyrum algert hrun, stöðvun framleiðslustarfseminnar og atvinnuleysi. Nú vildi ég ráðleggja hæstv. forsrh. að athuga engu síður, hvernig nú er umhorfs, í árslok 1952, eftir tæpa þriggja ára stjórn hans sjálfs. Um 15 þús. manns eru nú í alvarlegu verkfalli, er þeir hafa talið sig neydda til að leggja út í vegna hraðvaxandi og óþolandi kjararýrnunar á tímum nú-

verandi ríkisstj. Samtímis því liggja nú um 7 þús. lestir óseldar af íslenzkum fiski erlendis. Frystihús landsins hafa nú, þegar ný vertíð stendur fyrir dyrum, í sínum vörzlum um 8—9 þús. lestir af hraðfrystum fiski og geta þannig ekki tekið á móti miklu nýju magni. Talið er, að í Ítalíu liggi nú um 40 þús. lestir af saltfiski víðs vegar að og sé þar um 9 mánaða neyzlu að ræða. Ef ekki hefði verið vinna, áður en verkfallið hófst, sem 1500 Íslendingar hafa haft í Keflavík á beinum og óbeinum vegum varnarliðsins, þá væri hér í landi hið stórfelldasta atvinnuleysi, er hér hefur þekkzt um langan aldur. Er atvinnuleysið meira en nóg, þó að 1500 manns starfi hjá varnarliðinu. — Á tímum núverandi ríkisstj. hefur greiðsluhallinn á viðskiptunum við útlönd numið um 600 millj. kr. Þessum halla hefur orðið að mæta, svo að ekki skapaðist algert öngþveiti, með erlendu gjafafé, sem numið hefur um 370 millj. kr. í tíð núverandi ríkisstj., með erlendum lánum og greiðslum fyrir þjónustu frá varnarliðinu. Ég held það væri engu síður þörf fyrir hæstv. forsrh. að líta alvarlegum augum í kringum sig nú við þessi áramót, eftir tæpra þriggja ára stjórn, heldur en mála með fölskum litum ástandið, er hafi verið í árslok 1949. Mætti við hann segja:

„Maður, líttu þér nær;
liggur í götunni steinn.“

Dagblaðið Tíminn skýrði frá því skömmu fyrir alþingiskosningarnar 1949, að þá nýverið hefði núverandi hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, haldið skörulega ræðu og þá einkum deilt á Sjálfstfl. og forustulið Alþfl., er hefðu, — og nú tek ég orðrétta frásögn blaðsins, — „leikið á þjóðina á undanförnum árum, ginnt hana fyrir síðustu kosningar með hinum fegurstu loforðum um stórfelld mannvirki og framkvæmdir, en síðan sökkt þjóðfélaginu í botnlaust öngþveiti, fjármálaóreiðu, verzlunarspillingu og gjaldeyrisþrot.“ Og blaðið bætir við með feitu letri: „Að lokum spurði Hermann Jónasson: Ef þú, kjósandi góður, hefur falið manni umboð til þess að fara með fjármuni þína og hann hefur gert það á svipaðan hátt og farið hefur verið með fjármál og atvinnumál þjóðarinnar, mundir þú þá veita þeim hinum sama nýtt umboð, þótt hann færi fram á það? Þér ber á sama hátt að dæma þá flokka, sem bera ábyrgð á spillingunni, ef þú vilt fella réttlátan dóm, er þú getur varið fyrir sjálfum þér, þjóð þinni og niðjum þínum.“ — Þannig sagðist Tímanum frá hinni skörulegu ræðu Hermanns Jónassonar þá.

Finnst ekki íslenzku þjóðinni, að það gæti verið ærin ástæða til þess að spyrja sjálfa sig líkrar spurningar og þeirrar, er hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, varpaði fram fyrir rúmum þremur árum, og þá nú sérstaklega varðandi meðferð umboðs þess, sem þjóðin gaf núverandi stjórnarflokkum og leitt hefur til þess ömurlega ástands í málum þjóðarinnar, er ég hef lítillega drepið á og blasir nú við, hvar sem augum er litið.

Ég hef oftar en einu sinni og að gefnu tilefni varað hæstv. ríkisstj. við þeim háska, sem í því felst að stjórna gegn verkalýðnum og samtökum hans. Þessum viðvörunum hefur ekki verið sinnt. Þvert á móti er núverandi ríkisstj. sú eina, er setið hefur síðustu áratugina, sem hefur talið sér fært og rétt að beina stefnu sinni og framkvæmdum gegn verkalýðnum og samtökum hans. Því er nú komið sem komið er. Verkalýðurinn hefur ekki séð sér annað fært en að rísa sameinaður upp gegn þeirri plágu og hörmungum, er stjórnarstefnan hefur skapað. Þess vegna skelfur nú okkar litla þjóðfélag á veikum grunni sínum. Þess vegna rís nú upp há og ógnþrungin alda almennings. Það á að verða í síðasta sinn, og skammt eftir af þeim tíma, sem ríkisstj. Íslands stjórnar gegn verkalýðnum og samtökum hans.

Í eldhúsi hér á Alþingi fyrir tveimur árum líkti ég núverandi ríkisstj. við Pétur Gaut í leikriti Ibsens. Pétur Gautur leitaðist við að umflýja örlög sín og bað um frest á frest ofan. Að lokum dugði það ekki lengur. Á síðustu krossgötunum gat hann ekki fengið frekari frest. — Innan skamms tíma hittir þjóðin núverandi ríkisstj. á krossgötum kosninganna. Þá verður dómurinn kveðinn upp yfir stefnu hennar og afleiðingunum, sem af henni hafa stafað. Þá mun ríkisstj. lenda í deiglu þjóðarinnar og verða brædd upp af hita þess elds, er hún hefur kveikt í huga almennings. Það eiga að verða örlög, sem ekki er unnt að flýja. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 8. landsk. þm., Stefán Jóh. Stefánsson, lokið máli sínu, og tekur nú til máls síðasti ræðumaður hér í kvöld, hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessar eldhúsdagsumræður eru nú á enda. Stjórnmálaflokkarnir hafa, eftir því sem efni hafa staðið til, skýrt starf sitt og stefnu fyrir þjóðinni, sem er sá dómari, er endanlega dæmir verk þeirra og úrskurðar á lýðræðislegan hátt, hverjum hún treystir bezt til þess að stjórna málum sínum. Sá dómur verður senn upp kveðinn, og þá er mikils um vert, að þjóðin láti rólega yfirvegun og rétt mat staðreynda ráða afstöðu sinni, en láti ekki blekkjast af kjassmælgi þeirra manna, sem telja vænlegast til kjörfylgis að byggja fallegar skýjaborgir fyrir fólkið, en hylja veruleikann í moldviðri rakalausra fullyrðinga.

Á svo skömmum tíma sem ég hef yfir að ráða get ég ekki svarað nema litlu einu af því, sem fram hefur komið hér, enda gerist þess ekki þörf.

Hv. síðasti ræðumaður, 8. landsk., var hér með margar ráðleggingar til hæstv. núverandi ríkisstj. Ég vil leyfa mér að vísa þeim ráðleggingum að verulegu leyti heim til föðurhúsanna. Það fer ekki vel á því, að flokkur, sem hefur hlaupizt undan merkjum ábyrgðar og ekki þorað að taka afleiðingum sinna verka, sé að gefa þeim ráðleggingar, sem hafa tekið merkið upp og haldið áfram til þess að reyna að leysa vandamálin.

Hv. 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, ræddi hér í sinni ræðu um erfiðleikana á því að fá viðskipti við löndin austan járntjalds. Ég vil leyfa mér að upplýsa hér, að þessi hv. þm. hefur tvisvar sinnum sjálfur — eða fyrirtæki hans — fengið leyfi til viðskipta austur fyrir járntjald, en það

hefur reynzt árangurslaust. Hann hefur ekki náð þeim viðskiptasamningum, sem hann stefndi til.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði hér, hvernig stæði á því, að ríkisstj. hefði haft varðskipin biluð 1. des. Það væri ekki nema eftir öðru, að þessi hv. þm. héldi því fram, að stjórnin hefði skemmt varðskipin, til þess að þau gætu verið biluð þennan dag.

Hv. þm. Ísaf., Hannibal Valdimarsson, sagði, að það hefði verið gert við varðskipin og þau hefðu ekki verið látin stöðvast.

Sannleikur málsins er sá, að það hefur aðeins verið gert við eitt varðskip. Eitt varðskip liggur í slipp og fær ekki viðgerð. Tvö eru í gangi enn. Þau eru sjófær, en þurfa viðgerðar og fá ekki þá viðgerð.

Ég ætla ekki að fara að eyða orðum að ummælum hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, um dómsmálastjórnina; rakalausum staðhæfingum hans um misnotkun hennar og dylgjum hans um það, að ráðh. og aðrir starfsmenn stjórnarráðsins, að mér skildist, væru þjófar.

Í gærkvöld vék hv. 3. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, að því, að það væri sannanlegt, að á tímabilinu frá 1939 til 1950 hefði kaupmáttur verkamannslauna aukizt aðeins um 130 stig. Hann vildi halda því fram, að þetta væri að kenna, að manni helzt skildist, óstjórn núverandi ríkisstj. Nú er það staðreynd málsins, að núverandi ríkisstj. hafði aðeins verið við völd í hálft ár í árslok 1950. Allan þann tíma, 1939—49, hafði Alþfl. verið í stjórn, að undanskildum tveim árum. Hafi verið illa haldið á kjaramálum verkalýðsins á þessu tímabili, þá lendir sökin á því eigi síður á hans eigin mönnum, sem þykjast jafnan vera að springa af umhyggju fyrir verkalýðnum. — Reyndar er sannleikur málsins sá, að hér er um villandi upplýsingar að ræða, eins og sýnt hefur verið fram á hér í kvöld. Raunveruleg hækkun kaupmáttar vísitölunnar var 141 stig á þessu tímabili, og hækkun neyzluvísitölunnar var 143 stig, þannig, að þarna er um eðlilegt hlutfall að ræða á milli. En þessir útreikningar hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar snerta ekki núverandi ríkisstj. Hann hefði getað haldið áfram sínum upplýsingum, og með jafnmiklum rétti mætti halda, að upplýsingar Ólafs Björnssonar prófessors um það atriði væru réttar, eins og þær upplýsingar hans, sem Gylfi Þ. Gíslason vitnaði í. En samkvæmt útreikningi Ólafs Björnssonar hefur kaupmáttarvísitalan hækkað um 10 stig í stjórnartíð hæstv. núverandi ríkisstj. Hlutur láglaunafólks hefur þó vaxið enn meir fyrir þá sök, að nú er aðeins greidd full vísitöluuppbót á hluta launanna.

En það er annað, sem þessi hv. þm. vék ekki að, en vert væri að minna á, og það er það, að á þessu tímabili, sem hann vitnar í, hefur upphæð launa Dagsbrúnarverkamanna aukizt að krónutölu um 1000%, en á því sama tímabili hefur kaupmáttur launanna ekki aukizt nema um 30% eftir hans eigin upplýsingum. Þrátt fyrir það að Alþfl.-menn væru í ríkisstj. næstum allt þetta tímabil, þrátt fyrir aðgerðir fyrstu stjórnar Alþfl., þrátt fyrir tveggja ára stjórnarþátttöku kommúnista, þrátt fyrir allt verðlagseftirlit, höft og bönn, og þrátt fyrir öll verkföll, þá er kaupmáttur launanna ekki meiri en þessi, sem ég gat um. En í stjórnartíð núverandi ríkisstj., sem þessi hv. þm. og aðrir stjórnarandstæðingar telja, að sé verst allra stjórna, hefur þó kaupmáttur launanna aukizt um 10 stig.

Meginninnihald í ræðu hv. stjórnarandstæðinga var um nauðsyn aukinna kjarabóta fyrir verkalýðinn. Ég skal fúslega taka undir það og vildi mæla það fyrir munn alls Sjálfstfl., að sjálfsagt er að vinna með öllum ráðum að því að bæta afkomu þjóðarinnar og þá fyrst og fremst þeirra, sem minnst bera úr býtum. Sjálfstfl. telur sig hafa sýnt það með baráttu sinni fyrir eflingu atvinnuveganna og auknum lífsþægindum almennings, að hann stefnir að því að veita bæði verkalýðnum og öðrum þjóðfélagsstéttum raunverulegar kjarabætur. Hitt er illt verk, að villa þjóðinni sýn um raunverulega afkomu sína.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa nú att verkalýðsfélögum landsins út í allsherjarverkfall. Verkfall er alvarlegt vopn. Þjóðfélagið hefur með lögum viðurkennt rétt verkalýðsfélaganna til að beita því vopni, en aðeins sem algerri nauðvörn, þegar önnur úrræði eru ekki fyrir hendi til þess að fá sanngjarnar kjarabætur. Það hefur skýrt komið fram í ræðum forustumanna verkfallsins sjálfs í þessum umr., að lagt hefur verið út í verkfall nú af fullkomnu ábyrgðarleysi, sem þjóðfélagið og hver einstakur verkamaður hlýtur að harma. Aðalkrafan í verkfallinu er sú að fá sem nemur 30% launahækkun. Ekki verður betur séð af ummælum hv. stjórnarandstæðinga í þessum umr. en þeir viðurkenni það sjónarmið atvinnurekenda, að atvinnuvegirnir beri ekki slíka kauphækkun. Hv. 3. landsk. þm. segir, að aðaláherzluna eigi ekki að leggja á hækkun launanna, og hv. þm. Ísaf., aðalforingi verkfallsmanna, hefur einnig tekið í sama streng og aðallega rætt um ýmsar leiðir til þess að létta opinberar álögur á borgarana. Bæði kommúnistar og Alþfl.-menn hafa í þessum umr. blátt áfram skorað á atvinnurekendur að samfylkja sér með kröfur á hendur ríkisstj. Hv. þm. Ísaf. hét gjarnan á bændurna til fylgis, sem hann lætur nú hella niður mjólkinni fyrir og vill láta hjálpa með eintómum ríkisskuldabréfum í þrengingum þeirra vegna fjársjúkdómanna. Í alvöru sinni er málið komið á það broslega stig, að ríkisstj. er talin ofsækja atvinnurekendurna jafnt og verkalýðinn, svo að það fer víst ekki að verða ofsögum sagt af mannvonzku hennar.

Það er mikil nauðsyn fyrir þjóðina alla, og þá ekki sízt verkalýðinn, að gera sér ljóst, hvað hér er að gerast. Það er lagt út í allsherjarverkfall til þess að krefjast kauphækkana, sem forsprakkar verkfallsins játa strax opinberlega, að hvorki sé hægt að fá framgengt né muni leiða til kjarabóta. Það virðist því hafa verið efst í huga verkfallsforsprakkanna, áður en verkfall hófst, að raunverulegar kjarabætur yrðu ekki fengnar nema eftir einhverjum löggjafarleiðum. Þessi skoðun verkfallsforingjanna hefur greinilega komið fram í þessum umr., en einmitt þessi staðreynd er ljósust sönnun þess, hversu fáránlega hefur verið á málum haldið og hvílíkt tjón er nú unnið þeim þúsundum alþýðuheimila, sem sviptar eru brýnum tekjum rétt fyrir jólahátíð-

ina, auk allra þeirra miklu óþæginda, sem allir aðrir verða við að búa af völdum verkfallsins.

Eins og málin liggja fyrir, hlýtur sú spurning að vakna hjá öllum: Hvers vegna lögðu ekki forustumenn verkalýðsfélaganna einhverjar till. fyrir ríkisstj. eða Alþ., úr því að þeim var ljóst, að þá leið yrði að fara til kjarabóta? Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til þess, að ríkisstj. geri fyrst boð fyrir fulltrúa verkamanna og bjóði þeim að snúa kröfum sínum á hendur ríkisvaldsins? Hingað til hefur það þó verið höfuðkrafa verkalýðssamtakanna, bæði hér og í öllum öðrum lýðræðislöndum, að ríkisstj. hefði ekki afskipti af kjaramálum vinnuveitenda og launþega, nema afskipta ríkisstj. væri sérstaklega óskað.

Hv. þm. Ísaf. og fleiri stjórnarandstæðingar hafa hér í umr. drepið á ótalmörg úrræði, sem til greina komi af hálfu ríkisvaldsins til lausnar deilunni. Hver heilvita maður skilur, að jafnvel þótt verkfallsmenn sjálfir hefðu ráðið ríkisstj., þá hefðu þeir þurft lengri tíma en 3—4 daga til þess að rannsaka, hverjar af þeim leiðum væru færar, án þess að skerða um leið lífskjör þjóðarinnar á öðrum sviðum. Ef nokkur fyrirhyggja hefði ráðið gerðum verkfallsforingjanna, hefðu þeir því farið þá sjálfsögðu leið að hafa samningana lausa frá 1. des., en fresta að láta verkfallið koma til framkvæmdar fyrr en útséð væri, hvort fáanlegar væru eftir löggjafarleiðum skynsamlegar kjarabætur. Verkfallinu mátti svo alltaf skella á, ef ekki var sinnt sanngjörnum till. Slík vinnubrögð hefðu verið ólíkt giftusamlegri fyrir verkalýðinn heldur en að skipa honum í verkfall, þegar einna bezt stóð á fyrir atvinnurekendum. Manni kynni jafnvel að koma til hugar, að hv. þm. Ísaf. og fleiri hefðu fremur horft á sjónarmið vinnuveitenda. Fleira bendir í þá átt, að hagsmunir alþýðunnar séu aukaatriði, svo sem það, að hv. 3. landsk. fann ríkisstj. það sérstaklega til foráttu, að hún hefði látið tollaálögur og bátagjaldeyri aðallega lenda á vörum utan vísitölunnar. Utan vísitölunnar eru fyrst og fremst þær vörur, sem síður eru taldar nauðsynjavörur.

Vandamál íslenzku þjóðarinnar verða aldrei leyst með lýðskrumi, heldur samhentum átökum hugsandi þjóðfélagsborgara. Sú er hætta við lýðræðisskipulagið, að stjórnmálaflokkar freistist til þess að láta stundarmöguleika á öflun kjörfylgis ráða afstöðu sinni, í stað þess að miða afstöðu sína við það, sem þjóðinni er fyrir beztu í framtíðinni. Lýðræðisskipulagið krefst því þess, að þjóðfélagsborgararnir, kjósendurnir, séu þroskað fólk með heilbrigða dómgreind, sem gerir fyrst og fremst þá kröfu til forustumanna sinna, að þeir hagi stjórn þjóðmálanna sem skynsamir og framsýnir bændur, sem fremur reyna að þrauka um skeið kartöflulausir heldur en éta upp útsæðið.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa í þessum umr. treyst á skammsýni þjóðarinnar og dómgreindarleysi. Stjórnarflokkarnir skírskota til heilbrigðrar skynsemi og þroska hugsandi þjóðfélagsborgara. Senn mun í ljós koma, hvor aðferðin er réttari.

Íslenzka þjóðin hefur á fáum áratugum orðið að framkvæma það, sem aðrar fjölmennari og ríkari þjóðir hafa gert á mörgum öldum. Af miklum dugnaði og trú á framtíðina hefur tekizt að skapa hér menningarþjóðfélag, sem stendur að flestu jafnfætis öðrum menningarþjóðum. Með stofnun lýðveldisins færðist nýtt líf í þjóðina, og síðan hafa framfarir á sviði atvinnumála, félagsmála og menningarmála verið stórstígari en nokkru sinni fyrr. Enn er fjölmargt ógert, sem krefst starfandi handa og sameiginlegra átaka. Með hinni miklu eflingu atvinnuveganna síðustu sjö árin hefur þjóðin stigið stærsta sporið að því marki að tryggja efnahagslega afkomu sína í framtíðinni. Síðustu árin hafa erfiðleikar dýrtíðar og verðbólgu háð okkur mjög við uppbyggingarstarfið. Með lækkandi verðlagi á erlendum nauðsynjavörum er nú fyrst von til þess, að hægt sé að sporna fótum gegn verðbólgunni. Því sorglegra er það, ef með vanhugsuðum aðgerðum er komið í veg fyrir það, að hægt sé að spyrna við fótunum. Kommúnistar hafa hvað eftir annað lagt á það mikla áherzlu, að dýrtíðin gerði þá ríku ríkari, en þá fátæku fátækari. Nú virðast þeir því komnir á mála hjá þeim ríku í bróðurlegri samfylkingu við Alþfl.

Þjóðin stendur því nú á mjög mikilvægum vegamótum. Annars vegar er leið vaxandi dýrtíðar, upplausnar og örbirgðar. Þá leið vill stjórnarandstaðan fara. Hins vegar er leið áframhaldandi uppbyggingar atvinnuveganna, sem í bili krefst nokkurrar fórnar, en mun með sameinuðum átökum þjóðhollra Íslendinga ein leiða hana til efnahagslegs sjálfstæðis og bættra lífskjara. Því má ekki loka augum fyrir, að mörg alþýðuheimili búa við kröpp kjör, og það er sjálfsagt að leita allra skynsamlegra ráða til þess að létta því fólki lífsbaráttuna. Verst er þó það fólk statt, sem býr við atvinnuleysi, og fyrir það fólk er hækkað kaup með aukinni dýrtíð lítil hjálp.

Íslenzkur æskulýður á mest í húfi, ef illa fer. Æskan verður því að mynda skjaldborg um þær umbætur, sem gerðar hafa verið, og koma í veg fyrir, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að tryggja framtíð hennar, verði eyðilagðar af skammsýni og skilningsleysi. Æskulýðurinn þarf að halda uppbyggingarstarfinu áfram. Það þarf að margfalda ræktun landsins, leiða raforkuna um allar byggðir þess, beizla jarðhitann til ómetanlegra lífsþæginda og framleiðsluaukningar, efla stóriðju í landinu og hagnýta þau skilyrði til aukinna fiskveiða, sem stækkun landhelginnar skapar. Það verður að nýta svo auðlindir landsins, að þjóðin þurfi ekki gjafir erlendis frá sér til framfærslu. Þetta starf verður ekki farsællega til lykta leitt nema í einlægu samstarfi og skilningi á hvers annars högum. Það þarf að efla sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna og gefa frjálsu framtaki þeirra meira svigrúm til þjóðbrifastarfa. Það þarf að gefa æskulýðnum aukna trú á land sitt og framtíðina. Fyrsta skrefið í þessa átt er að leiða til farsællegra lykta það ógiftusamlega verkfall, sem nú stendur yfir. Það þarf að glæða trúna á lýðræðisskipulagið með því að leysa af skynsemi og á drengilegan hátt ágreiningsefni þjóðfélagsstéttanna.

Allra sízt nú má sundra þjóðinni, þegar hún á

við erlenda ágengni að fást, þegar erlent stórveldi neitar að viðurkenna helgan rétt þjóðarinnar til hafsins við strendur landsins og erlendir veiðimenn, sem um aldir hafa arðrænt íslenzk fiskimið, reyna að svelta þjóðina til að gefa eftir rétt sinn. Það er því illt verk að gefa þessum mönnum, sem ásækja okkur á þennan hátt, ástæðu til að tortryggja einlægni hæstv. ríkisstj. í stefnu hennar í þessu máli, svo sem hæstv. 7. landsk., Finnbogi R. Valdimarsson, gerði hér í kvöld. Þjóðin öll verður að standa sameinuð að baki ríkisstj. sinni um þetta mál, og það má aldrei gefa brezku stjórninni í skyn, að Íslendingar séu til samninga um neinn afslátt af sínum kröfum þar. Aðeins með samtökum og gagnkvæmum skilningi getum vér tryggt rétt vorn sem sjálfstæð þjóð og tryggt öllum landsins börnum öryggi og góða afkomu. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, lokið máli sínu, og er þar með þessum útvarpsumræðum lokið.

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 335, n. 577, 567, 600, 601, 602, 603, 606, 607).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 601, 602, 606 og 607. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það eru nú liðnir allt að því tveir mánuðir síðan 2. umr. fjárlaganna fyrir 1953 var lokið og nokkuð á annan mánuð frá þeim tíma, sem fyrirhugað var að ljúka afgreiðslu fjárlaganna. Hæstv. fjmrh. hafði fullnægt þeim fyrirmælum þingskapa að leggja frv. fram á fyrstu dögum þingsins, og fjvn. setti sér það takmark að hafa tekið til meðferðar öll erindi, sem til hennar bárust í sambandi við fjárlögin, og skila till. til þingsins fyrir 2. umr. svo tímanlega, að engin hætta væri á því, að afgreiðslu fjárlaga yrði ekki lokið fyrir jól eða áður en þingfrí yrði gefið.

Það hefur jafnan verið skoðun nefndarinnar, að þannig bæri að haga störfum hennar og þingsins, að fjárlög séu ávallt afgr. fyrir byrjun þess fjárhagsárs, sem þau eru samin fyrir, allt annað sé óverjandi og lami verulega virðingu þingsins og álit. Að þessu marki hefur líka verið stefnt undanfarin ár, og að því var einnig stefnt í byrjun þings þess, sem nú stendur yfir. Það er engum vafa undirorpið, að þjóðin ætlast til þess, að frá þessari stefnu sé ekki vikið, og metur það, ef hægt er hér sem á öðrum sviðum að halda uppi heiðri Alþingis.

En nú hefur illu heilli tekizt svo til, að komið hefur verið í veg fyrir það, að hægt yrði að ljúka afgreiðslu fjárlaganna á réttum tíma. Með því var enn á ný verið að sniðganga skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar og um leið dregið niður álit og heiður Alþingis. Fljótt á litið þykir það ef til vill ekki skipta miklu máli, hvort fjárlög eru afgr. fyrir eða eftir að fjárhagsárið byrjar, því að Alþingi hafði þá uppfyllt ákvæði stjórnarskrárinnar þann veg að fyrirskipa með sérstökum lögum, að fjárgreiðslur úr ríkissjóði, sem bundnar eru sérstökum lögum, svo sem laun o. fl., skuli greiddar eftir ákvæðum fjárlaga frá fyrra ári um ákveðinn tíma, eða þar til fjárlög hafi verið sett, og réttlæta mætti þetta, ef eðlilegar og óviðráðanlegar ástæður hefðu valdið því, að fjárlögin voru ekki að þessu sinni afgr. svo sem fyrirhugað var og rétt var að gera. En svo var ekki. Hinar raunverulegu orsakir þessa máls stóðu miklu dýpra, og það er rétt, að menn geri sér þau sannindi ljós þegar í upphafi. Og einmitt vegna þess þykir mér rétt að ræða þetta nokkru nánar, áður en ég sný mér að hinum einstöku till., sem n. ber fram til breyt. á fjárlagafrv.

Þeim, sem sæti áttu hér á Alþingi 30. marz 1949, munu seint falla úr minni þeir atburðir, sem þá gerðust hér. Það höfðu staðið hér harðar deilur um öryggismál landsins. Einn stjórnmálaflokkur þingsins hafði valið sér það auma hlutskipti að vinna að þeim áhugamálum einvaldsherrans austan járntjaldsins að leggja sem flest ríki veraldarinnar undir hans veldi og áþján, einnig hið fámenna og fátæka lýðveldi Ísland, svo að þar mætti ekki um aldur ríkja lýðræði, frelsi í hugsun og athöfnum, réttaröryggi eða almenn mannréttindi á mælikvarða lýðræðiselskandi þjóða. Var haft í hótunum utan þings og innan, að Alþingi skyldi ekki fá frið til þess að koma fram með löglegum hætti vörnum gegn slíkum fyrirætlunum, og hverjum þm. heitið ofsókn og jafnvel meiðingum, sem ætlaði sér þá dul að afgreiða mál þetta í þinginu samkv. sannfæringu sinni eða samkv. því, sem hann vissi að bezt væri fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Þegar sýnilegt var, að orðin ein um hótanir höfðu engin áhrif á gang málsins, og vitað var, að áróður mundi engu breyta um endanlega afgreiðslu þess, var hópað saman nokkrum óábyrgum æsingaseggjum til þess að koma fram hótununum og hindra Alþingi í störfum, svo að málalokum yrði ekki komið við á þann hátt, sem fyrirhugað var. Sú ró og sú óbifanlega festa, sem ríkti hér í þessum sal á þeirri stundu, er atkvgr. um öryggismálin fór fram, mun seint gleymast þeim mönnum, sem hér voru til staðar. Meðan grjótkast og glerbrot frá óðum lýð, sem umkringt hafði alþingishúsið, þutu um höfuð hæstv. forseta og inn um allan sal, sat hann öruggur og lét sér hvergi bregða, hélt áfram skyldustörfum sínum, svo sem ekkert hefði á bjátað, en þingmenn létu það ekkert á sig fá, þótt úti fyrir æddi skrill með ópum og óhljóðum og hótun um árásir og meiðsli, ef ekki yrði farið að þeirra óskum um afgreiðslu þingmála, heldur stjórnuðust af allt öðrum og hollari öflum og greiddu atkvæði eftir því, sem þeir, hver og einn, töldu vera heppilegast fyrir þjóðina. Athöfninni var lokið. Alþingi hafði unnið sigur. Það beygði sig ekki fyrir uppreisn æsingaseggja, ekki fyrir hótunum, ópum eða köllum, ekki fyrir háði eða spotti, heldur hélt sína beinu braut í alvarlegu máli. Aldrei sem þá hafði Alþingi sýnt, að það var spegill þjóðarinnar. Þannig mundi þjóðin sjálf hafa tekið á málinu, þannig mundi hún sjálf taka á hverju vandamáli, sem að höndum bæri, með festu og manndómi og víkja hvergi af vegi sannleikans.

Tíminn leið, og hinir óhamingjusömu menn,

sem höfðu látið leiða sig út í forað ið að gera aðsúg að löggjafarþingi þjóðarinnar, fengu sinn dóm. Með honum var alþjóð kunngert, að engum þegn yrði þolað það að virða ekki stofnunina sem vera bar og gefa henni starfsfrið. Um þann þáttinn að hefja almennan áróður fyrir því, að mönnum þeim, sem hér brutu af sér, verði hlíft við réttlátri hegningu, skal ekki rætt hér. Þar var að verki íslenzkt hjartalag hjá þeim mönnum, sem ekkert aumt mega sjá, en engin tilhneiging til þess að gera dóminn tortryggilegan eða til að réttlæta brotið.

En þegar þessir sömu aðilar, sem ýmist beint eða óbeint stóðu á bak við árásina á Alþingi 30. marz, eru sér þess meðvitandi, að ekki verður þolað að brjóta niður þingræðið á þennan hátt, snúa þeir kvæði sínu í kross, hefja aðra sókn að sama marki, sem fólkinu að lítt hugsuðu máli þykir ekkert athugavert við og mætir því engri mótspyrnu, en þingræðið hlýtur að lúta í lægra haldi fyrir, ef ekki er spyrnt við fótum þegar í stað. Og hvar stendur þá vort unga lýðveldi með allar sínar framtíðarvonir og óskir og möguleika, er svo er komið málum, að ákveðnir félagshópar geta kúgað Alþingi og fyrirskipað því að gera ákveðna hluti, illa eða góða, allt eftir því sem þeim líkar? Þegar svo er komið, er skammt að því marki, að þjóðin selji sig í ánauð, glati frelsi sínu og moldi allar sínar hugsjónir. Það er þetta, sem hefur skeð hér í síðasta verkfalli, sem hófst hinn 1. des. og lauk fyrir jólin, fyrsta verkfalli, sem háð er gegn Alþingi, í sögu þjóðarinnar. Og Alþ. bíður í þetta skipti lægri hlut. Í fyrsta áhlaupi sigra stéttafélögin, en Alþ. hefur fórnað allmiklu af virðingu sinni og valdi. Til þess voru refirnir fyrst og fremst skornir að koma því fram. Hitt var forustumönnunum aukaatriði, að bæta kjör einstakra manna, enda enn ekki sýnt, hve haldgott það kerfi verður, sem hér var tekið upp í sambandi við lausn vinnudeilunnar. Og sízt af öllu var þar tryggður réttur þeirra, sem erfiðast áttu með að fá kjör sín bætt, fram yfir hina, sem enga nauðsyn bar að veita kjarabætur. Ég get vel skilið þá menn, sem verða að velta hverjum eyri, sem þeir hafa handa á milli, áður en þeir gefa hann út til greiðslu á nauðsynlegustu þörfum, vegna þess að erfitt er að dæma um það, hvað eigi helzt að sitja á hakanum, og lágtekjurnar hrökkva ekki fyrir nauðsynlegustu gjöldum, — get vel skilið, að þeir séu til í allt, sem löglegt er, til þess að fá kjör sín bætt. En það voru ekki þessir menn, sem fundu upp á því snjallræði að gera verkfall á Alþingi. Nei, það voru hinir pólitísku leiðtogar, utan þings og innan, sem áttu af því heiðurinn, margir hverjir hinir sömu, sem með áróðri komu af stað óeirðunum og árásunum á Alþingi 30. marz, sem þá var ætlazt til að riði þingræðinu að fullu. Og þegar sigurinn var unninn, var fátækasta fólkið, sem vegna elli og örorku gat ekki lengur tekið þátt í kapphlaupinu um gæði lífsins, skilið eftir úti á hjarninu, því að það er haft fyrir satt, að raddirnar hjá félagssamtökum þeirra manna, sem bezt eru settir í lífinu og hæstar höfðu tekjurnar og beztu kjörin, hafi verið hvað háværastar í kröfunum, enda voru atvinnuveitendur þeirra eini aðilinn, sem ekki hafði enn fengið viðurkenningu fyrir að vera á gjaldþrotabarmi.

Áður en fjárlagafrv. var skilað til 2. umr., voru á mörgum fundum n. ræddir þeir möguleikar að mæta aðkallandi þörfum ýmissa aðila, sem til þingsins höfðu leitað. Meðal þessara erinda voru óskir um meira fé til þess að hraða umbótum í heilbrigðismálum þjóðarinnar, meira fé til þess að byggja sjúkrahús, hjúkrunarkvennaskóla og fávitahæli, meira fé til að koma upp nýtízku tækjum í sambandi við ný vísindi í baráttunni gegn meinum mannanna, svo að bjarga mætti enn fleiri mannslífum, lina enn meira þjáningar mannanna, lengja enn meira aldurinn, skapa þjóðinni enn traustari stofna, milda enn meira sorgirnar, sem sjúkdómar færa einstaklingum og þjóðinni.

Það var ekki öllum fjvn.-mönnum sársaukalaust að láta þá fulltrúa þjóðarinnar, sem hafa gert sér það að lífsstarfi að vinna þessum málum allt það gagn, sem þeir mættu, synjandi frá sér fara, vitandi, að með því var ekki einasta verið að fresta framkvæmdum mjög aðkallandi mála, heldur einnig það, sem var miklu alvarlegra, að með því var verið að lama, en ekki örva löngun þessara manna til þess að láta sem mest og bezt af sér leiða í þessum málum.

Þá var og beðið um fé til margvíslegrar vísindastarfsemi. Yngri og eldri vísindamenn með brennandi áhuga fyrir því að mega skapa þjóðinni margvíslega möguleika, bæði í andlegum og veraldlegum efnum, í krafti nýrra vísinda gátu bókstaflega ekki skilið, að ríkissjóði væri um megn að láta í té tiltölulega smáar upphæðir til þess að tryggja mikil auðæfi í framtíðinni með aðstoð vísindanna, er aldrei yrðu höndluð á annan hátt. Og umbótamennirnir, sem dreymir stóra drauma um endurbætur á öllum sviðum atvinnulífsins og sjá hvarvetna nýja möguleika til þess að auka þjóðarauðinn, útrýma atvinnuleysi og bæta lífskjörin, ef ríkissjóður vildi aðeins láta sér nægja minni skerf af ágóðahluta þeirra og leyfa þeim að byggja upp öruggan atvinnurekstur, skilja ekki heldur, að ríkissjóður skuli ekki geta séð af einhverju fé til þessara hluta. Og fólkið, sem býr í sveitum landsins og sér fossana falla með öllum sínum þunga til sjávar ár eftir ár og veit, að vatnið gefur þeim ljósið og ylinn og aflið, sem það hefur beðið svo lengi eftir, og gerbreytir hverju heimili, sem öðlazt hefur þessi gæði, skilur ekki, að fjárveitingavaldið skuli daufheyrast við hrópi þess.

Þannig er það á öllum sviðum þjóðlífsins. Fjvn. hefur orðið að vísa þessum og fjöldamörgum öðrum óskum þegnanna á bug vegna þess, að meiri hluti hennar leit svo á að vel yfirveguðu máli, að það væri ekki rétt að leggja á þjóðina nýja skatta, heldur bæri að vinna að því að snúa við og létta á skattabyrðinni, eftir því sem unnt væri, og að það væri ekki hyggilegt að áætla tekjurnar hærri en n. hefur gert, er hún skilaði frv. til 2. umr., ef treysta ætti því, að tekjurnar yrðu nægilegar til þess að mæta útgjöldum á árinu, svo að eigi þyrfti að safna skuldum, en það telur meiri hl. n. nauðsynlegt að jafnan sé haft í huga við afgreiðslu fjárlaga.

Á meðan fjvn. sat á rökstólum við að ræða

öll þessi mál, vega og meta, hversu gerlegt væri að teygja tekjuáætlunina, svo að nokkru næmi, hverju skyldi hafna og hvað velja úr þeim erindum, sem til hennar bárust um margvísleg framlög, skeður það, að stéttafélögin lýsa yfir allsherjarverkfalli um land allt, ekki á atvinnurekendur, eins og áður hefur verið lýst, heldur á Alþingi og ríkisstjórn, og síðan er nokkrum óábyrgum mönnum falið umboð til þess að fara með allar framkvæmdir og alla samninga. Og hér er ekki farið að lögum. Hnefarétturinn og valdið er látið ráða. Ferðir frjálsra manna eru tepptar. Grjót og annar farartálmi settur á vegi. Fólk og farangur rannsakað, eins og um væri að ræða glæpi, sem framdir hefðu verið. Framleiðslu bænda er spillt eða henni hellt niður í jörðina. Og höfuðborg landsins er lýst í ófriðarástandi og umgirt. Og kröfurnar eru fast að 20 millj. kr. hærri útgjöld úr ríkissjóði samfara margvíslegum breytingum á gildandi lögum. Hótað er að svelta borgina, fyrst börn og sjúklinga og síðan allan almenning, og milljónum verðmæta skal komið fyrir kattarnef, ef ekki er gengið að kröfunum.

Ég get vel sett mig inn í þá aðstöðu, sem hæstv. ríkisstj. var sett í, og ég skal ekki ræða það nánar hér en gert hefur verið, hvort rétt hafi verið af henni að láta undan síga, svo sem gert var, en á hitt vil ég benda, að ef þjóðin sjálf og Alþ. spyrna ekki fótum við slíkum aðferðum framvegis, eiga þegnarnir ekkert öryggi til framar. Ef stéttasamband, fjölmennt eða fámennt, getur aftur leikið þennan leik og samið sig síðan og menn sína með undirskrift samninga undan ótvíræðum ákvæðum hegningarlaganna, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins verða að beygja sig undir, þá er það víst, að það tvennt fer saman, að fjárhagur ríkisins stendur ekki stundinni lengur á föstum fótum og að frelsi einstaklinganna er glatað.

Það má að sjálfsögðu endalaust deila um ráðstafanir, sem gerðar eru af Alþingi, og um lög, sem þaðan koma, en til þess er ritfrelsi og málfrelsi í landinu að gagnrýna það. En aðferðin til þess að koma fram umbótum á löggjöf landsins, hvort heldur um er að ræða fjárlög eða önnur lög, er ekki sú að stofna til viðtækra verkfalla og óeirða í sambandi við þau og á þann hátt glata milljónum verðmæta fyrir þjóðarheildinni, heldur hitt, að hrinda með frjálsum kosningum til Alþingis þeim mönnum, sem meiri hluti kjósenda telur að ekki hafi nægilegt viðsýni til að bera til að setja þjóðinni holl og viturleg lög á hverjum tíma. Allt annað stefnir að því að þurrka þingræðið út og bjóða einræðinu og þar með áþjáninni heim.

Það er af þessum ástæðum, sem ég hér hef lýst, að meiri hl. fjvn. ber ekki fram þær brtt. við fjárlagafrv., sem hæstv. ríkisstj. þykir nauðsynlegt að gerðar verði og standa í beinu sambandi við lausn vinnudeilunnar. Hins vegar hafa nm. að sjálfsögðu óbundnar hendur um það, hvernig þeir greiða atkv. um þær till. — Skal ég þá leyfa mér að lýsa hér nokkuð þeim till., sem fjvn. ber fram hér við þessa umr.

Á þskj. 567 er 1. brtt. um, að hækkað sé um 260 þús. framlag til notendasíma í sveitum, sem fært er svo síðar á 20. gr. fjárlaganna. Framlagið í fjárlögum, eins og það er nú, er ákveðið 1740000, en lagt er til, að þetta hækki upp í 2 millj. Það hefur margsinnis verið tekið fram hér á hv. Alþ., að það sé eitt af því, sem veiti hinum dreifðu byggðum landsins mest öryggi, að geta komið símanum inn á sem flesta bæi. Og það er nú vitað, eftir að sími hefur verið lagður á allmarga bæi í sveitum landsins, að það er ekki einungis öryggisatriði, heldur mjög mikill vinnusparnaður í sambandi við framleiðsluna. Fjvn. hefur því viljað með þessari hækkun, sem hér er lagt til að gerð verði, viðurkenna þessa þörf.

Við 10. gr. er 2. till., um að hækka framlag til hagstofunnar um 90 þús. kr. Hæstv. fjmrh. hefur lagt á það áherzlu, að hægt sé að flýta þeim framkvæmdum, sem hagstofan vinnur að, skýrslugerð í sambandi við ýmis atvinnumál og félagsmál í landinu, og það þótti nauðsynlegt að taka upp þessa fjárveitingu til þess að mæta þeim óskum.

3. brtt. á þskj. 567 er um að hækka aukavinnu við lögreglustjóraembættið í Reykjavík úr 38 upp í 71 þús. kr. og annan kostnað úr 145 upp í 186 þús. og 600 kr. Þessi hækkun nemur alls um 74600 kr. En það hefur verið upplýst fyrir n. af hæstv. dómsmrh. og þeim aðilum, sem fara með þessi mál, að óhjákvæmilegt sé að hækka þennan lið, einkum í sambandi við umferðarlögregluna í bænum, til þess m. a. að draga úr þeirri slysahættu, sem hér ríkir ávallt í sambandi við umferðina. Og hefur n. fallizt á, að þetta væri tekið upp í hennar till.

Það er einnig á þskj. 600 brtt. við 11. gr., um nokkra hækkun í sambandi við fiskmatið, og stendur það í beinu sambandi við löggjöf, sem staðfest hefur verið hér á Alþingi nú, um að fjölga fiskmatsmönnunum um einn mann. Það þótti eðlilegast að taka það nú upp í fjárlagafrv., úr því að búið var að samþykkja lögin. — Sameiginleg hækkun á 11. gr. verður því 125302 kr., en á 10. gr. 90 þús. kr.

4. brtt. á þskj. 567 er um að taka upp framlag til rekstrar blóðbanka, 100 þús. kr. Eins og mönnum er kunnugt, hefur verið varið allmiklu fé til þess að koma upp blóðbanka hér í bænum, en til þess að unnt sé að reka stofnunina þarf að sjálfsögðu fé. Þetta var rætt við viðkomandi ráðuneyti, og með tilvísun til þeirra gagna, sem fyrir lágu, þótti ekki gerlegt annað en að taka þessa upphæð upp.

Þá er enn fremur á þskj. 600 brtt. við 12. gr., nýr liður, 60 þús. kr. til fávitahælisins í Skálatúni, byggingarstyrkur. Vegna þess að hér er um nýmæli að ræða, vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta atriði. — Eins og kunnugt er, er ríkið að láta byggja fávitahæli í Kópavogi og ver til þess allmiklu fé á hverju ári. Sökum þess, hversu seint gengur að koma þessum húsum upp vegna kostnaðar og hver óhemju eftirspurn er eftir rúmum á slíkum hælum og hversu erfitt er sérstaklega í sveitum landsins og á heimilunum yfirleitt að hafa hina eldri fávita, þá hefur, eftir því sem landlæknir hefur tjáð n., orðið að byrja á öfugum enda í þessu máli, þannig að byggja fyrst yfir hið fullorðna fólk til þess að geta tekið það inn á hæli, en vanrækja á

sama tíma að byggja yfir börnin, sem ef til vill er nauðsynlegast, vegna þess að þá standa vonir til þess, að unnt sé að kenna þeim, ef þau eru tekin nægilega snemma, nægilega mikið til þess að geta gert einhver verk og verða ekki fullkomlega öryrkjar. Þetta taldi landlæknir, sem ég átti tal við og m. a. á fundi í heilbr.- og félmn. Ed., vera mestu erfiðleikana í sambandi við þetta mál nú. Hér eru hins vegar nokkrir áhugasamir menn, sem hafa keypt tilbúið hús, sem heitir að Skálatúni, hér skammt fyrir innan bæinn, og á að geta tekið um 35 fávita börn, og geta þar hafið kennslu samstundis, og það er gert ráð fyrir því, að þetta hæli geti tekið til starfa þegar á þessum vetri. Það var upplýst hjá n., að þessir aðilar leggja sjálfir fram 100 þús. kr. Þeir óskuðu eftir, að Alþ. gæti látið, ef mögulegt væri, í þetta skipti 100 þús. á móti, en það varð þó samkomulag við þessa aðila, að þeir mundu geta hafið rekstur-inn, ef tekinn yrði upp 60 þús. kr. styrkur, og á það hefur fjvn. fallizt. Það var upplýst af landlækni, að með þessu mundi batna mjög aðstaðan í sambandi við þessi mál, það mundi mjög létta á öðrum hælum, og hann taldi, að þessi bygging, sem hér um ræðir, væri vel til þess hæf að nota hana til þessarar starfsemi. N. leit svo á, að það væri ekki rétt að slá á þá útréttu hönd, sem hér hefur verið rétt fram af þessum mönnum, og væntir því, að þessi till. verði samþ. — Sameiginlegur kostnaður við hækkun á 12. gr. yrði þá 160 þús. kr., ef till. n. yrðu samþ.

5. till. n. á þskj. 567 er í sambandi við hækkun á vegafé, 6. till. í sambandi við hækkun til hafnarbóta og 7. till. einnig í sambandi við hækkun á framlagi til hafnarbóta, og eru þær allar tilheyrandi 13. gr. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að ræða um þetta. Þetta voru atriði, sem sumpart hafði ekki gefizt tími til að ganga frá fyrir 2. umr. og sumpart hafa komið síðan og nauðsynlegt þótti að sinna. Allar þessar hækkanir nema samtals 355 þús. kr., en aðalupphæðin, 230 þús., er í sambandi við tillag til hafnarbótasjóðs, sem verður að takast upp í fjárl. til þess að uppfylla ákvæði l. um hafnarbótasjóðinn, og er það sérliður, 8. till. á þskj. 567.

9. brtt. á þskj. 567 er engin hækkun, heldur er aðeins liðurinn allur tekinn upp á fjárl. með umorðun eins og hér stendur og þarf ekki skýringar við. Þetta er gert í samráði við hæstv. menntmrh.

10. brtt. er viðvíkjandi 14. gr., um nokkra hækkun til bókasafnsins Íþöku, en 11. til námskeiða utan Reykjavíkur og vegna yfirmanna á varðskipum ríkisins. Það þótti nauðsynlegt, að þetta yrði hvort tveggja tekið upp. Einkum var sótt mjög fast á frá skólastjóra stýrimannaskólans um að veita fé til námskeiðs þess, sem getið er um undir brtt. nr. 11. Auk þess er á þskj. 600, 3. brtt. þar, framlag til leiðbeiningar í starfsíþróttum á vegum Ungmennafélags Íslands samkv. fyrirmælum ráðh., 15 þús. kr. Og svo er hér enn nýr liður, 12, sem líka tilheyrir 14. gr., til bændaskólans á Hólum vegna leikfimishúss, 75 þús. kr., — og 300 þús. kr. hækkun, undir tölulið 13, til byggingar húsmæðraskóla, þar sem erindi lágu fyrir frá viðkomandi aðilum um, að óhjákvæmilegt væri að taka þessa hækkun inn á fjárlfrv. Er þetta aðallega vegna kvennaskólanna á Blönduósi og Hallormsstað, en fjvn. hefur ekki séð ástæðu til að skipta þessu fé, heldur er þessu skipt af hæstv. ráðh., eftir því sem hann telur þörf á á hverjum tíma, eins og verið hefur áður.

Þá eru hér einnig till. um hækkun: byggingarstyrkur til Ingibjargar Jóhannsdóttur á Löngumýri og til Árnýjar Filippusdóttur, 25 þús. til Ingibjargar og 15 þús. kr. til Árnýjar. Eru það gamalkunnir liðir hér á fjárl. og þótti rétt að láta þá ekki falla niður að þessu sinni.

Þá er einnig undir 14. lið, 14. brtt., 10 þús. kr. hækkun á framlagi til húsmæðrakennaraskólans, sem er í sambandi við áhaldakaup.

Allar þessar hækkanir í sambandi við 14. gr. koma til þess að nema 462 þús., en af því er stærsti liðurinn, 300 þús. kr., í sambandi við byggingu húsmæðraskólanna, sem ég þegar hef lýst. Leggur n. til, að þær verði allar samþykktar.

Þá eru hér nokkrar breyt. við 15. gr., undir tölul. 15—18. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að ræða hverja þeirra út af fyrir sig. Þær eru flestar smáar, í sambandi við styrki til náms og í sambandi við listir og vísindi í landinu, og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þar nánar hverja till. út af fyrir sig. — Einnig eru hér till. á þskj. 600, 4. og 5. brtt., sem eru í sambandi við 15. gr., og nemur þetta allt saman 61 þús. kr., ef till. verða allar samþ. — Ég vil taka fram, að hér er ein ný till., til Elsu Sigfúss söngkonu, 8 þús. kr. Það lá fyrir erindi hjá fjvn. um það, hversu illa hún væri stæð fjárhagslega, einkum og sér í lagi vegna veikinda, sem að hefðu steðjað. Hún hefur aldrei notið neins styrks frá íslenzka ríkinu, og n. þótti sjálfsagt, að þessari beiðni væri mætt.

Þá er hér undir 20. liðnum 75 þús. kr. hækkun í sambandi við jarðræktartilraunir, þ. e. framlag til húsakaupa á Akureyri, sem þótti mjög hagkvæmt að gerð yrðu, og var því tekin upp fyrsta greiðsla til þessara mála, 75 þús. kr.

Enn fremur eru teknar hér upp till. um 35 þús. kr. til fyrirhleðslu við Laxá í Austur-Skaftafellssýslu, 50 þús. kr. til sjóvarnargarðs í Gerðum og 159 þús. kr. hækkun á framlagi til Fiskifélags Íslands, vegna þess að talið var, að niðurskurður sá, sem hafði verið gerður af rn., er frv. var samið, hefði verið gerður fyrir einhver mistök, og hefur því orðið að taka upp þessa hækkun, sem hér um ræðir. Svo eru til eflingar upplýsingastarfsemi í sambandi við iðnaðinn 150 þús., og síðan er tekin hér upp ný till. í sambandi við jarðboranir vegna kolarannsókna á Skarðsströnd, 150 þús. kr., en sett þar að skilyrði, að jafnmikið framlag komi annars staðar að og að borunarframkvæmdir verði gerðar undir eftirliti og í samráði við rannsóknaráð ríkisins. Til þessara framkvæmda hafði einnig verið lagt nokkurt fé á síðustu fjárl., og það þótti nauðsynlegt að loka ekki að fullu og öllu fyrir framlag til þessara framkvæmda, ef ske kynni, að hér væri um allverulega auðæfi að ræða. — Allar hækkanir á 16. gr., ef till. verða samþ., verða því um 619 þús. kr.

Þá er lagt hér til, að hækkað sé um 1 millj. kr. framlag á 17. gr. til almannatrygginganna, og er það í sambandi við hækkun á daggjöldum til

sjúkrahúsanna. Það er gert ráð fyrir, að daggjöld til sjúkrahúsanna hækki úr 60 kr. upp í 70 kr. á dag, en það hefur aftur í för með sér, að hækka verður framlagið til sjúkrasamlaganna í landinu, og er þessi upphæð sett inn til þess að mæta þeim kostnaði.

Þá eru settar hér inn á sömu grein 100 þús. kr. til dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Það munar sjálfsagt ekki miklu í svo stórri byggingu, hvort heimilið hefði fengið 100 þús. kr. eða ekki neitt á þessu ári, en þetta er þó sett inn sem viðurkenningarvottur fyrir því, að þessi stofnun hafi fulla samúð hjá Alþ., og er þess því vænzt, að þessi till. verði samþ. — Hækkunin á 17. gr. yrði því alls 1.1 millj. kr., ef tillögurnar verða báðar samþykktar.

Þá er lagt til á þskj. 600, að á 18. gr. séu gerðar nokkrar breyt. Sumpart falla þar niður nokkrir aðilar, sem eru dánir, en að öðru leyti eru einnig teknir upp nokkrir nýir aðilar, eins og þskj. ber með sér. Ég skal ekki fara hér út í hvern einstakan lið í sambandi við þessi mál, en aðeins leyfa mér að geta þess, að á hverju ári, sem þetta mál hefur verið til umr. í fjvn., hefur n. komizt að raun um, að raunverulega sé alveg óviðeigandi og óþolandi að hafa þessa grein eins og hún er. Í fyrsta lagi verður ekkert af greininni séð, hvaða tekjur hver aðili hefur, því að hér er ekki birt með, eins og þó einu sinni hafði verið gert, hvað hver aðili fái mikið úr lífeyrissjóði, og þess vegna gefa þær upphæðir, sem hér eru settar fram, gersamlega ranga hugmynd um þann lífeyri, sem þessir aðilar hafa raunverulega. Ég vildi mega beina því til hæstv. ráðh., að það er ákveðin ósk n., að í næsta fjárlfrv. verði þó a. m. k. þannig gengið frá þeim málum, að Alþ. og hver sá, sem hefur frv. til athugunar, geti séð, hvað mikinn lífeyri hver aðili hefur í heildartekjur, bæði frá Alþ. og frá lífeyrissjóðunum. Það yrði þó það minnsta, sem hægt væri að krefjast í sambandi við það mál. Ég verð að segja, að ef almenningi er þetta ljóst, þá mundi sumum þykja allmikið örlæti ríkja hér á Alþ. Hins vegar er þess vænzt, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að láta athuga þessi mál, þannig að þau verði ekki framvegis eins og þau eru. Það er út af fyrir sig alveg óþolandi, að fjvn. og alþm. yfirleitt eigi að vera settir í þá aðstöðu að meta hér hvern einstakan aðila, sem sækir um uppbót eða styrk, bæði verk hans eins og þau hafa verið unnin, fjárráð hans og aðstöðu alla, og það verður að fara hér eftir einhverjum föstum reglum, sem útiloka það alveg, að það sé hægt að hafa persónuleg áhrif á hvern aðila í þinginu. Fjvn. hefur rætt um að reyna að koma út þáltill. í sambandi við þetta mál áður en þingi lýkur. Ég veit ekki, hvort til þess vinnst tími, vegna þess að ég veit ekki enn þá, hvenær þingi verður slitið, en jafnvel þótt ekki ynnist tími til þess, þá er mjög óskað eftir því, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. láti taka þetta mál til alvarlegrar athugunar.

Ef allar till. n. í sambandi við 18. gr. verða samþ., þá hækka útgjöldin á 18. gr. um 94882 kr., en á móti kemur aftur lækkun frá þeim mönnum, sem út falla, 37654, svo að raunveruleg hækkun verður 57228 krónur. Ég skal svo geta þess, að hér hefur fallið niður eitt nafn, þ. e. nafn ekkju Finns heitins Jónssonar alþm., en það verður tekið til athugunar áður en umræðunni er lokið.

Þá eru hér í sambandi við 20. gr. till. á þskj. 567. — Það er 28. till., til byggingar kennaraskóla, 300 þús. kr. Það lá fyrir hjá fjvn. ýtarlegt erindi um þetta mál. Húsnæði kennaraskólans er slíkt í dag, að þar þarf kennsla að fara fram á fimm stöðum í bænum og svo og svo mikið af starfstíma kennaranna fer í að flytja sig á milli kennslustaðanna. Slíkt er að sjálfsögðu óþolandi og þarf að bæta úr, og hér er þá lagður fyrsti steinninn að þessari byggingu og þess vænzt, að hún geti haldið áfram og risið upp sem fyrst.

Þá er hér 29. till., um að hækka framlag til bygginga á prestssetrum úr 950 þús. upp í 1350 þús. Það er kunnugt, að þörfin fyrir prestsbústaði um land allt er svo gífurleg, að Alþingi sér sér ekki fært að mæta þeim óskum á einu ári. M. a. er sótt mjög fast á að byggja a. m. k. þrjá eða jafnvel fjóra prestsbústaði hér í Rvík, einn fyrir dómkirkjuprestinn Óskar Þorlákssson og svo aðra þrjá fyrir hina nýju presta, sem komu í hin nýju prestaköll á s. l. ári, en fjvn. hefur ekki séð sér fært að taka upp nægilegt fé til þess, að hægt væri að mæta þeim óskum. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að til fjvn. komu einnig erindi frá þessum sömu prestum um nokkurn húsaleigustyrk, þar til búið væri að byggja þá bústaði, sem þeir lögum samkvæmt ættu að fá. N. hefur ekki heldur séð sér fært að verða við þeim tilmælum. Samkv. lögum frá 1940 áttu prestarnir kröfu á að fá 1200 kr. á ári í húsaleigustyrk. Þessi lög voru numin úr gildi þegar hin nýju lög um prestaskipun landsins voru samþ., og það mátti vera á vitund þeirra presta, sem sóttu um sóknirnar hér, að það voru ekki til lagafyrirmæli um það, að þeir skyldu fá þessar launauppbætur. Og n. vildi ekki styðja að því, að ofan á hin lögbundnu laun væri veittur húsaleigustyrkur, til þess m. a. á þann hátt að örva flutning presta frá dreifbýlinu til Rvíkur. Sumum hverjum þótti nóg að því gert þegar, þótt ekki kæmi hér einnig til að hækka laun prestanna á þennan hátt. Og það var af sömu ástæðum raunverulega, sem n. neitaði um meðmæli með erindi, sem kom til hennar, um að standa undir prestskosningum hér í Rvík, 15 þús. kr. Hún sá hér í opinberu blaði nýlega, og það meira að segja stjórnarblaði, að ríkissjóður hefði greitt þessa upphæð, en þá hefur hann greitt þá upphæð gegn mótmælum fjvn. Fyrir því hefur hann ekki fengið samþykki hér á Alþingi, og þykir rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að ég sá þetta einhvers staðar tilkynnt opinberlega. En það var af sömu ástæðu, að fjvn. sá ekki ástæðu til þess að ýta undir þessi mál á þann hátt, sem ég þegar hef lýst.

Þá er hér 30. brtt., um að byggja lögreglustöð á Keflavíkurflugvelli. Það er 200 þús. hækkun þar. — Og 31. brtt. er um að hækka um 150 þús. kr. lán til dieselrafstöðva. Ég skal aðeins í sambandi við dieselrafstöðvamálið upplýsa, að raforkumálastjóra hafði verið sent erindi og óskað eftir að fá upplýst, hvað gengi um raforkuframkvæmdir fyrir Vesturland og fyrir

Austurland og aðra þá staði, sem enn verða að lýsa upp með dieselvélum. Hann sendi n. erindi þess efnis, að þetta væri nú allt í rannsókn. Þetta þyrfti alllangan tíma, þar til þeim rannsóknum væri lokið, og enn lengri tíma til þess að koma þessum framkvæmdum á. En hann lagði til, að meðan ekki væri hægt að sinna þessum málum, þannig að þau héruð, sem ekki hafa nú raforku frá vatnsföllum, heldur yrðu að kaupa dýra olíu og þar af leiðandi að búa við miklu dýrara rafmagn heldur en hin héruðin, sem fengið hafa raforkuna frá vatnsveitunum, þá yrði tekið upp 1.5 millj. kr. til þess að lána þessum veitum eða orkuverum, líkt eins og raforkuverunum er lánað úr raforkumálasjóði, á meðan þær rafveitur standa ekki undir sínum kostnaði. Eins og kunnugt er samkv. raforkulögunum, þá fá allar hinar nýju rafveitur aðstoð fyrstu árin, þar til þær geta borið sig sjálfar fjárhagslega, þegar búið er að koma aflinu út til neytenda. Þetta var rætt í nefndinni. N. gat ekki fallizt á að taka þetta upp á þessu stigi málsins, m. a. vegna þess, að henni var vel kunnugt um, að fjárlögin, að hennar áliti, þoldu ekki slík útgjöld. Það er fullkomin sanngirni, að þeir þegnar, sem búa við hið dýrara rafmagn, fái þessa aðstoð, sem hér um ræðir. Það yrði þá greitt til baka aftur, þegar þeirra málum væri komið í sama horf eins og hjá öðrum, sem rafmagnsins njóta. Og það var eingöngu vegna þess, að meiri hl. n. vildi ekki leggja til, að bætt yrði þessari upphæð inn á fjárlögin, vegna þess að hann lítur svo á, eins og ég tók fram áðan, að það sé öll teygja úr tekjuáætluninni eins og n. hefur gengið frá henni, og úr því að ekki þótti rétt að leggja á nýja skatta, sem n. hefur ekki heldur viljað leggja til, þá vildi hún m. a. af þeim ástæðum ekki gera till. um, að þetta yrði tekið inn á fjárlögin.

32. liðurinn er um að hækka um 150 þús. kr. byggingarkostnað dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn. Ef þessi till. verður ekki samþykkt, er ekkert fé til þess að halda áfram þeim framkvæmdum, og þá yrði starfsemin að falla niður. En það er búizt við því, að það sé hægt að halda henni áfram að fullu og öllu, ef þessi till. verður samþykkt. — Allar brtt. í sambandi við 20. gr., ef samþ. verða, munu hafa í för með sér 1200000 kr. hækkun á fjárlagafrv.

Ég skal svo gefa hér nokkurt yfirlit yfir, hvernig frv. kemur til að líta út, ef allar till. fjvn. verða samþ., og engar aðrar till. en hennar. Hækkunin alls á 10.—19. gr. er 3029530 kr., og hækkunin á 3. gr. og 20. gr., sem hvort tveggja er til verklegra framkvæmda, er 1460 þús., svo að alls er hækkunin samkv. till. n. 4489530 kr. — Rekstrarafgangur samkv. frv. var áður 37587779 kr., og útgjaldahækkunin á 10.—19. gr. er 3029530, svo að þá verður tekjuafgangurinn nú, ef þetta verður samþ., 34558249 kr. En svo hef ég séð, að útgjöld til flóabáta samkv. till. samvinnun. samgöngumála hafa hækkað um 604 þús. kr. Það hefur aldrei verið venja, að fjvn. athugaði þau mál neitt, heldur væri það önnur n. í þinginu, sem kunnugt er, sem hefur með það að gera, en sé það tekið inn í þessar niðurstöðutölur, þá verður rekstrarafgangurinn 33954249 kr. — Hagstæður greiðslujöfnuður samkv. frv. var 2116509 kr., og greiðslur til viðbótar eru 4489530, og þá verður óhagstæður greiðslujöfnuður, ef þetta yrði samþ., 2373421 kr.

Ef ekki lægju fyrir till. frá hæstv. ríkisstj., þá mundi fjvn. hafa rætt það við hana, hvernig mæta skyldi hinum óhagstæða greiðslujöfnuði, en með því að samkomulag var um það milli mín sem form. n. annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar, að n. skyldi ekki bera fram þær brtt. við frv., sem beinlínis stafa af samningum í sambandi við lausn vinnudeilunnar, eins og ég þegar hef tekið fram, þá þótti n. ekki heldur ástæða til að ræða sérstaklega um, hvaða tekjur kæmu á móti þessum óhagstæða greiðslujöfnuði.

Ég skal að sjálfsögðu ekki hér, við þessa framsögu nú, ræða mjög í einstökum atriðum till. hæstv. fjmrh. á þskj. 606. Ég vil aðeins segja það, að það ríkir mikil bjartsýni hjá hæstv. ráðh. og meiri bjartsýni en við í fjvn. höfðum þorað að láta í ljós, ef ríkisreikningurinn á þessu yfirstandandi ári verður eitthvað í samræmi við þær till. En vel kann að vera, að svo skipist atvinnumál þjóðarinnar, og vildi ég óska, að það væri. Hitt er alveg ljóst og skal viðurkennt hér, að engin vissa var fyrir því, að tekjuáætlun sú, sem fjvn. gerði við 2. umr., hefði staðizt, ef ekki hefði tekizt að leysa verkfallið.

Þá eru hér nokkrar till. í sambandi við 22. gr. Þá er það fyrst að endurlána Búnaðarbanka Íslands fjárhæð, sem svarar vöxtum og afborgunum árin 1951, 1952 og 1953 af lánum til Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs Búnaðarbankans af gengishagnaði 1950 og tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 og láni til Ræktunarsjóðs frá 30. apríl 1951 og láni til veðdeildar bankans 1951. Lánskjörin séu hin sömu og á framangreindum lánum. — Það hefur þótt nauðsynlegt að gefa hæstv. ríkisstj. þessa heimild, m. a. vegna þess, að bankinn samkv. lögum lánar þetta fé út með allt öðrum og lægri vöxtum en hann verður að greiða. Mér þykir rétt að upplýsa, að eftir því sem bankinn hefur tilkynnt fjvn., þá munu afborganir af lánunum aðeins nema 100 þús. kr., en vextir af lánunum hins vegar 4292700 kr. En að sjálfsögðu hefur fjvn. ekki haft neitt tækifæri til þess að sannprófa, hvort þessar upphæðir eru réttar. Hún hefur tekið það sem góða og gilda vöru frá bankanum sjálfum. En ég vil leyfa mér að leggja áherzlu á, að hér er raunverulega ekki verið að lána öðrum en ríkinu sjálfu. Bankinn er eign ríkisins. Þetta er nokkurs konar framlag til bankans, en ekki til þeirra manna, sem njóta þessara lána aftur frá bankanum. En ég hef orðið þess var, að það væri af einstökum aðilum litið þannig á.

Þá er hér önnur till., um að ábyrgjast fyrir Samband ísl. berklasjúklinga allt að 3 millj. kr. lán til byggingar vinnuskála að Reykjalundi gegn tryggingu, er ríkisstj. metur gilda. — Þessi heimild hefur verið veitt áður til þess að gera stofnuninni mögulegt að halda uppi sinni starfsemi, og mér þykir í þessu sambandi rétt að upplýsa hér, að ég hef fengið sannanir fyrir því, að síðan lögunum um happdrætti fyrir Reykjalund var breytt, þá hafi salan aukizt stórkostlega og tekjur af þeirri starfsemi einnig aukizt mjög mikið, og ætti það þá að vera enn meiri trygging fyrir

því, að engin áhætta væri að ábyrgjast þá upphæð, sem hér er rætt um.

Enn fremur er hér till. um að ábyrgjast lán allt að 500 þús. kr., sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hyggst að taka til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 85% af heildarkostnaði. — Þessi till. var tekin inn áður en lögin um hitaveitur voru samþ. hér á Alþ. Slík heimildarákvæði eru tekin inn í þann lagabálk, og breytir að sjálfsögðu ekki miklu, hvort hún verður samþ. eða ekki. Þykir þó ekki ástæða til þess að taka hana til baka, þar sem lögin hafa nú ekki verið staðfest enn þá, en hins vegar er hér einnig 5% hærra hámark en er í frv. eins og það kom til Ed. síðast og ég held, að Ed. hafi þegar gengið frá.

Þá er einn liður hér að heimila að fella niður leyfisgjald samkv. b-lið 30. gr. laga nr. 100 1948 af fólksbifreiðum, sem fjárhagsráð lýsir yfir, að inn séu fluttar fyrir atvinnubílstjóra. — Þessi till. er flutt samkv. beiðni hæstv. ríkisstj. og er í sambandi við innflutning á þeim fólksbifreiðum, sem verið er að flytja inn fyrir fisk, sem seldur hefur verið til Ísraels, eins og kunnugt er.

Þá eru hér á þskj. 600 nokkrar brtt. í sambandi við 22. gr. Í fyrsta lagi um að verja allt að 2 millj. kr. til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D. — Þessi till. var einnig í fjárl. síðast. Ég veit nú ekki, hvernig útkoman hefur verið á þessu atriði. Hæstv. fjmrh. getur náttúrlega upplýst það. Hins vegar er mér kunnugt um, eftir því sem flugvallastjóri hefur tilkynnt okkur, að slíkar áætlanir, sem gerðar voru í sambandi við þessi mál á s. l. ári, munu hafa staðizt, og hefði allmiklu meira fé komið inn, ef ekki hefði það óhapp komið fyrir, að verkfallið stóð yfir í nærri mánuð í desembermánuði. Mér skilst nú, að það séu bundnar við það mjög miklar vonir, að á yfirstandandi ári komi allmiklu meira fé inn í sambandi við þessi mál, í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn, en gert hefur verið ráð fyrir í till.

Þá er hér önnur till., að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 6 millj. kr. lán, til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — Mér þykir rétt að fara um þessa till. nokkrum orðum. Það lá fyrir fjvn. erindi um þetta mál, og hún ræddi það á allmörgum fundum. Það er upplýst, að fjárhagslega er engin hætta fyrir ríkisstj. að veita þessa ábyrgð. Hér er um mjög fjársterka aðila að ræða, sem geta gefið ágætar tryggingar. Hins vegar er það mín skoðun persónulega, að þetta verk, sem hér um ræðir, bæti sáralítið úr því, sem bæta á úr, og það sé svo mjög aðkallandi mál að bæta úr vöntun á þeim tækjum, sem þarf til að taka upp skip til viðgerðar og aðgerðar hér í Reykjavík eða hér á landinu, að það megi ekki bíða raunverulega stundinni lengur. Það er ekki einasta vegna þess, að það er kastað á glæ stórkostlegu fé svo að segja daglega fyrir það, að skip verða að bíða eftir að fá tækifæri til þess að komast upp til hreinsunar og viðgerðar, heldur er annað, sem er miklu lakara, og það er það, að á meðan þessi háttur er hafður á, að taka skip upp hér í slippinn, eins og gert hefur verið nú undanfarna áratugi, þá er alveg útilokað að koma við þeim nýtízku tækjum í sambandi við viðgerðir, sem þarf til þess að koma verðlaginu niður, og það er höfuðatriðið. Á meðan ekki er unnið að því að koma hér upp þurrkví, sem gæti tekið allan flotann til viðgerðar, og í sambandi við hana að leyfa frjálsan aðgang öllum þeim mönnum, sem vilja að því vinna, standa engar vonir til þess, að hægt sé að koma niður því verðlagi, sem hér ríkir í sambandi við viðgerðir. En vegna þess að verðlagið er þannig, fara milljónir dagsverka út úr landinu í sambandi við þessi verk, sem við sjálfir getum unnið. Þetta er því eitt af allra stærstu málum þjóðarinnar nú, þ. e., hvernig hægt er að leysa þetta, að koma hér upp þurrkví, þar sem hægt sé að hafa frjálsan aðgang að og menn geta notað nýtízku tæki. Það má geta nærri, hvaða sóun það er á verðmætum að flytja efni og fólk á bílum innan frá Landssmiðju eða innan frá Keili vestur á dráttarbrautirnar eða vestan frá Stálsmiðjunni austur á dráttarbrautirnar til þess að vera þar að kúldrast við viðgerðir, sem kosta milljónir, og allt eftir gamla laginu, sem var fyrir 40—50 árum. Það er eins og þeir ráðandi menn, sem hafa með þessi mál að gera hér, geti engan veginn skilið, hversu aðkallandi þetta mál er. En það er alveg áreiðanlegt, að þetta er eitt af allra stærstu málum, bæði fyrir iðnaðarstéttina, fyrir útgerðarmennina, fyrir viðgerðarverkstæðin og fyrir allan almenning í landinu. Og það er þess vegna, að ég tel, að hver sú viðbót, sem gerð er í sambandi við hið gamla fyrirkomulag, tefji aðalframkvæmdirnar, að ég sjálfur persónulega er á móti því, að þetta sé gert. Ég skal endurtaka það, að ég tel, að ríkissjóður hafi enga áhættu af að veita ábyrgðina.

Þá er hér till. um að ábyrgjast lán allt að 200 þús. kr., sem Vikurfélagið kann að taka, gegn tryggingum, er ráðh. metur gildar, og að ábyrgjast lán að upphæð 150 þús. kr. fyrir Glersteypuna, sem hún kann að taka, gegn tryggingum, sem ráðh. metur gildar. — Þetta hefur meiri hl. n. samþ. Ég veit ekki, hvort það hefur raunverulega mjög mikla þýðingu, og vafasamt, hve langt á að fara inn á þá braut að ábyrgjast fyrir einstaka aðila eins og hér er gert, en ég skal ekki að öðru leyti ræða um það atriði. Það hefur þótt rétt af meiri hl. n. að taka þessar till. upp, og m. a. hefur hæstv. fjmrh. lagt mjög mikla áherzlu á fyrri liðinn, sem hefur þá kannske einnig valdið því, að síðari liðurinn var látinn fylgja með.

Svo er till. um að leggja fram það mikið nýtt hlutafé í Skallagrím h/f í Borgarnesi, að hlutafé ríkissjóðs verði jafnan ⅓ af heildarhlutafjárhæð félagsins, þó ekki yfir 200 þús. kr. — Eins og kunnugt er, þá hefur ekki enn þá verið keypt eða byggt nýtt skip í Borgarnes-Akranes-Reykjavíkurferðir. Hlutafélagið hefur verið að vinna að því að fá hlutaféð aukið um allt að 50%. Ríkissjóður á ⅓ í félaginu nú, og það þótti rétt, að ekki yrði raskað þeim hlutföllum, sem hann á þar, og að hann legði þar alveg eins mikið fé á móti eins og hinir aðrir hluthafar.

Þá er enn fremur í sambandi við þessa till. heimild til þess að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða

erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur-Akranes-Borgarnesferðir gegn tryggingum, er ríkisstj. metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins. — Ég skal leyfa mér að upplýsa, að samkv. ósk fjárhagsráðs var gerð ýtarleg tilraun til þess að reyna að fá þetta skip byggt á Spáni. Það var enginn áhugi hjá spænskum skipabyggingastöðvum að byggja svo lítið skip. Þó fékkst í það tilboð, en það tilboð var að minnsta kosti 50% dýrara en tilboð frá öðrum stöðum, svo sem í Hollandi eða Englandi, og afhendingartíminn engan veginn eins góður, hvað þá betri, auk þess sem það var útilokað, að hægt væri að greiða andvirði skipsins með andvirði íslenzks saltfisks, sem seldur yrði til Spánar. Það var því algerlega horfið frá að reyna frekari samningsgerð í því landi. Hins vegar hefur fjárhagsráð nú á ný óskað eftir, að reynt væri að semja við Finnland. Við það land höfum við mikil viðskipti, og er það nú á döfinni að reyna samninga þar í sambandi við byggingu skipsins, en ég held, að öllum aðilum, sem að þessu máli standa, komi saman um, að á meðan deilan stendur við Bretland um landhelgismálin, þá sé ekki æskilegt og engan veginn rétt að reyna að semja um nokkurt slíkt verk í því landi.

Þá er hér ein till. um heimild til að verja allt að 2½ millj. kr. til að styrkja bátaútvegsmenn, er undanfarin ár hafa stundað dragnóta- og togveiðar, til kaupa á nýjum veiðarfærum til annarra veiðiaðferða, og setji ríkisstj. nánari reglur um úthlutun styrkjanna. — Það er alveg ljóst, að margir smáútgerðarmenn eða bátaútvegsmenn hafa orðið fyrir allmiklu tjóni við það, að landhelgin var færð út og dragnótaveiðin bönnuð svo og togveiðarnar fyrir utan hina gömlu línu eða nálægt hinni gömlu línu. Og þessir menn verða, ef þeir ekki ætla að hætta þessum atvinnuvegi, að taka upp aðrar veiðiaðferðir, og þótti því rétt að gefa ríkisstj. heimild til þess að verja þessu fé til þeirra bóta, sem hér um ræðir.

Þá er enn eitt að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélanna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — Þetta þótti nauðsynlegt til þess að geta gert samninga um nýjar flugvélar, þar sem það mun taka allt að 2—3 árum að fá slíkar flugvélar smíðaðar, og það er ljóst, að þrátt fyrir smæð Íslendinga og þrátt fyrir það, þó að hér sé um alveg nýja atvinnugrein að ræða, þá hefur þeim mönnum, sem að þessum málum starfa, tekizt svo prýðilega, að það er líklegast eina landið í heimi, þar sem ríkissjóður hefur ekki þurft að leggja til stórkostlegar fjárfúlgur til þess að standa undir flugmálunum. Fjvn. vildi því sýna fulla samúð þessum málum, og er þetta einnig gert í samráði við hæstv. ríkisstj.

Þá er enn að ábyrgjast lán að upphæð 150 þús. kr., er Skúli Pálsson, Laxalóni í Mosfellssveit, kann að taka til ræktunar regnbogasilungs, gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. metur gildar. — Ég vísa til þess, sem ég hef sagt um aðrar till. hér í sambandi við ábyrgðir til einstaklinga, sem ég hef hér áður rætt um.

Ég skal leyfa mér að geta þess, áður en ég lýk máli mínu, að það er ein eða tvær till. enn þá hjá hv. fjvn., sem ekki hefur verið rætt um að fullu, og m. a. ein, sem ekki er hægt að bera fram nema ræða um það við hæstv. ráðh., og vildi ég gjarnan fá tækifæri til þess að gera það, áður en þessari umræðu er lokið, en að öðru leyti hefur n. svo að segja lokið störfum, með þeim árangri, sem ég þegar hef lýst.

Ég skal ekki fara hér út í að ræða hinar einstöku till., hvorki frá hæstv. ríkisstj. né frá einstökum þm., en mun geyma það þar til þeir hafa mælt fyrir sínum till., ef ástæða þykir þá til að svara nokkru, sem þeir geta um í sínum ræðum. En ég vil að síðustu endurtaka það, að n. óskar eftir, — eða ég fyrir hennar hönd, — að till. n. allrar verði samþ., en engar aðrar till., sem fram eru bornar, verði samþ., að undanskildum að sjálfsögðu till. hæstv. ríkisstj., sem hún hefur borið hér fram og meiri hl. Alþ. stendur sjálfsagt að, þó að ekki hafi tekizt samkomulag við n. um að bera þær fram.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að þakka hv. fjvn. eða meiri hl. hennar enn fyrir hennar hlut í afgreiðslu fjárlaganna og lýsa því hér með yfir, að ég er samþykkur þeim till., sem hv. fjvn. ber fram, og það sama er að segja um þær till., sem hv. samvn. samgm. ber fram. Ég vil leyfa mér að mæla með þeim till.

Ég ber hér fram á þskj. 606 nokkrar till. og kem nánar að þeim síðar. Ég vil að sjálfsögðu vænta þess, að hv. alþm. sjái sér fært að samþ. þessar till. Ég vil benda á það, að ef till. fjvn. verða samþ. og till. frá samgmn. og till. þær, sem ég ber fram á þskj. 606, þá mundi niðurstaða fjárlaganna verða þannig, að tekjurnar mundu verða 423 millj., eða hækka um 20½ millj. frá því að þær voru ákveðnar við 2. umr., en útgjöldin mundu verða tæpar 422 millj. og hækka um rúml. 21 millj. frá því við 2. umr., þannig að greiðsluafgangur á frv. mundi verða 1 millj. og 200 þús. kr. Þannig mundi afgreiðslan verða, ef farið yrði eftir þeim till., sem fyrir liggja frá mér, og þeim meðmælum, sem ég var að gefa rétt áðan með till. annarra.

Um afkomuna á árinu 1952 er það að segja, að hún verður ekki enn þá séð með fullri vissu, en ég geri ráð fyrir, að tekjurnar á rekstrarreikningi fari eitthvað yfir 410 millj., eða verði a. m. k. 410, og svo einhverjar tekjur á eignayfirlitinu, 20. gr. Ég tel það nú fyrirsjáanlegt, að ríkisbúskapurinn á síðasta ári verður hallalaus, en enginn afgangur til ráðstöfunar fyrir hv. Alþingi. Ég vonast eftir, að það verði hægt að taka með á s. l. ári útgjöldin vegna uppbótanna í sambandi við stækkun landhelginnar, þ. e. útgjöldin til þess að bæta upp togbátum og dragnótabátum. Þó að sú fjárhæð sé heimiluð fyrst á frv. þessa árs, þá vonast ég eftir því fremur, eins og nú liggur fyrir, að það verði hægt að taka þetta fé af tekjum ársins 1952.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að einstökum till. mínum, en kem raunar nánar að því síðar. — Ég legg til, að tekju- og eignarskattsáætlunin verði hækkuð um 4½ millj. og stríðsgróða-

skattsáætlunin um 1½ millj. Ég geri ráð fyrir, að á árinu 1952 verði tekjur af þessum sköttum nokkuð svipaðar því, sem áætlað er í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna. En þeir menn, sem kunnugir eru þessu og ég hef rætt þetta við fram og aftur, gera sér vonir um, að það verði nokkru meiri tekju- og eignarskattur á þessu ári, sem nú er að byrja, heldur en í fyrra, og byggi ég þessa áætlunarhækkun á þeirri skoðun. Reynslan verður svo að skera úr um það, hvort reyndin verður þessi, sem hér er gert ráð fyrir nú. — Þá legg ég til, að þrír tollar verði hækkaðir, vörumagnstollur um 1½ millj., verðtollur um 4 millj. og söluskattur um 6 millj. kr. Ef þessar áætlanir eru samþ., þá eru þessir skattar áætlaðir dálítið hærri en þeir voru á árinu 1952, að því er mér sýnist, og mætti margur spyrja, hvort það væri ekki hæpin áætlun að áætla þá hærri í fjárlagafrv. fyrir 1953 en þeir voru 1952. Sú áætlun mundi réttlætast af því einu, að á árinu 1953, því sem nú er að byrja, eigum við von á allverulegum tolltekjum af vélum til þeirra þriggja stóru fyrirtækja, sem verið er að reisa. Það var gert ráð fyrir því, að verulegur hluti þessara tolltekna af vélunum kæmi á árið 1952, en nú er sýnt, að það verður ekki og að þeir koma að langmestu leyti á árið 1953.

Um aðrar till. til hækkunar á tekjunum er það að segja, að ég geri ráð fyrir að hækka tekjur af tóbakseinkasölunni um 3 millj., og er það nokkuð í samræmi við reynsluna af afkomu verzlunarinnar á því ári, sem var að líða, sem hefur verið góð og betri en gera mátti ráð fyrir langt fram eftir árinu, og stafar það af því aðallega, að það hefur verið hægt að kaupa tóbaksvörur frá Ameríku, en það er miklu hagstæðara að verzla með vindlinga, sem keyptir eru frá Ameríku, en aðra vindlinga.

Um útgjaldatill. er það að segja, að þær, sem ég flyt á þessu umræddа þskj., eru allar í sambandi við lausn verkfallsins, og ég kem að þeim síðar, þar sem ég ræði nokkuð hér á eftir um lausn verkfallsins og afgreiðslu fjárlaganna.

En eina till., sem snertir tekjuhliðina, vil ég ræða alveg sérstaklega, og það er till. um það, hversu áætla skuli tekjur af Áfengisverzlun ríkisins á þessu ári, sem nú er að byrja. Ég legg til, að þær verði áætlaðar 52 millj. í staðinn fyrir 53, sem frv. gerir ráð fyrir. Menn hafa talað nokkuð um það sín á milli, hvort hægt mundi vera að afgreiða fjárlögin eins og ástatt væri um áfengismálin, þar sem hefur verið tekið alveg fyrir sölu áfengis á veitingastöðum og auglýst, að lög um héraðabönn skyldu taka gildi. Menn hafa gert ráð fyrir því, að ráðstafanir af þessu tagi hlytu að hafa stórfelld áhrif á tekjurnar af Áfengisverzlun ríkisins, og er það ekkert undarlegt. Hefur hver spurt annan: Hvernig ætla menn að afgreiða þessi mál? Stjórnin hefur lýst yfir því, að tollar og skattar skuli ekki hækka. Það er gert ráð fyrir því að hætta að veita áfengi á veitingastöðum, og héraðabönnin eru yfirvofandi. Hvernig ætla menn þá að afgreiða fjárlögin, þegar svona stendur á? — Mín till. er sú, að það verði gert á þann hátt, sem hér liggur fyrir, að tekjurnar af Áfengisverzlun ríkisins verði áætlaðar 52 millj. í staðinn fyrir 53, en jafnframt verði l. um héraðabönn framkvæmd þannig, að lokað sé 6 mánuðum eftir að með atkvgr. hefur verið ákveðið, að svo skuli gert. Ég skal færa fyrir þessari till. frekari rök.

Í áfengislögunum eru ákvæði um, að leggja skuli niður áfengisútsölu frá Áfengisverzlun ríkisins, ef það er samþ. við almenna atkvgr. í þeim kaupstað, þar sem áfengisútsalan er. Dómsmrn. hefur nú lýst yfir því, að lokun áfengisútsölu samkv. þessu lagaákvæði teljist ekki brot á neinum samningi við önnur ríki. Fram að þessu hefur á hinn bóginn sá skilningur verið ríkjandi, að svo væri og gæti þá ekki þetta lagaákvæði komið til framkvæmda þegar af þeirri ástæðu, að í áfengisl. segir, að ákvæðið öðlist ekki gildi nema því sé yfir lýst, að lokun áfengisútsölu brjóti ekki í bága við milliríkjasamninga.

Í fjárlagafrv. því, sem nú er verið að afgreiða á hv. Alþingi, er gert ráð fyrir 53 millj. kr. hreinum tekjum af rekstri Áfengisverzlunar ríkisins með útsölum, eins og ég gat um áðan. Þótt svo kynni að fara, að lagðar yrðu niður útsölur frá Áfengisverzlun ríkisins, þá eiga menn samt sem áður samkv. áfengisl. rétt á því að kaupa vín beint frá Áfengisverzlun ríkisins. M. ö. o., ef héraðsbann yrði samþ. í Reykjavík, þá mundi framkvæmd þessara mála verða þannig, að útsölunum yrði að sjálfsögðu lokað, en menn gætu pantað vín frá Áfengisverzlun ríkisins, sem starfar í Reykjavík, og fengið það afgreitt til sín eftir pöntun. Úti á landi mundi þetta verða þannig, að það yrði að sjálfsögðu einnig lokað áfengisútsölunum, og menn yrðu þá til þess að geta fengið vín með löglegu móti að panta vínið frá aðalverzluninni í Reykjavík. Þannig mundu þessi viðskipti verða.

Ég skal ekki neinar getur að því leiða, hvaða áhrif héraðabönnin mundu hafa endanlega á tekjurnar af Áfengisverzlun ríkisins, en það er a. m. k. alveg augljóst mál, að í byrjun mundu þau hafa mjög veruleg áhrif á tekjur af Áfengisverzluninni, einkum þó lokun útsalanna utan Reykjavíkur, þar sem þá væri ekki hægt að fá vín keypt á staðnum með löglegu móti, heldur yrðu menn að fá það sent til sín frá aðalverzluninni í Reykjavík. Aftur á móti mundi miklu minni breyting eiga sér stað — ef hún yrði nokkur — í Reykjavík, þar sem menn þrátt fyrir lokun útsalanna mundu eiga rétt á því að fá vínið afgreitt frá verzlun, sem starfar í bænum. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að ef íbúar í kaupstöðum landsins hyrfu yfirleitt að því ráði að samþ. lokun áfengisútsalanna, leiddi af því verulegt tekjutap fyrir Áfengisverzlun ríkisins. Vitanlega er ekkert um það að segja í þessu sambandi annað en það, að eins og háttað er afgreiðslu fjárl., þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum greiðsluafgangi, heldur aðeins jöfnuði, þá bæri nauðsyn til, ef að slíkri lokun útsalanna yrði hnigið, að afla nýrra tekna á móti þeim tekjumissi, sem ríkissjóður yrði fyrir, eða að öðrum kosti að lækka ýmsar fjárveitingar á fjárl. Nú er ekkert vitað, hvað menn kunna að hyggjast fyrir um þetta mál í einstökum byggðarlögum, þar sem áfengisútsölur eru, og kemur að sjálfsögðu ekkert fram um

þetta áður en frá fjárl. er gengið nú alveg næstu daga, jafnvel á morgun, fjárl. fyrir árið 1953. Það er ekki heldur hægt að geta sér neitt til um þetta, og þá er þess ekki heldur að vænta, að Alþ. fari nú að ganga í skrokk á fjárlagafrv. eða tekjuöflunarlöggjöf ríkisins með tilliti til lokunar á útsölum, sem fullkomin óvissa er um, hvort til greina muni koma eða hvenær muni koma til greina.

Nú er í áfengislöggjöfinni ekkert um það, hversu langan frest skuli hafa frá úrslitum atkvgr. og þangað til lokun útsölu á sér stað, en einhvern skynsamlegan frest verður vitanlega að hafa á þessu. Það þarf að segja upp því starfsfólki, sem starfar við útsölurnar. Það þarf að segja upp húsnæðinu, sem útsölurnar hafa, og dálitlar birgðir eru alltaf í þessum útsölum af vínföngum, og lítil glóra er í sjálfu sér í því að flytja þær birgðir fyrst til Reykjavíkur og senda mönnum þær síðan aftur eftir pöntunum, hverjum einstökum. Það er því augljóst mál, að einhver skynsamlegur frestur verður að vera á lokun, ef menn vilja ekki láta verða af þessu stórfellt tap og röskun. Ríkisstj. hefur því komizt að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegast og eðlilegast mundi vera að framkvæma lokunarákvæði áfengislaganna þannig, að lokað sé skilyrðislaust 6 mánuðum eftir að úrslit atkvgr. liggja fyrir og samþykkt hefur verið, að loka skuli. Með því fæst frestur til þess að segja upp því fólki, sem vinnur hjá útsölunni, og því húsnæði, sem hún notar. Með því er forðað stórfelldu tjóni við framkvæmd löggjafarinnar, og með því móti fær hv. Alþingi yfirleitt hæfilegt svigrúm til þess að gera ráðstafanir til lækkunar gjöldum eða tekjuöflunar, ef lokun útsalanna er ákvörðuð svo víða, að ástæða þykir til slíks.

Vegna þess að þetta mál snertir beint afgreiðslu fjárl., þykir ríkisstj. rétt, að það komi fram í sambandi við afgreiðslu fjárl., hvort þingvilji er fyrir hendi til stuðnings þessari fyrirhuguðu framkvæmd laganna. Sýni það sig, að þingvilji sé fyrir þessari framkvæmd laganna, þá er fyrir því séð, að lokun útsalanna eftir atkvgr. verður þannig framkvæmd, að hún þarf ekki að hafa óeðlilega truflun í för með sér á afkomu ríkissjóðs, þar sem ríkisstj. og Alþ. er alveg vorkunnarlaust að forða frá tjóni með uppsögnum starfsfólks og húsnæðis og einnig vorkunnarlaust að nota frestinn, sem gefst, til þess að afla tekna á móti eða lækka ríkisútgjöld, ef hér verður um svo víðtækar útsölulokanir að ræða, að menn telji, að til þess þurfi að koma. Þess er nú að vænta, að um þessa aðferð við framkvæmdina geti orðið samkomulag, og þeir, sem áhuga hafa fyrir lokun útsalanna, ættu ekki síður en aðrir að styðja þessa framkvæmd, einmitt fyrir það, að hér er bent á leið til þess að koma lokuninni í framkvæmd, án þess að sú röksemd verði notuð á móti lokuninni á nokkurn hátt, að með henni sé verið að tefla í tvísýnu afkomu ríkissjóðs.

Lokun fyrir vínveitingar á veitingahúsum lækkar eitthvað tekjur af Áfengisverzluninni. Þess vegna leggur stjórnin til, að tekjurnar séu lækkaðar um eina milljón. Ég geri nú að vísu ráð fyrir því, að lokun fyrir þessar vínveitingar muni muna meiru í framkvæmdinni, en þó er ómögulegt um það að segja. Þessi áætlun, að áætla tekjurnar 52 millj. með því að hafa lokað fyrir vínveitingar á veitingastöðunum, er þess vegna nokkuð djarfleg og mundi að sjálfsögðu vera til muna of há, ef gera ætti ráð fyrir þeirri truflun á rekstri fyrirtækisins, þ. e. a. s. Áfengisverzlunar ríkisins, sem hljótast mundi af fyrirvaralausri lokun útsala í byrjun fjárhagsárs, að nýsamþykktum fjárlögum, ofan á það, að tekið er fyrir sölu áfengis á veitingastöðum. Ef þetta hvort tveggja færi saman, þá væri ekkert vit í þessari áætlun, en miðað við það, að sú aðferð sé viðhöfð um framkvæmd áfengislaganna, sem ég var að lýsa og stjórnin gerir að sinni till., þá sýnist þessi áætlun ekki vera mjög óvarleg. Væri þessi aðferð ekki viðhöfð, gæti svo farið, að Alþ. yrði að koma saman aftur á næstu mánuðum til þess að gera ráðstafanir í fjárhagsmálunum fyrir aðalútgjaldatímann, sem er sumarið, eða þá að menn ættu á hættu hallabúskap ríkissjóðs. Hvorugur sá kostur er góður, en úrræðið einfalt, til þess að menn geti tryggt sér lokun áfengisútsala, ef meiri hluti kjósenda í hverjum stað vill, án þess að eiga nokkuð á hættu um fjárhagslega erfiðleika ríkissjóðs af þeim sökum, því að það skapast ekkert fé við það út af fyrir sig að selja áfengið. Það þarf bara svigrúm til að finna aðrar leiðir til þess að afla þeirra tekna með öðru móti, sem af áfengisverzlun eru fengnar, og það er hv. Alþingi alveg vorkunnarlaust að gera, þegar það liggur fyrir, hversu víðtækar lokanirnar verða.

Þetta var um tekjurnar af Áfengisverzlun ríkisins og tillöguna, sem ég flyt um það atriði á þskj. 606.

Ég skal taka það fram, að ég á eftir að flytja eina till., og hún er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leggja fram fé til atvinnuauknингar, og mun hún væntanlega koma fram síðar í dag. Ég ræði hana ekki hér að öðru leyti en því, sem fram kemur hér á eftir um verkfallið og afgreiðslu fjárlaganna.

Ég mun þá víkja nokkuð að verkfalli, sem hér var nýlega háð, og afgreiðslu fjárlaganna. Það er alveg eðlilegt, að fyrir þessu sé gerð sérstök grein einmitt nú við 3. umr. fjárlagafrv.

Það er nú hér nýlega afstaðið mikið verkfall. Eins og þjóðfélagsástæður eru hér nú hjá okkur, þá sýndist aðeins vera um tvær leiðir að ræða til lausnar á þessu verkfalli. Önnur leiðin var veruleg, almenn kauphækkun, sem þá hefði hlotið að leiða til gengislækkunar eftir mjög skamman tíma, eins og háttað er afkomu útflutningsframleiðslunnar. Hin leiðin var sú, að reynt yrði að gera ráðstafanir til þess að koma á einhverjum almennum verðlækkunum, enda yrðu þá litlar eða engar kauphækkanir. Ríkisstj. ákvað að gera það, sem í hennar valdi stæði til þess, að síðari leiðin yrði farin, þar sem mönnum blöskraði sú röskun á fjárhagskerfinu, sem hlyti að verða, ef veruleg, almenn kauphækkun ætti sér stað og gengislækkun strax á eftir, og þá ekki sízt með tilliti til þess, að verðlag yfirleitt er fremur á lækkunar- en hækkunarleið. Ríkisstj. beitti sér þess vegna fyrir því, að síðari leiðin væri farin, þótt svigrúm

væri litið til þess að fara þá leið vegna þeirrar áhættu, sem henni er samfara fyrir afkomu ríkisins, en það var ljóst frá öndverðu, að ef almenn verðlækkun ætti að verða, þá mundi hún að langmestu leyti verða að eiga sér stað með því móti, að ríkissjóður tæki á sig að greiða niður verð einhverra nauðsynjavara. Það virðist hafa mælzt allvel fyrir, að þessi leið var farin fremur en leið almennrar kauphækkunar með gengislækkun í kjölfarinu, og við skulum vona, að það hafi verið rétt að tefla á tæpasta vaðið til þess að fara þá leið, sem fyrir valinu varð. Enda þótt ég væri á sínum tíma mikill talsmaður þess að fara fremur, eins og nú standa sakir, þá leið, sem ofan á varð, en hina, sem blasti við að öðrum kosti, þá var mér þó vel ljóst, hve þessi leið er hæpin í sjálfu sér, og var ég henni fylgjandi til þess að fyrirbyggja annað lakara. Er nú rétt að benda á það nánar en áður hefur verið gert, einmitt í sambandi við afgreiðslu fjárl. á Alþ., hvað það var, sem raunverulega gerðist, þegar verkfallið var leyst.

Aðalatriðið var, að ríkisstj. tók að sér að greiða niður verð á nokkrum tegundum nauðsynjavara, þannig að vísitalan lækkaði um 5 stig, en raunverulega var hún lækkuð með þessum ráðstöfunum um rúmlega 4 stig, þar sem lækkun um nálega eitt stig var fyrirsjáanleg af öðrum ástæðum hvort sem var. Enn fremur ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir verulegri aukningu á fjölskyldubótum. Lækkun sú á verðlagi, sem færði vísitöluna niður, kostar ríkissjóð um 12—13 millj. kr. á ári og hækkun í fjölskyldubótum kostar ríkissjóð tæpar 5 millj. kr. Mun þurfa að hækka tekjuáætlun fjárl. um rúmlega 20 millj. kr., til þess að fjárlögin verði afgreidd greiðsluhallalaust, miðað við þær breytingar á þeim, sem leiðir af lausn verkfallsins, og hef ég þegar gert grein fyrir till. mínum í þessu sambandi.

Það er að sjálfsögðu alltaf mikið álitamál, hvað Alþ. og ríkisstj. eiga að leyfa sér að áætla tekjur þess fjárhagsárs, sem í hönd fer. Það þarf ekki að verða mikil breyting á framleiðslu og viðskiptalífi til þess, að tekjur ríkissjóðs breytist um 5% t. d. til hækkunar eða lækkunar, og 5% af ríkistekjunum eru um 20 millj. kr. Til þess að fjárlögin fái staðizt í framkvæmd, eftir að tekjuáætlunin hefur verið hækkuð um rúmlega 20 millj., þurfa tekjurnar næsta ár að verða eitthvað hærri en þær urðu s. l. ár, eins og ég raunar gat um áðan líka í sambandi við till. sjálfar. Er ætlunin að hækka nú samt tekjuáætlunina um rúmlega 20 millj., og er það gert með sérstöku tilliti til þess, að allmikilla tolltekna er að vænta af vélum og efnivið til stóru fyrirtækjanna þriggja, og er nú sýnt, að þessar tekjur koma að langmestu leyti á yfirstandandi ár.

En þá kemur spurningin: Hvernig var ætlunin að afgreiða fjárlög, ef verkfallið hefði ekki til sögunnar komið og ríkisútgjöld þau, sem lausn þess fylgja nú? Ætlunin var að afgreiða fjárlögin varlegar en nú verður gert og tefla ekki á tæpt vað, svo mikið sem þjóðin á undir því afkomu sína, að ekki verði halli á ríkisbúskapnum, eins og nú er ástatt hér um fjárhagsmálin. Fyrirhugað var einnig að fá allríflegar heimildir Alþ. til þess að leggja fram fé til atvinnuaukningar og til þess að stuðla að vaxandi framleiðslu víðs vegar um landið, annars vegar til þess að mæta atvinnuleysi, ef að kynni að steðja á ýmsum stöðum, og á hinn bóginn til þess að mynda nokkurt jafnvægi úti um land á móti mikilli vinnu við varnarframkvæmdir á Suðurnesjum, sem væntanlega verður á þessu ári. Ætlunin var sem sé að taka ekki verulega áhættu, ekki til þess að leggjast á fé, ef vel áraði um viðskipti og ríkistekjur, heldur til þess að hafa fremur en hitt fjárráð til stuðnings atvinnuframkvæmdum og mest aðkallandi nauðsynjamálum eftir heimild Alþ.

Lausn sú, sem ríkisstj. beitti sér fyrir á verkfallinu til þess að fyrirbyggja, að allsherjar verðhækkunaralda risi enn þá einu sinni og gengislækkun sigldi strax í kjölfarið, breytir afgreiðslu fjárlaganna. Við vonum fastlega, að hún reynist hallalaus afgreiðsla, en með henni eru úr sögunni öll veruleg fjárráð eða kannske öll fjárráð til stuðnings nauðsynjamála umfram það, sem búið var að ganga frá fyrir verkfallið. Þessi lausn þýðir auðvitað hærri skatta eða tolla í framtíðinni en ella eða minna fé til verklegra framkvæmda og stuðnings framleiðslumálum og öðrum þjóðnytjamálum. Lausnin á verkfallinu þýðir það á þessu ári, að þjóðin tekur meira fé en annars hefði orðið til neyzlu eða eyðslu og leggur minna til framkvæmda, því að hefði afgangur orðið á ríkisrekstrinum, hefði honum verið varið til framkvæmda og framleiðsluaukningar. Lausnin þýðir meiri neyzlu, en minni vinnu og minni framkvæmdir. Það fé er sem sé ekki tekið úr loftinu, sem fer til þess að borga niður verðlag á vörum. Menn skyldu varast að láta blekkja sig með því, að til séu einhver dularfull úrræði til þess að auka kaupgetuna. Það var hægt að lækka vísitöluna um 4 stig, um 2½% eða svo, með því að leggja fram 12—13 millj. úr ríkissjóði, af því að það voru valdar úr þær vörur, sem tiltölulega ódýrast er að greiða niður, miðað við áhrif þeirra á vísitöluna, en ef halda ætti áfram á þeirri braut að taka fé af skatt- og tolltekjum ríkisins til þess, að landsmenn fái ódýrari vörur í búðunum, þá mundi vafalítið næst koma að vörum, þar sem það kostar 8 millj. eða svo að greiða niður verð, sem svarar einu vísitölustigi. Ef halda ætti áfram á þessari braut, yrði t. d. ekki lengi verið að nota í þess konar aukningu kaupgetunnar, sem auðvitað er engin aukning kaupgetunnar í raun og veru, þegar á heildina er litið, allt það fé, sem nú er varið til verklegra framkvæmda. Mér telst það vera rúml. 50 millj. kr., sem veittar verða til verklegra framkvæmda árið 1953. Ef allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda væru þurrkaðar út og féð notað til þess að lækka verð í búðunum og auka kaupgetuna þannig, eins og það er kallað, þá væri hægt með því að lækka verðlag um 6—7 stig, eða um 3—4%, en auðvitað væri hér ekki um kaupgetuaukningu að ræða. Afleiðingin yrði sem sé atvinnuleysi og algerð kyrrstaða í opinberum framkvæmdum, og í þessu mundi víst engum finnast vera nein glóra. Að lokum fer þó svo, að ekkert verður

eftir til verklegra framkvæmda, ef sífellt meira og meira af ríkistekjunum er látið ganga til þess að lækka verðlag í búðunum, nema skattar og tollar séu hækkaðir jafnóðum og niðurgreiðslurnar eru auknar.

Á fjárlagafrv. eru nú 28 millj. kr. til þess að greiða niður vöruverð. Verkfallslausnin bætir í raun réttri við 13 millj., og fer þá í þessa hringrás 41 millj. Horfur um lækkandi skatta og tolla batna ekki við svona ráðstafanir. Það held ég að sé hollt fyrir alla að gera sér ljóst. Það er ekki hægt að auka kaupgetu landsmanna almennt nema með aukinni framleiðslu, auknum afköstum eða bættu skipulagi í framleiðslu eða dreifingu. Það er mönnum hollt að hafa í huga, og þau orð, sem annað gefa í skyn, auðvitað til þess að reyna að afla sér vinsælda með þægilegum ósannindum, væru betur ósögð látin. Með slíku tali er grafið undan afkomu landsmanna. Þetta mál verður að ræða þannig, að menn skilji, hvað gerzt hefur, og menn verða að horfast í augu við veruleikann. Allt tal um, að hægt sé að lækka verðlag áfram eftir svona leiðum, er alveg út í bláinn, nema menn vilji hreinlega annaðhvort stórkostlegar tolla- og skattahækkanir eða stórfelldan niðurskurð verklegra framkvæmda og félagsmálalöggjafar og annarrar slíkrar þjónustu.

Þrátt fyrir þetta, sem ég nú hef sagt, tel ég, að réttara hafi verið í slíku öngþveiti sem málum hafði verið stefnt í að gera það, sem gert var, en að nú yrði almenn kauphækkun og gengislækkun strax á eftir.

Gagnlegasti þátturinn í lausn verkfallsmálsins er að mínum dómi hin nýja löggjöf um auknar fjölskyldubætur. Að sjálfsögðu er fjár til þeirra aflað með framlagi frá ríkinu, af skatta- og tolltekjum, og frá bæjarfélögum, atvinnurekendum og með iðgjöldum einstaklinga. En það þýðingarmikla við þetta atriði við lausn deilunnar er það, að fjölskyldubæturnar ganga til þeirra manna, sem mestan kostnað hafa við að framfleyta sér og sínum. Hér er um geysiþýðingarmikið mál að ræða, þegar þess er gætt t. d., hve atvinnurekstrinum gengur illa að standa undir því kaupi, sem menn þurfa að fá, ef þeir hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Enn fremur er það vitað mál, að hafi menn atvinnu, þá er mönnum borgið með því kaupgjaldi og þeim tekjum, sem nú tíðkast, nema menn hafi fyrir börnum að sjá. Á barnaheimilum kreppir að, jafnvel þótt atvinnu vanti ekki. Þess vegna eru auknar fjölskyldubætur merkilegt nýmæli. Þessi þáttur í lausn deilunnar, sem þýðingarmestur mun reynast í framtíðinni, er alveg kominn frá ríkisstj. til lausnar málinu. Forustumenn verkfallsins minntust aldrei í sínum kröfum á þetta atriði sem nokkurt úrræði í þessu máli. Það er ástæða til þess að benda á í sambandi við fjölskyldubæturnar, að í hinni nýju löggjöf um þær verða ekkjum og ógiftum mæðrum ætlaðar fjölskyldubætur eins og öðrum, en hingað til hafa þær ekki fengið slíkar bætur, og er þar um réttlætismál að ræða.

Það er ekki laust við, að blöð stjórnarandstæðinga gefi í skyn, að hægt hefði verið að komast hjá verkfallinu, ef ríkisstj. hefði gert ofangreindar ráðstafanir s. l. sumar eða s. l. haust. En þetta er vitaskuld gert til þess að kenna ríkisstj. og þingmeirihlutanum, sem hana styður, um verkfallið. Það sjá hins vegar allir, að þetta fær með engu móti staðizt, heldur er þvert á móti augljóst af allri afstöðunni, að hefði ríkisstj. á s. l. hausti ákveðið að framkvæma verðlækkanir, sem numið hefðu 4 stigum til dæmis, með því að velja einstakar vísitöluvörur úr og borga þær niður með framlagi úr ríkissjóði, þá hefði slík framkvæmd, einhliða gerð af hendi ríkisstj., ekki verið þá að neinu metin af þeim, sem þá stóðu fyrir verkfallsundirbúningnum. Það hefði vitaskuld ekki heldur neinu breytt, þótt þar með hefði fylgt löggjöf um auknar fjölskyldubætur. Það sést vel á því, hvernig afstaðan var, að verkfallsforustan neitaði að fresta verkfallinu og taka upp sameiginlega athugun með ríkisstj. Það er augljóst mál, að það var ekki fyrr en svo var komið, að forstöðumönnum verkfallsins var orðið það kappsmál að losna úr verkfallinu, koma vinnu af stað aftur, að niðurborgun um 4 vísitölustig og fjölskyldubæturnar gat haft nokkra þýðingu í þessu máli, og þurfti þó að bæta við kauphækkunum, þ. e. a. s. hækkun á verðlagsuppbót, til þess að verkfallið leystist. En einmitt það, að verkfallið gat samt ekki orðið leyst nema með kauphækkunum, sýnir, að samningar á milli atvinnurekenda og verkamannasamtakanna þurftu að koma til og að ríkisstj. hafði því aldrei vald á þessu máli, þótt hún gæti haft þýðingarmikil áhrif á endalok deilunnar, þegar deiluaðilum var báðum orðið áhugamál að ráða málinu til lykta.

Ég hygg, að flestir hugsandi menn muni komast að þeirri niðurstöðu, að eina ráðið til þess að komast hjá bráðu fjárhagsöngþveiti hafi verið að halda á málinu í höfuðdráttum svo sem ríkisstj. gerði. Þá er það hugboð mitt, að þeir verði fáir, — eftir að glöggt sést, hvað var gert til þess að forðast annað verra, — sem liggja ríkisstj. á hálsi fyrir það að hafa ekki í sumar eða haust stigið fram og tekið á ríkissjóð 10—20 millj. kr. til þess að lækka vísitöluna um 4—5 stig og fá svo verkfallið samt sem áður í kaupbæti á eftir, verkfallið, sem þá óumflýjanlega hefði leitt til almennrar kauphækkunar með gengislækkun í kjölfarinu, blátt áfram af því, að þegar svo var komið, var ekkert svigrúm til þess að beina inn á aðrar brautir til lausnar verkfallinu.

Mér kæmi ekki á óvart, þótt þeir yrðu fleiri og fleiri, sem áhyggjur hefðu út af afleiðingum þess, að enn þá verða stóraukin útgjöld vegna dýrtíðarmála til þess að forðast annað verra, eins og það heitir og við köllum það, og fleiri og fleiri mundu spyrja sjálfa sig: Hvert er stéttapressan að leiða þjóðina?

Sumir tala um þetta allt eins og verkfallsvandamálið hafi verið leyst með himnabrauði, sem ríkisstj. hafi legið á og svikizt um að úthluta til þessa. Menn geta nú sannfærzt við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. um það, hver hæfa er í slíkum fullyrðingum.

Að lokum enn þá einu sinni: Aukin framleiðsla, aukin afköst og bætt skipulag í framleiðslu og dreifingu er eina leiðin til þess að bæta lífs-

kjörin almennt og auka kaupgetuna almennt. Kaupgjaldið á og þarf að vera eins hátt og framleiðslan getur borið, en atvinna fyrir alla er það, sem mest á ríður til þess að skapa almenna velmegun.

Að lokum vil ég aðeins benda á eitt atriði, sem ekki snertir þetta beint, en þó í meira lagi. Ég hef reynt að leggja áherzlu á það í umræðum um fjárhagsmál undanfarið, hversu þýðingarmikið væri fyrir okkur að koma á jafnvægisbúskap, koma fjárhagsmálunum þannig fyrir, að verðlag gæti verið sem stöðugast og peningagengi sem stöðugast. Með því móti væri mest von um fjörmikið og öflugt atvinnulíf, mikla framleiðslu, batnandi lífskjör og aukinn sparnað, sem gæti verið grundvöllur mikilla framkvæmda og atvinnu handa öllum. Með þessu móti væri helzt von til þess, að úr rættist þeim vandræðum, sem við sífellt eigum við að búa vegna skorts á lánsfé t. d. Ég hef einnig bent á, að það er ekki að öllu leyti á valdi ríkisstj. eða Alþ. að koma jafnvægisbúskap á til nokkurrar frambúðar, þar sem ýmsir þættir í fjárhagsmálunum eru ekki ákvarðaðir af Alþ. eða ríkisstj., og má þar nefna í fremstu röð kaupgjaldsmálin, kaupgjaldið. Þótt Alþ. og ríkisstj. geri skynsamlegar ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í fjárhagsmálum, afgreiði greiðsluhallalaus fjárlög, útlán bankanna séu höfð heilbrigð og fjárfestingin miðuð við það fjármagn, sem raunverulega er til ráðstöfunar til þess að standa undir henni, þá mundu þessar ráðstafanir ekki nægja til þess að viðhalda stöðugu verðlagi og stöðugu gengi peninga, ef sterk almannasamtök, eins og t. d. samtök launafólksins, notuðu sitt mikla vald og sín miklu áhrif til þess að knýja fram hærri launagreiðslur en framleiðslan gæti raunverulega borið. Væri það gert, þá hlyti þar af að leiða áframhaldandi verðbólgu, stöðugt hækkandi verðlag, hækkandi framleiðslukostnað og þar af leiðandi gengislækkanir. Á hinn bóginn mundi það ekki heldur nægja, þótt samtök launamanna miðuðu kaupgjaldsstefnu sína við að koma á og viðhalda jafnvægi í fjármálum, stöðugu verðlagi og stöðugu peningagengi, ef Alþ. og ríkisstj. fyrir sitt leyti gerðu ákvarðanir, sem kæmu alveg í bága við þá stefnu, t. d. með ábyrgðarlausri afgreiðslu fjárlaga og útlánapólitík, sem leiddi til verðþenslu og gengislækkunar. Af þessu sést glöggt, að hæpið er, svo að ekki sé meira sagt, að viðhaldið geti orðið jafnvægisbúskap, stöðugu verðlagi, stöðugu gengi peninga, nema því aðeins að bæði Alþ. og ríkisstj. og hin öflugu launamannasamtök miði ráðstafanir sínar við þetta markmið. Báðir eða allir þessir aðilar þurfa að sjá, að þetta mark verður að hafa fyrir augum, ef vel á að fara. Það er allra hagur, þjóðarnauðsyn, hvernig sem samstarfi þessara aðila að öðru leyti er háttað.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgöngumálanefndir þingsins hafa eins og undanfarin ár gengið saman í eina n. og undirbúið till. um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Hafa nefndirnar haft um það verk samráð við Skipaútgerð ríkisins.

Um rekstrarafkomu flóabátanna á s. l. ári er mjög svipað að segja og á árinu 1951. Afkoman hefur yfirleitt orðið mjög erfið. Það, sem fyrst og fremst veldur því, er mjög veruleg hækkun á kaupgjaldi og olíum. Má þannig geta þess, að meðalverð á gasolíu til fiskibáta í Reykjavík hækkaði úr 754 kr. smálestin, sem hún kostaði 1951, í 925 kr. í nóv. s. l. Þá er þess og að geta, að meðalkaupgjaldsvísitala ársins 1951 var 131 stig, en í nóvembermánuði s. l. var vísitalan komin upp í 153 stig. Það er af þessu auðsætt, að rekstrarkostnaður flóabátanna hefur hlotið að hækka mjög verulega, enda lágu fyrir n. upplýsingar um það, að mjög verulegur og vaxandi rekstrarhalli hefur orðið hjá mörgum bátunum. Af þeirri ástæðu hefur ekki þótt tækt annað en leggja til, að styrkur til einstakra báta yrði hækkaður nokkuð.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að fyrir tveimur árum lagði samvinnun. til við hæstv. ríkisstj., að hún léti fara fram rannsókn á flóabátasamgöngunum og fengi úr því skorið, hvort unnt væri að lækka verulega styrk til þessarar þjónustu, fella niður ferðir einstakra báta og spara að öðru leyti á þessum útgjaldalið fjárl. Þessi rannsókn fór fram, og niðurstaða hennar varð sú, að þeirri n., sem falið var að vinna þetta verk, sýndist ekki tiltækt að koma við neinum teljandi sparnaði í þessum efnum. Það kom einnig í ljós, sem n. var að vísu ljóst áður, að þegar rætt var um þessar till. við einstaka þingmenn, þá töldu þeir þær yfirleitt óframkvæmanlegar, það væri ekki mögulegt á þessu stigi málsins að fella niður þá þjónustu, sem einstakir flóabátar hafa innt af höndum í þágu samgangna einstakra landshluta eða héraða. Þó má geta þess, að þróunin gengur yfirleitt í þá átt, með bættum samgöngum á landi, að bátunum fækkar heldur, og má gera ráð fyrir, að á næstu árum muni t. d. á Austurlandi verða hægt að fækka nokkuð smábátunum, sem þar annast flóabátaferðir, vegna bættra samgangna á landi.

Um ferðir og rekstur einstakra flóabáta vil ég leyfa mér að taka þetta fram — og minnast þá fyrst á flóabátasamgöngur við Breiðafjörð: Þar er lagt til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbátsins hækki um 5 þús. kr. Það hefur orðið töluverður halli á rekstri þessa báts. Enn fremur er lagt til, að vegna kostnaðar við vélaviðgerðir á þessum sama bát fái hann 10 þús. kr. vélastyrk.

Um rekstur Stykkishólmsbátsins, sem annast ferðir um sunnanverðan Breiðafjörð, er það að segja, að hann hefur gengið allsæmilega, og er lagt til, að styrkur til hans verði óbreyttur. Þá er gert ráð fyrir, að hann fjölgi ferðum sínum nokkuð til Búðardals og hefji einnig ferðir til Salthólmavíkur, þegar sérstaka nauðsyn ber til. — Ég vil geta þess í sambandi við rekstur þessa báts, að frá honum hefur nú fyrir nokkrum dögum borizt erindi um það, frá hæstv. samgmrn., að n. mæli með því eða vinni að því á einhvern hátt, að honum verði útvegað 90 þús. kr. lán vegna stækkunar, sem fram fór á bátnum fyrir skömmu. Þetta erindi hefur borizt n. svo seint, eftir að hún hafði gengið frá endanlegum till. sínum um úthlutun flóabátastyrkjanna, að til þess hefur ekki unnizt tími að taka endanlega afstöðu til þessarar beiðni. N. hefur þó

komið saman á skyndifund um þetta mál og aflað sér upplýsinga um fjárreiður bátsins. Heildarskuldir hans munu vera um 600 þús. kr., þ. á m. töluvert á annað hundrað þús. við ríkissjóð og einstök ráðuneyti. Í viðræðum við einstaka nm. hefur þeirri hugmynd skotið upp, hvort ekki væri unnt að létta undir með þessum flóabát með því að ríkissjóður lengdi t. d. lánstíma — þetta munu vera bráðabirgðalán — eða gæfi að einhverju leyti eftir þær upphæðir, sem báturinn skuldar. Ég hygg, að samvinnun. mundi vera því fylgjandi, að einhverjar slíkar ráðstafanir yrðu gerðar af hálfu hæstv. ríkisstj. En eins og ég sagði, þá barst erindi bátsins svo seint, að ekki hefur unnizt tími til þess að taka endanlega afstöðu til þess að þessu sinni. — Ég vil geta þess, að þessi bátur hefur verið sérstaklega vel rekinn á undanförnum árum og styrkur til hans hefur hækkað minna en margra annarra flóabáta. Er hann því fyllilega alls góðs maklegur og fyrirgreiðslu í sambandi við þetta erindi, sem hann nú hefur sent.

Um Ísafjarðarsamgöngur er það að segja, að þær hafa verið reknar með svipuðum hætti og áður, en á þeim verður stöðugt vaxandi halli, og valda því ýmsar ástæður, þ. á m. fólksfækkun á því svæði, sem hann fyrst og fremst siglir til, og minnkandi flutningar. Þrátt fyrir mjög háan rekstrarstyrk undanfarin ár hefur orðið mikill halli á rekstri bátsins. Enn fremur varð hann fyrir því óhappi á s. l. ári, að ljósavél hans eyðilagðist, og átti fyrirtækið, sem rekur hann, Djúpbáturinn h/f, þess ekki kost að útvega nýja vél af eigin rammleik. N. hefur þess vegna talið óhjákvæmilegt að leggja til, að þetta fyrirtæki fengi 40 þús. kr. vélastyrk, og enn fremur, að rekstrarstyrkurinn verði hækkaður um 50 þús. kr., þar sem rekstur fyrirtækisins er alveg að sligast undir verulegum skuldum, sem safnazt hafa upp á undanförnum árum. — Ég vil taka það fram, að sú þjónusta, sem þessi bátur veitir, nær ekki eingöngu til sveitanna við Ísafjarðardjúp, heldur er hann rekinn mjög í þágu Ísafjarðarkaupstaðar, og enn fremur að nokkru leyti í þágu Vestur-Ísafjarðarsýslu, þar sem hann annast mjólkurflutninga frá sveitunum við Djúp til Ísafjarðar og sér Ísafirði að mjög verulegu leyti fyrir mjólk og landbúnaðarafurðum, og enn fremur annast hann mjólkurflutninga að vetrinum frá þorpunum í Vestur-Ísafjarðarsýslu, fyrst og fremst frá Flateyri, og flytur þá mjólk bænda úr Önundarfirði til Ísafjarðar.

Um Norðurlandssamgöngur er það að segja, að þar er lagt til, að styrkur til Húnaflóa- og Strandabáts hækki um 30 þús. kr. Minni styrkhækkun taldi n. ekki nægja til þess, að unnt yrði að halda þessum ferðum uppi.

Þá er lagt til, að Norðurlandsbátur, sem á s. l. ári fékk samtals 290 þús. kr. styrk vegna rekstrar og viðgerðar, sem þá var á honum gerð, fái nú 20 þús. kr. hærri styrk. Enn fremur er samkv. óskum þm. Skagf. lagt til, að tekinn verði upp styrkur til nýs báts, Haganesvíkurbáts, 6 þús. kr. Slíkur bátur var rekinn hér fyrr á árum, en var lagður niður og talið heppilegra, að Norðurlandsbáturinn annaðist flutninga fyrir byggðina í Fljótum og umhverfis Haganesvík. En nú hefur það ekki verið talið henta, og þm. Skagf. lögðu fram óskir um það við n., að sérstakur smábátur yrði á ný fenginn til þess að annast þessar ferðir, og taldi n. ekki fært að ganga gegn þeim óskum, sérstaklega þegar á það er litið, að slíkur bátur hafði áður verið starfræktur. Það verður að treysta því, að fólkið í þessum byggðarlögum þekki það bezt sjálft, hvernig hagsmunir þess verði bezt tryggðir að þessu leyti. Persónulega hefði ég haldið, að skynsamlegra hefði verið, að einn bátur annaðist þessar ferðir, og vel má svo fara, að af þessum ástæðum þurfi að hækka síðar að einhverju leyti styrk til Norðurlandsbátsins, sem kann að missa einhverjar tekjur við það, að hann annast ekki lengur þá flutninga, sem þarna er um að ræða.

Þá er lagt til, að Hríseyjarbátur fái sama heildarstyrk eins og honum var veittur á s. l. ári vegna rekstrar og viðgerðar. — Enn fremur er lagt til, að Flateyjarbátur á Skjálfanda fái 2 þús. kr. styrkhækkun.

Austfjarðasamgöngur er gert ráð fyrir að verði með svipuðum hætti og áður, að smábátarnir, sem annast flutning á vörum og farþegum milli fjarða þar, hagi ferðum sínum svipað, en styrkir til þeirra flestra hafa verið hækkaðir lítillega. Þannig er lagt til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts hækki um 2 þús. kr., enda fari hann þá 4 aukaferðir árlega til Húsavíkur sunnan Borgarfjarðar. Þá er líka lagt til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 2 þús. kr. og heildarstyrkur til Eskifjarðarbáts lækki um 4 þús. kr., en hann fékk á s. l. ári 5 þús. kr. styrk vegna vélarkaupa. Styrkur til Berufjarðarbáts hækkar um 1 þús. kr.

Er þá komið að hinu svo kallaða Suðurlandsskipi. Það er kunnugt, að um áratugi hefur verið veitt sérstök fjárveiting til þess að greiða niður flutningskostnað á leiðinni frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal. Með þessum flutningastyrk á þessari leið er viðurkennd alger sérstaða þessara byggðarlaga, sem eru hafnlaus og njóta þess vegna ekki samgöngubóta af strandferðum, eins og vel flest önnur byggðarlög landsins. Flutningskostnaður á hvert tonn þeirra nauðsynja, sem njóta styrks, mun nú vera um 500 kr. á smálest austan Mýrdalssands, en nokkru lægri vestan hans. Þessi kostnaður hefur aukizt töluvert á s. l. ári. N. taldi ekki fært að daufheyrast algerlega við óskum þm. héraðsins og héraðsbúa um það, að þessi styrkur yrði hækkaður nokkuð. Það mun hafa verið farið fram á 40 þús. kr. hækkun, ef ég man rétt. N. kom nokkuð til móts við þessa ósk og lagði til, að styrkurinn hækki um 15 þús. kr. til Suðurlandsskips, þ. e. a. s. til þessara vöruflutninga, sem ég minntist á.

Þá er gert ráð fyrir, að styrkur til vöruflutninga til Óræfa í A.-Skaftafellssýslu verði óbreyttur. — Enn fremur er lagt til, að styrkur til Stokkseyrar- og Vestmannaeyjabáts verði óbreyttur.

Að lokum vil ég minnast á Faxaflóasamgöngur. Þær urðu í s. l. jan. fyrir því mikla óhappi, að skip h/f Skallagríms, Laxfoss, strandaði í óveðri og hefur gerónýtzt. Það hefur verið unnið að því allt s. l. ár að fá nýtt skip til þess að annast þessar þýðingarmiklu ferðir hér á

milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Enn þá hefur það ekki tekizt, að því er n. er kunnugt. En á síðustu fjárl. var lagt til, að ríkissjóður veitti á 13. gr. 100 þús. kr. styrk til rekstrar h/f Skallagríms, og enn fremur var samkvæmt till. n. samþ. heimild til handa hæstv. ríkisstj. um að greiða 100 þús. kr. styrk vegna vélaviðgerðar á Laxfossi. En þessar fjárveitingar hafa engan veginn nægt til þess að halda ferðum uppi á s. l. ári, fyrst og fremst, eins og ég sagði, vegna þess óhapps, að h/f Skallagrímur missti skip sitt. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir n. liggja, mun ríkissjóður samtals hafa veitt nokkuð á fjórða hundrað þús. kr. í styrk til þess að halda þessum ferðum uppi, eða töluvert miklu meira en n. lagði til í till. sínum á síðasta þingi, og þarf það raunar engri furðu að sæta, þar sem félagið hefur orðið að hafa mjög dýr leiguskip og óhentug í ferðum vegna missis Laxfoss. Skallagrímur h/f sótti til samvinnun. um 360 þús. kr. rekstrarstyrk á þessu ári. N. taldi sér ekki fært að verða við þeirri ósk nema að takmörkuðu leyti og leggur til, að félaginu verði veittur 200 þús. kr. rekstrarstyrkur. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að það komist ekki af með þá styrkupphæð, eins sérstaklega og á stendur í þessum efnum, og kemur þá til kasta hæstv. ríkisstj. eins og á s. l. ári um að greiða á einhvern hátt úr fyrir félaginu, þannig að þessar samgöngur falli ekki niður.

Ég hef þá rakið í aðaldráttum till. n. Samkvæmt þeim áætlar hún heildarstyrkinn til flóabáta og vöruflutninga á þessu ári 1 millj. 604 þús. kr. Er það 281 þús. kr. hærra en á s. l. ári, eða raunverulega 181 þús. kr. hærra, vegna þess að 100 þús. kr. af styrknum til h/f Skallagríms voru í fyrra veittar á heimildagr., en nú eru 200 þús. kr. teknar upp í sjálfa till. n. á 13. gr. vegna rekstrar þessa báts.

Ég hygg, að það sé samhljóða álit samvinnun., að ekki verði unnt að reka flóabátana með lægri styrkjum en þeim, sem hér er lagt til. Bersýnilegt er enn þá, að rekstrarkostnaður þeirra muni fara hækkandi, m. a. vegna samninga um hækkað kaupgjald.

N. leggur að lokum til, að vegna þess, hversu heildarupphæð flóabátastyrkja er nú orðin há, þá hafi samgmrn. forustu um það, að ársfjórðungslega verði aflað yfirlits um rekstur allra þeirra flóabáta, sem styrks njóta. Það vakir fyrir n. með þessu að skapa þessum fyrirtækjum enn aukið aðhald um rekstur sinn og gefa ríkisvaldinu bætt tækifæri til þess að fylgjast með honum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessar till. Þeim fylgir eins og venjulega ýtarleg grg. frá Skipaútgerð ríkisins, þar sem lýst er rekstri og þjónustu, sem hver einstakur flóabátur veitir á þeim stöðum og í þeim héruðum og landshlutum, sem þeir eru starfræktir í.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég gat þess áðan þegar ég talaði, að ég ætti eftir að koma fram með eina brtt. við fjárl., brtt., sem fjallaði um heimild handa ríkisstj. til þess að leggja fram nokkurt fé til framleiðsluaukningar eða vegna atvinnuörðugleika, ef þeir kynnu að verða á einstöku stöðum. Ég leyfi mér að flytja nú þessa brtt. Ég verð að flytja hana skriflega. Hún er við 22. gr., heimildagreinina, og er svo hljóðandi:

„Að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstj. getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt."

Stjórnin hefði að vísu gjarnan viljað, að þessi heimild gæti orðið allmiklu ríflegri en hér er lagt til, en vegna þess, hvernig nú er komið um afgreiðslu fjárl. yfirleitt, þá er alls ekki hægt að gera till. um hærri heimild í þessu skyni.

Þá hefur það nú farið svo, að ég hef hér einnig aðra till. til viðbótar að gera, sem einnig er við 22. gr. fjárl. Þannig er málinu varið, að nokkur bæjarfélög eru í hinum mestu vandræðum út af togaraútgerð sinni. Togaraútgerðir nokkurra bæjarfélaga hafa ekki með nokkru móti getað staðið í skilum við stofnlánadeild sjávarútvegsins, og er því aðeins um tvennt að ræða, þar sem svo stendur á, að togararnir verði seldir á nauðungaruppboðum eða þá að ríkisstj. komi til og hlaupi á einhvern hátt undir bagga, þannig að þessi bæjarfélög geti haldið skipunum. Þetta mál er búið að vera lengi í athugun hjá ríkisstj., því að hér er úr mjög vöndu að ráða. Það er ákaflega erfitt að finna heppilega lausn á þessum vanda. Stjórninni sýnist mikla nauðsyn bera til þess, að skipin geti verið áfram þar, sem þau eru nú, og telur, að fólk á þessum stöðum megi ekki við því að missa þau, en hins vegar fátt góðra úrræða til þess að leysa fjárhagsvandann.

Niðurstaðan af öllum þessum athugunum er sú brtt., sem ég leyfi mér hér með að leggja fram, en verður þá einnig að vera skrifleg brtt. Hún er við 22. gr. fjárl., svo hljóðandi:

„Að ábyrgjast lán vegna togaraútgerðar fyrir bæjarfélögin á Akranesi, Siglufirði, Seyðisfirði, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum, ef óhjákvæmilegt þykir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur togaranna á þessum stöðum, þó eigi hærri lánsábyrgð en sem nemur 500 þús. kr. fyrir hvert skip, eða samtals 4½ millj. kr., enda séu þær tryggingar settar fyrir ábyrgðunum, er ríkisstj. metur gildar, og uppfyllt þau skilyrði, er ríkisstj. setur."

Ég vil þá leyfa mér, með þessum formála, að afhenda hæstv. forseta þessar tvær brtt.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt tvær brtt. frá hæstv. fjmrh., er hann hefur nú lýst. Það þarf tvenns konar afbrigði fyrir þessum brtt. Þær eru of seint fram komnar og skriflegar. Enn fremur þarf afbrigði fyrir brtt. á þskj. 603.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 603, sem var of seint fram komin, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 620) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl., form. fjvn., byrjaði með að flytja hér allmikinn pólitískan reiðilestur um ýmislegt fleira en fjárlögin og kom með hann á skrifuðum blöðum, þannig að

hann var sýnilega ætlaður til birtingar í Morgunblaðinu á morgun. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þennan sérstaka reiðilestur, en aðeins segja fáein orð út af honum og benda á vissar veilur, sem voru í þeim málflutningi.

Hv. frsm. meiri hl. byrjaði á að tala um það, að það hefði verið komið í veg fyrir afgreiðslu fjárl. á réttum tíma, og síðan hljóp hann nokkur ár aftur í tímann, til 30. marz 1949, og ræddi atburði, sem gerðust þá hér við alþingishúsið, þegar meiri hl. þingmanna var að ákveða, að Ísland skyldi ganga í hið svo kallaða Atlantshafsbandalag. Út úr því hljóp hann í umræður um verkfallið, sem háð var á fyrri hluta þessa vetrar, núna rétt fyrir hátíðarnar, og út frá því ræddi hann um, að virðing Alþingis væri alveg að fara, með því ástandi, sem væri í landinu núna, og svo sérstaklega ræddi hann líka um það, hve mikinn áhuga fjvn. hefði nú raunverulega haft fyrir hvers konar félagslegum umbótum, en gæti nú bara ekki komið þeim fram vegna þessara atburða og annarra, sem orðið hefðu. — Út af þessu vildi ég aðeins lauslega benda hæstv. þm. á það, að hann gleymdi ýmsu, sem ekki hefði verið síður ástæða til að nefna í sambandi við þetta.

Hvað snertir t. d. 30. marz, þá hældist hann um pólitíska dóma, sem hefðu farið fram í því sambandi, en hann gleymdi að minnast á það, að 28 þús. kjósendur, og þ. á m. fjöldamargir úr kjósendahópi Framsfl. og Sjálfstfl., hafa undirritað áskorun um það að breyta þessum dómum, og það sýnir bezt, hvernig þjóðin lítur á þessa dóma. E. t. v. kann þessi staðreynd að hafa valdið einhverju um það ergelsi, sem virðist hafa komið fram hjá þessum þm. og raunar fleirum í því sambandi.

Um virðingu Alþ. vildi ég aðeins segja það, að virðing Alþ. þverr við það, sem gerist hér í þessum sal og næsta sal hér við hliðina og unnið er af þm. sjálfum, þeim meiri hl. þm., sem fylgir stjórninni nú að málum, en ekki við það, sem gerist utan við þinghúsið með þjóðinni annars staðar. Það, sem rýrir virðingu Alþ. með þjóðinni, er m. a. það, þegar meiri hl. Alþ. samþ. annað eins hneyksli eins og það að afhenda einstökum auðkýfingum í þessu landi tugi milljóna króna, eins og gert er raunverulega með meðferð áburðarverksmiðjumálsins, og annað eftir því. Virðing Alþ. hefur líka minnkað hjá þjóðinni við það, að ríkisstj. hefur leyft sér — og Alþ. látið það viðgangast — að leggja stóra skatta á í formi bátagjaldeyrisins, sem verður miklu meiri gróðalind fyrir vissar stéttir, sem ekki áttu þeirra að njóta, undir því yfirskini, að það sé til að hjálpa bátaútveginum. Það er þetta, sem rýrir virðingu Alþ. fyrst og fremst. Og hvað snertir hinn mikla áhuga meiri hl. fjvn. fyrir alls konar félagslegum umbótum, sem var fyrir hendi fyrir 2. umr., en getur nú ekki orðið að veruleika, þá verð ég að segja það, að ég varð ekki var við þann mikla áhuga í n. fyrir 2. umr. fjárl. Ég hef yfirleitt aldrei orðið var við hann.

Um verkfallið ætla ég aðeins að segja þetta: Þetta verkfall hófst eins og hver önnur venjuleg vinnudeila, en það var ríkisstj. sjálf, sem beinlínis gerði það að pólitísku verkfalli, og e. t. v. kann sú staðreynd að svíða dálítið í hugarheimi þeirra manna, sem eru gramir út af lausn verkfallsins eins og hún varð. En í raun og veru fannst mér, að allar þær ádeilur, sem form. fjvn. beindi til þeirra manna, sem höfðu staðið fyrir verkfallinu, væru raunverulega árás á ríkisstj. sjálfa fyrir það, að hún skyldi beina verkfallinu í þessa átt, og ég verð að segja það, að ég vorkenndi ríkisstj. að sitja undir þessari ádeilu frá þessum ágæta samstarfsmanni sínum.

Þá kom næst hæstv. fjmrh. og kom einnig með skrifaða ræðu, þar sem hann ræddi um þetta verkfall, — skrifaða ræðu, sem við fáum sjálfsagt að lesa í Tímanum á morgun. Grunntónninn í hans ræðu var sá, að í raun og veru væri ekki hægt að skipuleggja atvinnulífið á Íslandi betur en núna væri gert. Hann nefndi ýmislegt, m. a. það viðvíkjandi lausn verkfallsins, að það hefði verið um tvær leiðir að ræða, kauphækkun eða verðlagslækkun þá, sem gerð hafði verið, og hann hélt því fram, að verðlagslækkunin hefði verið betri leið og sú leið, sem helzt var fær. En það, sem hefur skeð í þessu sambandi, er þá það, að ríkisstj. hefur raunverulega viðurkennt, sem fólkið auðvitað vissi áður, að það var hægt að lækka verðlag í landinu, en það þurfti bara þriggja vikna verkfall til þess að knýja ríkisstj. til þess að sjá um það, að lækkuð yrði t. d. okurálagning í verzlunarkerfinu, okurálagning á olíu og benzín, og annað eftir því.

Hæstv. ráðh. talaði einnig töluvert fjálglega um það, að það eina, sem gæti bætt afkomu þjóðarinnar, væri meiri afköst, meiri framleiðsla og meiri vinna, og hefur hann oft rætt það áður. Þessa ræðu hefur hann nú raunverulega haldið oft hér í þessum sal. Ég veit, að allir þm. kannast við þennan tón, en það er bara til sú staðreynd, að stjórn sú, sem þessi hæstv. ráðh. ræður mjög miklu í, vinnur þveröfugt við það að gefa þjóðinni kost á að leysa af hendi meiri vinnu og meiri framleiðslu og annað eftir því. T. d. skeði það núna á s. l. sumri, að það var beinlínis bannað að verka saltfisk, þó að staðreynd sú lægi fyrir, að það var hægt að fá miklu meiri gjaldeyri fyrir hann með því að verka hann. Það er líka staðreynd, að það liggur mikið af fiski í frystihúsunum frá fyrra ári, svo að í alvöru er rætt um það núna að banna að frysta togarafisk, og það sér hver maður, hver áhrif það hefur á framleiðslu þjóðarinnar. Þetta eru staðreyndirnar, sem liggja fyrir, jafnframt því að hæstv. fjmrh. kemur með skrifaða ræðu hingað í Alþ. til þess að lesa yfir þm. um það, hversu nauðsynlegt sé að auka framleiðsluna.

Ég vil benda þessum báðum hv. þm. á það, þar sem þeir hafa haldið því fram, að verkfallskröfur verkfallsmannanna hafi verið ósanngjarnar og það séu þær, sem séu að setja þjóðfélagið á hausinn, að það er margbúið að sanna það, að núna í a. m. k. fimm ár síðast liðin hafa kauphækkanir ævinlega verið á eftir þeim dýrtíðarhækkunum, sem orðið hafa, — dýrtíðarhækkunum, sem beinlínis hafa verið skipulagðar af þeirri ríkisstj., sem Eysteinn Jónsson er fjmrh. í, þannig að hann

er þegar orðinn dæmdur sem mesti dýrtíðarmeistari á Íslandi.

Í haust var sannanlegt, að það var mikil síld til í hafinu suðaustur af Íslandi, en það gat ekki nema sáralitill hluti bátaflotans farið til þess að veiða þá síld, salta hana og skapa þannig gjaldeyri og aukin verðmæti í þjóðartekjum, vegna þess að hann skorti rekstrarfé til þess að geta veitt þessa síld, þótt vitað væri, að það var hægt að veiða hana og hægt að hafa stórkostlegar gjaldeyristekjur upp úr henni. Þetta snertir ákaflega öfugt þær fullyrðingar, sem hæstv. fjmrh. var með hér áðan. Annað vil ég einnig benda honum á í sambandi við, hvað hefur verið að gerast, og það er í sambandi við sölu landbúnaðarafurðanna. Sjálfur formaður stéttarfélags bænda upplýsir það í blaði fjmrh., Tímanum, nú fyrir fáeinum dögum, að á s. l. ári, eða 11 fyrri mánuðum s. l. árs, hafi mjólkurframleiðslan vaxið um 15%, en salan sama sem ekki neitt. Salan á vinnsluafurðum af mjólkinni hrapaði niður. Og hvert hefði þá horft fyrir landbúnaðinum, ef þannig ástand ætti að vera til lengdar? Þetta sýnir, að það skortir kaupgetu í bæjum landsins, til þess að hægt sé að koma í verð þessum vörum, sem landbúnaðurinn framleiðir, og það sér hver heilvita maður samhengið í því, að ef svo ætti að halda áfram til lengdar, þá er verið beinlínis að neyða þjóðina til þess að minnka sínar tekjur, minnka sína framleiðslu og minnka þjóðartekjurnar.

Þá ræddi hæstv. fjmrh. dálítið um það líka, að nú yrði afgreiðsla fjárl. öll önnur en hún hefði verið. Hún mundi ekki verða eins varleg og hún hefði verið annars, ef verkfallslausnin hefði ekki komið til. Og í því sambandi benti hann á það, að stjórnin hefði ætlað sér að nota eitthvað af þessum tekjum til þess að mynda jafnvægi á móti varnarframkvæmdunum. Jæja, er hæstv. fjmrh. eitthvað farinn að verða hugsandi út af því, að það ástand skuli hafa skapazt hér undir hans eigin stjórn og hans meðráðherra, að nú skuli það vera helzta lausnin í atvinnuleysisframkvæmdum þjóðarinnar að reyna að pína sem flesta heimilisfeður, hvaðan af landinu svo að segja sem er, úr fjölda bæja utan af landi, til þess að fara að vinna hernaðarvinnu á Keflavíkurflugvelli? Er hann eitthvað farinn að verða hugsandi út af því, hvert þetta horfir? En ég get sagt það sama um þetta eins og ég sagði í sambandi við ræðu hv. form. fjvn. Ég varð ekki var við, að neitt kæmi frá stjórninni til fjvn. um þetta atriði, áður en 2. umr. fjárl. fór fram. Það er náttúrlega ágætt að segja það eftir á, að þessi hafi verið hin fallega meining. En ætli það hafi ekki heldur verið hitt, að hæstv. fjmrh. hefði eins og öll undanfarin ár gjarnan viljað gera tekjuáætlun fjárl. óþarflega lága til þess að hafa umframtekjur, sem hann gæti þá notað og stjórnin eftir eigin vilja? Það er reynslan, sem hefur verið undanfarin ár og átti að stefna að núna.

Þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um ræður þessara tveggja hv. þm., en ætla að snúa mér að þeim brtt., sem ég flyt hérna á tveimur þskj., á öðru sem 1. minni hl. fjvn. og á hinu ásamt öðrum þingmönnum. Mínar aðaltillögur flutti ég við 2. umr., og voru þær yfirleitt felldar þar, og flyt ég þær vitanlega ekki að neinu leyti aftur. Ég gerði einnig þá grein fyrir því fyllilega, hvers vegna ég hefði klofið n., og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að taka neitt upp af því aftur. En áður en ég sný mér beint að mínum brtt., þá ætla ég þó að fara örfáum orðum um brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 606. Ég varð nefnilega svolítið hissa, þegar ég sá þær brtt. sumar.

Við 2. umr. fjárl. flutti ég tillögur um nokkra hækkun á vissum liðum tekjuáætlunarinnar og benti þá jafnframt á það og færði rök fyrir því, að þessir liðir væru óþarflega lágt áætlaðir, þess vegna væri óhætt að áætla þá hærra, og mundi það ekki hafa þau áhrif, að ríkissjóður þyrfti að verða með greiðsluhalla vegna þess. Þessu var mótmælt. Þessar till. voru felldar í þinginu, og m. a. man ég ekki betur en hæstv. fjmrh. léti í ljós þá skoðun, að það væri óvarlegt að fara þessa leið að hækka tekjuáætlunina svona mikið. Nú þegar ég ber saman þskj. hæstv. fjmrh. núna, 606, og mitt þskj., 315, þá sé ég það, að í sínum till. hefur hæstv. fjmrh. tekið upp allar þessar hækkunartillögur mínar, tvær af þeim alveg nákvæmlega eins og þær voru og hinar mjög svipaðar og þær voru, aðeins þó lægri. Ég þykist sjá það á þessu og fagna því, að hæstv. fjmrh. virðist hafa séð það við nánari athugun, að mín áætlun um þessa tekjuliði hafi verið réttari en áætlun meiri hl. n. og réttari en honum þótti við þá umræðu, og þess vegna sér hann nú ástæðu til þess að taka þær upp aftur. En ég vil þó benda á eitt, vegna þess að tvær af þessum till., — þ. e. till. um stríðsgróðaskattinn, að hann skuli hækka úr 4 millj. upp í 7 millj. og síðari liðurinn úr 2 millj. upp í 3.5 millj., — þær eru nákvæmlega eins hjá fjmrh. og þær voru hjá mér og búið var að fella. Nú veit ég ekki betur en það standi í þingsköpum, að það megi ekki flytja aftur á sama þingi till., sem hefur verið felld. Þess vegna verð ég að benda hæstv. forseta á það, að það muni ekki vera samkv. þingsköpum leyfilegt að bera þessar till. fjmrh. upp aftur hér til atkvgr., þar sem búið er að fella þær. Hins vegar skal ég benda hæstv. fjmrh. á það, að hann þarf náttúrlega ekki að breyta þeim mikið. Honum nægir alveg að hækka hvora fyrir sig um eina krónu, til þess að það sé hægt að bera þær upp til atkvgr. (**Fjmrh.**: Þá verður maður að gera það.) Og ég vil ráðleggja honum að gera það (Gripið fram í.) — eða lækka um krónu.

Þá ætla ég að snúa mér að þeim till., sem ég flyt hér sem minni hl. fjvn. á þskj. 602.

Við 11. gr. flyt ég till. um að taka nýjan lið inn á greinina, sem heitir „eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum". Það skilur hver þm., hvað þarna er átt við. Það er laun og annar kostnaður við fjárhagsráð. Þetta er liður, sem var á fjárl. nokkur ár, en var hætt að hafa á þeim fyrir tveimur eða þremur árum, en nú liggur það fyrir samkv. upplýsingum frá fjmrn., að s. l. ár hafi tekjur fjárhagsráðs numið 6 millj. og 86 þús. kr., en gjöld þess aðeins 2 millj. 681 þús. kr. Mismunurinn verður því rúmlega 3 millj. og 405 þús. kr., eða nærri því 3½ millj. kr. Það er vitað mál, að þessi mismunur gengur inn í ríkissjóð og kemur fram í tekjum ríkisins, þótt

hann sjáist hvergi á fjárlagafrv. Ég tel algerlega rangt að haga þessu þannig. Ég vil taka það fram, að þetta er engin sérstök árás á fjárhagsráð. Því fer fjarri. En ég tel algerlega rangt, að þarna eigi ríkið að hafa hálfa þriðju millj. kr. í tekjur af ákveðinni ríkisstofnun, án þess að það sé tekið með á fjárlagafrv. Þess vegna legg ég til, að þetta verði tekið inn á fjárlagafrv., þannig að þessi nýi liður verði tekinn upp: „Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum" — en mismunurinn, ca. 3½ millj. kr., verði færður inn á 3. gr. A. eins og tekjur af rekstri annarra ríkisstofnana.

Þá hef ég enn fremur flutt hérna till. við 13. gr. C. 2., þ. e. við vitamál, þannig að fjárveiting til áhaldakaupa vitamálaskrifstofunnar hækki úr 550 þús. kr. upp í 750 þús. kr. Ég vil færa þau rök fyrir þessari till., að það er vitað, að hvarvetna um land er mjög mikill áhugi fyrir því að vinna að hafnargerðum, og einn sá flokkur verka, sem þarf að vinna í sambandi við hafnargerðir mjög víða, er dýpkun. Nú á ríkið að vísu eitt skip, sem heitir Grettir og er dýpkunarskip við hafnargerðir, en þetta skip er þannig gert, að það er alls engin leið að koma því við á fjöldamörgum stöðum á landinu, einkum hinum smærri. Þar verður þess vegna víða, þar sem staðhættir eru þannig, að nota aðrar tegundir dýpkunarskipa, svo kallaðar sanddælur, en svo illa vill til, að ríkið á ekkert slíkt áhald enn þá. Fjöldi staða á landinu bíður eftir því að fá unnar nauðsynlegar framkvæmdir, vegna þess að vitamálaskrifstofan hefur ekki enn þá sökum fjárskorts getað lokið við að koma í gang slíku skipi, sanddælu, sem þó er verið að undirbúa. Vitamálastjóri hefur fyrir n. fært full rök að mínum dómi fyrir því, að hann þurfi nauðsynlega að fá þessa 200 þús. kr. fjárveitingu í viðbót til þess að geta fullgert þetta dýpkunarskip, og þess vegna er það, að ég flyt till. um, að þetta verði hækkað. Þessa till. flutti ég í n., en hún var felld þar.

Þá hef ég flutt hérna líka till. við 20. gr., þannig að það komi nýr liður, sem verði bygging nýs kennaraskóla. Það er alkunnugt, að kennaraskólinn hefur mjög orðið útundan í skólakerfi landsins hvað það snertir að fá viðunandi húsnæði, og þarf alls ekki að fara mörgum orðum um þá nauðsyn, sem á því er. Jafnframt því sem mjög auknar kröfur hafa verið gerðar til menntunar kennara, bæði lengdur þeirra námstími og sömuleiðis orðin nauðsyn á að fjölga þeim vegna aukins skólakerfis, þá er húsnæði kennaraskólans núna hið sama — eða að mestu leyti að minnsta kosti hið sama sem það var, þegar hann var stofnaður. Að vísu hefur verið reynt að bæta ofur lítið úr þessu með því að fá húsnæði annars staðar, en slíkt er mjög óviðunandi og ófullnægjandi. Ég legg þess vegna til, að sem aðaltill. komi hérna 750 þús. kr. og varatill. 500 þús. kr., og er það áreiðanlega of lítið, þótt ég hafi ekki séð mér fært að fara hærra en þetta.

Þá flyt ég hérna í fjórða lagi við 22. gr. till. um, að ríkisstj. sé heimilt að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem ríkissjóður hefur veitt Búnaðarbanka Íslands, ásamt ógreiddum vöxtum af þessum lánum. Þetta er í fyrsta lagi lán veitt Ræktunarsjóði Íslands af gengishagnaði 1950, 6 millj. 874 þús. kr., og af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951, 7 millj. og 500 þús. kr., og sömuleiðis lán veitt Byggingarsjóði Búnaðarbankans af gengishagnaði 1950, 6 millj. 874 þús. kr., og af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951, 7 millj. 500 þús. kr., og sömuleiðis lán veitt veðdeild Búnaðarbankans af greiðsluhagnaði ríkissjóðs 1951, 1 millj. kr. — Ég hef áður á þessu þingi bent á það í umræðum, hversu erfiður fjárhagur lánastarfsemi Búnaðarbankans er orðinn. Það gerði ég í sambandi við frv., sem ég flutti sérstaklega um að bæta úr því ástandi. En ég get bætt við fáeinum upplýsingum um það núna. Núna um þessi s. l. áramót, þegar uppgjörið fór fram, þá var ástandið þannig, að Ræktunarsjóður skuldar orðið sparisjóðsdeild bankans 2½ millj. kr. Byggingarsjóðurinn, sem á að hafa með höndum geysilega mikla lánastarfsemi, bæði fyrir endurbyggingu sveitabýla og nýbýli, átti aðeins 1.6 millj. kr. Þá var ólokið miklum lánum, sem byrjað er að lána, þ. e. a. s. lánum út á allar þær framkvæmdir, sem hafnar hafa verið á s. l. ári, og nokkru út á framkvæmdir, sem hafnar voru áður, — yfirleitt er þeim ekki lokið á minna en einu til tveimur árum, — og auk þessa er veðdeildin, sem á að lána til vissra hluta, svo sem jarðakaupa og margs fleira, komin í einnar millj. kr. skuld við sparisjóðsdeildina. Allt það fjármagn, sem hugsanlegt er að bankinn hafi á næstunni til þess að anna starfsemi sinni, ef ekki tekst að fá erlent lán, sem mjög mun vera óvíst enn þá, er því aðeins 1.6 millj. kr., með tilliti til þess, að hann þurfi þó ekki að greiða aftur þær skuldir, sem þessar lánadeildir eru í við sparisjóðsdeildina. Nánast stendur það þannig, að ef greitt yrði allt það fé, sem hann kynni að hafa til lánastarfsemi núna, upp í þessar skuldir, sem lánadeildirnar eru komnar í, þá vantar samt sem áður allt að 2 millj. kr. til þess að geta það. Það er alveg sýnilegt, að það verður þess vegna mjög lítið um lánastarfsemi á næsta ári, ef ekki verður úr þessu bætt.

Nú má e. t. v. segja, að till. sú, sem hér liggur fyrir, bæti ekki úr þessu nema að nokkru leyti. En hún bætir úr því að því leyti, sérstaklega fyrir framtíðina, að þar sem samkv. núgildandi reglum á bankinn að greiða aftur þessi lán öll á næstu 20 árum, þá mundi það létta stórkostlega mikið fyrir starfsemi hans á næstu árum, eða réttara sagt, það mundi losa Alþ. við stórkostlegt stímabrak við það að útvega honum starfsfé á þessu tímabili, því að það er í sjálfu sér ákaflega þýðingarlítið að vera að fást við það á hverju ári að útvega bankanum starfsfé fyrir það og það árið og láta hann svo jafnframt greiða aftur inn til ríkissjóðs stórar upphæðir í staðinn.

Ég hefði nú talið, að það væri nokkur vilji fyrir því í Alþ., að þessi till. yrði samþ., vegna þess að hún hefur komið fram áður í þinginu á þessu þingi og það á tveimur þskj. Ég hafði sett það fram í 9. gr. þess frv., sem ég flutti sjálfur hér á þinginu snemma, um útvegun lánsfjár til stofnlánadeildar Búnaðarbanka Íslands, og rétt örlitlu seinna fluttu þrír framsóknarmenn í Ed. sérstakt frv. einmitt um þetta atriði. Hvorugt þetta mál hefur fengizt afgr., og það er sýnilegt, að hvorugt þetta mál fæst afgr. sem slíkt í lagaformi á þinginu. Þess vegna finnst mér full

ástæða til þess að taka nú upp á 22. gr. fjárlaga heimild fyrir ríkisstj. til þess að breyta þessu þannig.

Í grg. frv. þess, sem flutt var í Ed. af þremur þm. þar, segir m. a. um nauðsyn þessa máls, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og nú horfir, er ekki annað sýnt en að Búnaðarbanki Íslands verði á næstu árum að starfa að mjög miklu leyti með erlent lánsfé, eftir því sem fáanlegt er. En vextir af þessu erlenda fé eru svo háir, að bankinn hlýtur að verða af þeim sökum fyrir miklu rekstrartapi, þar sem Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður lána fé út aftur með 2 og 2½% vöxtum. Auk þess er útlánstími Byggingarsjóðs miklu lengri en endurgreiðslutími hinna erlendu lána, og myndast þannig mikill greiðsluhalli umfram vaxtamismuninn. Halla þann, sem hér er um að ræða, verður ríkið að bæta bankanum á einhvern hátt, ella hlýtur starfsemi hans að stöðvast fyrr eða síðar. Virðist eðlilegast, að ríkið veiti bankanum aðstoð fyrst um sinn á þann hátt að breyta lánum þeim, sem það hefur veitt honum í innlendu fé á síðustu árum, í óafturkræf framlög. Sú ráðstöfun væri í samræmi við ályktanir, sem landssamtök bænda hafa gert á þessu ári."

Nákvæmlega sömu rök og þessi hafði ég áður fært fram í grg. fyrir mínu frv. um þetta mál, og raunar meira.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að þremur till., sem ég flyt ásamt öðrum þm. á þskj. 610.

Það er í fyrsta lagi till. frá mér og hv. þm. A-Sk. um fyrirhleðslur til þess að varna landbroti í tvö stór jökulvötn í Skaftafellssýslu, Jökulsá í Lóni og Steinavötn í Borgarhafnarhreppi.

Skal ég fyrst minnast á fyrirhleðsluna í Jökulsá í Lóni. Þar leggjum við til sem aðaltill., að veittar verði til fyrirhleðslunnar 200 þús. kr., og til vara 100 þús.

Jökulsá í Lóni er eitt stærsta vatnsfall á Suðausturlandi og flæmist um allstóran sand, sem hún hefur búið til á löngum tíma. Nú hefur svo farið um nokkuð mörg ár, að hún hefur verið að fylla sína gömlu farvegi og hefur lagzt mjög að aðalgraslendi sveitarinnar, sem er um miðja sveitina og liggur við vesturbakkann, vesturhlið þess, og er nú búin að bera svo mikið þar í farvegina, að hún þarf ekki að vaxa nema tiltölulega lítið til þess að flæða yfir stórt svæði af aðalgraslendi sveitarinnar, skera alveg úr sambandi við aðra hluta sveitarinnar nokkra bæi, sem þar eru, og er sýnilegt, að þær jarðir geta ekki haldizt lengi í byggð, ef ekkert verður að gert.

Á bændafundi, sem haldinn var fyrir um það bil einu ári þar austur frá, var eindregið skorað á landbrn. og Búnaðarfélag Íslands að láta gera athugun á því, hvað kosta mundi að hlaða fyrirstöðu í ána þarna og veita henni vestur á sandinn, þar sem hún getur engan óskunda gert, og var brugðizt mjög vel við þeirri áskorun. Vegamálastjórninni var falið að láta annast þetta verk, og það framkvæmdi Sigurður Jóhannsson verkfræðingur á s. l. hausti. Niðurstaða hans varð sú, að það þyrfti að byggja 1000—1200 m langan varnargarð til þess að veita ánni lengra vestur á sandinn og mundi sá garður kosta um það bil 600 þús. kr. Gæti svo farið að vísu, að eftir nokkur ár, — ekki væri hægt að segja, hve fljótt eða hvort þess yfirleitt þyrfti, — það gæti þó svo farið, að það þyrfti að lengja hann dálítið, þannig að það mætti reikna með, að þá gætu bætzt við, ef til þess kæmi, um 200 þús. kr. í viðbót.

Vegna þess, hvað þetta er mjög aðkallandi nauðsynjamál, þá höfum við, ég og hv. þm. A-Sk., talið okkur alveg nauðsynlegt að flytja þetta mál hér inn í Alþ. Í fjvn. var þetta fellt, en við flytjum það hér aftur í þeirri von, að e. t. v. kunni það að fá betri undirtektir í þinginu. Þessu máli verður að halda áfram þangað til einhver lausn fæst á því vegna hinnar miklu nauðsynjar á að forða hluta byggðarinnar frá eyðileggingu. Ég vil benda á annað í þessu sambandi líka, að með því að gera þessa fyrirhleðslu í ána getur sparazt verulegur kostnaður við vegagerð á þjóðvegi, sem annars er þarna fyrir, og er því í rauninni alls ekki hægt að segja, að hér sé um hreint framlag að ræða vegna landbrotsins, vegna þess að það getur sparað annað verk, sem annars kemur fyrir að vinna á næstu árum.

Þá er annar liður þessarar till. Það er til fyrirhleðslu í Steinavötn í A.-Skaftafellssýslu, 100 þús. kr. sem aðaltill. og til vara 60 þús. kr.

Það er í raun og veru mjög svipað að segja um þetta mál eins og hið fyrra. Steinavötnin eru allstórt jökulvatn, sem flæmast um svo kallaðan Steinasand og liggja nú mjög þungt orðið á engjum og beitilandi prestssetursins Kálfafellsstaðar og þeirra býla, sem eru í nánd við það. Er þar um 7 býli að ræða, og vil ég benda hv. þm. á það, að ríkið á 4 af þessum býlum.

Það er svipað að segja um undirbúning þessa máls eins og hins, að vegamálastjórninni var falið af landbrn. eða samgmrn. að láta gera athugun á þessu, og var hún gerð af sama verkfræðingi, Sigurði Jóhannssyni, á s. l. hausti. Niðurstaða hans er sú, sem birt er í bréfi frá vegamálaskrifstofunni, sem fjvn. barst, að til þess að varna þessum skemmdum muni þurfa að byggja um 500 m langan varnargarð nokkuð vestur á Steinasand og muni hann kosta um það bil 200 þús. kr. Vegamálastjóri bendir á það einnig, að það mundi að því reka síðar meir að brúa Steinavötn og þurfi þá hvort eð er að byggja vissa fyrirhleðslu til þess að halda ánni í sínum ákveðna farvegi, sem er vestar á sandinum, og muni þá þessi garður koma einnig að gagni, þegar það yrði gert. En ég vil aðeins endurtaka það, að hér er um að ræða hættu á stórkostlegum landspjöllum á ekki minna en 7 býlum, sem standa svo að segja mikið til í einu þorpi um miðhluta sveitarinnar, þ. e. prestssetrið Kálfafellsstaður og jarðir þær, sem upphaflega eru út úr því byggðar.

Þá er að síðustu hér ein till. frá mér og þremur þm. öðrum við 22. gr., um það, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 100 þús. kr., ef þörf gerist, til þess að ná samningum við flugfélögin um póstflutninga til staða úti á landi. Ég veit ekki, hvort það er nema sárfáum þm. kunnugt um það, að á s. l. sumri kom upp einhvers konar ágreiningur á milli póstmálastjórnarinnar og Flugfélags Íslands, sem hafði annazt mjög mikið póstflutninga út á land, einkum til staða, þar sem

skip koma sjaldan, og ágreiningurinn var um það, hversu há farmgjöld skyldi greiða, þ. e., póstmálastjórnin vildi ekki greiða farmgjöldin svo há sem Flugfélagið taldi sig geta flutt póstinn fyrir. Afleiðingin af þessu varð mjög slæm. Á s. l. sumri var nokkur tími, sem ýmsir þessir staðir fengu engan blaðapóst nema með skipum og fengu hann þar af leiðandi mjög sjaldan, þannig að blöðin máttu heita orðin einskis virði, þegar þau loksins komu. Svo lagaðist þetta að vísu með einhverju samkomulagi undir haustið, en aðeins lítinn tíma, og þegar leið fram á haustið sótti aftur í sama horfið, og nú í vetur hefur það verið svo með ýmsa þessa staði, — mér er vel kunnugt um Austurland, og ég hygg, að það sé á Vesturlandi líka, — að ýmsir þeirra hafa aldrei fengið póst nema með mjög strjálum skipaferðum. Ég get t. d. upplýst það gagnvart Hornafirði, þar sem skipaferðir eru yfirleitt mjög strjálar, einkum vegna þess, að Esja eða Hekla geta ekki komið þar inn, og Herðubreið fer ekki þangað í strandferðum nærri því að öllu leyti, hún er höfð í strandferðum vestur um land líka, þá hefur sá staður orðið mjög illa úti hvað þetta snertir, þannig að það geta liðið mánuðir svo, að engin blöð berist í sýsluna. Það sér náttúrlega hver maður, að þetta er ekki viðunandi, og það er sýnilegt líka, að hér getur ekki verið um stórar upphæðir að ræða, sem þarf á að halda, til þess að hægt sé að kippa þessu í lag. Ég get meira að segja vel búizt við því, að þó að leyst væri viðunanlega úr þessu, þannig að samið væri við Flugfélagið um þann mismun, sem það þykist þurfa á að halda til þess að geta fært þetta í sama horf og áður, þá tel ég alls ekki víst, að það mundi einu sinni þurfa þessar 100 þús. kr. til, enda er till. orðuð þannig, að ríkisstj. sé aðeins heimilt að verja þessu, ef þörf gerist, til þess að ná þessum samningum. En það er nokkurn veginn óhætt að fullyrða það, að ef þessu heldur áfram eins og verið hefur, þá mun fjöldi af lesendum blaðanna, a. m. k. í Austur-Skaftafellssýslu, — það þori ég að fullyrða, — segja blöðunum upp, því að fólkið telur sér þau vera einskis virði, þegar þau eru orðin þetta þriggja, fjögurra, fimm og sex vikna gömul. Ég vildi þess vegna vænta þess, að hv. Alþ. sæi sér fært að samþ. þessa till. til þess að greiða úr þessum málum.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Einhver var að minnast á virðingu Alþingis hér rétt áðan, og það er þess vegna rétt kannske að víkja að því í upphafi málsins, þegar verið er að ræða um þýðingarmesta mál þessa þings, fjárlagaafgreiðsluna, og hún er komin á lokastig, þá hefur það nú verið svo hér í dag, m. a. meðan var verið að ræða um virðingu Alþingis, að þá voru aðeins örfáir þm., sem höfðu tíma til þess að vera við þessa þýðingarmiklu umr. hins þýðingarmesta máls. Og sjaldgæfir hafa verið ráðherrar í dag við umr., nema hvað fjmrh. var hér auðvitað meðan hann flutti sitt mál hér tvívegis, en síðan hefur hann ekki heldur sézt. Mætti þó ætla, að það væri þingmannaréttur að vænta þess, að hæstv. fjmrh. væri að minnsta kosti viðstaddur fjárlagaumræður.

Við 2. umr. fjárl. lét ég í ljós, að það væri nauðsynlegt að fresta endanlegri afgreiðslu fjárl. þangað til séð væri fyrir endann á verkfallinu, sem þá stóð yfir, og vitað yrði, með hvaða hætti það leystist, því að vel gæti svo farið, að lausn verkfallsins kæmi að einhverju leyti til kasta ríkisvaldsins. Góðu heilli varð þetta svo, að fjárlagaafgreiðslunni var frestað. Þau voru ekki hespuð af fyrir jólin, eins og ætlað hafði verið, heldur frestað fram yfir áramót. Og nú hefur hæstv. fjmrh. lagt fram till. til þess að mæta þeim skuldbindingum, sem á ríkissjóð féllu í sambandi við lausn vinnudeilunnar. Ég tel, að þetta hafi verið vel farið og hitt hefði í raun og veru verið algert ábyrgðarleysi, að afgr. fjárl. án þess að vita neitt um það, hvernig vinnudeilan leystist og að hve miklu leyti hún kæmi til kasta ríkissjóðs.

Það hafa orðið nokkrar breyt. á fjárl. síðan við 2. umr. Í fjvn. hafa verið tekin fyrir mál, sem aðallega hafa verið til aukinna útgjalda á gjaldabálki, og munu bein útgjöld, sem n. hefur nálega einróma samþ., vera upp undir 5 millj. kr., að ég hygg. Auk þess hefur svo n. samþ. nokkra tugi milljóna í ríkisábyrgðum, og hefur það ekki hvað sízt virzt vera áhugamál hæstv. ríkisstj., því að að þeim ábyrgðarskuldbindingum hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. staðið heils hugar og stutt það fast, þrátt fyrir það þó að hæstv. fjmrh. hér fyrir skömmu síðan talaði langt mál og strangt um ríkisábyrgðir og það, hversu þær væru orðnar hættulegar ríkissjóði, a. m. k. ýmsir flokkar ríkisábyrgða, svo sem ábyrgðir vegna dieselrafstöðva og ábyrgðir vegna gömlu togaranna og fleira, sem hann nefndi. Það er a. m. k. víst, að ríkisábyrgðir hækka um a. m. k. 30 millj. kr. núna frá því, sem var við 2. umr. fjárlaganna.

Ég mun nú víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem hér liggja fyrir, og þó ekki minnast á nema fáar þeirra. Fjvn. hefur samhljóða afgr. allmargar till. og án þess að um ágreining sé að ræða í n. Ég sé, að á þskj. 600 er m. a. till. um það, bókstafsliðurinn j, að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld, þar með talinn söluskatt, af efni í skip og báta, er þær smíða. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja smálest, sem næst því, er ætla má að svari til þeirra aðflutningsgjalda og söluskatts, er greidd hafa verið af efni til smíðanna. — Það er nú bæði, að það eru þarna nokkrir málgallar á þessum lið, og þar að auki er mér nú ekki ljóst, þótt ég sé samþykkur þessum lið efnislega, eins og ég hygg að ætlunin sé að hann sé skilinn, þá er það ekki ljóst, hvort þessi endurgreiðsla á að ná til söluskatts og tolla af vélum í slík skip eða hvort það er eingöngu af smíðaefninu í bol skipsins. (Gripið fram í.) Það er ætlazt til þess. Já, þá fer að nálgast, að ég sé að öllu leyti samþykkur þessum lið, þó að ég hefði kosið, að hann hefði verið skýrar orðaður. En hæstv. fjmrh. hefur nú staðfest, að það sé ætlunin, að þessi endurgreiðsluheimild nái að öllu leyti til efnis í bol skips, sem smíðað er í innlendri skipasmíðastöð, og til véla einnig, og sú vitneskja fullnægir mér. Þessi liður mundi sennilega eiga að leysa af hólmi frv., sem ég og hv. þm. Hafnf. höfum flutt á þessu þingi og fékk hér ágætar undirtektir og

fjallaði um þetta efni, og kemur það í sama stað niður, þegar þetta réttlætismál fær afgreiðslu á þinginu.

Þegar vitað var, hvernig verkfallið leystist og að sú lausn mundi kosta ríkissjóðinn milli 10 og 20 millj. kr., þá var það vitað, að hæstv. fjmrh. og þá gjarnan fjvn. mundi bera fram till., sem fullnægðu þessum skuldbindingum á einhvern hátt. Mér fannst það að vísu undarlegt, þegar starfað var í fjvn. núna eftir hátíðarnar og spurt var um það, hvort meiri hl. n. mundi ekki flytja fyrir ríkisstj. slíkar till., að þá upplýsti hv. form. fjvn. það, að hann mundi ekki bera fram slíkar till. í n., það mundi hæstv. ráðh. sjálfur verða að gera. Mér fannst þetta vera nokkuð þykkjuþungt og dálítið skrýtið að formi til, því að venjan er nú sú, að jafnvel hin smáskítlegustu frv. séu fúslega flutt af nefndum fyrir sína ástkæru ráðherra, og hefði ég haldið, að ekki stærri biti en hér var um að ræða yrði tekinn af fulltrúum stjórnarflokkanna í fjvn. og n. mundi flytja það stóra mál, en hæstv. ráðh. þyrfti ekki einn að varpa þessum till. fram inn í þingið undir umræðum. En hæstv. ráðh. hefur nú staðið skil á þessu, eins og við var að búast og vænta mátti af honum, og till. eru komnar hér fram, sem nokkurn veginn fullnægja þeim skuldbindingum, sem hæstv. ríkisstj. tók á sig við samningsgerðina, þegar deilan var leyst.

Það var auðvitað dálítið álitamál, hvernig hæstv. ríkisstj. mundi fullnægja þessum skuldbindingum, hvort hún mundi gera það með niðurskurði og sparnaði á gjaldabálki fjárl. eða hvort hún mundi gera það með því að leiðrétta vitanlega ranga tekjuáætlun fjárl., sem aldrei hefur fengizt leiðrétting á. Það var líka hugsanlegt, að skuldbindingunum yrði fullnægt með báðum þessum leiðum.

Það hafa engar sparnaðartillögur komið fram frá hv. meiri hl. fjvn., þrátt fyrir það að nú hafi gefizt gott tóm til að undirbúa og bera fram slíkar sparnaðartillögur, sem hefðu verið algerlega í samræmi við ákaflega þungorða kritik á eyðslustefnu ríkisstj., sem kom einmitt fram í nál. hv. meiri hl. fjvn. við 2. umr. fjárl., og hefði þess vegna verið mjög eðlilegt að ætla, að sparnaðartillögurnar hefðu nú fæðzt einmitt í jólafríinu og á þessum ríflega tíma, sem gafst eftir áramótin, einmitt frá þessum hv. meiri hl. fjvn., sem hafði látið í ljós, að það mætti víða spara stórfé, jafnvel svo að milljónatugum skipti. Ef til vill hefði þessi hv. meiri hl. fjvn. þannig getað skilað þeim fúlgum og haldið til haga, sem þurfti til þess að leysa þær auknu kvaðir, sem á ríkissjóð voru nú komnar í sambandi við lausn verkfallsins.

En hv. meiri hl. kom ekki með sparnaðartillögurnar, og hæstv. ráðh. varð þess vegna að bíta í epli, sem ég get hugsað að honum hafi í bili fundizt súrt á bragðið, þó að hann vitanlega láti það nú ekki uppi, en það er það eplið að viðurkenna nú í fyrsta sinn eftir margra ára stimpingar, að tekjuáætlun fjárl. hefur verið röng fram að þessu, svo að milljónatugum skiptir. Og nú getur hann viðurkennt þetta, af því að hann þarf á því að halda, og gerir nú áætlun um hækkaða liði á tekjuhlið fjárl., sem nemur þeim auknu útgjöldum, sem af verkfallinu leiddi. Ég undirbjó mínar hækkunartillögur á tekjubálkinum nú með nákvæmlega sama hætti og undanfarin þrjú ár og taldi allar líkur til, að hæstv. ráðh. mundi nú enn koma og segja, að þessar hækkunartill. væru glannalegar, þær styddust ekki við veruleikann, þær væru bara út í loftið, þær væru barnaskapur og þar fram eftir götunum.

Ég áætlaði núna alveg út frá sömu forsendum eins og á undanförnum árum, að tekju- og eignarskatturinn fyrir árið 1953 mundi vissulega verða 55 millj. kr. undir öllum kringumstæðum og mætti þannig hækka um fullar 3 millj. kr. Nú hefur hæstv. ráðh. ekki aðeins komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri óhætt að hækka tekju- og eignarskattinn upp í 55 millj. kr., heldur sér hann nú allt í einu, að þetta er hægt að áætla 56 millj. og 500 þús. kr., og er þannig orðið hálfri annarri millj. fyrir ofan hinar glannalegu, óraunhæfu og barnalegu áætlanir, sem ég hef áður gert, að hans áliti. Það er ekki svo að sjá, að það hafi farið fyrir hæstv. ráðh. eins og Páli postula, að hann hafi með árunum lagt niður barnaskapinn. Hann virðist núna vera að taka upp barnaskapinn, sem hann hefur verið að álasa öðrum hv. þingmönnum fyrir að undanförnu, svo að hann virðist vera á öfugri þroskabraut við þann ágæta postula. (Gripið fram í.) Alveg rétt. Ég fagna þessu því alveg óblandið, því að ég tel, að hæstv. ráðh. sé nú að gera rétta áætlun. Ég tel, að mín áætlun um 55 millj. kr. tekjur af tekju- og eignarskattinum sé varleg áætlun, og ég fullyrði það, að áætlun hæstv. fjmrh., sem er hálfri annarri millj. kr. hærri, muni standast.

Þá vildi ég og áætla, að hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti, sem var í frv. áætlaður 2 millj. kr., mætti alveg óhætt áætlast 3 millj. kr., hækka um eina milljón. En hæstv. ráðh. hefur nú séð, að það var ekki aðeins óhætt að hafa hann 2 millj. og ekki aðeins óhætt að hafa hann 3 millj., heldur hefur hæstv. ráðh. nú séð, að það var óhætt að hafa hann 3½ millj. kr. og að hann væri í heild undir öllum kringumstæðum 7 millj. kr., og ég veit, að þetta er hvorki barnaleg né glannaleg áætlun hjá hæstv. ráðh. Þetta mun skila sér, hann mun fá þetta í kassann, og hann mun geta staðið við skuldbindingarnar, sem leiddi af verkfallslausninni m. a. með þessum peningum, því að hér er um raunhæfar tölur að ræða, en ekki áætlaðar tölur út í loftið.

Vörumagnstollinn áætlaði ég 24.5 millj. kr., og hæstv. ráðh. áætlar hann 24 millj. Það er nú bitamunur, en ekki fjár, á milli okkar. Hann er sem sé á sömu skoðun og ég um það, að það hefði mátt hækka hann verulega frá því, sem í frv. var, en þar var hann áætlaður á 22½ millj. kr.

Um verðtollinn er það að segja, að hann er í frv. áætlaður 105 millj. Ég tel rétt með sams konar varúðarvinnubrögðum eins og ég viðhafði við hina liðina að áætla hann um 112 millj. kr., en þar hefur hæstv. ráðh. ekki farið nema upp í 109 millj., og stafar það ekki af því, að hann sjái ekki, að þessi liður getur alveg eins hækkað og hlýtur að verða nálægt 112—115 millj., heldur af því, að hann var búinn að fá að dekka upphæðina, sem hann þurfti vegna verkfallslausnarinn-

ar, og staldrar því þarna við og fer ekki hærra með þennan lið.

Söluskattinn ætlar hæstv. ráðh. ekki nema 89 millj. og hækkar hann þar með um 6 millj. frá sinni fyrri áætlun, en ég hef áætlað hann 94 millj. og er þó nokkurn veginn sannfærður um, að hann leifir ekki mikið af því að verða í kringum 100 millj. Það hefur nefnilega alltaf verið eins konar feimnismál í sambandi við söluskattinn. Hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hefur aldrei viljað láta sjást á pappírnum, að söluskatturinn yrði nándar nærri eins hár og hann hefur reynzt að vera, og það er ekki nema góðra gjalda vert, að svolitillar blygðunarsemi verði vart hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þennan blygðunarlausa skatt.

Þegar við komum að því að áætla tekjurnar af Áfengisverzluninni að þessu sinni, þá lét ég þann tekjulið kyrran liggja, og ég hugsaði sem svo, að hæstv. ráðh. mundi vafalaust gera einhverjar ráðstafanir til, að ekki yrði miklu minna drukkið í landinu heldur en verið hefði, og fannst mér þess vegna rétt að láta upphæðina standa óbreytta. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. eiginlega viðurkennt þetta, að það mundi nú verða séð um, að ekki yrði dregið mikið úr drykkjuskapnum, því að hann hefur aðeins áætlað, að tekjurnar af áfenginu yrðu 1 millj. kr. lægri á þessu nýbyrjaða ári, og hann gerði grein fyrir því, hvers vegna hann teldi líkur til þess, að þær lækkuðu um 1 millj. Það var vegna þess, að eins og stendur er tekið veitingaleyfi af veitingahúsum, sem hefur verið að undanförnu greitt nokkuð fyrir með sérkennilegum hætti, með vínveitingaleyfum til ýmissa veitingastaða, aðallega hér í höfuðborginni. Hefur þar verið viðhöfð mikil reikningslist og jafnaðarútreikningar, til þess að ekki hallaðist á milli stjórnarflokkanna, en nú er sú breyting á orðin í bili, að þessi vínveitingaleyfi hafa verið tekin af öllum veitingastöðunum hér í Reykjavík, hvað sem verður.

Ég taldi allar líkur benda til þess, að tekjur af Tóbakseinkasölunni mundu hækka verulega. Það virðist hæstv. ráðh. vera mér sammála um, og hann hefur einnig hækkað áætlunina um tekjur af Tóbakseinkasölu ríkisins.

Liðurinn um óvissar tekjur var sýnilega of lágt áætlaður. Ég áætlaði, að hann mundi að minnsta kosti vera 1 millj. kr. of lágur, mætti hækka úr 3 millj. upp í 4, og ég held, að hæstv. ráðh. sé með nákvæmlega sömu tölur. Hann virðist hækka þær líka upp í 4 milljónir.

Um till. hæstv. ráðh. á þskj. 606 viðvíkjandi lausn deilunnar skal ég ekki fjölyrða. Ég held, að þær till. svari, eins og ég áðan sagði, þeim skuldbindingum, sem á ríkissjóð hafa fallið, svona nokkurn veginn að minnsta kosti.

Af þessu er ljóst, að hæstv. fjmrh. hefur með till. sínum lagt til, að ríkisstj. fullnægi skuldbindingum í sambandi við lausn vinnudeilunnar með hækkaðri áætlun á tekjubálki fjárl., ekki með sparnaði eða niðurskurði á gjaldaliðum, og það hefur nú hv. fjvn. ekki heldur lagt út í að gera.

Ég er búinn að fá svo margoft fullyrðingar hæstv. ráðh. um það, að ekki sé hægt að spara neitt verulega á gjaldabálki fjárl., og ég er búinn að fá svo margoft drepnar till. í þá átt í hv. fjvn., að ég taldi það algerlega þýðingarlaust að eyða prentsvertu og pappír undir slíkar till. að þessu sinni og tók þess vegna aðeins tvær till. til tilraunar, bara til tilraunar núna við þessa lokaumræðu fjárl.

Á fjárl. hefur verið tvö undanfarin ár og er nú í þriðja sinn 125 þús. kr. liður til rekstrar á vinnuheimili að Kvíabryggju í Grundarfirði. Þetta vinnuheimili er ekki til enn þann dag í dag. Það var ekki til, þegar þessi rekstrarliður var tekinn upp fyrir tveimur árum, það var ekki til í fyrra, þegar hann var tekinn í annað sinn á fjárlög, og þetta hæli er ekki til enn, þegar hann er tekinn í þriðja sinn á fjárlög. Ég veit ekki, hvort þetta fé er geymslufé og hefur verið tekið til hliðar upp í væntanleg rekstrartöp í framtíðinni, þegar þetta hæli verður til, eða hvort þetta hefur farið í aðra eyðslu hjá ríkissjóði. En ég tel alveg ástæðulaust, að þessi liður sé hafður núna í þriðja sinn sem framlag til rekstrar á stofnun, sem ekki er til, og legg því til, að liðurinn falli niður. Þykir mér það nokkur prófsteinn á sparnaðarvilja hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna, hvort þeir vilji fallast á, að liður, sem ekki styðst við neinn veruleika, — og allir vita, að sú stofnun, sem þetta á að fara til rekstrar á, er ekki til, — hvort þeir vilji fallast á, að hann sé felldur niður, eða ekki. Og sparnaðarþörf telja þeir ekki mikla, ef þeir fallast ekki á það. Það verð ég að segja.

Þá er annar liður upp á 1 millj. kr., kostnaður vegna öfriðarhættu. Ég tel nú, að þótt nokkuð uggvænlega horfi nú í heiminum, þá sé þó ekki eins lágskýjað kannske núna og áður, og tel nú nokkurn veginn óhætt, að þessi 1 millj. kr. upphæð, sem hefur verið á fjárl. í eitt eða tvö skipti, sé nú felld niður. Það var víst ætlunin að kaupa fyrir þetta lyf og hjúkrunargögn og annað þess konar. Og ef búið er að kaupa slíkar vörur fyrir eina eða tvær millj. kr., þá hygg ég, að meiri lagerum sé nú ekki ástæða til þess að safna af því að sinni, og mætti þess vegna verja þessari millj. króna til einhvers annars, en fella þennan lið niður í þessari mynd. Það legg ég til og tel það líka nokkurn prófstein á, hvort nokkur vilji er fyrir hendi til þess að spara á fjárl., hvort þetta fæst fellt niður eða ekki.

Það hefði vitanlega verið hægt að koma þarna með ekki nokkrar sparnaðartilraunir í viðbót, heldur marga tugi sparnaðartillagna, en eins og ég áðan sagði, taldi ég það tilgangslaust, þar sem búið er að margprófa þetta, bæði í hv. n. og hér í Alþingi sjálfu. Það er t. d. alveg vitanlegt, að það er óstjórnlegt fé, sem fer í bílahald og bílarekstur ríkisstj. og ríkisstofnana, og þó fyrst og fremst ríkisstofnana. Og ég er alveg sannfærður um það, að það væri hægt að koma þar á miklu skynsamlegra skipulagi. Í stað þess að hafa bíl og bílstjóra fyrir hvern ráðherra og marga bíla í hverri ríkisstofnun með of fjár, sem fer í rekstur og viðhald þessara bíla, þá held ég, að það væri miklu nær að reka bara sérstaka, litla bílastöð, sem annaðist þessa þjónustu og hefði til þess svona 6—8 bíla. Ég trúi ekki öðru en það gæti fullnægt og það fyrirkomulag yrði stórkostlega miklu ódýrara en þessi gegndarlausa eyðsla, sem

fer núna í bíla, bílaviðhald og bílarekstur hjá ríkisstofnunum og ríkinu í heild, sem enginn hefur fengið að vita, hvað kosti í heild, og hefur þó verið margsinnis um það spurt.

Hækkunartill. mínar, sem virðast að sumu leyti ganga skemur en hækkunartill. hæstv. fjmrh. og virðast því vera viðurkenndar nokkuð varlegar, nema þá alls til hækkunar á gjaldabálkinum 28 millj. og 600 þús. kr. Nú vildi ég, að það væri örugglega rúm innan fjárl. fyrir þær hækkunartillögur, sem ég vissi að hlytu að koma fram frá hæstv. ríkisstj., til þess að svara þeim skuldbindingum, sem á ríkissjóð féllu vegna verkfallsins, og jafnframt væri, án þess að halli yrði á fjárl., rúm til þess að svara þeim till. öðrum, sem Alþfl. flytti til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Ég tók því þann kostinn, að þær meiri háttar till. til útgjalda, sem við stæðum að, yrðu settar á heimildagrein, og ég legg mesta áherzlu á þrennt: Í fyrsta lagi, að það yrði lagt fram fé til byggingar verkamannabústaða og smáíbúða í kaupstöðum, og legg ég til, að ríkisstj. verði heimilað að lána allt að 10 millj. kr. í þessu skyni. — Í annan stað taldi ég mikla nauðsyn bera til, að á fjárl. væri ætluð árlega upphæð til atvinnuaukningar og aðstoðar við atvinnuvegina, en þegar ég gekk frá mínum till., þá voru engar slíkar till. komnar fram frá hæstv. ríkisstj., og ég heyrði það fyrst núna rétt áðan í ræðu hæstv. ráðh., að hann hefði í huga að koma með slíka till., og boðaði þá, að hún kæmi hér á eftir. En ég taldi, að lágmarkstala væri 6 millj. kr., sem yrði að ætla til atvinnuaukningar og aðstoðar við atvinnuvegina. Af þeim athugunum, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur gert, kemur það í ljós, að það er engin leið að hugsa sér, að hægt sé að veita atvinnulífinu, þar sem það stendur höllustum fæti, þá aðstoð, sem það verður að fá, til þess að hægt sé að halda þeim atvinnutækjum í gangi, sem víða liggur við stöðvun og sums staðar eru stöðvuð, með minni upphæð á yfirstandandi ári heldur en 6 millj. kr. Ég veit að vísu, að þessi upphæð er allt of lág, en ég leik mér ekki með óhóflegar tölur í sambandi við afgreiðslu fjárl., hvað sem hæstv. ráðh. kann um það að segja, og held mér við þær tölur, sem raunveruleikinn heimtar, og sízt hærri. — Þá legg ég í þriðja lagi til, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 2 millj. kr. til byggingar barnaspítala og umbóta á landsspítalanum. Það er viðurkennt af öllum, að stórkostlegar umbætur og helzt stækkanir þyrftu að fara fram á landsspítalanum, og það bíður stór fjárupphæð, sem er boðin ríkinu til barnaspítalabyggingar, ef ríkið gæti lagt fram fé á móti. Og það þarf ríkið vissulega að geta gert, svo að hægt sé að hefjast handa um þá byggingu. — Ég vildi vænta þess, að þessar till. verði samþ., því að þær rúmast innan ramma fjárl. Þegar búið er að áætla varlega, en þó nokkurn veginn rétt, tekjuhlið frv. og ætla rúm till. hæstv. ríkisstj. vegna lausnar verkfallsins, þá mundi samt vera nokkur tekjuafgangur á fjárlagafrv., ef þessar till. allar yrðu samþykktar.

Hæstv. frsm. fjvn. og hæstv. fjmrh. gerðu báðir verkfallið í desembermánuði að umræðuefni. Hv. form. fjvn. fór mjög miklum stóryrðum um þetta verkfall. Það var á honum að heyra, að þar hefðu verið að verki ofbeldisseggir og glæpalýður og að verkfallið hefði verið glæpur gegn þjóðfélaginu, glæpur gegn Alþingi, sagði hann sérstaklega, og það hefði gerzt þarna sá ógurlegi atburður, að ofbeldisseggirnir hefðu beygt Alþingi. Það var ekki fögur lýsing, og það vantaði ekki litbrigðin í málfarið hjá hv. form. fjvn., þegar hann var að lýsa þessum ógnum öllum saman.

Ég verð nú að segja, að ef um glæpi er að ræða í sambandi við verkfallið, þá skal ég bregða upp mynd af því, í hverju þeir glæpir eru fólgnir. Það var ekki glæpur, að verkafólkið í landinu færi löglegar leiðir til þess að krefjast kjarabóta, þegar laun hins vinnandi fólks hrukku ekki lengur fyrir brýnustu nauðsynjum vegna dýrtíðarflóðsins. Það verður aldrei talið verkalýðnum á Íslandi til glæpastarfsemi, þótt hann geri ráðstafanir, þegar hann getur ekki dregið fram lífið, — fólkið, sem á að bera hitann og þungann í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er ábyrgðarlaust tal, þegar slík orð eru um þetta höfð eins og hv. form. fjvn. leyfði sér áðan að hafa um þetta. En það er annað, sem gæti átt skylt við glæpi, og það er það að láta þróast það ástand í þjóðfélaginu, sem neyddi hið vinnandi fólk á s. l. hausti í verkfallið. Og hverjir standa að þeim glæpum? Ja, ég verð að segja, að ef um glæpi er að ræða í sambandi við þetta mál, þá er sökin hjá þeim, á höndum þeirra manna, sem hafa látið það þjóðfélagsástand þróast, sem neyddi vinnandi stéttir landsins út í verkfall. Ef sú þróun í atvinnulífi og verðlagsmálum, sem við nú búum við, hefði ekki átt sér stað, þá hefði hér ekkert verkfall orðið.

Hv. form. fjvn. sagðist ætla að víkja sér undan því að dæma um, hvort rétt hefði verið af ríkisstj. að láta undan. Það má vel vera, að það sé hans skoðun, að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert átt að gera í verkfallsmálunum, en hann mun standa með mjög fáa skoðanabræður í því efni. Það mun vera álit flestra, að hæstv. ríkisstj. hafi miklu fremur of seint skorizt í verkfallið til þess að leysa það, og hún hefur mér vitanlega ekki fengið almennt ámæli fyrir þann þátt, sem hún átti í því að leysa verkfallið, þegar hún annars fór að láta hendur standa fram úr ermum í því efni. Það mun þjóðin heldur hafa þakkað henni og hafa talið rétt, að hún hefði hafizt fyrr handa heldur en hún gerði.

En hæstv. ráðh. var auðvitað miklu hófsamlegri í orðum um verkfallið og mælti ýmislegt, sem ég hef ekkert að athuga við, um lausn þess. Hann sagði réttilega, að það hefði verið um tvær leiðir að ræða, fyrri leiðin, sem hefði leitt til kauphækkana, og hin leiðin, sem farin var, þar sem var lögð áherzla á, að ráðstafanir yrðu gerðar til lækkaðs verðlags. Síðari leiðin hefði verið valin og sú leið hefði mælzt vel fyrir. Og það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Sú leið hefur mælzt vel fyrir af þjóðinni, að undanteknum nokkrum afturhaldskindum, sem ekki sjá neitt annað en það, að það eigi að berja niður verkalýðinn með hörðu, þegar hann neyðist til þess að berjast fyrir brauði sínu í verkfalli.

Hæstv. ráðh. var þó með ýmsar fullyrðingar, sem ég held að ekki fái með neinu móti staðizt í sambandi við verkfallið. Hann sagði, að því

hefði verið haldið fram, — og það er náttúrlega rétt, — að engar kjarabætur hefðu fengizt án verkfalls, og enn fremur, að því hefði verið haldið fram, að Alþingi hefði getað leyst þessi deilumál án verkfalls með nokkrum fundum á Alþingi, en þá kenningu taldi hann ranga. En það er alveg vitanlegt mál, að þetta er rétt. Ef hæstv. ríkisstj. hefði borið víðsýni til að mæta kröfum verkalýðsins, eftir að samningum hafði verið sagt upp á s. l. hausti, og gert þá þær ráðstafanir, sem nú voru gerðar í lok þriggja vikna verkfalls, þá hefði samizt án verkfalls. Hæstv. ríkisstj. hafði látið berast undan straumnum án þess að gera ráðstafanir til þess að sporna við hækkun dýrtíðarinnar. Og það var ekki í frjálsum viðtölum við hæstv. ríkisstj., sem hún féllst á að gera ráðstafanir til þess að reyna að stöðva dýrtíðina. Það var ekki fyrr en verkfallsvopnið hafði staðið á ríkisvaldinu um meira en hálfs mánaðar skeið, sem hún fékkst til að fara að hugleiða það af alvöru, hvernig væri hægt að feta sig eftir þeirri leið að lækka verðlagið. Og hvernig stóð á því, að farið var inn á þá braut? Jú, í þeim fyrstu kröfum, sem verkalýðsfélögin höfðu gert á hendur atvinnurekendum til kauphækkunar, var það látið í ljós, að ef ríkisvaldið fengist til þess að lækka verðlag, sem yki kaupmátt launa á þann veg, að að þeim leiðum ynnist svipað eins og við kauphækkunina, þá gæti verkalýðurinn vel við það unað og þætti það ekki lakari lausn. Það var þessi bending í grg. verkalýðsfélaganna sjálfra, áður en til verkfallsins kom, sem lá fyrir hæstv. ríkisstj. Og sáttasemjari ríkisins kom undireins auga á þetta á fyrsta fundi, sem hann hafði með málið að gera, og fékk þá umboð okkar í samninganefnd verkalýðsfélaganna og umboð þeirra í samninganefnd atvinnurekendanna líka til þess að túlka þetta við ríkisstj. og leggja málið fyrir hana á þeim grundvelli, hvort hægt væri að hugsa sér lausn að þeim leiðum. Það var því vissulega verkalýðurinn og samtök hans, sem bentu strax á þessa leið og lögðu fram till., sem að sumu leyti voru samþ. af hæstv. ríkisstj. að síðustu. En svo er það nú rétt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að einstöku liðir komu inn í þetta samkomulag frá hæstv. ríkisstj. sjálfri og urðu til þess að leysa deiluna, þegar búið var að setja sáttanefnd í það til þess að vinna með ríkisstj. að lausn málsins á þessum grundvelli. Hæstv. ríkisstj. mun hafa átt uppástunguna að því að auka fjölskyldubætur, eins og hæstv. ráðh. sagði. Það var uppástunga frá ríkisstj., er kom til okkar frá sáttanefnd ríkisins. Og hæstv. ríkisstj. réð því, í hvaða formi þetta væri borið. Við gerðum engar brtt. við það. Það er fyrst nú, þegar farið er að ræða um þessi mál hér á Alþingi, að það koma fram till. um að ætla að vísu sömu fjárupphæð sem ríkisstj. bauð í þessu skyni, en láta það ekki koma fram sem fjölskyldubætur nema upp að vissu tekjuhámarki, en að öðru leyti væri fénu varið til þess að hækka ellilaun. Ég býst við, að ef málið hefði legið fyrir samninganefnd verkalýðsfélaganna í því formi frá hæstv. ríkisstj., — verið boðið á þann veg, — þá hefði það af samninganefnd verkalýðsfélaganna verið engu óljúflegar samþykkt þannig heldur en í þeirri mynd, sem hæstv. ríkisstj. bauð það. En við eigum nú, eftir að samninganefndin hefur verið leyst frá umboði sínu, ekki þess kost að geta breytt þessu samkomulagi eða stuðlað að breytingum þess. Mér er tjáð nú, að hæstv. ríkisstj. hafi rætt þetta mál við einhverja úr sáttanefnd ríkisins og borið það undir sáttanefndarmenn, hvort þeir gætu fellt sig við breytingar, sem hér hafa verið bornar fram á Alþingi, og að þeir hafi talið sig umboðslausa til þess að breyta samkomulaginu að nokkru leyti. Get ég að vissu leyti skilið það sjónarmið, en þetta mál hefur ekki verið rætt við samninganefnd verkalýðsfélaganna núna síðustu dagana.

Ég held, að þessi lausn verkfallsins, sem varð, hafi vakið almenna ánægju um land allt, að það hafi verið orðið ljóst öllum, að það varð að reyna að stöðva sig á verðhækkunarleiðinni, jafnvel þótt það kostaði einhverjar fjárhagslegar fórnir úr ríkissjóði. Og ég held, að það hefði verið betra, að hæstv. ríkisstj. hefði gert ráðstafanir til þess fyrr og ótilneydd, því að það var ekki fyrr en verkalýðssamtökin neyddu hana til þess, sem hún gerði það. Ég minnist þess líka, að sólarhringana fyrstu eftir að verkfallið leystist voru risafyrirsagnir um þverar síður stjórnarblaðanna um, að það væri hæstv. ríkisstj. að þakka, að verkfallið hefði fengið mjög farsæla lausn, sem öll þjóðin mundi blessa hana fyrir. Ég hefði þess vegna einmitt búizt við því hér í umr. á Alþingi, að þessi tónn yrði í umr. hjá form. fjvn. og hæstv. fjmrh., það yrði gumað hástöfum af því, að verkfallið hefði verið leyst af ríkisstj. á guðsblessunarlegan hátt fyrir alla, en nú eru kveinstafirnir hér, sem berast frá hv. form. fjvn. og að nokkru leyti frá hæstv. ráðh. líka út af því, hversu hörmulega beiskur bikar þetta hefði verið, að leysa málið á þennan hátt. Þó játar ráðh., að það hafi verið um tvær leiðir að ræða, og af tveimur illum, skilst mér, hafi sú skárri leið nú verið farin. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann, þm. Ísaf., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni? Fundartíminn í bili er að verða búinn.) — Ég get lokið máli mínu innan stundar.

Það hefur verið látið í það skína, að ef kauphækkunarleiðin hefði verið farin núna til þess að leysa verkfallið, þá hefði af því leitt gengislækkun, nýja gengislækkun, og þá verð ég að segja, að þá hefði nú bikarinn verið orðinn fullur hjá hæstv. ríkisstj. Þessi ríkisstjórn er búin að framkalla gengislækkun. Hún er búin að bæta þar ofan á bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu. Hún er búin að taka upp niðurgreiðslur. Hún er farin að taka upp útflutningsverðlaun. Og ef hún hefði svo orðið að bæta gengislækkun þar ofan á aftur, þá hefði ferill hennar verið orðinn heldur svona blómlegur. En samt hefði það nú aðeins verið út af því, að hún hefði orðið, ef hún hefði ekki farið inn á verðlækkunarleiðina, að gera þetta til þess, að verkafólkið í landinu gæti unnið fyrir brauði sínu við atvinnulífið.

Nú er þó svo komið fyrir árangur verkfallsins, að vísitalan er komin úr 163 niður í 158. Verð hefur verið lækkað á ýmsum nauðsynjavörum almennings, mjólk, kaffi og sykri, saltfiski og svo nauðsynjavöru eins og olíum og benzíni, og þessu er fagnað af þjóðinni, þ. e. a. s. verði staðið við þetta, verði þetta efnt, og ég vona,

að hæstv. ríkisstj. hafi fullan vilja á að gera það. En því miður virðist vera misbrestur á því. Mér er t. d. skrifað úr Vestmannaeyjum á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar samningar tókust í Rvík, var það einhuga krafa ekki aðeins verkamanna, heldur allra neytenda í bænum“ (þ. e. í Vestmannaeyjum), „að verð á mjólk og öðrum vörum, sem átti að lækka samkv. samkomulaginu, yrði hið sama hér og í Rvík, eða kr. 2.70 l, enda sýnist lítið réttlæti vera í því, að vörur úti á landi lækki sáralítið, en launþegar hér fái kauplækkun samkv. vísitölu, sem er reiknuð út eftir vöruverði, sem gildir aðeins í Rvík. Nú var uggur í mönnum um það, að mjólkurframleiðendur mundu þrjózkast við að lækka mjólkina, enda varð sú raunin á. Raunin varð sú, að Dalabúið, sem er rekið af bænum, lækkaði mjólkina niður í tilskilið verð, en víðast hvar annars staðar er verðið 3.25—3.45 og allt upp í kr. 4.00 l.“

Þetta bréf er dagsett, held ég, núna 20. jan.

Eftir þessu virðist það vera augljóst mál, að það samkomulagsatriði við hæstv. ríkisstj., að mjólkurverðið skyldi hvergi á landinu vera hærra en kr. 2.70 lítrinn, sé þarna ekki haldið. Ég vil mjög eindregið óska þess, að gerðar séu ráðstafanir til, að samkomulagið sé í einu og öllu haldið. Það er enn þá ekki búið að ganga úr skugga um það, hvort S. Í. S. og Verzlunarráð Íslands, sem buðu vissa lækkun á álagningu í smásölu og heildsölu, hafa framkvæmt þær álagningarlækkanir, og ekki búið að ganga svo frá framkvæmdarhlið þess máls, að hægt sé fyrir neytendurna að ganga úr skugga um það, að þessi loforð séu haldin. Hins vegar mun víðast hvar vera í réttri framkvæmd lækkunin á mjólk og kaffi og sykri og þeim vörum, sem ákveðið var lofað að skyldu lækka þannig, að vísitalan færðist niður um fimm stig, en þessar undantekningar eru þó til, sem ég sýndi hér með því að lesa kafla úr bréfi frá Vestmannaeyjum, og það er mjög miður farið, ef hæstv. ríkisstj. tekst ekki að sjá um, að við samkomulagið sé staðið. Ég tel, að það væru miklar líkur til þess, að það væri hægt að komast lengra á þessari leið til stöðvunar og lækkunar dýrtíðar, sem áreiðanlega er farsælli leið heldur en kauphækkanir, ef þetta samkomulag reyndist vel í framkvæmd, en það verður ákaflega torvelt fyrir umboðsmenn verkalýðssamtakanna að halda áfram að berjast fyrir því, að þessi leið sé farin í framtíðinni, ef samkomulagið verður illa haldið og reynist þannig gefa minni kjarabætur en menn gerðu sér vonir um. En ég er þegar þeirrar skoðunar, hvað sem menn segja um, að verkfallið hafi verið glæpur, að þá hafi það þó leystst á þann veg, sem farsællegastur var, og með góðri framkvæmd gæti það orðið okkur til varanlegrar blessunar, að það leystist á þann veg. En ég endurtek það, að ef um glæp er að ræða í sambandi við verkfallið, þá eiga þeir ekki minnsta sökina, sem hafa valdið því dýrtíðarflóði með lélegri stjórn í landinu, að verðlagsástandið var orðið þannig og atvinnuástandið, að fólk gat ekki lifað við dvínandi atvinnu og hækkandi verðlag á öllum lífsnauðsynjum.

Að þessu sinni skal ég nú láta máli mínu lokið. Það eru að vísu ýmsar till., sem ég er annaðhvort aðalflm. að eða meðflm. að, á nokkrum þskj., sem hér liggja fyrir og ég vildi gjarnan mæla með nokkur orð síðar, áður en umræðunni lýkur, en það get ég látið bíða. Og verð ég nú við þeirri ósk hæstv. forseta að ljúka máli mínu.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. samþm. mínum að flytja hér till. á þskj. 601 við 13. gr. A. XI, þ. e. styrk til gististaðahalds, að liðurinn hækki í 52 þús. kr. úr 32 þús. Við bárum fram við 2. umr. fjárl. till. um að styrkja Brynjólf Gíslason gistihúshaldara í Tryggvaskála. Það voru færðar ástæður fyrir þessari till. þá, m. a. með því, sem hann segir í bréfi, sem var mjög skýrt og skilmerkilegt, um þetta efni. Við tókum till. aftur við þá umr., ef ske kynni, að hv. fjvn. sæi sér fært að flytja hana við þessa umr. Það hefur nú ekki orðið, því miður, en við teljum ástæður svo ríkar fyrir þessu, að þess vegna komum við með till. á ný, nokkru minni en áður, en ef samþ. yrði, þá mundi það þó manninum nokkur styrkur. Því var borið við, að hér gæti verið um fordæmi að ræða, ef samþ. yrði. Þetta er ekki rétt. Á þessum lið er greitt fé í nákvæmlega sama tilgangi, og ég efast um, að það sé annars staðar öllu meiri þörf, þar sem slík greiðsla fer fram, — og vil ég þó á engan hátt rýra gildi þess, — heldur en þarna, eftir því sem þessi maður starfrækir sitt gistihúshald að vetrinum, því að hann hefur verið bjargvættur ýmissa ferðamanna í ótíð og ófærð og bjargað mannslífum. Nú hefur það erfiðlega gengið um þennan gistihúsrekstur hans að vetrarlagi, að hann hefur tapað stórfé, og þetta getur auðvitað ekki orðið til lengdar. Að því dregur fyrr en varir, að maðurinn hætti þessari starfsemi, a. m. k. að vetrinum, og afleiðingar þess óttast ég. Ég þekki engan stað, sem getur komið í stað Brynjólfs Gíslasonar með þessa starfsemi eins og hún er rekin nú hjá honum. Ég vil því vona, að hv. Alþ. komi til liðs við þennan mann. Af því munu margir njóta góðs, og hér er áreiðanlega um nauðsynlegt mál að ræða.

Þá flytjum við hér, 5 þm. af Suðurlandsundirlendinu, till., sem er á þskj. 603, um að veita hæstv. ríkisstj. heimild til að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú. Það hefur legið erindi um þetta efni hjá hv. fjvn. Ég þekki það nú ekki nægilega vel, en mér hefur skilizt það vera þannig, að þar hafi ekki verið eingöngu um kaup á jörðinni að ræða, eða jörðunum, heldur einnig búi ásamt áhöldum. Ég veit nú ekki, hvort það kann að vera alveg rétt, en mér hefur skilizt það, og þar er auðvitað um nokkuð annað að ræða. Eins og kunnugt er, þá hefur sá maður fallið frá, sem þessa eign átti. Hann var búinn að koma upp álitlegum kynbótastofni á þessum jörðum, úrvals hestakyni. Hann hafði lagt sig fram um það um langt skeið að afla góðra hesta og vel kynjaðra og rækta þá. Nú er maðurinn fallinn frá, og þetta bú er þarna enn, en ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir bæði

um jörðina og búið, þá sundrast það, og þá er það mikla starf, sem hann var búinn að leggja í þetta, eyðilagt að mestu eða öllu leyti. Sá félagsskapur, sem stendur að hrossaræktinni, landssamband hestamannafélaga, hefur engum fjármunum úr að spila til þess að gera slík kaup. Því veitist vafalaust fullerfitt að kaupa annað á þessum stað, hrossin, áhöld og annað þess konar, en ég vona, að þeir sjái einhver úrræði til þess að leysa þann þáttinn, ef hlaupið verður undir bagga með þeim á þennan hátt, að ríkið kaupi jörðina og leigi þeim svo fasteignina til þessarar starfsemi, og það álít ég að væri vel farið. Ég held, að það væri heldur engin áhætta. Hæstv. ríkisstj. mun gæta þess við slík kaup, ef til kæmi, að verð og greiðsluskilmálar væri hóflegt, og eins og segir í till. verði jarðeignin svo leigð þessum félagsskap, en ríkið fari ekki að stofna til búrekstrar á jörðinni. Okkur, sem flytjum þessa till., dettur ekki í hug að leggja það til. Það verður hestamannafélagsskapurinn að annast um. En ég tel illa farið, ef ekkert verður úr neinu af þessu og þessu búi verður tvístrað gersamlega og það mikla verk, sem þessi maður var búinn að leggja í það að rækta þetta kyn og ná góðum stofnum þar, verður gert sama sem að engu. Ég vænti, að hv. Alþ. vilji af sinni hálfu hjálpa til að koma í veg fyrir slík endalok á þessu máli. Við erum sammála um það, sem flytjum þessa till., að þetta geti verið gott og gagnlegt og fyrir framtíðina gert og það sé mjög miður farið, ef starf, sem er hafið og er á góðri leið, sé fyrir tómlæti gert að engu.

Þá er ég hér meðflm. að tveimur till. öðrum, en ég geri ekki nema aðra þeirra og það mjög lítillega að umtalsefni. Hún er á þskj. 601, tölul. 14. Hún er um að verja 12 þús. kr. til þess að kaupa Þingvallamynd frú Þórdísar Egilsdóttur á Ísafirði, listsaumaða með íslenzku bandi jurtalituðu. Ég þykist vita, að hv. alþm. hafi margir séð handbragð þessarar konu. Hún er mjög við aldur og þau hjón bæði. Hennar vinna hefur verið með hinni mestu prýði, svo að ég veit ekki til, að hérlendis hafi verið eins mikið listaverk gert eins og til er eftir þessa konu. Þessi Þingvallamynd frúarinnar er með svipuðu handbragði og fleiri verk eftir hana, hin prýðilegasta. Mér finnst, að þar sem bæði aldur og heldur erfiðar kringumstæður þrengja nú orðið fjárhagslega að högum þessara hjóna, þá væri það vel gert af Alþ. og myndarlegt að tryggja nú þjóðinni fyrir framtíð hennar þetta verk.

Þá ætla ég nú ekki að fjölyrða um þessi atriði frekar. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir hennar till. um ábyrgð fyrir hitaveitu í Hveragerði og einnig hv. frsm. fyrir það, að þó að frv. um hitaveitur sé annaðhvort gengið í gegn eða í þann veginn, þar sem ákveðin er nú heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast slík mannvirki, — þá vil ég þakka honum fyrir einmitt hans orð um það, að þessi till. fengi að standa á frv., þrátt fyrir það að frv. um hitaveitur verði samþ. En ef einhverjum sýndist svo að setja það niður í þá prósentutölu, sem gert er nú ráð fyrir í hitaveitufrv. að verði gildandi, 80% í stað þess, að þarna er 85%, þá hef ég vitaskuld ekkert um slíkt að segja, að það væri fært niður í það, og ég þykist vita, að hv. samþm. minn líti svipuðum augum á það. Annars ber þarna náttúrlega lítið á milli, en ef einhverjum sýndist svo, að það væri vert að hafa það þannig, þá tel ég það engu máli skipta og get á slíkt fallizt.

Emil Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 603 hef ég borið fram nokkrar brtt., sem ég vildi leyfa mér að gera grein fyrir.

1. brtt. er við 15. gr. og er ekki stórvaxin. Hún fer í stuttu máli fram á það, að lúðrasveit Hafnarfjarðar verði veittur styrkur nokkur til starfsemi sinnar, svipað og nú er veitt til lúðrasveitar Akureyrar, eða 20 þús. kr. á ári. Á 15. gr. er styrkur til tveggja lúðrasveita, lúðrasveitar Reykjavíkur og lúðrasveitar Akureyrar. Þetta félag er tiltölulega ungt, en starfar með miklum áhuga og hefur eflzt og dafnað upp á síðkastið mjög vel, en það eina, sem háir því, til þess að það geti starfað með fullum krafti, er það, að það skortir mjög tilfinnanlega fé til starfseminnar eins og fleiri. Þetta félag hefur sent hv. fjvn. erindi, dags. 7. okt. s. l., og þar sem erindið skýrir málefnið eiginlega mjög vel, þá vildi ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það — eða hluta af því að minnsta kosti:

„Lúðrasveit Hafnarfjarðar var stofnuð í jan. 1950, og eru starfandi meðlimir hennar um 25 að tölu. Stjórnandi sveitarinnar hefur verið frá upphafi hinn velmetni tónlistarmaður Albert Klahn. Lúðrasveitin hefur leikið opinberlega allvíða, þó að sjálfsögðu mest fyrir bæjarbúa í Hafnarfirði. Lúðrasveit Hafnarfjarðar hefur frá upphafi átt við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, enda eru meðlimir hennar allir ungir menn, sem ekki hafa getað tekið á sig útgjöld vegna hljóðfærakaupa, en skortur á hljóðfærum háir sveitinni mjög mikið. Þær litlu tekjur, sem sveitin hefur haft af hljóðfæraleik sínum, hafa allar runnið til stjórnanda og leiðbeinanda hennar og annars rekstrarkostnaðar og þó aldrei hrokkið til. Okkur er kunnugt um, að lúðrasveit Akureyrar hlaut á yfirstandandi ári 20 þús. kr. úr ríkissjóði, og þar sem lúðrasveit Hafnarfjarðar og lúðrasveit Akureyrar eru að okkar dómi algerlega sambærilegar hvað starfsemi þeirra snertir, þá teljum við, að þessi málaleitun okkar geti hvorki skoðazt ósanngjörn né óeðlileg, og vonum við því, að hv. fjvn. Alþ. taki erindi okkar með velvilja og skilningi."

Fjvn. hefur ekki séð sér fært að verða við þessu erindi og ekki borið fram till. um neina fjárveitingu í þessu skyni, en ég verð að taka undir það með stjórn félagsins, sem undir þetta erindi hefur skrifað, að mér finnst, að það væri að gera upp á milli sambærilegra aðila, ef ekki væri tekið eitthvert tillit til starfs þessa félags, eins og gert hefur verið við sambærilegt félag annars staðar á landinu.

Þessir ungu menn eru, eins og ég sagði, févana með öllu. Þeir hafa verið studdir lítils háttar af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, og lítils háttar tekjur hafa þeir líka haft af því að koma fram opinberlega, sem þeir hafa gert með ágætum nokkrum sinnum, en þessar tekjur þeirra hafa ekki hrokkið, eins og í erindinu segir, einu sinni til að greiða leiðbeinandanum og stjórnandanum,

hvað þá til nauðsynlegra áhaldakaupa. Ég vildi þess vegna mjög vænta þess, að hv. alþm. sæju sér fært að verða við þessari málaleitun sveitarinnar eða félagsins.

Ég hef svo til vara borið fram till. um, að þeim verði veittar 10 þús. kr. heldur en ekki neitt, ef ekki næst samkomulag um 20 þús. kr., sem ég tel nú raunar ósennilegt að ekki verði samkomulag um. En það er þá alltaf a. m. k. tækifæri til þess að greiða atkv. með varatill., og fyrir lúðrasveitina er hálfur skaðinn betri en allur, og þess vegna er sú till. fram borin.

Þá hef ég leyft mér að bera hér fram till. við 16. gr., um það, að Landssambandi iðnaðarmanna verði veittur nokkur viðbótarstyrkur. Í 16. gr. C., tölul. 1, í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að Landssambandi iðnaðarmanna séu veittar 100 þús. kr., eins og það hefur nú haft að undanförnu. Það hefur sótt um hækkun með bréfi til hv. fjvn., sem dags. er 3. des., þar sem gerð er grein fyrir starfsemi sambandsins og fjárþörf þess. Þegar tekið er tillit til þess, að Landssamband iðnaðarmanna hefur með höndum ýtarlega skýrslusöfnun um alla handiðnaðarmenn í landinu og þeirra starf, þar sem það líka er ráðuneytinu til leiðbeiningar í öllum iðnaðarmálum og afgreiðir fyrir ríkisstj. tugi ef ekki hundruð erinda um iðnaðarmál á ári og verður m. a. þess vegna að halda uppi allstórri skrifstofu, og þegar enn fremur er tekið tillit til þess, að sambandið heldur úti blaði, því einasta, sem gefið er út á Íslandi fyrir handiðnaðarmenn, þá skyldi maður nú ætla, að hv. alþm. sæju, að þetta fé, sem því er ætlað hér í fjárlagafrv., muni ekki hrökkva fyrir þörfum sambandsins og til þess að greiða öll þau störf, sem landssambandið þarf að láta inna af hendi, enda er það svo, að það hefur verið rekið undanfarin ár með talsverðum halla. Það hefur, eins og ég sagði áðan, borið fram ósk um, að styrkurinn yrði hækkaður upp í 150 þús. kr., en einhverra hluta vegna hefur hv. fjvn. ekki séð sér fært að taka þessa till. iðnaðarmannanna til greina. Ég hef athugað till. n., og í till. n. er, að svo miklu leyti sem ég get séð, engin hækkun til Landssambands iðnaðarmanna. Hins vegar skal það viðurkennt, að í brtt. n. á þskj. 567, 24. lið, er framlag til eflingar upplýsingastarfsemi og skýrslusöfnunar fyrir iðju- og iðnrekstur í landinu samkv. ákvörðun ráðherra. En í öðrum tölul. þessa sama liðar hér, C-liðar, er sams konar liður, til eflingar upplýsingastarfsemi fyrir iðjurekstur í landinu, en mér er ekki kunnugt um, að einn eyrir af því, sem á liðnu ári var veitt í þessu skyni, hafi farið til Landssambands iðnaðarmanna. (Gripið fram í.) Nei. Nú skil ég ekki að vísu, ef það er meiningin, að eitthvað af þessu fé, sem lagt er hér til í 24. lið í brtt. n. á þskj. 567, eigi að ganga til Landssambands iðnaðarmanna, hvers vegna það má þá ekki færast beint undir liðinn. Ég vildi gjarnan óska þess, ef það er meining hv. fjvn., að eitthvað af þessu fé gangi til Landssambands iðnaðarmanna og til þess að standa undir störfum þess, að þá verði því lýst *yfir hér á þingi, til þess að það geti þá að því* gengið. En eins og þetta er orðað í till. n., er það svo meinóljóst og óákveðið, að það getur þýtt allt milli himins og jarðar og þarf ekki undir neinum kringumstæðum að þýða það, að Landssambandi iðnaðarmanna sé ætlaður nokkur peningur af þessari upphæð. En ég vil vænta þess, að hv. form. fjvn. láti þess þá getið alveg sérstaklega, ef landssambandinu er ætlað að fá eitthvað af þessu fé og þá hvað mikið, því að ef það er meiningin, þá get ég vel dregið mína till. til baka, en því aðeins að því verði yfir lýst, að þessari upphæð sé ætlað að ganga til Landssambands iðnaðarmanna, en ekki til einhverrar annarrar starfsemi, sem sé meira og minna óákveðið hver sé. Landssamband iðnaðarmanna hefur nú starfað yfir 20 ár — eða réttara sagt nokkuð á þriðja tug ára — og hefur innt af höndum ágæt störf, og ég hefði talið, að það væri ekki til of mikils mælzt, ef það væri meiningin að styrkja það með einhverju fjárframlagi umfram það, sem gert hefur verið, að þá væri það látið koma beint á þess nafn, svo að ekki þyrfti að fara í neinar grafgötur um það, hverjum féð væri ætlað.

Þá hef ég leyft mér að bera fram brtt. við 20. gr. Ég óskaði eftir því við hv. fjvn. alveg sérstaklega, að tveir liðir af þeim, sem ætlaðir eru til starfsemi vitamálaskrifstofunnar, yrðu teknir til athugunar sérstaklega.

Annar liðurinn var til áhaldakaupa, að hann yrði hækkaður nokkuð, en þar sem ég sé, að einn maður í fjvn., hv. 5. landsk. þm., hefur borið fram till. um þetta, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þann lið. Ég vil aðeins leyfa mér að mæla mjög eindregið með því, að hann verði samþ., því að vitamálaskrifstofunni ríður mjög mikið á að fá aukið fjárframlag til sinna tækjakaupa og viðhalds sínu stóra áhaldasafni. Það er kallað víðs vegar að af landinu á áhöld frá henni, og hún þarf að geta sinnt því, eftir því sem fært er, en þegar einn krani kostar orðið kringum 300 þús. kr., þótt lítill sé — eða ekki mjög stór, þá er það augsýnilegt, að fjárveiting sú, sem þarna er veitt, hrekkur tiltölulega skammt, með því líka að leigur fyrir tæki vitamálaskrifstofunnar hafa alltaf verið það lágar, að þær eru langt fyrir neðan það, sem einstaklingar leigja, til þess að gera hafnargerðunum auðveldara að hafa þá starfsemi með höndum, sem tækin eiga að notast til.

En það er annar liður, sem ekki hefur verið tekinn upp af neinum og ég þess vegna hef leyft mér að flytja á þskj. 603, brtt. 7.b, þ. e. við 20. gr., út, að framlagið til vitabygginga og vitavarðabústaða verði hækkað úr 1 millj. kr. upp í 1.3 millj. kr. Það hagar þannig til, að í ár eru liðin 75 ár frá því, að fyrst var kveikt á vita á Íslandi, og vitabyggingum hér hefur þokað áfram á þessu 75 ára tímabili meira og minna hratt, stundum örara, stundum hægara, allt eftir því sem fjárveitingavaldið hér á Alþ. hefur álitið fært að veita fé til. En nú er þó svo komið, eftir þessi 75 ár, að það skortir tiltölulega lítið á, að hægt sé að sigla í samfelldu vitaljósi í kringum allt land, ef hreinviðri er, þó að dimmt sé af nóttu, þ. e. a. s., þetta gildir ekki í þoku eða *dimmviðri, en í hreinviðri er þetta hægt, vitaljós*in ná orðið saman nema á þremur stöðum. Það vantar þrjá vita til þess, að landið sé lokað með

ljósbaug allt um kring. Þessir þrír staðir, sem eftir er að byggja vita á, eru á milli Hornafjarðar og Ingólfshöfða, væntanlega í Hrollaugseyju, á milli Ingólfshöfða og Alviðruhamra, væntanlega á Meðallandsfjörum, og það vantar vita á milli Flateyjar og Bjargtanga, sem væntanlega verður byggður á Skorarklettum eða þar í grennd. Þegar þessir þrír vitar hafa verið reistir og eru komnir í gagnið, þá nær, eins og ég sagði áðan, í hreinviðri saman ljósið allt í kringum land, og þetta væri áfangi, sem skemmtilegt væri að geta lokið einmitt á þessu merkisafmæli vitanna — á 75 ára afmæli þeirra. En þessir þrír vitar eru allir stórir, og þeir kosta mikið fé, og það er ekki hægt að byggja þá alla ásamt með einum vitavarðabústað, sem nauðsynlega verður að byggja á næsta ári á Dalatanga, vegna þess að vitaverðir eru þar orðnir tveir og komast ekki fyrir í því húsi, sem þar er. Þetta allt verður ekki hægt að gera, ef fjárveitingin er ekki hækkuð eitthvað frá því, sem nú er. Ég er að vísu ekki viss um, að það verði hægt að ljúka þessum byggingum að fullu með ljóstækjum, þannig að það verði hægt að taka þá til nota á árinu, fyrir 1.3 millj. kr., en það verður áreiðanlega hægt að komast langt með þá. Það er ekki fullbúin áætlun fyrir einn þeirra, sem er sennilega sá dýrasti, en ég hygg, að ég geti sagt það, að langt væri hægt að komast, ef fjárveitingin fengist upp í 1.3 millj. kr. úr 1 millj. kr., eða m. ö. o. væri hækkuð um 300 þús. kr. Og ég verð að segja það, að ég gæti ekki óskað mér af hálfu hv. þm. betri afmælisgjafar til vitastarfseminnar á Íslandi á þessu 75 ára afmæli heldur en það, ef hv. alþm. vildu nú fallast á að gefa vitamálastjórninni tækifæri til að loka vitalýsingunni kringum land og veita það fé, sem til þess þarf, en þetta er hægt að gera, a. m. k. að langsamlega mestu leyti, ef fjárveitingin verður hækkuð eins og hér er farið fram á. — Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það vita allir, hverja þýðingu þetta hefur fyrir sjófarendur og aðra, og það vill nú enn fremur svo til, að Slysavarnafélag Íslands á aldarfjórðungsafmæli nú þessa dagana, — á morgun eða hinn daginn, — og vel færi líka á því, að þess væri minnzt á þann hátt, að framlagið til vitabygginganna væri aukið eins og hér er farið fram á.

Auk þessara till., sem ég nú hef lýst, hef ég og hv. 1. þm. Rang. borið fram till. á sama þskj., 603, 9. lið. En þar er farið fram á að greiða Guðmundi Thoroddsen prófessor viðbótareftirlaun, er nemi mismun á núverandi eftirlaunum hans og fullum prófessorslaunum. Ég tel víst, að um þessa till. þurfi ég ekki að hafa mörg orð. Það vita allir hv. þm., hver afreksmaður prófessor Guðmundur Thoroddsen hefur verið við sitt starf um langt árabil. Hann hefur nú hætt störfum og dregið sig til baka, en öllum, sem hafa komizt í snertingu við hann og hans starf á landsspítalanum, ber saman um, og þeir ljúka allir upp um það einum munni, að betri og meiri lækni, árvakari og samvizkusamari opinberan starfsmann geti tæpast. Nú er fyrir því fordæmi, að prófessor einum eða yfirlækni hér, þó að ekki hafi verið opinber starfsmaður, hafi fyrir nokkru verið veitt sams konar laun og hér er farið fram á. Og enn er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, einn liður um það að veita öðrum prófessor sams konar fyrirgreiðslu og hér er farið fram á. Ég tel því víst, að allir hv. alþm. geti sameinazt um það að veita prófessor Guðmundi þessa uppbót á hans eftirlaun eftir langt og gagnmerkt starf.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þessar till. mínar fleiri orð, en vænti, að hv. alþm. taki þeim með skilningi og velvilja. Það er reynt að stilla þeim öllum svo í hóf, að það mælir öll sanngirni með, að þær verði samþ.

Forseti (JPálm): Mér hafa borizt tvær skriflegar brtt. Sú fyrri, sem verður þskj. 622, er varatill. við brtt. á þskj. 603, tölulið 8, að aftan við töluliðinn bætist: „Til vara: Til flugvallagerða 1720000.“ Flm. er Jóhann Jósefsson. — Hin till., sem verður þskj. 623, er við tölul. 4, 15. gr. A. XXII. 1 (Leikfélag Reykjavíkur): „Fyrir „30000“ kemur: 60000. Til vara: 50 þúsund.“ Flm. eru Gunnar Thoroddsen og Jóhann Hafstein.

Þar sem ég geri ráð fyrir einni skriflegri brtt. enn þá, ætla ég að fresta því um stund að leita afbrigða fyrir þeim þskj., sem enn hafa ekki fengizt afbrigði fyrir.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir örfáum brtt., sem ég hef flutt hér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Áður en ég kem þó að þeim, vildi ég leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefur tekið upp í sínar brtt. nokkrar þær till., sem ég flutti við 2. umr. fjárlfrv., þ. e. a. s. til lendingarbóta eða ferjubryggja á þrem stöðum við Ísafjarðardjúp. Hún hefur að vísu tekið upp í till. sínar lægri fjárveitingar en gert var ráð fyrir í mínum till., en ég vænti samt, að þessar upphæðir muni hrökkva nokkuð til þess að sinna þeim umbótum, sem þarna er um að ræða. Hins vegar furðar mig nokkuð á því, að hv. n. skuli gera ráð fyrir, að þessar fjárveitingar séu veittar gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Það er nefnilega þannig, að á a. m. k. einum þessara staða hefur þegar verið byggð ferjubryggja að öllu leyti fyrir fé úr ríkissjóði. Þetta er í sveitarhrepp, og það hefur verið litið á þetta hafnarmannvirki sem hluta af þeim þjóðvegi, sem að bryggjunni liggur. Það ræður alveg af líkum, að fámennur sveitarhreppur hefur ekkert bolmagn til þess að standa undir dýrum hafnarframkvæmdum, enda eru þessi mannvirki eingöngu byggð í þágu umferðarinnar um veginn og þeirrar þjónustu, sem flóabáturinn innir af höndum í þágu byggðanna við þennan hluta Ísafjarðardjúps. En ég tel nú þrátt fyrir þetta, að nokkur fengur sé að því að hafa fengið þessa fjárveitingu, og vænti, að þetta muni síðar meir verða leiðrétt, en er hv. n. að öðru leyti þakklátur fyrir að hafa tekið þessar brtt. mínar upp í sínar eigin brtt. nú við síðustu umr. fjárlfrv.

Ég hef leyft mér að flytja hér 5 brtt. á þskj. 601. Hin fyrsta þeirra, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Árn., hv. þm. Ísaf. og hv. 2. landsk. þm., er við 22. gr., um nýjan lið, að heimila ríkisstj. að verja 12 þús. kr. til þess að kaupa Þingvallamynd frú Þórdísar Egilsdóttur á Ísafirði, list-

saumaða með íslenzku bandi jurtalituðu. Ég vil í þessu sambandi aðeins rifja það upp, að fyrir einum 6 eða 8 árum sýndi hv. Alþ. þann skilning á starfi þessarar einstaklega listrænu, öldruðu konu, að það heimilaði ríkisstj. að kaupa tvær myndir hliðstæðar þeirri, sem hér er rætt um, fyrir ríkið eða listasafn ríkisins. Ég held, að annaðhvort önnur þessara mynda eða ef til vill báðar prýði nú forsetasetrið á Bessastöðum. Þetta er svo sérstætt og listrænt handbragð, sem birtist í þessum myndum frú Þórdísar Egilsdóttur, sem er kona nú komin nær áttræðu, að sérstök ástæða hefur þótt til þess, að ríkið keypti þessi verk hennar. Það kemur fram í brtt. sjálfri, sem nú er flutt, að myndin er saumuð úr íslenzku bandi að öllu leyti og að þetta íslenzka band er litað með íslenzkum jurtalitum, þannig að listaverkið er eins rammíslenzkt og þjóðlegt og frekast er kostur á. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. sýni sama skilning á verkum þessarar öldruðu listakonu nú eins og það sýndi fyrir nokkrum árum, þegar keyptar voru af henni hinar fyrri tvær myndir fyrir mjög lítið fé, samtals 10 þús. kr. báðar myndirnar. Og ég leyfi mér að vekja athygli hv. þm. á því, að ef þeir kynnu að vilja sjá þessa mynd, þá hefur hún verið hengd upp hér frammi á lestrarsalnum, þannig að þeim gefst tækifæri til þess að sjá með sínum eigin augum það, sem ég hér með fáum og fátæklegum orðum hef verið að lýsa. Væri mér mikil þökk á því, ef hv. þm. vildu gera svo vel og líta á listaverkið sjálfir.

Önnur brtt. er einnig við 22. gr., um það að verja allt að 140 þús. kr. til að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi sumarið 1951. Ég hef tvívegis áður gert grein fyrir þessari brtt. og tel þess vegna ekki þörf bera til þess að endurtaka skýringar á henni nú. Vil ég aðeins segja það og endurtaka það, að það fólk, sem þarna varð bæði fyrir hörmulegum ástvinamissi, stórslysum, og enn fremur bifreiðarstjórinn, sem átti bifreiðina, sem gereyðilagðist, hefur engar bætur fengið fyrir það neins staðar frá, þar sem ekki hefur verið talið, að slík slys væru bótaskyld. Virðist það því vera fullkomið mannúðarmál, að Alþ. hlaupi undir bagga með þessu bágstadda fólki, sem þarna á hlut að máli. — Hef ég svo ekki um það fleiri orð.

Þá er þriðja brtt., einnig við 22. gr., sem við flytjum hv. þm. V-Ísf., hv. 2. landsk. þm. og hv. þm. Ísaf. Hún er um það að heimila ríkisstj. að verja allt að 600 þús. kr. til rekstrar dieselrafstöðva í kaupstöðum og kauptúnum að fengnum till. raforkuráðs. Ég hef nýlega gert grein fyrir því hér á hv. Alþ., hversu gersamlegt öngþveiti rekstur dieselrafstöðvanna er kominn í hjá fjöldamörgum sjávarþorpum og sveitarfélögum í landinu. Ég hef bent á það, að meðalverð á raforku til heimilisnota er í einstökum byggðarlögum komið upp í 1.18 kr., á sama tíma sem vatnsaflsstöðvarnar selja því fólki, sem þeirra nýtur, raforku fyrir allt niður í 0.42 kr. kwst. meðalverð til heimilisnota. Fjárhagur þessara fyrirtækja, dieselrafveitnanna, er svo vonlaus, að það er auðsætt orðið, að ríkið muni verða að greiða fyrir þær mörg hundruð þúsundir króna í ábyrgðum, sem á það falla. Og þrátt fyrir það, þó að ríkið taki að sér að greiða þessi lán, sem það hefur ábyrgzt, þá er engu að síður auðsætt, að reksturinn bjargast ekki. Ég vil vekja athygli á því, að raforkumálastjóri hefur í bréfi til hv. fjvn. hinn 9. des. lagt til, að tekin verði upp fjárveiting til þess að styrkja rekstur dieselrafstöðva. Hann leggur til, að fjárveitingin, sem veitt er í þessu skyni, verði hækkuð um 1 millj. kr., upp úr 0.5 millj. kr. upp í 1.5 millj. kr. Hv. fjvn. mun hafa hækkað þessa fjárveitingu lítillega, upp í 650 þúsund kr., ef ég man rétt, en það er alveg auðsætt, að sú fjárveiting hrekkur örskammt til þess að leysa úr þeim vandræðum, sem hér er um að ræða hjá þessum fyrirtækjum. Ég hef þess vegna — og þeir hv. þm., sem ég gat um áðan — lagt til, að varið verði allt að 600 þús. kr. til rekstrar dieselrafstöðva í kaupstöðum og kauptúnum að fengnum till. raforkuráðs. Og ég held raunar, að Alþ. geti alls ekki daufheyrzt við slíkum óskum, á sama tíma sem varið er svo að segja öllu því erlenda lánsfé, sem þjóðin getur herjað út erlendis, til þess að byggja upp og stækka nýjar vatnsaflsstöðvar fyrir þéttbýlið. Ég hygg þess vegna, að hér sé um svo fullkomið sanngirnismál að ræða, að engan veginn verði gengið á snið við það til lengdar. Ég leyfi mér því að vænta, að þessi till. nái fram að ganga og að hv. þm. og hæstv. ríkisstj. skilji þá aðkallandi nauðsyn, sem liggur til grundvallar flutningi hennar hér.

Þá hef ég leyft mér, ásamt hv. þm. Ísaf., að flytja brtt. við 22. gr. um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir skipasmíðastöð Marzilíusar Bernharðssonar á Ísafirði vegna byggingar dráttarbrautar á Ísafirði allt að 2 millj. kr. lán. Það þarf nú engum að verða bilt við það að sjá slíka till., því að Alþ. hefur á undanförnum árum samþ. hvað eftir annað stórfelldar ríkisábyrgðir fyrir fyrirtæki hér í Reykjavík til þess að koma einmitt upp dráttarbrautum fyrir stór skip, og í frv. því, sem hér liggur fyrir, er um eina slíka ábyrgð að ræða. Á Ísafirði hagar þannig til, að þar hefur um langt skeið verið rekin myndarleg skipasmíðastöð og byggðir þar ágætir vélbátar. Hins vegar er þar ekki dráttarbraut, sem geti tekið upp stærri skip en ca. 70 smál. Að þessu er að sjálfsögðu mikið óhagræði fyrir hina uppvaxandi togaraútgerð á Vestfjörðum, að þurfa í hvert skipti, sem hreinsun eða einhver viðgerð þarf að fara fram á þessum skipum, að sigla með þau hingað suður til Reykjavíkur eða láta framkvæma slíkar aðgerðir í erlendum höfnum, auk þess sem við það glatast mikil vinna úr byggðarlaginu sjálfu. Enn má á það benda, að ef þar væri fullkomin dráttarbraut, sem tekið gæti upp 600—700 tonna skip, skip á borð við togara, þá mundi það leiða til þess, að erlend skip kynnu í einstökum tilfellum að leita þar hafnar til viðgerðar, og af því mundi enn leiða aukna atvinnu á staðnum. Það getur vel verið, að hv. þm. finnist einhverjum, að þetta sé hrein goðgá, þegar þetta er orðað við kaupstað úti á landi, að veita slíka ríkisábyrgð fyrir 2 millj. kr. láni, en ég segi: Það er ekki hægt að halda því fram, að það sé sanngjarnt og eðlilegt að veita slíkar ábyrgðir og miklu

hærri ábyrgðir fyrir dráttarbrautum og skipakvíum hér í Reykjavík, en telja það svo gersamlega ófært og fjárhag ríkissjóðs og gjaldþoli ofviða, ef þetta á að gerast í þróttmiklum sjávarútvegsbyggðum úti á landi. — Ég vil upplýsa það, að skipasmíðastöð Marzilíusar Bernharðssonar hefur um margra ára skeið undirbúið þessa framkvæmd, að byggja þarna dráttarbraut, sem tekið gæti upp togara, og þetta mál er ekki á neinu frumstigi, heldur er undirbúningi þess það langt komið, að fyllilega er verjandi fyrir hv. Alþ. að veita slíka ábyrgð.

Ég er þá kominn að síðustu brtt. minni á sama þskj., sem ég flyt ásamt nokkrum hv. þm., um að greiða Jóni Björnssyni ríthöfundi 20 þús. kr. byggingarstyrk. Fyrir henni mælti ég það ýtarlega við 2. umr., að ég tel ekki þörf á því að bæta þar miklu við. Vil ég aðeins endurtaka það, að þessi ágæti listamaður býr í bragga, sem má heita gersamlega óviðunandi mannabústaður. Hv. Alþ. hefur á undanförnum árum sýnt frjálslyndi og skilning gagnvart þörfum margra listamanna, og yfirleitt má segja, að undantekningarlítið hafi verið samþ. fjárveitingar til flestra þeirra listamanna, sem sótt hafa um byggingarstyrk til þingsins. Ég leyfi mér því að vænta þess, að þessi brtt. um að veita þessum merka ríthöfundi 20 þús. kr. byggingarstyrk verði samþ. og þar með greitt úr mjög miklum vandræðum hans.

Ég hygg svo, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um mínar brtt., en vænti, þar sem þeim er mjög í hóf stillt, að þeim verði vel tekið af hv. þingmönnum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég á hér aðild að tveim brtt. og vil fara um þær örfáum orðum.

Sú fyrri er um að bæta við 22. gr. nýjum lið, á þá leið að undirbúa nýja vegagerð á Þingvöllum, svo að vegurinn verði fluttur úr Almannagjá. Ég flutti fyrir nokkrum árum till. um sérstaka fjárveitingu í þessu skyni, að því er mig minnir, en sú till. náði ekki fram að ganga, og ég geri ekki ráð fyrir, að á þessu ári þurfi sérstaka fjárveitingu, þó að till. verði samþ.

Eins og nú háttar og alkunnugt er, þá er vegurinn til Þingvalla lagður niður gamla Kárastaðastíginn, sem kallaður var, og niður í Almannagjá, og liggur þar á milli búða og í raun og veru um hinn fornhelga þingstað okkar Íslendinga. Það eru því veruleg spjöll að veginum. Það er óhjákvæmilegt, að ef hann heldur áfram að vera þar, sem hann nú er, og umferð slík sem verið hefur, þá hljóta að verða enn þá meiri spjöll af en orðið hefur. Það er engin friðsæld á þessum slóðum, meðan vegurinn er með þeirri gífurlegu umferð, sem þarna á sér stað, svo að menn geta ekki notið næðis að Lögbergi eða skoðað hinn forna þingstað með þeim hætti, sem vera ber. Auk þessa eru verulegar líkur til og þarf ekki annað en að skoða staðinn til að sannfærast um það, að af þessari miklu umferð geti, áður en varir, hlotizt stórslys. Það eru steindrangar, sem standa í gjánni og eru svo lausir, að fyrr eða síðar hljóta þeir að falla vegna hristings, sem verður af umferðinni, ef ekki verður breytt til. Það er því beinlínis stefnt í hættu fjölda mannslífa og miklum verðmætum með því að hafa veginn óbreyttan. Ég hygg og, að fleiri hv. þm. hafi komið auga á þetta, því að á þessu þingi mun hv. 2. þm. Reykv. hafa flutt till. í svipaða átt. Mér virðist augljóst, að hún muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi, þar sem hún er ekki komin úr n. enn þá, og þar sem greinilegt er, að þetta mál þarf nokkurs undirbúnings, áður en vegurinn er fluttur, þá tel ég mjög vel til fallið, að málinu sé beint til ríkisstj. og þess ráðh., sem fer með vegamál, svo sem gert er í till. minni.

Það er sem sé engan veginn vandalaust að finna viðhlítandi vegarstæði í stað þess, sem nú er. Þetta vegarstæði var auðvitað valið á sínum tíma og hefur haldizt af því, að það er hið auðveldasta, og þess vegna þarfnast það sérstakrar athugunar og rannsóknar, hvernig úr þessu eigi að bæta. Enginn efi er hins vegar á, að þessu má vel koma fyrir á annan og betri veg. Það mætti t. d. hugsa sér að leggja brú yfir Hestagjána svo kölluðu og leggja veginn síðan niður eystri gjábarminn og niður að Valhöll. Þetta þarf þó að athugast, áður en gert er, og vafalaust er ekki hægt að gera þetta nema með nokkrum kostnaði, en svo mikið sem hefur verið unnið að því að prýða Þingvelli og friða á undanförnum árum og eins og Þingvallanefnd hefur staðið prýðilega fyrir þeim aðgerðum, þá tel ég, að það sé aðeins rétt framhald af þeim framkvæmdum að samþ. nú þessa till. Ég mundi þá hugsa mér framkvæmd hennar með þeim hætti, að nú yrði settur verkfræðingur til að rannsaka, hvernig hinu nýja vegarstæði yrði bezt fyrir komið, og síðan yrði það komið undir fjárveitingu Alþ., hvenær fært þætti að ráðast í framkvæmdina á því verki, og vonast ég til þess, að þessi till. geti náð samþykki þingheims.

Önnur till., sem ég flyt hér ásamt hæstv. fjmrh., er einnig um viðbótarheimild á 22. gr. og er þess efnis að greiða Sveinbirni Kristjánssyni húsameistara í Reykjavík allt að 120 þús. kr. til bóta á þeim hluta af tapi hans við byggingar á Keldum, er stafar af lækkun samningsupphæðar fyrir fram og af óljósum samningsákvæðum um verðlagsvísitölu.

Fyrir nokkrum árum réðst Sveinbjörn Kristjánsson, sem er gamalþekktur og reyndur byggingarmeistari hér í bænum, í þá framkvæmd að byggja hús fyrir rannsóknastofuna á Keldum. Hann gerði þetta samkv. útboði á verkinu, en með þeim einkennilega hætti, að eftir að tilboð höfðu verið gerð, þá lækkaði annar tilboðshafi sitt tilboð, og var þá Sveinbirni Kristjánssyni tilkynnt það og gefinn kostur á að lækka sitt tilboð einnig, og mun hann hafa gert það. Það er alviðurkennd regla, að þegar útboð eru gerð, þá á að taka til greina tilboðin eins og þau koma fram, en ekki gefa aðilum færi á því að semja um lækkanir eftir á. Með þeim hætti verður útboðsgerð í raun og veru þýðingarlítil eða þýðingarlaus og óeðlilegir viðskiptahættir taka við. Það má að vísu segja um Sveinbjörn Kristjánsson í þessu tilfelli, að hann hefði sjálfur átt að sjá fótum sínum forráð og það hafi enginn neytt hann til þess að lækka tilboð sitt eins og hann

gerði. Þetta er alveg rétt, og lagalega kröfu á Sveinbjörn Kristjánsson ekki á hendur ríkissjóði af þessum sökum. Það er óhagganlegt. En því verður ekki neitað, að hann var þarna beittur óvenjulegri aðferð.

Við þetta bætist svo, að það var um það samið, að tilboð hans skyldi reiknað með þeim hætti, að fjárhæð sú, sem hann fengi greidda, skyldi hækka í samræmi við verðlagsvísitölu. Skömmu síðar var svo kaupgjaldsvísitalan lækkuð og bundin með lögum. Og hækkanir þær, sem Sveinbjörn fékk, voru miðaðar við þessa kaupgjaldsvísitölu, en ekki við verðlagsvísitöluna. Að fróðustu manna yfirsýn er mjög tvísýnt, hvort skilja eigi samninginn á þann veg, að hér eigi að miða við hina eiginlegu verðlagsvísitölu eða þá lögbundnu kaupgjaldsvísitölu. En auðsannanlegt er, að Sveinbjörn tapaði verulegri upphæð vegna þess, að við kaupgjaldsvísitöluna var miðað.

Þegar þetta tvennt er talið saman, það tjón, sem Sveinbjörn varð fyrir vegna þess, að hann var fenginn til þess að lækka sitt upphaflega tilboð fyrir fram, og að reiknað var með kaupgjaldsvísitölu, en ekki verðlagsvísitölunni, og vöxtum bætt við af þessum upphæðum frá því er Björn innti þær af höndum, þá mun nálgast 120 þús. kr. það tjón, sem Sveinbjörn hefur beðið af þessum sökum. Hins vegar lauk þessum viðskiptum Sveinbjarnar og ríkisins á þann veg, að Sveinbjörn, sem áður hafði verið vel efnaður maður og einn af elztu og bezt metnu byggingarmeisturum hér í bænum, varð öreigi. Hann tapaði öllum sínum eignum, sem námu nokkrum hundruðum þúsunda króna, og varð beinlínis gjaldþrota og reyndist ekki fær um að ljúka verkinu, svo að synir hans, sem eru dugandis iðnaðarmenn hér í bænum, hlupu undir bagga og luku verkinu og hafa greitt mjög verulegar fjárhæðir úr eigin vasa til þess að geta staðið við samningsskuldbindingar föður síns.

Eins og ég segi, þá tel ég víst, og það er byggt á mjög ýtarlegum athugunum, að Sveinbjörn Kristjánsson eigi engar lagalegar kröfur í þessum efnum, nema vera kynni um þá fjárhæð, sem kemur fram í mismuninum á kaupgjaldsvísitölunni og verðlagsvísitölunni, en það mun ekki vera nema í kringum 18—20 þús. kr. Aðrar réttarkröfur á Sveinbjörn Kristjánsson ekki. Hann hefur hins vegar leiðzt til þess að bera þá aðila, sem hann hefur átt í skiptum við um þessi efni, ýmsum þungum sökum, krafizt sakamálsrannsóknar á þá og skrifað um þá og sum yfirvöld ýmiss konar harðyrði í blöð.

Till. mín og hæstv. fjmrh. er ekki flutt vegna þess, að menn vilji víkja sér undan ádeilum Sveinbjarnar eða telji, að hann í meginefnum að þessu leyti hafi rétt fyrir sér. Það er enginn efi á, að eftir lagabókstaf hefur hann að meginefni til ekki á réttu að standa. Hins vegar verður því ekki neitað, eins og ég sagði, að hann hefur orðið mjög hart úti. Hann hefur á sínum efri árum, má segja, misst aleigu sína vegna þessara skipta við ríkið, og aðstandendur hans hafa orðið að greiða verulegar fjárhæðir af höndum til þess að hlaupa undir bagga með honum út af þessum skiptum. Það eru ekki margir, sem betur fer, sem kunna slíka sögu að segja af skiptum sínum við ríkið eða stofnanir þess. Nú tel ég að vísu, að það sé ekki hægt að bæta Sveinbirni Kristjánssyni upp það, að hann gerði, auðsjáanlega eftir á, rangt tilboð á sínum tíma. Það verður að vera hans tap eins og annarra, sem slíka samninga gera, en ekki hins samningsaðilans, því að ef ríkið viðurkenndi bótaskyldu, þegar þannig stendur á, yrðu slík útboð þýðingarlaus. En hins vegar finnst mér, — eins og þetta mál hefur hrapallega, ég vil segja sorglega til tekizt fyrir þessum ágæta manni, þetta er sem sagt eitt af hans síðustu verkum, — að þá sé rétt að láta ekki lagabókstafinn einan gilda, heldur leita eftir sanngjarnari lausn. Og fróðir menn í stjórnarráðinu hafa samkvæmt beiðni hæstv. fjmrh. og minni athugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að lausn samkv. þeirri till., sem við hér flytjum, sé sanngjörn. Og eftir atvikum, þá hygg ég, að a. m. k. ráðunautar Sveinbjarnar og synir hans séu að því leyti, ef ekki ánægðir, þá geti þeir látið og muni láta sér þetta lynda sem viðurkenningu á því, að ríkið vilji a. m. k. sýna þessum gamla heiðursmanni fulla sanngirni í þessum viðskiptum. Og ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, og veit, að hæstv. fjmrh. tekur undir þau tilmæli mín, að hv. þingheimur treysti sér til þess að samþ. þessa till.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt ein skrifleg brtt. til viðbótar. Það er við 15. gr. A. XV, nýr liður: „Til Magnúsar Guðnasonar til varðveizlu á tækjum, sem hann hefur fundið upp, 5 þús. kr.“ Flutningsmenn: Einar Olgeirsson, Lárus Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason. Þessi till. er of seint fram komin, og verður leitað afbrigða fyrir henni síðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Áður en ég mæli hér með nokkrum till., sem ég flyt ásamt fleiri hv. þm., langaði mig til þess að gera nokkrar athugasemdir við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í kvöld, sem raunar er frekar óvenjulegt að heyra við 3. umr. fjárl. En fyrst hann kaus að fara nokkuð inn á ástæðurnar fyrir því, að hann flytur hér allmiklar brtt. við fjárl. nú, þá verð ég að gera nokkrar athugasemdir við hans ræðu.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að það væru ekki nema tvær leiðir, sem hægt hefði verið að fara, þegar verkfallið var skollið á, og yfirleitt væri ekki um annað en þær tvær leiðir að ræða til þess að svara kröfum frá verkamönnum um betri kjör. Önnur leiðin væri verðlagslækkun og sú verðlagslækkun mundi raunverulega vera á kostnað ríkisins og þannig ríkið síðan aftur að taka af fólkinu með auknum álögum, þannig að raunverulega mundu byrðarnar af að borga niður verðlagið þess vegna, þegar öllu yrði á botninn hvolft, lenda á alþýðunni sjálfri. Hin leiðin var kauphækkun, hækkun á kaupi að krónutölu, sem hins vegar hlyti að þýða gengislækkun og væri þess vegna ekki neitt, sem bætti raunverulega kjör fólksins.

Þetta er rangt hjá hæstv. ráðh. Hann gengur þarna út frá tveim forsendum, sem ekki eru réttar. Forsendurnar, sem hæstv. fjmrh. gengur út frá, eru í fyrsta lagi sú, að þjóðarbúskapur-

inn sé svo vel rekinn, að það sé ekki hægt að reka hann betur, það sé ekki hægt að haga atvinnurekstrinum praktiskar, það sé ekki hægt að haga verzluninni ódýrar fyrir fólkið, það sé ekki hægt að hafa ríkisbáknið ódýrara í rekstri, það sé sem sé ekki hægt að slaka til og koma skynsamlegra skipulagi á þjóðarbúskapinn sjálfan, þar með talinn búskap ríkisins, og láta vinnandi stéttir landsins fá því meira í sinn hlut. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. Þarna er hægt að gera stórar breytingar á. Það er enginn efi á því, að atvinnurekstur landsmanna má reka miklu praktískar en nú er gert, að verzlun landsmanna má reka miklu ódýrar og hafa þar miklu færra fólk í heldur en nú er gert og ríkisbáknið gæti að skaðlausu verið a. m. k. fjórðungi til þriðjungi minna og afkastað samt eins miklu fyrir þjóðina. — Hin forsendan, sem hæstv. fjmrh. gekk út frá í þessu, var sú, að það væri enginn gróði að framleiðslu eða vinnu verkamanna á Íslandi, sem sé, að auðmannastéttin á Íslandi gæti ekki slakað til á sinn kostnað nokkurn skapaðan hlut, allt, sem kaup verkalýðsins hækkaði um, hlyti þess vegna að koma fram í hækkuðu vöruverði á einn eða annan hátt. Þetta er líka rangt. Auðmannastéttin á Íslandi gæti slakað til á sinn kostnað, og það væri hægt að bæta kjör verkalýðsins með því að rýra þann hlut, sem yfirstéttirnar fá til sín.

Ef hæstv. fjmrh. skyldi ekki vera alveg sannfærður af þessum mínum fortölum, þá skal ég vitna í hans eigin tölur við 1. umr. fjárl. Þá sagði hæstv. fjmrh., þegar hann var að reikna út hlutfallið milli ríkisteknanna og þjóðarteknanna, að þjóðartekjur Íslendinga væru rúmar 2000 millj. kr. Þær mundu nú hafa verið eftir hans útreikningi upp undir 2200 millj. Við skulum segja, að þær séu 2100 millj. kr. Ef það væri rétt, sem ég held nú að sé fullhátt hjá honum, þá mundi það þýða um 14 þús. kr. á mann, eða 70 þús. kr. að meðaltali á 5 manna fjölskyldu, þessar þjóðartekjur Íslendinga.

Hins vegar upplýstist það einmitt í sambandi við útreikning í skattstofunni á till., sem fyrir lágu hér á Alþ. frá mér, í Nd., um að gefa öllum þeim, sem hefðu undir 30 þús. kr. hreinar tekjur, eftir skatt, að við það mundi tala reykvíska tekjuskattsgreiðenda minnka um 40%. M. ö. o., 40% af öllum tekjuskattsgreiðendum í Reykjavík hafa undir 30 þús. kr. í hreinar tekjur, þegar meðaltekjur 5 manna fjölskyldu á landinu eru um 70 þús. kr. eftir útreikningi fjmrh. — Ég mundi nú ekki reikna þær svona háar. Ég mundi varla reikna þær meiri en 60 þús. kr.

Það er þess vegna engum efa bundið, að verkamenn og sjómenn, og ekki sízt sjómennirnir á bátunum, hafa hlutfallslega mun lægri laun en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Einmitt mennirnir, sem vinna við framleiðsluvinnuna, bera skarðan hlut frá borði. Þessir menn hafa enga aðra möguleika til þess að bæta sinn hlut heldur en þann að knýja á með hærra kaup fyrir það vinnuafl, sem þeir selja og er það eina, er þeir eiga til að selja. Þeim er í þjóðfélaginu ekki gefinn neinn annar kostur, að undanteknum einum, og það eru hin beinu stjórnmálalegu áhrif.

Barátta verkamanna og sjómanna fyrir að bæta þennan skarða hlut sinn knýr það fram, að eitt af tvennu gerist: annaðhvort minnkar auðmannastéttin í landinu nokkuð þann part, sem hún fær úr þjóðarbúinu, eða þá, að valdhafarnir í þjóðfélaginu taka upp á því að reka þjóðarbúskapinn skynsamar og ódýrar heldur en áður. Ég vona, að hæstv. fjmrh. skilji það, ef hann hugsar út í það, að það er enginn efi á því, að það er hægt að komast af með miklu færri búðir t. d. í Reykjavík heldur en eru, það er hægt að komast af með færri menn í verzlunarstéttinni í heild heldur en eru, að það er hægt að reka atvinnurekstúrinn með miklu færri mönnum í stjórn hans heldur en nú eru, það er hægt að reka þetta allt í miklu stærri stíl og miklu ódýrar heldur en nú er gert. Það er hægt að spara þarna alveg stórkostlegar fjárfúlgur og spara vinnuafl, sem nú er notað í skriffinnsku og verzlun, en gæti farið yfir í framleiðsluna. Þetta er engum efa bundið. Og þessu hélt a. m. k. Framsfl. alltaf fram hér í gamla daga.

En hvaða aðstöðu hefur nú verkalýðurinn, og sérstaklega verkamenn og sjómenn, þ. e. langlægst launuðu stéttir þjóðfélagsins, til þess að knýja þessa breytingu fram? Að undantekinni hinni pólitísku baráttu hafa þær ekki aðra aðstöðu en kaupgjaldsbaráttuna. Það, að halda því fram, að það sé ekki hægt að hækka þeirra kaupgjald, að það sé ekki hægt að bæta þeirra hlut, þýðir bókstaflega að halda því fram, að það væri í fyrsta lagi alger og fullkomin skynsemi í öllum rekstri þjóðarbúskaparins og í öðru lagi fullkomið réttlæti í skiptingu þjóðararðsins á milli vinnandi stéttanna og auðmannastéttarinnar. Og ég efast um, þegar hæstv. fjmrh. athugar, hvað það var, sem hann var að halda fram, að hann mundi raunverulega vilja standa við þá fullyrðingu. (**Fjmrh.**: Hv. þm. hefur ekki hlustað á það, sem ég sagði. Ég sagði, að það væri hægt með aukinni framleiðslu og bættu skipulagi í framleiðslu og dreifingu.) Það ætlaði ég nú einmitt að koma inn á, hvað væri hægt að gera með aukinni framleiðslu.

Einmitt sérstaklega meðan hæstv. fjmrh. núverandi kom hvergi nærri ríkisstjórn á Íslandi og gat þess vegna engin áhrif haft á, hvað gert var, þá notaði verkalýðurinn tækifærið til þess að kaupa ákaflega mikið af framleiðslutækjum til landsins og úthluta þeim á tiltölulega skynsaman hátt til landsbúa. Þessi framleiðslutæki eru til í landinu núna, og það er hægt að framleiða með þeim mun meiri þjóðartekjur heldur en nú eru framleiddar. Hver er það, sem stendur í veginum fyrir því, að þessi tæki séu nýtt til fullnustu? Það er núverandi hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. ríkisstjórn kemur sjálf með sinni pólitík í veginn fyrir það, að þessi tæki séu nýtt þannig, að miklu meira sé framleitt heldur en nú hefur verið gert og sérstaklega heldur en lítur út fyrir að muni verða gert á þessu nýbyrjaða ári.

Ástandið er það, að þessi lágt launaði verkalýður og þessir lágt launuðu sjómenn eru með þeim tækjum, sem að mestu leyti voru keypt inn á nýsköpunarárunum, búnir að framleiða slík ógrynni af vörum, sem liggja hér innanlands, að ríkisstj. hefur sakir sinnar vitlausu verzlunar-

pólitíkur ekki séð möguleika á því — og sér það líklega ekki enn — að selja þessar vörur. En hver er ein höfuðástæðan til þess, að ríkisstj. þykist ekki geta selt þessar vörur? Við vitum, að það liggja fyrir á milli 100 og 200 millj. kr., ýmist hér eða í Ameríku, í óseldum íslenzkum fiskafurðum eins og stendur. Það er hægt að selja allar þessar fiskafurðir, m. a. í vöruskiptum. En af hverju er ekki selt meira í vöruskiptum heldur en nú er gert? Ástæðan til þess, að ekki er meira selt í vöruskiptum heldur en nú er gert, er sú, að vöruskemmurnar hér á Íslandi og búðirnar hér á Íslandi eru allar fullar af útlendum vörum, sem fólkið hefur ekki efni á að kaupa. Það, sem vantar hér heima hjá okkur, er meiri kaupgeta hjá almenningi til þess að geta keypt þær útlendu vörur, sem við getum fengið í skiptum fyrir íslenzku vörurnar, sem við getum selt í vöruskiptum erlendis. M. ö. o., íslenzki verkalýðurinn og sjómennirnir hérna hafa þrátt fyrir sín lágu laun framleitt það mikil auðæfi, að hæstv. ríkisstj. veit ekki, hvað hún á við þau að gera. Hún stendur uppi eins og glópur frammi fyrir þeim auðæfum, sem liggja hér í geymslum hraðfrystihúsanna, og frammi fyrir þeim auðæfum, sem hægt er að fá fyrir þau í flestöllum þeim löndum, sem við getum haft vöruskipti við. Hæstv. fjmrh. veit það betur en ég, að t. d. fyrir þau 3000 tonn af freðfiski, sem seld voru fyrir 18 millj. kr. til Austur-Þýzkalands, þegar hæstv. ríkisstj. loksins fór inn á þá leið, sem ég sýndi fram á fyrir þrem árum að hægt var að taka upp þá, að verzla við það land, þá er ástandið þannig nú, að það er ekkert farið að flytja inn af vörum frá Þýzkalandi sem andvirði þessa fisks, 18 millj. kr. Og heildsalarnir og S. Í. S., sem eiga þessar vörur ásamt Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjá fram á vandræði vegna þess, að allt sé orðið fullt af vörum hér heima. M. ö. o., verkalýðurinn og sjómennirnir eru búnir að framleiða það mikið, auðæfin, sem þeir hafa skapað, eru það mikil, andvirðið, sem við getum fengið fyrir þau í vöruskiptalöndunum, er það mikið, að ríkisstj. veit ekkert, hvað hún á við þessi auðæfi að gera.

Það er ósköp auðvelt að ráðstafa þessum auðæfum. Það er hægt að gera tvennt með þeim. Það er hægt annars vegar að verja þeim til þess að byggja hér upp nýja atvinnuvegi, og það gerir maður með því að kaupa ný framleiðslutæki fyrir þessi auðæfi. Það er hægt í öðru lagi að verja þeim til þess að bæta lífskjör fólksins. Það gerir maður með því að kaupa ýmsar neyzlu- og notavörur fyrir þau. En til þess að fólkið geti keypt þessar vörur hérna heima, þá verður að hækka kaupgjaldið hjá fólkinu. M. ö. o., íslenzka þjóðin stendur frammi fyrir því, að hún hefur framleitt það mikil auðæfi, en látið sjómennina og verkamennina fá svo lítið í sinn hlut, að þeir geta ekki keypt hér á Íslandi andvirði þeirra íslenzku vara, sem þeir hafa framleitt. Þetta er það venjulega kreppufyrirbæri, sem slæmar ríkisstj. skapa í löndum, sem þær stjórna illa. Og þetta er ástandið, sem við búum við núna.

Hæstv. fjmrh. hefði ekki átt að lasta þá stéttabaráttu, sem verkalýðurinn háði. Sú stéttabarátta er eina aflið, sem knýr framfarirnar fram í okkar þjóðfélagi nú sem stendur. Hún er það afl, sem knýr atvinnurekendurna til þess að reyna að reka sinn atvinnurekstur praktískar. Hún er það afl, sem knýr verzlunarstéttina til þess að reyna að reka verzlunina með skynsamlegra móti en hún gerir, svo framarlega sem kaupgjald verkalýðsins er hækkað og þrengt þannig að kosti yfirstéttanna í þjóðfélaginu, að þær neyðist til þess að hugsa dálítið um, hvernig hægt sé að reka þjóðarbúskapinn betur. Þess vegna er þetta afl, sem knýr fram framfarir. Og það er vegna þess, að núverandi stjórn vill ekkert nema afturhald og er að skipuleggja afturför í okkar þjóðfélagi, að hún hatast við þetta afl vinnandi stéttanna, sem heimta aukinn hlut sér til handa af þeim auðæfum, sem þær skapa.

Ég vil aðeins segja það, að þetta er ekki aðeins spursmál um kjör verkamannanna og sjómannanna. Þetta er bókstaflega spursmál um það, að okkar þjóðfélag geti haldið áfram að ganga, hringrásin í því, hringrás varanna sé ekki látin stöðvast. Kaupgetuleysi hjá íslenzkum almenningi þýðir markaðsleysi fyrir íslenzkar vörur erlendis. Þess vegna verðum við að finna ráð. Annars lendum við þarna í hringavitleysu, sem hæstv. ríkisstj. nú er búin að koma þessu öllu saman í. Ef við ekki aukum kaupgetu fólksins hér heima, þá getum við ekki selt fiskinn erlendis, því að við getum ekki selt hann nema með því að kaupa vörur fyrir hann erlendis. Og við getum ekki tekið þær vörur, nema við getum selt þær hér heima. Og við getum ekki selt þær hérna, nema því aðeins að alþýðan hafi meiri kaupgetu.

Þetta vildi ég nú aðeins segja hæstv. fjmrh. út af því, sem hann sagði. Ég hef áður hér á þingi flutt frv., sem hafa raunverulega farið fram á það, að ríkisstj. hætti að skipta sér af atvinnurekstrinum; fyrst hún ekki getur stjórnað honum betur en þetta, þá lofaði hún verkamönnum og atvinnurekendum sjálfum að reka þetta í friði fyrir henni. Og ég vil enn einu sinni segja honum það, að það er enginn vandi að reka allt íslenzkt atvinnulíf, ef ríkisstj. kæmi hvergi nærri, en hún hefur ekki viljað ganga inn á það að sleppa sínum einokunarkrumlum af atvinnulífinu, og þess vegna verður hún líka að finna sig í því, að þegar verkföll verða, þá verður afleiðingin af þeim sú, að sjálf ríkisstj. neyðist á endanum til þess að grípa inn í og lofa sjálf að taka á herðar ríkisins þær byrðar, sem atvinnurekendastéttin hefði getað borið ýmist með því að skipuleggja atvinnureksturinn betur eða með því að fórna nokkru af sínum gróða.

Verkamannastéttin á Íslandi mun hins vegar ekki slaka til í sínum kröfum. Hún mun halda áfram að berjast. Hún gerir það í meðvitund þess, að í fyrsta lagi væri hægt að stjórna þjóðarbúskapnum betur, svo framarlega sem ríkisstj. kæmi þar hvergi nærri, en þó sérstaklega í meðvitund hins, að svo framarlega sem verkalýðurinn réði hér, þá gæti hann skapað sér miklum mun betri kjör heldur en þau, sem hann býr við.

Þetta voru nú aðeins ofur litlar athugasemdir, sem ég vildi gera, fyrst hæstv. fjmrh. fann í dag ástæðu til þess að fara að ræða stjórnmálin og verkfallið sérstaklega almennt í sambandi við

þessa 3. umr. fjárl. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég held, að sú lausn, sem ríkisstj. kom hér með, og öll hennar afskipti af þessum málum hafi verið einhver þau dýrustu og lökustu, sem hægt var að fá út úr þessu. Ég veit, að það hefði verið hægt fyrir íslenzkan þjóðarbúskap að leysa þetta strax í upphafi, ef atvinnurekendur og verkamenn hefðu verið frjálsir til að geta samið og atvinnulífið hefði verið laust við öll afskipti ríkisins, og ég veit, að það hefði þá líka verið leyst á þann hátt, að beinn hagur hefði orðið að, gjaldeyrislegur, fyrir þjóðina, þar sem hins vegar af bæði verkfallinu sjálfu og lausn þess var ekkert nema tap út á við, hvað gjaldeyrinn snertir, fyrir þjóðina. Ég veit, að það er að vísu ekki eins mikið tap og ekki nema lítill hluti af því tapi, sem hlýzt af sjálfri stjórn ríkisstj. á okkar atvinnulífi, því að það tap skiptir ekki tugum milljóna, eins og það tap, sem verkfallið olli þjóðarbúskapnum sakir þess, hvernig ríkisstj. lét það dragast. Fyrir aðgerðir ríkisstj. töpum við hundruðum milljóna króna á ári núna, og ég er hræddur um, að árið, sem nú er að byrja, verði okkur þyngst af þessum árum vegna þeirrar kreppu, sem hún nú hefur leitt yfir okkur.

Ég ætla svo að leyfa mér að gera hér grein fyrir nokkrum brtt., sem ég flyt, og eru þær flestar gamlir kunningjar frá 2. umr., þar sem ég aðeins hef breytt ofur lítið til, til þess að reyna með lægri upphæðir nú heldur en ég gerði seinast, og þarf ég þess vegna ekki að færa mörg rök að þeim.

Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 607, 3. brtt., sem ég flyt ásamt hv. 6. þm. Reykv. Það er, að til heilbrigðisstofnananna í Reykjavík komi í stað 1 millj. kr. 1 millj. og 500 þús. kr. Ég flutti brtt. við 2. umr. um að hækka þetta upp í 2 millj., en hún var felld, og ætlum við nú að reyna með þessa lægri upphæð. Ég þarf ekki að gera mönnum grein fyrir, hvílík þörf er á að flýta fyrir að koma hér upp heilbrigðisstofnunum, jafnt heilsuverndarstöð sem spítölum. Það er öllum kunnugt, hve hræðilegt ástandið er í þeim efnum núna.

Þá er enn fremur á sama þskj. brtt. 11, sem ég flyt ásamt hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. Það er, að til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis sé varið 750 þús. kr. Við fluttum þar till. um 1 millj. við 2. umr., en hún var felld, og við ætlum nú að reyna með þessa lægri upphæð, og samsvarandi henni er svo við 22. gr. lánsheimild til að lána bæjar- og sveitarfélögum það, sem samsvari slíku framlagi ríkissjóðs.

Þá flyt ég enn fremur á sama þskj. ásamt fjórum öðrum hv. þm. brtt. nr. 12, sem er ný till. Það er að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem ríkissjóður hefur veitt byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa. Það er samtals til byggingarsjóðs verkamanna rúmar 10 millj. kr. og til lánadeildar smáíbúðarhúsa 4 millj. kr. Þessa till. höfum við tekið beint upp eftir frv., sem allmargir þm. Framsfl. hafa flutt hér í þinginu og því miður hefur ekki náð fram að ganga, en því, sem hv. þm. Framsfl. hafa hugsað í sambandi við flutning þess frv., yrði náð með samþykkt þessarar litlu till. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þessi till. með hennar undirliðum finni skilning og mæti stuðningi hér í þinginu. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsynina á þessu, það er öllum hv. þm. ljóst, og ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þessi heimildartill. til hæstv. ríkisstj. verði samþykkt, þar sem ég þykist vita, að Framsfl. standi á bak við þetta frv. Þótt það hafi ekki komizt í gegn, þá er sem sagt enn þá tækifæri til þess að koma tilgangi þess í gegn með þessu móti, og ég held, að það sé rétt út reiknað hjá mér, að ef allir framsóknarþm. og þm. Sósfl. greiða atkvæði með þessu, þá er það samþykkt, þannig að þessi till. ætti þó að minnsta kosti, hvernig sem um hinar fer, að hafa mikla möguleika til þess að ná samþykki.

Þá flyt ég enn fremur ásamt tveim öðrum hv. þm. brtt. á þskj. 601. Það er líka að nokkru leyti gamall kunningi frá 2. umr. fjárl., þ. e., að í 17. gr. komi til atvinnu- og framleiðsluaukningar 8 millj. Þar höfðum við lagt til, að kæmu 10 millj., þegar rætt var um fjárl. við 2. umr. Sú brtt. var felld, og nú vildum við reyna með þessa lægri upphæð, og þarf ég ekki að rökstyðja það frekar. Hins vegar höfum við borið þarna fram varatill., að til atvinnubótasjóðs sem stofnframlag fari 4 millj. kr.

Nokkrir þm. Sjálfstfl. í Nd., sérstaklega héðan úr Reykjavík, fluttu frv. um stofnun atvinnubótasjóðs, og það frv. sefur því miður enn þá í fjhn. Nd., ef ég man rétt. Þar lögðu þeir til, að stofnaður yrði slíkur atvinnubótasjóður til þess að bæta úr atvinnuleysi manna, ekki sízt úti um land, og til hans yrði varið á þessu ári 4 millj. kr., og þó að þetta frv. hafi nú ekki komizt lengra, þá ætla ég, að hugur hafi fylgt máli um að byrja á þessum nytsömu framkvæmdum, og ég efast ekki um, að með því að veita 4 millj. kr. til þessa atvinnubótasjóðs, þá væri hægur vandinn fyrir hæstv. ríkisstj. að setja um hann nokkra reglugerð, sem gerði honum mögulegt að starfa, þar til hægt yrði að samþ. þetta frv. eða eitthvað svipað á næsta þingi. Ég vonast þess vegna til, að a. m. k. hv. þm. Sjálfstfl., sem hafa tekið mjög eindregið afstöðu með frv. sinna flokksbræðra, sjái sér fært að standa með þessari brtt. okkar.

Ég er meðflm. að nokkrum till. hér, en fyrir þeim ætla ég ekki að mæla sérstaklega. Ég geng út frá, að það geri almennt þeir, sem eru fyrstu flm.

Þetta, sem ég hef nú mælt fyrir, eru allt frekar stórar till. út af atvinnuástandinu í landinu, sérstaklega fluttar með tilliti til þess, að ég er hræddur um — og satt að segja meira en hræddur um, ég er viss um, að pólitík hæstv. ríkisstj. leiði slíka kreppu yfir landið nú í ár, að við höfum ekki séð slíka síðan 1931, og þess vegna hefði verið mikil nauðsyn á því, að till. eins og þær, sem ég nú hef mælt fyrir og flestar snerta atvinnulífið, yrðu samþ. Hins vegar veit ég, að möguleikarnir á því eru ekki sérstaklega miklir, þar sem ríkisstj. mun nú vafalaust beita sínum sterku handjárnum við marga þm. sína til þess að hindra, að hægt sé að setja fyrir lekann, til þess að hindra, að hægt sé að leggja nú fram fé til að ráða bót á þeirri kreppu, sem yfir dynur á þessu ári, áður en hún er komin í algleyming.

— En ég hef hér að síðustu flutt eina litla till., sem hæstv. forseti lýsti áðan, af því að hún er of seint fram komin og skrifleg. Ég flyt hana ásamt hv. þm. Seyðf., hv. þm. Dal. og hv. 3. landsk. Það er um að veita á 15. gr. til Magnúsar Guðnasonar 5000 kr. til þess að gera honum mögulegt að varðveita tæki, sem hann hefur fundið upp. Þessi gamli maður er einn af þeim mörgu Íslendingum, sem hafa mikið hugvit til að bera, en hafa verið sjómenn eða verkamenn allt sitt líf og aldrei haft efni á því að ganga á æðri skóla til þess að fá þá menntun, sem þyrfti til þess að hagnýta í okkar tækniþroskaða þjóðfélagi þá gáfu, sem þeir hafa frá náttúrunnar hendi. Þessi maður, sem nú er kominn á efri ár, hefur mikið fengizt við ýmsar uppfinningar um ævina, bæði viðvíkjandi landbúnaðartækjum, vélum í báta, heimilistækjum og öðru slíku, og hafði fyrir tveim árum sýningu á þessum tækjum sínum í þjóðminjasafninu. Meðal þeirra voru t. d. ýmis merkileg hljóðfæri, sem m. a. ollu því, að Páll Ísólfsson reyndi mikið að gera fyrir þennan mann. Hann hefur ekki getað gert neina peninga úr þessum tækjum sínum. Það þarf venjulega nokkuð mikið til þess, að mönnum takist það. Það kostar nokkuð mikið fé að ganga þannig frá tækjum, gera allar þær tilraunir, sem þarf með, til þess að þau beri þann árangur, sem gefi uppfinningamönnum fé í aðra hönd, enda er reynslan sú, að flestir og jafnvel sumir af mestu uppfinningamönnum mannkynsins hafa farið sem fátækir menn í gröfina. Nú er ég hins vegar ekki að fara fram á, að farið sé að taka þennan mann sem fastan lið inn á fjárl. og veita honum fastan styrk, heldur veit ég, að hans efnahagskringumstæður eru þannig, að hann býr í ákaflega slæmu húsnæði og getur ekki geymt þessi tæki sín. Hann sér ekkert annað fram undan en að hann verði að eyðileggja þau. Að vísu getur hann fengið að geyma þau uppi á lofti máske í Atvinnudeild háskólans, en til þess að geta geymt þau þar þyrfti að minnsta kosti að slá utan um þau einhverjum kössum. Og þótt aldrei hafi neitt verið hægt að gera fyrir þennan mann, til þess að hægt væri að nota það hugvit, sem hann áreiðanlega hefur til að bera, þá held ég, að það minnsta, sem við gætum gert, væri að hjálpa honum til þess að slá þannig utan um þessi tæki sín, að þau yrðu ekki öll saman eyðilögð, hann neyddist ekki til þess að eyðileggja þau. Það getur hver sett sig í spor manns, sem hefur varið miklu af öllum sínum fristundum frá almennri verkamanna- og sjómannavinnu til þess að reyna að finna upp svona tæki, hvað það þýði að verða svo að enda ævina með því að eyðileggja þau öll saman, af því að hann hafði ekki einu sinni efni á að geyma þau nokkurs staðar. Ég veit, að það er í mörg horn að líta með okkar 400 millj. kr. fjárlög, en ég held, að við ættum að geta séð af 5 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll til manns, sem reynt hefur þó að vinna á sinn hátt fyrir okkar atvinnulíf. Og e. t. v. verður einhvern tíma eitthvað að gagni af því, sem honum hefur dottið í hug, það einkennilegar eru hans uppfinningar. Ég held, að það væri það minnsta, sem við gætum gert fyrir hann, að veita honum þessa viðurkenningu í eitt skipti fyrir öll og láta hann fá þetta fé til þess að útbúa kassa utan um tækin sín og lofa honum að geyma þau. Ég veit, að hæstv. fjvn. fékk að sjá myndir af þessu, en það segir ekki stórt. Ég vildi þess vegna leyfa mér að vona, að þessi litla till. okkar fjórmenninganna um þessar 5 þús. kr. yrði samþykkt.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 606, fjárl. 1953, frá fjmrh.

„Við tölul. 5. Till. orðist svo: Við 2. gr. 16. (Söluskattur). Fyrir „83 millj." kemur: 89 millj. og 500 þús."

Þessi till. bíður einnig afbrigða.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég á hér eina brtt., nr. 5 á þskj. 601, og vil aðeins minnast fáum orðum á tildrög hennar. Hún er 15 þús. kr. að upphæð og ætluð til að gera bryggju á Skarðstöð. Skarðstöð er bezta höfnin í Dalasýslu. Allaðdjúpt er þar, og ísalus er hún á flestum vetrum. Þar var áður verzlun allmikil, og liggur þjóðvegurinn niður að henni. Hún er röska bæjarleið frá kolanámunum á Tindum, en aðeins kílómetra spöl frá Skarðsnámunni, þeirri er bezt hefur reynzt til kolavinnslu hérlendis, en þar var kolavinnsla á fyrri styrjaldarárunum. Nauðsyn er nú þarna lendingarbóta, og voru veittar fyrir nokkrum árum 13 þús. kr. til aðgerðar fornri trébryggju, sem þar er, en ekki var hafizt handa um framkvæmdir, og var því 10 þús. kr. af upphæðinni, sem var geymslufé, varið með samþykki fjárveitingavaldsins til bryggjugerðar við Hjallanes hjá Staðarfelli. Nú fyrir nokkru hafa Skarðstrendingar tjáð mér, að þeir á næsta sumri vilji efna til bryggjugerðar í Skarðstöð, og segja, að við svo búið megi ekki standa, ef hægt eigi að verða að lenda bát í Stöðinni.

Ég gerði ráð fyrir því, að fást mundi smávegis fjárveiting, þótt seint væri sótt, því að bæði var það, að Skarðstöð átti í raun og veru fé inni hjá ríkissjóði, er því var með samningi varið til annarra lendingarbóta, Skarðstrendingum að engu gagni, og í öðru lagi það, að ekki mundu 15 þús. kr. verða taldar of hár tveggja ára skattur til lendingarbóta fyrir kjördæmið, því að ekkert lendingar- eða hafnarbótafé var sýslunni veitt á síðustu fjárl. og ekkert er veitt nú. Mun það einsdæmi um sýslu, að svo sé að henni búið, að engu sé sinnt beiðni hennar um smástyrk, er hún líka sýndi þá hógværð í fyrra að beiðast einskis til lendingarbóta. Þess má og geta, að vitamálastjóri er meðmæltur till., eins og vist mátti telja um jafnglöggan og réttsýnan embættismann.

Þrátt fyrir allar þessar ástæður og aðstæður hefur hinni hv. fjvn. ekki þóknazt að taka styrkbeiðni þessa til greina og ber því við sem einustu ástæðu, að beiðnin hafi of seint komið fyrir hana, en síðan hefur hún þó afgreitt ófáar fjárveitingar. Óskir um þetta bárust mér alveg nýlega, og ég varaðist ekki þessa skyndilokun n.

Við hv. fjvn. hef ég það að segja, að þótt henni sé að nokkru allvel farið, þá hefur hún allt of oft haft í huga spakmæli Bjarna Thorarensens skálds: „Maður, líttu þér nær." Þótt nú ýmsir fjvn.-menn vilji sýna ágæti sitt og framtak einstaklingsins eða, eins og nokkrir orða það, sam-

ábyrgðarinnar við fjáröflun fyrir kjördæmi sín, þá vona ég í lengstu lög, að n. bregði ekki fæti fyrir þetta þarfa- og réttlætismál, þótt Dalasýsla eigi ekki sérstaka málsvara í hinni virðulegu n.

Fari svo, að sumir fjvn.-menn reynist skeleggari til skemmda við till. en skilsemi fyrir ríkissjóð og snúist öndverðir gegn henni, heiti ég á aðra þm. að styðja till.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. hafa tekið eftir, þá kemur hæstv. fjmrh. og hv. form. fjvn. nokkurn veginn saman um það, að jöfnunartölur fjárl. hljóti að lokinni afgreiðslu að verða eitthvað milli 420 og 430 millj. kr. Ég get því vel skilið það, að ýmsum finnist, að boginn sé það hátt spenntur orðinn, að ekki sé álitlegt að bæta stórum upphæðum við, þó að ég hins vegar telji rétt að vekja athygli á því, að margt, sem nauðsynlegra er heldur en það, sem er inni í frv. af till. þessara háu aðila, hefur af þeirra hálfu verið látið ógert að bera fram till. um og ýmsar af þeim till., sem koma annars staðar frá, eru bein tilraun til þess að bæta úr því.

Sjálfur hef ég ekki till. um að auka á útgjöldin, nema þær, sem fram eru bornar á þskj. 603, 3. og 4. till., og eru þær báðar svo smáar, að það liggur við, að ég beri kinnroða fyrir að nefna svo litlar tölur hér á þessari háu samkomu.

Fyrri till. er þess efnis, að fjárveitingin til Alþýðusambands Íslands verði hækkuð úr 50 þús. kr. og upp í 100 þús. kr., og meðflm. að þeirri till. er hv. 8. landsk. (StJSt). — Ég ætla, að það þurfi ekki mörg orð til að rökstyðja þessa till. Inni í frv. er nú og var tekin með samþykki allra þm. hér á síðasta þingi 50 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni. Þar með hefur og Alþ. viðurkennt, að það sé ákaflega þýðingarmikið, ekki einasta fyrir þessi samtök og þennan félagsskap, að þar sé haldið uppi einbeittri og öflugri fræðslustarfsemi, heldur sé það líka þýðingarmikið fyrir landsfólkið og landsbúa í heild sinni, og það er það, sem það vissulega er. Þessi fjárveiting er veitt eingöngu til fræðslustarfsemi um félagsmál og annað, sem þar að lýtur, og er vissulega hin mesta nauðsyn á því, að slíkt sé ekki vanrækt. Hér er um félagsskap að ræða, sem telur á milli 20 og 30 þús. meðlimi, án efa fjölmennasta félagsskap á landinu, sem að ýmsu leyti getur haft og hefur áhrif á þjóðfélagið og hvernig mál þess lúkast. Ég vil því mjög eindregið mæla með því, að þessi upphæð sé hækkuð eins og till. mín segir, og tel, að þó að það yrði gert, þá sé samt skemmra gengið en æskilegt hefði verið og eðlilegt.

Hin till., sem er nr. 4 á sama þskj., er þess efnis, að fjárveiting sú, sem nú er í frv. til Leikfélags Reykjavíkur, óbreytt frá síðasta ári, ef ég man rétt, 30 þús. kr., verði hækkuð upp í 50 þús. kr. Öllum ber saman um, að starfsemi Leikfélagsins, leikritaval og leikafrek hafi yfirleitt verið með hinum mestu ágætum og batnandi hjá Leikfélagi Reykjavíkur hin seinni ár. Þegar litið er til annarra fjárveitinga í sama skyni, er það augljóst, að hlutur Leikfélagsins er mjög fyrir borð borinn og þar með vanmetið það starf, sem það hefur innt af hendi og er líklegt til að inna af hendi í framtíðinni. Ég sé, að það muni vera óþarfi af mér að mæla fyrir þessu, því að á þskj. 623 er brtt. við sama lið fjárl. frá hv. borgarstjóranum í Reykjavík og einum ráðamanni í bæjarstjórninni þar, þeim þm. Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein. Aðaltill. þar er 60 þús. kr., eða 10 þús. kr. hærri en till. mín, og með tilliti til þess, sem ég áðan sagði, þá get ég greitt þeirri till. atkvæði, því að ég geri ráð fyrir, að hún komi á undan. Hæstv. forseta vildi ég svo leyfa mér að benda á, að varatill. þessara hv. þm. er um sömu upphæð og till. mín er, og ég hygg, að samkvæmt þingsköpum sé trauðla hægt að bera þær till. upp báðar, og vil beina því til hæstv. forseta, að hann athugi það fyrir atkvgr. En ég tel víst, að þessir ágætu þm. bæti við því, sem á kann að vanta, að ég beri það lof á Leikfélagið og starfsemi þess, sem það vissulega á skilið, en að ég ekki geri það, er bæði vegna væntanlegs stuðnings frá þeim og einnig vegna þess, að ég veit, að hv. þm. er þetta efni vel kunnugt.

Nokkrum af brtt. þeim, sem bornar eru hér fram, þykir mér ástæða til þess að vekja athygli hv. þm. á.

Á þskj. 618 er brtt. frá Bjarna Benediktssyni um undirbúning að nýrri vegagerð á Þingvöllum, þannig að vegurinn verði fluttur úr Almannagjá. Ég vil hið bezta mæla með þessari till. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það væru vandræði að hafa veginn í gegnum gjána, fyrst og fremst vegna þess, að það á að vera friðaður staður, en það er ómögulegt með þeirri bílaumferð, sem um gjána er, og ég skal ekki tefja tímann með því að benda á aðrar leiðir, þar sem leggja ætti veginn. Hæstv. ráðh. hefur bent á eina, að byggja brú yfir gjána. Önnur er til, og hún er að keyra efri barminn alla leið inn á veginn upp að Kaldadal og sveigja niður Fögrubrekku niður á Þingvelli aftur, sem er ljómandi falleg leið, en að vísu dálítið lengri. En það er ekki aðalatriðið, hvor leiðin verður valin. Mér finnst, að þessi hugmynd sé mjög athyglisverð, og vil mæla með þessari till.

Á þskj. 606 eru till. hæstv. fjmrh., sem standa í sambandi við lausn vinnudeilunnar. Þar er 9. till., að fjárveitingin til almannatrygginga hækki upp í 32 millj. Ég vil benda á, að miðað við þá vísitölu, sem nú er greitt eftir, 158, er þessi upphæð hér um bil 300 þús. kr. of lág. Það skiptir að vísu ekki höfuðmáli. Ég mun ekki bera fram brtt. við þetta, vegna þess að það er marzvísitalan, sem ákveður vísitölu framlagsins, og verður að sjálfsögðu reiknað eftir henni, eins og lög mæla fyrir. En miðað við þá vísitölu, sem nú er greitt eftir, 158, þá er upphæðin um 300 þús. kr. of lág.

Samkv. till. hv. fjvn. er lagt til, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir ýmis einkafyrirtæki, samtals fyrir upphæðum, sem nema um 24 millj. kr., og stærstu upphæðirnar þar eru, ef ég man rétt, Slippfélagið í Reykjavík með 6 millj. og Flugfélag Íslands með 14 millj. Mig furðar á því, að ekki skuli hafa verið fyllri rökstuðningur fyrir þessum till. eða meiri heldur en sá, sem hv. form. fjvn. flutti hér. Ég hefði haldið, að hæstv. ríkis-

stj. hlyti að telja ástæðu til þess að gera hv. Alþ. grein fyrir því, sem í þessum till. felst, en ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða það, að hér sé tekin upp alveg ný stefna á Alþ., að ábyrgjast slíkar upphæðir sem hér er um að ræða fyrir einkafyrirtæki. Ég mun ekki greiða atkv. gegn þessum till., en ég sakna þess, að ekki skyldi vera gerð grein fyrir þessari stefnubreytingu, sem hér er upp tekin. Og ég vil bæta því við, að ég fæ ekki með nokkru móti séð, úr því að út á þessa braut er komið, að hæstv. ríkisstj. geti látið við það sitja, sem hér er komið. Ég veit ekki betur en að hitt flugfélagið, Loftleiðir, hafi hinn fyllsta hug á og án efa svipaða möguleika og Flugfélag Íslands til þess að afla sér millilandaflugvélar, og þeir hafa lengur en Flugfélag Íslands rækt þá starfsemi af miklum dugnaði, og ég fæ ekki séð, ef öðru félaginu er veitt slík ábyrgð sem þessi, hvernig nokkur möguleiki er á því að neita hinu félaginu, sem að vissu leyti á eðlilegri rétt til slíks stuðnings heldur en Flugfélag Íslands, um sams konar ábyrgð. Ég vil vekja athygli á því í fyrsta lagi, að hér er farið inn á nýjar brautir, og í öðru lagi, að nú strax á þessu þingi virðist mér mjög örðugt annað en að taka skrefið lengra en hér er gert, úr því að á annað borð þessi háttur er upp tekinn.

Í till. hv. fjvn. á þskj. 567 er 33. till. þess efnis, að Búnaðarbanka Íslands skuli endurlánað fé, sem svarar til þeirra afborgana og vaxta, sem í till. segir. Þetta er með mjög óvenjulegum hætti upp tekið, í fyrsta lagi að ákveða um lán af hálfu ríkissjóðs með einföldu fjárlagaákvæði í heimildagr., eins og hér er, og það er ekki síður furðulegt, að hvergi sést á till., um hvaða upphæð þarna er að ræða. — Á þskj. 602 er till. frá minni hl. fjvn., sem skýtur nú meiri hl. eða n. allri mjög ref fyrir rass, því að það er ekki um neitt lán að ræða þar, heldur beinlínis að breyta í óafturkræft framlag til bankans, að mér skilst, sömu greiðslu og vísað er til í 33. till. hjá hv. fjvn., en á þskj. 602, hjá hv. minni hl., eru þessar upphæðir taldar upp og nema samtals 29.8 millj. kr. Mig furðar á því, þegar um slíka upphæð sem þessa er að ræða, að ekki skuli borið fram að venju frv. þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að veita þetta lán, en því skuli vera laumað hér inn í brtt. við 22. gr., án þess einu sinni að gefa nokkrar upplýsingar um, hvaða upphæðir er hér um að ræða. Ég vildi mjög mælast til þess, að horfið yrði frá slíkum vinnubrögðum sem þarna er um að ræða. Þau eru alls ekki Alþ. sæmandi og æskilegt, að ekki yrði framhald á slíku.

Á þskj. 609, frá 2. minni hl. fjvn., eru till., sem ég yfirleitt mun fylgja og þarf því ekki annað um þær að segja heldur en að vísa til framsögu hv. 2. minni hl. Þó er ein till., till. 12, um eftirlaun til tveggja manna, sem ég vildi segja nokkur orð um, þ. e. a. s. aðra till., til Jónasar Tómassonar tónskálds. Ég hygg, að allir, sem til þekkja, geti verið á einu máli um það, að ef ástæða er til þess að ætla nokkrum manni íslenzkum eftirlaun í fjárl. umfram það, sem hann á rétt til hjá almannatryggingunum, þá er það einmitt þessi maður. Hann er kominn á áttræðisaldur, hefur unnið mikið — mér liggur við að segja ómetanlegt starf — í þágu söngmenntar og tónlistar hér í landinu, hverjum manni óeigingjarnari og hefur lagt þetta á sig af áhuga fyrir samborgurum sínum og þeirri list, sem hann ann af heilum hug. Ég hefði kosið, að þessi upphæð væri nokkru hærri en hér er gert. Hann er lagður hér að jöfnu við Björgvin Guðmundsson, eða þá fjárveitingu, sem honum er ætluð í yfirstandandi fjárl. og verður víst áfram, og mun ég því ekki flytja brtt. við það, en ég vil segja það af miklum kunnugleik á þessum manni og hans starfi, að mér finnst sjálfsagt, að honum séu veitt sómasamleg eftirlaun, og tel nú, að sú upphæð, sem þarna er, sé lægri en vera ætti, en það mætti þá kannske fá það lagfært síðar. Ég vil hið bezta mæla með því, að þessi till. verði samþ. — Þá hef ég lokið máli mínu.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður, þar sem er ráðið að gefa fundarhlé eftir nokkrar mínútur.

Á þskj. 618 flyt ég ásamt hv. 2. þm. N-M. brtt. við 15. gr. fjárlfrv., XXII. lið, sem gengur út á það, að Leikfélag Akureyrar fái í styrk 15 þús. kr. í staðinn fyrir 9 þús. kr., sem félagið hefur haft undanfarandi ár. — Eins og öllum er kunnugt, þá á leikstarfsemin úti á landi víðast hvar við mjög mikla erfiðleika að etja. Slík starfsemi gefur af sér litla peninga, en kostnaður mjög mikill. Ég tel nú, að það sé skýrast í þessu máli, að ég lesi upp beiðni frá Leikfélaginu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af umsókn vorri um hækkaðan styrk til Leikfélags Akureyrar, viljum við gefa hv. fjvn. örstutta grg. yfir afkomu félagsins á liðnu leikári. Samkv. niðurstöðutölum rekstrarreiknings hefur orðið taprekstur á árinu, er nemur 21 þús. kr., og er þá allur styrkur yfirstandandi árs kominn inn á reksturinn. Félagið hafði á árinu 30 sýningar á þremur leikritum, og voru öll leikritin valin með tilliti til þess, að leiksviðskostnaður þeirra var mjög lítill, miðað við það, sem algengt er og er á stærri leikritum, enda varð hann ekki nema um 6 þús. kr. Hins vegar varð húsaleiga 28 þús. kr. og leikstjórn um 17 þús. kr. Félagið hefur greitt allt að 7500 kr. í skemmtanaskatt á árinu. Allur kostnaður við leikstarfsemi hefur farið stórum hækkandi nú síðustu árin, en aftur á móti virðist aðsókn fremur minnkandi og þar með tekjurnar. Af framansögðu verður séð, að ógerlegt er að halda starfseminni gangandi, nema til komi aukið framlag frá opinberum aðilum. Væntum við þess því fastlega, að hv. fjvn. sjái sér fært að verða við óskum félagsins í þessu efni."

Af þessu bréfi kemur það skýrt í ljós, að hagur Leikfélagsins er mjög bágborinn, og þurfa því opinberir aðilar að hlaupa undir bagga, ef félaginu á að vera unnt að halda starfsemi sinni áfram. Allir kunnugir vita það, að félag þetta hefur starfað með ágætum og hefur yfir góðum kröftum að búa, svo að það yrði verulegt tjón fyrir menningarlíf bæjarins, ef starfsemi þess þyrfti að minnka, svo að verulegu næmi.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri, en ég treysti því, að hv. Alþ. komi til móts við óskir félagsins og hækki styrkinn upp í 15 þús. kr., og finnst mér, að þar sé farið af

stað með mjög mikilli sanngirni, þegar m. a. er litið á það, að Leikfélag Reykjavíkur hefur á s. l. ári haft í styrk frá Alþ. um 30 þús. kr.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt ný skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. Árn. (JörB) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ):

„Við 15. gr. A. XI. Nýr liður: Til Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti, vegna brunatjóns og í viðurkenningarskyni, 10 þús. kr.“

Þá er fundi frestað þangað til 10 mínútum fyrir 12. — [Fundarhlé.]

Mér hafa borizt hér enn á ný skriflegar brtt.

Það er í fyrsta lagi frá hv. 3. landsk. þm. (GÞG):

„1. Við brtt. 567,9. (Við 14. gr. B. II. — Til styrktar ísl. námsmönnum erlendis). Fyrir „1575 þús.“ kemur: 1875 þús.

2. Við 15. gr. A. X. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Fyrir „630 þús.“ kemur: 830 þús.

3. Við 20. gr. Út. XII. 4. Nýr liður: Til byggingar heimavistarskólahúss við menntaskólann í Reykjavík 1 millj.“

Þá er hér enn fremur brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (MJ), hv. 1. þm. Árn. (JörB), hv. 3. landsk. þm. (GÞG) og hv. 10. landsk. þm. (JÁ):

„Við 15. gr. A. IX. 17. Liðurinn orðist svo: Til Norræna félagsins 15 þús., þar af 7 þús. kr. vegna móttöku norrænna kennara sumarið 1953.“

Þá er enn fremur brtt. frá hv. 3. landsk. þm. (GÞG) og hv. 4. þm. Reykv. (HG):

„Við 17. gr. 9. (Sumardvalarheimili). Fyrir „100 þús.“ kemur: 250 þús. kr.“

Enn fremur brtt. frá fjvn.:

„Við 22. gr. VIII. Nýr liður: Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.“

Brtt. frá meiri hl. fjvn.:

„Við 15. gr. A. X. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Fyrir „4 manna nefnd“ kemur: 3 manna nefnd.“

Þá vantar hér afbrigði fyrir nokkuð mörgum þskj., þ. e. þskj. 609, 610, 616, 618, 619, 620, 621, 622, 623, 624, og svo þeim skriflegu brtt., sem hér hefur verið lýst og ekki hafa þegar komið prentaðar á þeim þskj., sem ég hef nú lýst. Fyrir öllum þessum þskj. þarf að fá afbrigði, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 609, 610, 616, 618, 619, 621, 622, 623 og 624, sem voru of seint fram komnar, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 625, 626, 627, 629 og 631) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég og hv. samþingismaður minn höfum leyft okkur að bera fram brtt. við 15. gr. A. XI., það er nýr liður, til Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti, vegna brunatjóns og í viðurkenningarskyni, 10 þús. kr. Hv. þm. rekur ef til vill minni til þess, að í vetur var sagt frá því í blöðunum, að bærinn Brattholt hafi brunnið til grunna. Nokkurt tjón varð á útihúsum, sem stóðu við bæinn. Ég hygg, að Sigríður Tómasdóttir sé þjóðkunn kona, a. m. k. hjá eldra fólki á landi hér. Hennar hefur verið getið fyrir alllöngu, og svo nú, þegar þetta tjón á heimili hennar vildi til, þá var þess getið í blöðunum og vikið nokkuð að ævi hennar. Þetta er orðin háöldruð kona, komin nokkuð yfir áttrætt. Hún er fædd og uppalin og hefur unnið alla sína ævi á þessu heimili.

Eins og kunnugt er og hv. alþm. vafalaust þekkja, þá er bærinn Brattholt rétt við Gullfoss. Þessi kona hefur því alizt upp við fossinn, hlustað á hans nið, ómur hans hefur festst henni í huga. Ég hygg, að ef til vill hafi þeir ómar, sem til fossins má heyra, mótað hug hennar og hjarta. Svo mikið er víst, að þessi kona er rammíslenzk. Þegar hún var á góðum aldri, þá kom til orða að leigja Gullfoss erlendu félagi, sem hafði tekið hér vatnsréttindi á leigu og ætlaði sér að virkja fallvötn hér. Faðir Sigríðar hafði gengið alllangt í því að leigja Gullfoss, þann hluta hans, sem heyrði til hans jörð og hann átti, þ. e. helming fossins. Sigríður undi þessu illa og lét í ljós við föður sinn, þegar hann kom úr þessari ferð, að þetta hefði hann aldrei átt að gera, fossinn, þótt ekki væri hann numinn í burtu, ætti að vera íslenzkur eins og hann hefði ætíð verið og í þjónustu Íslendings, en einskis annars. Sigríður tókst ferð á hendur til Reykjavíkur og fann umboðsmenn þessa erlenda félags og vildi fá hætt við þennan samning og samningunum rift, ef það væri að fullu frá þeim gengið. Þessu var treglega tekið af þeim, sem réttindin höfðu fengið, og stóð svo alllengi. Að lokum fór þó svo, að Gullfoss var áfram í eigu jarðarinnar, og þeir samningar, sem eitt sinn voru gerðir, voru upp hafnir, svo að hann var óskertur eign þeirra jarða, sem að honum liggja. Ég minnist þess eitt sinn, þegar þessi málefni fossins voru til meðferðar, að þá lagði Sigríður land undir fót og lagði gangandi af stað til Reykjavíkur. Annan farkost hafði hún ekki þá, og gaf ekki um það, til þess að sinna þessum málum.

Nú eru foreldrar Sigríðar fyrir löngu látnir. Fóstursonur hennar býr á þessari jörð, og þrátt fyrir háan aldur er gamla konan hans önnur hönd. Svo undi hún illa að vera fjarvistum frá þessu heimili sínu, að ekki gat hún hugsað til þess, þó að bærinn væri brunninn ofan af henni, að dvelja hjá frændfólki sínu skammt í burtu, — ég ætla, að hún hafi verið þar aðeins tvær nætur eða svo, þá fór hún heim. Hefur nú verið innréttað í útihúsi ofur lítið skýli fyrir heimilisfólkið, og vafalaust unir Sigríður miklu betur þessu hlutskipti, þó að vistin mundi ekki vera talin samkvæmt nýjustu tízku, heldur en þótt hún hefði haft betri salarkynni, ef hún ætti að vinna það til að vera fjarvistum við heimilið.

Það hugarþrek, sem fram hefur komið hjá Sigríði, manndómur hennar og þjóðrækni, sem þeir vitaskuld þekkja bezt, er hafa haft persónuleg kynni af henni, eru þess virði, álít ég, að Alþ. sýni henni þennan virðingarvott, þegar svona er nú komið högum hennar, að hún er nú orðin húsnæðislaus og á lítil efni, eins og er um margt alþýðufólk, sem lengi ævi hefur unnið sínum án þess að taka skilding fyrir, og hefur unnið því heimili nú í seinni tíð, hjá fóstursyni sínum, án þess að hirða um gjald. Við þm. Árn. berum

þessa till. fram miklu meira í því skyni, að það sé viðurkenning fyrir hennar góða þegnskap sem íslenzkur þegn, heldur en beinlínis að bæta henni upp tjónið. Ég er viss um, að það gleður konuna líka miklu meira að vita, að það, sem gert verður, er fremur af þeim huga gert heldur en beinlínis að bæta henni fjárhagslega tjónið, þó að vissulega það sé mikið atriði, eins og þarna stendur á, að líðan hennar hér eftir, það sem hún kann að eiga eftir ólifað, geti verið sæmileg hvað húsakostinn snertir.

Ég vænti, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa till. Tæpast þarf að óttast það fordæmi með slíkri samþykkt, að það verði hægt oft að bera hér fram till., sem byggist á líkum grundvelli og þessi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að mæla á ný með þeim brtt., sem ég flutti sumpart einn og sumpart með öðrum við 2. umr. fjárl., læt mér nægja að vísa til þeirra orða, sem ég mælti fyrir þeim þá. En ég hef nú við þessa umr., sumpart einn og sumpart ásamt öðrum, flutt nokkrar brtt., sem mig langar til þess að mæla með örfáum orðum.

Ég vil nefna fyrst till. um 1 millj. kr. byrjunarfjárveitingu til byggingar heimavistarhúss fyrir menntaskólann í Reykjavík. Það var skrifleg brtt., sem forseti lýsti rétt áðan. — Í fjárl. er nú og hefur undanfarið verið veitt fé til byggingar nýs húss fyrir menntaskólann í Reykjavík, en í því sambandi hefur ekki verið fyrir því hugsað að gera utanbæjarnemendum, sem nám stunda við skólann eða vilja stunda nám við skólann, kleift að njóta húsnæðis og annars viðurgernings á vegum skólans. Þeir, sem stunda nám í menntaskólanum á Akureyri, eru miklu betur settir hvað það snertir, en við menntaskólann á Akureyri er nú ein stærsta heimavist, sem er við nokkurn skóla á landinu. Menntaskólinn í Reykjavík er þó allmiklu stærri skóli en menntaskólinn á Akureyri og einn stærsti framhaldsskóli landsins. Það má því ekki lengur við svo búið standa, að þeim utanbæjarnemendum, sem þar vilja og þurfa að stunda nám, sé enginn kostur veittur á því að búa á vegum skólans. Til skamms tíma var nokkur hluti af húsi menntaskólans notaður sem heimavist fyrir utanbæjarnemendur, en þrengsli í húsinu hafa orðið þess valdandi, að því er hætt, og er nú allt húsnæðið notað í þágu kennslunnar beinlínis. Ég tel, að það verði að hefjast handa um að hrinda í framkvæmd byggingu heimavistar við menntaskólann í Reykjavík, og vænti þess, að hv. þm. taki þessari till. vel sem byrjunarfjárveitingu í slíku skyni.

Ég hef enn fremur flutt till. um 300 þús. kr. hækkun á fé því, sem veitt er til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis. Í till. hv. fjvn. er ráð fyrir því gert, að 300 þús. kr. af því fé, sem ætlað er námsmönnum erlendis, sé varið til námslána. M. ö. o., styrkur til íslenzkra námsmanna erlendis á að minnka um 300 þús., en lán að koma í staðinn. Ég legg til, að styrkurinn haldist óbreyttur, en námslánið til íslenzkra námsmanna erlendis komi sem viðbót við það fé, sem veitt er til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis. Almennan rökstuðning fyrir þessu skal ég hafa lítinn. Reynslan hefur sýnt það, að því fé, sem varið er til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis, er ekki á glæ kastað. Því er vel varið. Þar er verið að leggja fé á góða vöxtu, og það fé, sem til þess hefur verið varið, hefur skilað góðum vöxtum til íslenzks þjóðfélags.

Ég hef einnig lagt til, að upphæð sú, sem veitt er til skálda, rithöfunda og listamanna, hækki um 200 þús. kr. Það fé, sem veita á, er 630 þús. Undanfarin ár hefur komið í ljós, að n. þeirri, sem úthlutað hefur fénu, hefur fundizt sér of þröngur stakkur skorinn og hún hefði gjarnan viljað hafa talsvert miklu meira fé til að úthluta. Sem betur fer er íslenzku menningarlífi þannig háttað, að til eru margir menn, sem eiga fyllilega skilið að njóta slíkrar viðurkenningar af hálfu ríkisvaldsins, og það er æskilegt að geta haft þá viðurkenningu nokkru meiri og láta hana ná til nokkru fleiri aðila en hægt hefur verið og hægt mun verða með þeirri fjárveitingu, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. eins og það er nú.

Þá flyt ég ásamt hv. 4. þm. Reykv. till. um það að hækka tillag til sumardvalarheimila fyrir börn í kaupstöðum og kauptúnum úr 100 þús. upp í 250 þús. Sú starfsemi, sem rekin hefur verið til þess að gera efnalitlum kaupstaðabörnum kleift að dveljast nokkurn tíma í sveit að sumarlagi, hefur verið mjög vinsæl og borið mjög góðan árangur. Þarf ekki um það að orðlengja, hversu mikils virði það er fyrir börn úr kaupstað að eiga kost á nokkurri dvöl á góðu sumardvalarheimili. Það getur haft mikla þýðingu fyrir þroska barnsins, og væri mjög æskilegt, að hægt væri að auka þá starfsemi, sem stunduð hefur verið á þessu sviði og rekin hefur verið af mikilli prýði af ýmsum aðilum. Fyrir því er lagt til, að þessi liður hækki um 150 þús. kr.

Þá er ég og meðflm. ásamt þrem öðrum þm. að till. um að hækka tillag til Norræna félagsins um 7 þús. kr. vegna móttöku norrænna kennara á næsta sumri. Styrkurinn til Norræna félagsins er í gildandi fjárlagafrv. 8 þús. kr., var hækkaður um 3 þús. kr. við 2. umr. málsins. Norræna félagið hefur með höndum mjög mikla starfsemi til þess að auka kynni milli Íslands annars vegar og hinna Norðurlandanna hins vegar og vildi gjarnan hafa hana miklu meiri en það á kost á sökum fjárskorts. Íslendingar njóta mikillar fyrirgreiðslu erlendis á vegum norrænu félaganna í hinum Norðurlöndunum. Ýmsir aðilar taka þátt í margs konar mótum og námskeiðum við mjög vægu gjaldi sökum fyrirgreiðslu hinna norrænu félaganna. Íslenzka Norræna félagið hefur reynt að veita sams konar fyrirgreiðslu hér, eftir því sem fjárhagsástæður hafa leyft, en því hefur því miður þurft að skera miklu þrengri stakk en æskilegt væri. Þess má geta, að nú á síðasta ári fór mjög verulegur hópur íslenzkra ungmenna til námsdvalar í hinum Norðurlöndunum, yfir 20 íslenzkir unglingar, sem eru að langmestu leyti kostaðir af hinum norrænu félögunum. Hefur verið áætlað, að námskostnaður þessa unga fólks muni nema um fjórðungi úr milljón kr., sem þannig er í raun og veru fram-

lag norrænu félaganna í hinum Norðurlöndunum til aukinnar kynningar milli Íslands annars vegar og þeirra hins vegar. Þegar um er að ræða jafnstórt tillag og þetta til gagnkvæmrar kynningar Norðurlandanna af hálfu þeirra til Íslands, þá má það vera ljóst, að æskilegt væri, að við gætum gert eitthvað svolítið meira í endurgjaldsskyni en við gerum. Sá styrkur, sem félagið hefur haft undanfarin — ég held að minnsta kosti 10 ár, að upphæð 5 þús. kr., var auðvitað miklu hærri tiltölulega, þegar hann fyrst var lögtekinn. Verðgildi hans hefur rýrnað mjög verulega sökum lækkandi peningagildis. Í raun og veru ætti Norræna félagið að fá miklu meiri styrk núna en hér er farið fram á, ef halda hefði átt í horfinu. Fram á það er þó ekki farið, heldur einvörðungu lagt til að hækka styrkinn um einar 7 þús. kr. og það sérstaklega bundið við kostnað, sem félagið mun væntanlega hafa á næsta sumri vegna móttöku norrænna kennara, sem munu koma hingað til lands til móts eða námskeiðs, og vænti ég, að hv. alþm. taki á þessu máli með þeirri velvild, sem mér finnst það eiga skilið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt. við þessa umr. fjárl. Önnur er á þskj. 601,4 og er um það að hækka framlag til Skagastrandarhafnar úr 70 þús. í 150 þús. Ég sótti til hv. fjvn. um 300 þús. kr. til þessa mannvirkis, og það er ekki miðað við að bæta þar neinu við frá því, sem verið hefur, heldur til þess að gera þau mannvirki, sem þegar hefur verið byrjað á, þannig úr garði, að þau liggi ekki að neinu leyti meir undir skemmdum eins og nú er. Að nokkru leyti er fremsti hlutinn af hafnargarðinum óklár vegna fjárskorts, og að nokkru leyti er þetta vegna þess, að önnur aðalbryggjan, sem við hafnargarðinn er, liggur undir skemmdum, og þarf þess vegna töluvert meira fé til heldur en ætla má að hægt verði að fá, ef framlagið er ekki hærra en 70 þús. kr., enda er það mjög mikið lækkað frá því, sem áður hefur verið, að nokkru leyti vegna þess, eftir því sem mér hefur skilizt, að þessi hafnargerð hefur lent í fjárhagsvandræðum og ríkið þess vegna orðið að borga afborganir af skuldum hennar, sem stafar af þeim alkunnu ástæðum, að fyrir Norður- og Vesturlandi hefur verið mjög mikill aflabrestur undanfarin ár og tekjur slíkra mannvirkja þar þess vegna verið mjög miklu minni en gert var ráð fyrir. Ég vil þess vegna mega vona, að hv. þm. taki þessari till. með velvilja.

Þá höfum við allir forsetar Alþ. flutt hér brtt. á þskj. 619, sem er nýr liður á 22. gr. og fjallar um það að heimila ríkisstj. að láta flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, sem nú standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþ. lóðina í té til að stækka þinghúsgarðinn eða til annarra afnota. Fyrir nokkrum árum var reist á þessari lóð bráðabirgðahús, sem svo var kallað og ber nafnið Listamannaskáli, og þá var því mótmælt af hálfu forráðamanna Alþ. að gera þá ráðstöfun. Enn fremur er á þessari lóð timburhús, frekar óvandað timburhús, þar sem nú er til húsa Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Þannig stendur á, að nú er verið að byggja stóra heilbrigðisstofnun fyrir Reykjavíkurbæ, og þá verður þetta hús ekki lengur notað til þessara hluta, og það er ætlun okkar að fara fram á það með þessari till., að hæstv. ríkisstj. sé heimilað að gera ráðstafanir til þess, að Alþ. eigi kost á þessari lóð til þeirra nota, sem nauðsynleg eru, og er ekki einasta það, sem fyrir okkur vakir, að stækka þinghúsgarðinn, heldur höfum við einnig í huga það, sem hér hefur verið margsinnis samþ. af hv. Alþ., að byggja þingmannahús, og þess vegna teljum við sjálfsagt, að þau séu gerðar ráðstafanir til þess, að þessi lóð sé ekki fest til annarra hluta. — Ég veit, að ég þarf ekki að mæla fleiri orð fyrir þessari heimildartill., því að hv. þm. munu skilja, að hér er farið fram á eðlilegan hlut. Þó að það verði kannske ekki hægt að fullyrða, að hæstv. ríkisstj. geti komið þessu í verk á fjárlagaárinu, þá er þó áríðandi að samþ. þetta, með tilliti til þess, að það verði ekki gerðar ráðstafanir um þessa lóð, sem koma í veg fyrir þá ætlun, sem fyrir okkur vakir.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða hér um fjárlögin eða fara neitt út í almennar umr. um þau, en aðeins vænta þess, að þessar till. mæti velvilja hjá hv. þm. og verði samþ.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu í kvöld, þá gafst mér ekki tími til að mæla með tveimur brtt. við 18. gr., sem ég flyt á þskj. 609.

Sú till. var borin fram í fjvn., að Jónasi tónskáldi Tómassyni á Ísafirði yrði veitt viðurkenning fyrir sitt mikla tónlistarstarf með svipaðri fjárveitingu og veitt er á 18. gr. fjárlaga til tveggja annarra tónskálda, sem eiga mjög svipaðan feril Jónasi Tómassyni.

Jónas Tómasson er maður nú yfir sjötugt. Hann er hættur sínum verzlunarrekstri, sem hann hafði um skeið. Hann var bóksali á Ísafirði og hefur nú aðallega s. l. ár fengizt við að búa tónsmíðar sínar undir prentun. Hann er orðinn þjóðkunnur sem tónskáld, og tónsmíðar hans hafa náð hug og hjarta þjóðarinnar, þ. e. a. s. þær af þeim, sem hafa komizt fyrir almennings sjónir. Auk þess hefur Jónas Tómasson unnið sérstaklega mikið, fórnfúst og óeigingjarnt starf í þjónustu tónmenntar á Ísafirði. Hann hefur haldið þar uppi tveim kórum, blönduðum kór og karlakór, og hann hefur verið organisti í Ísafjarðarkirkju milli 30 og 40 ár, og þetta allt hefur hann unnið fyrir mjög litla þóknun. Ég tel, að svo framarlega sem nokkrir menn eða konur eru þess verðug að fá viðurkenningu frá ríkinu fyrir gott og óeigingjarnt og verðmætt starf á sviði tónmenntar, þá eigi Jónas Tómasson tónskáld skilið að vera í þeirra hópi.

Ég trúi því ekki, að hv. Alþ. geri svo upp á milli manna, að það felli þessa fjárveitingu, sem hér er farið fram á, 10350.00 kr., til þessa mæta manns, þegar stórfé er veitt til ýmissa annarra, sem ég tel sízt vera betur að því komna en þennan einstaka sóma- og hæfileikamann.

Þá er það önnur till., sem ég flyt líka, brtt. við 18. gr., um það, að frú Önnu Björnsdóttur, fyrrverandi kennara, verði veittar 6000.00 kr. uppbætur á 18. gr. Hún hóf kennslustörf austur á Seyð-

ísfirði árið 1906, hefur lengstum stundað kennslustörf síðan, en varð á s. l. ári að hætta kennslustörfum sökum heyrnardepru. Hún er á sjötugsaldri og hefur oftast verið stundakennari við skólana á Ísafirði hin síðari ár, þó fastur kennari við gagnfræðaskólann þar, en lengstum voru gagnfræðaskólarnir bæjarstofnanir, og þar af leiðir, að þeir eldri kennarar, sem nú láta af störfum og voru lengi hjá skólunum sem bæjarstarfsmenn, fá ekki neinn lífeyri úr lífeyrissjóði embættismanna og eru þannig tekjulausir, þegar þeir láta af störfum. Anna Björnsdóttir er þannig sett og hefur nú ekkert fyrir sig að leggja, og það mega þó allir vita, að kennarar, sem lengi hafa verið stundakennarar og síðan starfsmenn bæjarfélaganna við framhaldsskólana, hafa ekki haft slík laun, að þeir hafi lagt fyrir fé. Ég hreyfði ekki þessari till. í fjvn., og er það eiginlega mín sök að gera það ekki, en athygli mín var vakin á þessu nú fyrir nokkrum dögum, og ég tel, að það væri mjög ranglátt, ef Alþ. synjaði frú Önnu Björnsdóttur um þennan smávægilega styrk, þar sem hún fær ekki nein eftirlaun sem kennari, af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint.

Á þskj. 603 er brtt., sem þeir flytja Haraldur Guðmundsson og Stefán Jóh. Stefánsson, um, að Alþýðusambandi Íslands verði veittar 100 þús. kr. á fjárl. til fræðslustarfsemi. Á seinasta árs fjárl. voru 50 þús. kr. veittar í þessu skyni. Það er alveg áreiðanlegt, að þess er mikil þörf og það hefur mikla þjóðfélagslega þýðingu, að verkalýðssamtökin geti innt víðtækt fræðslustarf af hendi. Alls staðar þar, sem verkalýðssamtök eru búin að ná miklum þroska, verja þjóðfélögin — og telja sér hag í því — miklu fé til þess að standa undir fræðslustarfsemi í verkalýðshreyfingunni. Ég er alveg sannfærður um það, að það mundi oft sýna sig, þegar verkalýðurinn á að taka afstöðu til vandasamra mála, sem hefur mikla þýðingu fyrir þjóðfélagið hvernig leysast, að það yrði gert af meiri dómgreind og meiri þekkingu, eftir því sem betur væri séð um fræðslustarfið í þessari víðtæku alþýðuhreyfingu. Þetta hafa þjóðfélögin séð, þó að þau annars séu nokkuð íhaldssöm. T. d. í Bandaríkjunum er varið geysimiklu fé til fræðslustarfsemi meðal verkalýðsfélaganna og sú starfsemi er algerlega kostuð af ríkissjóði þar. Ég minnist þess, að um síðustu áramót ræddi einn af hæstv. ráðh. þetta mál og hvatti þar mjög til, að fræðslustarfsemi í verkalýðsfélögunum hér á landi yrði stóraukin, og virðist mér það benda til þess, að sá ráðh. hafi að minnsta kosti glöggan skilning á því, hvaða þýðingu þetta mál getur haft.

Ég vil treysta því, að hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokkar veiti þessu máli stuðning. Það er ætlun Alþýðusambands Íslands, ef það fær þetta fé til umráða, að hafa námskeið víðs vegar um landið fyrir félagsbundið fólk, karla og konur, í verkalýðshreyfingunni, að gefa út sitt tímarit, Vinnuna, með nokkuð öðrum hætti en áður hefur verið og gefa ritið út að staðaldri og gefa út ýmis smá fræðslurit, sem snerta praktísk viðfangsefni verkalýðsmálanna.

Ásamt hv. þm. N-Ísf., hv. 1. þm. Eyf. og hv. 2. þm. Eyf. flyt ég till. á þskj. 601 um það, að varið verði allt að 140 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi sumarið 1951. Þetta var hörmulegt slys. Þar létu tveir ungir menn lífið, nokkrir ungir menn lemstruðust, og enn fremur varð þarna stórtjón á ökutæki. Þessu máli var hreyft á síðasta þingi, og munaði þar mjóu, að þetta væri samþ. Menn töluðu á síðustu stundu um, að þetta gæfi hættulegt fordæmi, sem kynni að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkið, ef samþ. væri, en ég tel, að aðstandendur þeirra, sem létust fyrir þetta hörmulega slys, og þeir menn, sem misstu mikið af líkamsorku sinni við þetta átakanlega slys, og svo þeir, sem þarna urðu fyrir fjárhagslegu tjóni, sem þeir hafa ekki fengið bætt, þurfi að fá þarna aðstoð frá hendi ríkisins, og ég er ekkert hræddur við það fordæmi, sem þetta er talið munu gefa. Ég vil vona, að það verði ekki fellt í annað sinn að veita þarna nokkra aðstoð, og hér er farið fram á 140 þús. kr. til allra þessara aðila.

Ásamt hv. þm. N-Ísf., hv. þm. V-Ísf. og landsk. þm. Lúðvík Jósefssyni flyt ég till. um það, að varið verði allt að 600 þús. kr. til rekstrar dieselrafstöðva í kaupstöðum og kauptúnum, að fengnum till. raforkuráðs um það, hvernig fénu verði varið. Það er alkunnugt, að þar, sem ekki er búið að virkja vatnsafl til raforkuframleiðslu, reyna menn að bjarga sér á þann hátt að koma upp dieselrafstöðvum. Þær eru það dýrar í rekstri, að raforkuna verður í fyrsta lagi að selja að minnsta kosti tvöfalt dýrara heldur en þar, sem góð aðstaða hefur verið til raforkuframleiðslu með vatnsafli. Öryggið, sem atvinnulífið á við að búa á þessum stöðum, er miklu minna, og reynslan er sú, að flest sveitarfélögin á þessum stöðum eru að kikna undir rekstri þessara dieselrafstöðva, og endirinn er sá, eins og hæstv. fjmrh. tók hér fram um daginn, að í svo algerar nauðir hefur rekið með rekstur þessara stöðva, að ríkisábyrgðirnar hafa yfirleitt fallið á ríkissjóð, vegna þess að ekki er hægt að koma saman endum tekna og gjalda í sambandi við rekstur þeirra. Það liggur líka fyrir hv. fjvn. erindi frá rafmagnseftirliti ríkisins eða (Gripið fram í.) — já, raforkumálastjóranum, — erindi, sem fer í þessa átt, og telur hann einmitt, að það sé full þörf á því að gera ráðstafanir til þess, að sveitarfélögin kikni ekki undir rekstri þessara nauðsynlegu mannvirkja, sem dieselrafstöðvarnar verða að teljast, meðan ekki er bætt úr þessum málum á annan hátt.

Að síðustu flyt ég svo ásamt hv. þm. N-Ísf. till. um það, að ríkissjóður ábyrgist fyrir skipasmíðastöð Marzelíusar Bernharðssonar á Ísafirði allt að 2 millj. kr. lán vegna byggingar dráttarbrautar á Ísafirði. Marzelíus Bernharðsson er eigandi að skipasmíðastöð í Ísafjarðarkaupstað. Þar er lítil dráttarbraut, sem aðeins orkar því að taka upp á land 60—80 tonna vélbáta. En nú eru á Ísafirði tveir togarar og nokkur skip í kringum 100 tonn, og engin af þessum skipum er hægt að taka þar á land til viðgerðar. Vinnan við aðgerðir þeirra, og þótt ekki sé nema um botnhreinsun að ræða, verður öll að vinnast annars staðar. Þarna berst mikil vinna út úr bæjarfélaginu, sem full þörf væri

þar fyrir. Skipasmíðastöð Marzelíusar Bernharðssonar veitti á stríðsárunum fulla atvinnu milli 30 og 40 manns. En þarna hefur allt dregizt saman, svo að þarna er nú ekki nema ígripavinna að kalla fyrir 10—12 menn. Ég tel því, að þetta væri mjög mikilsvert atriði fyrir Ísafjarðarkaupstað, ef hægt væri að koma þarna upp stærri dráttarbraut en þar er nú, svo að unnt yrði að annast viðgerðir þeirra skipa, sem heima eiga á staðnum, og þeirra aðkomuskipa, sem leita hafnar á Ísafirði, en það gerist oft, að aðkomuskip leita hafnar í hinni ágætu Ísafjarðarhöfn, og þá eru það stundum skip, sem eru nauðulega stödd og þurfa þar einmitt að fá viðgerðir inntar af hendi.

Það er nú hér fyrir þinginu erindi, að því er snertir Reykjavík, um stórfelldari aðstoð einmitt til stækkunar dráttarbrautar, og teldi ég mjög erfitt fyrir hv. Alþ. að gera upp á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar að þessu leyti. Það er ekki minni nauðsyn á því, að dráttarbrautin verði stækkuð á Ísafirði heldur en slippurinn hér í Reykjavík. Og svo mikið er víst, að ekki verður um það deilt, að með þessari aðstoð yrði á Ísafirði hægt að gera við miklu stærri skip en nú er hægt að taka þar til viðgerðar. Hins vegar er það upplýst hér, að því er snertir slippinn í Reykjavík, að það orkar mjög tvímælis, þó að honum yrði veitt 6 millj. kr. ríkisábyrgð, hvort þar skapaðist þá aðstaða til að gera við nokkuð að ráði stærri skip heldur en nú er hægt að gera þar við.

Þetta voru till., sem ég vildi mæla með sérstaklega, og þykist ég þó vita, að meðan ég var fjarverandi hafi meðflm. mínir mælt með öllum þessum till. Ég hef þá aðeins undirstrikað þeirra meðmæli og vil vænta þess, að þær fái allar góðar undirtektir.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það eru nú orðnir hér þunnskipaðir bekkirnir, eins og vænta má, þar sem svo langt er liðið af nóttu. En ég kemst ekki hjá því að reyna nokkuð á þolinmæði hæstv. forseta til þess að svara einstökum atriðum hér í sambandi við umræðurnar, þótt ekki væri til annars en að það væri hægt að vísa í yfirlýsingar og ummæli frsm. fjvn. í sambandi við einstök atriði, sem fram hafa komið í umræðunum.

Ég skal þá fyrst leyfa mér að segja hér nokkur orð í sambandi við þær till., sem fjvn. flytur og hefur verið lýst hér frá forsetastól, þar sem þær eru bornar fram skriflega.

Það er fyrst hér till. við 22. gr. frá fjvn., sem hljóðar svo: „Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.“

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á það áðan, að honum fyndist það gegna nokkurri furðu, að teknar væru upp heimildir til þess að lána 23 millj. kr. til einkafyrirtækja og því hefðu ekki verið gerð mikil skil hér við umræðurnar. Mér þykir því rétt, þegar hér bætist nú við heimild til þess að ábyrgjast 10 millj. kr. til einkafyrirtækis, að gera hér nokkra grein fyrir þeirri till.

Eins og kunnugt er, þá var skipt hér á milli flugfélaganna, Flugfélags Íslands og Loftleiða, með sérstökum ákvæðum frá rn. verkefnum innanlands, á hvaða staði hvort félag skyldi fljúga, og var þetta gert til þess að útiloka óeðlilega samkeppni í sambandi við flugið innanlands. Þetta varð til þess, að flugfélagið Loftleiðir hugsaði meira um að beita verkefnum sínum út á við, lét algerlega eftir Flugfélagi Íslands innanlandsflugið og hefur nú notað sinn flugkost til þess að fljúga milli landa og um ýmis lönd erlendis, með þeim árangri, að á s. l. ári mun félagið hafa aflað rúmlega 2 millj. kr. erlends gjaldeyris, sem það hefur skilað hér í bankana. Nú á félagið eina millilandaflugvél, Heklu, sem er orðin nokkuð gömul og úrelt, og hafa þeir hugsað að kaupa nýja vél, enn stærri og betri tegund, sem mun kosta um 28 millj. kr. Þessi vél er í smíðum og mun verða tilbúin eftir næstu áramót. Þeir hafa einnig tilboð í Heklu og láta andvirði hennar ganga til þess að greiða nokkurn hluta af kaupverði hinnar nýju vélar, en þurfa á að halda a. m. k. 10 millj. kr. láni, sem þeir geta fengið erlendis, ef þeir hafa fyrir því ríkisábyrgð. Slík vél sem hér um ræðir mun kosta 28 millj. kr., og er boðinn 1. veðréttur í vélinni til tryggingar fyrir þeirri ábyrgð, sem hér um ræðir. Fjvn. getur því ekki séð, að hér sé um neina áhættu að ræða fyrir ríkið, nema síður sé, og leggur nefndin því til, að þessi till. verði samþykkt.

Hin brtt. er miklu veigaminni. Hún er við 15. gr. A. X, til skálda, rithöfunda og listamanna, og hljóðar svo: „Fyrir „4 manna nefnd“ komi: 3 manna nefnd.“ — Samkvæmt þessu ákvæði í fjárlfrv., eins og gengið var frá því við 2. umr., þá hljóðar þessi málsgrein þannig: „Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþ., skipta fjárhæð þessari“ — þ. e. því fé, þeim 630 þús. kr., sem veitt er til listamanna.

Það hefur sýnt sig undanfarin ár, að n. sú, sem skipuð hefur verið 4 mönnum, hefur komizt í allmikla erfiðleika oft og tíðum vegna þess, að hvað eftir annað hafa verið jöfn atkv., og þá venjulega annaðhvort orðið að semja um málin eða kasta hlutkesti um, hvort þessi skyldi fá þetta eða hinn. Slíkt er að sjálfsögðu ekki heppilegt, og þess vegna er þessi till. fram komin til að fyrirbyggja alla slíka erfiðleika. Það þykir eðlilegra að hafa þarna aðeins 3 menn og þar með skapa oddamannsaðstöðu heldur en að hafa þar 4 menn til þess að gera n. hvað eftir annað jafnvel óstarfhæfa. Þetta er nú ekki frá n. allri, heldur frá meiri hl. n., og væntir hann þess, að þessi till. verði samþ.

Þá hefur n. borið fram hér brtt. á þskj. 618, tölul. 2. Hún er í tveim liðum, a og b. A-liður er við 18. gr. II. b. „Við bætist í stafrófsröð: Magnea Magnúsdóttir, 8500.“ Ég minntist á það hér við framsögu mína í dag, að fallið hefði niður nafn hennar, þegar till. voru prentaðar. Nú er þessi till. tekin upp hér og vænzt þess, að hún verði samþ.

Þá er einnig hér b-liður. Það er við 22. gr., nýr liður: „Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 200 þús. kr., er Íslenzka brennisteinsvinnslan h/f kann að taka til að koma upp vélum til hreinsunar á brennisteini, gegn þeim tryggingum, er

ríkisstj. metur gildar.“ N. væntir einnig þess, að þessi till. verði samþ.

Með því að þetta er beint áframhald af ábyrgðum fyrir einstaklinga, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist hér á áðan, þá vil ég aðeins leyfa mér að upplýsa, að í sambandi við þær ábyrgðir, sem eru í till. frá fjvn. og lýst var í dag, þá gerði ég nokkra grein fyrir því, hvers vegna þær hefðu verið teknar upp, en skal til viðbótar við það að gefnu tilefni aðeins leyfa mér að benda hv. alþm. á, að reynsla undanfarinna ára sýnir glögglega, að það er ekki allra meina bót að ábyrgjast fjárhæðir til félagssambanda eða sveitarfélaga. Það er ekki allra meina bót, að það séu nægilega margir menn, sem standa að slíkum félagsskap. Og reynslan hefur enn fremur sýnt, að þess er miklu frekar að vænta, að þessi mál séu betur rekin af einstaklingum, þótt færri séu, sem bæði hafa þrek, vilja og vit til þess að gera þessa hluti. Það er svar mitt við þeim athugasemdum, sem hv. 4. þm. Reykv. gerði í sambandi við þessar ábyrgðir, sem meiri hl. fjvn. hefur lagt til að teknar verði upp á 22. gr.

Þá minntist hæstv. fjmrh. hér nokkuð á þessi mál almennt. Ég get verið ánægður með þau orð, sem hann flutti, bæði til fjvn. og til mín sem formanns n., og sérstaklega í sambandi við þá afstöðu, sem ég hefði tekið vegna þeirra brtt., sem hæstv. ráðh. flytur hér, sem raunar var ekki neinn ágreiningur milli mín og hans um. Hann hefur skilið fullkomlega afstöðu mína sem formanns og afstöðu n. í sambandi við þetta mál, enda gerði ég fullkomlega grein fyrir því í minni framsöguræðu, og ég get verið fullkomlega ánægður með þau svör, sem hann gaf í sambandi við það. Hann hefur borið hér fram á þskj. brtt. upp á allmargar milljónir í sambandi við tekjuáætlun og útgjaldaáætlun. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar inn á sérstök atriði í sambandi við það. Fjvn.-menn eru að sjálfsögðu, eins og ég tók þá fram, óbundnir um það, hvort þeir greiða þessum till. atkvæði eða ekki, en hitt vil ég endurtaka, að þess var ekki að vænta, að fjvn. sem slík vildi bera þessar till. fram, vegna þess, hvernig og af hvaða ástæðum þær raunverulega eru settar inn í fjárl. Skal ég ekki eyða tíma hv. alþm. til þess að ræða það nánar.

Hæstv. fjmrh. hefur hér einnig borið fram tvær brtt. á þskj. 620, þ. e. að heimila ríkisstj. að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum landsmanna á þann hátt, er hún telur heppilegast, og síðan einnig að ábyrgjast lán fyrir nokkur bæjarfélög vegna togaraútgerðar, og hafa þessar till. báðar verið ræddar við fjvn.-menn, a. m. k. við þá stuðningsmenn stj., sem í fjvn. eru, og hygg ég, að það sé enginn ágreiningur í meiri hl. n. um að styðja að því, að þær nái fram að ganga.

Ég skal aðeins, áður en ég lýk máli mínu um þær till., sem hæstv. ráðh. ber fram, minnast hér á eina till. á þskj. 606. Það er 6. till. undir b-lið, þar sem hann óskar eftir, að sé samþ. athugasemd við liðinn, eins og þar stendur, og er það í sambandi við lokun útsölu Áfengisverzlunarinnar, ef til kæmi, að hér yrðu samþ. héraðabönn. Þess er ekki að vænta, að fjvn. vildi taka þetta mál upp, eftir þá meðferð, sem frv. um áfengislöggjöfina hafði fengið hér í Alþingi. Út af fyrir sig liggja nú engar sannanir fyrir því, að nokkur tekjumissir verði af héraðabanni, þótt það verði samþ., því að það eru fjöldamargir staðir á landinu, þar sem héraðabönnin hafa gilt í mörg ár, og það er mjög vafasamt, að þeir hafi ekki metkaup á höfuð í áfengi frá Áfengisverzluninni. Og það ætti að vera nokkurt íhugunarefni fyrir þá menn, sem halda, að öllum þessum málum sé bjargað með því að setja á héraðabönn, að íhuga það, hvort einmitt á þeim stöðum, sem hafa búið við héraðabönnin í mörg ár, sé minna drukkið almennt en annars staðar, þar sem meira frelsi er.

Ég á ákaflega erfitt með að skilja, til hvers sá flokkur ætlast, sem fór með frv. um áfengislöggjöfina í Ed. eins og hann gekk frá því þar, stuðlaði að því, að um 70 brtt., sem lágu þar fyrir og mikil vinna hafði verið lögð í, fengju ekki leyfi til að koma til atkvæða í d., svo að hægt væri að sjá, hve margar af þeim yrðu samþ. og hvernig frv. þá liti út, því að vitanlega verður því ekki mótmælt, að margar af þeim till. voru til stórbóta. Þess verður því ekki að vænta, að allir þeir þm., sem höfðu með það mál að gera, stuðli að þeirri till., sem hér kemur fram, og mun ég verða einn af þeim, sem ekki munu fylgja henni hér eins og hún er sett fram á þskj. 606. Það stríðir raunverulega beint á móti þeirri hugsun, sem liggur á bak við atkvgr., og ég fæ sannarlega ekki skilið, hvers vegna á að vera að bjóða borgurunum upp á atkvgr. um málið, en á sama tíma fyrirbjóða með fjárlagaákvæði, að slík atkvgr. skuli koma í gildi fyrr en eftir svo og svo langan tíma. Mér þykir líka rétt að benda hér á, úr því að ég er að ræða um þetta mál, að ég er alls ekki sammála ráðh. um það, að það þurfi að vera að neinu leyti lækkun á tekjum fyrir ríkissjóð, þótt veitingastöðunum sé lokað, því að það var margupplýst hér áður fyrr, að veitingastaðirnir seldu ekki nema lítið brot af því áfengi, sem vínverzlunin seldi á sínum tíma. M. a. komst Hótel Borg aldrei yfir 2 millj. kr. á ári af öllum þeim millj., sem seldar voru af Áfengisverzluninni. Og þær sögur ganga nú, m. a. frá síðustu samkundu iðnaðarmanna í Iðnó, þar sem aldrei áður hefur verið vínsala og engar vínveitingar, að þar gangi pelafylliri slíkt, að það verður að kalla á lögregluna til þess að ryðja salina, og þar fá þó engir aðgang aðrir en þeir, sem eru um og undir 22 ára gamlir. Það sýnir ef til vill, að það sé ekki einasta ráðið við að laga þessi mál að þrengja meira að en gert hefur verið um sölu áfengis. Það hefði verið nær, að betur hefði verið hugsað um það að fella ekki þær brtt., sem voru til bóta á þessu máli að öðrum leiðum.

Hæstv. ráðh. sagði, að hér hefði í sambandi við verkfallið verið aðeins um tvær leiðir að ræða. Annað hefði verið leiðin að hækka launin og fella krónuna, og hitt hefði verið leiðin, sem farin var, að lækka dýrtíðina eins og gert hefði verið með samkomulaginu. Ég get nú ekki verið hæstv. ráðh. sammála um þetta, en skal ekki fara frekar út í það hér, af því að svo er orðið langt liðið á nóttu, en mér sýnist, að sú leið, sem farin hefur verið, sé sú að leggja nýjar byrðar á þessa

sömu aðila, sem fengu bæturnar. Meðan fjölskyldubætur eru greiddar, þá eru lagðir milljónabaggar á fólkið í landinu til þess að standa undir þessum bótum, sumpart í gegnum iðgjöldin sjálf, sumpart í gegnum sveitarfélögin, sem eru þrautpínd áður, sumpart í gegnum atvinnurekendurna, sem viðurkennt var af verkalýðnum að ekki gætu tekið á sig neinar byrðar, og svo sumpart af ríkissjóðnum sjálfum, því að það ætti að fara að verða mönnum nokkurn veginn ljóst, að ríkissjóður er ekki neitt, sem hangir uppi í loftinu og hægt er að taka þaðan, án þess að það snerti eitthvað afkomu fólksins í landinu, svo að ég er ekki alveg viss um, að þetta hafi verið bezta aðferðin.

Út af ummælum hv. frsm. 1. minni hl. um mína ræðu læt ég mér nægja að benda á, að hann virðist hafa verið ákaflega óánægður yfir því, að slíkar upplýsingar skuli hafa komið fram hér á Alþingi, eins og ég gaf í minni ræðu, um hinn raunverulega tilgang, sem lá á bak við verkfallið, og enn ergilegri yfir því, ef svo illa skyldi takast til, að þessi ummæli birtust þjóðinni í víðlesnasta blaði landsins, Morgunblaðinu. En hinu kom hann ekki nálægt, að reyna að mótmæla neinum af þeim rökum, sem ég færði fram, eða að sanna, að ég hefði ekki farið með rétt mál.

Ég skal ekki heldur svara miklu ræðu hv. frsm. 2. minni hl., en vildi aðeins leyfa mér að benda á, að það gat engan veginn verið að lækka dýrtíðina í landinu að láta verkfallinu ljúka þannig með samningum, að þeir, sem voru hæst launaðir í landinu, fengju stærsta skerfinn, þegar öllu var á botninn hvolft, því að ofan á það, að þeir fengu öll þau friðindi, sem þeir fátækustu og launaminnstu fengu í landinu, þá fékk hver og einn einasti embættismaður landsins og hver og einn einasti maður, sem er á föstum launum, hvort heldur er hjá ríki eða bæ eða fyrirtækjum, og hefur meira en 1830 kr. á mánuði, þúsund króna viðbót ofan á öll hin friðindin, sem hinir fengu. Og það kostar ríkissjóðinn margar milljónir. Svo eru þessir menn að telja okkur trú um það, að þeir séu fyrst og fremst að vinna fyrir fátækasta fólkið í landinu.

Langflestar af þeim till., sem hv. alþingismenn hér hafa lýst, eru fjvn. áður ókunnar. Nokkrar hafa að vísu verið bornar fram hér áður við 2. umr., og allar, sem bornar voru fram við 2. umr., hafði fjvn. tekið til athugunar og atkvgr. þar. Og þeim af þeim till., sem ekki eru teknar upp í till. n., vildi fjvn. ekki mæla með. Þess er því ekki að vænta, að hún verði með að samþ. þær till., þótt þær séu bornar fram hér á ný. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram. Mér þykir einnig rétt að láta koma fram, að flestar af öðrum till. hefur n. ekki haft ástæðu til að segja neitt um. Ég get ekkert sagt um það fyrir hönd n., hvernig hún hefði snúizt við þeim, ef þær hefðu komið nægilega snemma, og get því ekki á þessu stigi málsins lofað neinu um það, hvort nm. sem slíkir styðja að framgangi þeirra eða ekki. Sumar af þeim till. eru þannig, að ég sem form. n. hefði gjarnan viljað hafa haft tækifæri til þess að ræða það við n. Nú er það orðið of seint, og þýðir ekki um það að fást, en ég get þá ekki heldur sagt neitt um það, hvort nm. munu fylgja þeim eða ekki. Þó vil ég taka það fram, að almennt hefur það verið samkomulag hjá meiri hl. n. að styðja ekki till., sem n. mælir ekki með. Ég hygg þó, að sumar af þeim till., sem hér hafa verið bornar fram, séu þess eðlis, að það sé engan veginn útilokað, að n. vilji enn, þótt hún hafi nú lokið störfum við afgreiðslu fjárl., gjarnan athuga einstakar till. og þá í sambandi við flokkana láta viðkomandi aðila vita, hvort hún sem slík mundi vilja mæla með þeim eða ekki. Annað eða meira get ég ekki sagt um þau mál. — Ég sé ekki ástæðu til þess hér, þegar svo er komið langt fram á nótt, að vera að ræða hinar einstöku till. og mun láta þetta nægja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 27. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 606,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 609,1 kom ekki til atkv.
— 606,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 609,2 kom ekki til atkv.
— 609,3 felld með 28:14 atkv.
— 606,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 609,4 felld með 30:13 atkv.
— 606,4 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 609,5—7 felldar með 27:15 atkv.
— 626 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 606,5 þar með ákveðin.
— 567,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 606,6.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 606,6.b samþ. með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JR, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁB, JPálm.

nei: ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GJ, GÍG, GÞG, HV, HG, JÁ, KS, LJós, PO, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ.

GTh, JóhH, MJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJós, VH, AE) fjarstaddir.

Brtt. 606,7 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 609,8 kom ekki til atkv.
— 606,8 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 609,9 kom ekki til atkv.
— 567,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 567,3 samþ. með 30:8 atkv.
— 609,10 felld með 28:15 atkv.
— 600,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 602,1 felld með 30:15 atkv.
— 567,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 600,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 607,1 felld með 30:14 atkv.
— 607,2 felld með 31:12 atkv.
— 607,3 felld með 31:14 atkv.
— 567,5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 601,1 felld með 24:17 atkv.
— 601,2 felld með 28:7 atkv.
— 601,3 samþ. með 34:3 atkv.
— 602,2 felld með 33:15 atkv.
— 621 felld með 28:6 atkv.
— 567,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 607,4 felld með 30:8 atkv.
— 601,4 felld með 32:12 atkv.

Áður en brtt. 601,5 kæmi til atkv., mælti

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég tek till. aftur samkv. tilmælum hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh.

Brtt. 601,5 tekin aftur.
— 567,7—8 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 601,6.a felld með 30:4 atkv.
— 601,6.a. varatill. felld með 27:7 atkv.
— 601,6.b felld með 28:2 atkv.
— 601,6.b. varatill. felld með 28:6 atkv.
— 603,1 felld með 28:5 atkv.
— 603,1. varatill. felld með 28:5 atkv.
— 603,2 felld með 28:3 atkv.
— 601,7 felld með 28:3 atkv.
— 625,1 felld með 32:15 atkv.

Áður en brtt. 567,9 kom til atkv., mælti

viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég vildi mælast til við hv. fjvn., að hún tæki þessa till. aftur. Það hefur orðið nokkur misskilningur í þessu, því að í till. er tekið fram, að öll fjárveitingin sé til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis, en í þessari fjárveitingu er gert ráð fyrir 300 þús. kr., er gangi til lánasjóðs stúdenta hér við háskólann. Hins vegar er gert ráð fyrir, að 1275 þús. kr. gangi til námsmanna erlendis, þannig að 875 þús. kr. veitist sem styrkur, en 400 þús. kr. sem hagkvæm lán, eins og greinin gerir ráð fyrir í frv., og þetta mun verða framkvæmt á þennan hátt, þótt frv. um styrktarsjóð námsmanna nái ekki fram að ganga á þessu þingi. En eins og kunnugt er, þá er það í n. enn þá.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Samkv. ósk hæstv. ráðh. er þessi till. tekin aftur og þess þá vænzt, að hann láti þær 400 þús. kr., sem voru í frv., eftir að það var samþ. við 2. umr., ganga til styrktar námsmönnum erlendis, þó að ekki verði búið að ganga frá frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að leyfa mér, ef á að fara að taka þessa till. aftur nú, að taka hana upp. Ég sé ekki, hvernig hægt sé að afgr. fjárl. án þess að hafa þar námsstyrk til námsmanna erlendis. (Gripið fram í.) Já, en hins vegar er héðan af ekki, ef þessi till. er tekin svona til baka, neinn möguleiki að koma fram með neinar breyt. við þetta lengur. En hins vegar felst í þessari till., eins og hún er, hækkun til útlendu námsmannanna. (Gripið fram í.) Jú, ég man, hvað stendur í þeirri gömlu. Þar er skipt á milli þeirra innlendu og þeirra útlendu, en hér er það allt saman til þeirra útlendu, og þá hlaut maður að ganga út frá, að það yrðu sérstök lög viðvíkjandi þeim innlendu, en hækkun til þeirra, sem stunda nám erlendis, með þessu móti. (Gripið fram í.) Þau eru ekki komin. (Gripið fram í.) Já, en ég mundi nú vilja leyfa mér að taka þessa till. samt upp. (Gripið fram í.) Jú, þeir geta fengið það fyrir það. Jæja, forsetinn verður að skera úr því.

Brtt. 567,9 tekin aftur af fjvn., en tekin upp aftur af 2. þm. Reykv. (EOl) og felld með 30:5 atkv.
— 567,10—12 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 607,5 felld með 33:15 atkv.
— 567,13—14 samþ. með 27:1 atkv.
— 601,8 felld með 30:13 atkv.
— 600,3 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 607,6 felld með 28:15 atkv.
— 607,6. varatill. felld með 29:14 atkv.
— 603,3 felld með 31:14 atkv.
— 600,4 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 567,15 samþ. með 27:1 atkv.
— 601,9 samþ. með 28:2 atkv.
— 627,1 samþ. með 28:12 atkv.
— 567,16 samþ. með 35:1 atkv.
— 567,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 624 felld með 28:14 atkv.
— 607,7 felld með 32:11 atkv.
— 625,2 felld með 31:14 atkv.
— 607,7. varatill. felld með 33:14 atkv.

Áður en brtt. 629,1 kom til atkv., mælti

frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Klukkan tvö í nótt var skyndilega boðaður fundur í fjvn., og var þetta mál til umr. þar ásamt öðrum. Þetta virðist vera eina sparnaðartill., sem meiri hl. fjvn. hefur fundið með 4 mánaða starfi á sínum 50. fundi. Þess vegna finnst mér rétt, að allir fái að vita, hverjir það eru, sem eru svo kærulausir um hag ríkisins, að þeir vilji ekki samþ. þessa till., og þess vegna bið ég um nafnakall um hana.

Brtt. 629,1 samþ. með 32:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SÓÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁB, JPálm.
nei: ÁS, BrB, EOl, FRV, JÁ, LJós, SG, StgrA, ÁkJ.
EmJ, GÍG, GTh, GÞG, HV, HG, PZ, SB greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJós, VH, AE) fjarstaddir.
Brtt. 631 samþ. með 24:14 atkv.
— 623, aðaltill. tekin aftur.
— 603,4 (sbr. 623, varatill.) samþ. með 27:11 atkv.
— 618,1 samþ. með 29:6 atkv.
— 619,1 felld með 32:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GTh, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SÁ, SG, StJSt, StgrA.
nei: ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, JPálm.
3 þm. (JJós, VH, AE) fjarstaddir.
Brtt. 603,5 felld með 28:14 atkv.
— 603,5. varatill. felld með 28:12 atkv.
— 603,6 tekin aftur.
— 567,18—19 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 600,5 samþ. með 27:1 atkv.
— 627,2 samþ. með 36:2 atkv.
— 607,8 felld með 26:12 atkv.
— 607,9 felld með 30:14 atkv.
— 567,20—21 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 610,1.a felld með 30:10 atkv.
— 610,1.a. varatill. felld með 27:11 atkv.

Brtt. 610,1.b felld með 28:11 atkv.
— 610,1.b. varatill. felld með 31:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, LJós, PÞ, SG, StgrA, ÁkJ, ÁB, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, HV, HG.
nei: JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JPálm.
StJSt, GÍG, GÞG greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJós, RÞ, VH, AE) fjarstaddir.
Brtt. 567,22 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 567,23 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 603,7.a felld með 26:10 atkv.
— 567,24 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 601,10.1 felld með 32:9 atkv.
— 601,10.2 felld með 28:10 atkv.
— 567,25 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 606,9 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 567,26 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 601,11 felld með 27:11 atkv.
— 627,3 felld með 31:12 atkv.
— 601,12 felld með 31:15 atkv.
— 607,10 samþ. með 34:1 atkv.
— 567,27 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 607,11 felld með 32:14 atkv.
— 601,13 felld með 31:10 atkv.
— 601,13. varatill. felld með 30:12 atkv.
— 609,11 felld með 31:13 atkv.
— 600,6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 609,12, Anna Björnsdóttir, felld með 26:15 atkv.
— 609,12, Jónas Tómasson, tekin aftur.
— 600,7 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 618,2.a samþ. með 33 shlj. atkv.
— 606,10 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 603,7.b felld með 32:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GÞG, HV, HG, JÁ.
nei: KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JR, JörB, KK, JPálm.
JG, JS greiddu ekki atkv.
3 þm. (VH, AE, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 603,8 felld með 26:11 atkv.
— 622 felld með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GÞG, HV, HG, JóhH, JÁ, JR, JPálm.
nei: JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁB, BSt, EirÞ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, JG, JS.
ÁkJ, BBen, BÓ, GTh, IngJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (VH, AE, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 625,3 felld með 34:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GÞG, HV, HG, JÁ.
nei: JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JPálm.
ÁkJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (VH, AE, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 602,3 felld með 28:12 atkv.
— 602,3. varatill. felld með 28:12 atkv.
— 567,28—32 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 619,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 620,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 616,1 samþ. með 27:3 atkv.
— 601,14 samþ. með 25:22 atkv.
— 601,15 samþ. með 25:18 atkv.
— 601,16 felld með 28:16 atkv.
— 607,12 felld með 28:14 atkv.
— 601,17 felld með 26:15 atkv.
— 607,13 tekin aftur.
— 618,2.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 620,2 samþ. með 29:2 atkv.
— 629,2 samþ. með 29:2 atkv.
— 602,4 felld með 29:10 atkv.
— 618,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 567,33 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 601,18 felld með 24:17 atkv.
— 601,19 felld með 24:11 atkv.

Áður en brtt. 603,9 kæmi til atkv., mælti

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég hef hugboð um, að þessi till. muni verða felld, ef hún verður borin undir atkv., þó að furðulegt sé, en það vil ég ekki láta koma fyrir, og þess vegna tek ég hana aftur eða við flm. í trausti þess, að um hana kunni þá að nást samkomulag síðar.

Brtt. 603,9 tekin aftur.
— 600,8.a samþ. með 34 shlj. atkv.
— 600,8.b samþ. með 39:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PO, RÞ, SÁ, SG, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁB, ÁS, BSt, BBen, BrB, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GG, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörÞ, KK, KS, LJóh, LJós, MJ, JPálm.
nei: SB, HV.
PZ, PÞ, StJSt, StgrA, BÓ, FRV, GJ, JÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (VH, AE, JJós) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þar sem felld hefur verið brtt., sem ég hef flutt hér ásamt hv. þm. Ísaf. (HV), um að heimila hæstv. ríkisstj. að ábyrgjast vegna skipasmíðastöðvar Marzelíusar Bernharðssonar á Ísafirði lán allt að 2 millj. kr., þá sé ég ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með þessari till., þar sem ég tel, að það sé þörf á því að byggja slík mannvirki víðar en í Reykjavík, og ég tel, að Alþ. sé hér á mjög óviðeigandi hátt að mismuna landshlutum. Ég segi þess vegna nei við þessari till. og mótmæli þeirri aðferð, sem hér er höfð á.

Í tilefni af grg. SB mælti

atvmrh. (Ólafur Thors): Ég leyfi mér að gefnu tilefni að benda á, að sú tillaga, sem áðan var samþ. um ábyrgðarheimild fyrir Slippfélagið í Reykjavík, er studd þeim rökum, að félagið er mjög vel stætt og áhætta ríkissjóðs því væntan-

lega engin. Hvort hið sama má segja um þá tillögu, sem búið er að fella, er að minnsta kosti algerlega óupplýst mál.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég teldi að vísu, að þessum málum væri betur ráðið til lykta á annan hátt, með annars konar lausn á því, hvernig viðgerðum skipa hér yrði fyrir komið, en þar sem mér virðist, að sá möguleiki, sem ég helzt hefði kosið, sé langt fram undan og erfitt eftir því að bíða, þá segi ég já við þessari till.

Brtt. 600,8.c—k samþ. með 28 shlj. atkv.
— 607,14 felld með 30:12 atkv.
— 609,13 felld með 32:14 atkv.
— 610,2 felld með 32:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, LJós, PÞ, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EirÞ, FRV, HV.
nei: JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JPálm.
StJSt, EmJ, GÍG, GÞG, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJós, VH, AE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í trausti þess, að ríkisstj., um leið og hún gengur í ábyrgðir fyrir flugfélögin, noti sinn meiri rétt þar og semji við þau um flutninginn, segi ég nei.

Brtt. 603,10 felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KK, ÓTh, PÞ, SG, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÁB, BSt, EOl, EmJ, FRV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JÁ.
nei: KS, LJóh, MJ, PZ, PO, RÞ, SÁ, StJSt, ÞÞ, ÁkJ, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HV, JR, JPálm.
LJós, StgrA, ÁS, BrB, GTh, GÞG, HG greiddu ekki atkv.
5 þm. (SB, VH, AE, GÍG, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 616,2 felld með 31:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, RÞ, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GTh, GÞG, HV, HG, JÁ.
nei: KS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, JPálm.
SÁ greiddi ekki atkv.
4 þm. (VH, AE, GÍG, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 618,4 samþ. með 26:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

25. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um breyt. á l. nr. 91/1952).

Á 27. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. [196. mál] (stjfrv., A. 516).

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Meðal þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. beitti sér fyrir í sambandi við lausn vinnudeilunnar, var lækkun á sykur- og kaffiverði. En þessi verðlækkun var gerð á þeirri forsendu, að felld yrðu niður aðflutningsgjöld af þessum vörutegundum. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að hv. Alþ. samþykki að fella niður þessi aðflutningsgjöld. Ég leyfi mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 534).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um heimild til þess að fella niður aðflutningsgjald af kaffi og sykri er runnið frá rótum þeirrar jurtar, er gróðursett var við sáttagerðina í síðasta verkfallsmálinu. N. sá ekki ástæðu til að snúast gegn frv. þessu og mælir með því, að það verði samþ., enda var áður í l. heimild til þess fyrir ríkisstj. að lækka um helming aðflutningsgjald af sykri, og því er ekki eins mikill tekjumissir fyrir ríkissjóð að þessu frv., þar sem það er ekki nema helmingur af aðflutningsgjaldinu, sem nú bætist við þá upphæð, sem áður var búið að sleppa af þeirri tegund, þ. e. sykri. Sem sagt leggur n. til við hv. d., að hún samþ. frv. þetta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. lýsti því, að n. stæði óskipt að þessu frv. og legði til, að það verði samþ. óbreytt, en ég hef á þskj. 534 skrifað undir með fyrirvara og skal hér með gera grein fyrir afstöðu minni til frv.
Frv. það, sem hér um ræðir, er á þskj. 516. Er það eitt af nokkrum frv., sem hæstv. ríkisstj. ber fram til uppfyllingar samningi, er hún hefur gert til lausnar víðtæku verkfalli, er nokkrir ábyrgðarlausir æsingaseggir komu af stað meðal þjóðarinnar og í fyrsta skipti í sögunni er beinlínis stefnt að löggjafarþinginu. Viðurkenni ég þann mikla vanda, sem hæstv. ríkisstj. var sett í með því verkfalli, sem þannig var komið á í landinu, og þótt ég enn fremur viðurkenni, að nokkurt eða jafnvel mjög mikið fjárhagslegt tjón hefði af því hlotizt fram yfir það, sem þegar var orðið, að láta Alþ. sjálft ákveða á þinglegan

hátt, hvernig svara skyldi hinum áður óþekktu kröfum, sem gerðar voru til þess í sambandi við kaupkröfur stéttarfélaga, þá tel ég þó, að sá kosturinn hefði verið skárri en hinn, sem tekinn var, að semja um margvíslegar breytingar á lögum landsins utan þingsalanna, á meðan Alþ. sat að störfum, eins og gert hefur verið beinlínis í trausti þess, að hægt væri að beita flokksvaldi til fylgis við frv., svo að samkomulagið yrði á þann hátt lögfest. Ég er út af fyrir sig ekki efnislega andvígur því frv., sem hér um ræðir. Mun ég því geyma mér að ræða þetta nánar, þar til þau önnur frv., sem borin eru fram af hæstv. ríkisstj. í sama tilgangi og ég er efnislega andvígur, koma hér til umr. En vegna þess, hvernig frv. þetta er til komið, og vegna þess, að ég er slíkri málsmeðferð andvígur, þótt ég sé efnislega samþykkur frv., mun ég ekki taka þátt í afgreiðslu málsins og því sitja hjá við atkvgr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 605).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til meðferðar, er um niðurfellingu aðflutningsgjalda af sykri og kaffi. Segir svo í athugasemdum, sem fylgja frv.:

„Meðal þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. beitti sér fyrir við lausn vinnudeilunnar í des. s. l., var lækkun verðs á sykri og kaffi. Var sú verðlækkun gerð á þeirri forsendu, að felld yrðu niður aðflutningsgjöld, þ. e. vörumagns- og verðtollur, af vörutegundum þessum. Nauðsynlegt var, að verðlækkunin kæmi þegar í stað til framkvæmda, er samningar höfðu tekizt, og varð, til þess að svo gæti orðið, að leita heimildar til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af birgðum verzlana af áður greindum vörum, enda væri birgðatalning staðfest af hreppstjóra eða trúnaðarmanni verðgæzlunnar. — Til þess að ríkisstj. geti staðið við gefin heit, er henni nauðsynlegt að fá heimildir þær, er felast í þessu frv."

Fjhn. þessarar hv. d. tók frv. til meðferðar á fundi sínum 23. þ. m. og var sammála um að mæla með því óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 642).

---

26. Vegabréf.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um íslenzk vegabréf [30. mál] (stjfrv., A. 30).

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengi hefur tíðkazt að krefjast vegabréfa af mönnum, bæði hér á landi og víða annars staðar. Það er gert ráð fyrir slíkum vegabréfum í lögum, en hvergi sett heilleg fyrirmæli um þau. Dómsmrn. þótti því eðlilegt, að almennar reglur um þessi vegabréf væru settar með sérstakri löggjöf, og var frv. útbúið í þá átt. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni staðfesting á þeim reglum, sem fylgt hefur verið í framkvæmd, og þó sú viðbót, að manni, sem synjað er um vegabréf, er yfirleitt heimilað að bera þá synjun undir dómsmrh., þannig að hér er um aukna réttarvernd að ræða frá því, sem verið hefur, til handa borgurunum. Ég geri ráð fyrir því, að menn geti fallizt á, að það sé eðlilegt, að þetta frv. sé lögfest. Einstök atriði þess hljóta auðvitað að liggja til frekari íhugunar. Sitt sýnist hverjum um þau, eins og gengur. Það kemur þá fram við meðferð málsins, en ég legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að við þurfum ekki að deila um það, í hvaða nefnd þetta frv. fari, og vil því gjarnan biðja allshn., sem fær þetta frv. til meðferðar, í samráði við hæstv. ráðh., sem hér hefur haft sína framsögu í málinu, að athuga í þessu sambandi eitt atriði, sem ég tel vera töluvert mikilsvert. Við, sem eigum við það að yfirfara skattaframtöl, verðum þess varir á hverju ári, að það eru í landinu nokkuð margir menn, — ég vil

ekkert fullyrða hvað margir, þeir skipta nokkrum hundruðum, — sem hvergi eiga lögheimili og ekki finnast til að borga sín opinberu gjöld. Í því sambandi hefur mér dottið í hug, hvort ekki mundi mega tengja saman annars vegar það frv., sem hér liggur fyrir, og frv., sem boðað er um almennt manntal, þannig að þegar almenna manntalið er fengið, sem á nú að vera seint á árinu, fái hver maður sitt spjald, sem segi, hver hann er og hvar hann þá hefur verið talinn til heimilis að minnsta kosti, og að hann fyrir vissan tíma á árinu á eftir, t. d. fyrir fardagana, þegar menn yfirleitt skipta mest um heimilisfang, láti skrifa á sitt spjald löglegt heimilisfang og láti staðfesta það af sýslumanni eða hreppstjóra. Þá hefur hver maður á sínu spjaldi löglegt heimilisfang, sem er viðurkennt af sýslumanni eða hreppstjóra. Ég vildi biðja allshn. að athuga þetta, því að þá ættu að hverfa þessir umrenningar, — ekki þó umrenningar í þess orðs gömlu merkingu í málinu, heldur þeirri merkingu, sem það nú hefur, menn, sem eru mánuð og mánuð á stað í vinnu hingað og þangað um allt landið og telja sér sem sagt hvergi heimili, og hvergi næst í þá til að láta þá borga sín eðlilegu opinberu gjöld. Ég vildi biðja allshn. að athuga, hvort ekki væri hægt að tengja þetta tvennt saman, og ég held, að það hljóti að vera hægt að gera það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 159).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, nema einn nm., sem áskilið hefur sér rétt til að hafa óbundnar hendur um málið.

Eins og fram er tekið í grg. fyrir frv., hafa til þessa ekki verið til neinar almennar reglur í íslenzkri löggjöf um vegabréf. Þessu frv., ef að l. verður, er ætlað að bæta úr því. Í frv. felast ekki ákveðnar reglur um, hvort eða hvenær menn eru skyldir til að taka vegabréf, þegar þeir fara úr landi, heldur er ríkisstj. gefin heimild til að setja um þetta reglugerð. Þykir þetta eðlilegt fyrirkomulag með tilliti til þess, að reglur um notkun vegabréfa eru nokkuð breytilegar á ýmsum tímum og í ýmsum löndum, og fer um það mjög eftir samningum milli ríkja.

Í frv. eru tekin upp nokkur ákvæði um útgáfu vegabréfa, þar sem m. a. er berum orðum tekið fram, í hvaða tilfellum er heimilt að neita um útgáfu þeirra. En í því sambandi þykir mér rétt að benda á, að sú upptalning, sem kemur fram í frv. um þetta atriði, er ekki tæmandi, heldur virðast þau ákvæði, sem þegar eru fyrir í öðrum lögum, sem heimila að neita um útgáfu vegabréfa, eiga að haldast áfram eftir sem áður. Hef ég hér sérstaklega í huga ákvæði í l. nr. 96 frá 1946 um skatta og útsvör útlendinga, þar sem innheimtumönnum opinberra gjalda er heimilað að neita innlendum mönnum um útgáfu vegabréfa, nema opinber gjöld séu greidd. Þetta ákvæði og önnur ákvæði, sem kunna að vera í l. um þetta efni, virðast eiga að haldast óbreytt samkv. ákvæði þessa frv., þannig að upptalning frv. er ekki tæmandi. — Þetta þykir rétt að láta koma hér fram. En n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir það nál., sem hér liggur fyrir, með fyrirvara og vildi aðeins gera grein fyrir því með örfáum orðum. Ég hef ekki í hyggju að bera fram neinar brtt. við frv., en með skírskotun til þess, sem stendur hér í grg., þá virðist mér, að þessi lagasetning hafi ekki verið það aðkallandi, að ekki hefði verið í raun og veru réttara að fresta því um sinn að setja slík lög sem þessi. Þess er sem sé getið í grg., að einmitt nú standi yfir tilraunir til þess eða sé unnið að því á vegum Evrópuráðsins að samræma vegabréf í Evrópu, og það er gefið í skyn í grg. einnig, að það verði að sjálfsögðu tekið tillit til þess, sem þar verður samkomulag um, að svo miklu leyti sem það mundi hæfa okkur, og þannig í raun og veru gefið í skyn, að það muni mjög fljótt þurfa að gera einhverjar breytingar á þessum l. Sömuleiðis eru, eins og hv. frsm. getur um, ekki settar í frv. sjálfar reglurnar um vegabréfin, heldur, eins og stendur hér í 1. gr., er dómsmrh. gefin heimild til þess að ákveða um þetta og setja um það reglugerð. Ég hefði fyrir mitt leyti talið heppilegra, þegar málið væri þannig undirbúið, að hægt væri að ganga fyllilega frá þessum reglum með tilliti til þeirrar samræmingar, sem hér er getið um, að þá hefði Alþ. sjálft endanlega ákveðið reglurnar og þær komið fram í l. Vegna þessara atriða tveggja skrifa ég undir með fyrirvara og álít sem sagt, að það hefði verið heppilegra að draga það enn um sinn að setja þessi l. og að þá hefðu þau verið sett fyllri en nú er, þannig að reglurnar hefðu þá falizt í l. sjálfum, þannig að Alþ. ákvæði þær, en fæli ekki ríkisstj. að gera það. — Þessa skýringu vildi ég gefa á mínum fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 630).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og hefur verið nokkuð lengi til meðferðar hjá allshn. hér í þessari hv. d. Nm. hafa frá öndverðu verið sammála um frv. í aðalatriðum, en nokkuð hefur verið rætt um brtt. af hálfu eins nm., Áka Jakobssonar, og held ég, að það hafi aðallega verið miðað við það í vissum tilfellum að tryggja nógu hraða meðferð mála út af vegabréfum, eitthvað í líkingu við þá hröðu málsmeðferð, sem er t. d. þegar kært er út af kjörskrá. En á fundi n. í morgun töldum við 4 nm., sem skrifum undir þetta nál. á þskj. 630, ekki vera hægt að geyma það lengur að gefa út nál., og leggjum við þess vegna til, að frv. verði samþ., en nm. hafa þá áskilið sér um leið rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., sem við hins vegar, þessir 4 nm., höfum ekki að svo stöddu séð ástæðu til, og leggjum við þess vegna til á þessu stigi málsins, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

27. Gengisskráning o. fl. (ný uppbótarákvæði).

Á 27. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 17/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952 [198. mál] (stjfrv., A. 518).

Á 49. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þeim nýju samningum, sem gerðir hafa verið milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna, er gert ráð fyrir því, að verðlagsuppbót verði greidd með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Ríkisstj. hefur látið undirbúa þetta frv., sem hér liggur nú fyrir. Efni þess er, að greiddar verði verðlagsuppbætur á laun opinberra starfsmanna eftir nákvæmlega sömu reglum og nú hefur um samizt milli atvinnurekenda og verkamanna. Þykir sanngjarnt, að opinberir starfsmenn njóti sömu verðlagsuppbóta og annað launafólk.
Ég vil leyfa mér að æskja þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 518, n. 527).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með stjfrv. þessu er lagt til, að breyt. verði gerðar á lagafyrirmælum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna. Eins og frá er skýrt í aths. á þskj., er stefnt að því með frv. að breyta ákvæðunum um verðlagsuppbætur á starfsmannalaunin til samræmis við þau ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar, sem samið var um milli verkamanna og vinnuveitenda í næstliðnum mánuði. Fjhn. hefur athugað frv., og eins og segir í nál. á þskj. 527, mælir hún með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, HÁ, HelgJ, JóhH, JR, JörB, KS, MJ, PÞ, SÁ, SG, SkG, StJSt, ÁkJ, ÁS, BÓ, EOl, EirÞ, EystJ, SB.
nei: JPálm.
GG, JG, JS, ÁB greiddu ekki atkv.
10 þm. (GTh, HV, IngJ, JÁ, LJós, ÓTh, PO, StgrSt, AE, EmJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. gerir ráð fyrir því að breyta reglum þeim, sem gilt hafa fram að þessu um verðlagsuppbætur á laun til opinberra starfsmanna, færa verðlagsuppbæturnar til samræmis við það, sem um samdist

varðandi kaupgjald almennt, nú þegar síðast voru fyrir áramótin gerðir samningar á milli vinnuveitenda og verkalýðssamtakanna. Ríkisstj. þykir sanngjarnt, að sömu reglu sé fylgt um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og annað launafólk nýtur. Ég leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 518, n. 586 og 587).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem fyrir liggur, er stjórnarfrv. og komið frá hv. Nd. eftir að hafa fengið þar friðsamlega afgreiðslu. Efni frv. er að samræma vísitöluuppbætur á laun fastra starfsmanna ríkisins vísitöluuppbótum, sem greiða ber á laun þeirra manna, sem nýafstaðnir verkfallssamningar ná til. Skerðingartakmark vísitölunnar hjá starfsmönnum ríkisins er hækkað úr 1830 kr. í mánaðarlaunum upp í 2200 kr. Má því segja, að eins og nú er vísitalan hækki árslaun allra fastra starfsmanna ríkisins, sem hafa 2200 kr. mánaðarlaun eða meira, um 1000 kr. eða því sem næst. Af þessu veitir vafalaust ekki hinum láglaunuðu, þó að þeir hafi yfir 1830 kr. í grunn á mánuði. Hins vegar er hægt að halda því fram, að þeir, sem há laun hafa, miklu hærra en það, þyrftu þessa ekki með, en þess ber þá að gæta, að launamun má ekki eingöngu miða við þarfir launtakans, heldur verður líka að taka tillit til verkhæfni hans, ábyrgðarþunga starfsins, sem hann hefur á hendi, vandans, sem er honum á hendur lagður með því, og kunnáttu og þekkingu, sem til þess þarf að leysa starfið vel af hendi o. s. frv. Lítill launamunur getur sem sé verið ranglátur. Fróðir menn halda því fram, að hérlendis sé minni launamunur en víða annars staðar. Þetta er til athugunar, þegar um er rætt, að hinir betur launuðu kæmust af án þess að fá 1000 kr. viðbót.

Meiri hl. hv. fjhn. mælir með frv., eða fjórir af nm. Hv. minni hl., hv. þm. Barð., skilar séráliti og brtt. á þskj. 587. Tillagan, ef samþ. væri, breytti gersamlega tilgangi frv. og eyðilegði hann. Efni hennar er það að vísa málinu til ríkisstj. og fela henni „að koma sér saman um vísitölu“ á grunnlaun starfsmanna ríkisins og leggja tillögur um hana fyrir næsta Alþingi. Þetta er sem sé till. um að fresta málinu a. m. k. til næsta Alþingis og er að efni til miklu frekar dagskrártill. heldur en brtt., eins og hún er fram borin. Ég er mótfallinn þessari till., þótt ég geti tekið undir margt, sem hv. þm. Barð. segir í nál. henni til stuðnings. En það, sem hann segir þar réttilega, er einmitt ekki rök fyrir þeirri afgreiðslu, sem í brtt. hans felst. Enginn vafi er til dæmis á því, eins og hann heldur fram, að sumir starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana bera miklu meira úr býtum hjá ríkinu en sín föstu laun, með því að vinna aukavinnu og taka að sér fleiri en eitt verkefni fyrir ríkið eða stofnanir þess. Og það er rétt hjá honum, að þetta gengur svo langt, að til er, að laun tvöfaldist eða meira. Um þetta vantar glöggt yfirlit, þótt til séu sundurlausar skýrslur, sem bera má saman og tína upp úr dæmi. Aukavinna getur verið réttmæt, en ekki nema í hófi þó, hjá þeim, sem selur annars fullkomið dagsverk. Aukavinnuviðskipti ríkisins og ríkisstofnana við starfsmenn sína þurfa athugunar við, það er enginn vafi á því, og mundi ég fylgja till., sem sérstaklega tryggði, að sú athugun væri framkvæmd strax og lagfæringar gerðar hið fyrsta á því, sem þar er í ólagi. En ég sé ekkert réttlæti í því að fresta þessu vísitöluuppbótarmáli á þeim grundvelli, að bíða þurfi þeirrar athugunar. Ég tel ekki rétt að láta þá, sem lág laun hafa og litla eða enga aukavinnu, — og þeir eru allmargir, — gjalda þeirra, sem maka kunna krókinn, en það óréttlæti felur brtt. hv. þm. Barð. í sér. Þess vegna tel ég, að það eigi að fella hana. Lagfæringar á ofborgun á þjónustu í þágu ríkisins verða að fást með öðrum hætti, og þær eiga að geta fengizt með öðrum hætti.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það sannaðist nú hér hið gamla og góða máltæki: Skýzt, þótt skýrir séu. — Ég hefði nú ekki búizt við því, að það mundi henda minn ágæta vin, hv. þm. S-Þ., að skjóta svo langt frá marki eins og hann gerði hér. En ég skal nú koma nokkru nánar að því. Hann viðurkennir hér, að það sé nauðsynlegt að láta þá athugun fara fram, sem ég geri ráð fyrir í minni till., og hann segir hér, að hann vildi gjarnan fylgja slíkri till., þ. e., að slík athugun færi fram (Gripið fram í.) Já, sérstaklega. Veit þá ekki hv. þm., að í gildi eru lagafyrirmæli, sem hann sjálfur hefur verið með að samþ., að slík athugun skuli fara fram? Og þegar þau lagafyrirmæli eru gildandi, hvað hugsar hann sér þá að gera í sambandi við það að fara að fylgja annarri sérstakri till. um sama mál? Hann var sjálfur með að samþ. slíkt ákvæði hér 10. des. 1951, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. lætur fara fram fyrir 1. júní n. k. athugun á launum og viðbótarlaunum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo að ljóst sé, hverjar heildartekjur þeirra eru í launum frá ríkissjóði eða ríkisfyrirtækjum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem aðili lætur í té fyrir greidd laun. Að lokinni þeirri athugun og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir, skal ríkisstj. gera á ný tillögur um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og leggja þær síðan ásamt upplýsingum fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Hv. frsm. hefur verið með að samþ. þessa sérstöku till., sem kom frá mér hér í þessari hv. d., og ég er alveg viss um það, að ef ég færi að bera fram slíka till. nú, þá mundi hann alveg réttilega benda á, að það hlyti að ganga eitthvað að þm. Barð. að vera að fara að bera fram till., sem væri samhljóða gildandi lögum. Mér fyndist það ekkert óeðlilegt. (Gripið fram í.) Ég skal koma að því síðar.

Nú veit hv. þm. það, að fjvn. meðal annars hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá frá

hæstv. fjmrh. þessar upplýsingar, sem hann átti að láta liggja fyrir 1. júní, og það hefur ekki verið hægt að fá þær enn. Og aðalafsökun hæstv. ráðh. er það, að það hafi ekki verið nokkur leið að fá starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana til þess að gefa upp, hvað þeir hafa í aukatekjur og hve mikinn tíma þeir láti í té fyrir þá vinnu. Það er sleginn hringur utan um þetta mál frá starfsmönnum ríkisins, vegna þess að þeir vilja ekki láta það komast upp undir neinum kringumstæðum, hvað þeir hafa. Það er aðeins hægt fyrir okkur að tína hingað og þangað út úr ýmsum skjölum, hvað þessir menn hafa í laun. Sumir hverjir hafa ekki nema lítið í aukavinnu og eru ekki nema í einum stað, og þeir eru ekkert fjarri því að gefa það upp, enda kemur það frá sumum stofnununum, en heildaryfirlit er ekki til, vegna þess að ýmsir aðrir aðilar vilja ekki gefa það upp sjálfir. Og mér hefur verið tilkynnt sem formanni fjvn. frá rn., að þeir hafi ekki sjálfir heimild til þess að ganga í skattstofuna og fá upplýsingar þaðan. Ég er ekki að rengja hæstv. ráðh. um það, að þetta sé meginástæðan fyrir því, að þessar upplýsingar hafa ekki fengizt.

Áður en ég fer lengra út í þetta, vil ég svo leyfa mér að benda á, að undanfarin mörg ár hafa staðið um það deilur hér á Alþ., hvort ætti að greiða föstum embættismönnum ríkisins fulla dýrtíðaruppbót eða hvað hún skyldi skert. Það varð að samkomulagi á sínum tíma að skerða hana við 123 stig, — mig minnir nú reyndar, að það væri samkomulag um að skerða hana við 115 stig í fyrsta skipti og að það hafi verið með brbl. á milli þinga gefið út fyrirmæli um að hækka þetta upp í 123 og reikna vísitölu embættismannanna á sama hátt og var gert í sambandi við samninga, sem gerðir voru fyrir verkalýðinn. Það var deilt mjög mikið um það þá, og það er enginn vafi á því, að það var að minnsta kosti mjög umdeilanlegt, hvort það hefði verið hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að gefa þau brbl. út, því að hér var um að ræða mjög verulegar fjárgreiðslur úr ríkissjóði, sem þurfti í raun og veru samþykki Alþ. til. En þetta var nú gert og síðan lögð á það blessun hér í Alþ., m. a. af hv. frsm., af því að þá var búið að gera þessa breytingu með brbl., en ekki af því að hann væri sammála því. Hann var mér sammála um það, að það væri rangt að fara með þetta mál svo sem gert var, en það væri sama sem að setja vantraust á hæstv. ríkisstj. að fella frv. fyrir henni. Ég gat ekki fylgt málinu þá, og ég get ekki fylgt því enn. Það var einmitt vegna þessarar skipulagningar á málunum, að ég bar fram það bráðabirgðaákvæði, sem ég var að lesa hér og hv. d. og hv. Alþ. hafa samþ.

Við skulum hugsa okkur, að þessu kerfi yrði haldið áfram, að hækka alltaf laun embættismanna, hvað sem launalögum líður, í hlutfalli við hverja þá samninga, sem verkalýðurinn gerir í landinu, þannig að aldrei raskist hlutfallið á milli launa embættismanna, eins og hv. frsm. var að tala um áðan að ekki mætti gera, og milli annarra launþega í landinu. Í hvaða aðstöðu er þá þjóðin komin? Hún er komin í þá aðstöðu, að verkalýðurinn er að berjast með verkföllum — og með því að glata oft og tíðum mörgum vinnustundum — fyrir launahækkun allra embættismanna í landinu. Ja, það er ekki óskemmtilegt hlutverk, sem verkalýðsfélögin hafa tekið að sér hér, það verð ég að segja. Og þetta frv. hér er beinlínis borið fram vegna þess, að láglaunastéttirnar í landinu hafa með sérstökum félagssamtökum knúið fram launahækkanir fyrir sig, eftir að hafa staðið í harðvítugri deilu í þrjár vikur. Og fyrir það eitt á öll embættismannastéttin í landinu að fá meiri hækkanir heldur en þessir menn fengu, svo að ekki sé raskað hlutföllunum í launum á milli þeirra. Ja, það er ekki óhugguleg aðstaða, sem við erum komnir í í landinu, verð ég að segja.

Nú skulum við koma inn á það atriði, hvort það sé eðlilegt sjónarmið, sem hv. frsm. hélt fram, að ákveðnar stéttir í landinu hafi orðið að leggja að sér að mennta sig til þess að taka að sér ákveðin störf og þær hafi ákveðna ábyrgð við sitt starf, meiri en hinn almenni verkamaður, og þess vegna megi launamismunurinn á milli þeirra ekki minnka, en það var þetta, sem hv. frsm. hélt fram. En hvað er gert hér af þeim sjálfum, eftir að búið er að samþ. launal. á Alþ., þar sem þetta sjónarmið hefur einmitt ráðið? Þá er það gert af þeim sjálfum, að þeir hópa sig saman í stéttarfélög til þess að taka — eins og hv. frsm. sagði — stundum tvöföld laun að öðrum leiðum, og vitanlega er ekki hægt að gera það nema að meira eða minna leyti að vanrækja sitt eigið starf, sem greitt er fullt fyrir. Þetta er aðstaða, sem verkamaðurinn hefur ekki, en þetta er aðstaða, sem starfsmaður ríkisins hefur. Og ég skal koma hér með dæmi máli mínu til sönnunar. Það er margupplýst hér á Alþ., að kennararnir við menntaskólann í Reykjavík kenna allt að 40 klst. og jafnvel upp í 50 klst. á viku. Þegar þetta var rætt við fræðslumálastjóra annars vegar og við iðnskólafulltrúa hins vegar, því að m. a. var það einn af iðnskólakennurunum, sem hafði kennt það langan tíma, og um það spurt, hvernig stæði á því, að þeir, sem ættu að hafa eftirlit með þessum störfum, gætu fallizt á eða liðið slík vinnubrögð, voru þeir einnig spurðir að því, hvort hér væri þá ekki verið að svíkja nemendurna. Og hvert var svarið? Svarið var það, alveg ófrávíkjanlegt, að það mætti ekki leggja á nokkurn kennara við menntaskólann lengri vinnutíma en 27 klst. í viku, og ef hann tæki að sér að kenna meira, þá væri hann að svíkja nemendurna. Þetta var svarið. Og þegar við svo spurðum: Hvers vegna eruð þið að leyfa þessum mönnum að svíkja nemendurna? — Hvað var svarið þá? Þá var það af því, að annaðhvort voru þeir fátækir, áttu of mikið af börnum, voru orðnir þreyttir eða vesalingar. Þetta var svarið. Og heldur nú hv. frsm., að þetta sé eina stofnun ríkisins, sem er að svíkjast um? Nei, sannarlega ekki. Það er síður en svo. Og ég get sagt hv. þm. það, að einmitt fyrir þessar sakir hafa piltar ekki fengið það nám í skólanum, sem þeir þurftu að fá, einmitt vegna þess að þessir kennarar eru að svíkjast um sitt starf og fá fyrir það full laun frá ríkissjóði. Og þetta hefur gengið svo langt, að það hefur orðið að klaga þessa stofnun fyrir þetta, — kæra hana fyrir það til rn. Þetta er nú aðeins ein stofnunin. Svo skulum við hugsa okkur ýmsar aðrar stofnanir, sem ég nenni ekki hér

að tína fram, en við vitum, að svona er farið með þessi mál. Það er sleginn hringur um það frá embættismönnunum, til þess á einn eða annan hátt að ná sér í aukatekjur fyrir lítið eða ekkert verk, og með því svíkja þeir sín eigin störf.

Hv. þm. er ákaflega vel kunnugt um það, að jafnvel skattstjóri hefur verið með aukavinnu sem skattstjóri og sem forstjóri fyrir þeirri stofnun, hvorki meira né minna en yfir 20 þús. kr. Ég skal ekkert dæma um það, hvað margar stundir hann hefur lagt í það starf, sem hann vinnur hér og fær greitt fyrir aukalega. Ég skal ekkert um það segja, og ég skal heldur ekkert um það segja, hver lítur eftir því, að hann sé þá allar vinnustundir aðrar, sem hann hefur laun fyrir, í sínu starfi. Ég er ekkert að vantreysta því, en það eru engar sannanir fyrir því, að þegar sjálfur forstjóri eða skrifstofustjóri er farinn að stjórna sinni stofnun þannig, að það eru greidd hundruð þúsunda í eftirvinnu ýmsum starfsmönnum, og hann sjálfur er farinn að taka yfirvinnulaun, sem hann sjálfur reiknar sér og enginn annar veit fyrir hvað er, þá er enginn maður til þess að segja, hvernig hann hefur rækt sinn eigin vinnutíma. Nú veit ég, að skattstjóri er alveg prýðilegur maður, en þetta kerfi, eins og það er rekið hér, er náttúrlega alveg gersamlega óhæft. Og það er af þessum ástæðum og fyrir þessar upplýsingar, sem þetta bráðabirgðaákvæði var lögfest hér á sínum tíma.

Nú skulum við hins vegar athuga aðstöðu verkamannsins annars vegar og starfsmanns ríkisins hins vegar yfirleitt. Þá er hún þannig, að starfsmaður ríkisins er öruggur um sín föstu laun, hvernig sem fer. Það er jafnvel ekki einu sinni hægt að láta hann fara úr starfi. Við sjáum, hvernig það er með útvarpsstjórann. Útvarpsstjóri er látinn fara frá sínu starfi sem einn af æðstu embættismönnum landsins fyrir frámunalega óstjórn í stofnuninni, en það eru sannarlega ekki tekin af honum launin. Þegar verkamanni er vikið frá starfi, — og það þarf ekki að vera fyrir neinn frámunalegan trassaskap, það þarf ekki að vera fyrir annað heldur en það, að verkstjórinn geti ekki lynt við hann, hafi ekki skapgerð til þess að lynda við hann, þyki hann ekki nægilega fjörugur, þó að hann hafi ekki vanrækt neitt, eða hafi einhverja smágalla, — þá er það gert án þess að greiða honum laun, og annar er tekinn í staðinn. Verkamaðurinn hefur enga tryggingu fyrir að fá aftur vinnu og fær engin laun eða bætur fyrir að vera vikið úr starfi. En hvað hefur útvarpsstjóri? Hann er settur á full laun, meðan málið er í rannsókn. Hann fer og sækir sín laun mánaðarlega upp til ríkissjóðs, og þegar búið er að rannsaka málið og hann er fundinn sekur, þá er hann settur aftur inn í stofnunina með fullum launum. Og svo er verið að tala um það hér, að það sé eitthvert sambærilegt atvinnuöryggi á milli verkamannsins annars vegar og embættismannsins hins vegar og þess vegna eigi að vera þar launamunur á milli.

Við skulum halda áfram. Þegar embættismaður er búinn að starfa, og stundum ekki einu sinni eftir langan tíma, eða það óhapp kemur fyrir, að hann verður veikur, þá heldur hann samt sem áður annaðhvort fullum launum, sem ríkið greiðir, eða a. m. k. allt að 60—70% í eftirlaun, og þegar hann deyr, þá er tekið við fjölskyldunni, — þá er ekkjan, ef hún er á lífi, sett á eftirlaun og oft það rífleg, að hún geti lifað af þeim áhyggjulaus. Er svo hægt að bera þetta saman við þá aðstöðu, sem verkamaðurinn hefur? Ég er nú alveg undrandi á manni, sem þekkir eins vel þessi mál eins og hv. þm. S-Þ., að hann skuli láta sér detta í hug að halda því fram, að það þurfi að vera alltaf og ævinlega slík bil í launakjörum á milli þessara manna eins og hann talar um hér nú, og alveg sérstaklega er nauðsynlegt að fyrirbyggja það, að tekin sé upp sú regla, að þeir hækki af sjálfu sér alltaf í launum, hvað sem launalög segja, þá skuli einmitt embættismennirnir alltaf hækka í hvert skipti, sem verkalýðsflokkarnir hafa getað náð bættum kjörum, hvort heldur það er með réttu eða röngu. Það er nú bara alveg voðaleg stefna, sem við erum komnir inn á.

Þetta verkfall, sem hér stóð í nærri þrjár vikur, var leyst á þann hátt, að olía og fragtir og mjólk og ýmsar vörur lækkuðu í verði, vegna þess að ríkissjóður hafði sumpart tekið að sér að greiða það niður og sumpart fékkst samkomulag við þá aðila, sem seldu þessar vörur, að lækka þær. Þessi friðindi fengu allir aðilar í landinu, ungir sem gamlir, fátækir sem ríkir, láglaunamenn og hálaunamenn. Um það verður ekki deilt. Fjölskyldubæturnar, sem kosta þjóðina nærri 15 millj. kr. í útgjöldum, fengu allir aðilar, líka starfsmenn ríkis og bæja, en ofan á þessi friðindi, sem verkamaðurinn fékk fyrir sína baráttu, þá fær hver og einn einasti aðili í landinu, sem var á 1830 kr. á mánuði og hærri launum, hvorki meira né minna en 1000 kr. ofanálag ofan á sín laun fram yfir það, sem verkamaðurinn fékk. (Gripið fram í.) Allt svo á bilinu milli 1830 og 2200 kr. fær hann 1000 kr. á ári í launahækkun fram yfir öll friðindin, sem hinn fékk, og það er það, sem ég vil ekki tryggja. Þetta kostar ríkissjóðinn líklega einar 2 millj. kr. eða kannske meira, og ég sé ekki, að það sé hvorki réttmætt né nauðsynlegt að kasta þessu fé út, og ef ríkissjóður hefur ástæðu til þess að kasta þessu út, þá á hann að setja það í allt aðrar hítir heldur en í launahít embættismannanna í landinu. Það eru mörg önnur verkefni, sem þarf frekar að sinna heldur en þeim. — Ég hefði nú hugsað mér að hafa mína till. þannig, að ef einn starfsmaður ríkisins fengi að öðrum leiðum frá ríkinu eða ríkisstofnunum aukalaun, sem samsvöruðu þessum 1000 kr. eða meira, þá skyldi það falla niður. En einmitt hv. frsm. benti mér á, að í því væri ekki full sanngirni, því að það væri sama sem að vinna að því, að menn mættu ekki vinna í lengri tíma en ákveðinn væri fyrir þau laun, sem þeir ættu samkvæmt launal., og ég féllst á, að það væri raunverulega rétt, að þetta gæti komið mjög misjafnlega niður, og þess vegna breytti ég minni till. eins og ég hef sett hér fram. Og nú vildi ég biðja hv. frsm. og hæstv. Alþ. um að athuga, hvað felst í þessari till., því að eftir því sem hv. þm. talaði hér um áðan, þá hefur hann bókstaflega ekki skilið till. Það stendur hér orðrétt í till., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar til fyrir liggja fullkomnar upplýsingar

um launagreiðslur til starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og þær vinnustundir, sem þeir láta í té fyrir greidd laun," — það er m. ö. o. þar til þessum lögum hefur verið framfylgt, — „hvort heldur er fyrir föst störf eða aukastörf, allt eins og fyrir er mælt í bráðabirgðaákvæði l. nr. 105 frá 1951, skal, þrátt fyrir framangreind ákvæði, greiða verðlagsuppbót samkv. vísitölu 123 stig á grunnlaun, sem eru hærri en 1830 kr. á mánuði," — það er m. ö. o. ekkert gert hér annað en að fresta þessari um 1000 kr. launahækkun á ári, þar til þetta er athugað, — „en úr því greiðist verðlagsuppbót á launin samkvæmt vísitölu, er ríkisstj. kemur sér saman um á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þá liggja fyrir, enda skal leitað samþykkis Alþ. fyrir þeim greiðslum, er það kemur saman að afstöðnum kosningum á þessu ári."

Ef þetta er samþ. hér og sett inn í lögin, hvað hefur þá skeð? Þá hefur skeð það, að ríkisstj. setur þá þvingun á þessa sömu menn, að þeir fái ekki þessar aukagreiðslur, sem um er að ræða, fyrr en þeir hafa sjálfir uppfyllt lagafyrirmæli, þ. e. að gefa þetta upp samvizkusamlega til ríkisstj. Og er það nokkur goðgá að halda þessum launauppbótum eftir, þar til þeir hafa fyllt upp þessa skyldu sína? Erum við nokkuð að níðast á embættismönnunum, þó að við segjum við þá: Þið fáið ekki þessa 1000 kr. launahækkun fyrr en þið hafið gert þá sjálfsögðu skyldu, sem við eigum kröfu á, þ. e. að gefa upp, hvað mikið þið hafið haft í laun og hvernig þið hafið unnið fyrir þeim? — Það er allt og sumt. Á minna en hálfum mánuði er þeim innan handar að gefa þessar upplýsingar. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, þá er það á valdi ríkisstj. að leggja til, hvort það skuli hækka vísitöluna eða hvort vísitalan skuli lækka. Og það er einmitt með tilliti til þess, að ég er þess fullviss, að ef allar þessar upplýsingar liggja hér fyrir, vill meiri hluti hér á hv. Alþ. ekki greiða 123 stig á vísitöluna, heldur allt annað og miklu lægra. Og það er meira að segja með tilvísun til þess, sem ég hef sagt, að það þyrfti samþykki Alþ. til. Það er ekkert, sem skeður hér í málinu, annað en það, að viðkomandi aðilar verða að gera svo vel að beygja sig undir það að uppfylla lagafyrirmæli; það er fyrsta stigið. Þegar svo er komið, gerir ríkisstj. það upp við sig, hvað hún leggur til í sambandi við þetta. Á meðan það er ekki samþ. af Alþ., er ekki hægt að lækka launin — útilokað — nema þá með bráðabirgðalögum, sem ég veit, að hæstv. ríkisstj. mun ekki gera, og þessir ágætu menn verða að bíða eftir hækkuninni, 1000 kr. á ári, þangað til þetta mál er afgert. Það er ljóta fórnin! Það er ógurlegt misrétti, sem er verið að setja á þessa menn! Það verð ég að segja. Og ég er nú alveg viss um það, að þegar minn ágæti kunningi, hv. þm. S-Þ., athugar þetta mál, þá er hann mér hjartanlega sammála um þetta. Hitt er svo allt annað atriði, að hann kann að vera settur í þá aðstöðu, að það megi ekki heldur breyta neinum stafkrók í þessum lögum, og þó er þetta frv., sem hér um ræðir, ekki í neinu sambandi við samningana, því að það gildir um allt aðra menn. Það þarf ekki að leita til samningsaðila um það í sambandi við þetta mál. Það var einmitt upplýst hér í sambandi við tryggingalöggjöfina, að það væri talið brot á samningunum, ef það væri sett nokkurt skerðingarákvæði á fjölskyldubæturnar, af því að það væri ekki vitað, nema einhver hluti af þeim mönnum, sem hefðu undirritað þessa samninga eða falið umboðsmönnum að undirrita samningana, hefði yfir 44 þús. kr. laun, og þá væri það brot á þeim samningum. Þetta voru þó einhver rök, en það eru sannarlega ekki rök, að þetta frv. hér þurfi að vera í neinu sambandi við þá samninga, sem gerðir voru út af vinnudeilunum. — Ég sagði áðan: Það kann vel að vera, að hann sé settur í þá aðstöðu, að hann verði að fylgja þessu frv. af þeim ástæðum. — En ef svo er, þá veit ég, að hv. þm. hefur þann manndóm að viðurkenna það, — segja bara eins og satt er: Ég er á móti þessu máli, en ég er kúgaður af mínum flokki og mínum ráðh. til þess að vera með því. — Þá fer ég að geta skilið hann. En að vera að láta mig lesa þetta út úr línunum, það er sannarlega ekki neinn sómi, hvorki fyrir einn né annan, hvorki fyrir hann sem þm., ekki heldur fyrir hans flokk. Ég segi hins vegar: Það er engin nauðsyn að samþ. ákvæði eins og þetta hér, sem ég sjálfur tel rangt annars vegar og ég veit að er til bölvunar fyrir mína þjóð, því að það er það. Það er fullkomlega til bölvunar fyrir þessa þjóð að hlaða svo undir embættismannastéttina í landinu, að hún sé orðin svo mikils ráðandi, að hún ein geti fyrirskipað ákveðnum flokki, alþýðufólkinu, stéttarfélögunum, fátækustu mönnunum, út í verkföll til þess að ýta upp sínum launakjörum í landinu. Þá er gengið allt of langt fyrir embættismannastéttina. En það er það, sem verið er að gera hér, og það tel ég mjög hættulegt.

Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. samþ. þessa till., og ég skil satt að segja hreint ekkert í því, hvernig t. d. hæstv. fjmrh. leyfir sér að vanrækja það, að þessi lagafyrirmæli séu framkvæmd. Ég bara skil það ekki. Þessi vanræksla á þessum lagafyrirmælum nú til þessa tíma hefur ef til vill kostað ríkissjóðinn þær 2 millj. kr., sem hér er verið að ræða um, því að það gat vel farið svo, að ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir, þá hefði hæstv. ríkisstj. aldrei dottið í hug að bera fram þetta frv., sem hér er á ferðinni.

Eins og ég sagði áðan, þá hefur fjvn. þráfaldlega krafið rn. um þessar upplýsingar og hefur ekki undir neinum kringumstæðum getað fengið þær, og annaðhvort er það, að hæstv. ráðh. sér nú, að honum ber skylda til sem einum embættismanni ríkisins að vera meðlimur í þessum hring, sem slegið hefur sig saman hér í sambandi við þetta mál, eða það liggja einhverjar aðrar orsakir til fyrir þessu, en sjálfur hefur hann aldrei gefið neinar orsakir — eða rn. — aðrar en þær, að þessir sömu menn fengjust ekki til þess að gefa upp sínar tekjur og þess vegna sé ómögulegt að framkvæma l. Það hefði náttúrlega verið sjálfsögð skylda fyrir hæstv. ráðh. að koma hér með lagafrv. um það að breyta þannig skattal., að a. m. k. rn. ætti fullan aðgang að framtali þessara manna. Og þessi barátta verður ekki látin falla niður. Það er alveg sama, hvað lengi hæstv. ráðh. dregur framkvæmd þessara l. Þessi bar-

átta verður ekki látin falla niður undir neinum kringumstæðum. Þá er bezt fyrir hann að beita sér fyrir því, að lagafyrirmælin séu afnumin, og lofa alþjóð að vita það, að hann hafi gefizt upp við að framkvæma þau, en á meðan þau standa hér, þá verður baráttan ekki látin niður falla.

Ég tel því, að ef mín till. verður samþ., þá sé það bezta tryggingin fyrir því að fá þessum málum skipað þann veg, sem nauðsynlegt er fyrir alla aðila, og þess vegna vil ég vænta þess, að hv. d. samþ. till. mína eins og hún liggur fyrir á þskj. 587.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil segja það út af síðustu orðum hv. þm., þar sem hann deildi á mig fyrir, að ekki hefði verið framkvæmd sú lagagr., sem segir, að gefa skuli skýrslur um laun og aukavinnugreiðslur til opinberra starfsmanna, — ég vil út af þessu rifja upp og leggja áherzlu á, að þegar s. l. sumar voru gerðar ráðstafanir til að safna gögnum í sambandi við fjárlfrv., þá var óskað eftir því strengilega með sérstöku bréfi frá fjmrn. til allra, að launaskrárnar yrðu búnar þannig út, að það væru í þeim till. eða skrár um þau laun, sem ætti að greiða á árinu 1953, og þau laun, sem greidd hefðu verið á árinu 1951, ásamt öllum aukagreiðslum, hvers eðlis sem væru, er greiddar hefðu verið til starfsmanna. Þessar skýrslur voru sendar af hendi stofnananna og fylgdu þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir hv. fjvn. og verið þar í vetur. Hitt er annað mál, að form. fjvn. kom að máli við rn. og skýrði frá því, að hann teldi þetta ekki fullnægjandi. Það ætti að taka saman á sérstökum blöðum eða sérstökum skýrslum, hvað hverjum einstökum hefði verið greitt, þótt hann hefði fengið launagreiðslur eða einhverjar greiðslur fyrir störf á fleiri en einum stað. Þetta er gífurlega mikið verk, og hefur verið unnið að því síðan í haust, og er því nú alveg að verða lokið.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð, sérstaklega út af ræðu hv. minni hl. og grg. hans fyrir till. sinni.

Mér varð það eiginlega betur ljóst en áður undir ræðu hans, hvað brtt. hans við frv. er skemmtileg og í raun og veru frumleg. Till. er, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að efni til frekar dagskrártill. — frávísunartill. — en brtt. Hún er svo frek, að verði hún samþ., þá er frv. að öðru leyti ónýtt, aðeins ónýtar umbúðir utan um hana, vegna þess að það rekur þá ekki lengur það erindi, sem því var upphaflega ætlað, heldur aðeins erindi till. Það er eina erindið. Mér finnst — svona til gamans að segja — eins og flm. — í hliðstæðri og stækkandi líkingu talað — hefði hugsað sér að taka meiri hluta hins íslenzka flota og tengja hann aftan í sinn fræga bát, Frekjuna, og sigla svo sinnar leiðar með kláfana.

Hv. þm. var að tala um það, að hann undraðist yfir því, að ég skyldi hafa sagt, að ég mundi hafa stutt till., ef hún hefði komið fram sérstaklega frá honum um það, að gengið væri strax til hreins um það, hve há laun samtals ríkið og stofnanir þess greiða hverjum starfsmanni, svo að ljóst lægi fyrir, hvað hver af vinnumönnum ríkisins bæri úr býtum, þegar allt kæmi til alls. Hann sagði, að mér hefði skotizt yfir, að til væru lagaákvæði um, að þessum skýrslum skyldi safnað, og till. um það væri því algerlega óþörf. Auðvitað vissi ég um lagaákvæðið, því að bæði er nú, að það er tekið fram í till. hans, í það vitnað, og ég hefði líka mátt vera meira en lítið minnislítill, ef ég hefði ekki munað eftir því, eins oft og hv. þm. hefur vitnað í þetta lagaákvæði í fjvn. að gefnum tilefnum og mörg orð haft um það, hve illa því lagafyrirmæli væri hlýtt. En hvaða goðgá væri það þá, að fram kæmi ályktunartill., er ræki eftir því, að þessu lagaákvæði væri fullnægt svo rækilega, að tilgangurinn með setningu þess næðist? Þetta hefur líka hv. þm. séð ástæðu til að gera með sinni till. Honum væri því réttara að hneykslast á sjálfum sér heldur en mér um þetta atriði.

Annars sé ég sízt af öllu ástæðu til þess að deila við hv. þm. Barð. um kjarna þessa máls. Skoðanir okkar á launamálum eru mjög líkar, að mér virðist, í meginatriðum. Með starfi í fjvn. höfum við líka haft sömu útsýn yfir þessi mál. Ég tel, að þessi mál þurfi mikillar lagfæringar. Ósamræmið og öfgarnar, sem leiðir af marghátt-aðri aukavinnu, sem á sér stað hjá ríkinu og ríkisstofnunum, þarf að afnema. En ég tel ekki till. þá, sem hv. þm. Barð. hefur lagt fram við þetta frv., réttu tökin í því máli. Um hana greinir okkur á. Hún er till. um að fresta að færa verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkisins til samræmis við uppbætur annarra launþega, er þeir öðluðust með hinum svo nefnda verkfallssamningi. Ég tel rétt, vegna hinna láglaunuðu hjá ríkinu, að fresta þeim ekki. Aðferðin, sem til þess á að hafa samkv. frv., er þannig, að hún nær að vísu til allra, hinna hærra launuðu líka, í smáum stíl, en hún eykur ekki á launamuninn; hún þvert á móti dregur úr launamuninum, eftir að kemur yfir 2200 kr. í laun á mánuði. Þetta hlýtur hver maður í raun og veru að sjá, þó að hv. þm. Barð. lenti í dálitlum rökvillum í sambandi við þetta atriði í ræðu sinni. Hins vegar er það svo, að launamunur hlýtur alltaf að eiga sér stað, meðan verkamunur er á annað borð og mannamunur við verk. Það veit ég, að hv. þm. Barð. hlýtur að viðurkenna, þótt hann í gær teldi henta að tala í aðra átt.

Eitt aðalgildi till. sinnar vildi hv. þm. Barð. láta vera það, að þeir forstjórar fyrirtækja ríkisins, sem ekki hefðu látið af hendi skýrslur um það, hve mikið væri borgað til hvers manns, mundu nú gera það til þess að fá visitöluuppbótina, úr því að það væri gert að grundvallarskilyrði fyrir því, að hún yrði greidd, að nefndar skýrslur lægju fyrir. Hann taldi, að þeir hefðu slegið hring um það — blátt áfram slegið hring um það að gefa ekki upp þessar skýrslur, svo að gagni kæmi. Ég hygg nú, að þessi dómur hans um þessa menn sé rangur. En setjum svo, að hann væri réttur, látum það liggja þannig fyrir. Mundi þá till. og forsenda hennar auka líkur

fyrir því, að mennirnir gæfu þessar skýrslur, sem þeir vilja annars ekki gefa? Hv. þm. sagði, — það var hans *meginforsenda*, — að hann væri viss um, að við athugun skýrslnanna mundi visitalan verða lækkuð úr 123 stigum, eða frá því, sem nú er. Skyldi sú yfirlýsing ýta undir skýrsluskilin? M. ö. o., hv. þm. ætlast til, að till. sé nokkurs konar agn, en setur um leið með ræðu sinni hættumerki hjá agninu. — Sagt var um Njál, að hann væri vitur maður, en þó misvitur einstaka sinnum.

Ég legg fyrir hönd meiri hl. fjhn. áherzlu á það, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að tefja ekki mjög umr. um þetta mál. Ég hef bent á kjarna málsins. Ég skal þó aðeins taka hér fram nokkur atriði máli mínu til frekari sönnunar, um leið og ég svara þeim athugasemdum, sem komið hafa hér fram, bæði frá hv. frsm. meiri hl. og eins frá hæstv. ráðh., er hann talaði hér í gær.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi hér, að það hefði verið lögð á það áherzla að fá þau gögn, sem ég ræddi um og minntist á að erfiðlega gengi að fá. Og hann staðfesti í sinni ræðu, að svo erfiðlega hefði gengið að fá þessi gögn, að gagnasöfnun eða skýrslusöfnun væri ekki lokið enn, þó að komið sé fram yfir áramót. Ég hef m. a. nú í dag gert itrekaða tilraun til þess að fá sundurliðaða skýrslu frá einni stofnun og hef fengið það svar úr rn., að það sé ógerlegt fyrir fjvn. og fyrir rn. að fá þá stofnun til þess að gefa nokkra skýrslu, og ég hygg, að það geti vel verið, að það stafi af því, að forstöðumaður þeirrar stofnunar var ekki á þessu s. l. ári, heldur á árinu þar áður, einn af þeim mönnum, sem kallaður var til viðtals til þess að ræða við hann um þessi mál öll. Og hann var þá svo fáorður um þetta, að hann — eins og kannske hv. frsm. meiri hl. er kunnugt — vissi ekki sjálfur, eftir því sem hann tjáði n., hvað hann hefði mikið í laun, og það vorum einmitt við, fjvn.-mennirnir, sem urðum að tína það upp úr skýrslum, sem hann hafði nú m. a. gefið og aðrar stofnanir, sem hann vann við, og við áttum í allmiklum erfiðleikum með að fá þennan ágæta forstöðumann til þess að trúa því, að það væru virkilega svona háar launafúlgur, sem hann fengi samanlagt úr ríkissjóði. Þetta veit ég að hv. frsm. meiri hl. kannast við, en líklega hefur þetta haft þau áhrif, að nú er ómögulegt að fá hann lengur til þess að gefa þessar skýrslur eða hans stofnanir. Það var alveg útilokað.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að hann hefði í sinni tíð krafizt þess, að útfylltar væru skýrslur í sambandi við þessi mál hjá hverri stofnun, og ég skal viðurkenna það, að það hefur verið gert innan vissra takmarka. Og ég skal m. a. að gefnu tilefni hér einmitt benda á, hvernig þetta er gert. Við höfum fengið hér skýrslur frá stofnunum, starfsmannaskrá, sem er útfyllt af sumum stofnunum og sumum ekki, bókstaflega eftir því, hve forstöðumennirnir sjálfir eru fúsir til þess að gera það. Þessar skýrslur segja tvennt, annars vegar, hvað er, eins og hæstv. ráðh. talaði um, samkv. launal. grunnlaun og verðlagsuppbót fyrir það ár, sem verið er að semja fjárl. fyrir, t. d. skýrslur, sem hafa komið nú, eru um áætlaðar launagreiðslur almanaksárið 1953, en á sama tíma eru líka gefnar upp launagreiðslur almanaksárið 1951. Af þessu getur fjvn. annars vegar nokkurn veginn séð, hvað launin eigi að vera samkv. launal. árið 1953 og hvað miklar aukagreiðslur hafi verið 1951, en getur hins vegar ekki séð, hvað miklar aukagreiðslur munu verða 1953. Það verður að vera ágizkun.

Ef þessar skýrslur væru samdar þannig, að nafn hvers embættismanns væri fyllt út á eina heildarskýrslu, þá gæti fjvn. m. a. alveg án þess að leggja í það mikla vinnu fullvissað sig nokkuð um, hvað embættismenn almennt hefðu í föst laun og hve víða þeir væru launaðir af ríki eða ríkisstofnun. En þetta er ekki þannig. Þessar skýrslur koma eingöngu frá hverri stofnun, og ég skal t. d. koma hér með nokkur dæmi. Hér eru t. d. frá háskólanum skýrslur um það, hvað þessir menn hafi í laun, og þá eru einnig gefin hér upp laun ýmissa manna, sem ekki eru fastir starfsmenn við háskólann eða eru fastir starfsmenn að einhverju leyti við háskólann. Það er hér t. d. einn maður með rúml. 13 þús. kr. laun við háskólann, þó að hann sé á fullum launum annars staðar. Það er hér annar maður með 10988 kr. laun við háskólann, þó að hann sé á mjög háum launum annars staðar, eins og ég skal síðar koma að. Fjvn. hefur því ekkert yfirlit yfir þetta nema að tína þetta saman úr mörgum skýrslum, og það er ekki ætlazt til þess, að þn. geti lagt í það vinnu, enda er þessi vinna svo mikil, að rn. sjálft hefur ekki treyst sér til þess að geta fengið þessar upplýsingar nú á meira en rúmu ári. Það getur því aldrei verið verk fjvn. að tína þetta saman, heldur verk rn. annars vegar og stofnananna hins vegar, og það er enginn vandi fyrir rn., með öðrum eins hagfræðispekingum og það hefur yfir að ráða, að geta útbúið þannig sér í hag, að það geti látið gera þetta fyrirhafnarlítið, ef það er sett í ákveðið kerfi. Ég skal m. a. leyfa mér að benda hér á — ég veit, að hv. þm. taka það ekki sem neitt persónulegt, þó að séu nefnd hér nöfn í sambandi við þetta, þetta eru opinberir starfsmenn og opinberar skýrslur. Hér hefur t. d. rektor menntaskólans 54130 kr. laun samkvæmt launalögum árið 1953, en hafði auk þess 5300 kr. í aukavinnu s. l. ár, sem yrði þá núna um 60 þús. kr. á þessu ári. En nú skulum við halda áfram. Þetta er aðeins úr þeirri stofnun. Nú kemur hér úr annarri stofnun, þar sem sami maður hefur 11500 kr., og ég veit ekki, úr hvað mörgum stofnunum viðkomandi embættismaður kann að hafa slíkar launauppbætur. Það er ekkert létt verk, hvorki fyrir fjvn. né aðra, að tína þetta úr fjöldamörgum blöðum, sem fyrir liggja, og ekki er þess að vænta, að þeir geti gert það. Hins vegar er ég persónulega kunnugur því, að þetta eru ekki þær einu tekjur, sem þessi ágæti maður hefur. Nú þótti samt sem áður sjálfsagt að hækka skólastjórn hans upp í 10 þús. vegna þess, hvað hann væri lágt launaður, og það kom til af því, að hér er annar, Einar Magnússon, með 84 þús. kr. laun árið 1951, sem nú eru komnar hátt upp í 100 þús. kr., og það þótti alveg ógerlegt að láta

sjálfan rektor vera þó lægri í launum en hans undirmenn, og þetta hefur smitað um allar stofnanir ríkisins, eins og hv. frsm. meiri hl. er kunnugt, og það er vegna þessara upplýsinga, sem fyrir okkur liggja í fjvn., að ég hef borið þetta fram. Ég skal m. a. benda hér á annan mann, það er Jóhannes Áskelsson. Hann er hér með 56 þús. kr. 1951, sem er allmiklu hærra í ár. Hann kann að hafa annars staðar einhverjar aðrar tekjur, það skal ég ekki segja um, en það er samt sem áður verið að berjast fyrir því hér í Alþ., að hann fái í viðbót við þetta 8000 kr. til þess að hafa sér til gagns og gamans í sumarfríinu. Það er þetta, sem ég vil, að það sé farið inn á þá braut að fá óskeikult heildaryfirlit yfir þetta, og það verður bezt gert með því að samþ. mína till.

Ég nenni ekki að telja hér fleiri dæmi, þó að það úi og grúi af þessum dæmum hjá fjvn., vildi aðeins taka þetta sem sýnishorn. En ég vil í sambandi við það, sem ég sagði hér í gær, út af vanrækslu embættismanna í sambandi við sín störf, lesa hér upp, með leyfi hæstv. ráðh., úr fundargerð fjárveitinganefndar. Þar segir svo með leyfi hæstv. ráðh.:

„Á fundi mættu þeir Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og íþróttafulltrúi ríkisins, Þorsteinn Einarsson. — Með því að ýmsar upplýsingar, sem n. höfðu verið látnar í té, sýndu, að kennarar á föstum launum í hinum ýmsu skólum landsins, sem samkvæmt reglugerð og lögum eiga að kenna allt að 27—30 stundir á viku, hafa fengið greiðslu allt að 45 þús. kr. fyrir stundakennslu í sömu skólum, og þannig orðið að kenna nær tvöfaldan starfstíma á viku, var þeirri fyrirspurn beint til fræðslumálastjóra og íþróttafulltrúa ríkisins, hvort þeim væri ljós sá háttur, sem hér væri hafður á kennslunni í skólum landsins, og þá jafnframt, hvort kennslan liði ekki við slíkt fyrirkomulag.“

Ég vil nú taka það fram, að það er ekki að ástæðulausu, að fjvn. lætur bóka svona lagað.

„Fræðslumálastjóri svaraði fyrirspurninni á þá leið, að í langflestum skólum úti á landi ætti þetta fyrirkomulag sér ekki stað. Þó væru undantekningar í einstöku skólum, ef ekki væri hægt að fá þar aðra kennara. Hins vegar væri sér kunnugt um, að þessi háttur væri hafður á hér í Reykjavík og þá einkum í menntaskólanum í Reykjavík, en stjórn hans væri á ábyrgð rektors.“ — Og það er m. a. þess vegna, sem ég hef gefið hér upp, hvaða laun rektor hefur, og þá fer maður að skilja, hvaða erfiðleikum hann stendur í að eiga að halda þessu niðri með sína undirmenn, þegar hann sjálfur er kominn í þessa aðstöðu. — „Teldi hann sem fræðslumálastjóri, að fyrirkomulag þetta væri alveg óviðunandi, því að hann liti svo á, að almennt liði kennslan við lengri starfstíma en ákveðið væri í reglugerðinni.“

Ég hygg, að þetta sé nægilegt til þess að undirstrika það og sanna, að ég hef farið fullkomlega með rétt mál hér í gær og að það sé fullkomið alvörumál, hvernig þessum málum er stjórnað nú. Ég skal taka það fram, að það er ekki eingöngu vegna þess, að þetta er þessi stofnun, heldur er þessi stofnun bara tekin af því, að hún hefur verið ein af þeim lakari, kannske ein af þeim lökustu, en bara sýnir, að svona er þetta orðið víða í stofnunum hjá ríkinu.

„Staðfesti íþróttafulltrúinn þessa skoðun og tók jafnframt fram, að hvað íþróttakennslu snerti liti hann svo á, að enginn kennari mætti taka að sér meiri kennslu en ákveðið væri í lögum, ef tryggja ætti árangurinn af kennslunni.“

Ja, hvað eru þá þessir menn að gera annað en það, sem ég hélt fram hér? Þeir eru beinlínis að svíkja sitt starf fyrir þau laun, sem þeir fá, til þess að geta haft enn meiri laun hjá ríkinu. Það eru engar aðrar útgöngudyr út úr málinu.

Að síðustu er sagt hér:

„Nefndin gerði fræðslumálastjóra og íþróttafulltrúa það ljóst, að þar sem kostnaður við fræðslumálin nálgaðist nú um 60 millj. kr. á ári, væri höfuðnauðsyn, að þeir hefðu fulla samvinnu við fjvn. og ráðuneytið um fullkominn sparnað og hagkvæmt skipulag á þessum málum, ef fyrirbyggja ætti stórkostlegan samdrátt í fræðslukerfinu. Kváðust þeir báðir hafa fullan skilning á nauðsyn þess og vilja vinna framvegis með það fyrir augum.“

Ég vil taka það fram, að þó að ég lesi þennan kafla hér upp úr bókinni, þá er þetta ekkert einsdæmi um bókun í sambandi við upplýsingar og umræður við þessa menn, en það sýnir þá a. m. k., að fjvn. vill gera sitt ýtrasta til þess, að þetta sé lagað. Hún hefur óskað eftir því, að það verði gert af fjmrn., og svörin eru þau, að það séu á þessu alls konar erfiðleikar, eins og hæstv. ráðh. sagði í gær, og að málið hefur ekki komizt lengra áleiðis heldur en það er komið nú, stafar af því, að embættismennirnir slá hring utan um þessi mál sín. Ég gerði m. a. nú ítrekaðar tilraunir, eins og ég sagði áðan, til þess að fá sundurliðun á þessum kostnaði við eina stofnun, þ. e. a. s. við rannsóknarstofu háskólans, og það var alveg útilokað fyrir okkur að fá það.

Nú sagði hv. frsm., að till. mín væri ekkert annað en dagskrártill. Þetta er náttúrlega byggt á ákaflega miklum misskilningi. Hann sagði einnig, að ef till. væri samþ., þá væri frv. sjálft einskis virði. Þetta er líka ákaflega mikið byggt á misskilningi. (Gripið fram í.) Jú, það er alveg misskilningur. Það er sagt m. a. hér í frv., að hinn 1. marz, 1. júní og 1. sept. skuli verðlagsuppbót breytast þannig, að ef grunnlaunin séu eigi hærri en 1830 kr. á mánuði, þá skuli greiða uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu, reiknaðri eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 10 stigum, en á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við kaupgjaldsvísitölu, reiknaða eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan að viðbættum 5 stigum. Allt þetta þvingaða kerfi, sem hæstv. ríkisstj. óskar að halda, heldur sér og því er ekkert raskað, þó að mín till. sé samþ. Mín till. fer ekki fram á neitt annað en þetta, að það sé frestað að greiða þessar uppbætur, sem nema um 1000 kr. á mann á ári, þar til sé búið að koma þessum málum í eðlilegt horf, rannsóknirnar hafi fengizt fram, það sé sýnilegt, hvernig ástandið sé í þessum málum. Það er ekkert, sem farið er fram á annað í minni till., og það er sannarlega engin goðgá. Mennirnir gætu þá sparað þessar 1000 kr. til þess að hafa þær til að

greiða upp í skattana sína, það er allt og sumt. Ég sé ekki, að það sé nein goðgá, til þess, eins og ég hef haldið fram, að þvinga fram skýrslurnar frá viðkomandi aðila.

Nú sagði hv. frsm. hér, að þetta mundi verka öfugt, því að ef það fréttist til viðkomandi aðila, að það gæti haft þau áhrif, að það ætti að lækka þeirra laun, — sem eru nú aðeins mínar tilgátur, ég get ekkert sagt um það, — þá væri það síður en svo, að það ýtti undir skýrsluskil. En hugsar þá virkilega hv. frsm. að láta það líðast af opinberum embættismönnum, að þeir geti vanrækt að gera skýrsluskil, sem heimtuð eru samkvæmt lögum, þótt það ætti eitthvað að skerða þeirra laun, sem ég náttúrlega get ekkert sagt um? Það, sem yrði að gerast hér í þessu máli og er hægast að gera, er, að ríkisstj. sjálf, þ. e. a. s. fjmrn., sé bókstaflega ekkert að knékrjúpa fyrir þessum aðilum, sem ekki vilja láta nokkurn mann sjá, hvað þeir hafa í laun, heldur ganga beint í skattskýrslurnar, taka upp úr skattskýrslunum, hvað þessir menn hafa haft, og þurfa ekkert að knékrjúpa fyrir þeim. Mín till. fer heldur ekkert inn á það — út af fyrir sig — að lækka þau laun. Það er alveg látið opið. Það er aðeins mín till. að tryggja, að lögin séu framkvæmd, lögin frá 1951, sem ég gat um, og að greiða ekki þessum mönnum hækkunina fyrr en búið er að framkvæma lögin eins og ákveðið hefur verið. Það er búið að fresta framkvæmdinni núna 6—7 mánuði fram yfir það, sem átti að gera, og það er ekkert innifalið í minni till. annað en það, að þetta verði ekki greitt fyrr en það sé búið að komast að þeirri niðurstöðu, sem lögin ákveða um. Það er svo á valdi ríkisstj., hvort hún vill leggja til að greiða þá upphæð, sem farið er fram á hér í frv., sem ég út af fyrir sig læt alveg afskiptalaust, — ríkisstj. gerir það þá á sína ábyrgð, — eða hvort hún leggur til, að þarna sé farin einhver önnur leið, en hún hefur sannarlega miklu traustara undir fótum að ákveða, hvort heldur launin skuli greidd eftir því, sem sagt er hér í frv., eða greidd eftir einhverjum öðrum leiðum, eftir að hún hefur safnað öllum þessum skýrslum.

Mér kæmi það ekkert á óvart, þó að hér við afgreiðslu þessa máls í þessari hv. deild stæðu embættismennirnir enn saman um að láta ekki raska því, sem þeir þegar hafa komið hér í framkvæmd, en það alvarlegasta — og það vildi ég aðeins segja hér að lokum — það alvarlegasta í þessu máli er það, að hér er tekin upp ný stefna, sú stefna, að þegar verkamenn eru að berjast fyrir sínum launakjörum og fá kjarabætur með harðskeyttri sókn, sem kannske kostar þá allmikið vinnutap, þá eru alveg látnar koma af sjálfu sér þessar sömu kjarabætur til embættismanna, sem vinna undir allt öðrum lögum, og það er náttúrlega það voðalega í málinu, að slíkt skuli vera lögfest hér á Alþingi, og ég get að sjálfsögðu ekki látið þeim starfsaðferðum ómótmælt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það eru eiginlega ummæli hv. þm. Barð. um opinbera starfsmenn og hversu fíknir þeir séu í að afla sér aukatekna, sem valda því, að ég kvaddi mér nú hljóðs. Um frv. sjálft hef ég ekkert að segja annað en að mæla með því, og brtt. hv. þm. Barð., sem er í raun og veru rökstuddd dagskrá, eins og þm. S-Þ. tók fram, mun ég greiða atkvæði á móti af ástæðum, sem eru svo augljósar, að það þarf varla að greina þær. En hv. þm. Barð. gerir mikið úr því, að í fyrsta lagi taki opinberir starfsmenn mjög mikið af tekjum sínum sem aukagreiðslur, greiðslur fyrir aukavinnu, annaðhvort hjá sömu stofnunum sem þeir vinna hjá eða hjá öðrum ríkisstofnunum, og í öðru lagi, að þeir fái sjálfkrafa allar þær hækkanir, sem láglaunamönnum séu veittar með samningum við verkalýðsfélögin. Ég veit, að hér er mjög ofmælt hjá hv. þm. Barð., og skal sýna honum það með mjög einföldu dæmi. Maður, sem hefur 1500 kr. í grunnlaun, hann nýtur nú samkv. lögum 17% grunnuppbótar og fær auk þess ofan á það, ef þetta frv. er samþ., 58% verðlagsuppbót, eða samtals 2773 kr. á mánuði. Hækkunin nemur hjá honum tæpum 1300 kr. á mánuði, eða fullum 85% ofan á grunnlaunin. Tökum annan opinberan starfsmann, úr hærri launaflokki, sem hefur 3000 kr. í grunnlaun. Þessi starfsmaður fær 10% grunnlaunahækkun. Hann fær 53% af 1830 kr. á mánuði, en ekki nema 23% á hitt, 1170 kr. á mánuði. Samtals verður hans kaup því 4539 kr. á mánuði. Hækkunin hjá honum er tæp 34%. Láglaunamaðurinn, sem hefur 1500 kr. í grunnlaun, fær þannig allt í allt um 85% hækkun á sín laun samkvæmt lögum og þessu frv. Hinn, sem hafði helmingi hærri laun, fær ekki nema tæp 34%. Af þessu leiðir, að launamunurinn í krónum hjá þessum tveimur embættismönnum, sem voru metnir þetta þegar launalögin voru sett, er núna hlutfallslega miklu minni en munurinn á grunnlaununum var.

Hv. þm. leitar mjög í huga sínum að því, hvernig geti staðið á fíkn ýmissa opinberra starfsmanna í að afla sér aukatekna. Mér finnst skýringin vera alveg augljós. Hún liggur í því, að menn í þessum launaflokkum, sem hér um ræðir, efri launaflokkunum, hafa stöðugt verið að lækka í launum, miklu meira en nokkrir aðrir landsmenn, og reyna að sjálfsögðu að krafsa í bakkann og afla sér aukatekna.

Nú skal ég taka það fram, að ég er sammála hv. þm. Barð. um það, að það sé mjög óheppilegt og mjög varhugavert, að starfsmenn ríkis eða stofnana þess hafi aukavinnu hjá sömu stofnun eða öðrum ríkisstofnunum. Það er óeðlilegt og óheppilegt á allan hátt. Hv. þm. vill straffa það með því að borga þeim eftir enn lægri vísitölu, skilst mér. En setjum nú svo t. d., að einhverjir menntaskólakennararnir, sem hann gerir sér hér mjög tíðrætt um, hefðu sína aukavinnu við verzlunarskólann, en ekki við menntaskólann, með sama kaupi og sömu heildartekjum. Hvaða vit væri í því að fara þá öðruvísi með aðra kennara menntaskólans í þessu efni heldur en þá kennara menntaskólans, sem hefðu tímavinnuna eða aukavinnuna í viðbót við fastastarfið hjá verzlunarskólanum í staðinn fyrir að hafa það hjá menntaskólanum? Það væri náttúrlega engin skynsemi í því.

Ég held ég verði að segja það hér, að ég álít, að það sé svo langt búið að ganga í jöfnun á

milli launaflokka opinberra starfsmanna frá því, sem ætlazt var til, þegar launalögin voru sett, að það sé ótækt að ganga lengra í þá átt, og því sé ekkert óeðlilegt við það, þó að þau almennu friðindi, sem falla launamönnum til samkvæmt þessum lögum, gangi jafnt til allra flokka. En sérstaklega vildi ég nota þetta tækifæri til þess að benda á, að ein meginástæðan tvímælalaust til þess, að starfsmenn hins opinbera í hærri launaflokkum leitast við að afla sér aukatekna með einum hætti eða öðrum, liggur augljóslega í því, að þeirra laun hafa ekki hækkað neitt svipað því hlutfallslega sem tekjur annarra stétta í landinu. Þeir opinberir starfsmenn, sem eru nálægt Dagsbrúnartaxta eða neðar, hafa fengið sín laun hækkuð a. m. k. um 85%, fyrir utan aldurshækkanir og annað slíkt, en hinir, sem eru komnir upp í tvöfalt hærri laun, eða 3000 kr. á mánuði, hafa fengið þriðjungs hækkun. Þetta er sjálfsagt að gera sér ljóst, þegar um þetta er rætt, og þetta er ein skýringin á því, hversu mjög er eftir leitað að afla sér aukatekna af þeim mönnum, sem eru í þessum launaflokki.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. hrakti nú ekkert af því, sem ég hafði sagt í sambandi við launahækkanirnar. Hann aðeins útskýrði það, að embættismennirnir hefðu ekki fengið prósentvís eins mikla hækkun á launum eins og hinir lægst launuðu. Hitt stendur óhaggað, sem ég hef sagt og vitað er, að hver fastlaunaður maður, hvort það er heldur hjá ríkinu eða ríkisstofnunum, hefur fengið við samningana 1000 kr. hækkun á ári. Þetta stendur alveg óhaggað. Það er það, sem ég hef haldið fram, og ekki neitt annað, og ég tel, að það sé óeðlilegt, að slík hækkun hjá mönnum, sem vinna undir föstum, ákveðnum launalögum, sé gerð með verkalýðssamningum.

Hv. þm. sagði einnig, að það væri óeðlilegt og ranglátt, að kennari mætti ekki vinna við sömu stofnun aukavinnu við kennslu, ef hann mætti t. d. fara frá þeirri stofnun til þess að vinna sams konar tíma hjá verzlunarskólanum eða einhverri annarri stofnun, sem ekki væri rekin undir stjórn ríkisins. Það er ekki það, sem deilt er um hér. Það er hitt, sem deilt er um og sannað, að áliti fræðslumálastjóra og þeirra manna, sem þessum málum ráða, að ef kennari tekur að sér að kenna meira en 27—30 klst. á viku, hvar sem hann kennir þær, þá sé hann að svíkja nemendurna. Það er kjarni þess máls, og það hefur verið gengið svo langt í því atriði, að kennararnir hafa kennt ekki 27 stundir á viku, heldur yfir 50 stundir á viku, með þeim árangri, að þeir hafa verið að svíkja sitt starf, eins og yfirlýsing fræðslumálastjóra staðfesti. Það er kjarni málsins, en ekki hitt, hvort þeir geta flutt sig á milli frá menntaskólanum í verzlunarskólann. Það þykir náttúrlega ekkert athugavert, að embættismaður getur verið prófessor við háskóla með 51—52 þús. kr. laun og hann getur þess utan verið kennari í menntaskólanum með allt að 20 þús. kr. laun. Hann getur þess utan verið einhver allra fremsti og bezti starfsmaður í Alþingi og rækt það starf miklu betur en nokkur annar, með þeim litlu launum, sem þar eru. Þetta þykir kannske ekkert athugavert. En ég segi bara: Þá er prófessorsembættið of hátt launað, vegna þess að þar kemur ekki það starf á móti, sem þyrfti að koma, — og það er þetta, sem ég er að finna að. Svona má telja ákaflega víða, einmitt í embættismannakerfinu. Hinu furðar mig ekkert á, þó að hv. 4. þm. Reykv. standi hér upp og verji embættismennina. Það er eins og ég spáði áður en ég lauk mínu máli áðan, að þeir munu allir standa saman hér á Alþ., embættismennirnir í þessum flokki, eins og annars staðar, því að það er það, sem þeir gera.

ATKVGR.
Brtt. 587 felld með 9:1 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 659).

---

28. Ríkisreikningurinn 1950.

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950 [181. mál] (stjfrv., A. 417).

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki þörf á því að fylgja þessu frv. úr hlaði með ræðu, en ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 526).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur með samanburði séð, að tölurnar á frv. þessu eru réttar samkv. ríkisreikningnum fyrir 1950, og mælir n. með því, að frv. verði samþ.

Eins og venja er til, eru athugasemdir yfirskoðunarmanna prentaðar með ríkisreikningnum. Að þessu sinni eru þær í 34 liðum. Svör ráðherra

við aths. eru einnig birt og loks till. yfirskoðunarmannanna út af aths. og svörum við þeim. Er þar aðeins tveimur aths. vísað til aðgerða Alþ. Önnur þeirra er um óinnheimtar ríkistekjur í lok reikningsársins, en útistandandi tekjur voru þó nokkru meiri en um næstu áramót á undan. Í svari ráðherra við þeirri aths. er frá því skýrt, að unnið sé af kappi að innheimtu eftirstöðvanna. Verður að vænta þess, að gert verði það, sem unnt er í því efni, án þess að þingið geri sérstakar ráðstafanir þar að lútandi. — Hin aths., sem yfirskoðunarmenn vísa til aðgerða Alþ., snertir ríkisútvarpið. Finna þeir að fjárstjórn þeirrar stofnunar og nefna þar í fyrsta lagi launagreiðslur, sem hafi farið töluvert fram úr áætlun fjárlaga. Það er rétt hjá yfirskoðunarmönnum, að útgjöld ríkisútvarpsins hafa verið allmiklu hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögum, þ. á m. launagreiðslur fyrirtækisins, en því miður er svo um fleiri ríkisstofnanir, þótt þess sé ekki getið sérstaklega í aths. Ég hef veitt því athygli við lauslega athugun á ríkisreikningnum, að hjá nokkrum öðrum stofnunum hafa launagreiðslur farið hlutfallslega meira fram úr fjárlagaáætlun heldur en hjá útvarpinu á árinu 1950. Hafa þó yfirskoðunarmenn ekki gert athugasemdir við þær umframgreiðslur, en finna mjög að fjárstjórn útvarpsins, eins og þeir hafa áður gert. Víst er það verk yfirskoðunarmanna að gera athugasemdir, ef fé er eytt í heimildarleysi eða í óhófi, en þess ber þeim að gæta, að láta eitt yfir alla ganga, svo að ekki sé hægt að segja, að þeir geri upp á milli manna eða stofnana í athugasemdaflutningi. Hef ég stundum rætt um þetta nokkuð áður, þegar ríkisreikningur hefur verið hér til meðferðar.

Það er að sjálfsögðu fleira, sem ástæða getur verið til að ræða um í sambandi við ríkisreikning, heldur en þau atriði í athugasemdunum, sem yfirskoðunarmenn vísa til aðgerða Alþ. Eitt af því eru greiðslur ríkisins vegna ábyrgða, sem hafa farið vaxandi síðustu árin vegna vanskila allmargra aðila, sem hafa fengið ríkisábyrgðir fyrir lánum. Er að þessu máli vikið í athugasemdum yfirskoðunarmanna. Árið 1950 námu þessar greiðslur vegna ríkisábyrgðarlána samtals nokkuð yfir 4 millj. kr., og er sundurliðuð skýrsla um greiðslurnar birt á bls. 113 í ríkisreikningnum. Mesta fjárhæðin þar er vegna síldarverksmiðja ríkisins, 1669 þús. kr. Að öðru leyti eru þarna aðallega greiðslur af rafveitulánum og hafnarlánum fyrir ýmis bæjar- og sveitarfélög, sem ekki hafa staðið í skilum. Hæst er þar greiðsla vegna rafveitu Siglufjarðar, 800 þús. kr., og þá er Andakílsárvirkjunin með 491 þús. kr. Ég hef heyrt, að Andakílsárvirkjunin sé nú farin að greiða sjálf árgjöld af sínum lánum, og ætti þá, fyrst svo er komið, að taka til athugunar, hvenær það fyrirtæki getur farið að endurgreiða eitthvað af ábyrgðarskuldum sínum til ríkissjóðs, en áframhald mun vera á greiðslum vegna rafveitu Siglufjarðar, og væri sízt vanþörf á að koma rekstri þess fyrirtækis í betra lag, ef þess væri nokkur kostur. Þá er á þessum lista greiðsla vegna útgerðarfélags í Stykkishólmi, Búðaness h/f, 294 þús., og er það fyrirtæki orðið nokkuð dýrt, því að það hefur verið greitt fyrir það áður. Þá er greitt af síldarverksmiðjuláni vegna Siglufjarðarkaupstaðar 297 þús. og til Skagastrandarhafnar 260 þús., sem líka hefur orðið nokkuð þung á ríkissjóði. Aðrar greiðslur í þessu yfirliti nema innan við 100 þús. kr. hver fyrir sig. Þær eru nokkrar, og eins og ég gat um áður, er þar aðallega um að ræða rafveitulán og hafnarlán. Það er á það bent í athugasemdum yfirskoðunarmanna, að þetta sé vandræðamál við að fást, og mun það rétt vera, og væri sízt vanþörf á, ef mögulegt væri, að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að þessar greiðslur fari ekki árlega vaxandi.

Efnahagsreikningar ríkisfyrirtækja eru birtir með ríkisreikningnum eins og venjulega. Vantar þó reikninga frá tunnuverksmiðjum ríkisins, sandgræðslunni og tilraunastöðinni á Keldum. Enn fremur vantar reikning fyrir jarðboranir ríkisins, því að reikningur sá, sem prentaður er á bls. 148 og talinn reikningur þess fyrirtækis, er reikningur aðalskrifstofu raforkumála. Er þar prentvilla í fyrirsögn.

Ég hef stundum áður fundið að því, að ríkisreikningarnir væru óhæfilega seint lagðir fyrir Alþingi. Víst hefur þetta færzt nokkuð í betra horf í seinni síð, en þó er það svo, að enn skortir á, að reikningsskilin séu svo fljót sem þau ættu að vera. Til þess að telja mætti, að reikningsskilin væru komin í lag, hefði endurskoðaður ríkisreikningur fyrir árið 1951 átt að liggja fyrir þessu þingi til afgreiðslu.

Eins og ég hef áður sagt, þá mælir fjhn. með því, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 417.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég þykist sjá það á áliti hv. fjhn., að það muni vera ætlunin eins og venjulega að láta þetta mál fljóta, án þess að nokkrar aðgerðir séu af þingsins hálfu gerðar út af þeim athugasemdum, sem yfirskoðunarmenn hafa gert, og verður það að segjast nú eins og raunar áður, að það er alltaf örðugra að gera ráðstafanir um breytingar, sem að verulegu gagni koma, þegar svo langt er um liðið eins og venjulega er, verið hefur og er nú. En varðandi það atriði, hvað hér er seint á ferðinni þessi reikningur, þá vil ég til marks um það, hvort það sé hægt að ásaka okkur yfirskoðunarmenn Alþ. um það, taka fram, að við skiluðum athugasemdum við þennan reikning, sem hér liggur fyrir og er fyrir árið 1950, til fjmrn. 3. apríl 1952, en svörin frá ráðherra bárust okkur 28. nóv., og verð ég að segja, að mér finnst það hafa kostað rn. nokkuð langan tíma að svara ekki viðtækari athugasemdum en hér er um að ræða.

Það er rétt hjá hv. frsm. fjhn., að það eru ekki nema tvær athugasemdir, sem við höfum lagt til, að vísað yrði til aðgerða Alþ., og er það 2. og 3.—6. aths. — Því er þannig varið, að á undanförnum árum hefur það alltaf farið vaxandi, að það væri meira og meira útistandandi af tekjum ríkisins í árslok, og að þessu sinni, í árslok 1950, voru útistandandi af tekjum ríkisins sjálfs rúmlega 24 millj. kr. Auk þess eru stórar upphæðir útistandandi hjá ýmsum stofnunum ríkisins, sem við í annarri athugasemd höfum bent á að þyrfti stórra lagfæringa við, því

að auðsjáanlega hefur farið heldur versnandi ástandið við innheimtu hjá ýmsum þeim stofnunum á síðari árum. Þetta ástand sýnir það, að það er mikil þörf á því, að það sé aukið eftirlit með því, að innheimtunni sé komið í betra lag en verið hefur. Ég skal játa, að þar muni vera ýmsir örðugleikar við að fást, en ekki er það álitlegt, þegar svo stendur með tekjur ríkisins og innheimtu þeirra eins og hér horfir við.

Varðandi hina athugasemdina, sem er um fjárstjórn ríkisútvarpsins, þá er það svo sem ekki í fyrsta sinn, sem við núverandi yfirskoðunarmenn gerum athugasemd við fjárstjórn þessa fyrirtækis, því að við höfum gert það, held ég, á hverju einasta ári síðan við tókum við þessu starfi. Og við erum þeirrar skoðunar, að fjárstjórn þessa fyrirtækis sé í heild sinni verri en hjá nokkurri annarri stofnun, sem ríkið rekur, og verri að því leyti til, að þessi stofnun virðist taka minna tillit til fjárlaga en aðrar stofnanir, og geta hv. þm. sannfært sig um, hvernig ástandið er á þessu sviði fyrir árið 1950, með því að lesa þær skýrslur, sem hér eru birtar í okkar athugasemd. Ég skal ekki fullyrða nema það geti átt sér stað, sem hv. frsm. sagði, að á einhverjum einum stað hafi átt sér stað prósentvís meiri umframgreiðsla á launum einstakra manna, en í heild sinni er það áreiðanlegt, að eftir það að við höfum farið í gegnum reikninga ríkisstofnananna, þá er að þessu leyti til verri fjárstjórn hjá þessari stofnun heldur en hjá þeim öðrum ríkisstofnunum, sem helzt væri hægt að bera saman að þessu leyti. Og þó að það verði sýnilega ekki gerðar neinar ákvarðanir hér, úr því að fjhn. vill ekki flytja neinar till. um breytt fyrirkomulag varðandi þessa stofnun, þá er áreiðanlegt, að það er mikil þörf á því að koma þar á öðrum háttum en verið hefur í þessu efni. Þó að þarna sé það verst, þá er það víða svo, að það virðist vera svo, að margir þeir, sem stjórna stofnunum ríkisins, telji sér ekki skylt að fara eftir ákvörðunum Alþ., sem koma fram í afgreiðslu fjárlaga, og bera þar hinu og þessu við í sínum svörum.

Varðandi það atriði, sem hv. frsm. gerði hér að umtalsefni og er mjög alvarlegt mál, sem sé greiðslur vegna ábyrgða ríkisins, þá höfum við yfirskoðunarmenn bent á þetta oftar en einu sinni í athugasemdum undanfarinna ára og eins nú, en sannleikurinn er sá, að þó að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða, þá er því þannig varið, að það er mjög örðugt að ásaka hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. fyrir það, þó að hér hafi orðið að greiða stórar upphæðir vegna þessara ábyrgða, því að í flestum tilfellum — og ég býst við í öllum þeim, sem hér liggja fyrir, þá verður ekki undan því komizt að standa straum af þeim skuldum, sem viðkomandi fyrirtæki hafa stofnað til á ábyrgð ríkisins, og þegar þau eru þannig sett, að þau geta ekki staðið við sínar skuldbindingar að þessu leyti, þá er ekkert annað fyrir hendi heldur en að ríkissjóður verður þar að hlaupa undir bagga. Það, sem hér er um að ræða, er þess vegna mjög veruleg áminning fyrir Alþ. um að fara varlegar í því heldur en verið hefur að samþ. æ ofan í æ lög um ábyrgðarheimildir til þessara og þessara fyrirtækja, en þar er á þeirri leið líka örðugt við að fást, því að mörg af þeim fyrirtækjum, sem hér hafa lent í fjárþroti og ríkið hefur orðið að borga fyrir, eru nauðsynjafyrirtæki, sem þegar þau eru stofnuð geta átt fullan rétt á sér og virðast þá allar líkur til, að þau geti staðið straum af sínum greiðslum, þó að síðari tíma áföll geri það að verkum, að svo hefur ekki orðið. Þetta skal ég t. d. nefna með ýmis fyrirtæki, sem eru í kauptúnum og hafnarstöðum, sem hafa byggt sína afkomu á síldveiði og útgerð. Þetta á sér stað einkum og sérstaklega fyrir Norður- og Vesturlandi á síðustu árum, að öll stærri fyrirtæki á því svæði landsins hafa lent í mjög miklum örðugleikum vegna þeirra áfalla, sem orðið hafa vegna aflabrests á síldveiðum og víða á þorskveiðum líka. En sem sagt, þetta stóra mál er þannig vaxið, að það er ekki hægt að skella allri skuldinni á neinn einstakan ráðherra, þó að við hér gerum skýrslu yfir það, hvernig ástandið er í þessu efni, heldur er það mál, sem hlýtur að verða til nánari athugunar hér á Alþ. og við afgreiðslu laga og heimilda á þessu sviði.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þennan reikning eða flytja aðrar till. heldur en þær, sem við yfirskoðunarmenn höfum borið fram.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sagði eitthvað á þá leið í upphafi máls síns, að það væri sýnilega ætlun hv. fjhn. að láta fljóta um afgreiðslu málsins, eins og hann orðaði það, þannig að ekki væri mikið gert með þau atriði í reikningnum, sem yfirskoðunarmenn hefðu viljað vísa til Alþ. Ég vil benda á það, sem þó raunar þessi hv. þm. gerði í ræðu þeirri, sem hann byrjaði svona, að það er ekki gerð till. um að vísa til aðgerða Alþ. nema tveimur atriðum í athugasemdunum. Annað málið, sem vísað var til aðgerða Alþ., er aths. um ríkisútvarpið, og skal ég ekki fara út í það. Ég hef ekki sett mig inn í það sérstaklega, svo að ég geti rætt það hér í dag. En hv. fjhn. hefur sýnilega ekki séð ástæðu til að gera sérstaka till. um það mál og þykir mér það í raun og veru ekki einkennilegt. En hitt atriðið, sem snertir mig nú meira, er fyrsta athugasemdin. Hún er um eftirstöðvarnar. Aths. er um það, að eftirstöðvar hafi nokkuð vaxið á árinu 1950. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa svarið við þessari athugasemd, svar, sem hv. endurskoðendum virðist ekki hafa verið það tæmandi, að ástæða væri til þess að telja þessu þar með fullnægjandi skil gerð. Svarið er þannig:

„Hækkun eftirstöðvanna er mest hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík, enda eru langmestar tekjurnar innheimtar þar. Þar hefur hækkunin orðið mest á eftirstöðvum söluskatts, ca. 2 millj. kr., og er gefin skýring á þeirri hækkun í svari við 2. gr. athugasemda við ríkisreikninginn 1949.“ — Þar er allýtarlega gerð grein fyrir því, hversu horfir yfirleitt um innheimtu söluskattsins. — „Síðan breyt. sú varð á söluskattslögunum, sem þar er greind, hafa ekki safnazt fyrir eftirstöðvar af söluskatti, og mikið hefur áunnizt í innheimtu eftirstöðvanna frá fyrri árum. Eftirstöðvar söluskatts eru í árslok 1951 ca. 4 millj. kr. lægri en í árslok 1950. Hækkun var allmikil á eftirstöðvum

tekju- og eignarskatts, en unnið er af kappi að innheimtu þeirra.“

M. ö. o., það er upplýst með svarinu, að síðan þessi reikningur var saminn, hefur verið sett ný löggjöf um innheimtu söluskattsins, sem hefur orðið til þess, að söluskattsinnheimtueftirstöðvar þekkjast ekki lengur og áunnizt hefur um innheimtu gömlu eftirstöðvanna. Mér er ekki alveg fullkomlega ljóst, hvers vegna hv. endurskoðendur leggja til, að þessu máli sé vísað til aðgerða Alþ., þegar það hefur legið fyrir, að Alþ. var að minni tilhlutun búið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að laga veikasta hlekkinn í innheimtukeðjunni. Það eru að vísu verulegar eftirstöðvar af tekju- og eignarskatti, og það er sífellt erfitt að innheimta hann. En það hefur enn þá ekki verið bent á neinar aðferðir við innheimtu hans aðrar en þær, sem hafðar hafa verið, og ekki komið till. um lagabreytingar til þess að tryggja innheimtuna. Ég sé því ekki, hvað það er, sem kann að hafa vakað fyrir endurskoðendum að benda hv. Alþ. á að gera í þessum efnum umfram það, sem upplýst var með svarinu að búið var að aðhafast. Mér finnst því ekki einkennilegt og hv. fjhn. ekki ámælisverð fyrir það, að hún hefur ekki gert sérstaka till. út af þessu, þó að því væri til Alþingis vísað.

Þá er það út af ábyrgðunum og ábyrgðarútgjöldunum. Ég hef rætt þau mál mjög ýtarlega í hvert skipti, sem ég hef lagt fyrir fjárlfrv., síðan ég tók við starfi fjmrh., og bent á, hvað horfurnar í þeim efnum væru ískyggilegar. Ég ætla að nota þetta tækifæri til þess að segja um það örfá orð, þó að ég hafi enga till. um það mál hér nú liggjandi fyrir hv. Alþ.

Það er nú auðséð, að á þessu ári verða greiddar rúmlega 7 millj. vegna vanskila á ríkisábyrgðum. Það voru ætlaðar til þess 7 millj. að mæta áföllum vegna ríkisábyrgða, en það er sýnilegt, að það hrekkur ekki, þannig að það verður einhver umframgreiðsla á þeim lið. Ábyrgðargreiðslurnar eru orðnar svona gífurlegar. Til samanburðar má geta þess, að til hafnargerða eru samtals veittar á ári milli 5 og 6 millj. og til nýrra þjóðvega eru veittar 10 millj. árlega. Horfur eru sízt batnandi í þessu efni, því að síðan þær ábyrgðir voru teknar, sem valda þessum útgjöldum, þá hefur verið bætt við ábyrgðum, sem sýnilega eru mjög áhættusamar. Alveg sérstaklega er ástæða til þess að benda á þær ábyrgðir, sem hér voru teknar vegna gamalla togara í fyrra. Þær ábyrgðir ætla sýnilega að verða mjög áhættusamar fyrir ríkið. Vegna eins skipsins hefur nú þegar verið lagt út mjög mikið fé.

Það er ekki því að leyna, að ríkið stendur mjög varnarlítið uppi, þegar það hefur tekizt á hendur ábyrgðir, t. d. fyrir bæjarfélag. Það er tæpast hægt að ganga að nokkrum veðum, og það er eiginlega engan veginn hægt að koma sér við með innheimtuna.

Ríkisábyrgðir eru talsvert mikið fyrir rafveitur. Það hefur verið lagt út á hverju einasta ári til þess að greiða af öllum lánum rafveitunnar á Siglufirði, svo að dæmi séu nefnd. Það var lagt út fyrir Andakílsárvirkjunina, en því er hætt og einhverjar vonir um, að hún geti greitt inn aftur það, sem búið var að leggja út fyrir hana. Ríkið mun greiða af langsamlega flestum lánum dieselrafstöðva. Við höfum haft þann hátt á í fjmrn., að alltaf þegar rafveita er í vanskilum, þá eru ýtarlega athugaðir reikningar hennar. Það er ráðgazt um það við atvmrn. og rafmagnseftirlitið, hvort rafmagnsverðið sé lágt, þannig að það megi segja, að menn hlífi sér við raforkugjöldum og láti skella á ríkissjóði greiðslurnar. Ef raforkuverð dæmist of lágt, þá er leitað tillagna raforkumálastjórnarinnar um það, hvað eðlilegt er að það væri og skynsamlegt, og reynt að gera ráðstafanir til þess, að það sé fært í það horf. En þó að öll árvekni sé viðhöfð og öll spjót úti höfð um þetta, þá falla á ríkið árlega mjög miklar greiðslur vegna rafveituábyrgðanna. Dieselstöðvarnar eiga sérstaklega mjög í vök að verjast. Það er afar dýr rekstur á dieselstöðvunum, en það er ekki hægt að leyna því, að inn í þetta kemur einnig fleira. Bæjarfélög og sveitarfélög eru alltaf í vandræðum með peninga. Ekkert sveitarfélag hefur nóga peninga. Það að hafa nóga peninga kostar að hafa há útsvör og innheimta mikil gjöld af íbúunum. Það er sem sé alltaf þröngt í búi hjá bæjar- og sveitarfélögum, eins og hjá flestum, sem eiga að sækja peninga til annarra, og það er alveg auðséð, að sum bæjar- og sveitarfélögin greiða ekki rafveitunum réttmæt gjöld. Þau taka hjá stöðvunum raforku fyrir ekki neitt, þ. e. a. s. þau reikna raforkuna, en láta svo skuldina standa, spara bæjarsjóði þannig peninga og láta svo lánagreiðslurnar falla á ríkissjóð. Það er talsvert mikið um þetta. Ríkissjóður stendur í raun og veru algerlega varnarlaus gagnvart þessu. Það er ekki til neins að fara að ganga að rafveitunum og burðast við að taka að sér rekstur rafveitna úti um allt land. Mundi sjálfsagt ekki takast betur, þó að það yrði reynt.

Það er nokkuð mikið í vanskilum á hafnarlánum, en ekki nándar nærri því eins algengt eins og með rafveiturnar, þannig að það eru sem betur fer miklu færri hafnarsjóðir, sem eru í vanskilum, en hinir, sem standa í skilum. En þeir eru þó nokkuð margir, og þeim fer því miður fjölgandi. Það ber talsvert mikið á því, að forráðamenn hafnargerðanna heima fyrir halda áfram með framkvæmdirnar, þótt þeir fái hvergi lán, og láta þá falla á ríkið afborganir og vexti af hafnarlánunum til þess að geta haldið áfram framkvæmdum. Við svona löguðum vinnubrögðum er ekki auðvelt að snúast öðruvísi en að neita að ganga í ábyrgðir fyrir þessar hafnarframkvæmdir, þegar þær þurfa á lánum að halda. Þörfin er mikil fyrir framkvæmdir víða og lagfæringar og erfitt að fá lán. En vitanlega getur það ekki gengið, að hafnarframkvæmdir séu byggðar á því, að ríkið sé látið borga vexti og afborganir af hafnarlánunum, en hafnartekjunum varið til framkvæmdanna. Nýjar framkvæmdir í hafnarmálum verða að byggjast annars vegar á þeim fjárveitingum úr ríkissjóði, sem veittar eru til hafnargerðanna, og hins vegar á lánum, ef hafnargerðirnar hafa ekki beinlínis aflögufé af tekjum sínum til þess að verja á móti ríkisframlaginu til framkvæmda. Eftir þá reynslu, sem við höfum fengið um þetta í fjmrn., þá höfum við farið fram á það við samgmrn., að það setji sig vel fyrir fram inn í þessi mál og gangi úr skugga

um það ásamt vitamálaskrifstofunni, hafnarmálastjóranum, hvort þeir hafnarsjóðir, sem vilja ráðast í nýjar framkvæmdir, hafi raunverulega fé til þessara framkvæmda án þess að taka þá peninga, sem á að greiða af ríkisábyrgðarlánunum. Maður verður að vona það, að samvinna takist við samgmrn. um þetta. Þótt ég hafi verið talsvert lengi í ráðuneytunum, hef ég aldrei orðið var við það, að þessi aðferð til vanskila væri yfirleitt notuð af hendi forráðamanna hafnargerðanna, fyrr en nú á síðustu missirum. Ég hef ekki orðið var við það áður, að tekjur hafnarsjóðanna hafi verið notaðar í framkvæmdir, en lánin látin falla á ríkissjóð. Þess vegna hefur ekki sá háttur verið á hafður að kryfja þessi mál eins til mergjar fyrir fram og nú verður sýnilega að fara að gera vegna þess, sem fram hefur komið.

Vanskilin eru mest í sumum héruðum norðanlands, sérstaklega á Siglufirði, og af því að hér var sérstaklega minnzt á Siglufjarðarrafveituna í þessu sambandi, þá vil ég geta þess, að Siglufjarðarrafveitan er í öndverðu þannig gerð, að hún fullnægir ekki orkuþörf kaupstaðarins, og m. a. vegna þess er afkoma hennar slæm. Þar hefði þurft að hafa til umráða nokkrar milljónir til þess að bæta nýrri vélasamstæðu við, og hefðu þá verið góðar vonir um, að afkoma rafveitunnar gæti orðið betri framvegis. Siglfirðingar hafa verið að reyna að fikra sig áfram í áföngum með að bæta við rafveituna, ná í ný tæki til rafveitunnar, án þess að hafa til þess fullnægjandi lánsfé, og það hefur svo hvílt á þeim í ofanálag á hinn slæma rekstur, sem stafar af því, að rafveitan er of lítil.

Á Skagaströnd hefur það verið þannig, að höfnin hefur verið í stórkostlegum vanskilum frá öndverðu. Henni hefur verið komið upp með lánum til stutts tíma, og það er mikið fé, sem búið er að leggja út vegna hafnargerðarinnar á Skagaströnd, og árlega er lagt í það mikið fé að greiða af þeirri hafnargerð. Mun hún vera sú af hafnargerðunum, sem er þyngst á fóðrunum.

Þá er eitt atriði, sem ég hef áður minnzt á og ég vil enn minnast á. Það er sú sífellda styrjöld, sem stendur út af tímalengd þeirra lána, sem ríkissjóður ábyrgist. Mikið af verstu skellunum, sem ríkissjóður hefur fengið, er vegna þess, að það hafa verið ábyrgzt of stutt lán til framkvæmda, og fyrirsjáanlegt var, að jafnvel þótt vel gengi, væri ómögulegt að greiða lánin svo ört niður. Þetta hefur verið gert í ákafanum. Þm. og aðrir áhugamenn hafa legið í ríkisstjórnunum og fjmrn. sérstaklega um það, að þessar ábyrgðir yrði að taka, það væri heimild í lögum til þess að veita ábyrgð. Ætlið þið að stöðva þessa framkvæmd? kveður svo við. Nú er hægt að fá lánsfé þarna, það er að vísu ekki nema til fimm ára, t. d., en koma tímar og koma ráð. Og niðurstaðan hefur svo orðið sú, að á undanförnum árum hefur verið tekið mikið af ábyrgðum til of stutts tíma. Þegar síðan kemur að greiðslunni, þá geta fyrirtækin ekki greitt og skellurinn kemur á ríkissjóð. Þó nokkuð af vanskilunum er af þessum ástæðum. Þetta gengur svo heitt til, að við ætluðum að setja okkur nýja reglu, taka upp nýjan sið í þessu og ábyrgjast t. d. ekki hafnarlán til skemmri tíma en 15 ára og helzt 20 ára og sömuleiðis lán til rafveitna. En við höfum verið hraktir nokkuð af leið, þannig að við höfum í einstöku tilfellum, þegar um sérstök vandkvæði hefur verið að ræða og ef ekki hefur verið um að ræða mikinn part af heildarláninu til fyrirtækisins, tekið ábyrgð á 10 ára lánum, en 10 ára lán er yfirleitt of stutt lán til rafveitu og of stutt lán til hafnargerðar. Þetta er mjög alvarlegt mál með lánstímann og allan þann aðgang — og mér liggur við að segja frekju — sem í því sambandi kemur fram. Þetta er það alvarlegt mál, að við höfum haft það til athugunar í fjmrn. á undanförnum missirum, að Alþingi yrði að setja í lög takmörk fyrir þessu. Það er í raun og veru ekki verjandi að leggja jafnmikinn þunga á fjmrn. og ríkisstj. og gert er með því að hafa þetta svona opið með lánstímann. Hv. alþm. eru ekkert betri en aðrir í þessu, nema síður sé, heimta, að ríkið takist á hendur ábyrgðir fyrir lánum, sem þeir sjálfir vita að eru til of stutts tíma og ekki er hægt að standa í skilum með. En í raun og veru er það svo, að sé tekin ábyrgð á láni, sem er til of stutts tíma, þannig að sjáanlegt er, að fyrirtækið getur ekki staðið undir því, þá er það sama og að veita fé úr ríkissjóði utan fjárlaga. Ég skammast mín fyrir það, hvað ég hef verið linur í þessu, hefði átt að standa hart og kalt á því, að lán til rafveitu eða hafnargerða yrðu að vera til 15 ára minnst. En það hefur því miður ekki orðið sá manndómur í okkur í fjmrn., að við höfum gert það. Við höfum dálitið látið hrekjast, en þó miklu minna en áður hefur tíðkazt; það fullyrði ég. Áður var látið taumlaust undan, og nú er það að koma niður á ríkissjóði í þessum háu ábyrgðargreiðslum. Það er bezt fyrir hv. alþm. að horfast í augu við það, að það dugir ekki að býsnast yfir því hér á Alþ., hve þessar ábyrgðargreiðslur eru orðnar gífurlegur baggi, og heimta svo af ríkisstj. eða fjmrn., að það noti ábyrgðarheimildir ábyrgðarlaust, að ábyrgð sé tekin á lánum, hversu stutt sem þau eru, og virða svo til fjandskapar, ef það er ekki gert.

Það varð nú ekkert úr því, að við legðum fyrir þetta þing frv. um þetta mál, en þetta er vandamál, og nýrra ráðstafana er þörf. Það er dálitið erfitt að finna lögfestingarreglu í þessu, sem væri heppileg, en það rekur áreiðanlega að því, að það verður að setja í lög aðhald um lánstíma ábyrgðarlána.

Maður hefur orðið var við það, af því að mikil eftirspurn er hér eftir lánum, að þeir, sem lána peninga, hvort sem það eru tryggingarfélög eða aðrir, eru farnir að ganga á það lag að binda peningana til skamms tíma. Þegar þm. eða aðrir koma til þessara aðila og segja: Getum við fengið lán til þessarar og þessarar framkvæmdar, — þá er svarið máske: Hugsanlegt er það, en alls ekki til lengri tíma en 10 ára — eða kannske ekki nema til 5 ára. — Svo er pressan lögð á stjórnina og sérstaklega fjmrh. og sagt: Ætlið þið að stöðva þessa framkvæmd — o. s. frv., o. s. frv. — Hér verður því að setja aðhald áður en langt um líður.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd í sambandi við eitt

atriði, sem fram hefur komið í þessum umr. Það er varðandi fjárstjórn útvarpsins. Það er nú út af fyrir sig ekki nýtt, að mjög sé á hana deilt og henni fundið margt til foráttu. Nú er það ekki ætlun mín að fara að svara neitt almennt fyrir hana. En vegna þess að í vitund almennings a. m. k. er það þannig, að talið er, að mjög mikill hluti af útgjöldum útvarpsins gangi fyrst og fremst til dagskrár þess, þá er nauðsynlegt að leiðrétta þennan misskilning og það þar með, að þær misfellur í fjármálastjórn útvarpsins, sem gagnrýndar hafa verið, séu að kenna því ráði, útvarpsráði, sem með dagskrárstjórnina fer á hverjum tíma.

Árið 1950 hafa heildarútgjöld ríkisútvarpsins samkv. ríkisreikningi orðið tæpar 5 millj. kr. *Af því fé hefur 1 millj. og 260 þús. kr. runnið til* dagskrár. Ég verð nú að segja, að mig undrar stórlega, að í athugasemd hv. yfirskoðunarmanna skuli þetta orðað þannig, að „fyrir útvarpserindi" hafi verið greitt 1 millj. og 260 þús. kr. Það er eins og allt það fé, sem veitt hefur verið til allra dagskrárliða útvarpsins, hafi runnið til „útvarpserinda" einna! Ég vil nú vona það, að þetta sé aðeins prentvilla í athugasemdum hv. yfirskoðunarmanna, því að það liti mjög illa út, ef þeir hefðu ekki gleggri vitneskju um rekstur þessarar stofnunar en svo, að þeir héldu, að allt féð, sem rennur til allra dagskrárliða, renni til útvarpserinda einna.

Það er rétt, að á árinu 1950 hefur kostnaður við dagskrá farið 160 þús. kr. fram úr áætlun. Það er að vísu allmikið fé, en þegar á það er litið, að á þessu ári var t. d. framkvæmd mikil gengisfelling íslenzkrar krónu og dýrtíð og kostnaður við rekstur útvarps hlaut að hækka eins og kostnaður við annan rekstur í landinu, þá verður þetta nú ekki eins hrikaleg tala og mönnum kynni ef til vill að virðast. En ég vil taka það fram alveg greinilega, að yfirleitt hefur undanfarin ár verið fylgt áætlun um útgjöld til dagskrár útvarpsins, og í því sambandi vil ég leyfa mér að lesa upp tölur um þær upphæðir, sem varið hefur verið í þessu skyni s. l. tvö ár.

Árið 1951 er áætlað til dagskrár 1 millj. og 200 þús. kr. Á því ári er eytt til dagskrár 1173222.68 kr. Það er rúmlega 26 þús. undir áætlun.

Árið 1952 var áætlað til dagskrár 1 millj. 320 þús. kr. Það eru ekki alveg nákvæmar endanlegar tölur, sem liggja fyrir, um hvað eyðslan hefur orðið, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að útgjöldin hafi alls ekki farið fram úr áætlun.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram, til þess að hvorki hv. þm. né aðrir landsmenn héldu það, að til dagskrár útvarpsins ætti sér stað einhver óhófleg sóun fjármuna, en að því hefur verið látið liggja, bæði hér á hv. Alþingi og ekki síður á öðrum vettvangi. Það er mín skoðun, að til dagskrár sé allt of litlu fé varið, og þeir, sem hafa átt sæti í útvarpsráði um nokkurt skeið, vita það, að útvarpið verður oft og einatt að neita hlustendum sínum um ýmislegt gott útvarpsefni, vegna þess að það er ekki fé fyrir hendi til þess að kaupa það. Það er líka þannig, að margir af beztu fræðimönnum og menntamönnum þjóðarinnar fást alls ekki til þess að flytja erindi fyrir útvarpið vegna þess, hversu lág gjaldskrá þess er. En ég er að sjálfsögðu ekki með þessu að segja það, að útvarpið eigi ekki að fylgja þeirri áætlun, sem á hverjum tíma er gerð um útgjöld þess á komandi tíð, enda þykist ég hafa leitt rök að því, að svo hafi verið gert.

Ég vildi svo aðeins að lokum beina þeirri fyrirspurn til hv. yfirskoðunarmanna, ef þeir taka til máls hér á eftir, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að það sé um prentvillu að ræða í athugasemd þeirra, þar sem rætt er um útvarpserindi og hve mikið hafi verið greitt til þeirra.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem mér þykir ástæða til að víkja nokkru nánar að, og það er um *óinnheimtar tekjur ríkisins*. Það var helzt svo á hæstv. ráðh. að skilja, að hann undraðist það, að við yfirskoðunarmenn létum okkur ekki nægja þær skýringar, sem fram kæmu í svari ráðh. gegn þeirri athugasemd, að við teljum það nokkuð mikið, að það séu óinnheimtar í árslok af tekjum ríkisins hjá innheimtumönnum þess beint 24 millj. Og það var helzt svo á hæstv. ráðh. að skilja, að þarna væri aðallega um söluskatt að ræða. Ég skal játa það fullkomlega, að varðandi söluskattinn sjálfan hefur hæstv. ráðh. gefið fullnægjandi svör, og það er sjálfsagt ekki hægt að fara harðara í innheimtu á neinum tekjum heldur en hefur verið gert varðandi þennan skatt. En mér hefur virzt það lengi, eins á þessu ári, 1950, að það, hvað er mikið óinnheimt, fari nokkuð mikið eftir því, hvað þeir starfsmenn, sem hlut eiga að máli, séu passasamir með það að innheimta þær tekjur, sem þeim ber að innheimta, því að þetta er ákaflega mismunandi víðs vegar um landið, þótt maður gangi út frá því, sem sjálfsagt er, að það sé mest óinnheimt og líka mestar tekjur, sem þarf að innheimta hér hjá tollstjóranum í Rvík. Við getum sleppt því, að það sé sambærilegt við aðra sýslumenn og bæjarfógeta úti á landi, en gert dálitlar athugasemdir út af því, hversu mikill mismunur er á reikningsskilum varðandi innheimtuna frá hinum einstöku embættismönnum á þessu sviði.

Það eru nú samkv. þessum reikningi óinnheimtar hjá tollstjóranum í Rvík rúmar 17 millj. kr., og er það náttúrlega gífurleg upphæð, og kann að vera, að þar — ég man það ekki svo — sé stærsti liðurinn óinnheimtur söluskattur, en það eru áreiðanlega margir aðrir tekjuliðir ríkisins, sem þar eru óinnheimtir. Hjá lögreglustjóranum á Akranesi eru óinnheimtar 567 þús. og hjá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 132 þús. Til samanburðar má taka það, að t. d. hjá sýslumanninum í Húnavatnssýslu eru aðeins óinnheimtar 11 þús. kr. og hjá sýslumanninum í Skaftafellssýslu einungis 6500 kr. Svona mætti lengi halda áfram. Hjá bæjarfógetanum á Siglufirði eru óinnheimtar 607 þús., hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu 1196 þús., hjá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarfógetanum í Hafnarfirði, er það 1242 þús., og svona mætti lengi halda áfram. Ef maður fer út í þennan samanburð, þá er það auðsætt gagnvart þessum *reikningi, eins og raunar oft* hefur verið áður, að það fer mjög eftir því, hvað

viðkomandi innheimtumenn eru harðir á því að innheimta þær tekjur, sem þeim ber að innheimta, og er þar ekki einasta um söluskattinn að ræða.

Varðandi þá aths., sem hér kom fram hjá hv. þm. N-Ísf. varðandi ríkisútvarpið, þá er það sjálfsagt rétt hjá honum, að það er hér um prentvillu að ræða, að það séu „útvarpserindi", heldur á að vera fyrir „útvarpsdagskrá" rétt rúml. 1200 þús. En varðandi þær varnir, sem hann flutti fyrir hönd útvarpsráðs, þá hefur hann í því efni mikið til síns máls, að það er ekki nema nokkur hluti af öllum útgjöldum ríkisútvarpsins, sem útvarpsráð hefur yfir að ráða, en sannleikurinn er nú sá, að á undanförnum árum hefur það verið allmikið á reiki, hvernig viðskiptin væru á milli útvarpsins sjálfs og útvarpsráðs varðandi dagskrárféð, vegna þess að það fer eftir því, hvað mikið á hverjum tíma er reiknað inn á fasta starfsmenn útvarpsins sjálfs, og það hefur farið sívaxandi að reikna sem allra mest af starfsmönnum ríkisútvarpsins inn á fasta liði, og það auðvitað rýmkar aðstöðuna fyrir útvarpsráð varðandi þann lið, sem sérstaklega er á fjárl. færður undir dagskrárfé.

Ég skal nú víkja hér ofur lítið að því, sem hér er í aths. okkar varðandi útgjöld ríkisútvarpsins, og þar er t. d. til skrifstofukostnaðar. Hann er ákveðinn í fjárl. 325 þús. kr., en hefur orðið 433 þús. kr., það er sem sagt 108 þús. kr., sem skrifstofukostnaður ríkisútvarpsins hefur farið fram úr áætlun fjárl. Þá er það ferðakostnaður innanlands og utan, sem hefur orðið samtals 45 þús. kr. Mætti nefna ýmsa liði, sem ég skal ekki fara út í nú, en m. a. er greitt fyrir bifreiðar 54 þús. kr., og þó er, ef ég man rétt, 4 heldur en 5 bifreiðar, sem ríkisútvarpið átti sjálft á þessu ári. — Svona mætti lengi halda áfram, og geta hv. þm. séð það hér á breytingunum og þeim aths., sem við yfirskoðunarmenn höfum gert varðandi þessa stofnun, að það er síður en svo, að það sé út í bláinn að segja, sem ég hef hér sagt, að umframeyðsla umfram fjárl. hjá þessari stofnun er meiri í heild sinni heldur en á sér stað hjá öðrum stofnunum ríkisins. Að öðru leyti sé ég það, að það þýðir ekki mikið að vera að rekja það hér, hvernig með þessa hluti hefur verið og er farið. Maður verður víða var við þann hugsunarhátt, ekki síst hjá stofnunum ríkisins, að ef þær hafa tekjur á móti, þá séu þær sjálfráðar að því, hvað háum gjöldum þær eyða, án tillits til þess, hvað þær hafa heimild til samkv. fjárl. Þetta er býsna mikið gegnumgangandi regla, þó að þessu leyti sé mjög mismunandi hugsunarhátturinn, sem kemur fram í eyðslunni hjá hinum einstöku stofnunum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í fyrri ræðu sinni sagði hv. þm. A-Húnv., að það mundi vera ætlunin að láta fljóta, eins og hann tók til orða, og í sambandi við það lýsti hann undrun sinni yfir því, að hv. fjhn. gerði ekkert út af þeim till. eða aths., sem vísað væri til aðgerða Alþ. Það var af því, að hv. þm. sagði þetta, sem ég ræddi sérstaklega um aðra aths., sem sé eftirstöðvarnar, og svörin við henni. Hv. þm. A-Húnv. minntist á þetta núna aftur og sagði, að það hefði verið eins og mér hefði fundizt einkennilegt, að þeir hefðu ekki látið sér nægja svörin. Það, sem ég á við, er það, að mér finnst það ekkert einkennilegt, þó að þeir gerðu aths. við eftirstöðvarnar, og það hélt ég að hefði komið greinilega fram áðan, heldur hitt, að þeir skyldu vísa þessu máli sérstaklega til aðgerða Alþ. Nú kemur það líka fram, þegar hv. þm. A-Húnv. ræðir þetta málefni nánar, að efni málsins er það, að honum og hans félögum sýnist, að hér sé athugasemdar þörf, vegna þess að innheimtan sé mjög misjöfn, og þar eð sumum gengur vel að innheimta, mætti draga af því þá ályktun, að hinir gætu staðið sig betur. Um þetta er ég endurskoðendunum alveg sammála. Þótt ekki sé hægt að bera tölurnar saman alveg bókstaflega hjá einstökum innheimtumönnum, þá er það sýnilegt, að hér er misjafnlega að verki verið, og því er ekkert einkennilegt, að þeir gerðu þessa aths., enda er á hverju ári aths. um eftirstöðvarnar, og er það ekki nema gott. Það er atriði, sem aðhald þarf um. En það, sem ég var hissa á, var þetta, hvað þeir meintu með því að vísa þessu máli til aðgerða Alþ., því að vitanlega getur Alþ. ekki átt hlut að því að áminna þessa einstöku embættismenn, sem hér eiga hlut að máli, ef þeir hafa ekki staðið sig nógu vel, heldur er það stjórnarinnar. Þessari aths. átti því eftir hlutarins eðli ekki að vísa til aðgerða Alþ. né ætlast til þess, að fjhn. legði þetta fyrir sem þingmál, heldur átti að vísa þessari aths. til stj. og beina því til hennar að veita í þessu fastara aðhald. Þetta er aðalkjarni málsins. Hér við bætist svo, að þeim mun síður var ástæða til að ætlast til aðgerða á Alþ. út af þessu nú, þar sem Alþ. var nýbúið að gera ráðstafanir til þess að tryggja betur innheimtu söluskattsins, eins og ég benti rækilega á áðan og yfirskoðunarmönnum var kunnugt um. Mér finnst þess vegna, að hv. yfirskoðunarmenn hafi farið skakkt að með því að vísa þessu atriði til Alþ., þar sem þeir hafa ekki nein löggjafaratriði í huga í því sambandi eða neina þingafgreiðslu. Ég botna því ekkert í, hvers vegna hv. þm. A-Húnv. er að ámæla fjhn. fyrir það, að hún hafi ekki gert sérstaka ráðstöfun út af þessari aths., og að það sé kallað að láta „fljóta" um afgreiðslu málsins, þó að nefndin léti það undir höfuð leggjast.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ríkisreikningurinn fyrir árið 1950, sem hér er nú til umr. og afgreiðslu, og verður ekki annað sagt en að endurskoðun ríkisreikninga er fullmikið á eftir réttri áætlun. Það hefði verið miklu eðlilegra og æskilegra, að það hefði verið ríkisreikningurinn fyrir árið 1951, sem hefði verið hér til afgreiðslu. Við erum nú í ársbyrjun 1953, og ef þessi mál hefðu verið í fullu lagi, þá hefði það átt að vera þannig. Heldur virðist þetta þó vera að þokast til réttrar áttar, því að fyrir nokkrum árum voru þessi mál enn þá meira á eftir áætlun. Þá var það stundum ekki fyrr en á fjórða ári frá lokum þess reikningsárs, sem verið var að fjalla um, að Alþ. hafði málið til endanlegrar meðferðar. Þessi seina afgreiðsla Alþ. á ríkisreikningum veldur því, að það aðhald, sem ætla mætti að Alþ. gæti

veitt í fjárstjórn ríkisins, er í raun og veru ekkert, þegar þetta ber svona að.

Ég tók eftir því, að hv. þm. V-Húnv. lagði yfirleitt ekki mikið upp úr aths. yfirskoðunarmannanna og ræddi aðallega málið á þeim grundvelli, að sumar þær aths., sem yfirskoðunarmennirnir gerðu, væru ekki veigamiklar og ekki mikið tilefni til þeirra, þar sem allt eins mikil ástæða væri í sumum tilfellum til þess að gera harðari aths. við aðrar ríkisstofnanir heldur en þeir tækju sérstaklega sem dæmi. Þessi orð féllu hjá honum út af aths. yfirskoðunarmannanna í sambandi við ríkisútvarpið. Hann taldi, hv. þm. V-Húnv., að það, sem að væri fundið hjá ríkisútvarpinu, ætti sér stað í enn þá ríkari mæli hjá öðrum ríkisstofnunum. Nú skal ég ekki ræða um það, en mér finnst þessi samanburður ekki snúast um þungamiðju málsins. Það er vitanlega engin afsökun fyrir ríkisútvarpið, ef það virðir ekki fjárlög, þó að aðrar ríkisstofnanir geri það ekki heldur, en væri full ástæða til, ef þetta á sér almennt stað, að víta hvort tveggja. En hins vegar tek ég undir það með hv. þm. V-Húnv., að ef sá, sem minna er sekur, er tekinn sem dæmi, en þagað um þann, sem hefur brotið meira af sér, þá finnst mér það skjóta skökku við hjá endurskoðendunum, og er ég þó ekki að fella neina sök á þá um það, af því að ég hef ekki gengið úr skugga um það sjálfur.

Hv. þm. V-Húnv. upplýsti hér áðan, til staðfestingar á þeirri fyrri staðhæfingu hans, að hann teldi nokkuð mikið útistandandi af tekjum ríkisins, að útistandandi væru 24 millj. kr. Ég verð að segja það, að sé þetta rétt, þá finnst mér þetta furðu há upphæð — 24 millj. kr. útistandandi. Hann tók ýmis dæmi um upphæðir, sem væru útistandandi hjá hinum ýmsu sýslumönnum og bæjarfógetum, og fannst mér líka, að þær upphæðir væru sumar (**Gripið fram í:** Þm. A-Húnv.) Þetta var þm. A-Húnv. Ég vildi það sagt hafa, því að ég var að beina máli mínu nú til hans. Ef ég hef sagt, að það væri hv. þm. V-Húnv., þá hefur það verið mismæli. — Það var hv. þm. A-Húnv., sem upplýsti, að útistandandi hefðu verið 24 millj. kr. í árslok 1950, skilst mér. Mér þykir ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh.: Telur hann þetta vera normalt ástand í innheimtumálunum hjá ríkinu, og hefur fjmrh., hver sem hann nú er, aðstöðu til að veita þarna strangara aðhald, eða telur hann ástæðu til að leita til Alþ. um breytt lagaákvæði, til þess að hægt verði fremur að kippa þessu í lag? Það gerði hæstv. ráðh. t. d., þegar honum þótti mjög úrskeiðis fara um innheimtu söluskattsins. Þá fékk hann breytingu — að mig minnir — á löggjöf til þess að geta innheimt með harðari innheimtuaðferðum þann skatt, sem innheimtist illa, einkanlega sökum þess, hversu óvinsæll hann var og gekk nærri mörgum. Þetta langar mig til þess að vita frá hæstv. ráðh., til þess að geta þá myndað mér skoðun um, hvort líklegt væri, að þessar óinnheimtu upphæðir af ríkistekjum gætu farið lækkandi.

Það var hv. þm. A-Húnv., sem líka sagði það, að það sýndist svo sem forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana teldu sér ekki skylt að fara eftir fjárl. Mér þykir þetta anzi iskyggilegar upplýsingar, ef það er svo, að forstöðumenn ríkisstofnananna nokkuð almennt sniðganga fjárlög og ástandið hjá þeim er þannig, að yfirskoðunarmennirnir telja ástæðu til að ætla, að þeir telji sér ekki skylt að virða ákvæði fjárl. og fara eftir þeim, því að þá hljóta, þegar svona nokkuð er sagt af trúnaðarmanni ríkisins, að vera nokkuð mikil brögð að því, að ekki sé farið eftir fjárlagaákvæðum. Og því vil ég aftur spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann sömu skoðunar og yfirskoðunarmennirnir um þetta? Telur hann, að þess sjáist víða dæmi, að forstöðumennirnir telji sér ekki skylt að hlýða fjárlagafyrirmælum, og telur hæstv. fjmrh. sér unnt að veita þarna fastara aðhald? Ríkisstofnanirnar ættu í flestum tilfellum að geta farið eftir ákvæðum fjárl., þar sem mér er kunnugt um það, að það eru stjórnendur ríkisfyrirtækjanna, sem á hverjum tíma gera áætlanir um útgjöld viðkomandi fyrirtækja og tekjuþörf, og í langflestum tilfellum er af fjvn. og Alþ. gengið inn á þeirra eigin áætlanir um tekjur og gjöld og í langflestum tilfellum áætlanir þeirra í öllum aðalatriðum teknar upp í fjárl. Það liggur nærri því í augum uppi, að ef þetta er ýkjulaust og rétt, að forstöðumenn ríkisfyrirtækja unnvörpum fari ekki eftir ákvæðum fjárl., þá er næsta tilgangslítið að vera að basla við að semja fjárl., tilgangslítið að vera að eyða 9 manna starfi í setuna í fjvn. og allt það strit, sem í það er lagt að vera að gera athugasemdir við þetta frá ári til árs.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. ræddi aðallega um ríkisábyrgðirnar og sagði, að það mundi koma til greiðslna á 7 millj. kr. sem föllnum ríkisábyrgðum. Þetta er nokkuð há upphæð, en ég býst við því, að hæstv. fjmrh. eigi mjög í vök að verjast um þetta og að hann hafi spyrnt við fótum í því efni eins og honum hefur verið unnt, og tel ég nú, að þetta sé kannske ekki eins iskyggilegt og hann vildi vera láta, því að mikið af þessum ríkisábyrgðum, þótt einu sinni komi til greiðslu hjá ríkissjóði, á og hlýtur að greiðast aftur í mörgum tilfellum — og við viljum vænta í flestum tilfellum. Það er t. d. ástæða til að ætla, að það, sem ríkið hefur greitt fyrir virkjun eins og Andakílsárvirkjunina fram til þessa, muni endurgreiðast, þegar það fyrirtæki hefur getað fengið aðstöðu til að byggja út svo sitt kerfi, að raforkusalan standi undir útgjöldum fyrirtækisins, og ef til vill gerir það innan stundar nokkru betur. Þar með ætti að létta á ríkinu um ábyrgð að því er þetta fyrirtæki snertir og ef til vill innan skamms tíma að endurgreiðast eitthvað verulegt af þeim ríkisábyrgðum, sem ríkið hefur orðið að taka á sig á undanförnum árum fyrir þá virkjun þeirra Borgfirðinga. Á sama hátt fer væntanlega, þegar búið er að byggja að fullu raforkuver þeirra Siglfirðinga, sem ekki hafa enn þá byggt nema eina vélasamstæðu, en eiga eftir að bæta annarri við, og er mér tjáð, að þá breytist gersamlega rekstrargrundvöllur þess fyrirtækis og séu þá líkur til, að það þurfi ekki á ríkisaðstoð að halda, heldur gætu miklu fremur vaknað vonir um, að það gæti þá endurgreitt það, sem ríkið hefur greitt vegna þeirrar virkjunar.

En ég hygg, að eitthvað sé nú áreiðanlega, sem

aflaga fer, þegar hv. yfirskoðunarmenn halda fast á sínu máli og eru óánægðir með, að Alþingi leggi lítið upp úr þeirra athugasemdum frá ári til árs, og skilst mér, að það hljóti eitthvað að búa á bak við, þegar hv. þm. A-Húnv. sem yfirskoðunarmaður og trúnaðarmaður Alþ. og ríkisstj. endar ræðu sína á því, að það þýði raunar ekki að vera að rekja það hér, hvernig með þessi mál sé farið, en það voru orð, sem hann viðhafði hér áðan, og þá líkar honum sýnilega ekki, hvernig með þessi mál sé farið. Það er a. m. k. ekki hægt að segja, að það séu ofstækisfullir stjórnarandstæðingar, sem hér séu að gagnrýna fjármálastjórnina og framkvæmd hennar. Það eru fulltrúar úr stjórnarliðinu, sem hér eru að verki, og veit ég, að þeir hafa þarna ekki verið að gera árásir á ríkisstjórn sína að ófyrirsynju. Þarna er eitthvað vangert og að einhverju leyti ekki nógu fast á málum haldið í fjármálastjórninni, og skal ég þar ekki eingöngu hafa hæstv. fjmrh. fyrir sökum. Það er ef til vill margra sök, og ef til vill má rekja þetta til forstöðumanna ríkisfyrirtækja, sem ekki séu eins ábyrgir í sinni fjármálastjórn og þeir ættu að vera sumir hverjir.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, sem sagt hefur verið, að það er aðfinnsluvert, að ekki fyrr en nú skuli verið að ræða ríkisreikninginn fyrir árið 1950. Það ætti auðvitað að vera reikningurinn fyrir 1951, sem nú væri lagður til endanlegrar samþykktar fyrir hið háa Alþingi. Segja má, að það hafi ekki mikla þýðingu að vera að ræða einstök atriði í meira en tveggja ára gömlum ríkisreikningi, en fyrst þessar umr. hafa farið svo mjög á víð og dreif sem þær hafa nú farið, vil ég leyfa mér að minnast á tvö atriði í athugasemdum yfirskoðunarmanna og óska eftir því að fá á þeim nokkru nánari skýringar.

12. aths. yfirskoðunarmannanna fjallar um viðskipti Skipaútgerðar ríkisins við lögfræðing sinn, en þar telja yfirskoðunarmennirnir, að lögfræðingur Skipaútgerðarinnar skuldi henni um 89 þús. kr. Skipaútgerðin gefur nokkrar skýringar á þessu og segist hafa gert tilraun til þess að gera þessi viðskipti upp við þennan lögfræðing sinn, en það verður ekki séð af svari Skipaútgerðarinnar né heldur af tillögum yfirskoðunarmannanna í tilefni af því svari, að þessi viðskipti hafi verið gerð upp. Yfirskoðunarmennirnir undirskrifa sínar endanlegu tillögur 1. des. 1952, þ. e. a. s. fyrir rúmum mánuði. Ríkisreikningurinn er saminn 31. des. 1950. Þá hefur skuldin verið 89 þús. kr. 1. des. 1952 virðist þessi skuld enn þá vera óuppgerð. Mig langar til þess að fá að vita, hvort svo sé. Eru þessi viðskipti enn óuppgerð, og ef svo er, hvað veldur því þá?

11. aths. yfirskoðunarmannanna er um skaðabætur, sem greiddar hafa verið úr ríkissjóði vegna skemmda, sem olíuskipið Þyrill olli á bryggju á Bíldudal. Ríkissjóður hefur greitt 185 þús. kr. — eða réttara sagt Skipaútgerð ríkisins hefur greitt 185 þús. kr. vegna skemmda, sem olíuskipið Þyrill olli á bryggju á Bíldudal. Fyrir þessari greiðslu er engin heimild í fjárlögum. En það kemur fram í svörum ráðh. við aths., að þessi greiðsla hafi verið innt af hendi í tilefni af bréfi, sem ríkisstj. barst frá fjvn. Alþingis. Nú er það í raun og veru mjög óvenjulegt, — ég vil segja alveg sérstakt, — að fjvn. Alþingis skrifi fjmrh. og fari þess á leit við ríkisstj., að hún greiði eða mæli með því, að greiddar séu bætur vegna tjóns, sem skip ríkisins veldur, áður en dómur er fallinn í bótakröfumáli, áður en er vitað, hvernig því máli endanlega reiðir af. Má með sanni segja, að það er nokkuð laust um opinbert fé, þegar slíkar greiðslur eru inntar af hendi, og gegnir mestu furðu, að sjálf fjvn. Alþingis skuli standa að því, að slíkar greiðslur séu inntar af hendi. 1. des. 1952 virðist ekki vera komin nein niðurstaða um þetta mál. Það verður ekki séð, að dómur í þessu máli sé þá enn fallinn. Það verður ekki ráðið af tillögum yfirskoðunarmannanna. Mig langar til þess að fá að vita nánar, hvernig á þessari greiðslu hefur staðið og hvort von kunni að standa til þess, að dómur falli á þann veg, að ríkissjóður eða Skipaútgerðin fái þetta fé endurgreitt.

Fleiri dæmi mætti taka, því að athugasemdir yfirskoðunarmanna og svör stjórnarinnar við þeim eru að ýmsu leyti mjög fróðleg og skemmtileg aflestrar. En sökum þess, hvað hér er yfirleitt um gömul mál að ræða, mun ég nú að sinni að minnsta kosti láta hér staðar numið. En mig langar mjög til þess að fá glöggar upplýsingar um bæði þessi atriði.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af þeim tveimur atriðum, sem hv. 3. þm. Reykv. gerði að umtalsefni, vil ég taka þetta fram: Ég þekki ekki til þessara skuldaskipta við lögmann Skipaútgerðarinnar annað en það, sem stendur í svörum við athugasemdunum. Varðandi greiðsluna vegna Bíldudalsbryggju vísa ég til þess svars, sem samgmrn. hefur látið frá sér fara og er hér á bls. 204 í reikningunum, og þeirra bréfaskipta, sem birt eru með því, sem sýna, að samgmrn. hefur haft forgöngu um það í samráði við fjvn. og þá að sjálfsögðu á sínum tíma í samráði við fjmrn. að greiða þessa fjárhæð út vegna skemmdanna. Hygg ég, að í þessum bréfum og þessum upplýsingum sé allt það, sem um málið er hægt að segja, og fullnægjandi greinargerð fyrir því, að greiðsla þessi var eðlileg og sanngjörn.

Tveir hv. þm. hafa sagt, að reikningarnir væru of seint á ferðinni. Það er rétt, að það þyrfti að koma þeirri skipan á, að reikningur fyrir næsta fjárhagsár á undan væri afgreiddur á haustþingi næsta ár á eftir. Nú hefði þurft að vera hér endurskoðaður reikningur fyrir 1951. Ég hef lagt hina mestu áherzlu á, að þetta gæti orðið, en það hefur ekki tekizt enn þá að koma þessu þannig fyrir. En smátt og smátt eru þessi mál nú að færast í betra horf, þannig að ég tel nú vonir um það, að fljótlega nái menn hala sínum í þessu tilliti. Ef það á að takast, þarf að endurskoða ríkisreikninginn að vorinu til eða að sumrinu til, þannig að allt sé klappað og klárt, þegar þing kemur saman að haustinu. Þetta þýðir, að það þarf að gera reikninginn upp fyrir vorið. Ýmislegt gengur of seint í þessu, t. d. get ég tekið undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði áðan, að það hefði tekið of langan tíma núna að svara

aths. Það er ég honum alveg sammála um. Það hefur tekið of langan tíma, og ég hef rætt um það mál við þá menn, sem var falið það verk, að það tók þá allt of langan tíma. En samt hefur það ekki haft svo mikla þýðingu núna að því leyti til, að reikningurinn fyrir 1951 hefði nú ekki komið fyrir þetta þing, þótt svörunum við aths. fyrir 1950 hefði miðað greiðlegar áfram. En hins vegar hefði þessi reikningur þá komið fram fyrr á þessu þingi. Þessi reikningur hefði átt að geta komið fram í þingbyrjun, ef svörin hefðu verið gefin nógu fljótt. En um það er ekki hægt að saka nema að nokkru leyti þann mann í fjmrn., sem hefur þetta mál með höndum, því að sökin liggur einnig — og það fyrst og fremst — hjá þeim, sem hann þarf að fá svörin hjá. Fæstum af þeim atriðum, sem aths. eru við, er svarað af fjmrn., eins og menn vita, heldur af þeim rn., sem hafa staðið fyrir þeim málum, sem aths. eru gerðar við. Samt sækist í rétta átt. Og það, sem sumir hafa sagt hér, að það tæki því ekki að ræða um þessi mál, af því að reikningurinn væri tveggja ára gamall, er vitanlega hégómaskraf. Það er alveg eins hægt að ræða með árangri tveggja ára gömul mál eins og eins árs gömul mál. Það er ekkert frekar hægt að koma við eftir á neinum leiðréttingum eða neinu slíku, þó að við værum að ræða hér mál frá 1951 í stað máls frá 1950. Umræður hafa þess vegna alveg sama gildi að því leyti til. Aðfinnslur í sambandi við reikningana eru yfirleitt miðaðar við það að hafa áhrif á það, sem á eftir að ske. Þess vegna hafa umræður jafnmikla þýðingu, þótt reikningur sé tveggja ára.

Hv. þm. Ísaf. spurði, hvort það mundi vera talið viðunandi eða gott ástand, að það væru 24 millj. af tekjum ríkisins óinnheimtar. Það er náttúrlega ekki gott ástand né æskilegt og þyrfti að breytast. Hitt er annað mál, að fjmrn. hefur ekki enn þá séð ástæðu til þess að fara fram á lagabreytingar út af þessu eða ný lagaákvæði varðandi innheimtu á tekjuskatti t. d. Það getur þó rekið að því, að það verði að taka upp annað innheimtukerfi eða breyta til í þessum efnum. Hins vegar var það sýnilegt, að innheimtan á söluskattinum var gersamlega að falla saman, áður en lagabreytingin var gerð innheimtunni til styrktar.

Þá spurði hv. þm. að því, hvort ég væri sömu skoðunar og hv. þm. A-Húnv., að forstöðumenn teldu sér ekki skylt að hlíta fyrirmælum fjárlaganna. Svona spurningu tel ég ekki skylt að svara og ekki heldur viðeigandi að svara. Það er fast haldið á því, að reksturinn sé miðaður við fjárlögin, — mjög fast haldið á því af hendi fjmrn. og því fast haldið að embættismönnum að gera það. Þetta tekst oft vel, en ekki alltaf. Stundum hafa menn góðar og gildar afsakanir fyrir því, að þetta mistekst. Það kemur fyrir t. d., að áætlanir embættismanna hafa ekki verið teknar til greina, það hafa verið skornir niður rekstrarliðir, þannig að ekki hafi getað staðizt í framkvæmd. Mér leikur grunur á, að sú aðferð hafi verið höfð hér á þingi við ríkisútvarpið ár eftir ár, að það hafi beinlínis verið skornar niður áætlanir ríkisútvarpsins meira en menn gátu með nokkurri sanngirni gert sér í hugarlund, að fengi staðizt, og þetta jafnvel gert að sumu leyti til þess að geta skammazt yfir því á eftir, að það væri farið fram úr áætlun. Yfirleitt hefur af hendi ýmissa þm. verið fjandskapazt við framkvæmdastjórn ríkisútvarpsins. Það hefur stundum verið pottur brotinn í ýmsu tilliti hjá ríkisútvarpinu, en forráðamenn þeirrar stofnunar hafa heldur alls ekki átt blíðu að mæta hjá þeim mönnum sumum, sem farið hafa með fjárhagsmál á Alþ., og ekki alltaf sanngirni.

Það er reynt að halda fast á því, að reksturinn sé miðaður við fjárlögin, og í sambandi við þennan landsreikning er nú helzt það að segja, ef menn vilja ræða um umframgreiðslur, að hann ber þess ekki vott, að fjárlögin hafi verið hunzuð í framkvæmd. Áætluð rekstrarútgjöld fjárlaganna fyrir 1950 voru sem sé 262 millj. kr., en útgjöldin urðu 265 millj., og eru það minni umframgreiðslur en nokkur dæmi eru til áður, a. m. k. á síðari áratugum.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér í ræðu sinni um þetta mál, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þeir yfirskoðunarmenn gera athugasemdir út af útgjöldum ríkisútvarpsins. Þeir hafa oft áður vegið í þann knérunn. Nú segir hv. þm. A-Húnv., að ef til vill séu prósentvís meiri umframgreiðslur annars staðar. Það er einmitt það, sem ég hef haldið fram. Ég hef við athugun á reikningnum rekizt á nokkrar ríkisstofnanir, þar sem launagreiðslur hafa farið hlutfallslega meira fram úr áætlun fjárlaga árið 1950 heldur en hjá ríkisútvarpinu. Ég ætla ekki að þylja hér nein nöfn, því að ég er ekki viss um það, að ég hafi komið auga á þær allar, því að ég hef ekki farið svo gaumgæfilega í gegnum reikninginn, en ég hef þó orðið var við nokkrar. Og hvað er nú það, sem á að athuga, þegar talað er um umframgreiðslur? Vitanlega er það það, hvað þær fara hlutfallslega mikið fram úr áætlun, því að sé borin saman krónutalan aðeins, t. d. hjá fyrirtæki, sem veltir einni millj. kr., við annað fyrirtæki, sem hefur tíu sinnum meiri umsetningu, þá verður myndin auðvitað alröng. Hér þarf að athuga, hvað þetta er mikið hlutfallslega.

Það mætti sýna það með fleiri dæmum, hvernig útkoman verður hjá hv. yfirskoðunarmönnum, ef þeir forðast eins og heitan eldinn að viðhafa nokkurn tíma prósentureikning, þegar þeir eru að athuga ríkisreikninginn. Hv. þm. A-Húnv. var hér að ræða um óinnheimtar ríkistekjur hjá ýmsum embættismönnum. Það er rétt, að þær eru mestar að krónutölu í Reykjavík, enda er þar nú veltan langmest og mest innheimt hjá því embætti. Auk þess nefndi hv. þm. nokkra sýslumenn og bæjarfógeta utan Reykjavíkur. Hann mun hafa nefnt, held ég, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hvað þar hefði verið óinnheimt í árslok 1950, sem eru rúmlega 130 þús. kr. Svo man ég, að hann nefndi sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu, en þar eru ekki nema 11500 kr. óinnheimtar, og hjá sýslumanninum í Skaftafellssýslu eru óinnheimtar aðeins 6500 kr. Þetta eru ekki stórar fjárhæðir. En ef við athugum, hvað þetta er nú hlutfallslega hjá þessum embættismönnum, miðað við þær tekjur í heild, sem þeir

innheimta yfir árið, þá kemur það í ljós, að hjá sýslumönnunum í Húnavatnssýslu og Skaftafellssýslu eru eftirstöðvarnar nokkuð yfir 1% af þeim upphæðum, sem þeir hafa innheimt á árinu, en hjá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er það ekki yfir 2%, aðeins tæp 2%, svo að munurinn er í raun og veru mjög lítill, þó að tölurnar séu vitanlega hærri hjá þeim, sem hefur margfalt meiri innheimtu. Ég hef athugað bara þessa þrjá liði hér í skýrslunni um eftirstöðvarnar, og mætti sjálfsagt nefna fleiri dæmi þessu lík.

Ég er ekki að finna að því, það er síður en svo, þó að yfirskoðunarmenn geri athugasemdir við fjárstjórn fyrirtækja, þar sem þeir telja, að ekki sé farið gætilega með fjármuni eða fé eytt umfram fjárlagaheimildir, eins og þarna hefur átt sér stað hjá ríkisútvarpinu, en þá tel ég, að þeir eigi ekki að sleppa því að nefna um leið önnur fyrirtæki, þar sem umframeyðslan er meiri. Ef þeir gera það ár eftir ár að taka þannig einstök fyrirtæki út úr í sínum athugasemdum, þó að öðrum, sem eru sekari í þessu efni, sé sleppt, þá geta menn ekki varizt þeirri hugsun, að þeir séu að leggja þarna í einelti ákveðna stofnun og sýni ekki það hlutleysi í starfi, sem þyrfti að vera. Ég vil nú ekki ætla þeim slíkar hvatir, heldur sé þetta sprottið af því, að þeir hafi ekki athugað þessi mál eins og vera þyrfti, að gera samanburð á ýmsum stofnunum og umframgreiðslum þeirra.

Mér skilst á hv. þm. A-Húnv., að hann sé ekki að öllu leyti ánægður með þær viðtökur, sem þeirra athugasemdir fá hér á þingi, og hefur það raunar komið fram áður, og ætlist til þess, að jafnvel fjhn. fari að gera einhverjar till. út af þeim málum. Ég vil nú benda á það, að þó að sú þn. fái frv. um samþykkt á ríkisreikningnum til meðferðar og eigi að bera það saman við ríkisreikninginn, þá hvílir að mínu áliti ekki meiri skylda á þeirri n. heldur en öðrum hv. þdm. til að gera till. út af þessum málum, ef þeir kæmu auga á, að tillöguflutningur um þau og samþykktir gætu komið góðu til leiðar. Mætti í þessu sambandi spyrja hv. þm. A-Húnv. um það, hvar hans till. væru varðandi þessi efni í athugasemdunum, sem yfirskoðunarmenn vísa til aðgerða Alþ., en ég hef ekki orðið var við neinar till. frá honum um það. — Um fyrri liðinn, óinnheimtar eftirstöðvar, er það að segja, að ég hef ekki komið auga á það, að ástæða sé til að fara að samþ. um það nú á stundinni ákveðnar till. eða setja sérstök lög varðandi það efni. — Um síðari athugasemd þeirra, viðkomandi ríkisútvarpinu, sé ég ekki heldur, að ástæða sé til sérstakra aðgerða af hálfu þingsins í því efni, nema þá væru að minnsta kosti um leið teknar til athugunar aðrar stofnanir, sem hafa, eins og ég hef áður nefnt, vikið meira frá áætlun fjárlaga heldur en ríkisútvarpið á þessu ári, sem hér er um að ræða. — Út af þeim umr., sem urðu um greiðslur ríkisins vegna ábyrgðar lána, þá sagði hv. þm. A-Húnv., að í því fælist alvarleg áminning til þm. um að fara varlega eftirleiðis — mér skilst í að veita ríkisábyrgðir. Þetta er alveg rétt, og vænti ég þess, að bæði hann og ýmsir fleiri, sem hlut eiga að máli hér, dragi lærdóm af því, sem skeð hefur í þeim efnum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef nú ekki hér nema athugasemdatíma, en skal reyna með nokkrum orðum að víkja að nokkru að sumum þeim athugasemdum, sem hér hafa fram komið.

Þá er það fyrst eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh. Hann lét að því liggja oftar en einu sinni, að hann undraðist það, að yfirskoðunarmenn vísuðu til aðgerða Alþ. aths. um óinnheimtar tekjur, og sagði eitthvað á þá leið, að það hefði verið nær að vísa þessu til ríkisstj. Nú er það svo, að við yfirskoðunarmenn erum starfsmenn Alþingis, og höfum við ekki aðgang að öðru en þinginu til þess að veita ríkisstj. það aðhald, sem við álítum að hún þurfi að fá. Og ég þekki engin dæmi til þess, að það hafi nokkurn tíma í nokkurri afgreiðslu ríkisreiknings verið gerð till. um það að vísa till. til ríkisstj. Þá er heldur, að það sé til athugunar framvegis eða eftirbreytni fyrir viðkomandi stofnun. Í þessu tilfelli er það, sem ég tel að ætti að gera, — og hefði þá verið fyrst og fremst skylda fjhn., af því að þessi mál eru undir hana lögð, — að gera till. um það, að innheimtumönnum ríkisins væri veitt sterkara aðhald en verið hefur varðandi innheimtuna. Það er á ríkisstjórnanna færi að veita það aðhald, og hafa þær á undanförnum árum haft sérstaka menn til þess. Og ef það aðhald er ekki nægilega sterkt, þá ber að auka aðhald til þeirra innheimtumanna, sem reynslan sýnir, að ekki standa eins vel í sinni stöðu eins og aðrir, sem hafa svipaða aðstöðu.

Hv. frsm. fjhn., þm. V-Húnv., hafði þau orð hér um, að við hefðum oftar vegið í þann knérunn, sem er ríkisútvarpið. Bak við þetta virðist liggja sá hugsunarháttur, að það sé að vega að stofnun eða starfsgrein ríkisins, ef yfirskoðunarmenn, sem hafa þá skyldu að benda á misfellur, finna að því, þegar ekki eru virt fyrirmæli Alþ. samkv. fjárlögum. Í þessu orðalagi kemur fram hjá þessum hv. þm. mjög einkennilegur hugsunarháttur, svo að ég hafi ekki um það sterkari orð. — Að öðru leyti hefur hann hér hvað eftir annað verið með dylgjur, órökstuddar dylgjur, um það, að við yfirskoðunarmenn höfum ekki gert athugasemdir við stofnanir, sem hafi farið meira í útgjöldum fram úr áætlun heldur en þessi stofnun. Hann hefur ekki komið með nein rök fyrir þessu. Og þá fyrst, þegar hann kemur með þau rök, er hægt að svara þeim, því að vitanlega eru útgjöld mismunandi eðlis. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að ef gerður er samanburður á stofnunum ríkisins á 3. gr., þá standist ekki þessar dylgjur hv. þm. V-Húnv. Og ég býst við, að því sé álíka varið eins og þegar hann gerir hér samanburð á þremur sýslumönnum, útkomunni hjá sýslumönnunum í Húnavatnssýslu og Skaftafellssýslu, sem hann segir að sé óinnheimt hjá um 1%, en hjá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sé um 2%, en það er þá helmingi meira hlutfallslega, og auk þess það margfalt, að það eru 132 þús. hjá þessum sýslumanni, en 11 þús. hjá öðrum hinna og 6500 hjá hinum.

Að öðru leyti skal ég ekki fara langt út í að svara og hef ekki tíma til þess að svara þeim athugasemdum, sem hér hafa komið fram. En varðandi það, sem hv. 3. landsk. nefndi hér varðandi

Skipaútgerðina, þá er þeim báðum athugasemdum svarað alveg glöggt frá hálfu þeirrar stofnunar. Það kemur fram varðandi lögfræðinginn samkv. 12. aths., að hann á ógreitt ekki 84 þús., heldur 104 þús. Skipaútgerðin hefur nú losað sig við þennan mann og lofar því í sínu svari að gera upp þessi viðskipti, þó að það hafi ekki verið búið, og yfirskoðunarmenn leggja harða áherzlu á það í sinni úrskurðartillögu, að þessi aths. sé til eftirbreytni. Hvernig þetta verður svo í framkvæmdinni, það sýnir reynslan framvegis.

Það var að skilja á hv. þm. Ísaf. eins og það væri hér yfirskoðunarnefnd eingöngu úr liði ríkisstj., en þetta er misskilningur hjá þessum hv. þm., sem er formaður Alþfl., því að einn af yfirskoðunarmönnum er fulltrúi — og góður fulltrúi hans flokks, og hann er okkur alveg sammála um þær athugasemdir, sem hér eru gerðar. (Gripið fram í.) Ég skal ekki fara lengra út í að tala um það, að það er ekki neinn ágreiningur okkar á milli, þótt hann sé í stjórnarandstöðuflokki, en við hinir, ég og hv. 1. þm. Árn., í stuðningsliði ríkisstj.

Pétur Ottesen: Tilefnið til þess, að mig langaði að segja hér fáein orð, eru þær aðfinnslur, sem hv. 3. landsk. (GÞG) gerði að því er snertir 11. aths. við landsreikninginn 1950, um greiðslu til þess að endurbyggja hafnarmannvirki á Bíldudal. Hv. 3. landsk. vék orðum að því, að hér mundi hafa að einhverju leyti verið hafður óeðlilegur háttur á um greiðslu á fé úr ríkissjóði, og lét orð að því falla, að fjvn. mundi þarna e. t. v. eiga hlut að máli, þannig að nefndin hefði lagt til við ríkisstj. að ráðstafa fé í þessu skyni, sem ekki lægi fyrir fullkomið samþykki til frá Alþingi. Þessi athugasemd á sýnilega rót sína að rekja til þess, að það óhapp vildi til, að olíuskipið Þyrill rakst á og braut bryggjuna á Bíldudal, þannig að bryggjan varð gersamlega ónothæf. Af þessu leiddi það, að þeim mönnum, sem byggja Bíldudal og hafa aðalatvinnu sína af sjósókn og sjávarafla, var gersamlega fyrirmunað, við það að missa afnot bryggjunnar, að stunda þennan lífsbjargaratvinnuveg kauptúnsbúa. Hér varð þess vegna að grípa til ráða, svo framarlega sem ekki átti að draga til algers öngþveitis um lífsafkomu fólksins á þessum stað. Nú var eðlilegt, að gerð væri krafa til þess, að þeir, sem stóðu að olíuskipinu Þyrli, sem er ríkissjóður, en skipið er gert út á vegum Skipaútgerðarinnar, — að krafa væri borin fram um það til þess aðila, að hann bætti þetta tjón, og voru fengnir til þess dómkvaddir menn að meta, hve þessi skaði væri mikill eða hvað það mundi kosta að koma bryggjunni í það ástand, sem hún áður var, svo að hún gæti veitt þá þjónustu að vera liður í bjargræðisútvegum þessa kauptúns. Nú vildi sá aðili ekki ganga inn á þá skaðabótakröfu, sem gerð var, þ. e. Skipaútgerðin fyrir hönd ríkissjóðs, og var þess vegna þetta mál látið ganga þá eðlilegu leið að fá um það dómsúrskurð, að hve miklu leyti þessi aðili væri skaðabótaskyldur vegna þessa óhapps eða þessa verks. En þess var enginn kostur að bíða með aðgerðir á bryggjunni á Bíldudal eftir því, að úr þessu yrði skorið með dómi. Þess vegna var farin sú leið — og sú eina leið, sem fær var í þessu efni, — að ríkissjóður hlypi þarna undir bagga til þess að greiða fram úr þeim vandræðum og gersamlegu atvinnuniðurfellingu á staðnum, sem leiddi af því að bryggjan eyðilagðist. Í bréfi fjvn., sem skýrir frá samþykkt, sem gerð var í fjvn., er ríkisstj. bent á nauðsyn þess að greiða úr þessu máli og leggja fram fé til þess, að gert yrði við bryggjuna, þangað til dómsúrskurður félli um þetta, enda yrði þetta framlag ríkissjóðs endurgreitt af því fé, sem dómur kvæði á um að Skipaútgerðin ætti að greiða, en að því leyti sem það hrykki ekki til, ef dómurinn félli á þá lund, þá yrði til viðbótar veitt nokkurt fé úr hafnarbótasjóði, svo að verkinu yrði lokið. Þess vegna var fjvn. ekki með þessu að leggja til, að farið yrði fram hjá Alþingi um fjárgreiðslur í þessu efni, því að það er vitað, að fjárgreiðslur úr hafnarbótasjóði hafa ekki komið til kasta Alþingis, heldur er það viðkomandi rn., sem á hverjum tíma veitir nokkurt fé úr hafnarbótasjóði til hafnarmannvirkja til viðbótar því fé, sem ákveðið er í þessu skyni í hvers árs fjárlögum.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, af því að það mátti skilja ummæli hv. 3. landsk. á þann veg, að með þessari samþykkt hefði fjvn. eitthvað farið út fyrir það svið gagnvart Alþingi, sem henni nú að sjálfsögðu er markað. Nú veit ég ekki um það, hvernig dómur hefur fallið um þetta eða hvort það mál er til lykta leitt. En það fé, sem Skipaútgerðin eða ríkissjóður verður dæmdur til að greiða, gengur að sjálfsögðu til endurgreiðslu á þeirri upphæð, sem þarna var lögð fram, eftir því sem hrekkur til. — Þetta vildi ég láta koma hér fram fyrir hönd fjvn. eða þeirra manna, sem að þessu stóðu, en hitt held ég að allir hljóti að vera sammála um, að það varð að bæta úr svo fljótt sem mögulegt var því ástandi, sem skapaðist á Bíldudal fyrir það, að þessi eina hafnaraðstaða eða lendingaraðstaða, sem til er í kauptúninu, gereyðilagðist og lokaði öllum leiðum fyrir kauptúnsbúum til þess að hagnýta sinn aðalatvinnuveg, sjávarútveginn.

Ég skal svo aðeins bæta því við, að mér virtust falla nokkur kaldyrði hjá hæstv. fjmrh., sem þá sérstaklega var víst beint til fjvn., — hann nefndi hana nú ekki beinlínis, heldur einstaka menn hér á Alþ., sem hefðu verið með einhverja óeðlilega sýtingssemi eða smásálarhátt gagnvart ríkisútvarpinu og þeirri fjármeðferð, sem þar hefur átt sér stað. Mér er alls ekki kunnugt um, að ríkisútvarpið hafi neitt verið tekið út úr hvað þetta snertir. Fjvn. hefur ávallt sýnt viðleitni til þess að skapa stofnunum ríkisins nokkurt aðhald um fjárgreiðslur. Það er vitað, að þetta hefur stundum náð skammt, eins og t. d. hjá ríkisútvarpinu, að þrátt fyrir það þó að Alþingi hafi markað því bás um fjárgreiðslur eða fjármeðferð yfirleitt, þá hefur það oft og iðulega gripið til þess ráðs að fara þar allmikið fram úr og hafa að engu þá hámarksupphæð, sem Alþingi hafði ákveðið, að það mætti nota. Og þetta eru ekki einstakir þingmenn innan fjvn., sem að þessu hafa staðið, og ekki heldur fjvn. ein, því að tillögur um aðhald að ríkisútvarpinu og öðrum stofnunum hafa yfirleitt, eins og aðrar til-

lögur n., verið samþ. með samhljóða atkvæðum hér á Alþingi. Þess vegna eru þau ummæli, sem hæstv. ráðh. virtist vera að bera hér fram gagnvart einstökum mönnum, eins og hann orðaði það, borin fram gagnvart Alþingi í heild, sem hefur samþ. þessar till. — Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, að viðleitni í þessa átt hefur ekki beinzt gagnvart ríkisútvarpinu frekar en öðrum stofnunum ríkisins, sem reynt hefur verið að skapa aðhald í þessu efni. Og ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi yfirleitt viðurkennt þessa stefnu og viðleitni fjvn. alveg eðlilega og verið henni samþykkur í öllum atriðum og meira að segja lokið nokkru lofsorði á n. fyrir viðleitni hennar í þessa átt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Með orðum mínum um bryggjutjónið á Bíldudal átti ég auðvitað ekki við það, að ekki hafi verið nauðsynlegt að gera þegar í stað ráðstafanir til endurbóta á því bryggjutjóni, sem varð. Það var auðvitað sjálfsagt. Hitt var annað mál, hvort það var hin eðlilegasta leið að greiða kostnaðinn við þetta beint úr ríkissjóði eins og á stóð. Ég hygg, að ekki verði talið ástæðulaust, þó að á það sé bent, að þetta sé óvenjulegt og að þetta kunni að skapa fordæmi, sem geti orðið ríkissjóði dýrt. Það var þetta, sem ég átti við, og sömu skoðunar virðast hinir þrír ágætu endurskoðunarmenn landsreikninga hafa verið og vera, þar eð þeir benda á það í till. sínum í tilefni af svörum ráðh., og segja þar eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „En engu er svarað til um þá erfiðleika, sem þessi greiðsla hefur valdið Skipaútgerðinni, og heldur ekki um það, hvort það opinbera hafi fyrirskipað áður slíkar greiðslur, áður en dómur um slík mál fellur.“ Og þess vegna er athugasemdin talin til athugunar framvegis. — Það var þetta, hið óvenjulega í meðferð málsins, sem ég var að gagnrýna, en að sjálfsögðu alls ekki þær framkvæmdir, sem þarna voru gerðar og voru sjálfsagðar og bráðnauðsynlegar.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan í sinni ræðu, að það væri hégómaskraf að nefna það, að það væri e. t. v. ekki til svo mjög mikils að vera að ræða um einstakar athugasemdir við reikning, sem væri orðinn tveggja ára gamall. Ég minnist þess, að á fyrsta þingi, sem ég sat hér, hélt hv. þm. V-Húnv. mjög skelegga ræðu um ríkisreikninginn, sem þá var til umr. Það var kjarninn í hinni mjög svo skeleggu ræðu hans, að það væri óverjandi að hafa tveggja og þriggja ára gamla ríkisreikninga til umræðu, því að það væri í raun og veru alveg þýðingarlaust að vera að ræða einstakar aths. um svo gamla ríkisreikninga. Þá heyrðist það ekki frá hæstv. núverandi fjmrh., að slíkar aths. væru hégómaskraf. Og raunar var ekki jafnmikill skörungsskapur í aðfinnslum hv. þm. V-Húnv. yfir aldri ríkisreikningsins nú og þá var, og munu allir fara nærri um ástæðurnar fyrir því. En hitt er annað mál, að bæði hann og hæstv. fjmrh. hafa játað, að það er óverjandi, að tveggja ára gamall ríkisreikningur skuli vera hér til umræðu, hann ætti ekki að vera eldri en rúmlega eins árs, og um það er ég þeim algerlega sammála.

Pétur Ottesen: Hv. 3. landsk. hefur sagt, að það hafi nú ekki verið sín meining, að það hefði átt að fresta aðgerðum þarna. Ég vil þá spyrja: Hvaðan átti að taka féð til þess, ef það ekki var tekið úr ríkissjóði? Áttu þessir fátæku íbúar á Bíldudal að leggja fram féð? Við skulum segja, að það hefði ekki verið óeðlilegt í sjálfu sér, að þeir hefðu gert það. En hluturinn var bara sá, að þeir gátu ekki gert það. Þess vegna var ekki um annað að ræða, ef það átti að endurbyggja bryggjuna, en að ríkissjóður legði fram féð til þess að byrja með. Og hvað var þá eðlilegra en það væri gert með þeim hætti, sem gert var? Ríkissjóður leggur fram féð. Féð á að endurgreiðast af þeirri upphæð, sem dómur ákveður, og að því leyti sem hún kynni ekki að hrökkva til, þá kæmi viðbótin úr hafnarbótasjóði. Það var þess vegna ekki nema um tvennt að ræða. Annaðhvort var að láta Bíldudalsíbúa sitja við það ástand að geta ekki bjargað sér út á sjóinn — ellegar þá, að ríkissjóður legði fram féð í bili til þess að afstýra vandræðum.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Hv. 3. landsk. kvaðst muna eftir ræðu, sem ég hefði flutt um ríkisreikninga fyrir nokkrum árum, og taldi hana góða, skilst mér. Ég man nú ekki, hvernig orð féllu hjá mér þá, en það mætti nú athuga, hvað þingtíðindin segja um það. Ég gat þess líka í framsöguræðu minni nú um ríkisreikninginn, að ef vel ætti að vera, þá hefði átt að vera búið að endurskoða ríkisreikninginn fyrir árið 1951 og leggja hann fyrir þingið til afgreiðslu. Hitt er annað mál, að það er náttúrlega ekki eins mikil ástæða til gagnrýni á þessu nú eins og var áður fyrr, vegna þess að málið hefur á síðustu árum færzt í betra horf en áður var.

Ég sé, að hv. þm. A-Húnv. er nú farinn af fundi, svo að ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til að svara honum. Hann sagði, að ég væri með dylgjur um það, að einhver fyrirtæki hefðu eytt meira fé umfram fjárlagaheimildir heldur en ríkisútvarpið, og að ég hefði ekki fært nein rök fyrir því. Ég hef áður sagt frá því, að ég hef orðið var við það, að nokkur fyrirtæki hafa notað hlutfallslega meira fé umfram fjárlagaheimild árið 1950 heldur en ríkisútvarpið. Ég vildi hins vegar ekki fara að þylja hér nöfn, því að ég er ekki viss um, að upptalningin yrði tæmandi hjá mér. Ég get þó sagt hv. þm. það, að á 3. gr., sem hann var að tala um, eru a. m. k. þrjú ríkisfyrirtæki, sem í launagreiðslum hafa farið meira fram úr áætlun fjárlaga heldur en útvarpið. Auk þess hef ég orðið var við ríkisfyrirtæki á öðrum greinum fjárl., og af því að ég veit, að yfirskoðunarmenn eiga að athuga fleira en 3. gr., þá tel ég, að það skipti ekki miklu máli, hvort þessi fyrirtæki eru færð á þá grein eða aðrar greinar fjárlaganna.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til framsögu með þessu frv. Það fylgja því aths. og svör og úrskurðir eins og venja er til, og vil ég leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni umræðunni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 417, n. 597).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ríkissjóðsreikningurinn fyrir árið 1950 liggur hér fyrir í frv.-formi til samþykktar. Ég hef fyrir hönd fjhn. borið tölurnar í frv. saman við prentaða útgáfu reikningsins, sem þm. hafa fengið í hendur, og ekkert fundið við tölurnar athugavert. Þær eru rétt upp teknar.

Hið fyrsta, sem verður fyrir manni, þegar opnað er heftið með ríkisreikningnum, er, að umframgreiðslur samkv. rekstrarreikningi 1950 eru hlutfallslega minni en líklega nokkru sinni fyrr, eða a. m. k. um fjölda ára. Þetta er mjög ánægjulegt og á viðurkenningu skilið. Og það, sem maður sér síðast í heftinu, er, að athugasemdir við reikninginn 1950 eru minni en venjulega, og þetta tel ég rétt að nefna, en reikningnum fylgja samt rúmlega 30 athugasemdir og fyrirspurnir og sumar í mörgum liðum frá yfirskoðendum ríkisreikninganna. Þessum athugasemdum hefur svo ráðh. svarað, og fylgja svörin. Auðvitað hafa hlutaðeigandi forstjórar og trúnaðarmenn samið svörin, en ekki fjmrh. sjálfur, enda heyra þau atriði, sem gerðar hafa verið athugasemdir við, ekki nema að litlu leyti undir hans ráðuneyti. Loks eru svo endanlegar niðurstöður endurskoðendanna eða svo nefndar till., að fengnum svörum hinna ábyrgu. Þessar niðurstöður eru aðallega í 5 tilbrigðum. Fyrst er, að svar sé fullnægjandi, annað, að við svo búið verði að standa, þriðja, að athugasemdin sé til athugunar framvegis, og fjórða, að athugasemdin sé til eftirbreytni framvegis, og svo fimmta, að athugasemdinni sé vísað til aðgerða Alþ.

Ég hef nefnt þessar niðurstöður í þeirri röð, sem þær frá mínu sjónarmiði þyngjast stig af stigi. Ég sé ekki verulega ástæðu til þess að ræða í þessari framsögu 1.—4. stigið. En það, sem yfirskoðunarmennirnir vísa til aðgerða Alþ., er sjálfsagt að taka til athugunar.

Þær athugasemdir, sem skoðunarmennirnir vísa til aðgerða Alþ., snerta tvennt. Í fyrsta lagi er athugasemd um, að í lok reikningsársins 1950 hafi verið óviðunandi mikið óinnheimt af tekjum ríkissjóðs. Ráðh. hefur svarað því, að breyt. sú, er síðar var gerð á söluskattslögunum, hafi veitt aðstöðu til bættrar innheimtu og kappkostað sé að ná inn gjaldföllnum tekjum jafnharðan og réttur leyfir. Aldrei má á innheimtunni slaka, vegna þess að þar er svo hæg leiðin til ófarnaðar og örðugt úr að bæta, ef fyrir safnast skuldir. En gott er að heyra, að til betri áttar horfir. Í öðru lagi vísa skoðunarmenn til aðgerða Alþ. athugasemdum um fjármál útvarpsins og þá sérstaklega hækkun útgjalda. Þessum athugasemdum svarar útvarpsstjóri allýtarlega. Hollt er, að skoðunarmenn finni að því, þegar eyðsla fer langt fram úr fjárlagaáætlun. Munu flest fyrirtæki ríkisins vera undir slíka sök seld að undanförnu og einnig enn, því miður. Þess vegna veitir ekki af aðhaldi. Ef litið er yfir ríkisstofnanirnar eins og þær koma fram á reikningnum 1950, sést, að víða er pottur brotinn í þessu efni, enda straumur tímanna þungur, sem á lagðist þetta ár, með gengisbreytingu sem sérstökum fjármálaviðburði. Hefðu yfirskoðendur gjarnan mátt benda á fleiri stofnanir en útvarpið með varnaðarorðum.

Fjhn. fékk yfirskoðunarmennina tvo, sem sæti eiga á Alþ., á fund til sín og ræddi við þá athugasemdirnar. Sérstaklega voru þeir spurðir um áður nefnd atriði, er þeir vísa til aðgerða Alþ., og gengið eftir, hvaða till. þeir hefðu um afgreiðsluna að gera. Litu fjhn.-menn svo á, að það væri skylda þessara trúnaðarmanna þingsins að bera fram ákveðnar till., ef þeim þætti sérstakra aðgerða þörf. En þeir vikust undan slíku og kváðust ekki líta svo á, að skylda sín væri ríkari en annarra þm., eftir að þeir hefðu lagt málið fyrir eins og þeir hefðu gert í athugasemdunum. Ég fyrir mitt leyti get ekki gengið inn á þau rök og lít svo á, að þeir telji í raun og veru nægilega að gert með athugasemdunum að þessu sinni. Fjhn. leggur áherzlu á það, að þeir, sem hlut eiga að máli við innheimtu fyrir ríkið og sem forstöðumenn við rekstur ríkisfyrirtækja og starfsmenn ríkissjóðs, taki athugasemdirnar til greina og leiðrétti í framtíð það, sem er ábótavant hjá þeim, eins og segir í áliti n. á þskj. því, sem það kemur fram á. Með þeirri yfirlýsingu, sem er í raun og veru sjálfsögð, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Leitt má segja að sé, hve reikningur ríkissjóðs 1950 er seint á ferð. Það er slæmt fyrir Alþ. að fá hann ekki til úrskurðar fyrr en eftir tveggja ára hret og hríðar. Svo gamall reikningur er í ýmsum efnum orðinn eins og kalt járn, sem varla er ástæða til þess að vera að hamra. Vel hefur samt áunnizt frá því, sem áður var. Talið er víst, að reikningurinn 1951 geti orðið lagður fram í byrjun næsta reglulegs

Alþ., og vonir standa til, að reikningurinn 1952 verði tilbúinn áður en því þingi lýkur. Væri þá halanum náð og hin rétta regla hafin. Að því marki ætlast Alþ. að sjálfsögðu til að hlutaðeigandi starfsmenn ríkisins keppi, sem þeir og virðast gera.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki hér gera ríkisreikninginn almennt að umræðuefni. Ég er sammála hv. fjhn., er leggur til að samþ. frv. óbreytt, eins og hv. frsm. hefur tekið hér fram. Þær athugasemdir, sem hafa komið fram í n. í sambandi við starf yfirskoðunarmanna, komu réttilega fram um þau atriði öll, sem ég sé ekki ástæðu til þess að ræða.

En það eru hér athugasemdir, sem gáfu tilefni til þess, að ég tek til máls hér, og skal þá fyrst bent á athugasemd í 10. lið frá yfirskoðunarmönnunum. Þeir gera þar athugasemdir við nokkrar greiðslur til þjóðvega, sem farið hafa allmikið fram úr því, sem fjárlög ákveða, og stendur þar m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Þá hefur verið veitt á fjárlögum til Barðastrandarvegar 150 þús. kr., en unnið hefur verið fyrir kr. 233771.25." Einnig stendur hér: „Á fjárlögum er veitt til Dalahreppsvegar 50 þús. kr., en greitt hefur verið kr. 100218.55." Vegna þess að báðir þessir vegir eru í því kjördæmi, sem ég er umboðsmaður fyrir, þykir mér rétt að gera hér nokkrar athugasemdir við.

Það varð að samkomulagi við vegamálastjóra og aðila þá, sem búa í viðkomandi hreppum, að flytja á milli upphæðir frá einum vegi til annars og fresta framkvæmdum á þeim vegum, sem féð var flutt frá, á þessu ári, til þess að ljúka ákveðnum verkum í hinum öðrum vegum og alveg sérstaklega til þess að spara flutning á vinnuflokkum og áhöldum frá einum vegi til annars, þegar um litlar fjárhæðir var að ræða. Það fé, sem hér er notað fram yfir það, sem fram hefur verið lagt úr ríkissjóði, er því ekki lagt fram úr ríkissjóði, heldur lánað af viðkomandi hreppum af því fé, sem löglega hefur til þeirra verið veitt á fjárlögum. Þetta gátu endurskoðunarmennirnir fullvissað sig um, enda hlaut þeim að vera kunnugt um, að það hefur verið gert í mörgum héruðum landsins, einnig í þeim héruðum, sem þeir eru þm. fyrir. Það vekur því nokkra furðu, að þeir skuli vera að velja hér úr ákveðnar sýslur til þess að benda á, að þetta hafi skeð, en láta það óátalið í hinum öðrum sýslum, þar sem því hefur verið hagað nákvæmlega eins, auk þess sem vitað er, að þetta snertir ekkert útgjöld ríkissjóðs. Ég vil einmitt í sambandi við þetta mál leyfa mér að taka fram, að það stóð svoleiðis á á s. l. ári, að búið var að nota allt það fé, sem ákveðið var í ákveðinn, nýjan veg, sem verið var að byggja, og ekkert fé var til óeytt frá öðrum vegum í sýslunni, og vegamálastjóri fór fram á það við mig, að ég sækti fast á við hæstv. ríkisstj. að fá aukið framlag til þess að ljúka ákveðnu verki, svo að það væri hægt að spara tugi þúsunda í sambandi við það verk við að þurfa ekki að flytja flokkinn og vélarnar í burt. Ég taldi mig hafa enga heimild til þess, eftir að hafa setið sjálfur sem form. fjvn. og reynt að gæta þar hagsmuna sýslunnar eftir beztu föngum, þótt hins vegar mér hafi ekki tekizt að fá þar allt það, sem ég hefði viljað óska, sem ekki er vonlegt og ég ásaka ekki n. fyrir. En ég taldi, að þá væri það óverjandi, ef ég síðar stæði upp í rn. til þess að krefjast frekari framlaga utan fjárlaga, og væri það ekki af áhuga hjá sjálfum vegamálastjóra og þeim hæstv. ráðh., sem fer með þau mál, að haga þannig verkunum, þá verður það svo að vera, til þess fengju þeir ekki mig að sækja þar neitt á. Það er því algerlega rangt, að hér sé verið að eyða neinu fé frá ríkissjóði fram yfir það, sem er ákveðið með fjárlögum. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram.

Í tölul. 11 er gerð athugasemd út af því, að samgmrn. hafi gefið fyrirskipun til Skipaútgerðar ríkisins að greiða af fé sínu, sennilega eftir mati, segja þeir, eigendum eða umráðamönnum bryggjunnar á Bíldudal árið 1950 100 þús. kr. og einnig 1951 185 þús. kr., og þeir gera hér athugasemd við það, að slíkar greiðslur hafi farið fram, og telja, að það hefði ekki átt að vera. Ég vil í sambandi við þetta skýra nokkuð þetta mál hér, vegna þess að hér litur svo út, að það hafi verið farið inn á eitthvað, sem ekki væri eðlilegt samkv. fjárgreiðslum úr ríkissjóði eða úr ríkisstofnunum.

Það var árið 1950, að skip ríkissjóðs, Þyrill, kom inn að bryggju á Bíldudal að nóttu til, þar sem allir voru í svefni, og renndi beint á bryggjuna, með þeim árangri, að hann þurrkaði bryggjuna alveg út. Það var ekki tangur eða tetur eftir af mannvirkinu, þegar komið var á fætur. Skipstjóri rigsaði í burt án þess að hafa nokkurt tal af íbúunum og braut þar mjög gegn reglum hafnarinnar og hafnarlögum og ætti, þótt ekki væri nú fyrir annað, að sæta þungri sekt fyrir það eitt. Það var síðan gerð krafa til eiganda skipsins eða Skipaútgerðarinnar fyrir hönd ríkissjóðs um að greiða að fullu skaðann. Þeirri kröfu var mótmælt. Síðan var krafizt skoðunar á tjóninu og enn fremur yfirskoðunar á tjóninu, og það var af yfirskoðunarmönnum metið á 185 þús. kr. og þá tekið að fullu tillit til aldurs bryggjunnar og þeirrar afskriftar, sem hefði átt að skrifast af bryggjunni frá því að hún var byggð sem ný bryggja. Þorpið eða höfnin var bryggjulaus í nærri tvö ár, og það var fyrir harðskeytta sókn þeirra aðila, sem þar stóðu að, að ekki varð um lengri tíma að ræða. Ég fór fram á það við hæstv. rn., að þeir borguðu samstundis 185 þús. kr., eins og matsupphæðin var, og því var mætt að fullu frá hæstv. ríkisstj., og ef því hefði verið neitað, hefði að sjálfsögðu verið leitað til Alþingis um það atriði. Að ekki er búið að gera enn út um þetta atriði, er beinlínis að kenna Skipaútgerð ríkisins. Hún hefur haft þetta mál með höndum og látið sinn lögfræðing þvæla málið frá ári til árs, og það er ekki sjáanlegt annað en að þetta sé beinlínis gert af því, að hann vilji af persónulegum ástæðum reyna að fá þetta mál fyrir hæstarétt, svo að hann geti fengið þar prófmál til þess að geta fengið prófskírteini í sambandi við það til þess að fá hæstaréttarmálaflutningsréttindi. Engin

önnur skýring verður fundin á þessum drætti. Það er nú búið að byggja bryggjuna. Hún kostaði 530 þús. kr. Það hafa öll gögn legið fyrir og málafærslumaður vátryggjenda hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá sætt í málinu, vegna þess að honum er fullkomlega ljóst, að sökin er ein og eingöngu hjá skipinu, sem braut bryggjuna niður, og engum öðrum. En eins og ég tók fram áðan, þá hefur fulltrúi Skipaútgerðar ríkisins þvælzt fyrir málinu, eyðilagt möguleikann til að sættast, og nú er þess krafizt, að málið gangi fyrir dóm. En eins og allir vita, þá tekur það ekkert lítinn tíma, þegar annað eins mál er sótt í Reykjavík, að eiga að leita allra upplýsinga úti á landi. Þetta er ástæðan fyrir því, að málið hefur ekki verið gert upp enn þá.

En svo í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að það hefur skeð allmörg undanfarin ár, að hafnarmannvirki á öðrum stöðum hafa hrunið af öðrum ástæðum. Í Bolungavík hefur brimbrjóturinn þar skemmzt svo, að það kostaði á þriðju millj. kr. að gera við hann, og var samþ. af Alþ. einróma, að ég hygg, að lagt skyldi fram allt það fé af hálfu ríkissjóðs án mótframlags. Það hefur verið deilt um það, hvort það hefur ekki að einhverju leyti verið að kenna vitamálastjórninni, en hvað sem því líður, þá er hitt víst, að það var náttúruöflum að kenna, að tjónið varð svo stórkostlegt sem raun ber vitni um. Það hefur einnig orðið allmikið tjón á Bakkafirði, sem ríkissjóður eða Alþ. hefur einnig fallizt á að skyldi bætt að fullu, án þess að nokkurt framlag kæmi á móti. Bæði þessi tjón og ýmis fleiri hafa, eins og ég sagði áðan, orðið af völdum náttúruaflanna, þótt hins vegar um það sé deilt nokkuð, hvort stjórn vitamálanna eigi þar einhverja sök á. En þegar Alþ. er búið að viðurkenna það og taka þá stefnu, að tjón, sem er af völdum óviðráðanlegra afla, eins og sjávarbrims eða vinda, skuli bætt, án þess að mótframlag komi til, hversu hróplegt ranglæti væri þá ekki fyrir Alþ. að neita Bíldudal um að bæta að fullu og án mótframlags tjón, sem skip ríkisins valda fyrir vanrækslu á hafnarmannvirkjum þar? Og það er náttúrlega algerlega óverjandi, að Skipaútgerð ríkisins skuli hafa haldizt uppi það ranglæti að bæta ekki tjónið að fullu strax og gera málin upp, vitandi þó, að það var tryggt fyrir þessu tjóni og það varð að sækja á erlenda vátryggjendur aftur.

Öll þau rök, sem hafa verið færð fram til tafar málinu frá Skipaútgerð ríkisins, eru til þess að aðstoða útlend vátryggingarfélög til þess að reyna á einn eða annan hátt að komast undan greiðslunni. Þannig hefur þeirra framkoma verið í þessu máli, og mér þykir rétt að láta það koma hér fram, úr því að það er tilkynnt með ríkisreikningunum sem athugasemd.

Ég vil svo aðeins í sambandi við athugasemdirnar um útvarpið, af því að útvarpsstjóri hefur nú talið sér það sæma að láta það vera eitt af sínum síðustu embættisverkum, um leið og hann er að kveðja þjóðina, að skrifa til hv. Alþ. 52 bréf, eitt til hvers þm., með þeim ummælum um mig persónulega, sem hann mundi sjálfsagt fá dóm fyrir, ef ég nennti að vera að höfða mál á gamalmenni, og er það út af því frv., sem ég hef borið hér fram í sambandi við útvarpið. Hann hefur látið það sæma að hafa orð um mig, sem hann gæti nú ekki komizt hjá að fá dóm fyrir. Vil ég aðeins í sambandi við það leyfa mér að benda hér á, að það er eitt af síðustu verkum yfirskoðunarmanna að fella þann dóm, sem hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn telja fjárstjórn ríkisútvarpsins ekki viðunandi, og er athugasemdinni vísað til aðgerða Alþingis.“

Ég held, að útvarpsstjóri ætti í ellinni að setja sig niður og skrifa ekki 52 bréf, heldur 104 til alþm. út af þessari ádeilu, sem er miklu sterkari en sú ádeila, sem ég gerði á útvarpið í minni grg. og í mínu frv.

Ég vil enn fremur benda á, þó að ég hafi ekki gert um það ágreining í n., að ég er alveg sammála yfirskoðendum ríkisreikninganna um það, að það sé full ástæða til þess að gera aths. við nærri 2½ millj. kr. útistandandi skuldir hjá Tóbakseinkasölu ríkisins. Ég sé ekki, hvernig hægt er að verja það. Og meðan hæstv. ráðh. beitir eðlilega og alveg sjálfsagt þeim aðferðum að stöðva jafnvel sölu hjá ýmsum fyrirtækjum, ef þau greiða ekki söluskatt, sem er þó engan veginn vel þokkaður í landinu, hvers vegna lokar hann þá ekki Tóbakseinkasölunni, þar til búið er að ná þessu inn? Hvers vegna er henni ekki lokað? Hvers vegna er Tóbakseinkasölunni leyft að halda áfram að lána 2½ millj. kr. án þess að kalla það inn, einkasölunni í landinu, sem hefur allan aðgang að því að geta ráðið þessum málum eins og henni sýnist?

Ég er líka alveg sammála um það, að það sé engan veginn viðeigandi, að Skipaútgerð ríkisins sé banki upp á nærri 838 þús. kr. fyrir ýmsa aðila í landinu, stofnun, sem tapar 5—6 millj. kr. á hverju ári. Ég held, að það væri mjög athugavert og að hæstv. samgmrh. hefði ekki átt að stöðva rannsóknina á þessa stofnun, eins og hann gerði á sínum tíma, á meðan útkoman er ekki betri en sést hér.

Og ég er einnig alveg sammála endurskoðunarmönnunum í sambandi við 1 millj. kr. útistandandi hjá flugmálum ríkisins og 1.4 millj. kr. útistandandi hjá landssmiðjunni, sem rekin er fyrir ríkisins reikning. Það er ekki að furða, þó að landssmiðjan geti ekki enn þá greitt lögboðna skatta og skyldur til ríkisins, þegar henni er leyft undir þessum kringumstæðum að hafa útistandandi um áramót 1.4 millj. kr.

Ég skal svo ekki að öðru leyti gera ríkisreikninginn að umræðuefni, en mér þótti rétt að láta þessar aths. koma fram.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 660).

29. Ættleiðing.

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um ættleiðingu [32. mál] (stjfrv., A. 32).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í íslenzk lög hefur vantað heilleg ákvæði um ættleiðingu. Að vísu er gert ráð fyrir henni í lögum, og í erfðalögunum nýju hafa ættleiddir menn fengið betri aðstöðu um erfðir heldur en áður og þeir hafa víða annars staðar, en eins og ég segi, heildarákvæðin hefur vantað, og er það bagalegt, þar sem ættleiðingar fara mjög í vöxt. Það er ljóst, að til þess, að ættleiðing verði til góðs, fyrst og fremst fyrir barnið sjálft, sem ættleitt er, en einnig fyrir aðra aðila, sem hlut eiga að máli, verður að vera vel um hnúta búið, og það verður rækileg rannsókn að hafa átt sér stað, áður en ættleiðing er leyfð. Segja mætti, að úr þessu væri hægt að bæta með einfaldri stjórnvaldsákvörðun, svo að dómsmrn. þyrfti ekki að fá sérstaka lagaheimild til slíkrar athugunar eða rannsóknar, en þar sem heildarfyrirmæli vantaði um þetta og þar sem ljóst var, að of mikils handahófs hafði gætt í þessum efnum hingað til, þ. á m. ekki næg athugun átt sér stað um það, hvort rétt væri að leyfa ættleiðingu eða ekki í hverju einstöku tilfelli, sýnist mér réttara að setja slík heildarlög sem hér er lagt til og láta þá löggjöfina verða grundvöll að öruggari og betri framkvæmd í þessum efnum hér eftir en hingað til hefur verið.

Frv. þetta er samið í dómsmrn., með hliðsjón af norrænni löggjöf um þessi efni. Ég tel það til mikilla bóta, ef frv. næði samþykki. Þótt ekki sé hægt að segja, að þetta sé neitt verulegt stórmál, þá er það heldur engan veginn þýðingarlaust. Ég vil vænta þess, að frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi. Ég vil leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 288).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af hæstv. ríkisstj. Allshn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með lítils háttar breytingum.

Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., hefur til þessa verið farið eftir konungsúrskurðum frá 13. des. 1815 og 23. des. 1864, sem þó voru aldrei birtir hér á landi, við veitingu ættleiðingarleyfa. Í þessum úrskurðum eru fáar reglur settar um skilyrði og verkanir ættleiðingar. Hafa því ýmsar reglur skapazt í þessu efni, venjur í stjórnvaldsmeðferð. Eins og vænta má, eru hinar ólögbundnu reglur um margt á reiki.

Lagabálkur um ættleiðingu var lögfestur hjá hinum Norðurlandaþjóðunum árið 1920, en fram að þessu hefur hér á landi ekki verið gengið frá nýrri löggjöf um þetta efni. Frv. þetta miðar að því að setja skýrari ákvæði um skilyrði og verkanir ættleiðingar en verið hafa. Er nú sérstök þörf á því, þar sem ættleiðingarbeiðnum hefur mjög fjölgað hin síðari árin.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða í heild efni þessa frv., þar sem gerð var grein fyrir því við 1. umr., enda fylgir því allýtarleg grg. og skýringar við hverja grein frv. fyrir sig.

Nefndin leitaði umsagnar barnaverndarráðs Íslands. Benti ráðið á það, að ekki væri nægilegt að ákveða aldurslágmark ættleiðanda, eins og gert er í frv., heldur þyrfti engu síður að setja ákvæði, sem bönnuðu gömlu fólki að ættleiða yngri börn en 16 ára. Féllst n. á að mæla með þeirri breyt. á frv., að eldri manni en 65 ára væri óheimilt að ættleiða yngra barn en 16 ára. Ef um hjón væri að ræða, mætti þó annað vera eldra en 65 ára. Þá taldi n. og sjálfsagt að gera þá breyt. á frv., að einnig yrði leitað umsagnar sóknarprests, áður en veitt yrði leyfi til ættleiðingar, eins og verið hefur til þessa. N. leggur og til að fella niður 19. gr., sem *fjallar um það, að ættleiðing falli niður, ef* kjörforeldri og kjörbarn eigast. Í áliti barnaverndarráðs var lagt til, að sett yrðu ákvæði í frv., sem bönnuðu hjúskap á milli kjörbarns og kjörforeldris. N. telur, að slíkt ákvæði, ef sett yrði, eigi heima í hjúskaparlögunum. Með því að fella niður 19. gr. vill n. benda á það, að þetta atriði verði athugað nánar og þá gerð breyt. á hjúskaparskilyrðunum, ef ástæða þætti til. Nefndin hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Brtt. 288,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 288,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
9.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 288,3 (19. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
20.—23. gr. (verða 19.—22. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 352).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir hlýða að mæla nokkur orð fyrir þessu frv. Ég vil taka það fram, að það var annað frv. á mínum vegum hér áðan fyrir d., frv. til l. um ríkisborgararétt, en þá var ég bundinn við umræður í hv. Nd., var þar að halda ræðu um frv., sem þar var lagt fyrir þingið, og er þar enn eitt dæmi þess, að það er ómögulegt fyrir ráðh. að tvískipta sér og því með öllu ómaklegar þær stöðugu aðfinningar, sem eru af hálfu vissra manna hér í d. yfir því, að ráðh. séu ekki ætíð viðstaddir. (Forseti grípur fram í.) Ég er ekki að beina þessu til hæstv. forseta, en ég held, að það séu engar ýkjur, að þó að hann sé ekki með aðfinningar, þá sé minn ágæti vinur, hv. 1. þm. N-M., stundum með aðfinningar, meira að segja svo alvarlegar, að hann hefur lýst því yfir, að hann vildi ekki greiða atkv., ef ráðh. væri ekki viðstaddur.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, ættleiðingu, þá er það svo, að ættleiðingar fara mjög í vöxt. Því hefur mjög fjölgað, hversu mörg börn eru ættleidd, og þykir þess vegna hlýða, að um það sé sett löggjöf til að tryggja betur en hingað til hefur verið, að ættleiðing verði öllum aðilum til góðs, og þá auðvitað fyrst og fremst því barni, sem verið er að ættleiða. Á það hefur nokkuð þótt skorta að undanförnu, að það væri skoðað sem skyldi, að barnið kæmist í hendur foreldra, sem líklegir væru til þess að veita því gott uppeldi. Segja má raunar, að dómsmrn. gæti sett um það strangari reglur en enn hafa gilt, án þess að ný löggjöf kæmi til, en ég hygg þó, að það sé til bóta og til öryggis að setja um þetta löggjöf, og það er því frekar ástæða til þess, sem nú fyrir skömmu var mjög aukinn erfðaréttur ættleiddra barna, og þá þeim mun sjálfsagðara, að tryggilega sé gengið frá sjálfri ættleiðingunni.

Eins og ég segi, má deila um það, hvort þetta frv. sé mjög mikilsvert, en það er enginn vafi, að það horfir í rétta átt og getur ekki leitt til annars en góðs. Ég vil því eindregið mælast til þess, að frv. fái greiða afgreiðslu og verði afgreitt á þessu þingi. Ég vil leggja til, að það gangi til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 352, n. 591).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, og nál. hennar er birt á þskj. 591. Eins og nál. þetta ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ., en þó þannig, að gerðar verði á því tvær breytingar, þar sem Nd. hafði gert breytingu á upprunalega stjfrv. Önnur breytingin til samræmis við upprunalega stjfrv. er, að felldir verði niður 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 1. gr., þar sem bannað er, að eldri mönnum en 65 ára séu veitt leyfi til að ættleiða yngra barn en 16 ára. Þessi takmörkun var ekki í upprunalegu frv. stj., sem var mjög vandað að frágangi, en bætt inn í það í Nd. Þar sem hér er um að ræða heimild til ráðherra til þess að veita leyfi til ættleiðingar og þar sem sjálfsagt verður að ganga út frá því sem gefnu, að það leyfi verði ekki veitt nema að athuguðum öllum aðstæðum og þá þess sérstaklega gætt, að það sé þeim, sem ættleiddur er, til hags, þykir ekki ástæða til þess að setja bann við þessu. Það getur í ýmsum tilfellum leitt til misréttis, og vil ég t. d. leyfa mér að benda á, að ef hjón, þó að eldri séu en 65 ára, vilja t. d. ættleiða barn fóstursonar eða fósturdóttur, sem hefur látizt, þá er engin ástæða til þess að banna það, þó að eðlilegt sé, að aðalreglan sé sú, að gömlu fólki verði ekki leyft að ættleiða ung börn, því að uppeldissjónarmið hefur auðvitað mikið að segja í þessu sambandi. N. leggur því til, að þetta verði fært aftur í sama horf og var, til þess að fyrirbyggja, að til misréttis eða ranglætis geti leitt í einstaka tilfellum.

Þá var í upprunalega frv. 19. gr., þar sem sagt var, að ef kjörforeldri og kjörbarn gengju í hjónaband, þá félli ættleiðing niður. Í Nd. var þessi grein felld burt úr frv., sennilega vegna þess, að þetta tilfelli er ákaflega sjaldgæft, þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að lögum, ef skyldleiki eða aðrar tálmanir eru ekki því til fyrirstöðu. Ég þekki t. d. eitt dæmi, þar sem maður gekk að eiga uppeldisdóttur sína, þó að mér sé ekki kunnugt um, hvort hún var ættleidd eða aðeins fósturdóttir. Þetta er því ekki alveg ópraktískt tilfelli, en þá virðist rétt að segja nákvæmlega fyrir um, hvernig fara skuli um þá aðstöðu, sem myndast við ættleiðinguna. Þetta getur haft mikið að segja, sérstaklega í sambandi við erfðaréttindi, og þykir rétt, að það sé tekinn af allur vafi um þetta fyrir fram.

Þetta frv., eins og það liggur fyrir, er í samræmi við lög um ættleiðingu eins og þau eru á Norðurlöndum, eins og flest lög okkar nú á fjölskylduréttarsviðinu. Það hefur verið nákvæmlega undirbúið og athugað, og nú er orðið talsvert algengt, að ættleiðing sé leyfð hér á landi, eða að meðaltali í kringum 50 ættleiðingar á ári undanfarin ár.

Að einu er þó frv. frábrugðið því, sem er í hinum Norðurlandalögunum, og það er í 11. gr., þar sem segir í 2. málsl. 1. málsgr., að framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess ljúki við ættleiðinguna. Á hinum Norðurlöndunum mun sú framfærsluskylda halda áfram, þó að hún víki fyrir ættleiðingunni á meðan hægt er að uppfylla þær skyldur af hálfu ættleiðanda og hins ættleidda. Þetta er nokkur réttarskerðing hjá þeim ættleidda eftir íslenzkum lögum, miðað við það, sem er í hinum Norðurlanda-

lögunum, en þar sem þetta fyrirkomulag var komið inn í íslenzk lög með 5. og 6. gr. framfærslulaga, nr. 80 frá 1947, um framfærsluskylduna, en um erfðirnar með 18. gr. erfðalaganna, nr. 42 frá 1949, þá þótti ekki rétt að fara að gera breytingar á því.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., sem ég efast ekki um að hv. deildarmenn hafa kynnt sér, en vil leyfa mér f. h. nefndarinnar að leggja til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef getið um.

ATKVGR.
Brtt. 591,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 591,2 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
19.—22. gr. (verða 20.—23. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 647).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 682).

---

30. Sala jarðeigna í opinberri eigu.

Á 22. fundi í Ed., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði [131. mál] (stjfrv., A. 186).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það voru gerðar nokkrar breytingar á skipun prestakalla á síðasta þingi, og þá var gert ráð fyrir að leggja niður prestssetrin í Kollafjarðarnesi og Stað í Steingrímsfirði og flytja prestssetrið að Hólmavík. Í l. um skipun prestakalla, nr. 31 frá 4. febr. 1952, er yfirleitt gert ráð fyrir því, þar sem prestssetur eru lögð niður og ný upp tekin, að heimilað er í l. að selja þau prestssetur, sem lögð hafa verið niður. Ég hef beðið skrifstofustjórann í kirkjumrn. að athuga, hvort í l. nr. 31 frá 4. febr. 1952, um skipun prestakalla, væri skýlaus heimild til þess að selja þessi tvö prestssetur, um leið og prestssetrið verður flutt til Hólmavíkur, og skrifstofustjórinn telur það orka tvímælis, að ákvæðin séu svo skýr, að það sé heimilt. Af þeirri ástæðu er þetta frv. borið fram, því að það er ekki nema eðlilegt, að á þeim eina stað, þar sem prestum var fækkað, þ. e. í Strandasýslu, þá geri þeir kröfu til þess, að þessi þrjú prestssetur, sem eru í sýslunni, séu byggð upp, þannig að prestssetrið á Hólmavík hafi húsrúm til umráða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta frv., að öðru leyti en því, að ég mundi raunar kjósa fremur, að frv. væri að því leyti breytt, að jarðirnar væru seldar eftir mati hæfra matsmanna, sem hlutaðeigandi sýslumaður tilnefndi eða einhver annar aðili, sem er öruggt að sé hlutlaus í málinu. Það er alltaf erfitt fyrir ríkisstj. að eiga í því að selja jarðir með öðru móti. En það er ekki sérstaklega tekið fram þarna í 1. gr. frv., með hverjum hætti jarðirnar eigi að selja, og ég álít, að það væri eðlilegra að hafa þetta ákvæði í lögunum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé nú, að komið er hér frv. fram um að selja þessi tvö prestssetur, Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði, og hefur þá rætzt sú spá, sem var spáð hér við umr. um prestakallaskipunina, að aðaláhugamál hæstv. ráðh. hefði verið að koma prestakallaskipuninni á til þess að fá leyfi til þess að selja þessar jarðir. Ég skal nú ekki ræða um það frekar.

Eins og kunnugt er, þá er nú ekki heimilt að selja jarðir, sem ríkissjóður á, nema fyrir fasteignamat, nema með sérstökum l., og fylgir þá sú kvöð, að halda verður jörðunum sem ættaróðulum. Að öðru leyti á ríkissjóður kröfu á því aftur að fá jarðirnar keyptar fyrir fasteignamat. Nú minntist hæstv. ráðh. á það hér, að það væri sett inn í l., að mat skyldi fara fram á þessum jörðum, áður en þær yrðu seldar, og geri ég ráð fyrir, að hann eigi þar við, að það verði miðað við það verðgildi, sem nú er eða á þeim tíma, sem jarðirnar verða seldar, en ekki við fasteignamat, og er þá brugðið út af því, sem gildir um aðrar jarðir ríkisins. Út af þessu vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hugsar sér, að þessar jarðir verði seldar kvaðalausar, þannig að viðkomandi kaupendur megi ráðstafa þeim síðar eins og sinni eign, án þess að fylgi þeirri eign sömu kvaðir eins og fylgja öðrum opinberum jörðum, sem ríkið selur. Þá vildi ég einnig mega spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki væri eðlilegt, ef þessi háttur er tekinn upp, að selja jarðirnar eftir þeningamati nú, og ef þær verði seldar kvaðalaust, sem mér nú helzt skilst að muni vera ætlunin, að þetta fé sé þá látið ganga til þess að byggja upp prestssetrin í þessum sóknum. Ég hygg, að eftir öðrum l. eigi söluverð opinberra jarða að renna í Ræktunarsjóðinn eða a. m. k. í einhverja aðra ákveðna sjóði í sambandi við landbúnaðinn. Er ekki ástæða til þess að láta andvirði þessara jarða

beinlínis ganga til þess að byggja upp þau prestssetur, sem verður að veita fé til úr ríkissjóði til þess að koma upp í staðinn fyrir þau prestssetur, sem hér er hugsað að selja? Mér þykir því eðlilegt, að þetta hvort tveggja verði tekið beint upp í lagafrv., og vil einnig beina því til þeirrar hv. n., sem málið fær til meðferðar. Nú hefur hæstv. ráðh. ekki lagt til neina sérstaka n., en eftir eðli málsins hygg ég að þetta muni að venju ganga til hv. landbn. Annars gerir hann sjálfsagt um það tillögu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það leiðir nú af efni þessa frv., að það er eðlilegt, að það fari til landbn., það er ekki nema sjálfsagt. En viðkomandi sölu á þessum jörðum, þá er það að segja, eins og ég minntist á í þessum fáu orðum, sem ég talaði hér áðan, að í l. um prestssetur frá síðasta þingi er heimilað í hverju einstöku tilfelli, þar sem rætt er um að leggja niður prestssetur, að selja jarðirnar, þannig að það var stefnan, sem þingið tók, að selja jarðirnar, og ég geng út frá því, að það hafi verið ætlunin að selja þær fyrir það verð, sem væri eðlilegt gangverð. Það var sú stefna, sem greinilega kom fram í frv. og ekki virtist vera mikill ágreiningur um. Jafnframt kemur það af sjálfu sér, að um leið og selt er með slíkum hætti sem frv. um skipun prestakalla markaði á s. l. þingi, þá er selt kvaðalaust, því að kvaðirnar fylgja eðlilega því, að jarðirnar eru seldar fyrir fasteignamat, þ. e. a. s., kaupendunum eru afhentar jarðirnar fyrir gjafverð, og það fylgir því sú kvöð, að þeir mega ekki selja þær aftur. Undir þessum kringumstæðum er raunverulega um það að ræða, að ríkið er að flytja þarna til úr einni fasteign í aðra.

Það má náttúrlega lengi um það deila, hvort er betri eign að eiga prestssetur á Hólmavík, hús þar, embættisbústað, eða eiga þessa embættisbústaði á Stað í Steingrímsfirði og í Kollafjarðarnesi. En það er einnig rétt, að ég minntist ekki á það, a. m. k. ekki beinlínis, í þeim fáu orðum, sem ég sagði hér áðan, að andvirði þessara jarða ætti að ganga til þess að byggja upp prestssetrið á Hólmavík. Það er þó tilgangurinn beinlínis með frv. Ég tel nú, að þar sem hér er um sérlög að ræða og raunverulega staðfestingu á þeirri stefnu, sem var tekin á seinasta þingi, að selja ýmis prestssetur til þess að byggja upp önnur ný, þá leiðir það nú af hlutarins eðli, þegar verið er að afla skýrari heimildar til þess að fylgja þeirri stefnu, sem kom fram í frv. um prestaköll, að þá yrðu peningarnir notaðir til þess að byggja upp prestssetrið á Hólmavík, en ekkert hef ég á móti því, að það sé tekið sérstaklega fram í frv., því að það er beinlínis tilgangurinn með því. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Frv. er ekkert annað en skýrari ákvæði um þau fyrirmæli, sem gefin voru í l. um prestssetur á seinasta þingi. Og ég verð nú að segja það, að ég tel meiri líkur til þess, að heimildin sé til staðar þar í l., þó að það sé auðvitað eðlilegt, að ráðh. vill ekki selja eftir vafasömum heimildum, heldur fá þingið til þess að segja um það alveg skýlaust, hvort það er þess vilji.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 186, n. 364).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar var verið að ræða hér um breytta skipun á prestaköllum landsins í fyrra, þá var sett inn í það frv. sem 7. gr. grein, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkv. lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.“

Þegar n., sem skipuð var í þetta mál, mþn., hafði það til meðferðar, þá lagði hún til, að breytt yrði til um prestssetur á nokkrum stöðum á landinu og prestar færðir úr fámennari stöðum og í fjölmennari, eins og hún líka lagði til, að sameinuð yrðu nokkur prestaköll og tilfærsla prestssetra af þeim sökum. Hún hafði það ákveðið í huga, að þær jarðir, sem þannig hyrfu sem prestssetur, og þar sem sú breyt. hefði í för með sér, að nauðsyn krefði, að byggð væru upp ný prestssetur, yrðu seldar og andvirði þeirra varið til þess að byggja upp hin nýju prestsseturshús, og sem vilji n., sem hafði lagt þetta til á ýmsum stöðum, kemur þetta allt fram í 7. gr. frv., sem Alþingi samþykkti og enginn hafði neitt við að athuga. Þess vegna lít ég nú svo á, að í sjálfu sér þurfi engin sérstök lög til þess að selja þau prestssetur, sem hér er um að ræða; það orkar ekki tvímælis, að það á að flytja prestana frá þeim, orkar ekki tvímælis, að prestur á að sitja á Hólmavík og þarf að hafa húsnæði þar. Og þá hef ég skilið, að það væri ákveðinn vilji Alþingis, sem samþykkti þessa 7. gr. mótatkvæðalaust, að andvirði þessara jarða yrði varið til þess að byggja yfir prestinn á Hólmavík. Hins vegar líta lögfræðingar svo á, — sumir að minnsta kosti, — að það sé ekki beint sagt, að það eigi að selja prestssetrin, heldur sé ákveðið í 7. gr., að ef þau séu seld, þá skuli verja andvirðinu til húsbygginga á nýjum prestssetrum. Því var það, að hæstv. landbrh. lagði fyrir þessa d. frv. það, sem hér liggur fyrir.

Ég er nú einn af þeim mönnum, sem telja, að yfirleitt eigi ekki að selja þær jarðir, sem eru í eign hins opinbera, heldur koma ábúðinni á þeim allt öðruvísi fyrir. En ég viðurkenni það, að stundum liggja atvikin þannig, að það getur verið réttmætt, og þó að ég sé ekki fýsandi, að þessar jarðir séu seldar, þá legg ég það samt til og tel mig gera það í samræmi við almennan vilja allra þm. í fyrra, þar sem enginn greiddi atkvæði á móti 7. gr. Ég hef þess vegna reynt að kynna mér og einnig nefndin sem heild, hvernig það liggi með þessar jarðir, sem þarna er um að ræða. Þær eru nú taldar í frv. tvær, og prestssetrin eru ekki í raun og veru nema

tvö, en fasteignirnar eru þrjár og í þremur hreppum.

Það er fyrst og fremst Kollafjarðarnes, þar sem setið hefur prestur nokkuð lengi, og ætlazt er til, að það prestakall leggist niður og sóknirnar skiptist milli Prestsbakka, önnur, og Hólmavíkur hin. Í nál. hef ég gefið eins tæmandi upplýsingar eins og ég hef getað fengið upp viðvíkjandi jörðinni. Þetta er dálítil hlunnindajörð. Það er á henni bæði reki, dúnn og selur, en ekki mikið af neinu, dálítið af því öllu, tiltölulega mest af reka, og geri ég ráð fyrir, að þessi jörð mundi seljast fyrir í kringum 60 þús., þótt ég þori ekki að segja það.

Það kemur náttúrlega til álita, hvort það ætti að selja þessa jörð eins og aðrar opinberar jarðir á fasteignamati og með þeirri kvöð, að hún verði gerð að ættaróðali. Eins og málið liggur, þar sem beint er ætlazt til, að andvirði þessara jarða renni til byggingar prestsseturshúss og spari þar með ríkissjóði peninga og það fáist upp úr þeim byggingum, sem ríkið á á jörðinni, það, sem það raunverulega er virði, og með tilliti til þess, að ekki hefur farið fram mat lengi á fasteignum, þá sá n. sér ekki fært að leggja til, að þær yrðu seldar með þeirri kvöð, að þær yrðu gerðar að ættaróðali og eftir fasteignamati, en það tvennt heyrir saman að lögum. Þess vegna leggur hún til, að þessi jörð sé seld frjálsri sölu og matsmenn meti hana, ábúandi fái að sitja fyrir og svo náttúrlega hreppurinn, að lögum, en ef hvorugur þeirra vill, þá sé ekki endilega bundið við matsverðið, heldur komi þá til það verð, sem hægt er að selja hana hæst á, jafnvel þótt það verði hærra en matsverðið.

Kollafjarðarnesinu fylgir sjóður, sem er fyrningarsjóður prestsseturshússins, sem þar er. Hann er ekki hár, liðlega 5 þús. kr., en vitanlega telur n., að hann eigi ekki að fylgja með í sölunni. Húsið verður selt í því ástandi, sem það er, en ekki eins og þegar það var nýtt, en sjóðurinn er ætlaður til þess að geta endurnýjað húsið, þegar það er gengið úr sér, og hann fær sá bóndi eðlilega ekki til afnota, sem jörðina kaupir.

Staður í Steingrímsfirði er prestssetur, en það verður flutt að Hólmavík eftir lögunum. Ég hef líka reynt að afla mér upplýsinga um það. Það fylgir því önnur fasteign, sem hefur fylgt staðnum lengi, Ásmundareyjar, sem heima fyrir eru kallaðar Ásmundarneseyjar, varpeyjar, sem liggja í Bjarnarfirði, rétt undan landi Ásmundarness. Bóndinn í Ásmundarnesi eða eigandi Ásmundarness á hólma innan um þessar varpeyjar, og hann hefur oftast séð um þær fyrir prestinn á Stað, — fyrir bóndann núna seinni árin, af því að presturinn hefur ekki setið þar, — af því að þær liggja svo langt frá, að það er útilokað, að hægt sé að sinna þeim frá Stað. Já, ég segi nú, að það sé útilokað. Það er nú kannske ekki alveg rétt núna eftir svona tvö ár, þá verður líklega kominn bílvegur á milli, og þá er það ekki orðið nema svona 1½—2 tíma keyrsla á bíl, og úr því væri náttúrlega hugsanlegt að nytja þær frá Stað. En eins og aðstæðurnar hafa verið, þá hefur það verið óhugsanlegt að nytja þær frá Stað, enda aldrei gert, heldur hefur Staðarprestur alltaf látið annan nytja þær annaðhvort fyrir sig eða borgað honum sérstaklega fyrir eða þá leigt honum bær alveg. Það hefur verið sitt á hvað.

Þessar þrjár fasteignir lítur n. svo á að verði að seljast hver í sínu lagi. Við höfum samþ. hér annað frv. um ítök, þar sem við ætlumst til, að ítökin fylgi yfirleitt eða a. m. k. geti yfirleitt fylgt þeim jörðum, sem hægast eiga með að nytja þau. Þá er náttúrlega í hæsta máta óeðlilegt að fara að selja Ásmundareyjarnar með staðnum, til þess svo rétt á eftir að láta eiganda Ásmundarness, sem á þar land að, aftur kaupa þær undan staðnum. Þess vegna leggjum við til, að þetta sé selt í þrennu lagi og frv. breytt eftir því.

Ég sagði, að ég gerði ráð fyrir, að Kollafjarðarnes mundi seljast fyrir 50—60 þús. Ég geri ekki ráð fyrir, að Staðurinn eyjalaus seljist fyrir nærri svo mikið. Ég gæti hugsað, að hann seldist fyrir 30—40 þús. og eyjarnar fyrir annað eins, svo að upp úr þessu öllu hefðist eitthvað dálítið á annað hundrað þús. kr., kannske upp undir 150 þús. kr., upp í það hús, sem þá þarf að byggja á Hólmavík yfir prestinn.

Við leggjum þess vegna til, að frvgr. sé breytt og hún orðist eins og stendur á þskj. 364, þar sem taldar eru upp þessar þrjár fasteignir, sem metnar eru hver um sig fasteignamati, og það sé heimilt að selja þær allar eftir matsverði dómkvaddra manna, og ef þeir, sem eiga forkaupsrétt á þeim fyrir það, vilja ekki sæta því, þá séu þær seldar þeim, sem hæst verð vill bjóða, og andvirðinu sé ráðstafað samkv. 7. gr. l. um prestaköll, og gerum við það af því, að það má deila um það, hvort allt andvirði Kollafjarðarness á að renna til prestsseturshúss á Hólmavík. Ef það þyrfti að byggja á Prestsbakka, þá væri eðlilegra, að Prestsbakki nyti einhvers af andvirðinu. Það kemur náttúrlega í sama stað niður, þar sem ríkissjóður kostar það, sem þetta ekki hrekkur til, á báðum stöðunum. Þess vegna skiptir það ekki máli, en til þess að vera vissir um að koma ekki þar með ágreining um það, hvernig andvirðinu er varið, þá settum við í gr., að því skyldi verja eftir 7. gr. l. um skipun prestakalla frá síðasta þingi. — *Afleiðingin af því, ef þessi breyt. okkar yrði samþ.*, yrði sú, að fyrirsögn frv. þyrfti að breytast, Ásmundareyjarnar bætast við.

Annað held ég ekki að ég þurfi að taka fram um málið. Það eru ýmis atriði í raun og veru, sem komið hafa fram við athugun þessa máls, þ. á m. það, að þessi tvö prestssetur hafa ekki verið endurmetin til afgjalds síðan 1920, og þó mæla l. svo fyrir, að það skuli endurmeta heimatekjur presta, þ. e. afgjald þeirra eftir jarðirnar, sem þeir nytja, á 10 ára fresti. Sýnir það, að þeir ráðherrar, sem setið hafa í kirkjumrn. síðan 1920, hafa ekki hugsað um að láta þetta fara fram. — Það kom líka annað í ljós við þessa athugun. Það er það, að prestarnir eru einu embættismennirnir, sem sitja við húsnæðiskjör, sem eru sérstök í lögum, þar sem ákveðið er, að presturinn skuli greiða 320 kr. á ári fyrir húsnæði. Á það hefur að vísu núna alveg nýlega verið lögð vísitala, svo að þeir greiða 3

sinnum það, 960 kr. Það er svipað og við í ríkisskattanefndinni metum ýmsum sýslumönnum og öðrum opinberum starfsmönnum á mánuði fyrir það húsnæði, sem þeir nota, meðan prestarnir eru látnir greiða þetta á ári. Í sömu l. er ákveðið, að ríkið skuli leggja til 12000 kr. til að byggja prestssetureshús. Nú hafa allir fundið, að sú upphæð var orðin of lítil, og svo hefur verið lagt í prestssetureshúsin miklu meira, líklega nokkurn veginn eins og þau hafa þurft oft og einatt. En hin talan, 320 kr., afgjaldið, sem 12000 kr. voru miðaðar við á sínum tíma, hefur alltaf verið látin halda sér og aldrei rukkuð af þeim hærri húsaleiga en 320 kr. á ári, með vísitölunni nú síðustu tvö árin, áður vísitölulaust, svo að ríkissjóður hefur leikið sér að því að fleygja frá sér tekjum þarna, bæði í afgjaldinu eftir húsin og eins afgjaldinu eftir jarðirnar, sem þeir búa á, þar sem þeir búa enn þá í sömu leigu og var 1920, þegar brauðamatið fór fram, þótt það sé í l. ákveðið, að það skuli endurnýjast og endurskoðast á 10 ára fresti. Þetta komumst við að raun um í n., þegar við fórum að athuga frv., og þar sem nú einn ráðh. er hér við, — það er að vísu ekki ráðh., sem þetta heyrir undir, — þá vildi ég gjarnan beina því til hæstv. ríkisstj. að athuga þessi mál. Þarfir ríkissjóðs eru vafalaust alveg nógar fyrir fé, þótt það sé ekki leikið sér að því að sleppa tekjum, sem ríkissjóði ber eftir lögum, eins og eftirgjaldi eftir prestssetrin, sem vafalaust mundi verða annað núna en það var 1920.

ATKVGR.
Brtt. 364,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 364,2 (við fyrirsögn bætist: ásamt Ásmundareyjum í Kaldrananeshreppi) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 387).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 387, n. 546).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur borizt landbn. frá Ed., og n. hefur rætt það nokkuð og hefur orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. með þeim breyt., að jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður verði seldar með því skilyrði, að þær verði gerðar að ættaróðulum, og enn fremur er því bætt inn í, að veitt verði heimild til sölu eyðijarðarinnar Kolgrafarsels.
Ég sé ekki ástæðu til þess — enda fáir áheyrendur — að fjölyrða um þetta frekar; þetta liggur svo augljóslega fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 546,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 546,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 581, 590).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Eins og d. er kunnugt, þá var vísað til n. frv. um sölu Grísarár í Hrafnagilshreppi, og jafnframt gat frsm. þess, að hann teldi æskilegt, ef landbn. vildi taka þessa jörð upp í frv. það, sem lá fyrir um sölu prestssetursjarða, Kollafjarðarness og Staðar í Steingrímsfirði, með fleiru. N. hefur orðið við þessum tilmælum, og eftir að hafa aflað sér upplýsinga um þessa jörð og fengið annað það, sem hún taldi sig þurfa, þá er n. sammála um þá brtt., sem er á þskj. 590 um það að taka þessa umræddu jörð upp í frv., og mælir með því við d., að hún samþ. þessa breyt.

ATKVGR.
Brtt. 590 samþ. með 17:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 635).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Landbn. hafði þetta mál til meðferðar hér, þegar það var áður í d. og afgreitt til Nd. Þar hefur það tekið ýmsum breyt. M. a. er þar komin ný jörð inn í, sem nokkur vafi mun leika á, hvort heppilegt er að verði seld svo umsvifalaust eða ekki,

og ég átti áðan tal við formann n., sem ekki er nú viðstaddur, og okkur kom saman um það, að það væri heppilegra, að n. kæmi saman til fundar og athugaði málið, áður en það væri afgreitt. Þar af leiðandi óska ég þess, að hæstv. forseti vilji nú fresta málinu.

Forseti (BSt): Samkv. ósk, sem ég skoða frá n., verður umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Ed., 30. jan., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 635, n. 664).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við höfum reynt í nál., þeir þrír nm., sem saman náðu, eftir að málið kom aftur frá Nd., að gera svo greinilega grein fyrir þeim breyt., sem á frv. urðu í Nd., að ég þarf litlu við að bæta. Það voru aðallega þrjár breytingar, sem á því voru gerðar þar.

Fyrsta breyt. var sú, að Kollafjarðarnes og Staður eiga að seljast með því skilyrði, að þær séu gerðar að ættaróðulum. Við höfum velt þessu fyrir okkur hér í nefndinni og settum þetta nú ekki inn í lögin, og það var af því, að það er ætlazt til, að andvirði þessara jarða renni til kirkjubygginga, eins og mælt er fyrir í lögunum um prestaköll, prestakallalögunum frá í fyrra, og þess vegna vildum við ekki láta verðið fyrir þær verða eins lágt og viðbúið er að það verði, þegar þær eru seldar með þeirri kvöð. Þó höfum við nú gengið inn á þetta og leggjum ekki til, að þessu sé breytt aftur og frv. þess vegna sent á milli deilda.

Þá hefur verið bætt inn í nýrri jörð, jörðinni Kolgrafarseli í Eyrarsveit. Þetta er ósköp lítil jörð, sem búin er að vera í eyði lengi. Hún hefur verið notuð af bóndanum á Grund í Eyrarsveit, sem Kristján heitir Þorleifsson. Hann er hættur að búa þar nú, en hefur jörðina enn þá í sinni umsjá gagnvart því opinbera, sem á jörðina. Hins vegar hefur hann leigt hana manni, sem býr á Kolgröfum, og það er hann, sem vill kaupa hana. Mér er tjáð, að þessi Kristján, sem að lögum á forkaupsréttinn, þar sem hann er ábúandi gagnvart því opinbera, vilji ekki nota forkaupsréttinn og mæli með því, að ábúandinn á Kolgröfum fái jörðina. Þess vegna mælir n. með því, að þessi breyt., sem þarna hefur verið sett inn, verði staðfest hér í d., en vill þó láta þess getið, að hún telur, að áður en hún verði seld bóndanum á Kolgröfum, sem heitir Ingvar, ef ég man rétt, sé gengið úr skugga um það, að þeir, sem eiga að lögum forkaupsrétt að jörðinni, vilji ekki nota hann.

Loks hefur svo verið bætt hér inn í Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði. Ég held, að það sé byggt á misskilningi, og eftir því sem mér hefur skilizt í samtali við þann mann, sem hefur mælzt til þess við n. í Nd., að þessi jörð væri tekin inn í frv., þá sættir hann sig mjög vel við, að hún falli hér út aftur. Það er þannig ástatt um Grísará, að það er jörð, sem er búin að vera í eyði mjög lengi og engin hús eru uppistandandi á. Hún liggur upp að Kroppi í Hrafnagilshreppi og hefur verið leigð bóndanum á Kroppi lengi. Davíð sálaði hafði hana, meðan hann bjó á Kroppi. Bæði Kropp og Grísará á ríkissjóður.

Nú hefur fengið Grísará leigða maður, sem ég ætla að heiti Hreiðar og ekki býr þar, því að hún er húsalaus, heldur mun hann búa í húsi, sem hann hefur byggt út undir Reykhúsum. Hann hefur fengið jörðina leigða til 7 ára, og hans leigutími rennur út vorið 1956. Samhliða því, sem hann hefur fengið jörðina leigða, þá hefur hann líka fengið leigðan part af Kroppsengjum. Bæði hann og bóndinn á Kroppi hafa sótt um að fá jarðirnar keyptar. Nú er það alveg ljóst, að til þess að þarna geti orðið tvö sómasamlega góð býli, þá þarf að skipta Kroppsengjunum og láta hluta af þeim fylgja Grísaránni og annan hlutann áfram Kroppi. Við leggjum þess vegna til, að þessi heimild til sölu á jörðinni Grísará sé tekin út úr frv. núna, en það verði af ríkisstj. lagt fyrir landnámsstjóra að athuga, hvernig Kroppsengjarnar eigi að skiptast á milli þessara jarða, og þá hafa þessir menn báðir, sem eru ábúendur á jörðunum, möguleika til að kaupa þær á eftir með fasteignamatsverði, sem þó þarf að koma á þann part sérstaklega, sem metinn verður frá Kroppi og undir Grísarána. N. leggur því til, að það séu samþ. breyt. við frv., sem ganga út á það að fella niður heimildina til þess að selja Grísará, en láta frv. að öðru leyti standa. Og ég held, að það sé óhætt að fullyrða það alveg hiklaust, að 2. þm. Eyf., sem mun hafa komið þessu inn í Nd., af því að hann áttaði sig ekki til fulls á því, hvernig málið lá, sé hæstánægður með það.

ATKVGR.

Brtt. 664 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 690).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Samkvæmt till. hv. landbn. í þessari d. og eftir tilmælum mínum var tekin inn í frv. þetta, þegar það var síðast hér til meðferðar, heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja, auk þessara jarða, sem hér eru tilgreindar, einnig jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu núverandi ábúanda hennar. Orsök þess, að ég bar fram frv. hér í hv. d. um heimild til að selja þessa jörð, var sú, að á því virtist leika nokkur vafi, hvort heimilt væri eftir gildandi lögum að selja ábúanda þessarar jarðar jörð sína, þar eð hann bjó ekki á jörðinni sjálfur, þótt hann nytjaði hana, og þótti þess vegna óruggara að taka inn í l. sérstaka heimild til að selja þessa jörð.

Nú hefur hins vegar sú breyting verið gerð á þessu frv. í Ed., að jörðin Grísará hefur verið felld út úr frv. aftur. En því er jafnframt yfir lýst í nál. hv. landbn. í þeirri deild, að það sé

nú í athugun að selja umrædda jörð, ásamt jörðinni Kroppi, sem á nokkuð af engjum þeim, sem nytjaðar eru frá Grísará, og talið er nauðsynlegt, að þeim engjum verði skipt milli jarðanna. Með hliðsjón af þessu hefur landbn. þeirrar d. lagt til, að heimildin yrði felld út úr frv. aftur.

Ég sé ekki beinlínis ástæðu til, að fengnum þeim upplýsingum, sem eru í nál. hv. landbn. í þeirri d., og vegna ummæla, sem þar komu fram af hálfu hv. 1. þm. N-M., þegar frv. var þar til umr., að taka þessa heimild aftur upp í frv. hér, en vildi aðeins láta það koma fram hér í þessari hv. d., að ég flyt ekki brtt., í fullkomnu trausti þess, að það sé svo háttað sem hv. landbn. Ed. upplýsir, að þessi sala muni verða heimil og muni verða framkvæmd núna alveg á næstunni eftir ákvæðum l. um erfðaábúð og óðalsrétt, án þess að sérstök lagaheimild komi til. Og þar sem það er beinlínis fram tekið í nál. hv. landbn. Ed., að niðurfelling heimildarinnar úr frv. byggist eingöngu á þessu, þá vildi ég mega líta svo á, að í því fælist einnig fullkomin yfirlýsing þeirrar hv. d., að hún sé samþykk því, að þessi sala fari fram.

Ég vildi láta þetta koma fram við meðferð málsins, lokameðferð þess hér í þessari hv. d., að ég sé ekki ástæðu til að óska eftir, að jörðin Grísará verði tekin aftur inn í frv., í trausti þess, að sala jarðarinnar verði engu að síður talin heimil, svo sem upplýst hefur verið í hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 709).

31. Framkvæmdabanki Íslands.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var útbýtt:

Frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands [184. mál] (stjfrv., A. 427).

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Okkur er öllum ljóst, að það eru miklir möguleikar hér á Íslandi til margs konar framfara, en jafnframt sjáum við það daglega, að það eru mikil vandkvæði á því að útvega fjármagn til þess að notfæra sér þau gæði, sem landið býr yfir. Það er ekki hægt að fá fjármagn til þessa nema með tvennu móti. Annars vegar þannig, að landsmenn sjálfir leggi fjármagn til hliðar, sem hægt sé að nota til framkvæmda, og ýmist þá að menn noti fé sjálfir til framkvæmda fyrir sinn reikning eða þá að menn leggi það til hliðar og þá sé hægt að lána það öðrum. Hins vegar, að fjármagn fáist erlendis til þess að standa undir kostnaði við framfarirnar.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er stungið upp á, að stofnaður verði Framkvæmdabanki Íslands. Þeirri stofnun er ætlað tvennt aðallega: Að hafa forgöngu um að útvega fé, sem gæti orðið fest til langs tíma innanlands eða utan, og á hinn bóginn að hafa nokkra forustu um fjárfestingarmálin, þannig að stofnunin kynni sér þær áætlanir, sem landsmenn hafa um framkvæmdir, og leiðbeini eða verði til ráðuneytis stjórnarvöldunum og öðrum þeim, sem við sögu koma, þegar hrinda þarf hinum meiri háttar áætlunum í framkvæmd, verði þeim til ráðuneytis um það, hvaða verkefni sé rétt að láta sitja fyrir, og annað, sem máli skiptir um fjármálahliðina.

Það er gert ráð fyrir því, að bankinn fái sem stofnfé fyrst og fremst mótvirðissjóðinn, sem safnazt hefur hér á undanförnum árum, bæði þann hluta hans, sem þegar er orðinn að útlánafé, og einnig hinn hlutann, sem ekki hefur enn þá verið lánaður út beinlínis. En um þann hluta, sem ekki hefur enn þá verið lánaður út beinlínis, er þó það að segja, að hann hefur í raun og veru verið lánaður út óbeinlínis, að því leyti sem hann stendur undir útlánum seðlabankans. Er því gert ráð fyrir því, að þessi hluti mótvirðissjóðsins, sem ekki hefur verið lánaður út beinlínis innanlands, heldur óbeinlínis, verði færður yfir til Framkvæmdabankans úr seðlabankanum á 25 árum og komi þannig til ráðstöfunar fyrir Framkvæmdabankann smátt og smátt, eftir því sem seðlabankinn skilar honum. Að vísu er svo til orða tekið í frv., að mótvirðissjóðurinn sé færður yfir í Framkvæmdabankann strax og lögin taka gildi, og er það að því leyti til alveg rétt, að formlega á að færa hann yfir strax, en raunverulega getur ekki fjármagninu orðið skilað nema smátt og smátt, vegna þess að það hefur þegar í raun réttri verið fest í seðlabankanum. Þó er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að seðlabankinn greiði strax Framkvæmdabankanum vexti af mótvirðissjóðnum, sem þar stendur hjá honum, og er ráðgert, að bankarnir semji um vaxtakjörin. Hefur ekki þótt viðeigandi að setja föst ákvæði um það í frv., hversu mikla vexti skuli greiða, heldur hitt réttara, að um það verði samningar á milli bankanna.

Í sambandi við þetta mál mundi kannske vakna sú spurning hjá ýmsum, hvort það sé í sjálfu sér þörf á því að setja á fót nýja stofnun, hvort ekki hefði verið hægt að fela þessa forustu um fjárfestingarmálin einhverri stofnun, sem fyrir er, t. d. Landsbankanum. Því er til að svara m. a., að allir þeir, sem hafa fjallað um undirbúning þessa máls, og þeir eru nú orðnir æði margir, því að málið er búið að vera lengi í undirbúningi, 2 ár a. m. k., bæði þeir, sem fjallað hafa um hann hér, í ríkisstj. og milliþn. í bankamálum og aðrir þeir, sem kvaddir hafa verið til hérlendis, og eins hinir, sem kvaddir hafa verið til ráðuneytis erlendra manna, hafa allir verið sammála um, að það væri einsýnt að hafa þessa forustu um fjárfestingarmálin í sérstakri stofnun, en fela hana ekki t. d. seðlabankanum eða neinum banka, sem fyrir er, aðallega með þeim rökum, að ekki sé skynsamlegt eða hyggilegt að hafa í sömu stofnun lánastarfsemi bæði til langs tíma, þ. e. a. s. fjárfestingarlánastarfsemi, og einnig lánastarfsemi til rekstrarlána. Það sé mjög áríðandi að halda þessu tvennu

aðskildu, vegna þess m. a., að það má ekki festa í löngum lánum annað fé en það, sem er fest til langs tíma í þeirri stofnun, sem lánar það. En ef í einni og sömu stofnuninni er blandað saman bæði rekstrarfjárlánaveitingum og lánveitingum til fjárfestingarframkvæmda, þá sé hætt við því, að menn stígi út af þeim vegi, sem menn verða að halda sig á í þessum efnum, ef vel á að fara, og þessi verkefni blandist saman í framkvæmd, þannig að hættulegt geti orðið fyrir fjárhagskerfið. Geti svo farið, að menn fari að lána til langs tíma fé, sem raunverulega er aðeins bundið til stutts tíma, og sett þar með allt fjárhagskerfið úr skorðum. Þess vegna er nú orðið víðast hvar meiri og meiri áherzla lögð á það að skipta þessum verkefnum niður, þannig að út af fyrir sig sé haldið lánastarfsemi til langs tíma og út af fyrir sig þeirri venjulegu bankalánastarfsemi, sem aðallega lýtur að því að lána styttri lán til rekstrar.

Það er enginn vafi á því, að forustan í fjárfestingarmálum hjá okkur hefur verið nokkuð í molum, ýmsar áætlanir ekki hlotið þann undirbúning sem skyldi og tæpast verið lögð eins mikil alúð við það að velja eða raða verkefnunum og ástæða væri til, ekki sízt þegar þess er gætt, að hér er alltaf á ferðinni miklu meira af áætlunum en hægt er að framkvæma, eins og eðlilegt er, þar sem framtíðarmöguleikarnir eru miklir, en fjármagnið og getan takmörkuð. Menn hafa fundið þetta talsvert greinilega undanfarið, og það er ein ástæðan til þess, að farið hefur verið á stað með að undirbúa þá stofnun, sem frv. þetta fjallar um.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að fyrir nokkrum árum var stofnaður alþjóðabanki, og er Ísland þátttakandi. Mjög mörg ríki taka þátt í alþjóðabankanum eða eiga hann sameiginlega. Þessum alþjóðabanka er ætlað að hafa með höndum fjárfestingarlánastarfsemi landa á milli. Hann aflar fjár þar sem fjármagn er að fá, þar sem svo mikið fjármagn er, að fé er afgangs og því hægt að selja þar skuldabréf bankans, og bankinn lánar féð aftur öðrum þjóðum, þar sem minna er um fjármagn, en margt ógert. Þessi banki hefur nú þegar starfað mjög mikið, veitt mörg og stór lán í mörg lönd og orðið að miklu gagni fyrir ýmsar þjóðir, sem að honum standa. Þessi banki er mjög vaxandi stofnun, og er nú svo komið, að flest lán, sem lánuð eru úr einu landi í annað, eru lánuð í gegnum þennan banka. Það er orðið minna um það núna eftir stríðið en áður, að eitt land láni öðru beint. Það eru mjög fá lönd, sem lána þannig. Ísland hefur haft nokkurt samband við þennan banka, enda erum við þátttakendur í honum, eins og ég gat um áðan. Við höfum rætt þessi fjárfestingarmálefni Íslands og fjáröflun til framkvæmda oft og ýtarlega við þessa stofnun. Þeir sendu hingað fyrir hálfu öðru ári hagfræðing af sinni hendi til þess að kynna sér allar ástæður hér. Þeir hafa þann hátt á, að sé sótt um lán, þá senda þeir í það land nefnd manna til þess að kynna sér allt ástandið. Þeir sendu nú hingað aðeins einn hagfræðing. Hann dvaldi hér nokkurn tíma og hafði samband við stjórnarvöld og fjölmarga aðra, og það kom upp einmitt í þeim viðræðum, sem hann átti hér við menn, hugmynd um að koma hér upp nýrri fjárfestingarstofnun eða nýjum fjárfestingarbanka. Síðan hefur verið unnið að framgangi þessarar hugmyndar í samvinnu við Alþjóðabankann. Bankinn sendi síðar hingað einn af sínum fremstu mönnum, höfuðgjaldkera sinn, sem er hollenzkur bankamaður, fyrir um það bil ári, og hann íhugaði þetta mál nánar með okkur og gerði um það till., og eins og segir í grg. þessa frv., þá er mjög stuðzt við þær till. við samningu þessa frv., en frv. má heita samið af milliþn. í bankamálum, þó að því hafi verið breytt í einstökum atriðum af ríkisstj.

Í ýmsum löndum hafa nú á síðustu árum verið stofnaðir bankar hliðstæðir þessum, og hafa þeir fengið nokkuð svipuð verkefni og hér er ráð fyrir gert og síðan haft samband við Alþjóðabankann. Hugmyndin er, eins og frv. ber með sér, sú, að í stað þess, að fram að þessu hefur ríkissjóður sjálfur verið lántakandi, þegar lán hafa verið tekin til fjárfestingarframkvæmda erlendis, þá verði framvegis meira hnigið að því ráði, að það verði þessi banki, sem verði lántakandi og snúi sér þá náttúrlega fyrst og fremst til Alþjóðabankans til þess að fá þar erlent fjármagn í þau fyrirtæki, sem mest áherzla er lögð á hverju sinni að koma í framkvæmd. Alþjóðabankinn lánar að vísu aldrei nema fyrir erlendum kostnaði fyrirtækjanna, en þá yrði það hlutverk þessa banka að reyna að útvega fé hjá Alþjóðabankanum til slíkra framkvæmda að nokkru leyti og útvega svo innanlands, eftir því sem mögulegt væri, fjármagn til þess að leggja á móti því erlenda lánsfé, sem hægt væri að fá.

Það er gert ráð fyrir því, að hv. Alþingi kjósi 3 fulltrúa í stjórn bankans, en fjmrn. hafi þar einn fulltrúa, þ. e. a. s. skrifstofustjóri þess sitji í stjórninni, og seðlabankinn einn fulltrúa. Fram að þessu hefur útvegun erlends fjármagns til fyrirtækja verið í höndum fjmrn., og þótti rétt að tengja bankann við framkvæmdavaldið á þann hátt að hafa þarna skrifstofustjóra fjmrn. sem fastan mann í stjórn bankans og hafa svo einn mann frá seðlabankanum til þess að tryggja það, að alltaf væri hægt að heyra skoðanir seðlabankans um fjárfestingarlánveitingar, og tryggja hæfilegt samband og samvinnu á milli þessa banka og seðlabankans. Meiri hlutinn væri hins vegar valinn af hv. Alþingi.

Ég hygg, að ég hafi þá tekið fram höfuðatriði málsins og geti að öðru leyti vísað til grg. Ég skal að lokum geta þess, að það hefur verið haft samband við stjórn Landsbankans um þetta mál, og gerði hún við það eina aðalathugasemd, sem tekin var til greina.

Ég vil svo leyfa mér að lokum að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni umr., en vildi beina því til n. að hraða störfum, vegna þess að ætlunin er, að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, n. 540 og 543).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þessu frv. var vísað til fjhn. 12. des. s. l. Ég get þó ekki viðurkennt, að afgreiðsla þess hafi dregizt um skör fram, einkum þegar þess er gætt, að þriggja vikna þinghlé var gefið fyrir jólin. Auk þess er hér um allumfangsmikið mál að ræða og nýmæli, sem nm. þurftu eðlilega nokkurn tíma til að athuga. Hefur n. rætt málið á mörgum fundum og varið til þess löngum tíma. N. hefur sent bönkunum og fleiri aðilum frv. til umsagnar, og mun ég síðar víkja að svörunum.

Eins og nál. meiri hl. á þskj. 540 og minni hl. á þskj. 543 bera með sér, klofnaði n. um málið. Hv. 1. landsk. þm. (BrB) telur þessa bankastofnun óþarfa og leggur til, að frv. verði vísað frá með þeim forsendum. Við hinir fjórir nm., sem skrifuðum undir nál. meiri hl. á þskj. 540, leggjum hins vegar til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. Hv. þm. Barð. skrifar þó undir nál. með fyrirvara, sem hann gerir sjálfsagt grein fyrir.

Það er eðlilegt, að menn leggi fyrst þá spurningu fyrir sig viðvíkjandi þessu máli, hvort þörf sé á þessari bankastofnun. Því svarar hv. minni hl. neitandi. Og víst er um það, að ýmsum hafa þótt bankar nógu margir hér á landi. En þegar frv. það, sem hér liggur fyrir, er athugað og málið í heild, þá verður augljóst, að Framkvæmdabankanum er ætlað alveg sérstakt verkefni og ólíkt starfi annarra banka landsins eins og það hefur verið og er. Má jafnvel segja, að stofnun sú, sem ráðgerð er í frv., þyrfti ekki endilega að heita banki, þó að mönnum hafi ekki dottið annað heppilegra nafn í hug. Í þessu sambandi má benda á, að bankanum er ætlað að vera í sambandi við Landsbankann, þannig að Landsbankinn annist afgreiðslu og bókhald fyrir hann. Sýnir það meðal annars sérstöðu hans.

Ef Framkvæmdabankinn verður stofnaður samkv. þessu frv., verða höfuðverkefni hans tvenns konar og bæði töluvert ólík þeirri bankastarfsemi, sem tíðkast hér á landi og víðast hvar. Í fyrsta lagi er honum ætlað að taka við ýmsum störfum, sem fjmrn. hefur nú með höndum. Má þar fyrst nefna stjórn mótvirðissjóðs, einkum þegar til þess kemur, að lán þau, sem hafa verið veitt úr honum, fara að greiðast aftur og það fé, sem þannig kemur inn, verður lánað á ný samkv. þeirri samþykkt, sem Alþ. hefur þegar gert um það efni. Er lítt hugsandi að láta rn. annast slíka lánastarfsemi. Í annan stað er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn taki við umsjá ýmissa lána, sem ríkið hefur tekið í útlöndum og endurlánað innanlands. Munu lán þessi nema yfir 200 millj. kr. Hygg ég, að vart muni dæmi þess, að nokkurt ríki hafi gengið tiltölulega jafnlangt inn á þá braut, sem hér er gengið eftir. Er alveg fráleitt, að mér finnst, að eitt rn. fáist við slíka starfsemi. Það er þá um leið orðið eins konar bankastarfsemi, sem ráðuneyti eru ekki vön að hafa með höndum.

Annað höfuðverkefni bankans er ætlazt til að verði að afla lánsfjár til langs tíma, innanlands eða utan, og lána það aftur sem stofnlán til ýmissa þjóðþrifafyrirtækja. Ef til vill mætti segja, að þeir bankar, sem fyrir eru í landinu, gætu annazt þessa starfsemi. Við tvo þeirra starfa og stofnlánadeildir, sem lána til langs tíma, í Búnaðarbankanum Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður, og svo er stofnlánadeild sjávarútvegsins. En ríkissjóður hefur orðið að leggja stofnlánadeildum þessum til stofnfé og starfsfé þeirra beint og óbeint. Þá má og nefna veðdeild Landsbankans, sem byggir starf sitt á vaxtabréfasölu og einnig lánar fé til langs tíma. En starfsemi hennar er tiltölulega lítil nú, sem stafar, að því er ég hygg, af sölutregðu á bréfunum. Að öðru leyti starfa bankarnir að mestu leyti með sparisjóðsfé, og svo Landsbankinn með þeim seðlum, sem hann hefur rétt til að gefa út. En sparifé er nú þannig, að það má ýmist taka það út fyrirvaralaust með öllu eða í hæsta lagi með sex mánaða fyrirvara, og er það ekki fallið til að verja því til stofnlána eða lána um lengri tíma, þótt slíkt hafi raunar oft verið gert af nauðsyn og sennilega meira en varlegt verður að telja.

Okkur Íslendinga vantar enn mikið fjármagn til fjölmargra nauðsynlegra framkvæmda, þó að miklar framfarir hafi átt sér stað á síðustu áratugum. Þetta fjármagn, sem svo brýn þörf er á til langs tíma, getur ekki komið nema eftir tveimur leiðum, í fyrsta lagi, að þjóðin spari saman fé og fáist þá til að geyma það um lengri tíma í lánsstofnunum, og í öðru lagi með lánsfjáröflun frá útlöndum. Framkvæmdabankanum, ef hann verður stofnaður, er ætlað að vinna að útvegun fjármagns eftir báðum þessum leiðum, annars vegar með skuldabréfasölu og á annan hátt innanlands og hins vegar með lántökum erlendis. Ef vel tækist til um þetta, mundi bankinn þannig leysa ríkið af hólmi um lántökur til eins og annars, sem ekki er sjálfum ríkisrekstrinum viðkomandi, og losa þing og stjórn að miklu eða helzt öllu leyti við hið dæmalausa kvabb um lánsfjárútvegun til ýmissa framkvæmda, sem nú á sér stað. Ég segi dæmalausa, því að það mun hvergi tíðkast nema hér, að sjálf ríkisstj. þurfi t. d. að ganga í það að útvega smálán til ýmissa aðila og verði svo fyrir sífelldum áróðri í því efni af einstaklingum, stofnunum, sveitar- og bæjarstjórnum og fulltrúum á þingi þjóðarinnar. Ef Framkvæmdabankinn verður settur á stofn og ef honum tekst að rækja það hlutverk, sem honum er ætlað, þá eiga þessir aðilar að geta snúið sér beint til bankans með lánbeiðnir eða þá til þeirra lánsstofnana, sem bankinn hefur útvegað fé í því skyni, og mundi það verða tíðara, — við skulum segja eins og til hafnargerða og annarra slíkra framkvæmda, — og það án þess að áróður frá sjálfri ríkisstj. þurfi að koma til, að slík lán fáist, ef um heilbrigt fyrirtæki er að ræða.

Að því er útlent fjármagn snertir, þá er gert ráð fyrir, að það verði Alþjóðabankinn, sem muni frekast lána til þessarar stofnunar, sem hér um ræðir, því að peningaviðskipti milli þjóða eru mjög að breytast á þann veg, að Alþjóða-

bankinn lánar til einstakra þjóða, og þeir, sem hafa fé aflögu til þess að lána öðrum þjóðum, lána það ekki beint, heldur leggja það í Alþjóðabankann.

Eins og ég sagði áðan, sendi fjhn. bönkunum frv. þetta til umsagnar. Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn leggja ekkert til þessa máls. En Landsbankinn hefur sent n. álit um málið, sem hann hafði áður sent viðskmrh. Er það álit bankans prentað sem fskj. með nál. hv. minni hl. á þskj. 543. Að vísu segir Landsbankinn ekki beinlínis neitt um það, hvort hann mæli með eða móti, að Framkvæmdabankinn verði stofnaður, en þar sem hann ekki mælir á móti því og þar sem hann ber fram ýmsar brtt. við það frv., sem lá fyrir frá mþn., og sumar og jafnvel þær, sem Landsbankinn lagði mesta áherzlu á, hafa verið teknar til greina, þá má líta svo á, að Landsbankinn, eða meiri hluti stjórnar hans, sé því fremur meðmæltur, að þessi stofnun verði sett á fót. Sérstöðu hefur einn af bankastjórunum, Jón Árnason, og er álit hans einnig prentað sem fskj. með þessu sama nál. Hann telur nú, að Landsbankinn geti annazt þessi störf, og eins kemur hann fram með kenningu viðvíkjandi mótvirðissjóðnum, sem ekki hefur mikið verið á orði hingað til, en er að sjálfsögðu til athugunar. Skal ég ekki fara lengra út í þau atriði, sízt fyrr en minni hl. hefur þá gert nánari grein fyrir sínu áliti.

Þá leitaði n. einnig umsagnar fjárhagsráðs, og svaraði það með bréfi, dags. 16. des. s. l., og er það svo hljóðandi:

„Fjárhagsráð hefur móttekið bréf fjhn. Ed. Alþingis, dags. 13. des. s. l., þar sem óskað er umsagnar ráðsins um frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands og óskað eftir svari við því fyrir mánudagskvöld 15. des. Fjárhagsráð hefur að sjálfsögðu enga möguleika á að kanna frv. vandlega á svo skömmum tíma og telur sér því ekki fært að láta í ljós rökstutt álit um það, en við fljótan yfirlestur sér það ekki neitt við það í frv. að athuga, sem varðar fjárfestingarmál og önnur því skyld atriði."

Undirskrifað af Magnúsi Jónssyni, formanni fjárhagsráðs.

Efni frv., sem hér liggur fyrir, sé ég ekki ástæðu til að rekja í einstökum atriðum, en læt nægja í því efni að vísa til hinnar ýtarlegu grg., sem fylgir frv. á þskj. 427, svo og til nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 540, þar sem einnig er gerð nokkur grein fyrir efni frv. Ég skal þó taka fram í þessu sambandi, að sumum nm. þótti ákvæði 8. gr. frv. nokkuð óljós, en þar er svo kveðið á:

„Fé það úr mótvirðissjóði, er bankinn fær til eignar samkvæmt 1. tölul. 3. gr., svo og fé það, er hann fær til ráðstöfunar samkvæmt 4. gr., skal bankinn lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært, ásamt vaxtatekjum af því, en að frádregnum hlutfallslegum kostnaði við rekstur bankans."

Er efni greinarinnar í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis, sem fram kom í þál. frá 17. jan. 1952. Það, sem einkum þótti orka tvímælis í greininni, var, hvað átt væri við með orðunum: „til framkvæmda í þágu landbúnaðarins". Ég fyrir mitt leyti tel engan vafa á, að átt sé við hvers konar framkvæmdir, sem gerðar eru í þágu landbúnaðar og bænda, þótt þær séu ekki landbúnaður í þrengstu merkingu. Þar með tel ég t. d. raforkuveitur um sveitir landsins og rafstöðvar, sem sérstaklega er komið upp vegna sveitanna. Er ég og sannfærður um, að fátt eða ekkert er nú landbúnaðinum og bændum landsins meiri nauðsyn en að fá rafmagn í sveitirnar. Ég veit ekki betur en að öll n. sé mér sammála um skilning á þessari grein, og virðist mér hann svo auðsær, að ekki þurfi breytinga við til skýringa. Væri hins vegar svo, að aðrir hefðu annan skilning á þessu, t. d. þann, að aðeins væri átt við landbúnað í allra þrengstu merkingu, svo sem jarðrækt og húsabyggingar í sveitum, þá þyrfti það að koma fram nú þegar, svo að hægt væri að bera fram brtt. til skýringar við 3. umr.

Ég skal nú víkja að þeim brtt., sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á frv.

1. brtt. er við 3. gr. og er um það að fella niður ákvæði um, að ríkissjóður afhendi bankanum sem stofnfé m. a. hlutabréf í raftækjaverksmiðjunni 50 þús. kr. og í Eimskipafélagi Íslands 100 þús. kr. En þá verður heildarupphæð stofnfjárins að lækka samkv. því um 150 þús. kr., eða í 101 millj. kr. Skiptir þetta ekki miklu fyrir bankann, þó að stofnfé lækki um svo litla upphæð. Hins vegar fannst sumum nm. og þar á meðal mér leiðinlegt að afhenda hlutabréf ríkisins í Eimskipafélagi Íslands, er ríkið hefur átt svo lengi, og er þessi till. þess vegna borin fram, en þá þótti ekki lengur taka því eða skipta máli að afhenda 50 þús. kr. hlutabréfin í raftækjaverksmiðjunni. Er því ekki hér um önnur hlutabréf að ræða samkv. till. n. en í áburðarverksmiðjunni, 6 millj. kr.

Önnur brtt. n. í tveimur stafliðum er borin fram út af því, að ef til vill mætti skilja orðalag 4. gr. frv. svo, að þar sé beinlínis verið að gera ráð fyrir nýrri efnahagsaðstoð í sambandi við efnahagssamvinnu vestrænna þjóða. Þetta kann meiri hl. n. ekki við og telur ekki viðeigandi. Brtt. tekur því af öll tvímæli um það, að aðeins sé átt við það fé, sem nú er í mótvirðissjóði eða í hann kemur vegna efnahagsaðstoðar, sem þegar hefur verið látin í té.

Þriðja brtt. er nánast orðabreyt., þannig að í stað orðsins „stuðning" í 8. tölul. 7. gr. komi: „fyrirgreiðslu". Telur meiri hl. þetta betra orðalag og auk þess kynni orðið „stuðning" að valda þeim misskilningi, að jafnvel væri átt við styrk. En það var aldrei meiningin.

Fjórða brtt. meiri hl. er eins konar málamiðlun. Innan meiri hlutans kom fram óánægja með það ákvæði 9. gr. frv., að fjmrh. væri heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkisstj. allt að 100 millj. kr. fyrir bankann til lántöku erlendis. Vildi einn hv. nm. fella þetta ákvæði niður og til slíkrar ábyrgðar þyrfti samþykki Alþ. hverju sinni eða lög eins og nú á sér stað t. d. um Landsbankann og aðrar stofnanir. Varð þá að samkomulagi, a. m. k. milli 3 nm., að lækka þessa upphæð í 80 millj. kr.,

en ekki veit ég, hvort það fullnægir þeim hv. nm., sem vildi fella ákvæðið alveg niður. Ég fyrir mitt leyti tel — og a. m. k. 3 nm. líta eins á — að bankinn þurfi að hafa slíka fasta lántökuheimild erlendis, ef hann á að hafa þá forgöngu um útvegun erlends lánsfjár, sem til er ætlazt. Hitt væri stirt og óþægilegt, að þurfa að leita sérstakrar lagaheimildar í hvert sinn. En hvort þessi fasta heimild er 100 millj. kr., eins og stendur í frv., eða 80 millj. kr., held ég að ekki sé svo þýðingarmikið, að ekki sé vinnandi til samkomulags að fallast á lægri upphæðina. Jafnvel þótt þessi heimild væri felld niður úr frv., hygg ég, að öryggi ríkissjóðs ykist ekki mjög mikið við það. Ríkisstj. hefur rétt til að gefa út brbl., og það hefur oft komið fyrir, að hún hefur veitt sjálfri sér heimild til lántöku og ábyrgðar fyrir hönd ríkissjóðs með því móti, og þótt slíkt geti virzt vafasamt frá þingræðislegu sjónarmiði, þá er þó reynslan sú, að Alþ. hefur jafnan staðfest þær aðgerðir á eftir. Svo mundi enn vafalaust fara, þó að þetta ákvæði væri fellt niður. Það mundi sjálfsagt koma að því, að bankinn þyrfti ríkisábyrgð milli þinga og stjórnin þá veita honum hana með brbl. Og hvað væri þá unnið, að því er tryggingu fyrir ríkissjóð snertir? Hins vegar væri slíkt fyrirkomulag þyngra í vöfum, og ég get jafnvel vel hugsað mér það, að það gæti rýrt lánstraust bankans erlendis, eða hjá Alþjóðabankanum, ef hann þyrfti sífellt að eiga undir högg að sækja að fá lagaheimild til hverrar lántöku.

Fimmta brtt. meiri hlutans, við 14. gr. frv., er einnig eins konar miðlun. Nokkur ágreiningur var innan meiri hlutans um skipun bankaráðsins, og náðist fullt samkomulag um þessa tilhögun, sem lagt er til með brtt. Breyt. er einungis í því fólgin, að allir hinir kosnu bankaráðsmenn skuli frá upphafi kosnir til jafnlangs tíma, eða 6 ára, í stað þess að frv. gerir ráð fyrir, að fulltrúi seðlabankans sé í fyrsta sinn kosinn til 3 ára. Þetta ákvæði frv. mun hafa átt að tryggja það, að aldrei væri skipt um alla hina kosnu bankaráðsmenn í einu. Meiri hl. n. viðurkennir að vísu, að slíkt mundi vera óheppilegt, a. m. k. ef engin sérstök ástæða væri til skipta. Hins vegar telur hann þó ekki þörf á að fyrirbyggja þetta beinlínis með l. Reynslan hefur margoft sýnt, að menn eru mjög oft endurkosnir í slíkar stöður eins og bankaráðsstöður og því lítil sem engin hætta á, að skipt yrði um alla hina kosnu bankaráðsmenn í einu, þótt kjörtími þeirra sé jafnlangur og þeir allir kosnir í einu frá upphafi.

Ég þarf svo ekki að orðlengja þetta frekar. Um till. hv. minni hl. um að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá skal ég ekki frekar ræða, fyrr en þá ef til vill þegar hann hefur gert grein fyrir sinni afstöðu. Brtt. aðrar en frá meiri hl. hafa ekki komið fram og því ekki um þær að ræða. Ég endurtek því, að það er till. meiri hl. n., að frv. sé samþ. með þeim brtt., er greinir á þskj. 540.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl., hv. 1. þm. Eyf., sagði í sinni ræðu, hefur fjhn. klofnað um mál þetta. Meiri hl. vill láta samþ. frv., en ég legg til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Við fyrstu sýn virðist frv. þetta næsta furðulegt plagg. Það á að stofna nýjan banka með mjög viðtækum verkefnum við hliðina á þeim fjórum bönkum, sem fyrir eru í landinu. Auk þess á þessi banki að taka að sér það hlutverk, sem fjárhagsráð var á sínum tíma, sællar minningar, stofnað til þess að rækja. Ýmsum mun virðast, að þenslan í opinberum rekstri sé nú orðin ærin, þó að ekki sé bætt við nýju, umfangsmiklu bákni eins og þessum nýja banka. Það mun ýmsum finnast, að ríkisbáknið sé orðið nægilega kostnaðarsamur baggi á þjóðinni, þó að allt þetta bætist ekki ofan á.

En þegar frv. er athugað nánar, þá koma þó enn þá undarlegri hlutir í ljós. Stofnfé bankans skal vera, samkv. 3. gr. frv., skuldabréf fyrir lánum úr mótvirðissjóði og hlutabréf ríkisins í þremur fyrirtækjum, áburðarverksmiðjunni, raftækjaverksmiðjunni og Eimskipafélagi Íslands. Sá hluti af fé mótvirðissjóðs, sem ekki er notaður til Sogs- og Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar, skal svo afhentur bankanum til umráða á 25 árum auk vaxta af þessu fé. Allt handbært fé bankans skal geymt í Landsbankanum, og hann skal annast öll afgreiðslustörf fyrir hinn væntanlega Framkvæmdabanka. M. ö. o., hlutverk bankans er ráðstöfun á fé, sem nú er í vörzlu annarra banka og verður geymt þar áfram, fé, sem sérstaklega er ætlað til stofnlána og til fjárfestingar yfirleitt. Spurningin er þá: Hvað verður um aðra sjóði, sem ætlaðir eru til stofnlána, svo sem fiskveiðasjóðinn og ræktunarsjóðinn? Samkv. 21. gr. frv. á Framkvæmdabankinn að hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila, sem hafa fjárfestingarmál með höndum. Það er þess vegna auðséð, að honum er líka ætlað að ráðskast með fé þessara sjóða, enda er það í samræmi við aðalhlutverk bankans samkv. frv., að hafa yfirstjórn yfir allri fjárfestingu í landinu. Það er því ekki neitt smáræðis vald, sem þessum banka er fengið í hendur. Hann á að drottna yfir sameiginlegum fjármunum þjóðarinnar og er þar með fengið algert drottnunarvald í efnahagsmálum Íslands.

Hvers konar stofnun er svo þessi banki, sem fær þetta mikla vald í hendur? Þegar frv. er athugað, þá sést, að stofnunin er í rauninni einn maður, bankastjórinn, og utan um hann er svo 5 manna bankaráð. En enda þótt allt þetta mikla vald eigi að afhendast einum manni, þá er engin hætta á því, að ekki hlaðist fljótlega utan á hann gífurlegt skrifstofubákn. Það getur maður ímyndað sér, þegar athuguð eru verkefni hins undarlega banka, eins og þau eru ákveðin í 7. gr. Bankinn á ekki aðeins að veita lán til langs tíma og vera ríkisstj. til ráðuneytis í fjárfestingarmálum, eins og það er orðað í frv., heldur og að verzla með verðbréf og hlutabréf, sem gæti með tímanum orðið allumfangsmikið brask. Hann á að afla lánsfjár erlendis. Hann á að vasast í framkvæmdum einkaaðila. Hann á að annast rannsókn varðandi fjárfestingarþörf atvinnuveganna, og hann á að greiða fyrir nýjungum í

atvinnurekstri, svo að það er ekkert smáræði, sem á að gera í þessari stofnun. Yfirleitt er bankanum ætlað að taka að sér öll meginverkefni fjárhagsráðs. En það er hins vegar aldeilis ekki meiningin að leggja fjárhagsráð niður. Til þess að forðast allan misskilning er það skýrt tekið fram í grg. frv. Þar er svo skemmtilega komizt að orði, að fjárhagsráði sé ætlað að stjórna fjárfestingunni í smáatriðum. Það er væntanlega smáatriði að leggja höft á framkvæmdir einstaklinga, sem verið hefur nú eitt af tímafrekustu störfum fjárhagsráðs til þessa. Ekki veit ég, hvernig þjóðin hefur komizt af, á meðan hún hafði hvorki fjárhagsráð né Framkvæmdabanka. Nú dugir hvorki meira né minna en tvær miklar stofnanir í þessu litla, fátæka landi til þess að stjórna fjárfestingunni, aðra í smáatriðum, hina í stórum atriðum, og einhverjir fá þá væntanlega atvinnu við bréfaskipti milli þessara voldugu stofnana. Nú er ekki verið að horfa í kostnaðinn af opinberum rekstri, og ekki þykja álögurnar á almenning enn of miklar.

Þá er spurningin: Hver er tilgangurinn með þessu öllu saman? Um það gefur grg. raunar nokkurn veginn fullnægjandi upplýsingar, þótt í stuttu máli sé. Efni frv. er samið af gjaldkera Alþjóðabankans og svo þýtt og fært í íslenzkan búning af bankamálanefnd, enda þótti mikils við þurfa að gefa bankanum fínt nafn á ensku, því máli, sem Bandaríkjamenn skilja. Frv. er sem sagt komið frá Alþjóðabankanum, stofnun, sem er undir bandarískum yfirráðum. Hér er því um bein erlend tilmæli — eða kannske réttara sagt erlend fyrirmæli að ræða. Rökin, sem hinir erlendu fjármálamenn færa fyrir þessum fyrirmælum sínum, eru einnig tekin fram í grg. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess má geta, að á síðustu árum hafa í náinni samvinnu við Alþjóðabankann risið upp bankar svipaðs eðlis í öðrum löndum. Ástæða þessarar samvinnu er m. a. sú, að óhægt er fyrir stofnun eins og Alþjóðabankann að lána fé í framkvæmdir, sem á hans mælikvarða eru smávaxnar, eins og t. d. flestar framkvæmdir í landbúnaði. Kýs hann því heldur að lána slíkt fé fyrir milligöngu stofnunar, sem getur rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda."

Hér er ekkert um að villast. Alþjóðabankinn treystir ekki þeim stofnunum, sem fyrir eru í landinu, til þess að rækja það hlutverk, sem hann „annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda", eins og stendur orðrétt í grg. Þess vegna á að fela allt þetta mikla vald í rauninni einum manni, sem hinir erlendu fjármálamenn telja sig geta treyst sem fullkomnu verkfæri. Engum mundi koma það á óvart, þótt fyrir valinu yrði dr. Benjamín Eiríksson, aðalhöfundur gengislækkunarlaganna og nú um skeið helzti milligöngumaður milli íslenzkra stjórnarvalda og erlends fjármálavalds. Það er auðséð, að hinu erlenda fjármálavaldi þykja yfirráð sín yfir íslenzku efnahagslífi ekki nógu bein og milliliðalaus. Þess vegna vill það koma á fót fyrirkomulagi, sem tryggir því betur nær óskorað drottnunarvald, óháð breytingum, sem kunna að verða t. d. á stjórn landsins. Þessi stjórn, sem nú situr, er náttúrlega ágæt frá þeirra sjónarmiði, en hver veit, hvað við tekur? Að þetta er sú hugsun, sem fyrir höfundum frv. vakir, er m. a. auðséð á ákvæðunum um bankaráð, sem þannig er skipað, að það gæti um langt skeið verið í algeru ósamræmi við stefnu ríkisstjórnar landsins.

Við athugun n. á frv. kom ýmislegt athyglisvert í ljós. Það, sem mér þótti þó einna athyglisverðast, voru upplýsingar dr. Benjamíns Eiríkssonar, sem hann gaf n. á einum fundi hennar, þar sem hann var mættur samkv. hennar ósk. Dr. Benjamín var um það spurður, hvaða tilgang það hefði að afhenda bankanum sem stofnfé hlutabréf ríkisins í þeim fyrirtækjum, sem talin eru í 3. gr. frv., þ. e. a. s. áburðarverksmiðjunni, raftækjaverksmiðjunni og Eimskipafélagi Íslands. Benjamín svaraði, að hann hugsaði sér, að þessi hlutabréf yrðu seld síðar, og þá fer nú að verða ljósara en áður, sýnist mér, hvert var verið að fara, þegar áburðarverksmiðjunni var breytt í hlutafélag á sínum tíma. Eins og nú er, er hlutafé þess fyrirtækis, eins og kunnugt er, 10 millj. kr. Þar af eru 6 millj. ríkiseign og 4 millj. einkaeign. Uppkomin er gert ráð fyrir að verksmiðjan kosti á annað hundrað millj. kr., og það fé leggur ríkið til, að undanskildum 4 millj. kr., sem er hlutafé einkaaðila. Útkoman af þessu verður því sú, að þegar lánin til verksmiðjunnar eru að fullu greidd, þá hafa þessir einkaaðilar eignazt verðmæti, sem nema yfir 40 millj. kr., fyrir einar 4 millj. Og nú höfum við fengið upplýsingar um, hvað á að verða um hlut ríkisins samkv. þeirri hugsun, sem dr. Benjamín skýrði n. frá, að fyrir höfundunum vekti. Á fundi n. lét dr. Benjamín svo um mælt, að hugsunin væri sú, að bankinn losaði sig við þau hlutabréf, sem hann eignast, eins fljótt og unnt er. Nú er það eitt verkefni bankans að verzla með hlutabréf og önnur verðbréf samkv. 7. gr. Dr. Benjamín var um það spurður, hver ætti að vera tilgangurinn með slíkri verzlun. Hann svaraði, að tilgangurinn væri alls ekki að verzla með hlutabréf í hagnaðarskyni, heldur hitt, að hjálpa einkafyrirtækjum til þess að komast á legg. Ég geri ráð fyrir, að sama sjónarmiðið ríki, að því er tekur til áburðarverksmiðjunnar. Útkoman yrði þá sú, að fyrirtæki, sem mun kosta á annað hundrað millj. kr., yrði afhent einstaklingum og einkaaðilum til eignar fyrir 10 millj., enda mundi það að vonum þykja ósanngjarnt, að þeir fulltrúar einkafjármagnsins, sem síðar eiga að eignast ⅝ hluta eignarinnar, verði ekki látnir sitja við sama borð og sæta sömu kjörum og hinir, sem þegar hafa eignazt ⅝ hluta hennar fyrir 4 millj. Þetta getur maður nú kallað að hagnýta sér ríkisvaldið vel í þágu einkaauðmagnsins, og ég get hugsað mér, að það sé vel að skapi hinna bandarísku fjármálamanna.

Nefndin sendi frv. öllum bönkunum til umsagnar og sömuleiðis fjárhagsráði, eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá í sinni ræðu. En meiri hl. n. ákvað að gefa þessum aðilum aðeins eins dags frest til þess að semja álit sitt. Það var á laugardegi, sem þeim var sent frv. til umsagnar, og þess óskað, að þeir skiluðu áliti sínu á mánu-

dag. Þetta þótti mér nú furðuleg og ærið óvenjuleg ákvörðun, enda varð árangurinn alveg eins og vænta mátti. Enginn þessara aðila treysti sér til þess að semja neina álitsgerð á svo stuttum tíma. Efnisleg umsögn kom því aðeins frá Landsbankanum, en honum hafði verið gefinn kostur á að sjá frv. og athuga það áður en það var lagt fyrir Alþ. Ég hygg, að enginn bankanna sé samþykkur þessu frv., heldur sé þessu öfugt farið. Í svari Búnaðarbankans sérstaklega kom það í ljós (BSt: Það kom ekkert bréf frá Búnaðarbankanum.) Jæja, það komu skilaboð. Og í þessum skilaboðum Búnaðarbankans kom það í ljós, að stjórn bankans furðaði sig á því, að ekki skyldi vera haft samráð við alla bankana, áður en farið var á flot með slíka gerbreytingu á bankastarfsemi landsins.

Landsbankinn hefur farið þá leið að ræða lítið um frv. í heild sinni í sinni álitsgerð, sem hann hafði sent hæstv. viðskmrh. og sendi síðan n. afrit af, heldur ræðir hann um einstök atriði þess. Bankinn gagnrýnir mjög ýmis veigamestu atriði frv., svo sem ákvæðið um hlutabréfakaup og heimildina til erlendrar lántöku án samþykkis Alþ., og áður en frv. var lagt fram, hefur verið tekið tillit til aðeins eins atriðis, sem máli skiptir í gagnrýni bankans og raunar er ekki aðalatriði. En Jón Árnason bankastjóri og Baldvin Jónsson bankaráðsmaður höfðu báðir sent sérálit, sem einnig var sent afrit af til n. Álit Jóns Árnasonar er sérstaklega athyglisvert. Þar kemur nefnilega í ljós, að Jón Árnason er algerlega andvígur frv. Álit Jóns Árnasonar er prentað í nál. minni hl., og það er vel þess vert, að allir hv. alþm. kynni sér það vel og vandlega. Við skulum líta á nokkur aðalatriði þess.

Jón Árnason bendir fyrst á það, að til séu þrír bankar í landinu, — þeir eru nú raunar orðnir fjórir samkv. lögum, — og þá vaknar sú spurning, hvort þörf sé á að stofna nýjan banka. Síðan ræðir hann hlutverk hins nýja banka samkv. frv. lið fyrir lið. Hið almenna hlutverk bankans á að vera að efla atvinnulíf og velmegun þjóðarinnar og stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu. Þetta á að vera hlutverk allra íslenzkra banka, segir bankastjórinn, og því ekki þörf að stofna nýjan banka í því skyni, þ. e. a. s. ef nokkur meining felst í þessum orðum, bætir bankastjórinn við. — Þá ræðir hann nánar hin sundurliðuðu hlutverk bankans samkv. 7. gr. frv. Hann á í fyrsta lagi að vera ríkisstj. til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Nú, bankastjórinn bendir á, að ekki sé þörf nýs banka til þess að stjórnin geti öðlazt ráðunaut í fjárfestingarmálum; meðan fjárhagsráð starfar, á það einmitt að inna þetta hlutverk af hendi. Um verzlunina með hlutabréf og öflun lánsfjár erlendis segir bankastjórinn, að honum þyki mjög undarlegt, ef Alþingi vill fá ríkisbanka fullt og óskorað umboð til þess að kaupa á ábyrgð bankans hlutabréf í hvaða fyrirtæki sem bankastjórinn ákveður, og hann segir, að sér finnist það beinlínis með ólíkindum, að Alþingi vilji afsala sér rétti sínum til þess að taka ákvörðun um lántökur erlendis hverju sinni. Þetta er nú aðeins undirstrikun á þeirri gagnrýni, sem sett er fram í áliti Landsbankans. Í 8., 9. og 10. lið 7. gr. segir svo, að bankinn eigi að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í framkvæmdir, og veita þeim stuðning; að hann eigi að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingu atvinnuveganna; að hann eigi að greiða fyrir nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri. — Til þess að annast þessi verkefni, segir bankastjórinn, þarf heilan hóp sérfræðinga í þjónustu bankans, og hann kveðst ekki fá skilið, hvar alla þá sérfræðinga sé að finna, sem ekki eru bundnir við önnur störf, enda yrði kostnaðurinn ærinn. — Samkv. 20. gr. er Landsbankanum ætlað að annast dagleg afgreiðslustörf bankans. Bankastjórinn bendir á, að ekki þurfi að stofna nýjan banka til þess að annast verkefni, sem Landsbankanum er ætlað að hafa á hendi eftir sem áður. Sama athugasemd er raunar gerð í umsögn Landsbankans sjálfs og bent á, að einmitt þetta ákvæði geri verkefni Framkvæmdabankans, sem upp eru talin í frv., næsta þýðingarlítil. Niðurstaða bankastjórans verður því sú, að ekki verði séð, að þörf sé á að stofna nýjan banka til þess að taka að sér neitt af þeim verkefnum, sem upp eru talin. Ýmist eru þau öll framkvæmd af öðrum bönkum og verða svo einnig framvegis eða af fjárhagsráði eða þá að þau eru þess eðlis, að sízt verður að teljast heppilegt eða æskilegt að fela nokkrum banka slík verkefni. Það, sem bankastjórinn telur, að þá verði helzt eftir af raunverulegu starfssviði bankans, er að ákveða um útlán af þeim helmingi mótvirðissjóðs, sem ekki fer til landbúnaðarframkvæmda, og nú er komið að því, sem er mergurinn málsins, en það eru ummæli bankastjórans varðandi mótvirðissjóð og tillögur hans um, hvernig snúast skuli við þeim vanda, sem mótvirðissjóður og afskipti Bandaríkjanna eru orðin fyrir íslenzkt efnahagslíf.

Í áliti bankastjórans segir orðrétt um mótvirðissjóð, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki má veita fé úr sjóðnum, hvorki sem lán né til neins annars, án samþykkis Bandaríkjastjórnar, og virðist það í rauninni eðlilegt. En af því leiðir, að slíkar leyfisveitingar um meðferð mótvirðissjóðs hljóta að hafa í för með sér meiri eða minni afskipti af fjármálalífi landsins í heild.“

Síðan segir hann, og nú koma tillögur hans um meðferð mótvirðissjóðsins:

„En ef afskipti Bandaríkjastjórnar halda áfram, eftir að Framkvæmdabankanum hefur verið afhentur mótvirðissjóðurinn, álít ég, að ekki sé um nema tvær leiðir að ræða:

1. Að leita samninga við stjórn Bandaríkjanna um endurgreiðslu mótvirðissjóðsins. — Þessa leið álít ég æskilega og sjálfsagða, hvort sem um nokkur utanaðkomandi afskipti af fjárreiðum Framkvæmdabankans verður að ræða eða ekki, enda takist að ná samningum um það langan greiðslutíma, að þjóðinni verði ekki um megn að inna greiðsluna af hendi.

2. (Það er eiginlega varatillaga.) Ef þessi leið reynist ekki fær, að þá verði sett á laggirnar stofnun, sem eingöngu hafi með höndum vörzlu mótvirðissjóðsins og ráðstöfun á honum í samræmi við þau skilyrði, sem Bandaríkjastjórn kann að setja um meðferð hans.“

Síðan heldur hann áfram:

„Slík stofnun þyrfti ekki að vera kostnaðarsöm, og með því væri þá fullkomlega skilið á milli mótvirðissjóðsins og annarra fjármála á Íslandi, og það álít ég alveg óhjákvæmilegt.“

Þetta eru allt saman mjög skýrar tillögur, og hvað er það, sem lesa má út úr þeim? Ég held, að það fari ekki heldur milli mála. Bankastjórinn getur ekki fundið nein íslenzk rök fyrir þessari bankastofnun. Það er augljóst, að eini tilgangurinn, sem hann finnur, er sá að koma upp stofnun, sem hefur með höndum vörzlu og ráðstöfun þess fjármagns, sem um er að ræða, í samræmi við þau skilyrði, „sem Bandaríkjastjórn kann að setja um meðferð þess,“ svo að notuð séu orð Jóns Árnasonar sjálfs. Þess vegna er það tillaga hans í fyrsta lagi, að mótvirðissjóðurinn verði endurgreiddur til þess að losa landið við slík erlend afskipti. Hann telur æskilegt að fara þessa leið undir öllum kringumstæðum, að endurgreiða sjóðinn, ef þjóðinni er það ekki um megn, og hann telur það nauðsynlegt, ef Bandaríkin gera kröfur til áframhaldandi afskipta. En ef það nú skyldi koma í ljós, að Bandaríkin neita að taka við endurgreiðslu til þess að tryggja betur tök sín á fjármálalífi landsins, þá er það varatillaga hans, að sett verði á laggirnar stofnun, sem eingöngu hefur með höndum vörzlu mótvirðissjóðsins, til þess, eins og hann orðar það, „að skilja algerlega á milli mótvirðissjóðsins og annarra fjármála á Íslandi“, þ. e. taka upp þann hátt, sem takmarkar afskipti Bandaríkjanna svo sem frekast er unnt. Verði aftur sá háttur hafður á, sem gert er ráð fyrir í frv., þá hljóta þau afskipti, sem fram fara fyrir milligöngu Framkvæmdabankans, að varða meginatriði í öllu fjármálalífi landsins.

Ef við nú ættum enga aðra kosti en þá, sem Jón Árnason er þarna að gera ráð fyrir, þá væri ég vissulega sammála honum, en við eigum þriðja kostinn, og hann er sá að afþakka kurteislega öll erlend afskipti, og til þess er engin brýn nauðsyn að endurgreiða mótvirðissjóðinn, því að Alþingi hefur að minnsta kosti ekki undirgengizt neinar kvaðir aðrar en þær, sem snerta afskipti Bandaríkjamanna af ráðstöfun þess fjár, sem geymt er í íslenzkum bönkum sem mótvirði hins óafturkræfa framlags, mótvirðissjóðs í þrengri skilningi. Á fé því, sem inn kemur sem endurgreiðsla á lánum úr mótvirðissjóði, hvílir engin slík samningsbundin kvöð. Þess vegna er heldur engin ástæða til þess að verða við erlendum tilmælum eða fyrirmælum um stofnun þessa banka, og fyrir stofnun hans eru, að því er mér virðist, engin íslenzk rök, og þess vegna er ég andvígur frv.

Brtt. hv. meiri hl. fjhn. skipta engu raunverulegu máli. Það er gott, það sem það nær, að fella niður fyrirmælin um að afhenda Framkvæmdabankanum hlutabréf í Eimskipafélaginu og raftækjaverksmiðjunni, en það, sem fyrst og fremst skiptir máli, er áburðarverksmiðjan, og hlutabréf ríkisins í henni á bankinn að eignast samkvæmt till. meiri hl. Það er bitamunur en ekki fjár, hvort heimild bankans til þess að taka ríkistryggð lán erlendis án samþykkis Alþingis er takmörkuð við 80 millj. eða 100 millj. Aðalatriðið er, að Alþingi afsalar sér rétti, sem það undir engum kringumstæðum á að afsala sér. — Aðrar brtt. sýnast mér skipta harla litlu máli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu hans á málinu. Jafnframt mun ég segja hér fáein orð út af afstöðu minni hlutans í fjhn. og ræðu þeirri, sem frsm. minni hl. flutti nú rétt í þessu, þ. á m. leiðrétta misskilning, sem mér sýnist koma fram hjá honum í sambandi við einstök atriði málsins.

Minni hl. segir hér í nál., þar sem hann vikur að umsögn bankanna um málið, að Landsbankanum hafi verið gefinn kostur á að athuga frv. og gert athugasemdir við ýmis veigamestu atriði þess og lýst sig andvígan þeim. Blærinn á þessu hjá hv. minni hl. á að vera sá, að Landsbankinn hafi í raun og veru tekið afstöðu gegn frv. Þetta er alveg rangfærsla, eins og álit það ber með sér, sem hv. minni hl. birtir sjálfur með álitsgerð sinni. Það eru við nokkur einstök atriði gerðar aths. af hendi Landsbankans, eins og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, og veigamesta atriðið af þeim, sem þar var gerð aths. við, var tekið til greina, áður en frv. var lagt fyrir Alþingi.

Að séráliti Jóns Árnasonar bankastjóra kem ég ofur lítið síðar.

Þá vill hv. minni hl. gera tortryggilegt það ákvæði frv., að afhenda skuli til eignar Framkvæmdabankanum nokkur hlutabréf ríkisins, og segir í því sambandi í nál., að dr. Benjamín Eiríksson hafi sagt á fundi í fjhn., að hann hugsaði sér, að hlutabréf þessi yrðu seld síðar af bankanum. Hv. minni hl. vill gefa mönnum í skyn með þessu og raunar fullyrti það í sinni ræðu, að ætlunin mundi vera að koma þessum hlutabréfum í brask með því að koma þeim fyrst yfir í Framkvæmdabankann og hann seldi þau síðan. Hv. minni hl. gekk hins vegar alveg fram hjá því, sem er höfuðatriðið, að í frv. er bankanum bannað að selja þessi hlutabréf, alveg berum orðum. Það stendur alveg skýrum stöfum í frv., að bankanum er bannað að selja þessi hlutabréf. Það er því óskiljanlegt, hvað hv. minni hl. er að fara með þessum málflutningi. Hitt er svo annað mál, að bankanum er ætlað það hlutverk að kaupa og selja aftur síðar önnur hlutabréf til þess að greiða fyrir stofnun fyrirtækja, en það er óskylt þessu ákvæði um hlutabréf áburðarverksmiðjunnar og önnur þau hlutabréf, sem eftir frv. er gert ráð fyrir að afhent verði bankanum til eignar. Vitanlegt er, að hv. minni hl. blandar þessu hér saman viljandi til þess að gefa skakka hugmynd um þetta atriði. Það getur ekki komið til mála, að honum hafi yfirsézt um þetta. Því fellur alveg dauður niður allur hinn hátíðlegi kafli hans ræðu um áburðarverksmiðjuna í þessu sambandi, um það, að með lævíslegu móti eigi að koma því mikla verðmæti, er þar safnist saman, á hendur einstakra manna í gegnum Framkvæmdabankann.

Þá sagði hv. þm., hv. frsm. minni hl., m. a.: „Hvað verður um fiskveiðasjóð, ræktunarsjóð og fleiri slíka sjóði og stofnanir?“ Og svo segir hann: „Framkvæmdabankanum er ætlað að ráðskast með þetta.“ Það er ekki nokkur staf-

krókur nokkurs staðar í þessu frv. né heldur í þeim grg., sem með fylgja, sem gefur ástæðu til þess að segja það, að Framkvæmdabankanum sé ætlað að ráðskast með ræktunarsjóð, byggingarsjóð sveitanna eða fiskveiðasjóð, — enginn stafkrókur, enda er það alls ekki ætlunin, og það hlýtur hv. minni hl. að vita.

Þá sagði hv. þm., að allur væri bankinn byggður upp til þess að afhenda einum manni öll völd. Það væri augljóst, að einn maður ætti að ráða öllu í stofnuninni, sem sé bankastjórinn. Hv. minni hl. gekk alveg fram hjá því, sem skýrt er tekið fram í frv., að bankaráðinu er ætlað að ákveða lánveitingar, nema því aðeins að það taki ákvörðun um að fela bankastjóranum að ráða fram úr slíkum málum. M. ö. o., æðsta valdið í þessari stofnun er í höndum 5 manna bankaráðs og beinlínis gert ráð fyrir því, að það annist lánveitingarnar.

Enn fremur vildi hv. minni hl. gefa það í skyn, að með frv. væri verið að draga undir þennan eina mann völd yfir fjármálum landsins úr höndum stjórnarinnar og úr höndum þingsins. Ég hef nú sýnt fram á, að bankastjórinn á ekki að hafa önnur völd en þau, sem bankaráðið felur honum í bankanum, en þar að auki er svo þess að gæta, að bankaráðið er að ⅝ kosið af Alþingi, einn af embættismönnum ríkisstj. er fjórði maðurinn og fulltrúi frá þjóðbankanum sá fimmti. Það er því vitanlega alveg fullkomin fjarstæða og hugarórar, að með ákvæðum þessa frv. sé verið að draga valdið yfir fjárhagsmálum landsins úr höndum þeirra, sem hingað til hafa haft það, og afhenda það einstaklingi.

Hv. þm. minntist í þessu sambandi á álit Jóns Árnasonar, sem hefur gert athugasemdir við frv., sem hann lýsti, og af þessum athugasemdum er helzt svo að sjá, að Jón Árnason, eins og hv. minni hl. tók fram, sé á móti frv. Það mætti segja ýmislegt um það, að hv. þm. tekur nú þann kost að byggja álit sitt að miklu leyti á viðhorfi Jóns Árnasonar. Það hefur áður þotið óðruvísi í þeim skjá í garð Jóns Árnasonar, og hingað til hefur meira borið á því, að kommúnistar hafi talið Jón Árnason að öllu leyti gersamlega ófæran til þess að gegna trúnaðarstörfum og að ekkert væri leggjandi upp úr áliti hans um eitt eða neitt.

Út af álitsgerð Jóns Árnasonar er ekki ástæða til að halda hér langa ræðu. Þess er getið í álitsgerðinni, að hlutverk Framkvæmdabankans verði einungis það að taka á móti mótvirðissjóði og nokkrum hlutabréfum, sem ríkið á og kann að eignast, og taka ákvörðun um lánveitingar af þessu fé, að svo miklu leyti sem Alþingi ekki ákveður það fyrir fram. Þetta er vitanlega ekki rétt. Bankanum er ætlað miklu víðtækara hlutverk en þetta, en á þessari fullyrðingu byggir Jón Árnason samt það álit sitt, að hægt sé að fela þeim stofnunum, sem fyrir eru, væntanleg verk Framkvæmdabankans. Bankanum eru ætluð veigamikil önnur verkefni, svo sem að útvega fé innanlands til fjárfestingarlána, að semja um fé erlendis til fjárfestingarlána og að vera ríkisstj. til ráðuneytis um fjárfestingarmál, svo að höfuðatriðin séu talin.

Jón Árnason ræðir nokkuð um mótvirðissjóðinn í álitsgerð sinni, og hv. frsm. minni hl. ræddi hér nokkuð um hann. Þessir menn ræða um mótvirðissjóðinn eins og eitthvert sérstakt vandamál. Það er broslegt að tala um það, að mótvirðissjóðnum muni endilega þurfa að fylgja sérstök afskipti Bandaríkjamanna af fjármálum Íslands. Það væri vitanlega hægt að komast hjá því að þurfa nokkuð að tala við Bandaríkjamenn um mótvirðissjóðinn. Ef menn vildu láta mótvirðissjóðinn standa kyrran þar sem hann er nú, og ekki nota hann meir beinlínis en búið er, þá væri algerlega hægt að komast hjá því að tala nokkuð um hann við Bandaríkjamenn eða hafa nokkur samráð við þá frekar um hann. Ekki geta þeir neytt okkur til þess að nota mótvirðissjóðinn, ef við vildum láta hann liggja þar sem hann er.

Mótvirðissjóðurinn kæmi Íslandi að gagni fyrir því, þó að svo væri gert, en á annan hátt en gert er ráð fyrir með þessu frv. Hann gæti staðið óbeint undir útlánum frá þjóðbankanum, eins og hann raunar gerir nú þegar.

Þá eru furðulegar bollaleggingar Jóns Árnasonar um að greiða mótvirðissjóðinn til baka. Ég get ekki séð, hvað það gæti skaðað fjármál Íslands, að mótvirðissjóðurinn væri áfram þar sem hann er núna, ef næðist samkomulag um aðra ráðstöfun á honum. Í sambandi við þetta má minna á það, að Landsbankinn er í raun og veru búinn að lána mjög mikið af mótvirðissjóðnum út óbeinlínis, án þess að nokkuð hafi verið við Bandaríkjamenn um það talað. Þetta hefur verið gert með því að auka útlánastarfsemina, og seðlabankinn hefði ekki getað staðið undir þeirri aukningu, ef mótvirðissjóður hefði ekki komið þar til, og ástæðan til þess, að við erum með frv. þessu að gera ráð fyrir að flytja mótvirðissjóðinn á 25 árum yfir í Framkvæmdabankann, er sú, að mótvirðissjóðurinn er núna fastur í Landsbankanum. Þess vegna erum við að tala um að færa hann yfir á 25 árum og koma honum í fjárfestingarlán. Við viljum færa fé mótvirðissjóðs yfir í Framkvæmdabankann og þurfum svo að fá samþykki þeirra, sem hafa látið gjafaféð hingað, fyrir útlánum úr sjóðnum, eins og í upphafi var ákveðið. Ef ekki semst, getum við látið féð vera þar sem það er og haft gagn af því samt með öðru móti. Það er fjarstæða að tala um að endurgreiða 400 milljónir af mótvirðissjóðsfé og yrði einsdæmi í veröldinni. Mótvirðissjóðurinn blandast jafnmikið inn í fjármál Íslands, hvort sem hann er settur í Framkvæmdabankann, er látinn vera áfram í Landsbankanum eða sérstakri stofnun væri falin meðferð hans. Hann hefur blandazt svo heppilega inn í fjármál Íslands fram að þessu, að ef hans hefði ekki notið við, væri engin Sogsvirkjun, engin Laxárvirkjun og engin áburðarverksmiðja og nokkuð öðruvísi ástatt um önnur útlán í landinu.

Hv. frsm. minni hl. sagðist ekki sjá nein íslenzk rök fyrir þessari stofnun. Það getur vel verið, að frá sjónarmiði þessa hv. þm. séu það ekki íslenzk rök, að þessari stofnun er ætlað að auka líkurnar fyrir því, að við getum fengið erlend lán í gagnleg fyrirtæki og náð saman meira fjármagni innanlands í sama skyni. Þetta eru máske ekki íslenzk rök frá sjónarmiði þessa hv. þm.

Ég veit ekki, hvað hann er að fara yfirleitt. En þeir, sem standa að þessu frv., beita sér fyrir stofnun Framkvæmdabankans í þeirri von, að með því megi takast að ná meira fé til framkvæmda hér á næstunni en ella.

Ég vil svo endurtaka þakklæti mitt til meiri hl. fyrir afgreiðsluna á þessu máli og vonast eftir því, að meiri hl. hv. d. fylgi meiri hl. n. í afgreiðslu málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um og sést á nál. á þskj. 540, þá hef ég skrifað undir það nál. með fyrirvara.

Þegar fyrst var rætt um þetta mál í hv. fjhn. þessarar d., komu fram óskir frá hæstv. ráðh. um að hraða þessu máli svo í gegnum n., að nál. yrði gefið út áður en þinghlé byrjaði á s. l. ári. Ég óskaði þá mjög eftir því við hv. form. n., að þessu máli yrði ekki hraðað þannig í gegnum fyrri d., þar sem hér var um mjög mikið nýmæli að ræða og allmikið og stórt mál á ferðinni, og ég taldi það vera betra fyrir málið sjálft, að það fengi allverulega þinglega meðferð í hv. n., m. a. sent til umsagnar, og þess utan gæfist nm. tækifæri til þess að athuga hinar einstöku greinar frv. og það ætti ekki að þurfa að tefja mjög mikið meðferð málsins og afgreiðslu þess í þinginu. Hv. form. n. varð við þessum tilmælum, og ég fyrir mína parta vil þakka honum mjög fyrir þá meðferð málsins, því þó að ekki liggi fyrir mjög mikið af brtt., þá er það þó alveg ljóst, að n. hefur haft allverulegan tíma til þess að athuga málið. Hún hefur rætt málið mjög nákvæmlega. Það hafa komið fram ýmis sjónarmið í n., einnig ýmsar till., sem hafa verið lagðar fram sem umræðugrundvöllur, og ég tel, að það sé miklu tryggara fyrir málið sjálft að koma nú fram, eftir að allar þessar umræður hafa farið fram í n., heldur en ef það hefði verið lagt hér fram svo að segja athugunarlaust. Ég vil því endurtaka þakklæti mitt til hv. form. n. fyrir það, hvernig hann hefur farið með þetta mál.

Strax á fyrstu fundum n. lýsti ég því yfir, að ég væri að mörgu leyti ósamþykkur ákvæðum frv., og óskaði eftir ýmsum breyt. og lagði þá fram allmargar brtt. sem umræðugrundvöll um málið, og ég skal hér, vegna þess að þær hafa ekki nema að sáralitlu leyti verið teknar til greina, gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Það er m. a. vegna þess, að þær brtt., sem ég bar fram, hafa ekki náð fram að ganga nema að mjög litlu leyti.

Strax við 1. gr. frv. þótti mér nokkuð óviðeigandi að ákveða endilega, hvað bankinn skyldi heita á enska tungu, og hefði þótt eðlilegra, að þar hefði aðeins verið, eins og venja er til um aðra banka hér á Íslandi, haldið íslenzka nafninu, en innan sviga enskri þýðingu, án þess beint að taka það fram í lögunum, eins og gert er hér í 1. gr., að á ensku skuli bankinn heita eins og þar segir. Um þetta varð nú ekki samkomulag. Ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli, þetta er aukaatriði, en ekki finnst mér það nú smekklegt samt sem áður, að það skuli endilega tekið fram í frv., að hann skuli heita ákveðnu heiti á enska tungu, án þess þó að setja þá einhver önnur tungumál inn, og hefði þá verið öllu nær að setja það, hvað hann ætti að heita á latínu, sem er þó merkilegt og gamalt mál. En um það geri ég ekki neinn sérstakan ágreining og hef ekki heldur flutt hér brtt. til þess að láta ganga um það atkv.

Ég lagði hins vegar til allvíðtæka brtt. um 2. gr., og það er vegna þess, að ég tel, að 2. gr. í frv., eins og það er nú, ákveði engan veginn til fulls, hvað sé raunverulega hlutverk bankans. Ef greinin er athuguð eins og hún er nú, þá er hlutverk bankans að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu og styðja þær. Þetta eru höfuðlínurnar í hlutverki bankans. En síðan er undirstrikað með 2. mgr. hér í gr.: „Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu“, — án þess þó að það sé nokkuð skýrt nánar, hvernig það skuli verða. Þetta fannst mér vera heldur svona losaralegt, að vísu beinagrind, en lítið af holdi á þeim beinum, og lagði til allvíðtækar brtt. í sambandi við þessa grein um að marka bankanum miklu víðtækari bás en hér er gert eða ákveðnari verkefni en hér er gert. Um þetta varð ekki samkomulag, og ég hirði ekki um að setja þær brtt. út hér til umr. og til þess að tefja fyrir gangi málsins, því að það er ef til vill ekki svo þýðingarmikið atriði, því að það er samkomulag um það, að þetta frv. skuli ná fram að ganga mikið til óbreytt, auk þess sem lög eins og þessi liggja alltaf undir athugun og breytingum á næstu árum, þegar lífið sjálft fer að kenna bankaráði og bankastjórn, hvernig þarf að breyta ákvæðunum í sambandi við bankann, svo að ég mun þá heldur ekki bera hér fram þær brtt. mínar, sem ræddar voru í n., þó að mér þyki rétt að skýra hér frá þeim.

Í sambandi við þessa grein vil ég einnig leyfa mér að benda á, að þegar þetta var rætt við Benjamín Eiríksson, sem kom hér til viðtals við n., þá virtist hann nú ekki skilja ákvæði þessarar greinar sjálfur raunverulega. Það kom alveg skýrt í ljós, að hann taldi, að hér væri alls staðar um heimildarlög að ræða, en engar fyrirskipanir samkv. lögunum. En eins og honum var margbent á af n., þá er það ekki. Það er ekki hér um heimild að ræða, heldur beinar fyrirskipanir, hvert hlutverk bankans skuli vera, og einmitt sagt í síðustu málsgr. 2. gr., að til þess að það sé hægt að leysa af hendi þetta hlutverk, þá skuli bankanum sköpuð sú aðstaða, sem ákveðin er í lögunum. Hann taldi nú hins vegar, að bankastjórnin og bankaráð hefðu allóbundnar hendur í þessu máli og þeir væru ekki skyldugir til þess að lúta þessu, en ég vil taka það fram hér, að ég er þar á allt annarri skoðun. Ég tel einmitt, að þegar búið er að setja lög eins og frv. er núna, þá þurfi að vera veigamikil atriði fyrir hendi til þess, að bankinn geti skotið sér undan þeim skyldum, sem hér eru lagðar á hans hendur, að óbreyttum lögunum.

Það urðu allmiklar umr. um 3. gr. frv., og m. a. bar ég fram brtt. um það í n. að fella niður hlutabréf í raftækjaverksmiðjunni og í Eimskipafélagi Íslands, að upphæð 150 þús. kr. Hefur nú verið gengið til móts við mínar óskir í sam-

bandi við það atriði, en ég vildi einnig láta fella niður það ákvæði, að bankinn skyldi hafa leyfi til þess að kaupa hlutabréf síðar meir í öðrum fyrirtækjum. Um þetta varð ekki samkomulag, en ég hygg, að reynslan muni sýna það, að það verði mjög erfitt fyrir bankastjórn í framtíðinni að gera hér upp á milli aðila, þegar þar að kemur, ef á að gæta fulls réttlætis í þeim málum. Það verður ákaflega erfitt fyrir bankastjórn að dæma um það réttilega, hvaða hlutabréf þeir eigi að kaupa, í hvaða fyrirtækjum þeir eigi að kaupa og hvað ekki, og þá er ákaflega hætt við, að einmitt valdi bankans verði þar misbeitt, auk þess sem þetta stríðir algerlega á móti þeim venjum og fyrirmælum í lögum, sem hér gilda á Íslandi, um það, að bankar skuli kaupa hlutabréf yfirleitt í fyrirtækjum; m. a., eins og Jón Árnason tekur réttilega fram í sínum ummælum, þá er Landsbankanum bannað þetta. En úr því að því er haldið í frv., að bankinn skuli ekki einungis hafa heimild, heldur sé skylda hans að kaupa hlutabréf, ef miðað er við 2. gr., svo framarlega sem bankastjórnin álítur þau nægilega trygg og hann hefur til þess fé, þá sé ég út af fyrir sig heldur enga sérstaka ástæðu til þess að fella í burtu hvorki ákvæðið um Eimskipafélagið né raftækjaverksmiðjuna. En þessar till. mínar í n. voru miðaðar við það, að bankinn kæmi ekki nálægt því að eiga eða kaupa hlutabréf. Sé hins vegar hugsað í framtíðinni að láta bankann kaupa og eiga og verzla með hlutabréf yfirleitt, þá sé ég ekki heldur neina ástæðu til þess, að hann mætti ekki hafa þau bréf, sem hér um ræðir, hvort heldur það er í raftækjaverksmiðjunni eða í Eimskipafélagi Íslands, því að það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er tekið skýrt fram í lögunum, að þessar eignir ríkissjóðs má ekki selja, nema til komi samþykki Alþ.

Þá þótti mér rétt að gera till. um breyt. á 4. gr. Það er, að það skyldi ákveðið í lögunum, hvaða vexti seðlabankinn greiddi Framkvæmdabankanum fyrir það fé, sem hann hefur undir höndum. Þetta hafði nú verið í frv. upphaflega, og Benjamín Eiríksson viðurkenndi það við n., að honum væri engan veginn ljúft að láta þetta falla niður úr frv., og viðurkenndi það beinlínis, að þetta atriði gæti orðið sífellt ágreiningsatriði á milli seðlabankans annars vegar og Framkvæmdabankans hins vegar. Hann beinlínis viðurkenndi það fyrir n., að að hans dómi áliti hann, að þetta gæti orðið sífellt ágreiningsatriði. Ég tel óheppilegt, að í frv. séu nokkur þau fyrirmæli, sem veki sífelldan ágreining á milli þessara tveggja stofnana. Og þess vegna álít ég, að það hefði verið miklu eðlilegra að fastákveða í lögunum, hvaða vexti seðlabankinn skyldi greiða Framkvæmdabankanum. Ég var hins vegar vel til viðtals um það, hvað þeir yrðu settir háir, en að það skyldi þó alltaf ákveðin einhver lágmarksupphæð til þess að útiloka þann ágreining, sem hér gæti stöðugt verið á ferðinni. Ég get hins vegar vel skilið afstöðu Landsbankans til þessa atriðis, því að það er eins og maður veit, að hann vill helzt ekki greiða nema sem allra minnsta vexti af þessum upphæðum. Og það er eina ástæðan fyrir því, að bankinn vill ekki láta setja það í lögin, að hann vill þar hafa tögl og hagldir í framtíðinni, hve mikið hann greiði bankanum fyrir það fé, sem hann hefur undir höndum. En ég heiði einmitt álitið, að það væri mjög heppilegt að útiloka frá upphafi þennan ágreining. Ég mun hins vegar ekki bera fram hér brtt. um þetta, úr því að við náðum ekki um það samkomulagi í n., — vil ekki bera fram brtt. til þess að deila um það hér, enda alltaf hægt fyrir Alþ. að grípa inn í þau mál, ef það er sýnilegt, að ekki næst samkomulag á eðlilegum grundvelli, — þá er alltaf hægt á hverjum tíma fyrir Alþ. að grípa hér inn í og gera þar breyt. á. Og ég vil m. a. ekki gera það vegna þess, að ég er í höfuðatriðum sammála hv. meiri hl. n. um málið. Ég tel, að það sé til stórbóta, mjög mikilla bóta að setja upp þann banka, sem hér um ræðir, til þess að hafa eingöngu með fjárfestingarmálin að gera. Mér er fullkunnugt um það, að einmitt þeir bankar eins og Landsbankinn, sem verða að blanda saman allverulega lánum til rekstrar fyrirtækja og lánum til þess að fjárfesta eða stofna fyrirtæki, eigi mjög erfitt með að greina alltaf þarna á milli. Og ég vil benda á, að ef ekki hefði tekizt á sínum tíma að fá erlendis það fé, sem þurfti til þess að byggja seinni 10 togarana og til ýmissa annarra framkvæmda, sem hafa verið gerðar hér á undanförnum árum, þá hefðu einmitt þessir bankar, sem telja það aðallega vera sitt hlutverk að lána rekstrarfé, aldrei lánað þetta fé. Og langskýrasta sönnunin fyrir því, að þeir hefðu ekki gert það, og skýrasta sönnun fyrir því, að það er þörf á þessum banka, er, hvernig sjálfur Landsbankinn hefur farið að í sambandi við veðdeildina. Það er hreinn fjárfestingarbanki og ekkert annað en fjárfestingarbanki. Og nú í fjöldamörg ár hefur alveg verið vanrækt, gersamlega vanrækt þessi deild bankastarfsemi Landsbankans, og þess vegna hefur Alþ. orðið að grípa inn í og ráðstafa úr ríkissjóði eða fá lán, til þess að hægt sé að halda uppi þeim verklegu framkvæmdum, vegna þess að Landsbankinn hefur ekki þótzt geta sinnt þeim. Þetta er m. a. ein ástæðan fyrir því, að ég er fullkomlega með því, að bankinn verði settur á laggirnar, og tel, að það sé mjög mikil bót að því að skilja hér í sundur fjárfestinguna annars vegar og lán til framleiðslunnar hins vegar.

Ég bar einnig fram allmiklar brtt. við 7. gr. frv. Um það varð ekki heldur samkomulag. Þó voru sumar af þeim breyt. teknar upp, m. a. eins og það, að í stað orðanna „að veita þeim stuðning“, þá skuli þeim veitt, eins og segir í nál., „fyrirgreiðsla“. Og ég mun þá ekki heldur bera fram neinar brtt. í sambandi við þá grein.

Ég skal í sambandi við 4. gr. aðeins leyfa mér að ræða hér nokkuð um það atriði, sem hefur verið minnzt á hér, að það gæti farið svo, að sett yrðu svo og svo þung skilyrði frá Bandaríkja hálfu í sambandi við notkun þessa fjár. Hæstv. fjmrh. hefur nú svarað því. En undir meðferð málsins í hv. n. kom ekkert fram um það, að það yrði sett nokkurt skilyrði um notkun á þessu fé. Það lá ekki fyrir n. Og ég verð að segja það, frá mínu sjónarmiði, að þá tel ég, að ef slík skilyrði kæmu fram, þá er það alltaf á valdi þingsins að ákveða, hvort þeim skilyrðum er mætt eða ekki. Það kemur vitanlega engan

veginn til mála, að Alþ. eða íslenzka þjóðin gangi þar undir nokkurt ok eða yfirleitt undir nokkur önnur skilyrði heldur en hafa verið sett frá upphafi í sambandi við þessi mál, svo að allt það, sem hefur verið gert ráð fyrir hér, að það væri um kúgun að ræða frá annarri þjóð, er að sjálfsögðu sagt alveg út í bláinn.

Ég hafði einnig sett fram breyt. á 8. gr. Ég hef ávallt litið svo á, að fyrirmælin í 8. gr. væru raunverulega ákaflega losaraleg, og það er ákaflega teygjanlegt þetta, hvað ætti að vera fyrir landbúnað og hvað ætti að vera til annarra verkefna. Við skulum hugsa okkur t. d. orkuver og orkuveitur, eins og hv. frsm. meiri hl. talaði um; ég tel það vera alveg sjálfsagt landbúnaðarmál. En það geta verið svo mörg önnur atriði, sem við koma landbúnaðinum. Við skulum hugsa okkur t. d. stórkostlegar brúargerðir. Ekki verður það neitt annað heldur en landbúnaðarmál, og það gæti vel farið svo, að það væri kannske enginn betri velgerningur fyrir ákveðin héruð heldur en að lána fé úr þessum banka til þess að koma upp brúm, sem kosta stórkostlegt fé, eins og t. d. á sínum tíma Ölfusárbrúin og Þjórsárbrúin og aðrar fleiri brýr í landinu. Slíkt er hreint og beint landbúnaðarmál, þó að það sé á sama tíma samgöngumál. Sama gæti verið um ýmislegt annað, jafnvel hafnir. Þær geta verið stórkostlegt atriði. Við skulum hugsa okkur, að komið væri upp höfn á Suðurlandsundirlendinu, í Þorlákshöfn. Ég hygg, að það væri stórkostlegt atriði fyrir landbúnaðinn þar austur frá. Þetta er svo óákveðið hér í greininni, að það er eiginlega engan veginn hægt að marka bankanum bás með þessi verkefni, ef það stendur ekkert annað eða meira heldur en í greininni er. Hitt er svo allt annað atriði, að það getur vel beðið til betri tíma að ákveða þetta nánar í hvert skipti, enda liggja lögin að sjálfsögðu undir eftirliti þingsins og framkvæmd laganna undir eftirliti þingsins á hverjum tíma, og þingið getur gripið þar inn í til þess að breyta því, þegar því þykir ástæða til og sjálfsagt þykir að gera það eða þörf þykir að gera það.

Langmesti ágreiningurinn milli mín og n. var út úr 9. gr. Ég lagði til, að það ákvæði væri fellt niður, að Alþ. gæfi bankanum heimild til þess að taka 100 millj. kr. lán og hafa raunverulega alltaf standandi 100 millj. kr. lán í útlöndum, þ. e. a. s., þó að það væri borgað af lánunum, þá hafa þeir leyfi til þess að taka ný lán, allt að 100 millj. kr. Ég taldi, að það væri rangt af Alþ. að gefa þetta nokkrum aðila svo ótakmarkað eins og hér er gert. Nú hefur þetta í till. frá meiri hl. n. verið fært niður í 80 millj., sbr. þskj. 540, og ég segi fyrir mína parta, að ég geri það ekkert að neinu keppikefli, hvort sú till. er samþ. eða ekki. Mér finnst það út af fyrir sig vera alveg aukaatriði, hvort Alþ. gefur leyfi til þess að taka 100 millj. eða 80 millj., heldur hitt, hvort Alþ. yfirleitt gengur inn á þá braut að gefa einhverjum aðilum, sem sitja fyrir utan ríkisstj. og utan Alþ., leyfi til þess að taka 100 millj. kr., eða einhverja aðra stóra fúlgu að láni erlendis. Ég mun því láta það alveg afskiptalaust, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki, og fylgja alveg eins frv., þó að till. verði felld, úr því að ekki fékkst samkomulag um það að takmarka þetta þannig, að það yrði að leita til Alþ. á hverjum tíma. Hins vegar skal ég viðurkenna það, sem okkar ágæti hv. form. n. benti á, að þessi heimild er þó tímatakmörkuð. Hún er takmörkuð á milli þinga. Hvert þing, sem kemur saman á hverju ári, getur kippt þessari heimild burt aftur. Þess vegna tel ég ekki hættuna eins mikla og annars væri. Og einmitt með tilvísun til þess, að þeir möguleikar liggja fyrir, þá geri ég það ekki að neinu ágreiningsatriði, hvort þessi upphæð er lækkuð um 20% eða ekki.

Þá var annað atriði, sem var mjög mikill ágreiningur um milli mín og meiri hl. n., og það er um 14. gr. Ég tel enn, að eins og ætlazt er til að hún verði, þá sé það ekki eðlileg skipun bankaráðsins. Mín till. í þessu máli var sú, að 2 af bankaráðsmönnunum yrðu þegar kosnir til 6 ára og 2 til 4 ára og svo til 6 ára síðar, því að þá þurfti aldrei að skipta um nema nokkurn hluta stjórnarinnar, en það náði ekki fram að ganga. Ég tel það vera óeðlilegt að ákveða, að embættismaður, skrifstofustjóri fjmrn., sé fastákveðinn starfsmaður í bankanum eða í bankaráðinu, hvernig svo sem tekst til um skipun í það embætti. Ég tel ekki, að það sé nein trygging fyrir því um aldur og ævi, að í það fari slíkur maður, að hann sé sjálfsagðasti maðurinn í bankaráð. Ég skal viðurkenna, að eins og nú er er ágætur maður í því embætti, en það er engin sönnun fyrir því, að það verði alltaf og ævinlega, auk þess sem ég er alveg viss um, að þetta fyrirkomulag óbreytt hlýtur að skapa það ástand, að ef hér kæmist að ríkisstj., sem ætti ekki nema t. d. einn mann, eða jafnvel kannske ekki nema 2 menn í bankaráðinu, sem væru henni andstæðir í fjármálum yfirleitt, og ekki næðist fullt samkomulag á milli bankaráðsins í þessum banka og fjármálastjórnar ríkisins almennt, þá hlyti það að valda því, að sú ríkisstj. skipti um skrifstofustjóra í fjmrn. til þess að ná þar meiri hl. Og ég tel, að löggjöf, sem byggð er þannig upp, sé ekki eðlileg, síður en svo. Þessu yrði sjálfsagt ekki beitt, nema því aðeins að viðkomandi ríkisstj. sæi sig til neydda, en þá yrði líka alveg áreiðanlega ekki heldur lengi látið bíða að gera það, og það gæti orðið til þess, að 18. gr. hefði svona 3 eða 4 skrifstofustjóra á launum, sem ekki væru í starfi. Ég vil hins vegar ekki vera að bera fram brtt. við þetta hér núna. Það er eins og allt annað hægt að ræða það síðar, þegar bankinn er tekinn til starfa og séð er, hvernig þetta virkar, og ávallt hægt að taka það upp, en ég tel, að það sé mjög óheppilegt að hafa þetta eins og hér er ákveðið í frv. Fékkst á þessum ákvæðum nokkur leiðrétting, þar sem fulltrúi seðlabankans er þó kosinn til jafnlangs tíma eins og hinir, en það ákvæði taldi ég nú alveg óviðeigandi eins og það var í frv. áður.

Þetta var í höfuðatriðum ágreiningur milli mín og meiri hl. n. Ég hef lýst því hér, hvers vegna ég hef skrifað undir með fyrirvara. Það er af þessum ástæðum, en ég hef hins vegar ekki viljað bera fram brtt. og mun því fylgja frv. út úr d. eins og það liggur fyrir, ef þær breyt. verða samþ., sem fram eru bornar af meiri hl. n., en mun þó ekki leggja neina áherzlu á 4. liðinn,

eins og ég hef tekið fram áður, og mun þá alveg eins fylgja því, þó að sú brtt. verði ekki samþykkt.

Haraldur Guðmundsson: „Ýmsir kunna að gera þá athugasemd við frv. þetta, að bankar séu þegar nógu margir eða of margir í landinu.“ Þetta segir í nál. meiri hl. hv. fjhn., sem leggur til, að frv. þetta verði samþykkt. Alþfl. á engan mann í fjhn., og er mér því málið ekki jafnvel kunnugt til umr. um það eins og ég hefði kosið. Hitt veit ég, að það, sem sagt er hér af hálfu meiri hl. n., er laukrétt.

Til viðbótar þessu segir svo hjá hv. meiri hl. n.: „Rétt er þó að benda á það, að vafasamt má telja að láta þá þróun, sem orðið hefur í bankamálum, verða því til hindrunar, að komið verði á fót starfsemi, sem þjóðinni má að gagni verða og talin er nauðsynleg af þeim, er málið hafa rannsakað af hálfu ríkisstj., svo og af ríkisstj., sem flytur málið.“ Þetta er löng og vönduð og prýðilega saman sett setning. Meining hennar skilst mér vera sú, að hv. meiri hl. n. telji, að þeir, sem undirbúið hafa málið af hálfu ríkisstj., svo og ríkisstj. telji, að þrátt fyrir það, þótt bankar séu þegar orðnir of margir í landinu, þá geti orðið eitthvert gagn að stofnun þessa nýja banka.

Hæstv. fjmrh. flutti hér tölu áðan, og ég var að búast við því, þegar hann hóf mál sitt, að hann mundi færa einhver rök fyrir því, að þessi nýja stofnun yrði til sérstaks gagns. Því miður verð ég að játa, að þau rök, sem hæstv. ráðh. flutti fram þessu til sönnunar, voru í rauninni engin. Hann taldi, að frv. sjálft bæri þetta með sér, og lét það nægja. Ég verð að segja, að ég get ekki séð nema eina skynsamlega ástæðu til þess, að þetta frv. er borið fram, og hún er sú, að það sé af hæstv. ríkisstj. talið líklegt, að auðveldara verði að afla lánsfjár, sérstaklega erlendis, með því að koma þessari stofnun á fót heldur en ef það er látið ógert, þ. e. a. s., hún muni standa betur að vígi að afla lánsfjár erlendis heldur en ríkisstj. sjálf eða sú stofnun, sem hefur einkum annazt þetta, þ. e. Landsbanki Íslands. Og ég hefði vænzt þess, að hæstv. ríkisstj. léti fylgja þessu máli hér í d. einhverjar upplýsingar um það, á hverju hún byggir þessa skoðun sína, því að hitt er augljóst mál, að að því er varðar öflun lánsfjár innanlands, þá gerir það enga breytingu, þó að einn banki sé búinn til í viðbót við þá fjóra, sem fyrir eru.

Ég skal fyrir mitt leyti játa það, að ég get vel hugsað mér, að það sé rétt, sem ég ætla að hv. þm. Barð. hafi sagt hér áðan í sinni ræðu, að það sé heldur hægara um vik með öflun lánsfjár erlendis, ef sú stofnun, sem annast það, eingöngu takmarkar starfsemi sína við fjárfestingarútlán, en ekki jafnframt við almenn rekstrar- og viðskiptalán. En ég hefði þá búizt við því, að þær upplýsingar og rökstuðningur í því sambandi mundi koma frá hæstv. ríkisstj., en ekki frá hv. þm. Barð., sem virðist nú, að því er mér skildist, telja, að þyrfti að breyta næstum hverri grein í frv., ef það ætti að verða þannig, að hann teldi það sómasamlegt.

Ég sé ekki, þó að ég segi þetta, ástæðu til þess beinlínis að berjast gegn þessu frv. Ég vil ekki verða til þess að setja fótinn fyrir hæstv. ríkisstj. og spilla hennar möguleikum til þess að afla sér lánsfjár erlendis, ef það er á réttum rökum byggt, að líkur séu til þess, að auðveldara verði með slíka fjáröflun með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur en eftir þeim leiðum, sem farnar hafa verið til þessa. Ég tel þó, að ýmislegt sé í þessu frv., verði það samþ., sem nauðsynlegt sé að breyta — og ég vil segja alveg sjálfsagt.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um það, hvað bankanum skuli lagt sem stofnfé. Það er gert ráð fyrir, að það sé það, sem segir undir tölulið 1 í 3. gr., þ. e. a. s. skuldabréf Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar og áburðarverksmiðju, samtals að upphæð 95 millj. kr. Enn fremur er ætlazt til samkvæmt frv., að þessum banka sé lögð hlutabréfaeign ríkisins í áburðarverksmiðjunni, Eimskipafélagi Íslands og í raftækjaverksmiðjunni. Ég sé, að hv. meiri hl. fjhn. hefur nú lagt til, að undan verði felld í þessu sambandi hlutabréfin í Eimskip og hlutabréfin í raftækjaverksmiðjunni, en hins vegar ekki hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni.

Hv. minni hl. fjhn. upplýsir í prentuðu máli í sínu nál., að ein af þeim spurningum, sem n. lagði fyrir dr. Benjamín Eiríksson, var sú, hvaða tilgang það hefði, að ríkissjóður legði Framkvæmdabankanum til sem stofnfé hlutabréf sín í áburðarverksmiðjunni, raftækjaverksmiðjunni og Eimskipafélagi Íslands. Dr. Benjamín svaraði, að hann hugsaði sér, að hlutabréf þessi yrðu seld síðar. Þetta á að gera skiljanlegt, segir minni hluti n., það kapp, sem á það var lagt að breyta áburðarverksmiðjunni í hlutafélag.

Hugleiðingum hv. minni hl. út af þessu svaraði svo hæstv. ráðh. á þann veg, að þetta væri mælt alveg að tilefnislausu og út í hött, því að það væri bannað að selja þau hlutabréf, sem lögð eru bankanum sem stofnfé.

Ég vil nú segja, að það er nokkuð ríkt að orði komizt hjá hæstv. ráðh. að segja, að það sé með öllu bannað. Það segir í nefndri 3. gr.: „Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþ.,“ þ. e. a. s. það má selja þau að sjálfsögðu, ef samþykki Alþ. liggur fyrir. En eftir þeim orðum, sem hæstv. ráðh. lét falla, þá virtist mér hann telja það alveg fráleitt, að þessi bréf yrðu seld, og um það er ég honum alveg sammála. En þá er spurningin sú: Hvers vegna á þá að fara að flytja þessi bréf sem stofnfé til Framkvæmdabankans, úr því að ekki má selja þau eða veðsetja? Hverju er þá bankinn bættari að teljast eigandi að þessu, og hverju er ríkissjóður bættari með því að afhenda þessa hlutabréfaeign til bankans? Það er mér óskiljanlegt, nema ríkissjóður vilji koma af sér þeirri pólitísku ábyrgð, sem því fylgir að vera eigandi bréfanna og fara með atkv. á aðalfundum félagsins, sem verksmiðjuna á að eiga. Það gæti verið ástæða út af fyrir sig, en hún er alls ekki frambærileg í sambandi við þetta frv., þó að hún væri fyrir hendi.

Ég tel því, að hvort sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakir með þessum ákvæðum frv. að hafa greiðara

um að selja heldur en nú er eða alls ekki að selja hlutabréfin, þá sé í báðum tilfellum jafnfjarri lagi að vera að afhenda þessa eign ríkissjóðs frekar heldur en hverja aðra eign til bankans. Bankinn er engu betur settur peningalega, hefur engu meira starfsfé, þó að hann eigi þessi bréf, sem má hvorki selja né veðsetja, og hæstv. ráðh. upplýsir, að það sé ekki ætlunin, að hann geri það.

Ég leyfi mér samkvæmt þessu að bera fram þá brtt. við 3. gr., að upphæðin í 1. mgr. greinarinnar lækki úr 101 millj. 150 þús. kr. niður í 95 millj. kr. og að 2. töluliður falli niður.

Um 7. gr., verkefni bankans, skal ég vera fáorður. Það hefur nokkuð verið drepið á það áður í þessari umr. En ég vil aðeins benda á það eitt, að öll þau verkefni, sem bankanum eru ætluð hér, eru nú falin ýmist óbeinlínis eða með beinum lagaákvæðum sérstökum stofnunum og ríkisstj. sjálfri, fjárhagsráði, Landsbankanum sérstaklega og bönkunum yfirleitt og ráðuneyti, fjmrn., þannig að vegna þessara verkefna er í sjálfu sér engin ástæða til nýrrar bankastofnunar. Það er bara verið að flytja á milli, eins og líka fram kemur í nál. hv. minni hl. En að öðru leyti vil ég láta mér nægja að vísa til þess, sem um þetta hefur verið sagt hér í umr. réttilega.

Samkvæmt 8. gr. frv. er svo til ætlazt, að bankinn skuli lána að hálfu fé til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslufframkvæmda fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært. Ég tek alveg undir það, sem hv. þm. Barð. sagði, að ég held, að það verði nú ákaflega örðugt að draga markalínuna þarna á milli, hvað er fyrir kaupstaði og kauptún og hvað er fyrir landbúnaðinn. Sem betur fer, vil ég segja, er nú hagur þeirra, sem búa í sveitum og kaupstöðum, að ýmsu leyti svo samanfléttaður og samofinn, að það er barnaskapur einn að ætla sér að greina þannig á milli eins og hér er gert ráð fyrir. En í öðru lagi vil ég segja það, að það að setja ákvæði um það, hvernig skipt skuli þessu fé til útlána, nú á þessari stundu og binda þar með hendur væntanlegrar framkvæmdastjórnar þessarar stofnunar, er alveg fráleitt að mínu áliti. Ég álít, að það verði einmitt meginverkefni þeirrar bankastjórnar, sem stjórnar þessum banka, að meta og vega nauðsyn og þörf þeirra fyrirtækja, sem leita styrks hjá bankanum hverju sinni. En með því að setja slíkt ákvæði sem þetta er í raun og veru búið að taka úr höndum framkvæmdastjórnar bankans valdið til ráðstöfunar á þessum hluta mótvirðissjóðsins, sem talið er að muni nema eitthvað á fjórða hundrað millj. kr. Ég vil ekki neitt um það segja, hvort það er skynsamlegt eða ekki og heppilegt að ætla landbúnaðinum svona mikið af þessu fé, — hvort það sé skynsamlegt að ætla honum þetta, ætla honum meira eða ætla honum minna, — en ég vil fullyrða, að það er ekkert vit í því að ætla að slá neinu föstu um það á þessu stigi málsins. Það verður að vera stjórn stofnunarinnar og kannske ríkisstj. og Alþ. á sínum tíma, sem metur nauðsynina í hverju tilfelli. Og hvernig á að meta t. d. samgöngubætur og hvernig á að meta t. d. virkjunarframkvæmdir og í einstökum tilfellum hafnargerðir, eins og hv. þm. Barð. drap á, hvort það sé til hagsbóta fyrir núverandi kaupstaði og kauptún eða sveitarfélög landsins? Ég álít, að það sé óhyggilegt og óeðlilegt að setja nokkur slík fyrirmæli nú. Það verður að metast og vegast á ákveðnum tíma, þegar féð er handbært, hvar þörfin er mest og á hvern hátt það kemur að mestu gagni, og ég hygg, að ég megi fullyrða það, að sá erlendi sérfræðingur, sem kvaddur var til ráða í sambandi við samningu þessa frv., varaði mjög eindregið við því að setja slík bindandi fyrirmæli sem þessi inn í l., ef ætlunin væri að beita þeim.

Ég leyfi mér samkvæmt þessu að leggja til, að þessi grein verði felld niður. Ég álít, að það verði á hverjum tíma, þegar féð er handbært og því er ráðstafað af réttum aðilum, að meta aðkallandi nauðsyn og þörf á þeim tíma, sem fénu er ráðstafað, en ekki ákveða slíka bindingu nú fyrir fram.

Hv. þm. Barð. ræddi nokkuð um ábyrgð ríkissjóðs á allt að 100 millj. kr., eða samkv. till. meiri hl. 80 millj. kr., sem látin skyldi nú þegar í té, þannig að slíkrar ábyrgðar gæti bankinn notið og stofnað til slíkrar lántöku án þess að bera nokkuð undir ríkisstj. eða Alþingi. Ég vil áskilja mér rétt til á síðara stigi málsins að bera fram brtt. um þetta atriði, ef mér sýnist ástæða til, en geri það ekki að svo stöddu. Það er fullkomlega athugunarefni, hvort rétt er að láta þessa einu stofnun í landinu hafa svo frjálsar hendur að nota sér ábyrgð ríkissjóðs og þar með landsmanna allra sem þessi grein gerir ráð fyrir eða hvort ástæða er til að setja um það nánari takmarkanir. Ég sem sagt geymi mér rétt til þess að bera fram till. um það atriði síðar, hef ekki haft tíma til þess í dag að athuga um þetta.

Ég hef þá ekki fleira fram að bera að þessu sinni í sambandi við frv. Þessar brtt., sem ég hef gert grein fyrir, leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta og vænti þess, að hv. d. geti á þær fallizt. En til viðbótar því, sem ég hef áður sagt um till., vil ég taka það fram, að einn þeirra manna, sem vann að undirbúningi þessa frv. í bankamálanefndinni, mun hafa haft sérstakan fyrirvara og gert ágreining einmitt um ákvæði 8. gr., og sama mun vera um einn mann í fjárhagsráði, sem einnig hefur gert fyrirvara að því er það atriði laganna snertir.

Forseti (BSt): Mér hefur nú borizt brtt. frá Haraldi Guðmundssyni. Það er önnur brtt. einnig á ferðinni, og ég geri ráð fyrir, að það verði leitað leyfis fyrir þeim báðum í senn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram. Hann sagði, að ég hefði ekki gert neina grein fyrir þörfinni á því að setja á fót þessa stofnun. Ég gerði það ekki ýtarlega í ræðu minni, vegna þess að það er gert í grg. frv. Ég gerði það sömuleiðis við 1. umr. þessa máls og enn fremur allýtarlega við 1. umr. fjárl. á þessu þingi.

Það eru ýmsar ástæður til þess, að till. er nú gerð um þennan nýja banka. Í fyrsta lagi er það von manna, að eitthvað muni verða greiðara um að útvega erlent lánsfé, ef sett er upp sérstök

stofnun hér innanlands til þess að skipta við Alþjóðabankann. Þetta er ein meginástæðan, og hefur þetta oft verið tekið fram áður, þótt það hafi farið fram hjá hv. 4. þm. Reykv. Þá gera menn sér vonir um, að ef sérstök stofnun hefur með höndum forustu um öflun fjárfestingarfjár innanlands, þá muni henni einnig verða betur ágengt heldur en ella mundi verða. Loks er svo gert ráð fyrir, að stofnun þessi verði til ráðuneytis um fjárfestingarmálin.

Hv. 4. þm. Reykv. leggur til, að úr frv. verði fellt það ákvæði, að helmingur af fé mótvirðissjóðs verði lánaður til landbúnaðarþarfa og helmingur í þágu kauptúna og kaupstaða. Segir hann í því sambandi, að erlendur sérfræðingur, sem til hafi verið kvaddur, hafi varað við því að binda í löggjöfinni fjármagn bankans við einstök verkefni. Út af þessu vil ég taka fram, að ákvæði þessi, eins og þau eru í frv., munu ekki spilla samvinnu við Alþjóðabankann. Ákvæðin í frv. eru alveg eins og ákvæði þál., sem á sínum tíma var samþ. hér á hv. Alþingi. Ég vil því ekki mæla með þessari brtt. hv. þm. og vonast til þess, að hv. d. samþykki hana ekki.

Forseti (BSt): Hér liggja fyrir tvær skriflegar brtt., en þar sem ég geri ráð fyrir, að umr. geti ekki orðið lokið í dag, álít ég, að ekki þurfi að leita afbrigða fyrir þeim, og mun ég sjá um að koma þeim í prentun.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 427, n. 540 og 543, 555, 556).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Meiri hl. fjhn. flytur nýja brtt. á þskj. 555. Hún er smávægileg og aðeins um það, hvenær l. komi til framkvæmda, að í staðinn fyrir 1. jan. 1953, eins og nú stendur í frv., komi 15. febr. 1953. N. hafði nú ekki yfirsézt um þetta, þó að brtt. komi ekki fyrr en nú, heldur var búið að tala um að bera slíka brtt. fram, en það var komið kvöld, þegar ég var að leggja seinustu hönd á nál., og það hefur einhvern veginn farizt fyrir hjá mér að láta þessa brtt. fylgja hinum brtt., og tek ég alla sök á mig persónulega um það, að þessi till. kom ekki þegar í nál.

Um það, sem fram kom í gær um þetta mál, hef ég ekki margt að segja. Það leiðir af sjálfu sér, að meiri hl. n. fellst ekki á dagskrártill. hv. minni hl., hv. 1. landsk. þm., á þskj. 543, og gerði ég fulla grein fyrir því í gær, hvers vegna meiri hl. þvert á móti vill láta samþ. þetta frv., en ekki vísa því frá. Hæstv. fjmrh. svaraði hv. 1. landsk. þm. það rækilega, að ég hef engu við það að bæta eða að minnsta kosti sáralitlu.

Hv. þm. fannst það nú furðulegt, að það skyldi koma fram till. um það að stofna nýjan banka ofan á þá banka, sem fyrir væru, eins og hann orðaði það. Það kann að virðast svo, en það hefur þá eitthvað skeð furðulegt í þeim efnum fyrr. Það er nú ekki nema um það bil ár síðan þessi sami hv. þm. stóð að því að stofna nýjan banka, þó að þrír bankar væru þá fyrir. Ég á við stofnun Iðnaðarbankans, sem hv. þm. og hans flokksmenn munu hafa samþ. að stofna. Ástæða hans og hans flokksmanna hefur sjálfsagt verið sú, að þeim hefur fundizt þeir bankar, sem fyrir voru, ekki sinna nægilega þörfum iðnaðarins og ef til vill ekki geta sinnt þörfum iðnaðarins nægilega og þess vegna viljað, að sérstakur iðnaðarbanki væri stofnaður. Það er nú ákaflega svipað, sem hér er að gerast. Það, sem enn vantar, þrátt fyrir alla þessa banka, til þess að eðlilegri lánsfjárþörf þjóðarinnar sé fullnægt, er það, að það eru enn litlir möguleikar á að fá stofnlán eða lán til langs tíma af þeim ástæðum, sem ég gerði fyllilega grein fyrir í gær. Á hverju þingi undanfarið hefur ríkisstj. verið falið að útvega ýmis slík lán og endurlána þau svo innanlands. Og enn fleiri till. hafa komið fram um þetta heldur en samþ. hafa verið, og hv. 1. landsk. þm. og hans flokksmenn hafa staðið að mörgum af þeim till. og samþ. allar þær, sem samþ. hafa verið. Eins og ég gerði grein fyrir í gær, þá á bankinn, sem nú er fyrirhugaður, að taka við þessum verkefnum, þannig að ekki þurfi sífellt að vera að fela ríkisstj. að taka hin og þessi lán til smáíbúða, verkamannabústaða o. s. frv.

Það, sem hv. þm. talaði um það, að það liti út fyrir, að þessi Framkvæmdabanki ætti að fá alræðisvald í fjármálum þjóðarinnar, er auðvitað sagt alveg út í hött. Það er, eins og allir sjá, ætlazt til þess, að bankinn verði stofnaður með lögum. Öll lög, sem Alþ. setur, hafa það eðli, að Alþ. getur afnumið þau aftur. Alþ. getur lagt þennan banka niður, ef því sýnist svo, og sjálft ríkið stofnar hann og á hann og rekur hann. Ein ríkisstofnun, sem í öllu lýtur löggjafarvaldi þingsins og framkvæmdarvaldi því, sem þingið ákveður hverju sinni, getur vitanlega ekki haft neitt alræðisvald í fjármálum þjóðarinnar. Ofan við slíka stofnun stendur ríkisstj. og Alþ., sem hvorki gerir með þessu frv. né getur gert það að afsala valdi yfir fjármálum þjóðarinnar í hendur einstakrar stofnunar.

Hv. þm. spurði, hvernig þjóðin hefði komizt af áður eða fram til þessa tíma og hvort hún gæti ekki komizt af enn án þessa banka. Ja, svo hefur nú ef til vill mátt spyrja fyrr. Gat ekki þjóðin komizt af bankalaus eins og áður, meðan enginn banki var til í landinu? Gat hún ekki komizt af, eftir að komnir voru tveir bankar, Landsbankinn og Íslandsbanki, og gat hún ekki komizt af, eftir að komnir voru hér þrír bankar? Þurfti að fara að stofna nýjan banka í fyrra? Þannig er það nú; þjóðlífið er í vexti, og það er talað um útþenslu í opinberum rekstri, bankarekstri sem öðru. Sú útþensla er á ýmsan hátt eðlileg, eftir því sem verkefni þjóðfélagsins vaxa. Hér er fyllilega gerð grein fyrir því verkefni, sem hinni nýju bankastofnun er ætlað að hafa með höndum og ljóst er, að engin bankastofnun hefur nú með höndum.

Tal hv. þm. um, að Bandaríkin fyrirskipuðu það að stofna þennan banka, er auðvitað líka út í hött. Það getur vel verið, að eitthvað hafi verið stuðzt við ráð frá starfsmanni frá Alþjóðabankanum. Ég er því ekki svo kunnugur. En þess ber nú að gæta, að Ísland er aðili að Alþjóðabankanum, og er ekkert meira við það að athuga, þó að Ísland sæki einhver ráð til þessa banka, sem er fyrir að minnsta kosti vestrænar þjóðir

og kallaður Alþjóðabanki, heldur en hver annar viðskiptamaður sækir kannske ráð til síns viðskiptabanka. Annars er það nú svo, að hv. þm. virtist nú í sinni ræðu aðallega styðjast við álit eins af stjórnendum Alþjóðabankans, því að ég veit ekki betur en Jón Árnason bankastjóri sé í stjórn Alþjóðabankans, og uppistaðan í ræðu hv. 1. landsk. þm. var að ýmsu leyti það, sem Jón Árnason hefur til málanna að leggja í bréfi, sem hann hafði skrifað viðskmrh. og prentað er sem fskj. með nál. hv. minni hluta. Þetta er að vísu nýtt. Jón Árnason hefur nú ekki hingað til verið neitt „autoritet" í augum þessa hv. þm. og hans flokksmanna, en hann virðist vera orðinn það nú, og þó að ég sé ekki að öllu leyti sammála Jóni Árnasyni um þetta, þá hef ég oft verið sammála honum um ýmis mál, og ég harma það, að hv. 1. landsk. þm. skyldi ekki uppdaga það fyrr og löngu áður, að honum væri hollt að fylgja ráðum Jóns Árnasonar.

Út af því, sem hann sagði um mótvirðissjóðinn og afskipti Bandaríkjanna af honum og till. Jóns Árnasonar um að endurgreiða mótvirðissjóðinn á sínum tíma, vil ég segja það, að ég hef alltaf skilið það svo og skil það svo enn, að Bandaríkin hafi ekki nein afskipti af því, hvernig við verjum mótvirðissjóði, nema af fyrstu lánunum, sem úr honum eru veitt. Það liggur undir þeirra samþykki. Þegar svo lánin endurgreiðast og farið er að ráðstafa því endurgreidda fé, þá veit ég ekki til, að það sé á nokkurn hátt háð afskiptum Bandaríkjanna eða samþykki, hvernig með það fé er farið, sem endurgreitt hefur verið, og ef svo er, sem ég veit ekki til, þá verð ég nú að taka undir með hæstv. fjmrh., að ég sé ekki, að þetta frv., þótt að lögum verði, breyti nokkru um það efni. Það eru að minnsta kosti engin ný ákvæði í þessu frv. um það, að Bandaríkin eigi að ráða nokkuð yfir mótvirðissjóði eða því fé, sem í honum er og úr honum er lánað. — Hvað það snertir, að við ættum að endurgreiða mótvirðissjóðinn, þá get ég ekki fallizt á það. Skal ég ekki fara langt út í það og mjög lítið, en mér finnst fyrir mitt leyti, að við eigum hann með fullum rétti. Ég álít, að við Íslendingar getum gjarnan skoðað hann sem eins konar greiðslu fyrir það, sem við höfum látið af mörkum öðrum þjóðum, ekki einasta Bandaríkjunum og öðrum vestrænum þjóðum, heldur öllum þeim þjóðum, sem nú kalla sig hinar Sameinuðu þjóðir. Skal ég ekki rökstyðja það nánar, en þetta er mín sannfæring. Þetta hefur verið látið til okkar sem óendurkræft fé, og mér finnst það vera full eign okkar og það væru allt of mikil „flottheit", ef svo má að orði kveða, að fara að endurgreiða þetta aftur eða gefa, endurgefa það, og alveg óvíst, að viðkomandi vildi þiggja slíka gjöf. Hitt er svo rétt, sem hv. þm. vék að sem sinni skoðun, að hann sagðist vilja afþakka kurteislega öll amerísk afskipti af fjármálum Íslands; það viljum við allir gera. Hitt er annað mál, að það getur vel verið, að ástæða þyki til að biðja erlenda fjármálamenn um ráð að einhverju leyti viðvíkjandi fjármálum Íslands. Sé ég ekki neitt við það að athuga. Það er ekki meiri minnkun fyrir neina þjóð að biðja um ráð út af fjármálum sínum reyndari menn í því efni heldur en t. d. þegar ein þjóð fær útlenda tæknilega aðstoð til eins og annars; eða ég sé það ekki. Að fá slík ráð er auðvitað allt annað en að viðurkenna yfirráð annarrar þjóðar yfir málefnum landsins, hvort það eru fjármál eða annað. Þó að útlendir verkfræðingar t. d. séu fengnir til að standa fyrir brúarbyggingu hér, á einhverri stórbrú, þá er það ekki það sama eins og að fela þeirri þjóð, sem verkfræðingarnir eru frá, að ákveða, hvað margar brýr skuli byggðar hér á landi og á hvaða ám. Þetta er tvennt ólíkt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara út í þessa ræðu hv. 1. landsk. þm. frekar og vísa til ræðu hæstv. fjmrh. í því efni.

Hv. þm. Barð. gerði hér grein fyrir sínum fyrirvara, sem hann gerði um fylgi við frv., og hafði það allt saman komið fram í n. Ég get verið honum sammála um það, að 8. gr. frv. er fremum óákveðin, en það er nákvæmlega sú samþykkt, sem Alþ. hefur áður gert, sem í 8. gr. felst, og tímarnir eru nú svo breytilegir, að ég efast alveg um, að við getum í dag gert nokkra tæmandi upptalningu á því, hvað ætti að heyra til landbúnaðar og hvað ætti að heyra til framkvæmda í þágu sjávarútvegsins og sjávarsíðunnar. Maður verður að treysta því, að stjórn bankans meti þetta á hverjum tíma og í hverju einstöku tilfelli.

Það gladdi mig, að hv. þm. gerði sig nokkurn veginn ánægðan með þá breyt., sem meiri hl. hafði gert við 14. gr. frv. Ég get ekki fallizt á það, sem hann virtist nú óttast, að það mundi verða skipt um skrifstofustjóra í fjmrn. í hvert skipti sem stjórnarskipti yrðu, einmitt vegna þessa frv. Með fasta embættismenn er það ekki venja, og ef slíkum embættismönnum eru falin einhver ákveðin störf, þá vinna þeir að þeim sem embættismenn, en ekki sem flokksmenn, og er hægt að fá nóg dæmi til þess og það miklu meira áberandi heldur en þetta um skrifstofustjórann. Ég skal t. d. nefna það, að hér var um 13 ára bil embættismaður, sem kallaður var landritari og var staðgengill ráðherrans, en þá var ráðh. einn og þurfti oft að vera í siglingum. Landritarinn þurfti beinlínis að koma fram fyrir ráðherrans hönd í mörgum tilfellum, jafnvel mæta fyrir hann á Alþ. stundum og ekki svo sjaldan. Það voru á þessu 13 ára tímabili 5 ráðh. af ýmsum flokkum, og þetta gekk allt vel, að þessi eini maður væri staðgengill þeirra allra, svo að ég held, að þetta sé ekki að óttast.

Viðvíkjandi aths. hv. þm. Barð. við 9. gr., þá skildist mér nú, að hann hefði sætt sig við niðurstöður n., þó að hann geri lítið úr þeirri breyt., sem meiri hl. leggur til að gera á þeirri grein og ég skal játa og játaði í gær að ekki er beint mikils virði. Eins og ég færði rök fyrir í gær, þá sé ég ekki mikinn mun á þessu, eins og ákveðið er í frv., að veita þessa föstu heimild til lántöku erlendis með ábyrgð ríkissjóðs, eða hinu, sem tíðkazt hefur og vafalaust mundi verða, að stjórnin kannske gæfi út brbl. um heimild fyrir bankann til að taka erlend lán. Hv. þm. Barð. sagði, að slíkar einstakar heimildir þingsins væru tímabundnar og giltu ekki nema til næsta þings. En það er nú hæpið. T. d. þegar heimild er gefin til lántöku til lengri tíma,

eins og oft hefur komið fyrir, og lán hefur verið tekið í útlöndum samkv. l. frá Alþ. — eða brbl. í fyrstu og síðar l. frá Alþ. — til margra ára, þá er það ekki tímabundið. Ja, það er að vísu tímabundið, en það er ekki tímabundið til eins árs. — Nú orðlengi ég þetta ekki frekar, því að hv. þm. hefur á allan hátt sýnt lipurð og samvinnuvilja í n., og mér virtist, að hann mundi ekki gera sína sérstöðu að neinu kappsmáli, úr því sem komið er, en láta sitja fyrir það aðalatriðið, sem er, að hann er því meðmæltur, að þessari stofnun verði komið á fót, og vill ekki láta ágreining um ýmis minni atriði valda því að tefla þessu máli á nokkurn hátt í tvísýnu. Kann ég honum þakkir fyrir það.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur borið hér fram brtt. á þskj. 556 og boðaði þær brtt. í gær og talaði fyrir þeim. Sú fyrri er um það að fella niður það ákvæði frv., að bankanum sé afhent hlutabréf í áburðarverksmiðjunni, 6 millj. kr., og stofnféð þar með lækkað niður í 95 millj. kr. Meiri hl. n. vildi að vísu ekki afhenda hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands, sökum þess að ríkið er búið að eiga þau bréf lengi og fulltrúi ríkisvaldsins að fara með atkv. á fundum Eimskipafélagsins án milliliða, og þetta var nú meira svona tilfinning fyrir okkur nm. heldur en beinlínis það, að við teldum það svo skaðlegt að afhenda þessi bréf. Það gegnir allt öðru máli með áburðarverksmiðjuna. Hún er að töluvert miklu leyti byggð fyrir sams konar fé og hér er um að ræða, m. ö. o. fyrir lán úr mótvirðissjóði, og á bankinn að taka við þeim skuldabréfum samkv. öðrum ákvæðum frv., og okkur fannst þá ekki saka eða vera neitt viðkvæmt, þó að bankinn fengi þessi hlutabréf sem stofnfé. Bæði hv. 4. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. þm. hafa talað um þessa hlutabréfaafhendingu í þeim tón eins og ríkið gæfi þessi hlutabréf og tapaði þar með öllum rétti yfir þeim. Mér skildist meira að segja á hv. 1. landsk. þm., að hann byggist við, að þessi hlutabréf kynnu bara að fara í brask með þessu móti. Hæstv. ráðh. benti honum á það, að bankinn má hvorki selja né veðsetja þessi bréf. Og ég vil þá benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að þó að bankinn fái þessi bréf sem stofnfé, þá eru þau eftir sem áður eign ríkisins, því að bankinn er eign ríkisins og allt stofnfé hans er þar af leiðandi eign ríkisins. Það er þess vegna ekki hægt að sjá það, að hér sé nein hætta á ferðum, og þó að meðferðin á þessu, t. d. meðferð atkv. á hluthafafundi, kynni að verða einhver önnur hjá fulltrúa bankans heldur en hjá fulltrúa ríkisins eða ríkisstj., — það kynni að vera hugsanlegt, — þá eru nú allmiklar líkur til þess samt, að þar verði mjög farið að vilja Alþ., þegar þess er gætt, að Alþ. kýs meiri hlutann í yfirstjórn bankans. Þess vegna finnst mér þessi ótti, sem kemur fram út af afhendingu þessara bréfa, alveg ástæðulaus. Og náttúrlega eru það bankanum hagsmunir, að stofnféð sé frekar meira heldur en minna, og þess vegna er þessi till. frekar til að rýra bankann og gildi hans. Þess vegna er meiri hl. á móti þessari till. Þetta atriði hefur áður verið rætt í n., og a. m. k. þrír nm., sem eru í meiri hl. n., eru því algerlega mótfallnir að fella þetta niður.

Þá hygg ég, að ég megi fullyrða það, að allur meiri hl., 4 nm., sé síðari brtt. hv. 4. þm. Reykv. mótfallinn, þ. e. að fella niður 8. gr., um það, að helmingurinn af fé mótvirðissjóðs, sem verður varið til útlána, skuli fara til þeirra framkvæmda, sem eru í þágu landbúnaðarins, en hinn helmingurinn í annað. Það er ekki nema ár síðan þetta var beinlínis samþ. af Alþ., og það sitja yfirleitt sömu menn á Alþ. nú eins og þá. Þess vegna er það auðsætt, að hv. þm. getur ekki gert sér neina von um það, að þessi till. verði samþ., og jafnvel þó að till. yrði samþ., þá stendur ályktun Alþ. í gildi eins fyrir því. Að vísu er sú ályktun ekki lög, en það er þó líklegt, að eftir henni yrði farið að miklu leyti að minnsta kosti. Ég ætla ekki að fara út í það mál, hvaða rök liggja að því, að það er réttmætt að tryggja þetta. Það vita allir, að það háttar svo til í landinu nú, að ef ekki er fyllilega hlynnt að sveitum landsins, þá liggur við landauðn, að minnsta kosti víða, og munu flestir sammála um það, að slíkt væri ekki til þjóðþrifa. Fyrir hönd meiri hl. legg ég því einnig til alveg eindregið, að þessi síðari brtt. á þskj. 556 verði felld.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Hv. frsm. sagði hér áðan, að þessi banki væri stofnaður vegna þess, að það væri erfitt að fá stofnlán og lán til langs tíma, og þess vegna þyrfti á sérstökum banka að halda til þess. Mér er nú þetta algerlega óskiljanlegt, hvernig það getur orðið auðveldara að fá stofnlán og lán til langs tíma, þó að sé stofnaður sérstakur banki, og hafa engin rök verið færð fyrir því, en ég kem síðar að þessu atriði, vegna þess að þetta eru nokkuð lík rök og hæstv. fjmrh. hélt fram í sinni frumræðu við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. Þá vildi hv. þm. ekki viðurkenna, að það væri rétt hjá mér, að þessum banka væri falið eins konar alræðisvald í fjármálum þjóðarinnar. Nú, ég held því fram, að þessum banka sé falið geysilega mikið vald, sem megi heita drottnunarvald í efnahagslífi þjóðarinnar. En hv. þm. færði þau rök fyrir sínu máli, að Alþ. gæti hvenær sem væri afnumið þessi lög. Þetta eru nú með einkennilegri rökum, sem ég hef heyrt færð fram fyrir frv., — þau rök, að það væri hægt að afnema lögin aftur. Rökin fyrir því að setja löggjöfina eru því þau, að Alþ. geti afnumið lögin aftur.

Um afskipti Bandaríkjanna sagði hv. þm., að um slíkt væri ekki að ræða, heldur væri hér aðeins að ræða um ráðleggingar erlendra manna. Við skulum nú athuga, hvað í grg. frv. stendur. Þar stendur svo: „Frv. er í meginatriðum í samræmi við till., sem samdar voru af erlendum sérfræðingi og n. hafði til hliðsjónar í starfi sínu," þ. e. a. s. gjaldkera Alþjóðabankans. M. ö. o., þessi gjaldkeri Alþjóðabankans hefur samið frv. Síðan er það eitthvað fært í stílinn og komið í íslenzkan búning. Það er þetta, sem hér er um að ræða. Og hvaða rök færir svo þessi erlendi sérfræðingur fyrir því, að það sé nauðsynlegt að setja þessi lög? Jú, þau, að Alþjóðabankinn kýs heldur „að lána slíkt fé fyrir milligöngu stofnunar, sem getur rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lán-

takanda.“ Ekkert annað. M. ö. o., þessar erlendu ráðleggingar eru ekki studdar við nein íslenzk rök. Það eru bara erlendar „ráðleggingar“, og vegna þess að það eru erlendar ráðleggingar, þá er þeim tekið. M. ö. o., rökin eru aðeins vilji þessarar erlendu stofnunar og ekkert annað. Og þegar um slíkar „ráðleggingar“ er að ræða, þá leyfi ég mér að kalla það fyrirmæli.

Um það, sem hv. þm. sagði um mótvirðissjóðinn, ræði ég nokkuð síðar.

Hæstv. fjmrh. sagði í gær ýmislegt til þess að andmæla ræðu minni. Ég sagði í ræðu minni í gær, að Landsbankinn hefði gert athugasemdir við nokkur veigamestu atriði frv. og mótmælt þeim. Hæstv. fjmrh. vildi ekki viðurkenna, að þetta væri rétt með farið, en ég nefndi þau atriði, sem bankinn er ósammála og lýsti sig andvígan, og það eru ákvæðin um verzlun bankans með hlutabréf og heimildin til lántöku erlendis án samþykkis Alþ. Ég tel þetta mjög veigamikil atriði. Hér fer því ekkert á milli mála. Hæstv. ráðh. sjálfur taldi, að lántökur erlendis væru einmitt það atriði, sem fyrst og fremst gerði nauðsynlegt, að þessi banki yrði stofnaður. Sjálfur taldi hann einmitt þetta atriði slíkt höfuðatriði.

Þá sagði hæstv. ráðh. varðandi áburðarverksmiðjuna, að það væri ekki heimilt að selja hlutabréf hennar, heldur væri það bannað. Vitaskuld er það alrangt hjá hæstv. ráðh., heldur er hér aðeins um það að ræða, að til þess að selja hlutabréfin þarf samþykki Alþ. Og það Alþ., sem afhendir bankanum hlutabréfin í þeim eina yfirlýsta tilgangi að selja þau síðar, er líklegt til að láta ekki á sér standa að veita slíkt samþykki, þegar um er beðið. Ef ekki er tilgangurinn að selja hlutabréfin, hver er þá tilgangurinn með afhendingu þeirra til bankans? Eins og á var bent hér í gær af hv. 4. þm. Reykv., þá er alveg tilgangslaust fyrir peningastofnun að liggja með hlutabréf, sem hún má ekki ráðstafa. Formaður n. þeirrar, sem frv. samdi, lýsti yfir, að tilgangurinn með ákvæðinu væri að selja hlutabréfin síðar. Nærri má nú geta, hvort hann, formaður n., hefur ekki rætt málið við hæstv. ríkisstj., áður en frv. var lagt fram af hennar hálfu fyrir Alþ., enda engin önnur rök borin fram fyrir þessu ákvæði — alls engin.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að æðsta valdið væri í höndum bankaráðs, en ekki bankastjóra. Nú, í „praksis“ veit maður, hvernig þetta er. Í raun og veru er það bankastjórinn, sem ræður, og þannig held ég að reynslan hafi orðið í öðrum bönkum. Hitt mun yfirleitt vera alveg undantekning, að bankaráð taki fram fyrir hendur bankastjóra. Auk þess benti ég á, að bankaráðið er þannig skipað, að það getur um langan tíma verið í algeru ósamræmi við vilja Alþ. Alþ. kýs 3 menn af 5 í bankaráðið, og þar sem um hlutfallskosningu er að ræða, þá má gera ráð fyrir, að að minnsta kosti einn maður sé jafnan fulltrúi minni hlutans. Auk þess er ráðið kosið til 6 ára, en ekki til 4 ára eins og Alþ.

Hæstv. fjmrh. undraðist það mjög, að ég skyldi viðurkenna, að góð og gild rök gætu komið frá Jóni Árnasyni. Góð rök eru jafngóð, hvaðan sem þau koma, og ég mundi telja þau jafngild, jafnvel þó að þau kæmu frá hæstv. fjmrh., enda þótt ég vænti þeirra yfirleitt ekki úr þeirri átt.

Hæstv. fjmrh. sagði, að Jón Árnason hefði ekki talið upp öll verkefni bankans í sínu áliti, en aðalverkefni hans væru, sagði hæstv. ráðh., í fyrsta lagi að útvega fé innanlands, í öðru lagi að semja um lántökur erlendis og í þriðja lagi að vera stjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Jón Árnason taldi upp öll þessi verkefni, og hann sýndi fram á með skýrum rökum, sem engin rök hafa komið á móti, að öll þessi verkefni gætu þær stofnanir, sem fyrir eru í landinu, bankar og fjárhagsráð, eins vel annazt. Hvaða rök hefur hæstv. fjmrh. fært fyrir því, að Landsbankinn og fjárhagsráð væru nú allt í einu orðin ófær til þess að annast þessi verkefni? Bókstaflega engin.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að mótvirðissjóðurinn og erlend afskipti af honum væru ekkert vandamál, því að ef við létum mótvirðissjóðinn liggja þar sem hann er, eins og hann komst að orði, án þess að nota hann, þá kæmu engin slík afskipti til greina. Ja, mikið var. En er þá nokkur furða, þótt mönnum verði á að spyrja, hvort þá sé ekki alveg eins gott að endurgreiða hann eins og að láta hann liggja óhreyfðan, a. m. k. ef hægt væri að komast að samkomulagi um endurgreiðslu hans með þeim hætti, að okkur væri það kleift af gjaldeyrisástæðum, t. d. þannig, að við fengjum að láta afgangsvörur, sem við höfum enga markaði fyrir, sem endurgreiðslu fyrir sambærilegar vörur, sem við höfum fengið frá Bandaríkjunum og hafa orðið til þess, að mótvirðissjóðurinn hefur myndazt? Það virðist sanngjarnt.

En það, sem um er að ræða, er að nota sjóðinn, — ekki að láta hann liggja, heldur að nota hann. Það er það, sem er til umræðu. Og einmitt í því tilfelli koma afskipti Bandaríkjamanna til greina. En það, sem er aðalatriðið í þessum ummælum hæstv. fjmrh., er viðurkenning hans á því, að Bandaríkin geri einnig framvegis kröfu til afskipta af þessum sjóði, eftir að búið er að ráðstafa öllu mótvirði hins óafturkræfa framlags þeirra, því að þessu framlagi, hinu óafturkræfa framlagi, hefur þegar að mestu verið ráðstafað. Ummæli fjmrh. verða því ekki skilin á annan veg en þann, — ég átti ómögulegt með að skilja þau á annan veg en þann, að afskiptin eigi að halda áfram, einnig að því er tekur til þess fjár, sem myndast við endurgreiðslu lána úr sjóðnum. Þetta er í fullu samræmi við það, sem beinlínis er gengið út frá í öllum hugleiðingum Jóns Árnasonar, enda þótt hann segi, að um þetta liggi ekki fyrir nein bein opinber fyrirmæli frá Bandaríkjastjórn. En ég held, að það megi ganga að því vísu, að Jón Árnason gengur ekki út frá öðrum forsendum í þessu efni en þeim, sem hann veit að ekki eru staðlausir stafir, ekki öðrum forsendum en þeim, sem hann veit að eru réttar.

Hæstv. fjmrh. segir, að það skipti engu máli, hvort komið sé upp stofnun, sem eingöngu fer með ráðstöfun mótvirðissjóðs, eða farin sé sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Þegar nú frv. er athugað, þá sjáum við, að þetta getur ekki staðizt. Í Framkvæmdabankanum er mótvirðissjóði og öðru fé til stofnlána algerlega blandað saman. Og það er sýnilegt, að Bandaríkin gera kröfu til

afskipta af allri þessari starfsemi, bæði í krafti þess réttar, sem þau telja sig hafa yfir mótvirðissjóðnum, og einnig með tilstyrk Alþjóðabankans. Til þessa hafa þau engan samningsbundinn rétt haft yfir neinni fjárhæð, sem notuð er til framkvæmda innanlands, nema þeim röskum 300 millj., sem safnazt hafa í mótvirðissjóð vegna hinna óafturkræfu framlaga, en nú sýnist mér, að bæði hæstv. fjmrh. og grg. frv. viðurkenni rétt þeirra til miklu viðtækari afskipta, jafnvel til afskipta af hvers konar meiri háttar framkvæmdum í landinu.

Nú vita allir, að opinber afskipti Bandaríkjanna af íslenzku efnahagslífi hafa einnig til þessa verið miklu viðtækari en að því er tekur til mótvirðissjóðs, því að samkv. l. um Marshallaðstoðina áskilja þau sér rétt til afskipta af skráningu gjaldeyris, af afgreiðslu fjárlaga og af verzlun okkar við önnur lönd, þ. e. af öllum grundvallaratriðum íslenzks efnahagslífs. En hin óopinberu afskipti eru þó óefað miklu viðtækari, og þar hljóta hinir óinnvígðu að byggja meira eða minna á getgátum. En víst er um það, að í þessu efni munu fáir vera öllum hnútum kunnugri en einmitt Jón Árnason bankastjóri. Og það fer ekki milli mála, að hann er sannfærður um, eða réttara sagt, hann veit það vel, að stofnun Framkvæmdabankans hefur einmitt það hlutverk að gera þessi afskipti gildandi á þann hátt, sem Bandaríkjamenn kjósa helzt. Um það ber allt álit hans glöggt vitni.

Hæstv. ráðh. hefur verið að strítast við að finna íslenzk rök fyrir stofnun þessa banka, en það hefur gengið erfiðlega. Í gær sagði hann, að æskilegt væri að stofna banka, í fyrsta lagi til þess að greiða fyrir útvegun erlends lánsfjár og í öðru lagi til þess að hafa forustu um fjárfestingu innanlands. Hann var spurður, hvaða rök lægju til þess, að greiðara yrði um útvegun erlends lánsfjár fyrir milligöngu hins nýja banka heldur en Landsbankans. Hann gat engu svarað. Og hvers á nú fjárhagsráð allt í einu að gjalda, þegar það er ekki lengur talið hæft til þess að hafa forustuna um fjárfestinguna í landinu? Ef hæstv. ríkisstj. þarf á nýjum ráðunaut í fjárfestingarmálum að halda, þá er ekki nauðsynlegt að stofna til þess heilan banka, eins og Jón Árnason hefur bent á.

Í framsöguræðunni við 1. umr. drap hæstv. ráðh. á rök, sem eru svo gersamlega haldlaus og utangarna, að hann virtist nú vera búinn að gleyma þeim. En í þeirri ræðu hélt hæstv. ráðh. því fram, að ástæðan fyrir stofnun bankans væri sú, að ekki væri hyggilegt að hafa rekstrarlán eða lán til skamms tíma í sömu stofnun og lán til langs tíma. Þess vegna þurfum við á tveimur landsbönkum að halda, öðrum til þess að lána til skamms tíma, hinum, sem lánar til langs tíma, alveg eins og við þurfum tvö fjárhagsráð, annað sem sér um fjárfestinguna í stórum atriðum og hitt í smáatriðum. Já, það er ekkert smáræðis bákn, sem þarf til þess að stjórna þessu litla landi. En það, sem er merkilegast, er, að jafnglöggur fjármálamaður eins og hæstv. ráðh. skuli ekki hafa uppgötvað þetta fyrr en nú. Það er ekki von, að vel gengi, meðan við höfðum aðeins einn landsbanka og eitt fjárhagsráð, og raunar ekki langt síðan við höfðum ekkert fjárhagsráð. Mér skilst, að ef sama stofnunin ætti að lána til skamms og langs tíma, þá hafi hæstv. fjmrh. haldið því fram, að hætt væri við, að stigið yrði út af þeim vegi, sem ber að fara, og lánað til langs tíma það, sem ætlað er til skamms tíma, m. ö. o., of miklar fjárfestingarframkvæmdir í landinu. Hér kemur fram sama vantraustið á Landsbankanum sem felst í grg. frv. Aðeins er verið að stritast við að finna íslenzk rök, sem engin eru til, í stað þess að í grg. er gengið hreint til verks og aðeins færð fram rök hins erlenda fjármálamanns, eða réttara sagt, rökin eru vilji hans.

Margt hefur stjórn Landsbankans verið fært til foráttu og það með réttu, en það ósanngjarnasta, sem ég hef nokkurn tíma heyrt bankanum borið á brýn, er, að hann sé ekki nógu íhaldssamur í lánveitingum til íslenzkra atvinnuframkvæmda. En auðvitað eru þetta ekkert annað en tylliástæður. Hin rétta ástæða er tekin fram í grg. Hér er um að ræða frv., sem í megindráttum er samið af gjaldkera Alþjóðabankans og tekið við því af hæstv. ríkisstj. Alþjóðabankinn vill, að komið verði upp nýrri stofnun, sem hann treystir til að vera umboðsstofnun sín á Íslandi.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 543 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 556,1 felld með 9:4 atkv.
— 540,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 540,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 540,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 556,2 felld með 9:4 atkv.
8. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 540,4 samþ. með 9:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
10.—13. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 540,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
15.—23. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 555 samþ. með 9 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 563, 564, 566).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 564 og 566. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt hérna litla brtt. á þskj. 566, og svo er önnur brtt. á þskj. 564 frá meiri hl. fjhn., og eru báðar um sama efni, báðar út af því, að í frv., eins og það lá í fyrstunni fyrir, var gert ráð fyrir, að bankinn tæki til starfa með áramótunum, en nú er búið að breyta því og ákveða, að hann taki til starfa, samkv. frv. eins og það

er nú, 15. febr., enda var 1. jan. liðinn, þegar málið var hér til 2. umr.

Till. mín er um það, að fyrir „1. janúar“ í 4. málsgr. 4. gr. komi: 15. febrúar. — Það er um vexti af innstæðufé í Landsbankanum. Er eðlilegt að miða við þann dag, sem bankinn tekur til starfa. — Brtt. meiri hl. fjhn. er aftur um það að bæta bráðabirgðaákvæði við frv., um það, hvenær kjörtími þeirra bankaráðsmanna, sem fyrst eru kosnir, skuli enda, og þótti okkur réttara að miða það við áramót, en ekki við 15. febrúar. Þess vegna er till. okkar sú, að í fyrsta sinn sé kjörtími þeirra, sem fyrst eru kosnir, til ársloka 1958 og þar á eftir yrði það svo miðað við áramót. Það mun vera svo með flestar slíkar n., sem kosnar eru á Alþ., svipaðar þessari, að kjörtíminn er miðaður við áramót, og mun það hentugra að ýmsu leyti. T. d. ef áframhald verður á haustþingum, sem maður veit nú ekki, þá mundi kosning ef til vill frekar farast fyrir, ef miðað væri og einskorðað við stofndag bankans. Hvorug till. er þýðingarmikil, og í sjálfu sér er ekki brýn nauðsyn að samþ. þær, en það mun þó fara betur á því.

ATKVGR.

Brtt. 566 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 564 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, JJós, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, BSt, ÞÞ,

nei: BrB, FRV.

HG greiddi ekki atkv.

6 þm. (GÍG, KK, LJóh, StgrA, BBen, GJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 574).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er nú nokkuð langt síðan þetta mál var lagt fyrir Ed. þingsins. Frv. fylgir allýtarleg grg., og um málið hafa komið fram allýtarleg nál. í hv. Ed. Sé ég því ekki ástæðu til að flytja hér ýtarlega framsöguræðu um málið, en vil aðeins minnast á örfá aðalatriði.

Það er enginn vafi á því, að miklir eru framtíðarmöguleikar á voru landi og mikil auðæfi fólgin í ýmsum náttúrugæðum. Einkum má þar nefna aflið, sem býr ónotað í orkulindunum. Það er sameiginlegt um svo að segja öll þessi gæði, sem ónýtt eru, að það kostar mikið fé að nýta þau. Það er gífurlega mikill stofnkostnaður við að notfæra sér möguleikana. Til þess að hægt sé að koma því við þarf að afla fjár. Það er hugsanlegt að afla fjár með tvennu móti til þessara framkvæmda, annars vegar með því að afla fjárins innanlands, hins vegar með því að afla fjárins utanlands. Það hefur verið reynt að fara báðar þessar leiðir jafnan og hefur ekki af veitt, því að alltaf stendur á fjármagni til þess að hægt sé að hagnýta sér náttúrugæðin. Sá háttur hefur verið á hafður um öflun fjármagns erlendis frá til meiri háttar framkvæmda, að ríkissjóður hefur yfirleitt verið lántakandi og síðan hefur fé verið lánað frá ríkissjóði til þeirra framkvæmda, sem hverju sinni hafa verið efst á baugi. Það er hægt að segja ýmislegt til stuðnings þessari leið, og það er einnig hægt að benda á ýmsa ágalla, sem fylgja því, að ríkissjóður sé ávallt lántakandinn, þegar um fjáröflun erlendis er að ræða. Ég skal ekki fara langt út í það hér, en þetta frv. er byggt á því, að það muni vera heppilegra að gera minna að því heldur en hingað til, að ríkissjóður sjálfur sé beinlínis lántakandi, en beina þessum málum heldur yfir á þá braut að setja upp í landinu stofnun, sem taki flest þeirra erlendu lána, sem aflað er erlendis og eiga að vera til fjárfestingar.

Fjáröflun innanlands til verklegra framkvæmda hefur verið nokkuð í molum. Enginn þeirra banka, sem starfað hafa í landinu fram að þessu, hefur haft það sérstaka hlutverk að afla lánsfjár innanlands til langs tíma. Þær bankastofnanir, sem við höfum, taka á móti fé í sparisjóði, sem yfirleitt er lagt þangað til stutts tíma, en hafa sáralítið að því gert að reyna að afla lánsfjár til langs tíma. En öflun lánsfjár innanlands til langs tíma er vitanlega alveg óhjákvæmileg nauðsyn, ef fjárfestingarlán eiga að vera lánuð af innlendu fjármagni. Það er ekki hægt að lána í stórum stíl fjármagn til fjárfestingar af innlendu fjármagni, ef féð er aðeins bundið til örstutts tíma, þannig að það getur orðið tekið út úr bönkunum svo að segja hvenær sem er. Útlán til fjárfestingar til langs tíma verða að byggjast á því, að það fé, sem notað er, sé einnig bundið til langs tíma. Það er engin tilviljun, að forusta um það að útvega lánsfé til langs tíma innanlands hefur verið í molum. Þegar farið er að kryfja þetta til mergjar, þá sést, að það byggist á því m. a., að það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þær bankastofnanir, sem aðallega byggja starfsemi sína á sparisjóðsfé og fyrst og fremst hafa það hlutverk með höndum að annast rekstrarlán til framleiðslunnar, gangi mjög hart fram í því að festa fé til langs tíma til fjárfestingarlána. Það er vegna þess, að þetta tvennt rekur sig nokkuð á. Ef lán eru boðin út af mikilli atorku og gerðar ráðstafanir til þess að selja skuldabréf innanlands til langs tíma, þá má gera ráð fyrir því, að eitthvað af því fé, sem gengur til skuldabréfakaupanna, sé tekið út af sparisjóðsreikningunum og verði það þá til þess að þeir bankar, sem annast rekstrarfjárlánin, hafi heldur minna sparifé. Þetta sjónarmið kemur afar oft fram einmitt í sambandi við þessi mál. Þegar um það er talað, hvort ganga eigi fram í því að bjóða út lán innanlands til fjárfestingar, þá kemur það sjónarmið iðulega fram frá bönkunum, að það sé vafasamt að vera að leggja vinnu í slíkt, þar sem féð verði bara tekið út af sparisjóðsreikningunum. En vitanlega er það hættulegt, ef þessi skoðun er ráðandi, vegna þess, hve þýðingarmikið er einmitt að binda eins mikið af sparifénu og unnt er til langs tíma. Það eykur einnig sjálfan sparnaðinn, þegar til lengdar lætur, ef fé er bundið til langs tíma. Það fé er ekki haft handbært til notkunar hvenær sem er eins og sparisjóðsinnstæður.

Þegar Alþjóðabankinn var stofnaður fyrir

nokkrum árum, tóku Íslendingar ásamt mjög mörgum öðrum þjóðum þátt í þeirri bankastofnun. Það er hlutverk Alþjóðabankans að afla fjár í þeim löndum, þar sem fé er helzt aflögu, þar sem hægt er að selja skuldabréf, og lána þetta fé aftur í þau lönd, þar sem þörf er á því að flytja inn fjármagn til fjárfestingar og þá eingöngu til fjárfestingarframkvæmda. Alþjóðabankinn lánar eingöngu til fjárfestingarframkvæmda og eingöngu fyrir þeim hluta af stofnkostnaðinum, sem svarar til innfluttra véla eða tækja eða byggingarefnis. Hann lánar ekki fyrir innanlandskostnaði við framkvæmdir í þeim löndum, sem hjá honum taka lán.

Nokkru eftir að Alþjóðabankinn var stofnaður, setti íslenzka stjórnin sig í samband við hann að sjálfsögðu, enda hafa Íslendingar þar fulltrúa, þar sem þeir eiga einn bankaráðsmann eins og aðrar þjóðir, sem taka þátt í þessari bankastofnun. Voru umræður teknar upp um viðskipti Íslands við bankann í framtíðinni og hvort ekki mundi vera hægt að gera ráð fyrir því, að Íslendingar gætu fengið á næstunni lán til ýmissa þeirra framkvæmda, sem mest á riði að koma hér áleiðis.

Alþjóðabankinn hefur þann hátt á, að þegar eitthvert land snýr sér til hans og stingur upp á viðskiptum, þá lætur Alþjóðabankinn sérfræðinga sína, bæði hagfræðinga og aðra fjármálamenn og þá „teknisku" ráðunauta, sem hann hefur yfir að ráða, — þá lætur hann slíka fulltrúa af sinni hendi kynna sér, hvernig ástatt er í því landi, sem fer fram á lán, bæði hvaða áhugamál eru þar efst á baugi um fjárfestingu, hvort bankanum sýnist skynsamlegt að lána til þeirra framkvæmda, sem þar eru á prjónunum, og enn fremur að kynna sér allan fjárhag, allt fjármálaástand og atvinnumálaástand í viðkomandi landi, allt til þess að gera sér grein fyrir, hversu tryggur viðskiptavinur landið geti orðið og hversu öruggt sé að trúa því fyrir peningum. Þess vegna sendi bankinn að sjálfsögðu, að vísu ekki nefnd manna, heldur einn mann hingað til þess að kynna sér fjárfestingarmálefni Íslands í sambandi við fyrstu lánbeiðnir, sem lagðar voru fram, en það voru lánbeiðnir vegna Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar. Fjárhagsmálin voru mjög ýtarlega rædd við þennan fulltrúa og síðar við fleiri fulltrúa Alþjóðabankans, eftir að samningar héldu áfram um þessi málefni í bankanum sjálfum í framhaldi af þessari sendiför. Varð niðurstaðan sú, að Íslendingar fengu nokkur lán, eins og hv. þm. er kunnugt, lán til virkjananna, lán til áburðarverksmiðjunnar og lán til landbúnaðarins, og í athugun er nú um aðrar lántökubeiðnir til landbúnaðar og sementsverksmiðju.

Í sambandi við þessi mál bentu forráðamenn Alþjóðabankans á einn mjög veikan blett í okkar fjárfestingarstarfsemi, sem okkur var að sjálfsögðu mjög vel ljóst sjálfum að var fyrir hendi. Það var, hve okkur gengi illa sjálfum að leggja fram íslenzkt fé á móti því erlenda fé, sem við fengjum að láni. Í þessu sambandi er það auðvitað einkum áberandi, að til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar er sáralítið annað fé notað en það, sem fengið er að láni erlendis, fengið er erlendis sem gjafafé og svo fé mótvirðissjóðs. Þegar til frekari stórframkvæmda kemur, þá sýnir sig, að innlenda fjármagnið vantar, þótt erlent fé kynni að fást.

Það var sameiginlegt álit þeirra, sem störfuðu að þessum málum af hendi Alþjóðabankans og íslenzku stjórnarinnar, að það mundi vera skynsamlegt fyrir okkur að setja á fót nýja stofnun, sem hefði forustu um fjárfestingarmálin, fjárútvegun til þeirra erlendis og innanlands, og væri einnig ráðgefandi fyrir stjórnarvöldin á hverjum tíma um val þeirra verkefna, sem væru látin sitja í fyrirrúmi. Upp úr þessum athugunum öllum saman er sprottið það frv., sem hér liggur fyrir, en frv. er samið, — að vísu ekki nákvæmlega eins og það er nú, en að mestu leyti eins og það er, — af mþn. í bankamálum, sem gerði það að fyrsta verkefni sínu að íhuga um fyrirkomulag fjárfestingarlánastarfseminnar.

Hlutverk þessa banka er nokkuð öðruvísi en þeirra bankastofnana, sem fyrir eru hér á landi. Bankanum er sem sagt ætlað að hafa forgöngu um að útvega lánsfé erlendis til fjárfestingarlána, og honum er ætlað að útvega fé hér innanlands til langs tíma til þess að lána út aftur til fjárfestingar. Þá er bankanum einnig ætlað að greiða fyrir sölu á hlutabréfum í fyrirtækjum, sem sérstaklega þætti þýðingarmikið að kæmust á fót. Þess vegna er í frv. ákvæði um það, að stofnuninni sé heimilt að kaupa hlutabréf, og þá með það fyrir augum að selja þau aftur. Bankanum er ætlað að reyna að skapa markað fyrir hlutabréf í nauðsynlegum fyrirtækjum. Erlendis er slík starfsemi mjög tíðkuð af ýmsum stofnunum, að þær reyni að greiða fyrir því, að stofnuð geti orðið hlutafélög um þýðingarmikil verkefni með því að taka að sér milligöngu um að selja til almennings hlutabréf. — En höfuðhlutverk bankans er auðvitað að útvega lánsfé erlendis og innanlands og vera til ráðuneytis stjórnarvöldunum um fjárfestingarmál.

Sú spurning kom upp, hvort nauðsyn væri að koma á fót sérstakri stofnun í þessu skyni, hvort ekki væri alveg eins heppilegt eða jafnvel heppilegra að fela þetta einhverri stofnun, sem fyrir er, t. d. Landsbankanum. En við nánari athugun á því máli komust allir þeir, sem að þessu máli unnu, fyrst og fremst bæði sérfræðingar Alþjóðabankans, sem voru til ráðuneytis um málið, ríkisstj. með sínum ráðunautum og bankamálanefndin, að þeirri niðurstöðu, að það væri alveg óhjákvæmilegt að setja á fót nýja stofnun. Það samrýmist yfirleitt ekki að hafa með höndum rekstrarlánastarfsemi og öflun lánsfjár til stutts tíma og einnig öflun lánsfjár til langs tíma og forustu um fjárfestingu. Þetta munu menn sjá því gleggra sem menn hugleiða það betur og skoða meira okkar eigin reynslu í þessu tilliti. Til þess á hinn bóginn að gera þessa stofnun sem allra ódýrasta, þá var tekið það ráð, að öll afgreiðslustörf stofnunarinnar, bókhaldsstörf, reikningsskil og öll afgreiðslustörf yfirleitt, skuli framkvæmd af Landsbankanum. Þarf bankinn því ekki að hafa neitt starfsfólk til þess að annast slík störf, og getur því orðið fátt starfsfólk og hverfandi kostnaður í samanburði við það

gagn, sem af þessu yrði fyrir landsmenn, ef með þessu móti tækist að útvega meira fé erlendis og innanlands til fjárfestingarlánastarfsemi en með öðru móti. En það er einlæg von þeirra, sem að málinu standa, að með þessu móti muni verða hægt að útvega meira fjármagn til fjárfestingarmála og fá betri forustu um þau mál en hægt hefur verið með því fyrirkomulagi, sem verið hefur á þessum málum.

Ég skal svo taka það fram að lokum, að mikil nauðsyn þykir að afgreiða þetta mál einmitt nú á þessu þingi. Ég vil því beina því til hv. fjhn. þessarar d., hvort hún treysti sér ekki til þess að gefa út nál. um málið fljótt, þar sem það hefur nú verið allvel upplýst í hv. Alþ. undanfarnar vikur og hefur hlotið mjög góðan undirbúning. Legg ég svo til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d. að aflokinni þessari 1. umræðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vonast til, að hæstv. fjmrh. hjálpi til að greiða fyrir því, sem hann var að óska eftir í síðasta hluta ræðu sinnar, og ef hann vill, að þetta frv. gangi tiltölulega fljótt í gegnum þingið, þá gefi hann örugg og greið svör með þeim upplýsingum, sem nauðsynlegt er að fá um þetta frv., ef það á að verða afgreitt þannig, að öllum sé ljóst, hvað í því felst. Hafi hins vegar hæstv. fjmrh. eitthvað að dylja í sambandi við þetta frv., þá býst ég við, að hann þegi við óskum um að gefa þær upplýsingar, sem farið verður fram á. Ég sé, að það hefur a. m. k. við umr. málsins fram að þessu í Ed. gengið allerfiðlega að fá þær upplýsingar, sem íslenzkum þm. er nauðsynlegt að fá, svo framarlega sem þeir eiga að geta gert sér rétta hugmynd um þetta frv., og það gæti þess vegna flýtt fyrir afgreiðslu þess, ef upplýsingar væru nú gefnar.

Ef ég á að draga saman í aðalatriðum það, sem mér finnst koma fram sem stefnuyfirlýsing viðvíkjandi þessu frv. út úr ræðu hæstv. fjmrh. og út úr frv. sjálfu, þá er það eftirfarandi: Héðan af, eftir samþykkt þessa frv., þá á ríkið, þ. e. ríkissjóður eða ríkisstjórn, ekki fyrst og fremst að vera milliliðurinn við væntanlega eflingu atvinnuveganna á Íslandi og sérstaklega virkjun okkar fossa, heldur á að skapa þarna nýjan aðila samkv. sérstöku samkomulagi við ameríska Alþjóðabankann og með sérstöku tilliti til þess að efla einkaauðvald á Íslandi. Og ég skal nú reyna að færa rök að því, sem mér þætti mjög vænt um, að hæstv. fjmrh. mótmælti, ef það væri rangt hjá mér, að þetta muni vera tilgangurinn með þessu frv.

Mér fannst hæstv. ráðh. nokkuð daufur í dálkinn, þegar hann var að lýsa því yfir, að það hefði við athugun á þessum málum komið í ljós, að það væri ekki álitið heppilegt, að ríkið væri milliliður t. d. við útvegun fjár og fjárfestingu í virkjun okkar fossa, og þetta hefði komið í ljós í sambandi við samninga við ameríska Alþjóðabankann. Og í frv. eru, eins og ég mun sýna fram á hér, gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að sérstaklega sé ýtt undir einstaka auðmenn á Íslandi, en ekki ríkið og bæjarfélög. Okkur er öllum kunnugt, að ríkið hefur með lögum einkaaðstöðu til virkjunar fossanna og annars slíks. Hingað til hefur líka verið gengið út frá því á Íslandi, að öll stóriðja hér væri óhugsandi öðruvísi en að ríkið ætti hana. Með sérstökum lögum hefur allt atvinnulíf Íslands verið sett undir sérstakt eftirlit ríkisins í gegnum fjárhagsráð og ætlazt til þess, að öll aukning okkar atvinnuvega, öll fjárfesting í landinu væri skipulögð af ríkinu. Nú er því allt í einu lýst yfir, að þarna eigi að breyta um, það hafi komið í ljós í sambandi við umræður við ameríska Alþjóðabankann. Og mín fullyrðing, sem ég mun á eftir leitast við að sanna, er sú, að með þessu frv. sé stefnt að því, að það sé ameríski banki, — og ég kalla Alþjóðabankann í þessu sambandi ameríska banka, vegna þess, eins og hæstv. ráðh. veit, að þá er meiri hl. hlutafjárins í honum eign ameríska manna og bankinn framfylgir algerlega pólitík ameríska auðvaldsins, þrátt fyrir það þó að hin og þessi önnur lönd eigi að nafninu til ofur lítið hlutafé þar í.

Ég álít, að það sé tvenns konar tilgangur með þessu frv., og mun nú reyna að færa sönnur á það, í fyrsta lagi að koma á áframhaldandi eftirliti ameríska auðmanna með íslenzku efnahagslífi og í öðru lagi að knýja fram þá breytingu á íslenzku atvinnulífi að stefna í burtu frá ríkisrekstri og bæjarrekstri yfir í einkarekstur, líka með stóriðjuna. Ég vil aðeins taka það fram, að svo fremi sem það reynist rétt hjá mér, að þetta sé tilgangurinn, þá er það jafnvel í mótsetningu við alla þá stefnu og alla þá venju, sem hingað til hefur ríkt í íslenzku efnahagslífi, og líka í mótsetningu við alla þá stefnu, sem mörkuð var með m. a. þátttöku Sjálfstfl. og Framsfl. í þeirri stj., sem Alþfl. hafði forustuna í 1947, og þar var lögð í lögunum um fjárhagsráð. Ég skal aðeins strax skjóta því inn í, út af því, sem hæstv. ráðh. talaði um, að það hefði gengið svo illa með fjármagn, ef til vill ekki erfiðast að fá að láni þann útlenda hluta, sem þurfti til framkvæmda hér heima, en jafnvel erfiðast með það innlenda, vegna þess, hve lítið fjármagn safnaðist, hve sparnaðurinn væri í molum, — ég skal taka það fram, að þetta, hve illa hefur gengið með þennan hlut, þetta atriði, þessa hlið fjárfestingarinnar, stafar eingöngu af rangri efnahagspólitík ríkisstj. sjálfrar, af því að hún hefur, eins og ég hef svo oftsinnis talað hér um, aldrei skilið, hvað það er, sem skapar auðinn. Hún hefur auðinn gangandi ónotaðan allt í kringum sig, í höndum atvinnuleysingjanna. Hún hefur vinnuafl, sem getur skapað svo skiptir hundruðum millj. kr. á ári af auði, en hún kann ekki, af því að hún skilur ekkert í efnahagslífi þjóðarinnar, að hagnýta þennan auð, sem liggur ónotaður um allt land, til þess að skapa með honum — við skulum segja — stórar virkjanir og annað slíkt. Það er eingöngu fyrir algert skilningsleysi hæstv. ríkisstj., áhugaleysi eða eitthvað annað verra á því, hvaða afl það er, sem skapar auðinn í þjóðfélaginu, að ríkisstj. hefur á undanförnum árum ekki verið fær um að hagnýta þann auð, sem Ísland á, bæði í sínum auðlindum og í sínum verkalýð. Við hefðum aldrei þurft að vera í neinum vandræðum með það innlenda fjármagn til okkar framkvæmda hér heima, svo framarlega sem ríkisstj. hefði skilið þetta. Þetta er ég

reiðubúinn, eins og ég hef lýst oft yfir áður, að ræða við hæstv. ríkisstj., ef hún nokkurn tíma þyrði að hætta sér út í nokkrar umr. um fjárhagsmál, en mun ekki gera frekar að umtalsefni að sinni, aðeins minna hana á, að hún gekk sjálf út frá því, að þessu prinsipi, sem ég hér hef talað um, væri framfylgt, þegar lögin voru sett um fjárhagsráð 1947 og gengið var þá út frá því, að það væri skylda ríkisstj. að sjá um, að allir hefðu næga atvinnu og allt vinnuafl landsins væri þar með fullkomlega hagnýtt.

Ég mun nú þess vegna taka fyrir tvennt, sem ég álít sýna bezt, hvert stefnt er með þessu frv., og reyna að sanna, að það sýni og sanni, að sá tilgangur er með því, sem ég gat um í upphafi míns máls. Ég mun fyrst taka fyrir meðferðina á mótvirðissjóðnum og í öðru lagi áburðarverksmiðjuna.

Eitt höfuðatriðið með þessu frv. er að fá Framkvæmdabankanum sem stofnfé skuldabréfin fyrir lánum úr mótvirðissjóðnum og gefa honum raunverulegt vald yfir þeim sjóði. Og hér er það alveg auðséð á þessu frv., að gengið er sérstaklega út frá því, að þessi mótvirðissjóður eigi að vera nokkurs konar undirstaða að þessum Framkvæmdabanka. Nú vil ég, ef það væri mögulegt, að hv. þm. geri sér ljóst, hvers eðlis mótvirðissjóðurinn er, að minnsta kosti þeir þeirra, sem þykir einhverju máli skipta, hvernig Alþingi ráðstafar eignum ríkisins. Mótvirðissjóðurinn er skilyrðislaus eign íslenzka ríkisins. Íslenzka ríkið á allan mótvirðissjóðinn einsamalt, og það er ekki hægt samkv. lögum að ráðstafa mótvirðissjóðnum án ákvörðunar Alþingis. Hins vegar settu amerísk stjórnarvöld það skilyrði, þegar þau gáfu það útlenda fé, sem mótvirðissjóðurinn er eins konar framlag gegn, að þau þyrftu að samþykkja, til hvers lán íslenzka ríkisins úr mótvirðissjóðnum færu. Mótvirðissjóðurinn er nú sem stendur aðeins sérstakur reikningur í seðlabankanum. Það þýðir, að á sérstökum reikningi í seðlabankanum, sem er — við skulum segja — í eitt skipti 200 millj., annað skipti 300 millj., einhvern tíma kannske 400 millj. kr., — á þessum sérstaka reikningi liggur mótvirði þess fjár, sem við höfum þegið frá Bandaríkjastjórn. Og ég vil strax taka það fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning um, að þessi sjóður þyrfti að gefa Bandaríkjastjórn nokkur sérstök tök á íslenzku efnahagslífi, að þessi mótvirðissjóður er sem sé aðeins sérstakur reikningur í Landsbankanum. Út af fyrir sig er engin þörf á því fyrir Íslendinga að nota nokkurn tíma nokkuð af þessu út úr þessum reikningi. Ég vona, að flestir skilji það, en skal þó skýra það nánar, ef menn væru í einhverjum efa um það, líka fyrir hæstv. viðskipta- eða bankamálaráðh.

Við skulum segja, að inni á mótvirðissjóði, sem sé inni á sérstökum reikningi, sem ríkið á í seðlabankanum, séu 300 millj. kr. Ef þessi reikningur er látinn liggja þarna og ríkissjóður semur við seðladeild Landsbankans um lán sér til handa upp á 300 millj. kr., sem ríkissjóður ver eins og ríkissjóði þóknast og Alþ. ákveður, þá er það gefið mál, að það, hvernig ríkissjóður ver þessum 300 millj. kr. samkvæmt sérstökum samningi við Landsbankann, sem hann fær bara að láni, er einvörðungu komið undir ákvörðunum Alþ. og ríkisstj. Og það þarf engan mann erlendis að því að spyrja, á hvern hátt íslenzk ríkisstj. og íslenzkt Alþ. notar 300 millj. kr., sem Alþ. með lögum hefur heimilað Landsbanka Íslands að lána íslenzka ríkinu. Og gagnvart þjóðarbúskap Íslendinga er það algerlega sama, hvort 300 millj. kr. eru teknar út úr Landsbanka Íslands sem sérstakt lán frá Landsbankanum til ríkisins, en mótvirðissjóðurinn, hinn sérstaki reikningur í Landsbankanum, látinn liggja og aldrei notaður. Það kemur nákvæmlega í sama stað fyrir þjóðarbúskap Íslendinga og hefur engin áhrif, ekki nokkur. Og ég skora á hæstv. fjmrh., ef hann vill halda því fram, að þetta sé ekki hægt, að svara því. Það er engin ástæða í veröldinni, sem knýr Íslendinga til að nota nokkurn tíma þennan sérstaka reikning, og við getum alveg jafnt án nokkurs skaða fyrir íslenzkan þjóðarbúskap látið seðlabankann, sem við eigum og ráðum skilyrðislaust sjálfir, lána ríkinu þær 300 millj. kr., sem seðlabankinn getur vel látið ríkinu í té, og notað aldrei þetta í mótvirðissjóðnum. Þetta vona ég, að hver einasti hv. þm. skilji. Það er eins og ef einhver þm. færi hér prívat til bankastjóra Landsbankans, gæti fengið hjá honum 10 þús. kr. lán, annaðhvort upp á víxil, þar sem einhver amerískur maður skrifaði á sem ábekingur, eða upp á víxil, þar sem bara væru íslenzkir menn sem ábekingar. En hann getur hvort sem er ekki fengið nema 10 þús. kr. lán. Ef hann fer með víxilinn, sem þeir íslenzku menn skrifa upp á, og fær hann út, þá er hann engum frekar háður með það, og hann þarf ekki að nota sér viðskipti út á reikning. Hann getur valið þarna milli. Íslenzka ríkið getur valið alveg um, hvort það tekur heldur lán hjá sjálfu sér í seðlabankanum eða hvort það vill endilega taka lán út úr þessum sérstaka reikningi, sem þýðir það, að amerískur aðili verður að samþykkja til hvers við notum það. Það er þess vegna, ef allt væri með lögum, ekkert nema blekking, að við þyrftum sérstaklega að taka peninga út úr mótvirðissjóði til þess að verja þeim til fjárfestingar hér innanlands. Það, sem okkar þjóð hefur eignazt, hefur hún eignazt — í þessu sambandi — gegnum þær gjafir, sem Ameríkanarnir hafa gefið okkur, við skulum segja vélar til Sogsvirkjunarinnar eða annað slíkt, og þar með er sá fengur, sem þjóðarbúskapnum er að því, kominn inn í landið. Það, sem eftir er, er aðeins spursmál um reikningsfærslu. En ég skal viðurkenna, að þetta, sem ég nú hef sagt, var amerísku ríkisstjórninni jafnljóst og mér. Þeim amerísku aðilum, sem veittu lánið með mótvirðissjóðnum, var jafnljóst, að Íslendingar gátu hagnýtt sér lán úr seðlabankanum á þennan hátt, sem ég nú hef gert grein fyrir. Og þess vegna munu þeir hafa sett leynilegt skilyrði, sem aldrei hefur fengizt upplýst hér á Alþ., en ég margoft hef haldið fram ómótmælt, og það skilyrði var eftirfarandi: að um leið og mótvirðissjóður var skapaður, þá skyldi bankastjórnum í íslenzku bönkunum, og þá fyrst og fremst Landsbankanum, bannað að auka lánveitingar á Íslandi og auka seðlaútgáfu á Íslandi nema með leyfi amerískra eftirlitsmanna, þannig að íslenzk ríkisstjórn og

íslenzkt Alþ. gætu ekki hagnýtt sér þá leið, sem ég var að benda á áðan, vegna þess að það væri bannað að auka lánveitingar úr Landsbankanum til íslenzka ríkisins og bannað að auka seðlaútgáfuna nema með leyfi leynilegs amerísks eftirlitsmanns. Þetta ákvæði er hvergi til í opinberum samningum né í íslenzkum lögum né amerískum lögum. En þetta ákvæði virðist hafa verið í krafti, síðan mótvirðissjóðnum var komið á laggirnar. M. ö. o., það er þarna leynileg stjórn, bak við Landsbankann og bak við ríkisstjórnina, á seðlaútgáfunni og lánveitingunum á Íslandi, til þess að koma í veg fyrir, að Íslendingar hagnýti sér þá aðferð, sem ég benti á áðan, til þess að lána út í fjárfestingu á Íslandi án þess að þurfa að spyrja ameríska menn um leyfi. Þessum leynisamningi hefur ekki verið mótmælt, og tilvera hans er það eina sem skýrir það, að íslenzka ríkisstj. skuli ekki hafa farið þá leið, sem ég benti á.

Nú á hins vegar að færa sig upp á skaftið. Nú á að taka mótvirðissjóðinn út úr Landsbankanum *að mestu leyti og setja hann undir stjórn* sérstaks banka, banka, sem eftir því sem sjálfur fjmrh. viðurkenndi hér áðan, er myndaður með beinu samkomulagi við Alþjóðabankann. Og við þurfum ekki langt að fara til þess að renna grun í, hvernig muni eiga að starfrækja hann. Fyrrverandi opinber eftirlitsmaður Alþjóðabankans með fjárreiðum Íslendinga, dr. Benjamín Eiríksson, og núverandi leynilegur eftirlitsmaður Alþjóðabankans með fjármálum Íslendinga, dr. Benjamín Eiríksson, formaður bankamálanefndarinnar, á að verða bankastjóri þessa banka og þar með fulltrúi ameríska Alþjóðabankans gagnvart Íslendingum um fjárfestingu, eftirlitsmaður þeirra með þessu, til þess að sjá um, að þessum fjármunum Íslendinga sé ráðstafað á þann hátt, sem þeir hafa velþóknun á. Það á að taka úr höndum íslenzku ríkisbankanna og íslenzku ríkisstj. meðferðina á útlendum lánum, meðferðina á mótvirðissjóðnum og öðru slíku. Og þetta á að knýja með slíku offorsi gegnum Alþ., að það á að neita fjhn. Alþ. um möguleika til þess að heyra skoðanir íslenzku ríkisbankanna viðvíkjandi þessum ráðstöfunum. Það er sem sé verið að færa sig upp á skaftið með því að taka nú þennan mótvirðissjóð úr höndum seðlabankans og setja hann í hendur sérstaks banka, sem á að vera í sérstöku sambandi og undir sérstöku eftirliti erlends banka. En það er ekki nóg með þetta, og nú kem ég að þeim punkti, sem ég veit að hæstv. fjmrh. mun kinoka sér við að svara, mun kinoka sér við að gefa upplýsingar um. Og það er eftirfarandi atriði:

Mótvirðissjóður er, eins og menn vita, sérstakur reikningur nú sem stendur í Landsbankanum. Við skulum segja, — svo að ég nefni einhverja upphæð, hún er auðvitað eitthvað mismunandi, — að hún sé 300 millj. kr. Þegar nú lánað er út úr þessum mótvirðissjóði, eins og nú hefur verið gert, til Sogsvirkjunarinnar, til Laxárvirkjunarinnar, til áburðarverksmiðjunnar, þá er meiningin, að þau lán séu af þessum stofnunum greidd aftur. Mótvirðissjóðurinn er eign ríkissjóðs. Þegar lánin, sem ríkissjóður hefur veitt úr mótvirðissjóði, eru borguð aftur, þá getur ekki verið neinn vafi á því eftir öllum lögum, að endurgreiðslan á lánunum úr mótvirðissjóði er skilyrðislaust eign ríkissjóðs, sem ríkissjóður getur ráðstafað eins og honum þóknast og er ekki lengur háður því leyfi, sem nú þarf hjá amerískum stjórnarvöldum til þess að ráðstafa úr mótvirðissjóði. M. ö. o., mótvirðissjóður er sérstök eign íslenzka ríkisins, en það má ekki lána úr honum nema með samþykki amerísku ríkisstjórnarinnar. En það gildir aðeins um lánin úr mótvirðissjóðnum. Jafnóðum sem búið er að lána — við skulum segja — eins og 300 millj. úr mótvirðissjóðnum og hann er þurrausinn, þá er mótvirðissjóðurinn ekki lengur til, þá er ekki lengur til sérstakur reikningur á seðlabankann, sem þarf samþykki amerískra stjórnarvalda til þess að veita úr. Og þetta vil ég að menn geri sér ljóst. Þegar búið er að lána allan mótvirðissjóðinn út, þá er mótvirðissjóðurinn ekki lengur til, þá er þessi sérstaki reikningur í Landsbankanum ekki lengur til og þar með ekki lengur til neinn sérstakur sjóður, sem íslenzk ríkisstjórn þarf að *spyrja amerísk stjórnarvöld um, hvernig hún* megi nota. Þetta er alveg skýrt, bæði samkvæmt íslenzkum og amerískum lögum.

Svo komum við að allt öðrum hlut, sem ekkert á skylt við mótvirðissjóð, ekki nokkurn skapaðan, hræranlegan hlut, og það er, á hvern hátt þeir íslenzkir aðilar, sem fengið hafa lánið hjá ríkissjóði úr mótvirðissjóði, greiða sínar skuldir, sitt lán til ríkissjóðsins og hvernig ríkissjóður ráðstafar því láni. Þeir peningar, sem áburðarverksmiðjan, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin greiða til ríkissjóðs, eru alger eign ríkissjóðs, alveg óháð nokkru samþykki Ameríkananna um, hvernig þeim skuli verja. Þetta vil ég taka ákaflega greinilega fram, því að til allrar óhamingju, eins og ég m. a. benti greinilega á í sambandi við samþykkt þáltill. á síðasta þingi, viðvíkjandi því að verja helmingnum til landbúnaðarins, þá hefur hvað eftir annað ruglazt inn í íslenzk lög og þáltill. nafnið á þessum lánum endurgreiddum til ríkissjóðs og þau verið kölluð mótvirðissjóður. Slíkt er hinn hrapallegasti misskilningur út frá lögum. Endurgreiðsla mótvirðissjóðslánanna á eftir lögum og samningum að renna til ríkissjóðs. En mér er spurn, — og nú veit ég, að hæstv. fjmrh. mun hliðra sér hjá að svara, vegna þess að það vill hann dylja: Er það meiningin að greiðslurnar á lánum úr mótvirðissjóðnum, að greiðslurnar á þeim lánum, sem ríkissjóður veitir Sogsvirkjuninni, Laxárvirkjuninni og áburðarverksmiðjunni, eigi að renna til Framkvæmdabankans og vera þar raunverulega sama skilyrði bundnar um leyfi amerískra eftirlitsmanna til notkunar þeirra eins og mótvirðissjóðurinn var? Þessu var skorað á hæstv. fjmrh. að svara í Ed. Og þegar skorað var á hann að svara þessu, þá þagnaði hann, vegna þess að þarna kom hann að atriði, sem hann vildi ekki koma upp um. Þetta á þjóðin ekki að fá að vita. Hún á ekki að fá að vita það, hvort endurgreiðslurnar á lánunum úr mótvirðissjóðnum skuli vera undir sams konar amerísku kontroli og samsvarandi amerískum skilyrðum háðar og lánveitingar úr mótvirðissjóðnum núna. Ég vil skora á hæstv. ráðh. að svara þessu. Og ég vil minna hann í því

sambandi, svo að hann haldi ekki, að það sé ég einn, sem ber einhverja umhyggju út af þessu, á athugasemdirnar, sem fram koma frá einum bankastjóra Landsbanka Íslands, Jóni Árnasyni, einmitt viðvíkjandi hinu ameríska eftirliti með mótvirðissjóðnum, þar sem hann meira að segja ber fram þá tillögu, að það geti verið bezt, ef við eigum að komast fram hjá þessu sífellda og ævarandi eftirliti, að endurgreiða heldur mótvirðissjóðinn.

Ef hæstv. ráðh. er í einhverjum efa um, að það sé rétt hjá mér, að eftir lögum og samningum sé það ríkissjóður Íslands, sem sé eigandi mótvirðissjóðsins og ráðstafi lánunum úr honum og lánin skuli greiðast í ríkissjóð, þá vil ég aðeins minna hann á þá lánssamninga, sem hann þegar hefur gert við þær stofnanir, sem fengið hafa lánin úr mótvirðissjóði. Í hans samningi við stjórn Sogsvirkjunarinnar stendur, með leyfi hæstv. forseta, í byrjuninni:

„Sogsvirkjunin gerir hér með kunnugt, að hún er orðin skuldug ríkissjóði Íslands um kr. 11000000.00“ o. s. frv. Og svo síðar: „Sogsvirkjunin skuldbindur sig til þess að veðsetja ríkissjóði Íslands með 1. veðrétti allar eignir Sogsvirkjunarinnar fyrir láni þessu og öðrum þeim lánum, er ríkissjóður kann að veita henni.“

Það er þannig ekkert spursmál um það, að eftir öllum lögum og samningum er það ríkissjóður, sem á mótvirðissjóðinn, ráðstafar honum, og greiðslurnar úr honum renna beint í ríkissjóð aftur. Og það er þá sem sé eitthvað nýtt, einhver nýr leynisamningur, sem er til kominn, svo framarlega sem amerísk yfirvöld gera kröfu til þess í gegnum Alþjóðabankann eða öðruvísi að hafa einhver ítök um lánin út aftur á þeim peningum, sem lánaðir hafa verið úr mótvirðissjóði, og slíkt þýðir þá óhjákvæmilega svo að segja ævarandi kontrol, ævarandi eftirlit amerísks auðvalds með því fé, sem einu sinni var gefið hingað og Íslendingar áttu að leggja fram fé á móti. Ameríska auðvaldið hefur þá áskilið sér það að mega alltaf kontrolera þessar 400 millj. kr., eða hvað sem það verður, sem þeir láta hingað að gjöf, allan þann tíma, sem þetta fjármagn heldur áfram að veltast í íslenzku atvinnulífi og vaxa vegna þeirra háu vaxta, sem af því eru teknir. Þetta vil ég skora á hæstv. fjmrh. að upplýsa, hvernig þarna stefnir.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér álitið, sem hér liggur fyrir frá Landsbankanum. Ég vil leyfa mér aðeins að benda hv. þm. á að kynna sér það. Það er prentað sem fylgiskjal með áliti minni hl. fjhn. Ed. á þskj. 543, og ég held, að það sé í fyrsta skipti, sem það kemur fyrir hér á Alþ., að minni hl., og það fulltrúi sósialista í minni hl. í fjhn., birti álit frá Landsbanka Íslands einn, en meiri hl. fæst ekki til þess. Og það þarf kannske ekki langt að leita til þess að sjá, hvernig á því muni standa. Það var vitanlegt, að hæstv. ríkisstj. óttaðist það, að íslenzku bankarnir fengju að láta sitt álit í ljós á þessu máli. Fjhn. Ed. var fyrirskipað að gefa svo skamman tíma til umsagnar fyrir bankana, — það var bara um helgi, — að þeir vildu ekki þess vegna svara. Og ég heyrði það á hæstv. fjmrh. núna, að hann ætlaðist til þess, að fjhn. þessarar hv. deildar hefði sama hátt á. Það átti að drífa þetta með sama hundapísknum í gegnum Alþ. eins og við hefur verið haft, þegar einhver amerísk hernámsfyrirtæki hafa verið hérna á ferðinni.

En hvernig stendur nú á því, að sá bankastjóri Landsbankans, sem ég t. d. einstaka sinnum hef nú átt í nokkrum deilum við um fjármál, vegna þess að hann hefur tekið oft mjög — að mér hefur fundizt — íhaldssama afstöðu í málum, þar sem ég hef viljað vera róttækur, — hvernig stendur nú á því, að einmitt þessi háttv. bankastjóri Landsbankans, Jón Árnason, skuli nú kveða upp úr með það, að það sé svo komið, eins og hann segir í sínu bréfi, dags. 3. des., sem hann sendir þá til bankamálanefndarinnar, að „ef afskipti Bandaríkjastjórnar halda áfram, eftir að Framkvæmdabankanum hefur verið afhentur mótvirðissjóðurinn, álít ég, að ekki sé um nema tvær leiðir að ræða, og önnur þeirra er að leita samninga við stjórn Bandaríkjanna um endurgreiðslu mótvirðissjóðsins,“ — hvernig stendur á, að svona skuli vera komið á Íslandi?

Landsbankinn hefur löngum í þeim pólitísku deilum, sem fram hafa farið á Íslandi síðustu tvo áratugi, verið vígi innlends afturhalds í fjármálum Íslendinga. Þess vegna hefur á sínum tíma Alþýðuflokkurinn og á seinni tíma Sósialistaflokkurinn mjög oft átt í hörðum deilum við Landsbankann og þá, sem honum hafa stjórnað. Nú hefur hins vegar á síðustu 5 árum gerzt sú þróun á Íslandi, að stjórnarvöld landsins hafa á þessum fáu árum gerzt slíkir skósveinar erlends afturhalds, að sjálfur Landsbankinn mótmælir nú frv. þessarar ríkisstjórnar í nafni þess, að hann er íslenzkur banki. Þótt íhaldssamur sé, þá mótmælir hann sem íslenzkur banki þeim aðferðum, sem hér eru hafðar í frammi, þeim erlendu afskiptum, sem hér koma í ljós, og þeim erlendu yfirráðum, sem hér er verið að skipuleggja yfir atvinnulífi Íslendinga. Og það gerir hann í nafni innlendrar afstöðu. Það er svo komið, að jafnt þeir, sem róttækir eru, íhaldssamir eða jafnvel afturhaldssamir á Íslandi, standa meira eða minna sammála gegn því, sem hæstv. ríkisstj. hér er að reyna að koma fram. Svona djúpt er hæstv. ríkisstj. sokkin í þessum málum. Það er verið að finna út alveg sérstakar aðferðir, eftir sérstakri kröfu Alþjóðabankans, til þess að reyna að tryggja það, að amerísku auðvaldi séu sköpuð ævarandi ítök og yfirráð yfir efnahagslífinu; eftir að búið er meira að segja að klára mótvirðissjóðinn, þá geti þessi ítök haldið áfram. Mér finnst það þess vegna ljóst og ómótmælanlegt, að einn höfuðtilgangur þessara laga sé sá að tryggja framvegis, líka nú eftir að hinni svo kölluðu efnahagsaðstoð er lokið, amerískt eftirlit með atvinnu- og fjármálum Íslendinga.

Þá kem ég að því, sem mér virðist vera annar höfuðtilgangur þessa frv., og það er að gerbreyta þeirri stefnu, sem verið hefur hér á Íslandi undanfarið, það er að koma fyrirtækjum, sem Íslendingar hafa álitið að vegna smæðar þjóðarinnar væri óhjákvæmilegt að væru almannaeign eða ríkiseign, í eign einstakra auðmanna. Það hefur hingað til verið skoðun vor og þótt alveg sjálfsagt, að t. d. öll stærri vatnsorkuver á Íslandi væru eign ríkisins, og það er bundið þann-

ig með lögum, til léttis fyrir bæjar- og sveitarfélög. Sama hefur alltaf verið álitið, þegar um stóriðju hefur verið að ræða á Íslandi, og kom greinilega í ljós, þegar áburðarverksmiðjan var sett á laggirnar og það fyrirskipað, að hún skyldi vera sjálfseignarstofnun. Nú kemur það hins vegar í ljós, að hér á að gera breytingu á. Hér á að gerbreyta þeirri stefnu, sem ríkt hefur á Íslandi fram að þessu, og ég ætla bókstaflega að leyfa mér að fullyrða, að með þessum banka eigi fyrst fyrir alvöru að innleiða og skipuleggja privatkapítalisma, þ. e. einkaauðvald, á Íslandi, skipuleggja einkaauðvald á Íslandi í slíkum stíl, að það einkaauðvald, sem við höfum þekkt fram að þessu, sé ekki neitt í samanburði við það. Hingað til hefur okkur ekki dottið í hug, að stóriðja á Íslandi væri annað en ríkiseign. Það hefur alltaf verið gengið út frá því sem sjálfsögðu. Nú er auðséð, að með þessum banka og með þeim ákvæðum, sem eru í þessum lögum, þá á að stíla að því að koma upp stóriðju á Íslandi í eign erlendra og innlendra manna og undir þeirra stjórn. Og ég ætla nú að taka fyrir í þessu sambandi alveg sérstaklega ákvæðin í 3. gr. um hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni.

Ég hef nokkrum sinnum áður gert áburðarverksmiðjuna að umtalsefni á þessum stað, og ég held, að það sé rétt að rifja upp í eins stuttu máli og ég mögulega get, hvað gerzt hefur í sambandi við þá áburðarverksmiðju, því að nú held ég, að takmarkinu sé náð hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj., sem stefnt var að með því samsæri, sem hafið var þegar áburðarverksmiðjan var til 3. umr. í síðari deild, í Ed., þegar lögin voru sett, og nú er verið að binda endi á, — samsærið um að stela áburðarverksmiðjunni af ríkinu og koma henni á hendur einstakra manna. Og ég ætla aðeins hérna að minna á nokkur atriði, sem mér virðast nokkuð grunsamleg í sambandi við alla meðferð áburðarverksmiðjumálsins, þegar litið er á það í sambandi við þann endahnút, sem nú á að reka þar á. Ég ætla ekki að fara neitt nákvæmlega út í neitt af því, en ég ætla aðeins að minna á það, til þess að menn sjái, hvernig farið er að því að taka stærsta fyrirtæki, sem stofnað hefur verið á Íslandi, út úr eign ríkisins og koma því til einstakra manna.

Það fyrsta, sem ég vil minna á í því sambandi, er, að við síðustu umræðu í síðari deild á Alþ. á síðustu dögum þingsins er samþykkt brtt. við 13. gr. l. um áburðarverksmiðjuna, um að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag, svo framarlega sem fáist einstakir aðilar með 4 millj. kr. kapital. Síðan var það vitanlegt, að einn aðili á landinu, Samband íslenzkra samvinnufélaga, bauðst til að leggja fram allar þessar 4 millj. og átti líklega að fá þær að láni hjá Landsbankanum. Og fyrir sérstaka samninga innan ríkisstj. var sérstökum aðilum í Reykjavík, sem voru taldir svona frekar hlynntir íhaldinu, gefið tækifæri til þess að fá að leggja fram helming á móti, svo að Sambandið eignaðist ekki allt þarna á móti ríkinu. Það var fyrsta atriðið í þessu.

Annað atriðið er svo, að hér á Alþ. gefa nokkrir ráðherrar Framsfl. yfirlýsingu um það á næsta þingi á eftir, að áburðarverksmiðjan skuli vera eign þessa hlutafélags. Í l. stóð, að hún væri sjálfseignarstofnun ríkisins. Í 13. gr. stóð, að hún skyldi rekin af hlutafélagi, en nú lýsa ráðh. Framsfl. því yfir, að hún skuli vera eign þessa hlutafélags.

Svo ætla ég að minnast á þriðja atriðið, sem er hins vegar nú sem stendur myrkrunum háð. Einu sinni kom fram sú hugmynd, að hluti af framlagi Ameríkana og Marshallstofnunarinnar til áburðarverksmiðjunnar hefði verið gjöf, sérstök gjöf til áburðarverksmiðjunnar, og einu sinni var meira að segja hæstv. fjmrh. á þeirri skoðun. Hann mun hafa áttað sig á því seinna. Og meira að segja einn ráðh., sem var með honum í stjórn, þeirri stjórn, sem fór frá 1949, var á þeirri skoðun, að viss hluti þarna væri sérstök gjöf til áburðarverksmiðjunnar. En þeir munu hafa áttað sig á því seinna, að það væri hentugra, að þetta kæmi inn í það venjulega, og seinast, þegar spurt var að, lýsti hæstv. fjmrh. því þess vegna yfir, að það væri engin sérstök gjöf til áburðarverksmiðjunnar. En voru máske í sambandi við það, að hætt var við að hafa þarna sérstaka gjöf, sett einhver sérstök skilyrði frá hendi Ameríkana um, hvernig þessi áburðarverksmiðja skyldi vera rekin og hvernig henni skyldi vera stjórnað og til hvers hún skyldi verða notuð?

Ég ætla að minna á í fjórða lagi, að þegar talað var um, að áburðarverksmiðjan yrði máske sett niður á Hvaleyri, þá komu amerískir liðsforingjar úr hernum til þess að athuga sérstaklega aðstöðuna á Hvaleyri. Hvað höfðu amerískir liðsforingjar úr hernum að gera með að athuga stæði fyrir áburðarverksmiðjuna, ef ekkert sérstakt og engir sérstakir baksamningar voru þar um? Það var ekkert undarlegt, þó að vaknaði grunur um ýmiss konar annan tilgang í sambandi við rekstur áburðarverksmiðjunnar.

Í fimmta lagi kom það fram, að vélarnar, sem til áburðarverksmiðjunnar voru keyptar upprunalega, voru jafnvel hæfar til að framleiða sprengiefni eins og köfnunarefni. Það er að vísu ekki mjög langt á milli, en það var að minnsta kosti fyrst eftir að málið var gert sérstaklega opinbert, að formaður áburðarverksmiðjunefndarinnar sá ástæðu til þess að fara að tilkynna, að það mundi jafnvel eiga að framleiða fleiri áburðartegundir heldur en eina, en til þess þyrfti þá að kaupa sérstakar vélar til áburðarverksmiðjunnar, sem fram að þessu hafði ekki sérstaklega verið hugsað.

Í sjötta lagi; þegar hæstv. fjmrh. kom heim með leyfið frá Amerikönum til að byggja áburðarverksmiðju í vasanum, þá tilkynnti hann um leið, að það hefði gengið illa með leyfið fyrir sementsverksmiðju. Það var auðséð, að Ameríkanarnir höfðu mun meiri áhuga, hvort sem sá áhugi stendur í sambandi við her eða annað, á því að byggja áburðarverksmiðjuna heldur en á því að leyfa okkur að koma hér upp sementsverksmiðju.

Svo kemur það í sjöunda lagi, að þegar verið er að ráða verkamenn við vinnu við áburðarverksmiðjuna hér inn frá í Gufunesi, þegar loksins er búið að ákveða stað fyrir hana, þá er þeim verkamönnum hvað eftir annað sagt, að þeir þurfi jafnvel að ganga undir eftirlit hjá amerískra sendiráðinu til þess að vera ráðnir þar, ganga í

gegnum samsvarandi hreinsunareld eins og menn ganga í gegnum, þegar menn fara á Keflavíkurflugvöll.

Og ég skal í áttunda lagi aðeins minna á, því að það hef ég gert áður hér á þingi, að það var með undarlegum hætti það offors, sem beitt var til þess að pína fram samningana um rafmagnssölu Sogsvirkjunarinnar til áburðarverksmiðjunnar, og hve rafmagnið var þar pínt niður úr öllu valdi og þó sérstaklega eitt, heimtað, að það væri samið til 15 ára, án þess að Sogsvirkjunin hefði nokkra möguleika á því að vera búin eftir þrjú ár að auka raforkuframleiðsluna á Íslandi þannig, að hún gæti fullnægt vaxandi þörf Reykvíkinga. Það var auðséð, að það var vald utan frá, sem pískaði þarna á um þetta. Ég hafði góða aðstöðu til þess að fylgjast með því.

Svo kemur nú ákvörðun eftir sérstöku samkomulagi við Alþjóðabankann, eins og allt þetta frv., sem hér liggur fyrir, um, að hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, sem ríkið á, 6 millj. kr., skuli afhent Framkvæmdabankanum sem stofnfé. Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþ., stendur auðvitað þarna með, en til hvers er Framkvæmdabankinn að fá slíkt stofnfé, ef hann má ekki selja hlutabréfin? Auðvitað væri það ekki til neins. Auðvitað er tilgangurinn, að þessi hlutabréf séu seld, enda er sá tilgangur tekinn fram í 7. gr. l.; og þó að hæstv. ríkisstj. sé ofur lítið feimin, þegar hún er að tala hérna við okkur Íslendinga, við að segja, hver tilgangurinn sé með þessu, þá er dr. Benjamín Eiríksson ekkert feiminn. Hann veit, hverja hann hefur á bak við sig. Hann þarf ekki að leita kosninga í kjördæmum hér á Íslandi á eftir. Hann er kosinn af Alþjóðabankanum til þess að stjórna bönkum hér á Íslandi og segja ríkisstj. okkar fyrir verkum. Hvað segir dr. Benjamín Eiríksson, formaður bankamálanefndar, tilvonandi bankastjóri Framkvæmdabankans, hinn fyrrum opinberi og nú leynilegi eftirlitsmaður Alþjóðabankans með fjármálum Íslands? Hann segir aðspurður á fjárhagsnefndarfundi Ed., að hann hugsaði sér, að hlutabréf þessi yrðu seld síðar. M. ö. o., hann er ákveðinn í því að selja þessi hlutabréf. Það er hans meining. Af hverju ætlar hann sér að selja þessi hlutabréf? Af því að það er einn aðaltilgangurinn, sem er yfirlýst, með öllu þessu frv. að efla einkaaðilana á Íslandi. Það á að efla einkaaðilana, einkaauðvaldið á Íslandi, og það á að selja þessi hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni til þess að efla einkaauðvaldið á Íslandi. Dr. Benjamín Eiríksson hefur lýst þessu yfir. Og má ég spyrja hv. þm.: Hvenær hafa þeir vitað, að hæstv. ríkisstj. gerði ekki það, sem dr. Benjamín Eiríksson nú hugsar sér? Þekkið þið nokkurt dæmi þess? Það, sem dr. Benjamín Eiríksson hugsaði sér, þegar hann kom hérna einu sinni með gengislækkunarlög, — ja, hæstv. ríkisstj. samþ. þau. Hún hristi bara höfuðið og sagði: „Nú, ég hélt ekki, að þetta væri svona mikið.“ Gleypti alla vitlausu útreikningana með. Nei, það, sem dr. Benjamín Eiríksson hugsar sér, það gerir ríkisstj., vegna þess að það, sem dr. Benjamín Eiríksson hugsar sér, er það, sem Alþjóðabankinn fyrirskipar Íslendingum að gera. Sjálfstæða hugsun hefur hann ekki eða sjálfstæða þekkingu á íslenzku atvinnulífi.

Ef til vill mun nú hæstv. fjmrh. segja, að það þurfi l. frá Alþ., það þurfi samþykki Alþ. til þess að selja hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni. Jú, það þarf samþykki Alþ., það þarf l. frá Alþ. Á ég að segja hæstv. fjmrh., hvernig hann ætlar sér að framkvæma það samþykki Alþ.? Samþykki Alþ. er lög frá Alþ. Einn góðan veðurdag, þegar dr. Benjamín Eiríksson í nafni Alþjóðabankans segir: „Nú hef ég ákveðið að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni,“ þá mun hæstv. fjmrh. með samþykki allrar ríkisstj. gefa út brbl., þar sem ríkisstj. er heimilað að selja þessi hlutabréf. Það er engin þörf að vera að kalla Alþ. saman til svoleiðis smáræðis, til þess að selja þessi 6 milljóna hlutabréf þarna einhverjum góðum mönnum. Það er í hæsta lagi, að það þarf það samkomulag innan ríkisstj., að Sambandið fái ekki að kaupa þau öll, ekki allar 6 millj., heldur t. d. að Sambandið kaupi bara 3 millj. og svo verði það ákveðnir menn, sem íhaldið hefur velþóknun á, sem kaupi hinar 3 millj. Þá verða bara gefin út brbl. um að selja þetta. Ég býst ekki við, að það sé nokkur hv. þm., sem mundi dirfast að halda því fram, að ríkisstj. væri ekki trúandi til svona nokkurs. Ég held þvert á móti, að ríkisstj. telji það sjálfsagt og að hún sé fyrir fram búin að fá leyfi til þess að gera allt í slíkum efnum, sem henni þóknast, og ef einhver hv. þm. skyldi efast um, að ríkisstj. yrði hægt fyrir að hafa þennan hátt á, þá vil ég leyfa mér að minna þá sömu hv. þm. á, að það var einu sinni ákvæði í stjórnarskrá Íslands um, að það þyrfti samþykki Alþ. til vissra hluta, t. d. til hernámsins. Ríkisstj. lék sér að því að samþ. þetta án þess að leggja það fyrir Alþ. fyrr en löngu, löngu seinna, mörgum mánuðum seinna. Sú ríkisstj., sem sjálf samþ. hernámið og býr til stjórnarskrána þar með, henni verður lítill vandi að gefa út brbl., ef hún þarf á því að halda, til þess að selja úr eign ríkisins hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, og þá er hringferðinni lokið. Þá er búið með litla agnúanum, sem laumað var í 13. gr. í áburðarverksmiðjulögunum við síðustu umr. í síðari d., að það skyldi rekið sem hlutafélag, — þá er búið að stela áburðarverksmiðjunni allri af ríkinu, búið að láta allt hlutaféð í hendur einstökum aðilum, þær 100 millj. eða þær rúmar 100 millj., sem vafalaust verður, — ég býst við, að ríkið muni alltaf verða að lána meira en þessar 104 millj., sem gengið var út frá, eða leggja fram og lána meira, — ætli hún kosti ekki 125 millj., áburðarverksmiðjan? — Þá er búið að koma öllum þessum rúmum 100 millj. kr., eftir skilgreiningu framsóknarráðh. á l., undir eignaryfirráð nokkurra manna hér í Reykjavík. Svona á að fara að því að koma upp stóriðju á Íslandi í höndum einkaaðila, í höndum nokkurra einstakra auðmanna. Svona á að skapa það auðvald á Íslandi, það stóra hringaauðvald á Íslandi, sem hingað til hefur verið óhugsandi að skapa út frá okkar þjóðfélagsháttum. Ég sýndi fram á það hérna áður, að annar aðalhluthafinn í áburðarverksmiðjunni, sem lagði fram 2 millj. kr., græddi meira en þessar 2 millj. á því að kaupa vélar til áburðarverk-

smiðjunnar frá Ameríku frá því hlutafélagi, sem hann á umboð fyrir, þannig að hann fékk greiddar þessar 2 millj. undireins, sem hann lagði fram í áburðarverksmiðjuna. Þessum mönnum verður vafalaust ekki skotaskuld úr að fá þessar 6 millj. í viðbót með álíka ódýrum hætti. Svona á að fara að því að koma bezta fyrirtækinu í íslenzkum iðnaði úr ríkiseign, sem það er eftir l., og í einkaeign. Ég veit það, að þetta mun ekki verða gert fyrir kosningar. Ég veit, að það mun verða látið bíða fram yfir kosningar, þangað til þessu verður ráðstafað, jafnvel þótt Benjamín reki mikið á eftir.

Þannig er þá auðséð, að tilgangurinn með þessu frv., með þessum l., er það tvennt, sem ég gat um í upphafi míns máls, annars vegar að setja efnahagslíf Íslendinga undir ævarandi ameríska kontrol að óbreyttum þjóðfélagsháttum hér, hins vegar að koma stórfyrirtækjum Íslands, eins og áburðarverksmiðjunni, úr ríkiseign og í einkaeign, í eign einkaauðmanna. Þessi banki á að verða braskbanki amerísks auðvalds á Íslandi, til eflingar privatkapitalismanum á Íslandi gegn ríkisrekstri og bæjarrekstri á Íslandi, og ef það eru einhverjir aðilar, sem efast um það, þá skulu þeir lesa 7. gr., þar sem hlutverk bankans er rakið. Þar er tekið fram — í 3. lið: „að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.“ M. ö. o., það á alveg sérstaklega að fara með peningunum frá þessum banka að ýta undir stofnun einkahlutafélaga á hinum og þessum sviðum atvinnulífsins og kaupa þar hlutabréf, en láta það allt saman vera í eign einstaklinga. Og ég vil alveg sérstaklega benda á það, sem Landsbankinn hefur að segja viðvíkjandi þessum hlutum. Hann leggur til, að þessi liður sé felldur niður, það sé óvanalegt, að bankar kaupi hlutabréf. Og bankastjórnin segir þar, að þetta sé bannað í lögunum um Landsbanka Íslands og henni finnist óeðlilegt, að Alþ. gefi í eitt skipti fyrir öll stofnun, sem rekin er á ábyrgð ríkisins, ótakmarkað umboð til hlutabréfakaupa. M. ö. o., það, sem bannað hefur verið hingað til í l. um Landsbanka Íslands, það, sem ekki hefur þótt rétt með tilliti til þeirra þjóðfélagshátta, sem eru á Íslandi, það er alveg sérstakur tilgangur þessa banka, að ýta undir myndun einkaauðvalds á Íslandi, alveg sérstaklega til þess að auka afköst. Síðar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 7. lið 7. gr.: „að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans, samkv. 2. og 3. tölulið þessarar gr., enda er Framkvæmdabankinn undanþeginn ákvæði 4. gr. l. nr. 105 21. des. 1945.“ Þessi 4. gr. l. er sú grein, sem ákveður okkar samþykkt á reglunum, sem gerðar voru í Bretton Woods. Samkv. 4. gr. var öllum bönkum Íslands bannað að taka lán erlendis án leyfis ríkisstj. Framkvæmdabankinn á að fá alveg sérstakan einkarétt. Hann á að taka lán erlendis, án þess að ríkisstj. leyfi. Þessi banki einn, sem stendur í sérstöku, dularfullu sambandi við Alþjóðabankann, á einn aðila á Íslandi að hafa leyfi til þess að taka lánsfé erlendis. Það er bannað öllum íslenzkum aðilum að taka lán erlendis nú sem stendur. Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, kaupfélögum á Íslandi, byggingarfélögum á Íslandi, hvaða nytsömum fyrirtækjum sem til eru á Íslandi er bannað að taka lán erlendis. En banki Benjamíns Eiríkssonar á að hafa einkarétt til þess að taka lán erlendis eins og honum þóknast til þeirra framkvæmda, sem honum þóknast, af því að gegnum þennan banka sem einkaréttargöng á nú að renna allt útlent kapital, sem leyft er að flytja inn til Íslands. Það á að einoka allt það lánsfé, sem hægt er að fá til Íslands, og láta renna gegnum þennan banka. Það er þessi bankastjóri, Benjamín Eiríksson, sem á að ráða því, hvaða menn á Íslandi fá þarna útlend lán. Þetta leggur ríkisstj. til, sem undanfarið hefur ekki þorað að veita íslenzkum aðilum heimild til þess að taka lán erlendis, þó að þeir geti fengið það án ríkisábyrgðar og bæjarfélaga. Hæstv. fjmrh. var ekki sérstaklega að skýra frá þessu. Hann var ekkert að skýra frá því, að hann væri að afsala sér og ríkisstj. öllum rétti til þess að hafa nokkurt eftirlit með og nokkurt vald um, hvaða lán væru tekin hingað til Íslands. Eftir þessari grein getur þessi banki tekið hvað mikil lán sem honum þóknast hjá einhverju auðfyrirtæki í Ameríku, lánað það út til hlutafélagsstofnunar hér á Íslandi, til hvaða hluta sem vera skal, til þess að reka hér hvaða gífurleg stóriðjufyrirtæki sem væri, þótt það þýddi, að slík stóriðjufyrirtæki gleyptu algerlega allan íslenzkan þjóðarbúskap og gerðu raunverulega efnahagslíf Íslendinga að engu. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. var að dylja það af ásettu ráði. Hann minntist ekkert á það sérstaklega. Hann var ekkert að skýra það fyrir þm., hvað í þessu fælist. En þetta er það, sem í því felst, og það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki hugmynd um það sjálf, hvað í þessu felst eða hvað það þýðir. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. komi upp og segi: Ja, það er nú ekki meiningin, að þetta sé nú notað til þess að taka t. d. 1000 millj. kr. og fara að virkja hérna einhverjar stórkostlegar aluminiumverksmiðjur eða hernaðarverksmiðjur eða eitthvað þess háttar, — það er nú ekki meiningin. — Hvað veit hann um, hvað meiningin er með þessu? Hann getur einu sinni ekkert við það ráðið. Það er ekki víst, að Framsókn verði endalaust í ríkisstjórn á Íslandi. Ef Framsókn hjálpar Sjálfstfl. vel við breytingu á kjördæmaskipuninni, þá getur hún vel séð til þess, að Sjálfstfl. verði einn í meiri hluta hérna, og þá er ekki einu sinni víst, að S. Í. S. fái umboðslaunin af því að koma einokunar- og einkaauðvaldi á hér á Íslandi. Þegar búið er að samþykkja þennan hlut, þá er búið að úthluta veði, enda er Tíminn alltaf að prédika það núna, að það sé nú ekkert hættulegt, þótt erlent auðmagn streymi hér inn. Og svo kemur áframhaldið í næsta lið á eftir, þar sem kemur alveg greinilega í ljós, hvernig á að nota það auðmagn, sem bankinn fær þannig einkarétt á að flytja inn til landsins. 8. liðurinn í 7. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu.“

Það er hvergi nokkurs staðar í þessari 7. gr.

tekið fram, að þessi banki eigi að stuðla að því, að ríkið, bæirnir og sveitarfélögin öðlist nú ofur lítið betri aðstöðu til þess að sjá landsbúum farborða, til þess að halda t. d. lífi í fólkinu úti um þær dreifðu byggðir landsins, til þess að gera mögulegt að láta atvinnufyrirtækin þar, sem það er ef til vill efasamt, hvort það sé arðvænlegt, en þar sem það er lífsnauðsyn fyrir fólk til þess að lifa. Það voru einu sinni gerðar ráðstafanir til þess að koma togurum út um landið, jafnvel þótt þeir, sem ætluðu að kaupa togarana, ættu ekki peninga til að kaupa þá og jafnvel þótt það væri efasamt, hvað arðvænlegt það væri frá peningalegu sjónarmiði, en það var álitin þjóðarþörf. Það var álitið nauðsynlegt með tilliti til framleiðslu þjóðarinnar og atvinnu hinna vinnandi manna. Og þegar lögin um fjárhagsráð voru samþykkt, þá var sérstaklega tekið fram um tilganginn, og jafnvel hæstv. fjmrh., sem var í þeirri stjórn, sem setti þau lög, gerði gott í því að fletta upp 2. gr. laganna um fjárhagsráð og athuga tilganginn, sem þar er mælt fyrir um, að tryggja öllum vinnufærum mönnum í landinu atvinnu, örugga atvinnu, tryggja þeim réttlátar tekjur og annað slíkt, og bera það saman við þessa 7. gr. um hlutverk þessa banka, þar sem sérstaklega er fyrirskipað að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir. M. ö. o., það á að traðka íslenzka þjóð niður í skítinn í sambandi við framkvæmd þessara laga, en það á að sjá um, að einstakir menn á Íslandi fái aðstöðu gegnum þennan banka til þess að fá lán erlendis frá með þeim skilyrðum, sem lánveitendurnir setja fyrir þeim. Hæstv. ríkisstj. veit ósköp vel, hverjir þessir aðilar eru. Það á að lána vildarvinum og gæðingum ríkisstj. fé úr þessum banka til myndunar hlutafélaga, sem verða meira eða minna leppfélög amerísks kapitals. Það á að skapa þannig einkaauðvald, — ég segi skapa það, — vegna þess að það verður það mikið, að það einkaauðvald, sem verið hefur á Íslandi fram að þessu, verður ekkert í samanburði við það. Þessu er lýst alveg yfir í þessum lögum, og það er engin afsökun fyrir nokkurn hv. þm., sem þessi lög samþykkir, að koma eftir á, þegar hann sér, að verið er að brjóta niður ríkisrekstur og bæjar- og sveitarfélagsrekstur á Íslandi og verið að setja allt í hendurnar á nokkrum auðmönnum í Reykjavík, og fara eftir á að kvarta yfir því. Þeir vita þetta nú, til hvers þetta er.

Það er ekki tekið fram um samvinnu við neina aðra aðila þarna en einkaaðila. Ef tilgangurinn væri að halda þeim þjóðfélagsháttum, sem hér hafa verið á Íslandi, þessu einkennilega samblandi, sem hér er af ríkisrekstri í öllum stærstu fyrirtækjum, af bæjar- og sveitarfélagsrekstri í fjölda af stórfyrirtækjum og af tiltölulega lítlum einkarekstri, þá væri ekki tekið svona fram. Í þeim samningi, sem Sósfl., Alþfl. og Sjálfstfl. gerðu um stjórnarmyndun 1944, var það sérstaklega tekið fram, að jöfnum höndum skyldi stutt að eflingu allra þessara þrennu mynda af eignar- og rekstrarfyrirkomulagi, sem hér var á Íslandi. Nú er hins vegar tekið sérstaklega fram um þennan banka, sem á að stjórna allri fjárfestingu á Íslandi framvegis, að hann skuli hafa samvinnu við einkaaðila, og þetta gerir flokkur, sem er að prédika það hér yfir okkur, að hann sé samvinnuflokkur. Þessi flokkur og þessi hæstv. ráðh., sem hér kemur fram, er öðru hvoru að reyna að telja þjóðinni trú um, að hann hafi sérstakan áhuga á því að fá íslenzka þjóðfélagið rekið þannig, að það verði samvinnufélög, sem reki atvinnureksturinn í íslenzka þjóðfélaginu. Hvílík hræsni! Öll fjárfesting í íslenzku þjóðfélagi hér eftir á í gegnum þennan banka að gerast í samvinnu við einkaaðila, og við vitum alveg, hvernig þetta verður skýrt, — við vitum, hvað Ameríkaninn meinar með þessu. Ameríkaninn hugsar sér ekki að ýta undir ríkisrekstur, bæjar- og sveitarfélagsrekstur né raunverulegan samvinnurekstur á Íslandi. Komi þessi banki til með að styðja Samband íslenzkra samvinnufélaga, þá verður það aðeins í slíkum formum og með þeim skilyrðum, að amerískt einkaauðvald gleypi Samband ísl. samvinnufélaga miklu meira en orðið er með Standard Oil og öðru slíku.

Ég sé, að það er ekki nóg með, að þessi banki eigi að veita einungis lán, sem hægt væri að fá hingað til Íslands án ríkisábyrgðar, heldur á með 9. gr. líka að gefa þessum banka heimild til þess að taka lán á ábyrgð ríkissjóðs, án þess að það sé hverju sinni lagt fyrir Alþ. Fjmrh. getur gert þetta einn, ef ekki er um meiri upphæð að ræða en 80 millj. kr., án þess að spyrja Alþ. Ég sé það, að Landsbankinn hefur í sínum athugasemdum sett fram þá spurningu, hvort Alþ. virðist þetta virkilega hæfa. Jón Árnason segir í sínum athugasemdum, með leyfi hæstv. forseta:

„Verður að telja það með ólíkindum, að Alþingi afsali sér afskiptum af slíku stórmáli, enda brýtur þetta í bága við þær venjur, sem hingað til hafa gilt, að Alþ. taki hverju sinni ákvörðun um erlendar lántökur til langs tíma, bæði um lán ríkissjóðs sjálfs og um lán með ríkisábyrgð.“

Það er ekkert að undra, þó að flestum mönnum, sem hafa haft með fjármál Íslendinga að gera á síðustu áratugum, ofbjóði yfirleitt það, sem hér er stefnt að. Það stingur svo gersamlega í stúf við alla þá varfærni, alla þá íhaldssemi, sem við Íslendingar höfum sýnt í því að láta ekki erlent auðmagn gleypa okkur. Það er enginn annar en sá, sem er að búa sig undir það, að erlent auðmagn gleypi okkur, sem leggur fram frv. eins og þetta, sem hérna liggur fyrir, og ætlast til, að það sé samþ. Og ég vil aðeins benda á smáatriði þarna í sambandi við 9. gr. Það á alltaf að reikna erlenda skuld bankans á því gengi, sem var í gildi, þegar lánssamningurinn var gerður eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings. Og svo stendur í 10. gr.:

„Nú tekur bankinn fé að láni ... og skal þá samið um það við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.“

Mér sýnist tilgangurinn með þessu vera sá,

að þeir, sem bankinn lánar hérna heima, bera raunverulega hallann eða njóti hagnaðarins af gengisbreytingu. Það er kannske misskilningur hjá mér, ég hef ekki athugað það svo vel, en mig minnir, að þetta sé þveröfugt við það, sem samþ. var í sambandi við gengislækkunarl., þegar það var sérstaklega tekið fram, að það væri bannað sérstökum bankastofnunum að lána út, þannig að þær áskildu sér að velta yfir á lántakandann gengisbreytingaáhættunni. Það verður nú hægt að athuga þetta nánar, en ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá er það mjög ólíkt því, sem við höfum haft fram að þessu. Ég sé ekki betur en í heild sé tilgangurinn með þessum l. að losa Alþ. og að miklu leyti ríkisstj. líka og enn fremur alveg sérstaklega alla banka íslenzka ríkisins við áhyggjurnar af því að þurfa að vera að hugsa um, hvernig stjórna skuli grundvallaratriðunum í efnahagslífi landsins, sem sé fjárfestingarpólitíkinni, — því, í hvaða atvinnugreinum og með hverjum hætti stofna skuli til nýrra atvinnutækja á Íslandi; það sé verið að losa Alþ., ríkisstj. og ríkisbankann við þetta og fá þetta í hendur einum banka, sem skapaður er samkvæmt útlendri kröfu með einum bankastjóra, sem settur er samkv. erlendum fyrirmælum, — banka, sem fær sérstakan einkarétt til þess að veita erlendu auðmagni inn í landið án nokkurra afskipta Alþ., ríkisstj. eða ríkisbankanna. Ég fæ ekki betur séð en að þetta sé tilgangurinn með þessum banka. Jafnhliða eigi svo þessi banki að hjálpa vissum aðilum hér í námunda við ríkisstj. til að leggja undir sig ríkisfyrirtæki, taka ríkisfyrirtæki, sem kosta hundruð millj. króna, sem þjóðin og ríkið hafa lánað allt til, og gera að sinni einkaeign. Og þegar þannig er búið að fara með áburðarverksmiðjuna, sem var þó sjálfseignarstofnun og er eftir lagafyrirmælum, sem verið er að traðka sundur, þá er náttúrlega gefið, hvernig farið verður með þau fyrirtæki, sem eftir er að koma upp. Það er svo sem auðséð, að það verður ekki mikið farið að framfylgja því að hafa sementsverksmiðju eða eitthvað þess háttar — að vera að dingla við að hafa slíkt ríkisfyrirtæki. Það er bara af því, að Íslendingar eru dálítið óvanir því, að einkaauðvald gleypi svo margt, að það verður að fara dálítið hægt að þeim í þessu, þetta verður að gera svona smátt og smátt, og sérstaklega má ekki gera þetta á óþægilegum tímum, t. d. rétt fyrir kosningar.

Mér sýnist þess vegna, að þetta frv. og afleiðingarnar af því, að það verði samþ., muni verða enn frekar en orðið er — í miklu, miklu ríkari mæli en orðið er efnahagslegt einræði amerísks auðvalds á Íslandi í samfélagi við nokkra útvalda íslenzka auðmenn, sem gefið er vald yfir atvinnulífi Íslendinga og auðsjáanlega alveg sérstaklega valdið til þess að ráða þeirri stóriðju, sem á að koma upp með okkar fossafli. Það vil ég segja, að þá hefur til lítils verið barizt af hálfu þeirra ágætu manna, sem í baráttunni um fossamálið hér á Alþ. 1919—23 hindruðu, að erlent auðvald gæti haft tökin á okkar fossum. Þegar Guðmundur Björnson, Jón Þorláksson og þeir aðrir, sem meiri hl. mynduðu í fossamálanefnd, skiluðu endanlega sínu áliti hér fyrir þingið, þá kom það greinilega fram hjá þeim, að þeir álitu það betra, að íslenzkir fossar yrðu ekki virkjaðir í bráð til stóriðju, heldur en að útlent auðvald næði að virkja þá; það væri þá betra að geyma eignina handa afkomendunum. Jón Þorláksson flutti þá í Ed. — ef ég man rétt — þau skilaboð frá Guðmundi Björnsyni, eftir að hann var kominn út úr þinginu, en hafði verið forseti Ed. um langan tíma, að ef farið yrði að þeim ráðum, sem áttu að tryggja þá erlendu auðvaldi ítökin í íslenzku fossunum, þá væri það að sínu áliti landráð, og Jón Þorláksson sagðist nú sjaldan taka sér stór orð í munn, en undir þessi orð vildi hann taka. — Ég vil benda á, alveg með sérstakri tilvísun til þess, sem hæstv. ráðh. byrjaði með í sinni ræðu, þegar hann var að tala um hagnýtingu fossanna, að það er engin tilviljun, að hæstv. fjmrh. fer að tala um hagnýtingu fossanna alveg sérstaklega í sambandi við Framkvæmdabankann. Það er vegna þess, að hann veit, hvort sem hann segir það eða ekki, að á bak við liggja fyrirætlanir um að koma virkjun íslenzkra fossa, stórvirkjunum og stóriðjunni í sambandi við þær, í hendur útlends auðvalds í gegnum þennan banka. Ég veit, að hæstv. fjmrh., ef hann svarar, muni kannske segja, að ég hljóti að vita, að það sé engum leyfilegt nema ríkinu að virkja fossana. Vissi ég það, Sveinki. En haldið þið, að ríkisstj. og stjórnarflokkum, sem verður ekki meira fyrir um heldur en raun er nú á orðin að breyta smátt og smátt áburðarverksmiðjunni án laga úr sjálfseignarstofnun ríkisins í hlutafélag, sem tveir einstakir menn koma til með að eiga og ráða, — haldið þið, að slíkri ríkisstj. og slíkum stjórnarflokkum verði mikið fyrir að annaðhvort jafnvel hafa svo mikið við að breyta l., fossal. og raforkul., eða bara að brjóta þau með nokkrum yfirlýsingum nokkurra Framsóknarráðherra, eins og búið er að gera með áburðarverksmiðjunni? Hins vegar vil ég taka það fram, að allt, sem við þurfum að gera hér á Íslandi, getum við gert án þess að stofna okkur í þá hættu að láta erlent kapítal gleypa okkur. Við getum unnið fyrir þessu sjálfir, og við getum átt okkar stóriðju sjálfir, og við getum haft hana í okkar eigin þjónustu, en ekki til að mala gull handa erlendu auðvaldi og íslenzkum umboðsmönnum og bandamönnum þess.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að mælast til þess, að þetta frv., þegar það nú fer til fjhn., — svo þýðingarmikið sem það er fyrir íslenzkan þjóðarbúskap að fá þá athugun, sem svona mál á rétt á að fá í n., það mál um nýjan banka á Íslandi, banka, sem á að gerbreyta allri þeirri stefnu, sem ríkt hefur um áratugi í íslenzkum þjóðfélagsháttum, — að það frv. fái að athugast af bönkum ríkisins. Ég mun leggja það til í fjhn., að þessu máli verði vísað til Landsbankans og annarra ríkisbanka, og óska eftir umsögn þeirra, og svo framarlega sem meiri hl. fjhn. leggst á móti því að gefa bönkum ríkisins nægilegan umhugsunarfrest til þess að geta svarað og gefið sitt álit á þessu máli, þá er það greinilegt, að hér er á ferðinni mál, sem ekki þolir dagsins ljós, mál, sem á að fara í gegn, mál, sem á að píska í gegn með þægð stjórnar-

flokkanna, af því að það er verið að vinna verk, sem ríkisstj. treystir sér ekki til þess að láta athuga. Ég vil þess vegna mótmæla því, að hæstv. ráðh. gerir kröfu til, að þessu máli sé flýtt það mikið, að það fái ekki að ganga sinn gang og fá athugun hjá ríkisbönkunum, þegar það nú fer til fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að ég er einn af þeim, sem ekki hafa áttað sig fyllilega á því, hvaða nauðsyn er á því, að þessi banki verði stofnaður, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Að því leyti til get ég fyllilega tekið undir orð eins af bankastjórum Landsbankans, Jóns Árnasonar, í hans grg., að mér sýnist, eftir að hafa athugað þau gögn, sem hér hafa komið fram, að með öllu sé þarflaust að stofna þennan banka. En í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt, þá hefði ég gjarnan viljað koma hér fram með nokkrar fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. og gera þar með tilraun til þess að fá svolítið frekari upplýsingar um það, hvað raunverulega vakir hér fyrir.

Áður en ég set mínar spurningar fram, í von um það, að hæstv. fjmrh. muni koma, þá ætla ég aðeins að segja svolítið um málið almennt.

Það liggur fyrir, að í landinu eru starfandi þrír bankar, sem allir hafa að meira eða minna leyti með stofnfjárlán til atvinnulífsins í landinu að gera, og nýlega hafa verið sett lög um að stofna fjórða bankann, Iðnaðarbankann, svo að þá verða starfandi hér fjórir bankar, sem allir eiga samkv. starfsreglum sínum að láta sig að verulegu leyti skipta stofnfjárlán til atvinnuveganna. Auk þessara banka eru svo, eins og okkur er kunnugt, fjöldamargir sjóðir starfandi, sumir allöflugir, sem er ætlað það sérstaka hlutverk að annast lánveitingar sem stofnlán til hinna ýmsu atvinnugreina. Þannig er t. d. ástatt með stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem starfar við Landsbanka Íslands, allöfluga deild, sem lagðar voru á sínum tíma 100 millj. kr. til og var ætlað það hlutverk að veita stofnlán til nokkuð langs tíma til sjávarútvegsins. Sama er að segja um fiskveiðasjóðinn, sem starfar við Útvegsbankann. Honum er ætlað þetta hlutverk. Þá þekkjum við sjóðina við Búnaðarbankann, bæði ræktunarsjóð og byggingarsjóð. Og það má einnig nefna sjóð eins og byggingarsjóð verkamanna, sem lánar mjög löng lán til þar til greindra framkvæmda, svo að eitthvað talsvert sýnist nú vera til af bæði sjóðum og bönkum í landinu, sem raunverulega er ætlað þetta hlutverk.

En þá hefði ég gjarnan viljað mega spyrja hæstv. ráðh. um það, að hvaða leyti eða hvernig sé hugsuð verkaskipting í rauninni á milli þessara aðila, milli þessara fjögurra annarra banka, sem hér verða starfandi í landinu, þeirra þriggja, sem nú eru, og þess eina, sem ákveðið hefur nú verið að stofna, Iðnaðarbankans, og svo þessara sjóða allra, sem ég minntist á og samkv. sérstökum lögum er ætlað þetta hlutverk, hvernig sé ætlað að haga verkaskiptingu á milli þessara aðila og hins nýja Framkvæmdabanka. Er Framkvæmdabankanum ætlað að yfirtaka eitthvað verulegt af verkefnum þessara aðila og taka að sér þá stofnlán t. d. í sambandi við sjávarútveginn eða í sambandi við landbúnað? Eða eru þessum nýja Framkvæmdabanka ætluð enn önnur hlutverk í sambandi við stofnlán, og hvaða málefni eru það þá alveg sérstaklega, sem eiga að flokkast undir hans verksvið? Eða er það jafnvel hugsanlegt, að þessi nýi Framkvæmdabanki eigi ásamt hinum sjóðunum eða bönkunum að lána til sömu framkvæmdanna?

Ég segi fyrir mig, að ég óttast það að nokkru, að með því að stofnaður yrði nýr banki, sem er ætlað þetta almenna hlutverk, að hafa með lán að gera til fjárfestingar eða til meiri háttar atvinnuframkvæmda, þá kunni ýmsir aðrir sjóðir, sem þetta hlutverk hafa nú, og bankarnir, sem þetta hlutverk hafa nú, að draga sig út úr og það geti orðið nokkuð vafasamt í framkvæmdinni, hversu gott atvinnulífið hefur í rauninni af þessu.

Þá hlýtur í rauninni að vakna sú spurning, sem snýr sérstaklega að mótvirðissjóðnum. Það er kunnugt, að Alþ. er þegar búið að gera þá ráðstöfun, að helmingur af fé mótvirðissjóðs, þegar þetta fé er komið inn aftur, á að renna til landbúnaðarins og hinn helmingurinn á að fara í lán til kaupstaða og kauptúna. Var ekki í rauninni alltaf hugsunin, að þessi helmingur t. d., sem átti að renna til landbúnaðarins, yrði í rauninni afhentur þeim stofnlánasjóðum, sem landbúnaðurinn nú á? Var ekki meiningin, að þetta fé rynni hreinlega t. d. til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, sem í Búnaðarbankanum eru, og þessir sjóðir héldu áfram með eðlileg stofnlán til landbúnaðarins? Og ef svo hefur verið, eins og ég hafði álitið, og ég hygg, að margir fleiri hafi litið þannig á, að þetta hafi í rauninni vakað fyrir Alþ., til hvers þá að vera að ákveða það, að þetta fé skuli renna í enn nýjan banka og vera hans eign og hann skuli eiga að lána þetta út? Eða á þessi nýi Framkvæmdabanki einnig að fara að veita stofnlán til landbúnaðarins samhliða þessum tveim sjóðum, sem starfandi eru í Búnaðarbankanum? Ég hef ekki áttað mig á þessu. Ég verð líka að segja það, að ég hafði litið svo á þessa samþykkt Alþ., sem ákvað svo, að helmingur mótvirðissjóðs skyldi á sínum tíma ganga til lánveitinga til kaupstaða og kauptúna, að ætlunin væri, að það yrði verksvið Alþ. að ákveða nánar um þessar lánveitingar, en að það ætti ekki að taka þessa miklu fjárfúlgu út með einni samþykkt hér frá Alþ., afhenda upphæðina þessum Framkvæmdabanka og hann hefði síðan að öllu leyti með ráðstöfun fjárins að gera og Alþ. gæti ekki komið þar neinum orðum að. Það er anzi fróðlegt að fá að vita það, hvort þetta hefur verið hugsað á þessa leið.

Þá er hitt atriðið líka, sem ég tel mjög mikils virði og ég vildi eindregið óska eftir, að hæstv. fjmrh. svaraði hér, því að það væri, af því að það hefur dregizt hér nokkuð inn í umr., mjög fróðlegt að fá úr því skorið. Hvernig er því varið með mótvirðissjóð, sem nú hefur verið raunverulega lánaður allur, eða verið ákveðið af Alþ., hvernig skuli varið öllum saman, og í rauninni búið að ákveða það í stórum dráttum, hvernig skuli endurverja þessum mótvirðissjóði,

þegar hann er kominn inn í annað sinn? Ber að skilja það svo, að erlend íhlutun nái einnig til ráðstöfunar á þessu fé í hið síðara skiptið, eftir að það hefur komið inn eftir fyrstu lánveitingu og þegar á að fara að lána það út í annað sinn? Ræður þá óskorað vald Íslendinga sjálfra og þá bankaráð þessa Framkvæmdabanka, ef hann fær þetta til ráðstöfunar, yfir þessu fé, eða þarf að leita eftir samþykki erlendra aðila til þess að ráðstafa því enn á ný? Ég vil eindregið óska eftir því, að hæstv. ráðh. gefi skýlaus svör við þessu, því að það skiptir vitanlega alveg höfuðmáli í sambandi við ráðstöfun á þessari miklu fjárfúlgu, mótvirðissjóði, hvort erlendir aðilar eiga að hafa þar íhlutun um ráðstöfun á því fé um alla framtíð.

Þá er hér enn atriði, sem komið hefur fram í þessum umr. og ég hefði gjarnan viljað gera hér fyrirspurn út af, en það er það atriðið, þar sem gert er ráð fyrir í frv., að Framkvæmdabankinn geti tekið lán erlendis með ríkisábyrgð, allt að 80 millj. kr., án þess að samþykki Alþ. þurfi að koma þar til. Eins og hér hefur verið bent á, þá brýtur þetta algerlega í bága við þær reglur, sem gilt hafa. Og mér er aðeins spurn, hvernig stendur á því, að fram á þetta er farið. Hvað er það, sem rekur á eftir því, að það þarf að setja slíka heimild í lögin um Framkvæmdabankann, að það sé leyfilegt að taka lán á ábyrgð ríkissjóðs, allt að 80 millj. kr., án þess að samþykki Alþ. komi til? Hvað er það, sem gerir þetta aðkallandi? Af hverju má ekki viðhafa hina gömlu reglu og leita til Alþ. eftir staðfestingu á slíkri lántöku? Mér finnst ekki nema eðlilegt, að þm. fái upplýst, þegar leitað er eftir slíku samþykki einu sinni fyrir allt, hvað það er, sem gerir það aðkallandi, að bankinn hafi heimild til þess að taka allt að 80 millj. kr. að láni með ríkisábyrgð, án þess að samþykki Alþ. komi til, hvað það er, sem raunverulega geri þetta aðkallandi.

Þá sýnist mér líka, að samkv. frv. geti bankinn raunverulega tekið t. d. allt að 80 millj. kr. lán með ábyrgð ríkissjóðs og hann hafi síðan heimild til þess að lána þetta einstaklingum eða fyrirtækjum hér innanlands með þeim kjörum, sem bankinn ákveður. Og á þann hátt hefur þessi banki fengið það vald, að hann raunverulega getur veitt einstaklingum eða fyrirtækjum hér í landinu erlend lán, án þess að samþykki Alþ. þurfi að koma þar sérstaklega til. Þetta sýnist mér svo mikið vald og ná svo langt út yfir þann ramma, sem hingað til hefur verið settur, að það er ekki nema eðlilegt, að þm. spyrji um, hvaða nauður rekur til þessa. Hvers vegna þarf að hafa þetta ákvæði í frv., sem gefur bankanum svona ríflegt vald? Af hverju má ekki fara hina gömlu leið og leita eftir samþykki Alþ. fyrir slíkum erlendum lántökum?

Ég vildi nú fyrir mitt leyti óska eftir því, að hæstv. ráðh. svaraði þessum spurningum mínum, og gæti þá verið, að málið upplýstist nokkru frekar. En ég vil svo að lokum segja það, að ég sé ekki, að neitt af því, sem talið er heyra undir verkefni þessa banka, sé ekki annaðhvort beinlínis verkefni þeirra banka, sem nú starfa í landinu, eða mjög auðvelt fyrir þá að framkvæma allt það, sem virðist vera til einhvers gagns í sambandi við þetta frv.

Hér kom fram í upphafi þessa máls frá hæstv. fjmrh. t. d., að öflun á innlendu fjármagni til lengri tíma samrýmist illa starfsemi þeirra banka, sem hér starfa nú. Ekki get ég nú séð það á neinn hátt. Við þekkjum dæmi þess, að einstakar deildir við bankana hafa áður þurft að leita til almennings í landinu eftir fjármagni, og ég sé ekki, að það hafi komið fram í sambandi við það neitt, sem bendir sérstaklega á það, að þeir geti ekki haft allt það lið í sinni þjónustu, sem til þess þarf að reka það vel og með góðum árangri, alveg eins og nýr banki mundi geta, að leita eftir því sem sagt, að Íslendingar legðu sjálfir fram aukið fé, ef það er til, til þess að setja í hinar nýju framkvæmdir.

Ég skal svo ekki að þessu sinni orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að hæstv. fjmrh. svari þessum spurningum, sem ég hef beint hér til hans.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég taldi rétt að segja nokkur orð í sambandi við þessa 1. umr. málsins, jafnvel þó að mál þetta komi nú til nefndar, þar sem ég á sæti, og mér gefist þá kostur á, bæði í nefndinni og ef svo vill verða eftir á, að ræða málið eitthvað frekar.

Ég skal strax geta þess, að ég hafði eiginlega vart búizt við því, að svona í miðjum klíðum, ef svo má segja, kæmi fram frv. eins og þetta, þegar það er athugað, að fyrir nokkuð löngu var skipuð milliþn. til þess að endurskoða yfirleitt bankalöggjöf landsins. Ég fyrir mitt leyti taldi það tímabært og eðlilegt, að svo yrði gert, og hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það þyrfti að gera þar á nokkra breytingu. Það er alkunnugt, að við höfum í Alþfl. lýst þeirri skoðun okkar, að við teldum heppilegt, að hér væri til í landinu sérstakur seðla- eða centralbanki, sem ekki væri blandað saman við verzlunar- og viðskiptabanka, eins og nú á sér stað hvað varðar Landsbankann. Ég hefði þess vegna getað búizt við því, að einmitt þar sem nokkrir þm. eiga sæti í þessari mþn., mundi það ekki vera tekið út úr, þetta um Framkvæmdabanka Íslands, áður en væri komin niðurstaða í n. sjálfri um, hvaða heildarskipulag væri eðlilegast og bezt varðandi sjálfa bankalöggjöf landsins. En það hefur nú svo orðið, og þess vegna er að taka afstöðu til þessa frv., sem hér liggur fyrir, þó að ég endurtaki hitt enn á ný, að ég hefði talið réttasta starfsaðferð í þessu máli, að það hefðu komið fram einhverjar allsherjar hugmyndir um skipulag á bankamálum landsins. Og þeim mun erfiðara er eiginlega að taka út úr svona atriði eins og með Framkvæmdabanka Íslands, sem mér er ekki kunnugt um það, að bankamálanefndin hafi enn þá komizt kannske að endanlegri niðurstöðu varðandi bankakerfið allt. Nú er það einnig svo, að mér finnst, eða þannig blasir málið við frá mínum bæjardyrum séð, að það hefði verið unnt að stjórna jafnvirðissjóðnum með svipuðum hætti og gert hefur verið undanfarið án þess að stofna sérstakan banka í því skyni. Jafnvirðissjóðurinn er eðlilega og hefur verið, frá því að hann hefur

verið að smámyndast, undir æðstu stjórn ríkisstj. og þá sérstaklega fjmrn., en að öðru leyti bókhald hans og í sambandi við hann yfirleitt haft í Landsbankanum eða seðlabankanum. En hvað sem um það má segja, þá er, eins og ég áðan sagði, ástæða til að taka fyrir með örfáum orðum það frv., sem nú er til 1. umr. hér í þessari hv. d.

Jafnvel þó að mér þyki það nokkuð — ef ég má nota orðið „flott“ í þessu sambandi að stofna nú einn banka á hverju þingi, þá hefði vel getað komið til athugunar, að málið hefði legið þannig fyrir, að það hefði verið rétt að stofna einhverja aðra peningastofnun, þó að Iðnaðarbankinn hefði verið stofnaður á seinasta þingi eða nú nýverið. Ég vil þess vegna ekki segja almennt, að ég áliti það alveg fjarstæðu að stofna til nýrrar administrasjónar, ef svo má segja, á jafnvirðissjóðnum, og hvort það væri gert undir formi nýs banka eða á annan veg, er kannske aukaatriði. En mér virðist, að hér sé um nokkuð meira og annað að ræða heldur en að það sé stofnað til nýrrar stjórnar á jafnvirðissjóðnum, heldur er verið að færa út kviarnar nokkuð með sérstöku hlutverki þessa banka, sem gert er ráð fyrir að stofna samkv. frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að taka afstöðu gegn þeirri meginreglu, sem er í sjálfu frv., og óttast það ekki á sama hátt eins og hv. 2. þm. Reykv., að hér sé um að ræða sérstakt herbragð frá Bandaríkja hálfu til þess að ná yfirráðum yfir atvinnurekstri í landinu. Það óttast ég ekki svo mjög með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Þar fyrir kann að vera ýmislegt vafasamt í sjálfu frv., og ég skal leyfa mér að benda á nokkur atriði, þó að það hafi að sumu leyti verið gert af öðrum.

Ég skal alveg játa það, að ég varð dálítið undrandi yfir því og hef ekki komizt á aðra skoðun enn, hvers vegna það hefur verið talið rétt, að ríkissjóður leggi Framkvæmdabankanum til m. a. hlutabréf sín í áburðarverksmiðju ríkisins, að upphæð 6 millj. kr. Nú er það að vísu svo, eins og fram er tekið í sömu lagagr., að það má ekki selja eða veðsetja þessi bréf án leyfis Alþ. En til hvers er þá verið að koma þessum hlutabréfum í þessa nýju stofnun? Ég fæ eiginlega ógerla skilið það, nema það væri þá það, að nú eru það aðrir aðilar, sem fara með hluthafavaldið, við skulum segja á aðalfundi í áburðarverksmiðjunni, heldur en verið hefur hingað til, þar sem fjmrh. mundi að sjálfsögðu, eða hans fulltrúi, mæta á hverjum aðalfundi með hluthafafjáreign bankans þar og greiða atkvæði í samræmi við þá hlutafjáreign. Hvaða ástæða er til þess að afhenda þetta vald frá fjmrh. sjálfum yfir á hendur nýrrar stofnunar, sem að verulegu leyti er nokkuð einráð, eða „autonom“, og þannig búið um form hennar t. d., að það getur verið bankaráð, sem þar sitji að störfum og kannske væri ekki í samræmi við þær höfuðskoðanir, sem uppi væru hjá meiri hluta Alþ. og jafnvel í ríkisstjórn á þeim tíma, þegar bankaráðið væri enn starfandi. Og mér finnst það dálítið óeðlilegt, að þessu valdi sé kippt úr höndum fjmrn., því að fjmrh. á hverjum tíma hefur á bak við sig — eða reiknað er með því, og á svo að vera — meiri hluta Alþ. En þarna getur farið aðili með bréfin á aðalfundi áburðarverksmiðjunnar, sem mundi kannske ekki kæra sig um eða telja rétt að hlíta fyrirmælum fjmrh. og kannske þá ekki meiri hluta Alþ. við atkvgr. á hlutafélagsfundi.

Ef það er ekki meiningin að selja eða veðsetja þessi hlutabréf, hvers vegna eiga þau þá að fara til bankans? Ég verð satt að segja að taka nokkurn þátt í þeim ótta, sem hér hefur komið fram, að það sé verið að opna leið til þess að selja þessa hlutafjáreign í áburðarverksmiðju ríkisins, ef svo ber undir, — að það sé verið að opna götuna, þó að enn þá séu settar þær torfærur á veginn, að Alþ. verði að samþ. veðsetningu eða sölu á bréfunum. En ég skal játa það, að ég skil bara ekki röksemdirnar fyrir því, að hlutafjáreign íslenzka ríkisins í áburðarverksmiðjunni eigi að vera afhent úr völdum eða yfirráðum þeirrar ríkisstj., sem situr á hverjum tíma og þá væntanlega styðst við meiri hluta Alþingis. Þetta vildi ég segja um það atriði. Ég fyrir mitt leyti teldi það líka kannske ekki tímabært í dag að setja nákvæmlega þau ákvæði, sem er að finna í 8. gr. frv., um það, hvernig verja eigi mótvirðissjóði, og teldi, að það væri nánara athugunarefni fyrir Alþ., þó að sjálfsögðu geti það breytt þeim lögum, sem hafa verið sett, ef þá heimild laganna hefur ekki verið notuð eða bundin með framkvæmdum, sem gera það að verkum, að það væri örðugt um vik að snúa til baka. Sömuleiðis verð ég að taka einnig undir þá gagnrýni, sem komið hefur fram, að mér finnst dálítið hæpið með þeim stjórnarháttum, sem eru fyrirhugaðir þarna í þessu nýja bankafyrirtæki, að leyfa að taka það úr höndum Alþ. að þurfa að ákvarða, hvort skuli veita ríkisábyrgð eða ekki fyrir allt að 80 millj. kr. láni, er bankinn kynni að óska eftir að taka.

Hæstv. fjmrh. minntist á það í sambandi við frv. um staðfestingu á ríkisreikningnum, að það væri orðið mjög athyglisvert, hvað ábyrgðir ríkisins væru orðnar miklar og hvað væri mikið í húfi, meðan þar væri ekki stungið við fótum og gætt vel að sér í þeim efnum. Ég hygg, að það muni nú koma í ljós, hvort sem hæstv. fjmrh. tekst að hindra það eða ekki, að nú verði fluttar í sambandi við 3. umr. fjárl. meiri og stærri heimildir um ríkisábyrgð heldur en jafnvel nokkru sinni fyrr. Og þegar á að setja líka í lög, að það skuli veitt ótiltekið nýrri stofnun, án þess að þurfi að leita til Alþingis, heimild til þess að taka lán með ríkisábyrgð, allt að 80 millj. kr., þá finnst mér, að það sé ekki fullt samræmi milli kenninganna um, hvað ríkisábyrgðin geti oft verið varhugaverð, og þeirra tillagna, sem nú streyma inn á Alþ., bæði í þessu frv. og munu líklegast koma í ljós við 3. umr. fjárlaganna.

Ég vildi aðeins við þessa 1. umr. málsins drepa á þessi atriði, en sé ekki ástæðu til þess að tala um þau langt mál. Í fyrsta lagi hef ég ekki séð, að það hafi rekið neinn nauður til að taka út úr þennan þátt íslenzkra bankamála, sem varðaði Framkvæmdabanka Íslands, áður en væri búið að koma sér niður á almenna heildarlöggjöf um allt bankamálakerfi þjóðarinnar, og það hefði verið hægt að sjá svo um vörzlu mótvirðissjóðsins og annað í sambandi við það, sem ræðir

í þessu frv., að ekki hefði átt að vera nein sérstök hætta á ferðum í því tilliti. Og svo finnst mér, að einstök ákvæði frv. séu þess eðlis, að það verði vel að athuga, áður en þau eru samþ. hér á Alþ. Ég sé ekki ástæðu til þess að taka andstöðu gegn frv. út af fyrir sig og er í vafa um það, hvort ég muni greiða atkv. gegn því, en hins vegar mun ég gera bæði þessar almennu athugasemdir og þá flytja fram einhverjar brtt. í sambandi við frv., og færi það þá ef til vill eftir því, hvernig afdrif þeirra brtt. yrðu, hver yrði lokaafstaða mín til málsins hér í hv. deild.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að svara í löngu máli þeirri gífurlega löngu ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti hér, en aðalinntak þeirrar ræðu var það, að með þessu bankafrv. væri stefnt að tvennu, í fyrsta lagi stórkostlega aukinni erlendri íhlutun um öll fjármál landsins, og í öðru lagi væri tekin upp sú stefna með frv., að virkjanir og önnur stórfyrirtæki skuli framvegis ekki vera í almannaeigu, heldur í eigu einstaklinga. Það mun hverjum heilbrigðum manni, sem les þetta frv., vænta nlega ofvaxið að sjá, á hverju hv. þm. getur byggt slíkar fullyrðingar, og ekki hygg ég, að málið hafi mikið skýrzt fyrir venjulegum mönnum við þá löngu ræðu, sem hann flutti hér í dag.

Varðandi fyrri fullyrðinguna, þá vil ég leyfa mér að benda á, að það er ekkert í frv., sem gefur minnsta tilefni til hennar. Ef við lítum á stjórn þessarar stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, þá skyldi maður ætla, eftir því sem hv. þm. talaði, að fyrirhugað væri að fela Ameríkumönnum að stjórna henni. En það er nú ekki meiningin, heldur er ætlunin, að henni verði stýrt af þremur mönnum, sem kosnir eru af hv. Alþingi, af einum manni frá Landsbanka Íslands, sem nú er allt í einu orðinn merkileg stofnun í augum hv. 2. þm. Reykv., þó að það hafi nú ekki verið fram að þessu, og svo einum embættismanni, skrifstofustjóranum í fjmrn. Þetta eru nú þeir, sem eiga að stýra þessari stofnun fyrir hönd Ameríkumanna. Til viðbótar er svo nægilegt að benda á, að þau miklu réttindi til erlendrar lántöku, sem þessi hv. þm. sagði að bankanum væru gefin með þessu frv., þar sem hann væri frá því leystur að þurfa að sækja leyfi til bankamálaráðherra fyrir erlendum lántökum, eru nákvæmlega sams konar réttindi og Landsbanki Íslands hefur í dag. Þessi nýja stofnun á sem sé að vera hliðstæð Landsbankanum í þessu tilliti. Enn fremur er rétt að upplýsa í því sambandi, að það eru sams konar réttindi og hver íslenzkur borgari hefur í dag. Það er hvergi í íslenzkum lögum eitt einasta orð um það, að íslenzkir borgarar þurfi að sækja um leyfi fyrir erlendum lántökum. Það er bara misskilningur hjá hv. þm., eins og fleira í hans ræðu. Lagaákvæðin, sem vitnað er til í þessu sambandi, eru um það, að sveitarfélög og opinberar stofnanir megi ekki taka lán erlendis nema með samþykki bankamálaráðherra. Undantekinn er þó Landsbankinn. Og þegar þetta ákvæði væri komið í lög, sem hér er gert ráð fyrir, þá væru Landsbankinn og þessi nýi Framkvæmdabanki undanþegnir því að þurfa að sækja um leyfi til erlendrar lántöku, eins og einstaklingar eru yfirleitt og samvinnufélög og önnur félög. Auk þess er rétt að benda á, að ef nota ætti ábyrgðarheimildina, sem í frv. er, þá er það að sjálfsögðu ekki hægt nema með því, að fjmrh. takist á hönd ábyrgðina fyrir hönd ríkissjóðs, og fjmrh. hverju sinni verður vitanlega að styðjast við meirihlutavilja Alþingis. Þegar þetta hefur allt verið tekið til greina, þá held ég, að það sé nú heldur lítið eftir af fullyrðingu hv. þm. um, að hér eigi að stofna til sérstakrar erlendrar íhlutunar um yfirstjórn fjármála landsins.

Varðandi mótvirðissjóð er sérstaklega að taka það fram, að þótt mótvirðissjóðurinn verði fluttur yfir í þessa stofnun úr annarri ríkisstofnun, Landsbankanum, þá fylgja því engar nýjar kvaðir. Það verður nákvæmlega sama afstaða um íhlutun þeirra, sem hafa látið af hendi gjafafé, nákvæmlega sama íhlutun eins og sjóðurinn hefði verið kyrr í Landsbankanum. Það breytir engu til eða frá. Það er ekki stofnað til neinnar nýrrar íhlutunar með því að færa sjóðinn á milli stofnana. Þetta hygg ég að hver maður geti skilið.

Um síðari fullyrðingu hv. þm., að með frv. væri tekin upp sú stefna, að virkjanir og önnur stórfyrirtæki skyldu ekki framar vera í almannaeigu, heldur einstaklinga, er alveg nægilegt að benda á það, að í 7. gr. og í 2. gr. er aðaltilgangurinn fram tekinn, og hann er sá að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum, o. s. frv. Þetta á vitanlega jafnt við um fyrirtæki ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga, sem sé fyrirtæki í almannaeigu, og fyrirtæki samvinnufélaga eða einstaklinga. Þetta getur allt komið til greina, og er ekkert gert upp á milli þessara fyrirtækja í frv. fremur en er í annarri bankalöggjöf, þar sem öllum slíkum fyrirtækjum er opnuð leið, ef þeir, sem ráða yfir lánveitingunum, telja skynsamlegt að lána þeim.

Það hefur verið talað um það í þessu sambandi, að ætlunin mundi vera að selja hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni. Ég get alls ekki skilið þann hugsanagang, sem liggur á bak við þetta tal, þegar þess er gætt, að í þessu frv. er beinlínis lagt bann við því að selja hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni. Það væri undarleg aðferð, ef það væri ætlunin að selja hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, — það væri undarleg aðferð, ef menn hefðu slíkt í huga, að beita sér fyrir lagaákvæði, sem einmitt bannar að selja hlutabréfin. Þá skyldi maður heldur halda, að sá þingmeirihluti, sem að því vildi stefna, beitti sér fyrir lagaákvæði, sem heimilaði að selja þau.

Varðandi það, sem hv. 2. landsk. þm. (LJós) spurði um, hvort þessum banka væri ætlað að lána t. d. til sömu aðila eða sams konar lán eins og fiskveiðasjóður lánar til einstakra eða ræktunarsjóður lánar til einstakra eða byggingarsjóður til sveitanna, þá er það að segja, að þessum banka er vitanlega ekki ætlað að lána til sömu aðila eins og þessar stofnanir lána, heldur er meiningin, að þessi banki láni þessum sjóðum fjármagn, sem til þessarar lánastarfsemi á að renna, og þeir láni svo til einstaklinganna. Hélt ég nú raunar, að þetta væri augljóst af því, hvernig stofnunin er byggð upp samkv. frv.

Hv. 8. landsk. þm. (StJSt) talaði hér nokkur orð og sagðist ekki hafa átt von á því, að þetta frv. yrði tekið út úr í starfi bankamálanefndarinnar, hefði heldur átt að bíða. Það var enginn ágreiningur um það, hvorki í stjórninni né heldur í nefndinni, að taka þetta frv. út úr og afgreiða það á undan, af því að menn voru sammála um, að það væri aðkallandi að setja einmitt löggjöf eins og þessa. Um þetta var enginn ágreiningur heldur í bankamálanefndinni, og sá hv. þm. Alþfl., sem þar á sæti, var sammála um þessa meðferð málsins, og kemur mér það þess vegna dálítið einkennilega fyrir, að hv. þm. skuli finna að þessari starfsaðferð. Auk þess vil ég taka það fram, að í megindráttum var þessi hv. Alþýðuflokksþm. einnig samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. minntist dálítið á, að það væri hæpið að veita 80 millj. ríkisábyrgð, sem fjmrh. gæti svo veitt bankanum án þess að bera það undir Alþingi. Það hefur nú verið talið nauðsynlegt af öllum þeim, sem að þessu máli hafa komið, að það væri einmitt svona ábyrgðarheimild til, til þess að ríkisstj. og bankinn gætu gert þær ráðstafanir til lánsútvegunar, sem taldar væru nauðsynlegastar. Hætta fyrir hv. Alþ. er náttúrlega engin í þessu fólgin, vegna þess að þær stjórnir, sem hér sitja, sitja með stuðningi meiri hluta á hv. Alþingi. Fjmrh. notar þetta vald, sem hann þarna hefur, í samvinnu við stjórnina. Varðandi það, að með þessu sé ógætilegar farið en áður, þá vil ég leyfa mér að minna á, að undanfarið hafa verið samþ. hér gífurlega miklar ábyrgðarheimildir og miklu meiri en hægt hefur verið að nota, þannig að nú eru ábyrgðarheimildir og lántökuheimildir í lögum, sem nema mörg hundruð milljónum, þótt vitað sé, að ekki er hægt að útvega allt þetta fé. Hv. Alþ. hefur haft þann háttinn á undanfarið, að það hefur samþ. ábyrgðarheimildir og lántökuheimildir „á lager", ef svo mætti segja, sem stjórnirnar hafa svo getað moðað úr. Hv. Alþ. hefur ekki haft strangt taumhald í þessu efni undanfarið, heldur ætlað ríkisstj. vítt svigrúm í þessu, ætlað henni að velja og hafna í raun réttri, þegar um ábyrgð á lántökum hefur verið að ræða.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kom með nokkrum orðum inn á nokkuð af ádeilu minni í sambandi við þetta lagafrv., og skal ég nú fyrst taka það fyrir, sem hann minntist á.

Hann sagði, að það væri ekki sérstaklega meiningin að semja við einkaaðila í sambandi við lánveitingar, sem ætti að framkvæma af bankanum eftir þessum lögum, það væri jafnt meiningin að eiga þar við opinberar stofnanir og ekki breyta til með það, sem nú væri. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. Þetta frv. hefur líklega að einhverju leyti verið búið til á ensku upphaflega. Það er enskur maður eða amerískur, sem kemur með þetta. *Ákaflega þætti mér gaman* að sjá orðið, sem þeir hafa notað yfir „einkaaðila", þegar það hefur verið þýtt á íslenzku, hvað það væri, sem átt væri við með því. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. gerir það fyrir mig að lofa mér að sjá hinn upprunalega texta þessara laga, þ. e. hinn enska texta. Ég sé það á öllum lögunum, að þau hafa ekki verið hugsuð og samin eins og venjulegt hefur verið, þegar bankalög hafa verið samin á Íslandi. Ef hæstv. ráðh. lítur í lögin um Landsbankann, þá er byrjað þar að taka fram fyrst, hvað bankinn heitir, síðan hvað hann heiti á Norðurlandamálum, því næst hvað hann heiti á ensku. Hér er fyrst og fremst sagt, hvað bankinn heitir á íslenzku, — það er enn þá ekki komið það langt, að því sé sleppt, — því næst er tekið fram, hvað hann heitir á ensku. Það þarf ekki að vera að taka fram, hvað hann heitir á norrænum málum. Það er ekki gengið út frá því, að fjárfestingarbanki á Íslandi þurfi að hafa sérstök sambönd við Norðurlönd úr þessu. Ég tek það svona sem smádæmi, sem vísar ofur lítið í áttina. En „einkaaðilar" er orð, sem fer nú dálítið skrýtilega í íslenzku máli, en hæstv. ríkisstj. hefur notað, þegar hún þýddi fyrirmælin, sem hún fékk, á íslenzku. Þar með mun tvímælalaust af hálfu hinna amerísku yfirboðara vera átt við að semja við þá aðila, sem hafa yfir einkaauðmagninu að ráða, en ekki við þá aðila, sem eru fyrst og fremst opinber fyrirtæki, ríkis, bæja og önnur slík, eða hálfopinber, eins og samvinnufélög eða þess háttar. Ég fer þá mikið villur vegar, ef þetta er ekki rétt skilið hjá mér. — Svo þarf raunar ekki vitnanna við. Hvað er það, sem verið er að gera með áburðarverksmiðjuna? Er verið að koma henni í hendur einkaaðila svo kallaðra, eða er ekki verið að því?

Hæstv. ráðh. minntist hér á með ákaflega miklum ólíkindalátum, að þetta væri alveg hreint *undarlegt, að nokkrum manni skyldi detta það* í hug, að það væri meiningin að selja hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, sem ríkið nú ætti. Á ég að segja hæstv. ráðh., hvaða manni hefur dottið þetta í hug? Það er manninum, sem á að vera bankastjóri bankans og hefur viðurkennt það fyrir fjhn. Ed., að hann hugsi sér að selja þessi bréf. Og það er staðfest og haft eftir honum og stendur skrifað hér í þingskjölunum. Vill hæstv. ráðh. lýsa því yfir, að Benjamín Eiríksson sé ómerkur að því, sem hann hefur lýst yfir við fjhn. Ed.? Vill hæstv. fjmrh. lýsa því yfir, að Benjamín Eiríksson eigi ekki að verða bankastjóri þessa banka? Ég ætla að segja hæstv. fjmrh. það, að hann kemur ekki til með að hafa neitt sérstakt að segja í þessum banka og yfir honum og yfir því, hvað hann gerir, eftir að leynilegur fulltrúi fyrir amerískan stórbanka er orðinn bankastjóri yfir þessum banka. Ég efast um, að það verði sérstaklega mikið að því spurt, hvað hann geri í þessum efnum. Það fyrsta, sem menn spyrja, er þetta: Til hvers er verið að afhenda þessum banka hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni sem stofnfé, ef ekki er meiningin að selja þau? Enda er auðséð, að formaður bankamálanefndar, sá maður, sem *annast milligönguna milli ríkisstj.* hér heima og Alþjóðabankans erlendis, hann lýsir því yfir alveg ótvírætt, að það á að selja hlutabréfin og það á að selja þau án verulegs hagnaðar. Til hvers? Til þess að styðja að eflingu einkaauðvalds í landinu. Það er ekki til nokkurs skap-

aðs hlutar fyrir hæstv. fjmrh. að stinga hausnum í sandinn viðvíkjandi þessu eða vera með einhver ólíkindalæti við okkur þingmennina. Hann gefur þessa yfirlýsingu hér áðan. Hann er rétt eins og þegar hann kom heim frá Washington, áður en samningurinn var gerður um Atlantshafsbandalagið, og hélt fram, að aldrei kæmi til neinna mála, að farið yrði fram á það við Íslendinga, að það yrðu herstöðvar hérna. Svo leið rúmt ár, og þá var bara hernámið sjálfsagt. Maður tekur ekki neitt mark á yfirlýsingum þessa hæstv. ráðh. Hann er búinn að sanna það áður, og það þýðir ekkert að vera með þessi ólíkindalæti núna. Ef hæstv. ríkisstj. ekki gengur inn á þá till. að fella þetta burt um hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, þá ætlar hún seinna meir að láta framkvæma þessa sölu, leyfa það. Það er ekki til neins að koma með svona blekkingar hér gagnvart okkur hvað eftir annað. Við vitum ósköp vel, að þið eruð ekki einu sinni sjálfráðir gerða ykkar um þetta. Hver var annars meiningin með þessu? Var bara meiningin sú, að Benjamín Eiríksson ætti að fara með umboð fyrir 6 millj. kr. á hluthafafundum í Áburðarverksmiðjunni h/f? Var það bara meiningin? Var meiningin að afhenda hlutabréfin til Framkvæmdabankans til þess, að bankastjórinn færi einn með umboðið? Og má ég spyrja meira að segja hæstv. ríkisstj.: Hvað hefur hún hugsað sér í því sambandi? Hefur hún hugsað sér það, þegar bankastjóri Framkvæmdabankans færi einn með umboð fyrir hlutafé upp á 6 millj. kr. á hluthafafundum í áburðarverksmiðjunni, að stjórn áburðarverksmiðjunnar yrði kosin á slíkum hluthafafundi og breytt út frá þeim lögum, sem nú eru um, hvernig eigi að kjósa hana? Það fer að verða hálfeinkennilegt, hvernig Alþ. eigi að kjósa lengur, ef Alþ. hefur ekki einu sinni sem eigandi í sínum höndum, í höndum ríkissjóðs, hluthafabréfin í áburðarverksmiðjunni. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur hugsað nokkuð út í það. En í öllu falli virðist augljóst, að meðan bankastjórinn er ekki búinn að selja bréfin, þá er það hann, sem ræður á hluthafafundunum, og þá er þannig verið að afhenda til hans þetta vald, sem Alþ. hefur nú þótzt vilja vera að reyna að halda í sínum höndum fram að þessu. Ég held, að það dugi engin ólíkindalæti með þetta. Það er tilgangurinn, yfirlýstur af manni, sem fyrst og fremst hefur samið frv., að koma þessum bréfum í hendurnar á einkaaðilum og hefur verið tilgangur í skollaleiknum frá upphafi.

Svo kom hæstv. fjmrh. með það, að það væri nú undarlegt, hvernig í ósköpunum nokkrum manni gæti dottið annað eins í hug eins og að það væri verið að fela jafnvel Ameríkumönnum að stjórna þessu, það væri nú aldeilis úr lausu lofti gripið. Má ég lesa ofur lítið fyrir hæstv. ráðh. af því, sem stendur í grg., ef hann hefur ekki kynnt sér hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir, að erlend lán yrðu einkum tekin til framkvæmda. Mundu þau þá vera í verkahring þessa banka og hann því taka þau. Þess má geta, að á síðustu árum hafa í náinni samvinnu við Alþjóðabankann risið upp bankar svipaðs eðlis í öðrum löndum. Ástæða þessarar samvinnu er meðal annars sú, að óhægt er fyrir stofnun eins og Alþjóðabankann að lána fé í framkvæmdir, sem á hans mælikvarða eru smávaxnar, eins og t. d. flestar framkvæmdir í landbúnaði. Kýs hann því heldur að lána slíkt fé fyrir milligöngu stofnunar, sem getur rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda. Er hér einkum átt við það, að Alþjóðabankinn setur nokkur skilyrði fyrir lánum sínum til tryggingar því, að þau komi að sem beztum notum þeirri þjóð, sem lánin tekur.“

M. ö. o., Alþjóðabankinn heimtar í öllum þeim löndum, sem ameríska auðmagnið undirokar, að það séu skapaðir sérstakir bankar, sem Alþjóðabankinn geti haft sérstaka samvinnu við og sett sérstök skilyrði, vegna þess að skilyrðin, sem Alþjóðabankinn setur fyrir því að ráða efnahagslífi þessara þjóða, samrýmast dálítið illa lögum um þá þjóðbanka, sem fyrir eru í löndunum. Það var ekki gengið út frá því, þegar lögin voru sett um þjóðbanka hér á Íslandi og annars staðar, að það yrði hleypt inn erlendu auðmagni til að hafa yfirráðin yfir efnahagslífinu. Lögin eru þess vegna sniðin við það, sem passar fyrir íslenzkt efnahagslíf, og miðuð við, að það haldist sjálfstætt. Þetta passar ekki í kramið hjá Alþjóðabankanum. Þess vegna passar ekki seðlabankinn eða Landsbanki Íslands í kramið. Þess vegna mótmælir Landsbankinn afgerandi atriðum í þessum lögum, af því að þau þýði afskipti og yfirráð erlends aðila yfir okkar fjármálum. Þess vegna gengur jafnvel samflokksmaður hæstv. fjmrh., Jón Árnason bankastjóri, sem ég veit að hæstv. ráðh. mun varla gruna um kommúnisma eða eitthvað slíkt ljótt, svo langt að tala um það, að það geti orðið nauðsyn að semja við Bandaríkjastjórn um að endurgreiða mótvirðissjóðinn, til þess að verða laus við afskipti hennar í eitt skipti fyrir öll. — Og svo segir ráðherrann nú, hvernig þetta frv. er til orðið. Frv. er í meginatriðum í samræmi við till., sem samdar voru af erlendum sérfræðingum, og hafði bankamálan. það til hliðsjónar í starfi sínu. Samkv. ósk ríkisstj. sendi Alþjóðabankinn hingað til lands einn gjaldkera sinn. M. ö. o., þessi banki er skapaður samkv. fyrirmælum Bandaríkjamanna, samkv. fyrirmælum Alþjóðabankans, til þess að Alþjóðabankinn hafi þægilegri aðstöðu viðvíkjandi þeim skilyrðum, sem hann kemur til með að setja fyrir sínum lánum, heldur en hann hefði, svo framarlega sem hann ætti að eiga við sjálfan þjóðbanka Íslands.

Ég skal upplýsa hæstv. ráðh. um það, að þið ráðið ekki einu sinni svo miklu sem hver verður bankastjóri fyrir þessum banka. Þið eruð fyrir fram búnir að ganga inn á, að maður, sem er fulltrúi Alþjóðabankans, verði bankastjóri þar. Og það verður áreiðanlega eitt af þeim skilyrðum, sem þeim mönnum verða sett, sem munu verða kosnir í stjórn, að þeir kjósi þennan mann, einmitt manninn, sem hefur lýst því yfir, að hann muni selja hlutabréf áburðarverksmiðjunnar, og auðvitað er það traustsyfirlýsing og viljayfirlýsing um, að svo skuli gert, þegar hann verður kosinn í þetta. Og hæstv. fjmrh. veit það

miklu betur en ég, að það verður síðan stjórnað í þeim banka í samræmi við það, sem þeir amerísku auðbankar segja, og að Landsbankinn er settur út úr spilinu, af því að hann þykir ekki nógu þægur. Það þykir óþægilegt að eiga við menn, sem hugsa oft eins og gamlir íslenzkir stórbændur gerðu á sínum tíma, menn eins og Jón Árnason. Þess vegna þykir gott að fá vikaliðugan sendisvein Ameríkananna eins og Benjamín Eiríksson fyrir bankastjóra í svona banka.

Svo kom hæstv. ráðh. með það, að það væri alger misskilningur hjá mér þetta með lánin erlendu, það væri nú svo sem enginn sérstakur kanall, sem verið væri að opna, engin sérstök göng fyrir erlent fjármagn, sem verið væri að opna, þetta stæði nú öllum til boða. Það verða að vísu nokkrir aðilar undanskildir. Með l. einmitt um Bretton Woods eru undanskildir íslenzkir bankar, sparisjóðir, bæjar- og sveitarfélög og allar opinberar stofnanir. Og svo sagði hæstv. ráðh.: „Hins vegar er öllum íslenzkum mönnum heimilt að taka lán erlendis.“ Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er það misminni hjá mér, að fyrir rúmu ári hafi verið gefin út reglugerð, sem bannar þetta? Ég veit, að þetta var leyfilegt til skamms tíma, og ég gerði hér í lok, ég held síðasta Alþ. eða næstsíðasta, ég man það nú ekki vel, fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. um, hvort þetta væri leyft. Hann svaraði því játandi. Og rétt á eftir var gefin út auglýsing af ríkisstj., sem bannaði lántökur erlendis. Nú hef ég ekki haft tíma á eftir ræðu hæstv. ráðh. til að athuga Stjórnartíðindin, og ég þori sem sagt ekki fyllilega að treysta á mitt minni í þessu, það getur skolazt. En eitthvað rámar mig í þetta, og ef þetta skyldi nú ekki vera rangt hjá mér, þá vil ég mega líta á yfirlýsingu ráðherra sem yfirlýsingu um það, að þessi reglugerð sé úr gildi numin. Orð ráðherra standa sem skuldbindandi, þegar þau eru töluð, og ég tek þá þessi orð hans þannig, að öllum einstökum Íslendingum og einstökum hlutafélögum sé héðan í frá leyfilegt að taka lán erlendis. Ef þetta er ekki rétt hjá mér, þá vona ég, að hæstv. ráðh. leiðrétti það. En það er þá aðeins frá þessari stundu, sem þetta gildir, fyrir orð hæstv. fjmrh. nú, sem ég vil fyllilega taka gild. Þá þykir mér út af fyrir sig vænt um að hafa stuðlað að því að hafa opnað þennan möguleika. En það dregur ekki úr hinu, að meiningin er að veita í stórum stíl fjármagni inn í landið í gegnum þennan banka í alveg sérstökum tilgangi. Landsbanki Íslands, aðalþjóðbankinn, stendur ekki í neinu sérstöku sambandi við erlenda banka, er ekki skapaður samkvæmt óskum neinna erlendra banka, nýtur ekki sérstakrar fyrirgreiðslu neinna sérstakra erlendra banka. En hér er banki, Framkvæmdabankinn, sem á að skapa samkv. sérstakri ósk eins erlends banka, til þess að viðkomandi erlendur banki láti allar sínar ráðstafanir til fjármagnsfestingar á Íslandi ganga í gegnum hann. Það er munurinn, þannig að þarna er ekkert dregið úr því með því, sem hæstv. ráðh. segir, sem ég hef áður sagt. Hins vegar er það ljóst, að sjálfur er þessi banki skapaður til þess að veita amerísku auðmagni hér inn í landið, og ef hæstv. ráðh. flettir upp í Marshallsamningnum, 5. kafla, þá sér hann þar ákvæðin um öflun efnivara frá Ameríku, að ameríska ríkisstj. áskilur sér það sérstaklega, að íslenzka ríkisstj. ryðji úr vegi öllum hindrunum fyrir því, að amerískt kapital geti komizt að með framleiðslu á þeim hlutum hér heima, svo sem aluminium, sem þeir álíta að þeir þurfi á að halda fyrir sig. Og það er vitanlegt, að nú sem stendur reynir ameríska auðvaldið einmitt í krafti Marshallsamningsins að skapa sér þá aðstöðu um víða veröld að ná tökum á framleiðslu og auðlindum landa, sem eru að verða háð ameríska auðvaldinu, til þess að framleiða þar ódýrara en hægt er í Ameríku þær vörur, sem Ameríku vantar. Það er vitað, að laun verkamanna t. d. í Suður-Ameríku eða á Íslandi eru frá því fimmti parturinn upp í helmingurinn af launum amerísks verkamanns. Það borgar sig þess vegna miklu betur fyrir amerískt auðvald að framleiða á stöðum eins og Íslandi, Suður-Ameríku eða slíkum þá hluti, sem er dýrara fyrir þá að framleiða í Bandaríkjunum. Þess vegna leitast þeir eftir að fá tök á löndum eins og okkar, fyrirskipa okkur að lækka hér lífskjörin og lækka launin, eins og þeir gerðu þegar með gengislækkunarákvörðununum, til þess að vinnuaflið íslenzka verði nógu ódýrt, til þess að amerískt auðvald geti grætt því meira á því, og hér eiga svo íslenzkir verkamenn að þræla fyrir helminginn eða ⅔ af þeim launum, sem amerískir verkamenn hafa. Þannig er verið með ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. að gera íslenzka verkamenn að nýlenduþrælum á ný, og með þessum l. er verið að opna möguleikana fyrir ameríska auðvaldið til þess að geta rænt okkar auðlindir og notað þær fyrir sig.

Svo kom hæstv. ráðh. inn á, að þessi banki ætti bara að lána til opinberra aðila eins og banka og annarra slíkra. Þetta er alger misskilningur. Annaðhvort þekkir ekki fjmrh. lögin, sem hann er að mæla fyrir, eða þá að hann er vísvitandi að segja þingheimi rangt. Ég skal lesa fyrir hann fyrirmæli 7. gr. laganna um, hvernig bankinn leysi sitt hlutverk af hendi. Þar stendur í 2. lið, með leyfi hæstv. forseta: „Að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og að dómi bankastjórnarinnar nægilega arðbær til þess að geta greitt af rekstrartekjum vexti og afborganir af skuldum sínum. Enn fremur að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama hátt.“ M. ö. o., fyrst og fremst á að kaupa skuldabréf fyrirtækja, sem verið er að setja á stofn. Hvað þýðir að kaupa skuldabréf fyrirtækja? Það þýðir það sama sem að lána þeim peninga. M. ö. o., ef hér ætlar einhver maður að koma af stað stóru fyrirtæki með 10—20 millj. kr. kapítali og hann gefur út skuldabréf fyrir þessu upp á 10—20—30 millj., þá getur þessi banki keypt slík skuldabréf, og þetta er hans verkefni. Þetta þýðir, að hann á að lána einkafyrirtækjum. Ef hæstv. fjmrh. heldur, að þessi banki eigi ekki að lána einkafyrirtækjum, þá hefur hæstv. fjmrh. ekki hugmynd um, hvað í frv. stendur. Næst á eftir þessu kemur svo, að það eigi að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama

hátt. Jú, stofnlánadeild sjávarútvegsins eða einhver stofnlánadeild við Búnaðarbankann eiga að fá að draslast þarna á eftir, þegar arðbærari lán hafa verið veitt. Við skulum segja, að ef það þykir frekar óarðbært að lána íslenzka landbúnaðinum, þá koma stofnlánadeildir Búnaðarbankans fyrst í annarri röð, þegar búið er að kaupa skuldabréf fyrirtækja, sem að áliti bankastjórnarinnar eru nægilega arðbær. Það er verið að setja íslenzka bændur á þann stað, sem ameríska auðvaldið hugsar þeim að vera. Það er verið að veita einkaréttindin til þess auðvalds úr Reykjavík, sem Benjamín Eiríksson og ameríska auðvaldið álitur að eigi nægilega arðbær fyrirtæki, og það er bezt fyrir Framsfl. að taka eftir því. Ef hæstv. ráðh. hefur yfirsézt um þetta, þá er hægt að breyta þessu enn þá. Ef honum hefur ekki yfirsézt þar, þá verður að segja honum það. — Svo kemur 3. gr. Hvað stendur þar? „Að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.“ Kaupa hlutabréf í fyrirtækjum. Er hæstv. fjmrh. ekki ljóst, hvað það þýðir að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, sem Landsbankanum er bannað fram að þessu? Það þýðir það að styðja að einstökum fyrirtækjum í landinu og lána þeim á þann hátt fé til rekstrar. Það er alveg gefið, að þessi banki getur farið út í það að lána eða styðja til framkvæmda hvaða fyrirtæki á Íslandi sem hann vill, hvaða aðila sem hann vill. Ef hæstv. fjmrh. ekki skilur þetta, þá er það ekki vegna þess, að hann hafi ekki gáfur til þess, heldur vegna þess, að það er búið að loka augum hans fyrir þessu eða segja honum að loka augum annarra fyrir því. Svo kemur í 8. þættinum í 7. gr.: „Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu.“ Það þýðir því ekkert að segja okkur hérna, að þessi banki eigi ekki að hafa bein sambönd við fyrirtæki, sem nú eru til eða stofnuð verða. Það þýðir ekkert að segja okkur það, að hann eigi bara að hafa samband við banka og aðrar slíkar stofnanir. Hann á að lána beint út. Það er bara sá munurinn, að það er einn einasti bankastjóri þar. Það er engrar undankomu auðið, þegar búið er að setja þennan banka á, ef það á að stofna ný fyrirtæki. Öllum hinum bönkunum verður bannað að lána til slíkra stofnana, og það er engrar undankomu auðið hvað það snertir, að það sé hægt að tala við tvo menn og annar bankastjórinn sé sæmilegur viðureignar, en hinn lakari. Nei, það er einn einasti maður, sem á að hafa þetta. Og hæstv. fjmrh. kýs hér að fara með bein ósannindi frammi fyrir þm., í stað þess að þora að upplýsa okkur um, hvað hann hyggst fyrir með þessu. — Þá er þar með hrakið það, sem hæstv. fjmrh. talaði hér um áðan.

Svo eru nokkrar spurningar í viðbót, sem ég vildi leggja fyrir hæstv. fjmrh. og gera það alveg skýrt, hvernig þær eru. Eftir 7. gr., 3. atriði, má bankinn kaupa hlutabréf í fyrirtækjum. Það er auðvitað gefið, að bankastjórinn á að fara með slík hlutabréf á fundum í þeim hlutafélögum. Við skulum segja, að það er myndað hér hlutafélag með 10 millj. kr. kapítali til rekstrar ákveðinni verksmiðju útgerðarinnar. Þessi banki kýs að kaupa fyrir 3, 4 eða 5 millj. kr. hlutabréf í þessu fyrirtæki, og hann kaupir svona í fleiri fyrirtækjum. Það er bankastjóri bankans, sem fer með þessi hlutabréf á aðalfundum. Ég vil leyfa mér að benda á, að ef banki hefur þá aðferð að kaupa hlutabréf, — eins og hv. þm. vita, er Landsbankanum og öðrum bönkum bannað að eiga hlutabréf, — þá er sá bankastjóri, sem fer sjálfur með atkvæðisréttinn fyrir slík hlutabréf, ef hann gerir mikið að slíkum kaupum, og það er mjög líklegt, að hann kunni að gera það, á mjög skömmum tíma orðinn langsamlega voldugasti maðurinn í íslenzku fjármálalífi. Ég skal svo taka sem dæmi: Við skulum hugsa okkur, að t. d. auðhringur Du Ponts, þess mikla framleiðanda á kemískum vörum og öðru slíku í Bandaríkjunum, kjósi að láta sína banka lána þessum Framkvæmdabanka eitthvað af fé til þess að setja upp fyrirtæki hér á Íslandi til rekstrar á stórum kemískum verksmiðjum í krafti okkar fossaafls og að hann lánaði þetta fé í gegnum Framkvæmdabankann, og Framkvæmdabankinn ræður því, hvers konar hlutafélag er stofnað hérna, hvaða menn það eru, sem eru eigendur í því. Hann ræður því með því, að hann segir við suma þeirra: Ég kaupi af þér skuldabréf — því að hann má samkv. 7. gr., 2. tölul., kaupa ný skuldabréf í fyrirtækjum. Hann segir við aðra: Ég skal kaupa hlutabréfin þín til þess að gera þér greiða. M. ö. o., hann setur á stofn heil stórfyrirtæki hér á Íslandi með lánsfé frá erlendum auðhringum og á sjálfur svona og svona mikið þarna í og kontrollerar og lætur aðra menn, sem lána fé til þess, eiga hlutabréf að öðru leyti, þannig að þeir séu þæg verkfæri fyrir viðkomandi ameríska auðhringa, hvort það er aluminium, hvort það er áburður eða annað slíkt. Erlendir auðhringar hafa fengið í gegnum þennan banka ótakmarkaða möguleika til þess að gera það, sem þeim finnst arðvænlegt, hér á Íslandi, og fulltrúi Alþjóðabankans, sem verður bankastjóri þessa banka, er, ef hann kærir sig um, samkvæmt því valdi, sem honum er gefið með þessum lögum, á örskömmum tíma orðinn persónulega langsamlega voldugasti maðurinn í fjármálalífi Íslendinga.

Ég hef undirstrikað svo sérstaklega þetta atriði vegna þess, að það felur í sér gerbreytingu á allri þeirri stefnu, sem ríkt hefur í íslenzkum fjármálum fram að þessu. Viðvíkjandi öllum okkar efnahag, öllu okkar atvinnulífi og öllum eignarrétti í því, þá hefur einn hlutur einkennt alla íslenzka löggjöf allan fyrri hluta þessarar aldar. Það eru áhrif bændastéttarinnar á löggjöfina í þá átt að vera hrædd við útlent auðmagn og setja þess vegna þröngar skorður í allri okkar löggjöf við útlendu auðmagni og sömuleiðis jafnvel myndun nokkurs verulegs stórauðmagns hér á Íslandi, svo að það hefur varla getað vaxið upp. Þessi tortryggni íslenzkrar bændastéttar hefur alveg sérstaklega markað afstöðuna í löggjafarstarfinu gagnvart myndun stórauðvalds á Íslandi.

Með þessari löggjöf, sem hér liggur fyrir, er algerlega breytt um stefnu hvað þetta snertir.

Það er hér farið inn á, að erlent auðmagn getur komið hér inn eins mikið og vill. Það hefur sérstakan banka, sem er skapaður eftir þess fyrirmælum, sem það getur veitt sínu fjármagni í gegnum. Það hefur bankastjóra, sem vinnur samkvæmt þess fyrirmælum og getur ráðið yfir eins miklu og hann vill, ráðið, hvers konar hlutafélög eru mynduð, ráðið, hvað stofnað er af fyrirtækjum hér á Íslandi, ráðið, hvernig eignahlutföllin eru í þeim fyrirtækjum, hverjir það eru, sem eiga þar, og hvað bankinn og hvað þeir útlendu aðilar raunverulega eiga mikið í því. Og honum eru meira að segja gefin fyrirmæli um að hafa samstarf fyrst og fremst við einkaaðila, ekki einhverja opinbera aðila, í þessu efni, og hann skilur þetta á þann hátt, og hann lýsir því yfir við Alþ., að eitt af því fyrsta, sem hann muni gera og sjá um að verði gert, sé að selja ríkishlutabréfin í áburðarverksmiðjunni í hendur einstaklingum. M. ö. o., það á að skipuleggja byltingu fyrir einkaauðvaldið í íslenzku efnahagslífi með þessum banka, harðvituga valdatöku fyrir það auðvald í Reykjavík, sem amerísku bankarnir hefðu mesta velþóknun á, þannig að þeir gætu ráðið allri þróun í íslenzku efnahagslífi framvegis. Þetta vil ég segja og láta koma greinilega fram, til þess að enginn þeirra þm., sem kemur til með að greiða atkv. með þessu frv., seinna komi fram fyrir þjóðina og fari að segja: Ég vissi ekki, hvað ég gerði.

Svo ætla ég að síðustu aðeins að gera athugasemd viðvíkjandi 8. gr. um framkvæmdir úr mótvirðissjóðnum. Eins og 8. gr. er orðuð, þá er hún sama vitleysan eins og samþ. var með þál. Og ef hv. þm. hafa áhuga fyrir að setja þau ákvæði hér inn í 8. gr., hvernig verja skuli endurgreiðslunum á lánunum, sem veitt voru úr mótvirðissjóði, þá þurfum við að breyta þessari grein. Eins og þessi grein er orðuð núna, þá þýðir hún það sama og þál. þýddi. Það er aðeins mótvirðissjóðurinn sjálfur, þ. e. núverandi mótvirðissjóður, það sem óeytt er úr honum, sem þetta snertir. Þetta snertir ekkert af því fé, sem kemur inn þegar Sogsvirkjunin, Laxárvirkjunin og áburðarverksmiðjan borga lánin til baka. Það vil ég, að hv. þm. sé ljóst. Við skulum segja, að ef það eru 400 millj. í mótvirðissjóðnum og það er búið að ráðstafa 350 af því til kannske áburðarverksmiðjunnar og raforkuveranna, þá eru kannske 50 eftir, en ég efast um, að það sé svo mikið, og þá eru það þessar 50 millj., sem þarna er verið að ráðstafa. Það eru engin fyrirmæli í þessari grein um, að það eigi að ráðstafa því fé, sem kemur inn þegar lánin eru borguð til ríkissjóðs, engin ákvæði um það í þessari 8. gr. Það að greiða lán Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar, — sú endurgreiðsla er ekki mótvirðissjóður, hún er allt annað, hún er greiðsla til ríkissjóðs. Það vil ég vona að sé alveg skýrt. Ef meiningin með þessu er að gefa fyrirmæli um það, að þeim 300—400 millj. kr., sem þessi fyrirtæki hafa fengið lánaðar, skuli varið, þegar þær eru endurgreiddar, til þessara framkvæmda, helmingnum til landbúnaðar, helmingnum til framkvæmda fyrir kaupstaði og kauptún, þá þarf að breyta orðalaginu á þessari 8. gr. Eins og hún er núna, nær hún aðeins til mótvirðissjóðsins. Það vil ég benda þeim hv. þm. á, sem hefðu sérstakan áhuga fyrir því. En það er kannske, eins og nú á að fara að tíðkast, að það þyki öruggast að hafa slíkt hrákasmíði á öllum lögum, sem frá Alþ. koma, að enginn maður viti helzt, hvað lög eru, þegar Alþ. er búið að afgreiða lög. Og það hefur hins vegar komið fram þing eftir þing, að þeir gefa yfirlýsingar um, að lögin þýði allt annað en þau séu og að ein grein laganna, eins og 13. gr. í áburðarverksmiðjulögunum, sé réttthærri en allar hinar tólf, þannig að það þurfi svo að koma fram, eins og nú liggur hér fyrir, þáltill. um að fara að endurskoða lögin.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þetta mál verði alvarlega endurskoðað í fjhn., þegar það fer til hennar, og fái þá athugun, sem á við um eins stórt mál og þetta er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 574, n. 604 og 615).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til athugunar hjá fjhn. d. Meiri hl. n. hefur skilað áliti á þskj. 604. Er þar lagt til, að frv. verði samþ. með einni breytingu. Þessi brtt. n. er við 7. gr. frv., en sú grein er um hlutverk bankans. Eru þar talin upp í 10 tölul. þau verkefni, sem bankanum er ætlað að sinna, og meiri hl. fjhn. leggur til, að einum tölul. verði bætt við, svo hljóðandi: „Að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu.“

Eins og segir í nál. meiri hl., þá voru nm. ósammála um afgreiðslu málsins. Hv. 2. þm. Reykv. lýsti því yfir, að hann væri á móti málinu og mundi skila sérstöku áliti, en nál. hans hefur enn ekki verið útbýtt hér í d. Annar nm., hv. 8. landsk. þm. (StJSt), hefur skilað minnihlutaáliti á þskj. 615, og flytur hann þar tvær brtt. við frv. Þessar till. frá hv. 8. landsk. þm. voru ekki til athugunar í fjhn., vegna þess að hann var ekki mættur á fundi hjá n., þegar frv. var afgreitt. Ég átti hins vegar tal við hann, eftir að n. hafði afgreitt frv., til að vita um afstöðu hans til málsins, og lét hann þess þá getið, að hann mundi skila séráliti.

Nú höfum við, sem stöndum að meirihlutaálitinu á þskj. 604, athugað þessar brtt. frá hv. 8. landsk., og getum við fallizt á fyrri brtt. hans við 3. gr., en sú till. er um það að fella niður úr greininni það ákvæði, að bankinn skuli fá hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h/f. Þegar frv. var upphaflega lagt fyrir í hv. Ed., var gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn fengi einnig hlutabréf ríkisins í Eimskipafélagi Íslands og raftækjaverksmiðjunni, en það var fellt úr frv. í Ed. Við lítum svo á, að það muni skipta mjög

litlu máli, hvort hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni verða áfram í eign ríkissjóðs eða afhent Framkvæmdabankanum, sem er ríkiseign, og því getum við vel fallizt á þessa brtt. Hins vegar gegnir öðru máli um aðra brtt. frá minni hl. fjhn. á þskj. 615, sem er um það að fella niður 8. gr. frv. Meiri hl. fjhn. getur ekki á hana fallizt og leggur til, að sú brtt. verði felld.

Ég sé ekki ástæðu til, nema tilefni gefist, að fara fleiri orðum um þetta mál.

Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls sagði ég nokkur orð, sem eru í samræmi við það sérnál., sem ég hef nú gefið út á þskj. 615. Fyrir þær sakir get ég verið mjög fáorður við þessa umr. málsins, en vísa einnig til þeirra fáu orða, sem standa í sjálfu nál., svo og ræðu minnar við 1. umr. málsins. Þar að auki hefur hv. frsm. meiri hl. n. lýst yfir því fyrir hönd meiri hl., að hann geti fallizt á fyrri brtt. mína, sem er á þskj. 615, og sé ég því ekki ástæðu til þess að ræða það atriði frekar.

Um síðari brtt., varðandi niðurfellingu 8. gr., vil ég segja það eitt til viðbótar því, sem ég hef áður um það sagt, að ég hefði frekast kosið það, að ekki hefði verið slegið föstu, eins og gert er í þessari grein, skiptingu jafnvirðissjóðsins, og teldi, að það þyrfti að athuga það mál nánar. Fyrir þær sakir legg ég til, að 8. gr. falli niður.

Þó að ég sem sagt hefði talið það langæskilegast, að frv. um Framkvæmdabanka Íslands, ef fram hefði komið, hefði verið einn þáttur í allsherjar bankamálalöggjöf, sem væntanlega kemur þegar mþn. hefur lokið störfum sínum, þá sé ég samt ekki ástæðu til þess að leggjast gegn þessu frv., og þá enn þá síður þegar liggur fyrir yfirlýsing meiri hl. allshn. um, að hún geti mælt með fyrri brtt. minni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál frekar, að minnsta kosti ekki að sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef ekki enn þá getað skilað nál. um þetta mál, meðfram vegna þess að ég hef verið að doka við eftir hugsanlegum umsögnum um málið. Það hefur verið hafður sá háttur á þessu máli í þinginu, sem ekki getur talizt beint þinglegur, að afgreiðslu þess hefur verið hraðað alveg undarlega mikið. Þegar hv. fjhn. Ed. hafði þetta mál til meðferðar, var þar ákveðið að óska eftir umsögn allra þriggja aðalbankanna hér. Hins vegar var gefinn það skammur tími til þess að veita þessar umsagnir, — það var gert að skilyrði, að þær yrðu útbúnar um eina helgi, — að bankastjórar þessara þriggja ríkisbanka álitu það beinlínis móðgandi, hvers konar afgreiðslu fjhn., eða meiri hl. hennar, hafði á þessu. Tveir bankarnir svöruðu þess vegna því, að þeir gætu ekki sent umsögn á svona skömmum tíma og álitu það bókstaflega ekki rétt, en sökum þess að Landsbankinn hafði látið ríkisstj. í té umsögn um málið áður, þegar það lá fyrir bankamálanefnd og hún hafði leitað álits, þá sendu þeir afrit af umsögnunum til ríkisstj. til fjhn. Ed. Meiri hl. fjhn. Ed. birti ekki þessa umsögn Landsbankans. Ég býst við, að það sé í fyrsta skipti í þingsögunni, sem það hefur komið fyrir um bankamál, að leitað hafi verið umsagnar hjá seðlabanka landsins, aðalþjóðbankanum, og þegar slík umsögn með svona skömmum fyrirvara síðan fæst, þá birtir meiri hl. fjhn. ekki einu sinni álitið, og voru jafnvel vissar vöflur á um tíma, að nm. fengju álitið til athugunar. Það varð því úr, að minni hl. fjhn. Ed. birti þetta álit Landsbankans með sínu minnihlutanál. sem fylgiskjal. Þegar þetta mál kom til fjhn. í þessari hv. d., þá lagði ég til, að þetta mál yrði sent þeim bönkum til umsagnar, sem ekki hafði verið gefinn nægilegur kostur á að athuga málið og gefa sína umsögn um það, en það var fellt af stjórnarmeirihl. í n., og málið fékkst ekki sent frá n. í heild til ríkisbankanna.

Nú sé ég, að það er lagt ákaflega mikið kapp á að flýta þessu máli, og ég veit þess vegna ekki, hvort mér vinnst sem minni hl. n. tími til þess að fá nokkrar umsagnir um þetta mál, því að þeir menn, sem af ríkisvaldsins hálfu hafa verið taldir sérstaklega færir til þess að stjórna bankastofnunum Íslands, vilja auðvitað gefa sér tíma til þess að athuga vel, hvað meiningin sé með svona frv. eins og því, sem hérna liggur fyrir. Ég mun þess vegna ljúka mínu nál. í dag, hvort sem ég get birt með því umsagnir eða ekki, og vildi aðeins láta þetta strax koma fram hér viðvíkjandi meðferð málsins.

Þá er annað atriði, sem þegar sannar, hve óhæg sú meðferð er, sem þetta frv. hefur sætt í Alþingi. Það er afstaða sú, sem áður var tekin og nú er breytt viðvíkjandi 3. gr., 2. lið, um hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni. Eins og ég upplýsti við 1. umr. þessa máls, þá var form. bankamálanefndar, dr. Benjamín Eiríksson, kallaður fyrir n. til þess að yfirheyra hann um hans skoðanir á þessu frv. og hver meiningin væri með hinum einstöku greinum þess. Aðspurður svaraði dr. Benjamín Eiríksson, að meining hans með því, að Framkvæmdabankinn fengi hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, að upphæð 6 millj. kr., til ráðstöfunar, væri, að þau yrðu seld. M. ö. o., dr. Benjamín Eiríksson sem form. bankamálanefndar og, eins og ég hef haldið hér fram ómótmælt, tilvonandi bankastjóri þessa Framkvæmdabanka og sá, sem af hálfu Alþjóðabankans hefur verið eins konar trúnaðarmaður hans, svo að ekki séu viðhöfð nein verri orð, hér á Íslandi, — hann útbýr þetta frv., sem ríkisstj. sjálf lýsir yfir að sé útbúið í samræmi við vilja Alþjóðabankans og þess útlenda manns, sem hann sendi hingað líka, — hann útbýr þetta frv. með það fyrir augum, að hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni séu seld. Og í Ed., þegar till. koma þar fram um, að þessi 2. liður sé felldur burt, þá eru þær till. felldar. Þegar rætt er um þetta atriði í fjhn. þessarar hv. d., þá er enn enginn bilbugur á stjórnarmeirihl. Hins vegar er þetta mál þegar orðið að hneyksli hjá þjóðinni. Það er orðið svo greinilegt, hvernig meiningin er af ríkisstj. og flokkum hennar að taka áburðarverksmiðjuna með lögum og ólögum úr eign ríkisins og í eign nokkurra einstakra aðila á Íslandi.

Ég sýndi hér fram á við 1. umr. þessa máls, hvernig samsærið um að ná áburðarverksmiðj-

unni í greipar einstakra aðila úr eign ríkisins hefði verið skipulagt frá upphafi, frá því að brtt. kom fram við síðari umr. í Ed., brtt., sem nú er 13. gr. laganna um áburðarverksmiðjuna, og hvernig þetta, sem dr. Benjamín Eiríksson upplýsti fyrir fjhn. Ed., átti að vera kóróna á verkið.

Ég skil, hvað því veldur, að nú er því lýst yfir af meiri hl., að ríkisstj. muni ganga inn á að fella það burt, að Framkvæmdabankinn fái hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni sem stofnfé. Ég sé, að stjórnarflokkunum finnst þeir sjálfir hafa gengið fullfrekt til verks og það sé ekki varlegt fyrir kosningar að láta það verða ljóst, hvernig ná eigi áburðarverksmiðjunni úr eign ríkisins og undir vald nokkurra einstakra manna, þess vegna sé nú gengið inn á það núna að fella þetta út, a. m. k. fyrir kosningar, hvað sem kunni svo að verða gert að kosningum loknum.

Mér þykir út af fyrir sig vænt um þetta undanhald. Það sýnir, að þrátt fyrir alla þá óskammfeilni, sem búið er að beita í sambandi við áburðarverksmiðjumálið, þá hafa stjórnarflokkarnir enn þá ofur lítinn beyg af kjósendum. Hins vegar þekki ég allt of vel af reynslunni, hvað sá beygur minnkar, þegar kosningar eru liðnar hjá. Ég gæti trúað, að hugrekkið yrði allmiklu meira eftir næstu kosningar, en það verður auðvitað kjósendanna að reyna að sjá um að vera á verði í því efni. — Og þá skal ég víkja nokkru nánar að frv. og minni afstöðu til þess.

Mín afstaða er í fyrsta lagi sú, að ég álít þennan banka vera óþarfan. Ég álít, að það sé heppilegra, að við vinnum að þeim framkvæmdum, sem hér í 7. gr. er talið upp að þessi banki eigi að hafa með höndum og ekki eru neinar nýjar framkvæmdir raunverulega, með þeim bönkum, sem við nú höfum fyrir í þjóðfélaginu. Það eru engin ný verkefni, sem ekki einhver af núverandi ríkisbönkum á að hafa, sem þessum banka eru lögð á herðar. En það er einn höfuðmunur á þessum banka og öllum hinum. Þetta er fyrsti bankinn á Íslandi, frá því að Íslandsbanka sáluga leið, sem skapaður er fyrir kröfu og áhrif útlendra banka og ætlaður er til þess sérstaklega að verða eins konar tæki fyrir útlent auðmagn í landinu. Þegar Íslandsbanki forðum daga var stofnaður, þá var hann, eins og alþjóð veit, að miklu leyti með dönsku auðmagni, og að nokkru leyti var hann eign dansks banka, og Íslandsbanki var á þeim tíma ætíð talinn svo að segja hinn danski banki á Íslandi, á fyrsta áratug aldarinnar, og talinn í stjórnmálunum alveg sérstaklega styðja þá aðila, sem helzt voru hægfara í okkar sjálfstæðismálum, og eins konar bakhjarl þeirra, sem skemmst vildu ganga í sjálfstæðisbaráttunni við Dani.

Ég sé, að með þessum banka, Framkvæmdabanka Íslands, er nú stofnað til banka hér á Íslandi, sem á að verða beinlínis fulltrúi fyrir ameríska auðvald á Íslandi. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki heldur dregið neina dul á þetta. Hún skýrir frá því í sinni grg., að þessi banki sé til orðinn fyrir óskir Alþjóðabankans, til þess að hann hafi betri aðstöðu til þess að sjá um, að þeim skilyrðum, sem hann setur fyrir sínum lánum, sé framfylgt. M. ö. o., það er strax viðurkennt í grg. þessa frv. af hálfu hæstv. ríkisstj., að þetta sé í fyrsta lagi eins konar eftirlitsbanki Alþjóðabankans og þar með amerísks auðmagns með framkvæmdum á Íslandi. Í öðru lagi er auðséð af þessu frv. og sérstaklega 7. gr. þess og þeirri sérstöku heimild, sem bankinn fær með 7. liðnum í þeirri grein, að mega taka lán erlendis án þess að þurfa að heyra undir ákvæðin í lögunum viðvíkjandi Bretton Woods samþykktinni, án þess að þurfa að spyrja ríkisstj. nokkuð um leyfi, að þessum banka er ætlað að taka sérstök lán utanlands, og þá er gefið, að það yrði fyrst og fremst í Bandaríkjunum, hjá Alþjóðabankanum eða hjá þeim amerískum bönkum, sem hann hefur sérstakt samband við, og veita þeim lánum út í íslenzkt atvinnulíf með því móti, sem bankastjóranum þykir rétt. Og það er tekinn upp alveg nýr háttur, sem ekki hefur þekkzt áður í íslenzkri bankastarfsemi, hvernig veita skuli þetta fjármagn út í íslenzkt atvinnulíf. Það er tekinn upp sá háttur í fyrsta lagi samkv. 7. gr., 2. lið, að kaupa skuldabréf í fyrirtækjum, sem bankastjórn álítur sérstaklega arðbær, og í samræmi við 3. lið að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem séu arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar. Hingað til hefur öllum íslenzkum bönkum verið bannað að kaupa slík hlutabréf. Hvernig stendur nú á því, að þessi ákvæði skuli sérstaklega vera sett þarna inn í? Eins og ég áður hef skýrt, þá hefur fjhn. ekki fengizt til þess að ræða þessi ákvæði. Engin skýring hefur fengizt á því, hvaða sérstök ástæða sé til þess, að farið sé inn á þessa braut, sem hingað til hefur verið bönnuð í íslenzkri bankastarfsemi. En ég skal skýra, hvernig á þessu stendur og hver meiningin er með þessum ákvæðum.

Þegar t. d. ameríska auðmagn, annaðhvort í gegnum banka eða auðhringa, lánar fé til þessa Framkvæmdabanka, þá mun það gera það að skilyrði, að stofnuð séu hlutafélög hér, sem hafi þá starfrækslu með höndum, sem viðkomandi auðhringur eða banki hans álítur heppilegt að leggja hér í. Við skulum taka sem dæmi, að þeir vilji leggja hér í aluminiumvinnslu eða eitthvað þess háttar. Þá á að skapa að nafninu til íslenzkt hlutafélag. Síðan á þessi Framkvæmdabanki sumpart að lána því, sumpart að kaupa skuldabréf og sumpart að kaupa hlutabréf í því, sem bankinn getur átt og hann getur veðsett þeim amerísku auðmönnum, sem leggja féð til, þannig að hægt sé að fara í kringum öll lög, sem Ísland hefur nú búið við um áratugi og eiga að tryggja það, að ekki sé hægt að mynda leppfélög hér á Íslandi. M. ö. o., þessum banka er sérstaklega ætlað að brjóta niður þá löggjöf á Íslandi, sem hingað til hefur átt að reyna að hindra það, að útlent auðmagn geti gleypt atvinnulíf svona tiltölulega lítils og fátæks lands á alþjóðamælikvarða. Þessi banki er undanþeginn öllum þessum kontrolum, sem ekki sízt undir áhrifum bænda og verkamannastéttarinnar hafa verið settar hér á Íslandi á undanfarinni hálfri öld til þess að koma í veg fyrir, að erlent auðmagn læsti klóm sínum í atvinnulíf okkar landsmanna. Allar þessar skorður á nú að rífa niður, og það á að losa Alþingi og ríkisstj. við að þurfa

að leyfa eða gefa undanþágur eða annað slíkt í þessum efnum, vegna þess að hv. stjórnarflokkar eru hræddir um, að það yrði nokkuð tafsamt að selja smátt og smátt auðlindir Íslands og framtíðarmöguleika nýs atvinnulífs hjá þjóðinni, eins og okkar stóriðju, — það yrði nokkuð tafsamt að fá leyfi á Alþingi til þess að selja þetta í hendur á amerísku auðmagni.

Þessi banki á að geta verið sá kanall, þau göng, sem grafin séu fram hjá ríkisstj. og Alþingi og amerískt auðmagn geti runnið beint gegnum inn í íslenzkt atvinnulíf og ráðið til fullnustu öllu því íslenzka atvinnulífi, sem það snertir á. Þessi ákvæði, sem hér er verið að leggja til af meiri hl. að samþ., koma þess vegna til þess að marka tímamót í sögu íslenzks atvinnulífs hvað þetta snertir. Sannleikurinn er, að þrátt fyrir allt það arðrán, sem við Íslendingar höfum átt við að búa af útlendum auðhringum á undanförnum áratugum, þá hafa hinir útlendu auðhringar seilzt lítið inn í okkar atvinnulíf. Við höfum verið arðrændir af fiskhringum erlendis, af voldugum feitmetishringum, eins og Unilever, og voldugum olíuhringum, eins og öllum er kunnugt, af ensku bönkunum, meðan þeir héldu sinni arðránskló yfir okkar landi, en útlenda auðmagnið hefur ekki farið inn í sjálft íslenzka atvinnulífið; það hefur hvorki farið inn í landbúnaðinn né sjávarútveginn og það af þeim einföldu ástæðum, að landbúnaður og sjávarútvegur eru atvinnugreinar, sem auðvaldinu, sem er vant að heimta stóran og mikinn arð, þykir ekki sérstaklega girnilegt að leggja í. Nú eru hins vegar fram undan, eins og öllum þeim er ljóst, sem nokkuð þekkja inn á auðlindir Íslands og nokkurn áhuga hafa fyrir að notfæra þær fyrir þjóðina, að sá auður, sem við eigum í okkar fossum, er meiri en sá, sem við eigum í okkar sjó, ef við aðeins höfum vit og vilja til þess að hagnýta þennan auð, þessar auðlindir fyrir okkur sjálfa. Við eigum hægara með vegna okkar fátæktar og vegna okkar smæðar að hagnýta sjávarútveginn og landbúnaðinn. Það hefur verið rétt af okkur að leggja eins mikla áherzlu á það eins og við höfum gert, því að sérstaklega með þeim auð, sem við getum ausið upp úr okkar fiskimiðum, ef við fáum í friði fyrir afturhaldssamri ríkisstj. að ausa þeim auði upp og selja okkar fisk erlendis, þá getum við lagt grundvöll að stóriðju í okkar landi, sem við eigum sjálfir. Þess vegna er aukinn sjávarútvegur, aukin framleiðsla fiskafurðanna, aukin hagnýting á þeim miklu markaðsmöguleikum, sem við höfum, forsendan fyrir sköpun stóriðju á Íslandi, þeirrar stóriðju, sem Íslendingar eiga sjálfir og ráða sjálfir. Nú stendur það hins vegar fyrir dyrum, að amerískt auðmagn krefjist þess að ná tökunum á okkar fossum og hagnýta þá til þess að reisa stóriðju hér á Íslandi, sem það eigi og hirði gróðann af.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem erlent auðvald reynir að ná tökunum á okkar fossum og ætlar sér að skapa stóriðju í greipum útlends valds í okkar landi. Strax á fyrstu áratugunum, sem kapítalismínn ruddi sér hér til rúms, var framsýnum mönnum ljóst, hver auður var í okkar fossum, og ýmsir þeirra leituðu þá líka sambands við útlenda auðmenn um að reyna að nýta þá möguleika. 1919, þegar fossanefndin hér á Alþ. tók fossamálið til athugunar, var búið svo að segja að selja alla fossa á Íslandi og allt það vatnsafl, sem hugsanlegt var að hagnýta með góðum árangri, nema Sogið. Allt var það komið í hendurnar á meira eða minna útlendu auðmagni. Og í 3 ár stóð baráttan hér á Alþ. um að hindra það, að útlent auðmagn virkjaði okkar fossa og reisti stóriðju á grundvelli þeirra virkjana. Það skiptust skoðanir manna um það, hvort það væri heppilegt fyrir þróunina í okkar atvinnulífi að fá útlent auðmagn hér inn. Og þeir menn, sem vissulega vildu efla atvinnulífið hérna, menn úr íslenzku borgarastéttinni og jafnvel menn, sem urðu pólitískir forustumenn hennar, menn eins og t. d. Jón Þorlákssón, menn eins og Guðmundur Björnson landlæknir tóku eindregið þá afstöðu, að sköpun stóriðju á Íslandi á grundvelli virkjunar okkar fossa yrði að gerast af Íslendingum. Það væri hættulegt fyrir okkar þjóð, ef fossarnir lentu í eign meira eða minna útlendra félaga og hér kæmu upp stórvirkjanir og stóriðja, sem væru eign útlendinga. Það væri þá betra að bíða til þess tíma, að íslenzka þjóðin hefði efni á því sjálf að leggja í slíka stóriðju. Og þrátt fyrir allt fór það svo á endanum, að þessir menn sigruðu, Jón Þorlákssón, Guðmundur Björnson og aðrir slíkir, og björguðu Íslandi þá frá því, að fossarnir yrðu eign útlendinga, sem gætu hagnýtt þá. Þeir héldust í eign þeirra, en án þess að útlenda auðvaldið hefði aðstöðu til þess að hagnýta þá til stóriðju. Þess vegna hefur geymzt til þessarar kynslóðar, sem nú lifir í landinu, að taka ákvörðun um það, á hvern hátt eigi að hagnýta íslenzkt fossaafl og á hvern hátt eigi að skapa íslenzka stóriðju. Það eru til tvær leiðir. Önnur leiðin er, að Íslendingar virki sína fossa sjálfir, skapi hér stóriðju, sem þeir eigi sjálfir, reki þá stóriðju landsbúum til góðs og til hagnaðar og efli velmegun í landinu á grundvelli slíkrar stóriðju. Þetta er sú leið, sem Sósfl. hefur lagt til að væri farin og markaði strax með sínum till. hér í þessari hv. d. 1947, þegar l. um fjárhagsráð voru til meðferðar og ég lagði fram sem minni hl. fjhn. fyrir hönd flokksins till. um undirbúning að stóriðju, sérstaklega með virkjun Þjórsár. Allan þann tíma, sem síðan er liðinn, hafa engir aðilar í landinu treystst til að mæla með annarri leið heldur en þessari. En það er önnur leið til. Sú leið er, að fossarnir á Íslandi séu virkjaðir, stóriðja sé reist á grundvelli okkar fossaafls, sem sé í eign útlends auðvalds og íslenzkra leppa þess, stóriðja, sem mali gull fyrir útlent auðvald og skapi þrælahald hjá íslenzkum verkalýð og árangurinn og ávöxturinn af okkar auðlindum og vinnuafli okkar fólks sé fluttur út úr landinu sem gróði fyrir ameríska auðhringa.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það er enginn smárekstur, sem mundi vera hugsaður af hálfu amerísks auðvalds, ef það fer hér inn í landið t. d. með aluminiumverksmiðju og annað slíkt. Rekstur verksmiðja eins og t. d. aluminiumverksmiðja er ekki rekstur, sem á bágt með að bera sig og hjakkar einhvers staðar í kringum

núllpunktinn í ágóða, eins og landbúnaður og sjávarútvegur venjulega verða að gera á okkar landi. Aluminiumvinnsla hefur, eins og títt er hjá slíkum auðhringum, 40—50% gróða á hverju ári. Ameríska auðvaldið hefur unnið að því skipulagt á undanförnum árum að skapa forsendurnar fyrir því, að hægt væri að leggja í svona rekstur hérna.

Fyrsta krafan var að ná efnahagslegum tökum á Íslandi, á ríkisstjórn þess og efnahagslífi þess. Það var gert með Marshallsamningnum og þeim skilyrðum, sem honum fylgdu, og eins og hv. þm. muna, er í 5. gr. m. a. skylda, sem uppáleggur ríkisstj. að leyfa amerískum auðhringum að útvega sér þær efnivörur hér á Íslandi, sem Ameríkanar kunni að álíta sig vanta til sinna hernaðarþarfa, og menn þekkja gildi aluminiums í slíku sambandi.

Næsta skilyrðið var að knýja fram lækkun á launum verkamanna hér á Íslandi. Amerískt auðvald leggur því aðeins í fjárfestingu í stórum stíl erlendis, að launakjör verkalýðs í viðkomandi landi hafi verið lækkuð langt niður fyrir það, sem amerískur verkalýður hefur í kaup. Meðan Sósfl. var í stjórn hér á Íslandi, hafði íslenzkur verkamaður samsvarandi laun og amerískur. 1946, þegar amerískur hafnarverkamaður hafði $ 1.40 um tímann, hafði íslenzkur verkamaður það líka, Dagsbrúnarverkamannskaupið var hið sama. Síðan hefur kaupið, eftir fyrirskipunum ameríska auðvaldsins með gengislækkunarlögunum og frekari fyrirskipunum, sem fluttar voru hingað af dr. Benjamín Eiríkssyni og útreiknaðar af honum, verið lækkað þannig, að nú hefur íslenzkur verkamaður 40% af launum amerísks verkamanns. Þar með er verið að þrýsta kaupgjaldi íslenzkra verkamanna niður á samsvarandi stig eins og er í öðrum nýlendum Bandaríkjanna. Það er ekki enn þá orðið eins slæmt og í þeim verstu, þar sem laun verkamanna sums staðar, eins og t. d. í Suður-Ameríku, eru ⅛ af daglaunum amerísks verkamanns; hér eru þau enn þá ⅜. En það vantar ekki hugann hjá núverandi ríkisstj. til þess að koma því lengra niður. Það hefur strandað á íslenzkri þjóð, en ekki stjórnarflokkunum, að kaupið skuli ekki vera orðið lægra.

Þriðja skilyrðið, næst á eftir þeim efnahagslegu tökum amerísks auðvalds á íslenzku efnahagslífi og næst á eftir lækkun kaupgjaldsins niður í það, sem amerískt auðvald áliti viðunandi, til þess að hægt væri að arðræna íslenzka verkamenn, var, að það skyldi vera betur um hnútana búið hér heima, þannig að gamlar þjóðlegar erfðir eða minningar yrðu ekki til neins trafala fyrir amerískt auðvald, þegar það flytti hér inn í landið. Það hafa sem sé verið uppi með þessari þjóð nokkrar minningar um, að hún hafi einu sinni verið nýlenduþjóð, og það hafa verið í okkar l. nokkrar sérstakar ráðstafanir, eftir að við fórum að hrista af okkur danska okið, gegn því, að útlent vald gæti náð tökum á okkar þjóðlífi aftur. Og það hefur ekki þótt fært að blaka við slíkum gömlum múrveggjum, sem reistir höfðu verið sem skorður gegn innrás útlends auðmagns í landið. Alþ. og jafnvel ríkisstj., þótt þæg væri, hafa að áliti amerískra yfirvalda verið of erfiðir milliliðir, til þess að amerískt auðvald þyrfti að fara að spyrja ríkisstj. og Alþ. leyfis um að streyma hér inn. Þess vegna eru nú teknar þessar ákvarðanir með Framkvæmdabankann, að ameríska auðmagnið geti komizt beint inn í landið, án þess að ríkisstj. og Alþ. geti haft nokkuð um það að segja. Það á að ryðja þannig úr vegi minjunum frá tímum okkar sjálfstæðisbaráttu við Dani, skorðunum, sem við höfðum reist gegn ofurvaldi útlends auðmagns í landinu, til þess að það verði hægara fyrir amerískt auðvald og þá leppa þess, sem það kaupir upp hér í Reykjavík, að komast inn í íslenzkt atvinnulíf og ráða því.

Það má vel vera, að íslenzkri borgarastétt þyki það girnilegt sem stendur að hjálpa til þess, eins og Sjálfstfl. nú gerir, að koma amerísku auðmagni inn í landið. En það vil ég segja þeirri íslenzku borgarastétt, sem bak við Sjálfstfl. stendur, að það verða ekki nema örfáir úr henni, nokkrir útvaldir, þeir, sem nú þegar hafa gengið bezt fram í þjónustunni við ameríska valdið, sem koma til með að njóta þess, sem ameríska auðvaldið flytur hér inn af auðmagni. Það er harðdrægt og harðvítugt auðvald, það ameríska. Það verður ekki lengi að berja niður það litla, sem tekizt hefur að skapa hjá þessari þjóð af sjálfstæðum, innlendum atvinnurekstri, ef það fær að fara sínu fram eins og það nú ætlar sér í gegnum Framkvæmdabankann. Og það vil ég segja þeirri íslenzku bændastétt, sem að miklu leyti stendur á bak við Framsfl., að þótt máske takist að ginna menn í svipinn með því, hvað það þýði, að amerískt auðvald komist hér inn, eins og ég sé daglega að Tíminn er nú að reyna að gera, þá býst ég við, að íslenzkri bændastétt fari að finnast lítið fara fyrir sínu efnahagslega sjálfstæði, þegar amerískt auðvald verður búið að koma upp stóriðju í okkar landi með þeim afleiðingum, sem það kemur til með að hafa fyrir efnahagslíf bænda. Þau eru ekki svo glæsileg kjörin, sem bændurnir í Ameríku eiga við að búa, að það sé neitt keppikefli fyrir íslenzka bændur, sem til allrar hamingju á undanförnum áratug hafa öðlazt meira efnahagslegt sjálfstæði heldur en nokkru sinni fyrr, að verða að upplifa það sama sem amerískir bændur hafa upplifað á undanförnum áratugum, þegar þeir flosnuðu upp milljónum saman og misstu sínar jarðir. Ef við eigum að fara að upplifa á næsta áratug einhverjar svipaðar atvinnubyltingar hérna heima vegna innrásar amerísks auðvalds inn í landið, þá gerir það íslenzka bændastétt fátæka, en ekki ríka. Og bezt er, að þeir menn viti það, sem í dag taka ákvörðun um það að koma þessum hlutum hér í gegn.

Með Framkvæmdabankanum á sem sé að vinna verk, sem engum hinna bankanna á Íslandi var treystandi til, að drepa niður innlent auðmagn, sjálfstætt auðmagn á Íslandi, drekkja því í hafi innflutts, erlends auðmagns, sem gíni yfir öllu því bezta, sem getur gefið mestan auð í okkar landi. Þess vegna er með Framkvæmdabankanum verið að ryðja úr veginum þessum gamla þjóðlega trafala frá sjónarmiði útlends valds.

Og fjórða og síðasta skilyrðið, sem ég tel hér upp og þurfti að skapa, til þess að hægt væri að

koma slíku auðmagni inn í landið, var að skipuleggja fátækt og atvinnuleysi á Íslandi. Ég hef sagt það hér áður og þarf ekki að færa nein sérstök rök fyrir því nú, að sú fátækt, sem vaxið hefur hjá íslenzkri alþýðu á undanförnum 5 árum, er eingöngu ríkisstj. og stjórnarflokkunum að kenna — eingöngu og engum öðrum aðila. Síldarleysi og hvað annað slíkt, sem fyrir hefur komið, eru smávægileg atriði móts við það stjórnarfar, sem við höfum búið við. Þó að við töpuðum 100 millj. kr. á síldarleysi og jafnvel meiru, þá gátum við bætt okkur það allt saman upp með aukinni framleiðslu á fiskinum. Með togurunum einum gátum við framleitt fyrir 200 millj. kr. meira verðmæti á ári hverju, ef við hefðum fengið fyrir ríkisstj. að nota þá til fulls. Og af hverju hefur ríkisstj. og hennar flokkar ekki viljað lofa þjóðinni að vinna og lofa henni að framleiða í friði? Vegna þess að það var fyrirskipun, enda þegar viðurkennt og yfirlýst af Íslandssérfræðingi Marshallstofnunarinnar hér á Íslandi og birt í hans greinargerð til amerísku stjórnarinnar, sem birtist í Alþýðublaðinu 5. febr. 1948. Þá var yfirlýst, að á næstu árum yrðu Íslendingar að sleppa megninu af öllum þeim fríðindum, efnahagslegum og félagslegum, sem þeir höfðu áunnið sér á nýsköpunarárunum.

Ríkisstj. hefur skipulagt atvinnuleysið og fátæktina á Íslandi til þess að skapa grundvöll fyrir það, að þjóðin, þegar búið væri að hrinda henni út í þá neyð, sem hún á nú við að búa, tæki því þakksamlega, að ameríska auðvald kæmi til landsins. Framsfl. og Sjálfstfl. hafa undanfarið gert samsæri um það að svelta fólkið úti um allt Ísland, að stöðva meira eða minna öll framleiðslutæki, að banna þessu fólki að verzla frjálst, til þess að það skapaðist slík neyð úti um land, að menn bæðu um að fá að koma suður á Keflavíkurflugvöll í vinnu og að menn fögnuðu því, ef það kæmi frétt um það í Tímanum núna fyrir kosningarnar, að ameríska auðhringur ætlaði í sinni náð að líta til þessa fátæka og útskúfaða lands og taka þakksamlega á móti einkaleyfum til þess að virkja okkar fossa, með þeim eðlilegu kjörum, sem hann setti upp fyrir slíka hjálp og aðstoð, og tæki þess vegna við því verkefni, sem tókst að hindra, að Titan legði út í 1919, að virkja Þjórsá fyrir útlent auðvald, því til gróða og íslenzkri þjóð til armæðu. Við vitum, að öll pólitík ríkisstj. hefur miðazt við að skapa þetta vandræðaástand á Íslandi, sem gerði það mögulegt að bjóða þjóðinni upp á kjör, er hún mundi hafna, ef henni liði sæmilega. Ef íslenzka þjóðin hefði fengið að njóta þeirra tækja, sem nýsköpunarstjórnin keypti inn í landið, fengið að njóta sinna auðlinda, fengið að njóta verzlunarfrelsis og athafnafrelsis í friði fyrir ríkisstj., þá hefðu allir menn haft næga atvinnu hér á þessu landi. Það þurfti svívirðilega og harðvítuga ríkisstjórn til þess að skipuleggja atvinnuleysið og fátæktina, annars hefði ekki verið hægt að koma því á hér. Og með því að skipuleggja atvinnuleysið er verið að skapa grundvöllinn fyrir áróðrinum fyrir því að hleypa útlendu auðvaldi inn í landið, gefa því sérleyfi, og Tíminn prédikar það daglega, að við eigum að þakka fyrir, svo framarlega sem útlenda auðvaldið vilji taka á móti slíku sérleyfi. Tíminn meira að segja undirstrikar það, að það séu ótal menn um boðið, nýlenduþrælar suður í Suður-Ameríku, Afríku, Asíu kepptust um að fá að vinna fyrir amerískt auðvald, jafnvel eins og — við skulum segja — við olíulindirnar hjá Arabíu, fyrir sömu daglaun eins og amerískur verkamaður hefur í tímavinnu. M. ö. o., það á að bjóða út íslenzku auðlindirnar og íslenzka verkalýðinn. Það á að lofa því að lækka kaupið hjá íslenzka verkalýðnum til þess að gera þetta girnilegra til arðráns fyrir ameríska auðvald. Þess vegna er auðséð, að ríkisstj. er með þessu máli, sem hún nú leggur fyrir, að ná einu höfuðtakmarkinu, sem undirbúið hefur verið með efnahagspólitík hennar á undanförnum árum. Það á að takast með hennar atvinnuleysi, með því atvinnuleysi, sem hún skipuleggur, að brjóta íslenzku þjóðina þannig á bak aftur andlega, að hún þakki fyrir, að útlent auðmagn ráðist inn í landið. Síðan er auðséð, að þetta útlenda auðmagn er nú þegar búið að undirbúa sitt samband við íslenzka aðila. Við þurfum ekki langt að leita til þess að finna það. Það er engin tilviljun, að Samband íslenzkra samvinnufélaga er sjálft annars vegar orðið umboðsfélag, eða sama sem það, fyrir stærstu auðhringi Ameríku, eins og Standard Oil, Westinghouse, General Motors og aðra slíka, og jafnframt búið að tengjast sérstöku, einkennilegu úrvali úr reykvískri auðmannastétt í ótal hlutafélögum hér í Reykjavík. Það er verið að skapa þarna sérstaka einokunarklíku, sem á að verða fulltrúinn og milliliðurinn fyrir það ameríska auðvald hér heima.

Hæstv. viðskmrh., sem þegar hefur mjög góð sambönd við slíkt amerískt auðvald, gæti náttúrlega lýst því fyrir okkur, ef hann vildi, hvað fyrirhugað sé að gera í þessum efnum, en það er nú ekki aldeilis hlaupið að því að fá upplýsingar hjá hæstv. ríkisstj. um, hvað fyrirhugað sé með þessum banka. Það hefur ekki enn þá fengizt upplýst um eitt einasta atriði, sem bankinn á að gera. Af hverju? Af því að hæstv. ríkisstj. finnst ekki heppilegt fyrir kosningarnar að þurfa að leggja þetta allt of opinberlega fyrir. Héðan af er meiningin að stilla þjóðinni upp frammi fyrir gerðum staðreyndum í þessum efnum. Héðan af fær þjóðin ekki að heyra það, að ríkisstj. og Alþingi hafi nú í hyggju og séu að undirbúa, að gera skuli þessar og þessar framkvæmdir, og geti rætt um þetta og íhugað þetta frjálslega. Héðan af á það að verða þannig, að einn góðan veðurdag hefur bankastjóri Framkvæmdabankans samið við þennan og þennan banka einhvers auðhrings í Ameríku um svona og svona lán og í sambandi við það eigi að stofna svona og svona hlutafélög hér á Íslandi, ákveðið að kaupa í þeim skuldabréf, ákveðið að kaupa í þeim hlutabréf og að í þeim séu ákveðnir menn, þeir menn, sem ameríska auðvaldið treystir nægilega á. Þess vegna fæst ekkert sagt um, hvað nú eigi að gera. Og þess vegna kemur meira að segja dálítið undarlega fyrir, að menn úr stjórnarflokkunum eru að tala hér um, að það vanti peninga í einhverjar framkvæmdir. Þeir eru að leggja fram till. hérna og biðja um

nýja skatta á þjóðina. Hví í ósköpunum hafa þeir ekki spurt sína ráðherra? Ætlar ekki Framkvæmdabankinn að lána eitthvað í útgerð? Það kvað einhverja útgerðarmenn einhvers staðar vanta einhverja peninga, var verið að segja hérna áðan, til þess að koma einhverjum bátum af stað, en þeir góðu framsóknarmenn, sem voru að berjast fyrir því máli, gerðu sér máske ekki beint miklar vonir um, að Framkvæmdabankinn mundi fara að leggja í framkvæmdir viðvíkjandi sjávarútveginum. Það er líklega eitthvað annað stærra og feitara, sem þessi banki hugsar sér. Það er undirstrikað með 7. gr. og endurtekið að minnsta kosti 4 eða 5 sinnum orðið „arðbær“. Það á að vera prinsípið, sem núna gengur í gegn. Það á ekki lengur að fara eftir því með framkvæmdirnar á Íslandi, hvort menn lifa af því að framleiða og skapa. Nei, kjörorðið á að vera, hvort það gefur arð.

Ég vil minna hv. framsóknarmenn á það, þegar þeir börðust á móti togarakaupunum hér um árið og stofnlánadeildinni, sem gerði mögulegt að staðsetja þá úti um land. Þá var ekki verið að gera ráðstafanir með tilliti til þess, hvað arðbærast væri, heldur með tilliti til þess, hvað vinnandi mönnum í landinu og framleiðslu landsbúa væri þörf. Þá var verið að gera ráðstafanir til þess, að bláfátæk bæjarfélög, sem enga peninga höfðu, gætu fengið afkastamikil atvinnutæki til þess að skapa grundvöll að vinnu og framleiðslu í viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum. Og þessir togarar hafa á slíkum stöðum, eins og Akureyri og öðrum, síðan verið það, sem staðið hefur fyrst og fremst undir atvinnulífi staðanna, hvort sem þeir hafa borið sig eða ekki, sem kallað er. Þeir hafa allir borið sig ágætlega fyrir þjóðarheildina. Þeir hafa gefið henni framleiðsluna, sem hún hefur flutt út til þess að geta keypt inn vörur til þess að lifa á. Þeir hafa frá sjónarmiði heilbrigðrar vinnu og framleiðslu verið það æskilegasta, og það var það, sem við þurftum. Það var út frá sjónarmiði vinnandi stétta, sem þær ákvarðanir voru teknar, að leggja upp í hendurnar á vinnandi mönnum tæki, sem gætu gert þeim mögulegt að lifa og starfa og framleiða, en það var ekki verið að spyrja um arð. Það var ekki verið að spyrja um reikningshaldið. Það var ekki verið að spyrja um útkomuna á pappírnum, heldur um það fyrir þjóðina, hversu hún eignaðist meira af fiskafurðum og útlendum neyzluvörum, hversu hún sæi sér betur farborða, þegar hún væri búin að fá þetta. Það var ekki peningadýrkunin, heldur tillitið til þess vinnandi, starfandi manns, sem þar réð.

Nú er það auðsjáanlega ný stefna, sem á að innleiða hér. Og það vil ég alveg sérstaklega undirstrika við þá menn í þessari hv. d., sem stundum eru að kvarta undan því, að það sé verið að draga úr greipum fólksins úti á landi og rýra atvinnumöguleikana fyrir það, að með þessum lögum, sem verið er að samþ. hérna, drepa þeir mikið af öllum byggðum landsins, og það gera þeir vitandi vits. Ef arðprinsípið á að vera þar ráðandi í íslenzkum atvinnuháttum, þá tæmist meginið af byggðum landsins. Ef amerísk stóriðja á að rísa upp við Þjórsá, þá verður piskað burt með hungursvipunni, sem ríkisstj. núna lætur hvína á fólkinu úti um landið, það, sem eftir er, í fjölda þeirra hreppa, sem ekki eru þegar komnir í eyði. Það, sem lagt verður í af þessum Framkvæmdabanka, — og það er ætlazt til þess, að það verði einu framkvæmdirnar, sem lagt verður í, — á aðeins að vera það, sem gefur hluthöfunum stóran arð. Prinsípið, sem þar á að ráða, verður ekki prinsípið, hvað heppilegast sé frá framleiðslusjónarmiði fyrir hinar og þessar dreifðar byggðir landsins. Þetta vildi ég óska, að ekki sízt hv. þm. hinna dreifðu byggða vildu athuga, þegar þeir ætla að beita sér fyrir amerískri stóriðjubyltingu á Íslandi. Þess vegna er það undirstrikað í allri 7. gr., að einungis það, sem umboðsmanni amerísks auðvalds, tilvonandi bankastjóra Framkvæmdabankans, dr. Benjamín Eiríkssyni, sýnist arðvænlegt og þeim mönnum, sem lána honum útlent fé, það skuli rísa upp, hitt skuli hindrað. Þrátt fyrir áhrif kapítalismans á Íslandi á undanförinni hálfri öld hefur það prinsíp, sem til grundvallar liggur annars í kapítalismanum, þetta að gera allt fyrir arðinn, gera allt fyrir mammon, gera allt fyrir gróðann, ekki náð að sigra hérna á Íslandi, í okkar ættlandi. Núna á að flytja það fram til sigurs. Núna á að sjá um, að það sé það eitt, sem ræður. Enn fremur vil ég vekja athygli manna á öðru. Það er ekki nóg með, að hvað þetta snertir eigi að breyta um stefnu í íslenzku atvinnulífi með þessu. Það er enn fremur lögð alveg sérstök áherzla á, að þessi banki eigi að hafa samvinnu við einkaaðila, í 7. gr., 8. lið: „einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu.“ Það er ekki verið að undirstrika alla þá aðila, sem fást við framleiðslu. Það er því síður verið að undirstrika, að það séu bæjar- og sveitarfélög, ríkið eða samvinnufélög eða annað slíkt.

Hvað þýðir þetta „einkaaðila“? Hæstv. fjmrh. var ofur lítið að malda í móinn við 1. umr. þessa máls, þegar ég benti á þetta atriði. Hann sagði, að með „einkaaðila“ væri nú líka vafalaust átt við samvinnufélögin. Ég bað hann um að láta mér í té hinn upprunalega texta þessara laga, þ. e. a. s., hvernig þau hefðu hljóðað á ensku. Ég veit, að þessi l. hafa verið samin á ensku og það eru ekki fyrstu l., sem samin eru á útlendu tungumáli og þýdd á íslenzku í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Og mig langaði til þess að vita, hvað „einkaaðili“ væri á ensku, vegna þess að ég þekki nokkurn veginn orðatiltæki, terminologi, Ameríkananna á þessu sviði, og ég veit, hvað þeir eiga við með „einkaaðili“, og ég veit, hvað Benjamín Eiríksson muni eiga við með „einkaaðili“. Það eru hlutafélög og einstaklingar. Það eru þau, sem fyrst og fremst eiga að sitja fyrir. Ég vil biðja menn að athuga, hvernig þá muni fara fyrir megininu af rekstrinum, sem nú er á Íslandi, þegar á að fara að taka þessa „einkaaðila“, þ. e. fyrst og fremst hlutafélögin og slíkt, fram yfir aðra og veita þeim sérstaka fyrirgreiðslu. Fyrir meginið af öllum þeim dreifðu byggðum landsins, og þar með á ég líka við bæina úti um land, eru bæjar- og sveitarfélögin einu aðilarnir, sem virkilega geta ráðizt í verulegar framkvæmdir. Hér höfum við á

Alþ. hvað eftir annað orðið að taka á móti sendinefndum — og hæstv. ríkisstj. ekki síður — frá hinum og þessum byggðum úti á landi, frá einstökum þorpum og bæjum og sveitum, sem hafa komið hingað til þess að biðja Alþ. um aðstoð viðvíkjandi framkvæmdum — viðvíkjandi því að ráðast í sérstakar framkvæmdir fyrir viðkomandi sveitarfélög. Ég veit, og það er tilgangur Framsfl. með þessu frv. hérna, að héðan af verði þessum mönnum vísað til Framkvæmdabankans. Framkvæmdir á Íslandi, jú, það verða í fyrsta lagi að vera arðvænlegar framkvæmdir, og það verða að vera til þeir menn, sem vilja ráðast í það, og það verða að vera hlutafélög, sem ráðast í það, og í þeim hlutafélögum er Framkvæmdabankinn máske til í að kaupa hlutabréf, en það er bezt að fara til Framkvæmdabankans og tala við hann. Öllu því nauði, sem hæstv. fjmrh. og aðrir slíkir valdamenn í landinu hafa orðið fyrir undanfarið, eins og þeir hafa kallað það, verður nú vísað til þessa banka, og hann afgreiðir það fljótt. Bæjar- og sveitarfélög og slíkir aðilar úti um land eru ekki aðilar, sem eru líklegir til þess að reka yfirleitt það, sem Ameríkaninn kallar „arðvænleg fyrirtæki". Þessi bæjar- og sveitarfélög hafa nefnilega þá einkennilegu hugmynd, að það eigi að reka fyrirtæki til þess að menn lifi, en ekki til þess að hálfdrepa menn úr sulti, svo að aðrir græði. Bæjar- og sveitarfélögin úti um land leggja í sinn rekstur, eins og togara og annað slíkt, til þess að fá undirstöðu fyrir atvinnulíf í bæjunum. Slíkir aðilar verða útilokaðir frá Framkvæmdabankanum, og það er alveg eins gott, að það sé þeim hv. þm. ljóst, sem nú greiða atkv. með þessu; þeir eru að fá einum einasta manni, trúnaðarmanni ameríska auðvaldsins, meira vald í hendur með því að stofna þennan Framkvæmdabanka heldur en nokkur einstakur aðili hefur haft á Íslandi undanfarið í fjármálum.

En hvað þýðir það að gefa einkaaðilunum, gefa hlutafélögunum og einstaklingunum, þannig þessi sérréttindi, að bankinn skuli fyrst og fremst hafa samvinnu við þá og raunverulega við þá eina? Hvað þýðir það? Það þýðir að breyta eðli þess atvinnurekstrar, sem nú er á Íslandi. Hvernig er atvinnureksturinn á Íslandi núna hvað slíka samsetningu snertir? Ríkið er stærsti atvinnurekandinn. Bæjar- og sveitarfélögin eru utan Reykjavíkur stærsti atvinnurekandinn víðast hvar, og hér í Reykjavík eru þau ákaflega stór atvinnurekandi. M. ö. o., hið opinbera, þ. e. ríkið, bæjar- og sveitarfélög, hefur verið sá aðili, sem fyrst og fremst hefur ráðizt í framkvæmdirnar hér á Íslandi. Hvernig hefði það verið, ef hugsað hefði verið um mjög stórar framkvæmdir, við skulum segja eins og rafvirkjanirnar og áburðarverksmiðjuna? Það hefði þótt alveg sjálfsagður hlutur, að það væri ríkið og það opinbera, sem legði í þetta. Þegar Framsfl. hér árum saman var að berjast fyrir áburðarverksmiðju, þá datt honum aldrei í hug að hugsa hana öðruvísi heldur en sem ríkisfyrirtæki, — datt það ekki í hug. Það var ekki fyrr en einn maður, sem hefur umboð fyrir eitt af ríkustu auðsöfnunarfyrirtækjum Ameríku, flutti till. hér á Alþ., — ég á við hæstv. viðskmrh., umboðsmanninn fyrir Coca-cola, — flutti till. hér á Alþ. um að fara að reka áburðarverksmiðjuna sem hlutafélag, og síðan er framsóknarráðherrunum sagt að segja á eftir, að það sé meiningin að þetta hlutafélag eigi áburðarverksmiðjuna. Og síðan var gerð þessi tilraun, sem í augnablikinu hefur misheppnazt, til að koma þeim síðustu hlutabréfum, sem ríkið átti í áburðarverksmiðjunni, yfir á einstakra manna hendur. Það er látið bíða heppilegri tíma nú. En árum saman datt Framsfl. ekki í hug, að áburðarverksmiðjan yrði rekin öðruvísi en sem ríkisfyrirtæki. Nú er ameríska auðvaldið búið að setja það sem skilyrði, sem verði að framkvæmast fyrr eða síðar á einhverjum heppilegum tíma, að koma áburðarverksmiðjunni á einstakra manna hendur. Grunur minn er sá, að sementsverksmiðjan, sem nú á að vera ríkisfyrirtæki, muni fara sömu leiðina, auðvitað ekki fyrir þessar kosningar, heldur eftir, og grunur minn er sá, að það verði varla hugsað til stórfyrirtækja á Íslandi á næstunni — þeirra, sem eigi að gefa arð — sem ríkisfyrirtækja.

Ég skil varla í öðru en að þeir hv. þm., sem samþ. Marshallsamninginn, hafi gert sér ljóst, hvaða ákvæði eru í honum og þeim amerísku l., sem hann styðst við í þessum efnum, — ákvörðunina um það, að ameríska einkaauðvald verði að fá sérstaka aðstöðu í hverju því landi, sem samið er við, til þess að fá að starfa. Og ég vil bara minna á, að aftan við Marshallsamninginn voru þá vegna óttans við fólkið sett viss ákvæði, sem áttu að setja fyrir þennan leka. Hann var gerður 1948, og það var enn þá á þeim tímum, sem menn töluðu um það sem hreinustu fjarstæðu, ef einhver maður sagði, að það væri meiningin að fá amerískan her og amerískar herstöðvar hingað til Íslands. Þá þótti það líka fjarstæða, að það væri ameríska auðvald, sem færi að reka okkar fossa. Þá þótti sjálfsagt að setja aukaskilyrði á eftir Marshallsamningnum um það, að það yrði að taka tillit til íslenzkrar löggjafar í sambandi við þau skilyrði, sem Ameríkanarnir settu upp um, að einkaauðmagnið yrði að hafa rúman aðgang að Íslandi. Núna er verið að útrýma þessum gamaldags lagalegu skorðum við þessari innrás hins útlenda auðmagns. Þess vegna er meiningin með þessum banka að breyta því efnahagslífi, sem einkennt hefur okkar íslenzka þjóðfélag á þessari hálfu öld, — efnahagslífi, þar sem ríkisrekstur, rekstur bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga hefur verið jöfnum höndum. Núna á með 7. gr. að gefa einkaaðilunum, — og ég vil halda því fram, meðan hæstv. fjmrh. gefur ekki neina skorinorðari yfirlýsingu heldur en við 1. umr. málsins, að það þýði fyrst og fremst hlutafélög, — nú á að gefa einkaaðilum sérréttindi í þessum efnum. Framkvæmdabankinn á þannig alveg sérstaklega að vera banki, sem veitir útlendu auðmagni inn í landið í samstarfi við einstaka auðmenn á Íslandi eða einstök auðfélög og breytir þannig öllu eðli þess íslenzka atvinnulífs, þannig að þáttur ríkisins, þáttur bæjar- og sveitarfélaga í því dvínar stórkostlega. Og ég er hræddur um líka, að þáttur hinnar íslenzku

borgarastéttar í því verði miklu veikari eftir en áður. — Þetta vildi ég nú alveg sérstaklega vekja athygli hv. þm. á í sambandi við 7. gr., sem yrði hlutverk bankans, og hvað það muni þýða að ganga inn á þá stefnubreytingu, sem þar með á að framkvæma í íslenzkum efnahagsmálum.

Ég ætla ekki að ræða langt mál viðvíkjandi 8. gr. Ég kom með þá fsp. hér við 1. umr. málsins og hef ekki getað fengið henni svarað enn þá, og ég býst við, að það verði eitt af því, sem á að fá að vera á huldu við meðferð þessa máls, hvort eftirlit Ameríkananna með mótvirðissjóðnum, áhrif þeirra á notkun hans eigi að haldast, eftir að hann er kominn til Framkvæmdabankans. Ég minntist á það við 1. umr., hvað bankastjóri Landsbankans, sá sem álitið hefur verið birt eftir hér, Jón Árnason, sagði um þau atriði, þar sem hann meira að segja tók svo djúpt í árinni, að ef meiningin væri að halda amerískum afskiptum þannig áfram af íslenzku efnahagslífi, þá væri betra að reyna að semja við Ameríkana um að borga þeim mótvirðissjóðinn til baka. Ég hef tekið eftir því, að fulltrúar stjórnarflokkanna hafa verið mjög ófúsir á að ræða nokkuð þetta álit eða svara þessum spurningum. En ég vildi nú samt alveg eindregið skora á þá að svara nú þessu, gefa skorinorða yfirlýsingu um þetta við þessa umr. málsins og skal ekki fjölyrða um 8. gr. frekar.

Þá er viðvíkjandi 9. gr. Þar er lagt til, að fjmrh. *megi veita ríkisábyrgð til þessa banka* fyrir allt upp að 80 millj. kr. M. ö. o., fyrir utan það, að þessi banki á sjálfur að geta tekið lán erlendis án nokkurrar hindrunar og án nokkurs eftirlits ríkisins, veitt eins miklu af auðmagni eins og hann vill hér inn í landið og á þann hátt, sem honum þóknast, þá á hann þar að auki að geta með samkomulagi við fjmrh. einn hlotið ábyrgð ríkisins fyrir um 80 millj. kr. Stundum hefur manni nú heyrzt hæstv. ríkisstj. vera að kvarta yfir því, að hún hefði nú jafnvel fullmikið af þessum ábyrgðum, og ég man nú ekki betur en að hæstv. fjmrh. hafi talað um það við meðferð fjárl., við 1. umr. þeirra, að þetta væri nú ekki rétt gott með allar þær ábyrgðir, sem ríkið væri í, það liti í raun og veru hálfóefnilega út, en það er nú sitt hvað teoría og praksís, — það er nú sitt hvað orð og verk. Við 3. umr. fjárl. var bætt meiri ábyrgðum á ríkisstj. heldur en ég man eftir nokkru sinni hér við meðferð fjárl., eins og til þess að *staðfesta þetta, sem fjmrh. hafði sagt* við 1. umr. Hún er svo sem ekki alveg ábyrgðalaus, ríkisstj., sem nú situr að völdum á Íslandi. En það er ekki nóg með það. Hún er ekki ánægð með allar þessar ábyrgðir, sem hún er búin að fá, þrátt fyrir mótmæli fjmrh. á móti öllum ábyrgðum við 1. umr. fjárl. Nú vill hún þar að auki fá að ganga í ábyrgðir, án þess að Alþ. hafi nokkra hugmynd um, fyrir hvern skrambann hún ætlar að ganga í ábyrgðir. Ég verð nú að segja, að einhvern tíma mundi einhverju þingi hafa fundizt ríkisstj. fara nokkuð langt inn á sitt svið með því að gera till. eins og hér felst í 9. gr. Ég held, að það sé alveg hreint óhætt að minna hv. þm. á það, að það að veita fé og veita ábyrgðir er í öllum þingræðislöndum skoðað sem eitt höfuðtáknið um, að þing sé sjálfstæður aðili gagnvart ríkisstj. Það að veita fé og ráða því og að ríkisstj. geti ekki gert slíkt án þess að spyrja þing, það hefur verið það, sem þingin lengst af börðust um við konungsvaldið. Við þurfum ekki að líta lengra en rúmlega 50 ár aftur í tímann, til Danmerkur, til þess að sjá, hvernig þá var barizt af stjórn, sem þá ræður hér yfir Íslandi líka, um það, að þingið *heimtar sinn rétt til þess að ráða því, hvernig* fjármálunum er ráðstafað. Fjárveitingarétturinn, veiting ábyrgða og annað slíkt, það var það, sem þingið krafðist að hafa, og það kostaði nú næstum því borgarastyrjöld í Danmörku þá, lá hvað eftir annað við, að upp úr syði, meðan þessi stjórn réð þar. — Hins vegar er í 9. gr. komin fram krafa um, að fjmrh. megi ganga í ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs, án þess að Alþ. hafi nokkuð áður um slíkar ábyrgðir að segja. Ég held, að ég megi fullyrða það, og það segi ég hæstv. ráðherrum til lofs, svo að ég hef það mikið álit á þeim, að ég held, að þeir hefðu aldrei fundið upp á því sjálfir að koma með þessa till. Ég held, að þeir hefðu aldrei farið fram á það að fá heimild til þess að ganga í 80 millj. kr. ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs án þess að segja Alþ., til hvers það ætti að vera. Ég held, að enginn hæstv. ráðh. mundi hafa gert það. Ég sé, að svona till. eins og þarna í 9. gr. getur ekki verið komin inn öðruvísi en fyrir útlend áhrif, fyrir kröfu þess manns, sem ríkisstj. greinir frá í grg. að hafi undirbúið þetta frv. (**Forseti**: Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að fundartími er nú á þrotum.) Já, ég á nú ekki langt eftir, en ég skal gjarnan fresta því, ef hæstv. forseti óskar eftir. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 29. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 574, n. 604, 615 og 653).

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Ég var í gær í ræðu minni kominn að 10. gr., og ég vildi leyfa mér í sambandi við hana að vekja eftirtekt hv. alþm. á því, að í þeirri grein er brotið algerlega í bága við öll þau prinsíp, sem hingað til hafa gilt viðvíkjandi útlánum á Íslandi.

Þegar gengislækkunarl. voru samþ., þá var ákveðið í sérstökum l., í 8. gr. þeirra l., svo hljóðandi:

„*Nú skuldar lántakandi ákveðna upphæð í* íslenzkum krónum vegna kaupa á fasteign eða af öðrum ástæðum, og skal honum þá þrátt fyrir gengisbreytinguna eigi skylt að greiða skuldina með hærri upphæð en skuldabréf tilskilur, jafnvel þótt þar sé ákveðið, að skuldin sé háð skráðu gengi erlends gjaldeyris.“

Nú er hins vegar í 10. gr. ákveðið, að ef Framkvæmdabankinn láni út fé, þá skuli hann geta samið þannig við lántakendur, að þeir beri hallann eða njóti hagnaðarins, sem kann að verða vegna gengisbreytinga. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, hvað þetta þýðir. Þetta þýðir það að koma á tvenns konar peningakerfi í landinu. Ef hægt er að fara að lána út íslenzka peninga með skuldbindingu gagnvart lántakanda um það,

að hann verði að greiða þessa skuld til baka eftir gengi erlends gjaldeyris, þá er þar með verið að skapa annað gildi og annað mat á öllum þeim skuldum og þar með á allri þeirri fjárupphæð, sem skulduð er til þessa banka, heldur en á öllu því, sem aðrir bankar lána út. Og ég veit satt að segja ekki, hvernig menn hugsa sér þetta peningakerfi framkvæmt, og mér þætti sérstaklega vænt um, af því að við eigum nú hér einn fulltrúa í hv. bankamálan., hv. 3. landsk. þm., — þá þætti mér ákaflega vænt um að fá að heyra skýringu frá mönnum, sem telja sig hagfræðinga, á því, hvernig þeir ætli að koma þessu atriði fyrir, að láta tvenns konar lán vera í gangi hér hjá þjóðinni, önnur lánin séu þannig, að það skuli greiða þau í íslenzkum krónum, eftir því, hvernig íslenzk króna standi á þessu og þessu ári í hlutfalli við dollar, en að önnur lán skuli aftur á móti greidd með tilliti til þess, hvernig þau voru upphaflega tekin. Hingað til hefur Alþ. séð ástæðu til þess að banna svona lánsaðferðir. Þó að t. d. einhver sparisjóður hafi lánað út fé til húsbygginga með þeim skilyrðum, að það yrði greitt til baka í hlutfalli við gengi sterlingspunds, þá hefur Alþ. með gengislækkunarl. bannað að láta svona skuldbindingar koma til framkvæmda. Hér aftur á móti er lagt til með 10. gr., að þessi banki, Framkvæmdabankinn einn, skuli geta lánað upp á þessi býti. Og nú ætla ég bara að spyrja hv. þm.: Hvernig hugsa þeir sér, að aðrir bankar starfi þá, svo framarlega sem einn bankinn getur lánað út upp á svona máta? Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa tekið eftir, hvað þessi 10. gr. þýðir, hvort þeir hugsa nokkurn skapaðan hlut út í það. En þetta þýðir bara að innleiða tvö peningakerfi í landinu.

Og þá vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvaða aðilar eru það, sem eru í þeirri aðstöðu að geta lánað upp á þessa skilmála?

Ef Framkvæmdabankinn ætti að vinna með íslenzku fé, þá væri það nú dálítið undarlegur hlutur, að sumt af lánum hans, það sem hann væri með í íslenzku fé, ætti hann að lána út upp á þá skilmála, að það ætti að borgast aftur án tillits til þess, hvernig gengið stendur. Annað aftur á móti, sem hann lánar út af sínum peningum, á hann að lána út með tilliti til þess, hvernig íslenzk króna er skráð gagnvart dollar.

Nú ætla ég bara að biðja menn að athuga, svo að maður taki dæmið einfalt. Við skulum hugsa okkur: Framkvæmdabankinn hefur fengið í alls konar íslenzku fé 100 millj. kr. og hefur það í sinni vernd. Hann hefur fengið 100 millj. kr. að láni erlendis, við skulum segja í Ameríku. Hann hefur þannig, við skulum segja, 200 millj. kr., sem hann hefur í höfuðstól til þess að lána út. Svo setur hann það sem skilmála með sumum af lánunum, sem hann veitir: Þessi lán skulu greiðast eftir því, hvernig íslenzk króna stendur gagnvart dollar. — Svo setur hann það hins vegar að skilyrði við önnur lán: Þessi lán skulu greiðast í sömu mynt eins og þau voru tekin upphaflega, þ. e. í íslenzkum krónum, eins og gengi er á hverjum tíma. — Ég vil athuga við hv. þm., hvort þeir taka eftir, hvað þetta þýðir. Að Framkvæmdabankinn eigi að lána út upp á tvenns konar skilmála eftir því, hvort féð er fengið að láni erlendis eða innanlands, þýðir það, að það er fyrir fram hugsað í þessu sambandi, að allt það fé, sem hann fær að láni erlendis, t. d. í dollurum, skuli lánað út hér innanlands í alveg ákveðið fyrirtæki. Það væri sem sé ómögulegt að blanda þessu tvennu saman, þið skiljið það. Það væri ekki hægt, ef bankinn bara tæki lán upp á 100 millj. kr. erlendis, fengi innlagnir hér innanlands upp á 100 millj. kr. og lánaði þetta út holt og bolt. Þá lenti þetta allt í vitleysu, og þessi 10. gr. þýddi ekki neitt. Þá væri ekki hægt að aðskilja, hvað af peningum, sem bankinn lánar út, væru lán erlendis frá og hvað væru raunverulega sparisjóðsinneignir innanlands frá. Þetta þýðir, að hugsunin, sem liggur á bak við þetta, er: Það eru alveg ákveðnar upphæðir, sem eru lánaðar í dollurum, og þær sömu upphæðir eru lánaðar út hér innanlands með þessum skilmálum. — Öðruvísi væri það óhugsandi. M. ö. o., það framlag, sem amerískir auðhringar lána út, einhverjar ákveðnar upphæðir, á einmitt að ganga með sérstökum skilmálum í íslenzkt atvinnulíf. Þetta er alveg greinilegt. M. ö. o., það á að skapa sérréttindi þarna fyrir erlenda lántakendur, fyrir peninga, sem þeir setja beint út í atvinnulífið á Íslandi. Þetta tvennt mætti nú ekki blandast saman. Hingað til hefur þetta verið bannað. Nú á að innleiða það. Nú á að koma á tveimur peningakerfum.

Einu sinni var Framsfl. að tala ofur lítið um, að sumir menn á Íslandi ættu dollarainneignir erlendis, það mætti nú ekki láta slíka menn vera að stórgræða á því. Og ef ég man rétt, þá minnir mig nú, að Framsókn hafi við síðustu kosningar frekar hampað þessu heldur en þagað yfir því. Ég veit ekki, hvort þetta er sett með sérstöku tilliti til þeirra, til að vernda þeirra hagsmuni um alla framtíð. Máske.

Ég vildi sem sé aðeins vekja athygli hv. alþm. á þessu, hvað það er, sem þarna býr á bak við, hvernig þetta rekst á við allt, sem við höfum hugsað okkur fram að þessu.

Og svo í sambandi við 11. gr., þar sem Framkvæmdabankanum er falið, svo framarlega sem fjmrh. óskar þess, að sjá um þau viðskipti fyrir hönd ríkisins út á við, sem Landsbankinn eða seðlabankinn hefur annazt fram að þessu, þá vil ég bara vekja athygli hv. þm. á, hvert verið er að fara með þessu. Með þessu móti á Framkvæmdabankinn að taka við því verkefni, sem talið hefur verið sjálfsagt að aðalþjóðbankinn, að Landsbanki Íslands annaðist fram að þessu. Landsbanki Íslands hefur verið fulltrúi landsins út á við. Hann hefur verið sá aðili, sem hefur annazt lántökurnar og séð um þetta fé og lánað þetta út hér innanlands fyrir hönd ríkisstj., með hennar samþykki og annað slíkt. Hann hefur séð um að greiða lánin erlendis. Nú á sem sé þessi Framkvæmdabanki að fá þetta.

Það er alveg auðséð, hvað það er, sem þarna býr á bak við. Alþjóðabankanum finnst Landsbanki Íslands ekki nógu góður, ekki nógu öruggt verkfæri sér til handa. Hann heimtar sérstakan banka skapaðan, sem rækir þessi verkefni ríkisstj. í sambandi við Alþjóðabankann.

Í bankamálum Íslands er þess vegna alveg greinilegt, eins og ég kom inn á í fyrri hluta minnar ræðu, einmitt í sambandi við 10. og 11. gr., að það er algerlega brotið í blað. Og það er eiginlega rétt mátulegt á Framsfl., að hann skuli verða til þess sérstaklega að beita sér fyrir þessu frv.

Íslandsbanki, þegar hann var myndaður hér á Íslandi, var banki hins danska auðvalds til þess að hafa tök í íslenzku atvinnulífi og til þess að hafa áhrif á íslenzk stjórnmál, vera fjárhagslegur bakhjarl þess flokks á Íslandi, sem var fulltrúi fyrir dönsk áhrif. Þegar Framsfl. kom til valda á Íslandi, þá áleit hann það eitt aðalatriðið í sinni pólitík að gera Landsbankann sterkan og að draga úr valdi Íslandsbanka, sem honum reyndist líka mjög auðvelt vegna þeirrar kreppu, sem þá skall á og Íslandsbanki varð sérstaklega fyrir barðinu á. Landsbankinn var fyrst raunverulega gerður að höfuðbanka Íslands, að sterkasta bankanum, eftir að Framsókn kom til valda 1927, með landsbankal. 1928, fékk svo að segja einkaréttindi hvað seðlaútgáfuna snerti og annað slíkt. Og Landsbankinn sem ríkisbanki og þjóðbanki fyrst og fremst hefur þess vegna síðan, alveg sérstaklega í augum Framsfl., verið sá banki, sem hefur út á við átt að vera fulltrúi fyrir efnahagslegt sjálfstæði Íslands.

Nú er það Framsfl., sem beitir sér fyrir þessum l. hérna, sem þýða það að setja meira eða minna Landsbankann út úr sniðum sem þann banka, sem hefur sérstök hlutverk að rækja fyrir hönd ríkisstj. gagnvart útlöndum, sem þann banka, sem hefur leyfi til þess einn saman að taka lán erlendis án þess að spyrja ríkisstj. að, sem sé að lítillækka Landsbankann til þess að hefja upp í staðinn með sérstökum sérréttindum, m. a. teknum frá Landsbankanum, Framkvæmdabanka, sem myndaður er eftir kröfu ameríks auðvalds, fram kominni í gegnum Alþjóðabankann. Þannig á nú að skapa hér sérstakan sterkan banka sem tákn hins ameríska auðvalds á Íslandi, margfalt sterkari og miklu, miklu hættulegri heldur en Íslandsbanki var nokkurn tíma fyrir Íslendinga sem fulltrúi dansks auðvalds á Íslandi. Ég rakti þessi mál að öðru leyti í gær og ætla ekki að fara ýtarlega út í þau.

En það er þess vegna heldur engin tilviljun, að einmitt Landsbankinn og alveg sérstaklega bankastjóri Framsóknar, einn af miðstjórnarmeðlimum Framsfl., skuli mótmæla og það harðvituglega og í nafni almennra innlendra hagsmuna þeim ágangi, ekki aðeins á Landsbankann, heldur líka á þann almenna rétt Alþ., sem sýndur er með þessum l. Ég vildi hins vegar aðeins benda á þetta og undirstrika þetta til frekari áréttingar og vekja athygli hv. þm. á þessu. Ég sé að vísu, að það þýðir ekkert sérstaklega mikið, svona almennt séð.

Það kemur ekki fram í umræðum hérna á þinginu, þó að hæstv. ríkisstj. reki sig á í þessum málum og neyðist máske stundum í verki til þess að láta undan, eins og hún nú þegar hefur gert með tilliti til kosninganna, viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni og ráðstöfuninni á þeim hlutabréfum. En ég hefði haft gaman af því, ef hæstv. fjmrh. fengi málið, að hann skýrði það fyrir þingheimi, hvernig hann hugsar sér 10. gr. framkvæmda hérna heima og hvernig hann hugsar sér þá aðstöðu í íslenzku fjármálalífi, þegar sum lán eru veitt með þeim skilyrðum, sem þar eru, og önnur með venjulegum skilyrðum, og hvernig á að aðgreina peningana, íslenzku seðlana og íslenzku lánin, þegar þau eru veitt úr íslenzkum bönkum, eftir því, hvernig þau kunna að vera upprunnin að einhverju leyti. Það er alveg auðséð, að það verður aðeins einn einasti aðili, sem getur notið þessara sérréttinda á Íslandi, að geta látið lána sér fé út á svona gengisklásúlu, þ. e. eigendur dollara í Ameríku. Það eru einu mennirnir, sem þessi klásúla er sett fyrir. Dollarinn skal þannig gilda sem verðmiðill í íslenzku atvinnulífi fyrir alla þá ameríska menn, sem láta fé í atvinnulíf á Íslandi. 10. gr. þýðir sérréttindi fyrir eigendur dollara á Íslandi.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. er nokkuð ljóst í þessu sambandi. Maður er orðinn svo vanur því, að ríkisstj. yfirleitt hugsi ekki um þau lagafrv., sem hún leggur hér fram fyrir Alþ., hún tekur við þessum hlutum ómeltum, eins og henni er fengið það frá einhverjum amerískum skrifstofum, sem senda þetta hingað til lands, hendir þessu fyrir þingið, piskar þetta í gegn, þó að það sé meira eða minna tóm vitleysa eða byggt á röngum útreikningum, eins og var með gengislækkunarlögin. Og því aðeins að hún hafi sérstaklega óttazt hlutina, eins og núna í sambandi við áburðarverksmiðjuna, þá áttar hún sig eitthvað á því, að það muni ekki vera hentugt að framkvæma allar skipanir yfirboðara hennar fyrir kosningar, en stundum heppilegt að bíða með að framkvæma eitthvað af þeim skipunum þangað til eftir kosningar.

Ég hef nú rakið þær greinar í þessu frv., sem ég álít alveg sérstaklega varhugaverðar, til þess, ef vera mætti, að annaðhvort hæstv. ríkisstj. eða einstakir þm. áttuðu sig nokkuð á, hvað í þessu frv. fælist, ef þeir mættu eitthvað um það hugsa. Ég hef hins vegar ekki hugsað mér við þessa umræðu málsins að gera neinar einstakar brtt. við hinar einstöku greinar, því að mín höfuðtill. er, að þetta frv. sé fellt. Ég álít frv. í heild skaðlegt. Ég álít frv. í heild skapað til þess að tryggja ítök ameríks auðmagns á Íslandi og yfirráð þess og sérréttindi þess í íslenzku fjármála- og atvinnulífi. Og það álít ég skaðlegt. Þess vegna er það mín till. við þessa umr., að hv. deild felli þetta frv.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Mér sýnist, að þetta frv., sem hér liggur fyrir um fimmta bankann, sem á að stofna á Íslandi, sé í raun og veru það framhald, sem maður hefði getað búizt við af þeirri ráðstöfun, sem gerð var 3. apríl 1948, þegar Ísland gerðist aðili að hinni svo kölluðu Marshalláætlun, þeirri stórkostlegu „hjálparstarfsemi“, sem sett var á stofn til þess að hjálpa stríðshrjáðri Evrópu til að byggja upp sitt atvinnulíf og náttúrlega var talið þá, a. m. k. átti að telja okkur trú um, að væri eingöngu byggð á tómri göfugmennsku auðvaldsins í Bandaríkjunum. Sá samningur var undirritaður

án þess, að Alþingi væri spurt að. Hann var undirritaður af utanrrh., og alþm. fengu þessa frétt í blöðum og útvarpi heim til sín, þar sem þing var ekki starfandi.

Það vantaði ekki, að miklu væri lofað í sambandi við þennan samning. Því var lofað í stórum dráttum, að nú skyldi hefjast veruleg uppbygging í íslenzku atvinnulífi, og í sambandi við það var birt á næsta þingi á eftir ein geysilega mikil risaáætlun um allar þær framkvæmdir, sem þá átti að vinna. Sú upphæð, sem þar var um rætt, nam um það bil hálfu sjötta hundraði milljóna króna, sem átti að veita inn í íslenzkt atvinnulíf til þess að reisa það við, eins og kallað var. Þá var ekki verið að minnast á það, að þá stóð í raun og veru yfir — hafði staðið yfir þá undanfarin ár — það mesta viðreisnartímabil, sem hefur skeð í íslenzku atvinnulífi síðan Ísland byggðist.

En það fylgdu ýmis skilyrði þessari miklu „aðstoð“ eða „hjálp“, sem þjóðinni var lofað. Eitt skilyrðið var t. d. það, að það skyldi koma strangt eftirlitskerfi með hagnýtingu auðlinda Íslands, og það eftirlitskerfi átti náttúrlega að vera byggt upp og framkvæmt af þeirri þjóð, sem hjálpaði Íslendingum til þess að byggja upp sitt atvinnulíf eftir þessu kerfi. Annað skilyrði var t. d. það, að mótvirði þess fjár, sem Íslendingar fengju sem gjafir í þessari stórkostlegu efnahagssamvinnu, skyldi verða lagt inn á sérstakan reikning i Landsbanka Íslands, og þessu fé mátti síðan ekki ráðstafa nema með leyfi Bandaríkjastjórnar. Þá var ekki verið að láta í það skína, að það leyfi þyrfti, nema þegar þessu fé yrði ráðstafað í fyrsta sinn. Nú eru hins vegar að koma fram fullar sannanir fyrir því, að þetta leyfi á að þurfa, þegar þessu fé er ráðstafað aftur og aftur. Sem sagt, það á um ófyrirsjáanlega framtíð að þurfa leyfi Bandaríkjastjórnar til þess að ákveða um fjárfestingar á Íslandi. Kem betur að því síðar.

Það var einnig skilyrði í þessum samningi, að Bandaríkin skyldu hafa forkaupsrétt að efnivörum, sem auðvelt væri að framleiða á Íslandi og þau þyrftu á að halda, og fleiri voru þau skilyrði, sem ég mun ekki minnast á í sambandi við þetta.

En þrátt fyrir allan þann geysilega áróður, sem látinn var dynja á íslenzku þjóðinni og öðrum þjóðum Evrópu, sem boðin var þessi aðstoð, þá var nú samt sem áður einhver uggur í fjöldamörgum aðilum. Fyrst þegar þetta kom til orða, þá t. d. tók dagblaðið Tíminn, blað Framsfl., afstöðu á móti þessu. Sömuleiðis komst utanrrh. í þingræðu þannig að orði, að það væri óskandi, að við Íslendingar gætum borið gæfu til að haga svo fjármálalífi okkar, að við þyrftum ekki á þessari hjálp að halda. Það sýndi þá, að við fyrstu athugun hafði einhver uggur gripið þessa aðila, en þá voru þeir ekki heldur orðnir eins tengdir Bandaríkjunum eins og þeir eru orðnir nú.

En þrátt fyrir allan áróðurinn um ágæti þessarar hjálparáætlunar, sem dundi á þjóðum Evrópu, þá kvað við nokkuð annan tón á öðrum vettvangi. Það kvað nefnilega við nokkuð annan tón á vettvangi ameríska auðvaldsins heima fyrir. Í blöðum ameríska auðvaldsins heima var ekki reynt að dylja það, hver væri hinn raunverulegi tilgangur þessarar áætlunar. Ég skal minnast hér á örfá blaðaummæli, sem birt voru vestanhafs, en þau voru auðvitað ekki birt í íslenzku borgarablöðunum hér heima. T. d. sagði eitt aðalblað Bandaríkjanna, blaðið United States News World Report, þetta 27. febr. 1948:

„Framkvæmdastjóri áætlunarinnar verður raunverulegur forstjóri heimsviðskiptanna. Hann fær aðstöðu til að segja t. d. Frakklandi, hvort það eigi að endurbyggja járnbrautirnar þar í landi eða t. d. bæta þjóðvegina. Hann getur ákveðið, hvort auka skuli vélanotkun landbúnaðarins. Hann mun ákveða, hvort Ruhr eða Bretland gangi fyrir að fá kolanámuvélar. Hann mun stöðva dollarastrauminn alveg, ef einhver lönd halda ekki skilyrði hans.“

Þarna var skýrt að orði kveðið um það, hver var hinn raunverulegi tilgangur þessarar áætlunar, sem nú er að birtast verulega í íslenzku atvinnulífi. Það er að tryggja sér forstjórn heimsviðskiptanna, geta ákveðið um það, skipað fyrir í Frakklandi, Englandi og á Íslandi, hvort það ætti að vinna við þessar framkvæmdir eða einhverjar aðrar.

Og ameríska tímaritið United States Information segir 6. marz 1948:

„Uppörvun bandarísks einkafjármagns til fjárfestingar í Vestur-Evrópu er í samræmi við grundvallarreglur og markmið bandarísku hjálparáætlunarinnar, það stefnumark Bandaríkjastjórnar að fá bandarískt einkaauðmagn til að koma í stað Bandaríkjastjórnar, ef ekki alveg, þá að nokkru leyti.“

Þarna höfum við það líka: Tilgangurinn var að opna ameríska einkaauðmagni, þ. e. auðmagni bandarísku einokunarhringanna eins og Standard Oil og fleiri, aðgang til fjárfestingar í löndum Vestur-Evrópu og leggja undir sig þeirra atvinnulíf og gegnum þetta geta gert þessar þjóðir að hálfgerðum efnahagslegum nýlenduþjóðum.

Það var ekki heldur farið í launkofa með það á þessum vettvangi, hvaða pólitísk áhrif þetta mundi hafa, og það kom m. a. í ljós í ummælum eins annars aðalblaðs Bandaríkjanna um pólitíska valdið, þar sem 21. febr. 1948 stendur þessi einfalda setning í sambandi við, þegar rætt er um Marshalláætlunina: „Við erum þegar farnir að steypa erlendum ríkisstjórnum og mynda aðrar.“

Sífellt var því neitað hér heima, þegar rætt var um þetta, að við þyrftum að óttast nokkur áhrif, hvorki pólitísk né efnahagsleg, í sambandi við þessa áætlun, en nú virðist mér í sambandi við þetta frv., sem hér er um Framkvæmdabankann, vera komið í ljós, að það er rétt, sem sósíalistar sögðu í sambandi við þetta mál allt frá upphafi, og að hæstv. ráðh. reyni raunverulega alls ekki að mótmæla því.

Hæstv. 2. þm. Reykv. er búinn að ræða hér um frv. sjálft, hinar einstöku greinar þess, og ég skal þess vegna ekki taka það fyrir sérstaklega, vegna þess að þess gerist ekki þörf, en ég ætla að koma sérstaklega inn á annað atriði í sambandi við þetta, sem núna er sérstaklega farið að bera á, og það er áróður íslenzkra stjórn-

málamanna og íslenzkra blaða fyrir því að veita erlendu einkaauðmagni inn í íslenzkt atvinnulíf og leigja því verðmætustu auðlindir Íslands, í staðinn fyrir það, að Íslendingar eigi sjálfir að reyna að byggja upp sitt atvinnulíf á grundvelli þess, að þær auðlindir séu notaðar. Og í sambandi við það er tæplega hægt annað fyrir meðalgreindan mann en að skilja samhengið á milli þessara atriða, milli Marshallaætlunarinnar, milli ákvæðanna um mótvirðissjóðinn og þess áróðurs, sem nú er hafinn fyrir því að beina erlendu einkaauðmagni inn í íslenzkt atvinnulíf, þannig að leigja beinlínis dýrmætustu auðlindir Íslendinga til þessa auðmagns.

Í áramótagrein í Tímanum, sem formaður Framsfl. birti um s. l. áramót, segir hann m. a.:

„Til þess að veita iðnaðinum ódýrt afl verðum við að nýta þann óhemju auð, sem við eigum í fossaflinu. Við munum ekki geta fengið það mikið lánsfé, sem til þess þarf, enda vafasöm leið að stofna til svo stórfelldra skulda. Hin leiðin, sem Norðmenn hafa farið og þeim hefur reynzt með afbrigðum vel, er að veita einkaleyfi til fyrir fram ákveðins tíma og með kauparétti að vissum tíma liðnum. Á þann hátt hafa Norðmenn eignazt næstum öll þau fyrirtæki, sem stofnað hefur verið til þar í landi með þessu móti. Við getum ekki gert hvort tveggja í senn, að heimta stórbætta velmegun þjóðinni til handa og neita að nota þær auðlindir, sem geta veitt þá velmegun, sem við heimtum."

Hér er skýrt að orði kveðið, hvert meiningin er að stefna í þessum efnum. Meiningin er beinlínis sú að leigja fossaflið íslenzka, sem hefur alltaf, frá því að vélatækni komst á verulegt stig í heiminum, verið talið eitt af verðmætustu eignum íslenzku þjóðarinnar.

Ástæðan til þess, að nú virðist lagt kapp á að fara inn á þessa braut, virðist eingöngu vera sú, að nú sé búið að undirbúa þann jarðveg, sem þurfti að undirbúa, búið með Marshallaætluninni og ákvæðunum um mótvirðissjóðinn að undirbúa þau tök Bandaríkjastjórnar með bandaríska auðvaldið að bakhjarli á íslenzku efnahagslífi, að nú megi bjóða þjóðinni upp á þetta og segja henni, að nú höfum við ekki annað að gera heldur en að leigja þessum sömu aðilum þessar verðmætustu auðlindir Íslendinga, eins og formaður Framsfl. kemst að orði í þessari áramótagrein.

Í sambandi við þetta vil ég enn fremur minnast á það, sem rætt hefur verið um mótvirðissjóðinn á undanförnum þingum. T. d. hefur alltaf verið reynt að neita því, að afskipti Bandaríkjastjórnar af mótvirðissjóðnum kæmu til oftar en í fyrsta skipti, sem honum væri ráðstafað. Í sambandi við það vil ég minna á það, að það gerðist lítil saga einmitt um það mál á síðasta þingi, og það var í sambandi við þáltill., sem tveir þm., sinn úr hvorum stjórnarflokkanna, fluttu um ráðstöfun mótvirðissjóðsins, þegar hann kæmi inn í annað sinn. Í þetta skipti varð hæstv. landbrh. það á að verða heldur opinskár um þetta mál. Hann sagði í ræðu um málið hér í hv. Nd. þetta, sem ég vil nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og hv. Alþ. er kunnugt, er mótvirðissjóði ráðstafað þannig, að það þurfa að vera tveir aðilar, sem um það fjalla. Það þarf að fá samþykki Marshallstofnunarinnar til þess að ráðstafa fé úr sjóðnum. Er samningar hafa tekizt um ráðstöfun fjárins, þá þarf að setja um það lög. Þessi ályktun, sem hér er gerð, mundi leiða til þess að mínum dómi, að ég mundi krefjast þess, að ríkisstj. leitaði eftir samkomulagi við Marshallstofnunina um að ráðstafa fé á þennan hátt, þar sem fyrir lægi ákveðinn vilji þingsins, þar sem þess er óskað, og síðan verði sett lög í samræmi við það."

Hér sagði hæstv. landbrh., ég held alveg óviljandi, það, sem raunverulega er oftast reynt að fela, og það er það, að tilætlunin sé sú, að Bandaríkjastjórn megi ráðstafa mótvirðissjóðnum eða eigi skilyrðislausan íhlutunarrétt um ráðstöfun mótvirðissjóðsins um ófyrirsjáanlega framtíð, eða réttara sagt: þess fjármagns í íslenzku atvinnulífi, sem svarar til mótvirðissjóðsins. Og fullnaðarsönnun fyrir þessu kemur raunverulega núna á þessu þingi í áliti Jóns Árnasonar bankastjóra, sem hefur verið til umræðu hér í þessari hv. d., þar sem þessi bankastjóri leggur beinlínis til að reyna að ná samkomulagi við Bandaríkjastjórn um að endurgreiða mótvirðissjóðinn til þess að losna við þá íhlutun, sem hann kallar „meiri og minni íhlutun af íslenzku atvinnu- og fjármálalífi", sem fylgi mótvirðissjóðnum, ef hann eigi að verða starfandi í íslenzkum peningamálum. Það liggur í augum uppi, að þegar aðalbankastjóri Landsbankans leggur til að endurgreiða mótvirðissjóðinn, þá er það fyrir það, að honum er ljóst, hversu geysilega hættuleg braut það er, sem hér er komið inn á. Og hér er einmitt sýnilega komið inn á þá braut, sem þurfti að komast inn á, til þess að hægt væri að beygja íslenzka stjórnmálamenn til þess að hefja baráttu fyrir því að leigja erlendum auðhringum fossaflið okkar.

Það liggur í augum uppi, að þegar mótvirðissjóðurinn nemur allt að 400 millj. kr., sem útlit er fyrir að hann verði, — nú er hann kominn á fjórða hundrað millj., og það er gert ráð fyrir, að það bætist í hann meira, — þá er hann svo mikill þáttur í því fjármagni, sem fer til íslenzkrar fjárfestingar, að óhætt má fullyrða, að það verður ekki mikið af fjárfestingarframkvæmdum á Íslandi, sem verður unnið án þess, að Bandaríkjastjórn hafi meiri og minni íhlutunarrétt þar um, eins og bankastjórinn kemst að orði. Og það kemur enn þá betur í ljós í áliti bankastjórans, þar sem hann kemur með það sem nokkurs konar varatillögu, að ef ekki náist samkomulag um það við Bandaríkjastjórn að endurgreiða mótvirðissjóðinn til þess að losna við þessi áhrif og þessi völd hennar, þá skuli honum a. m. k. haldið alveg sérstökum og alls ekki ruglað saman við önnur fjármál í landinu.

Það var verið núna fyrir svona um það bil klukkutíma að samþ. hér þáltill. frá nokkrum þm., áskorun til ríkisstj. um að taka mjög til athugunar að gera ráðstafanir, sem gætu orðið til þess að halda jafnvægi í byggð landsins. Það mætti vera, að þeir hv. þm., sem fluttu þessa till., séu undir niðri eitthvað smeykir við þá þróun, sem virðist vera stefnt að núna í sam-

bandi við þessi mál öll, sem Framkvæmdabankinn virðist eiga að vera kóróna á, — smeykir við það, að það muni leiða af sér þá þróun, sem fremur muni skapa það, sem þeim e. t. v. ægir við, jafnvægisleysi í byggð landsins, og ég held, að það sé ekkert fjarri lagi að ætla svo. Ég held, að það sé ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að þegar svo er komið, að Framkvæmdabankinn á að taka að láni 80 millj. kr. í erlendum gjaldeyri — um eða yfir 80 millj. kr., sem fjmrh. getur tekið ríkisábyrgð á án þess að spyrja Alþ. um, og því fé verður ráðstafað að verulegu leyti í stórframkvæmdir, sem raunverulega erlendur aðili og erlent auðvald ræður, hvernig eru staðsettar og hvernig eru framkvæmdar, þá sé ekki úr vegi að gera ráð fyrir því, að það muni skapa æði mikla breytingu á hagkerfi landsins alls og á atvinnulífi landsins í hinum einstöku landshlutum og þar með í byggð landsins, eins og þessir hv. þm. kalla það. Það hefur mikið verið um það talað núna undanfarin ár, að það skuli hafa skeð, að einn afskekktasti hreppur landsins skuli algerlega hafa lagzt í eyði og verið lagður niður sem hreppsfélag. En ég er hræddur um, að það geti farið svo, ef á þessari braut verður haldið áfram, að í fyrsta lagi verði erlendum auðfélögum leigðir fossarnir til þess að nýta þá til stóriðju, án þess að Íslendingar hafi nokkuð um að segja, hvernig þær framkvæmdir verði gerðar, og í öðru lagi á Bandaríkjastjórn gegnum það fé, sem hún hefur lagt gegnum Marshallhjálpina, mótvirðissjóðinn, að hafa hönd í bagga með öðrum fjárfestingum á Íslandi líka, þá gæti skeð, að þeir yrðu nokkrir hrepparnir, sem yrðu fallnir algerlega niður úr byggðinni að 10—20 árum liðnum.

Að síðustu vil ég benda á annað atriði, sem einmitt kemur fram í þessari áramótagrein hæstv. landbrh. og sömuleiðis í leiðurum blaðs hans og fjmrh., sem sífellt er að klifa á þessu sama máli. Það er það, að við getum tryggt okkur eignarrétt þessara fyrirtækja að nokkrum tíma liðnum með því að setja það skilyrði, að við höfum kauprétt að einhverjum ákveðnum tíma liðnum á þeim fyrirtækjum, sem byggð eru á íslenzku vatnsafli af erlendu auðmagni á þeim grundvelli, að því verði lagt vatnsafllið til þess.

En hvað er nú það, sem búið er að gera til þess að undirbúa það, að Íslendingar geti þá notað sér þann kauprétt, jafnvel þó að hann væri settur í samninga? Það væru vægast sagt óglæsilegar horfur fyrir íslenzku þjóðina eftir 20—30 ár til að geta keypt slík stórfyrirtæki af því erlenda auðmagni, eftir að Bandaríkjastjórn og það sama erlenda auðmagn er búið að hafa hönd í bagga með fjármálalífi þjóðarinnar á öllum öðrum sviðum með þeim áhrifum, sem það hefur fengið yfir því fjármagni, sem íslenzka þjóðin hefur fengið gegnum Marshallæætlunina. Mér sýnist, að hér sé að verða fullkominn leikurinn, stefnt að því upphaflega með Marshallæætluninni að gera íslenzku þjóðina svo fjárhagslega háða þessu auðvaldi, að hún yrði fegin að leigja því hinar verðmætustu auðlindir sínar, sem það gæti svo nytjað algerlega eftir vild, og tryggja svo þessu sama auðvaldi raunverulega fjárhagsleg yfirráð yfir öðru atvinnulífi þjóðarinnar á sama tíma, svo að vitað sé þó fyrir fram, að hún geti ekki einu sinni notað annað atvinnulíf til þess að reyna að rétta sig úr kútnum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nú aðeins örfá orð frá minni hálfu. — Ég gerði hér tilraun við fyrri umr. málsins til að fá nokkrar upplýsingar í sambandi við starfsemi þessa fyrirhugaða nýja banka, en hvort tveggja er nú, að ég hef fengið fá svör og mjög ófullnægjandi, og eins það, að það eru enn nokkur ný atriði, sem mig langaði í rauninni að spyrja a. m. k. frsm. meiri hl. n. um í sambandi við starfsemi þessa banka.

Eins og hér hefur nú komið fram, þá er ætlazt svo til, að mótvirðissjóður eigi að renna til þessa nýja banka og vera hans aðalstarfsfé. Hins vegar liggur það fyrir, svo að allir hv. alþm. vita, að raunverulega er búið að ráðstafa mótvirðissjóði, og ekki aðeins búið að ráðstafa honum einu sinni, heldur verður maður að ætla, að það sé búið að ráðstafa honum af Alþ. meira en einu sinni. Í fyrsta lagi er búið að gera hér samþykktir um það, hvernig fé mótvirðissjóðs skuli ráðstafað í fyrstu umferð. Þá á þetta fé aðallega að fara til hinnar nýju Sogsvirkjunar, til Laxárvirkjunarinnar og til áburðarverksmiðjunnar. En svo kemur þetta fé inn aftur, og þá er svo til ætlazt, að það gangi til þessa nýja banka og eigi að verða starfsfé hans, en þá hefur Alþ. þegar gert þá samþykkt, að helmingur mótvirðissjóðs, sem kemur inn í annað sinn, skuli ganga til landbúnaðarins og hinn helmingurinn skuli ganga til lánveitinga í bæi og kauptún.

Vegna þess að þetta kemur mér þannig fyrir augu, eins og eflaust mörgum fleirum, að það virðist nú ekki vera beint verkefni fyrir nýjan banka til þess að eiga að ráðstafa þessu fé, þar sem Alþ. hefur gert allar þessar ráðstafanir út af þessum sjóði, þá sem sagt vaknar sú spurning: Er það ætlunin, að hinn nýi Framkvæmdabanki taki að sér sjálfur beinar lánveitingar til framkvæmda í landbúnaðinum? Eða er virkilega ekki meiningin hjá Alþ. nú eins og áður, að þessi helmingur, sem á að renna til landbúnaðarins, verði afhentur stofnlánadeildum landbúnaðarins, sem nú þegar eru starfandi við Búnaðarbanka Íslands? Ef svo er, að það er ætlunin, að þessi helmingur af mótvirðissjóði, þegar hann kemur inn á nýjan leik, eigi að afhendast þessum stofnlánadeildum landbúnaðarins við Búnaðarbankann, þá er vitanlega með öllu óþarfi að tala um það, að þetta fé eigi að ganga til nýs banka og verða starfsfé hans. Ég vildi nú spyrja frsm. meiri hl., hvernig hann líti á þetta. Er það virkilega ekki ætlunin að standa við fyrri samþykktir um það, að helmingurinn af þessu fé, af mótvirðissjóði, verði látinn renna til stofnlánadeildar landbúnaðarins beint og milliliðalaust? Það er sannarlega og ekki sízt núna, með tilliti til þess, að það eru nú kosningar á næsta ári, fróðlegt, bæði fyrir alþm. og alla landsmenn að fá að vita um það, hvort það er meiningin að ráðstafa þessu fé eins og um það hefur verið skrifað og talað, hvort það er meiningin að ráðstafa því á þann hátt eða hvort nú á að fara að hafa hér annan hátt á. Ég vildi alveg eindregið

óska eftir því, að þessu verði svarað svo skýrt, að ekki þurfi neitt um að villast.

Þá er það atriði í sambandi við starfsemi þessa nýja banka, að það hefur sérstaklega verið fært fram hér sem rök fyrir nauðsyn þess að setja á þennan nýja banka, að hann eigi að standa í stofnlánum til nýrra framkvæmda. Þá dettur mér nú fyrst til hugar: Hvað þá um stofnlán til nýrra framkvæmda í sambandi t. d. við sjávarútveginn? Ég hef nokkuð rætt þarna um landbúnaðinn áður. Margar nýjar framkvæmdir eru á döfinni í sambandi við sjávarútveginn, og margar nýjar munu þar bætast við. Er nú ætlunin, að þessi nýi banki taki að sér bein stofnlán til nýrra framkvæmda á vegum sjávarútvegsins? Á þessi nýi banki að taka að sér stofnlánaveitingar í sambandi t. d. við ný skipakaup, til byggingar nýrra verksmiðja eða annarra framkvæmda í þágu sjávarútvegsins? Eins og við vitum, þá eru þegar til allmargir sjóðir í landinu, sem eiga að hafa þetta hlutverk og hafa nokkrar tekjur í þessu sambandi. Ég óttast það fyrir mitt leyti, að komi nú nýr banki, sem eigi að hafa þetta verkefni að einhverju leyti með höndum, en þó mjög óljóst takmarkað, þá kunni svo að fara, að þeir aðrir stofnlánasjóðir, sem eru í gildi samkv. lögum og starfa að þessum verkefnum, kunni að draga að sér höndina með þessar lánveitingar og vitna aðeins til hins nýja banka, sem á að verða talsvert öflugur, en virðist þó hafa mjög svo ótakmarkað verksvið í sambandi við þessi mál. Það er nú spurning mín til frsm. meiri hl. n., hvernig þessu eigi fyrir að koma. Ef það er aðeins þannig, að þessum nýja banka er ætlað það verk að lána þeim stofnlánadeildum, sem eru nú fyrir, eins og stofnlánadeild sjávarútvegsins, fiskveiðasjóði, fiskimálasjóði og öðrum slíkum stofnlánasjóðum sjávarútvegsins, — ef það er ætlunin, að hinn nýi banki eigi aðeins að lána þessum sjóðum viðbótarfé til þeirra starfsemi, þá vitanlega breytir nú þessi nýi banki ákaflega miklð um svip, og sýnist nú ekki heldur vera nein nauðsyn á því þá að fara að setja þarna upp nýjan banka til þess að annast þá milligreiðslu, því að það verður vitanlega að gerast að meira eða minna leyti fyrir forgöngu ríkisvaldsins, fyrir forgöngu ríkissjóðs eða Alþingis, að útvega þessum stofnlánasjóðum aukið starfsfé, eftir því sem ríkisvaldið telur heppilegt á hverjum tíma að gera.

Þá verð ég líka að játa það, að ákvæði þau, sem er að finna í 7. gr. frv. í sambandi við verkefni þessa nýja banka og starfshætti hans, eru þannig orðuð, að mér þykir afar hæpið, að hægt sé, að minnsta kosti eins og nú háttar til, að láta þennan nýja banka veita nokkur ný lán t. d. til flestra greina sjávarútvegsins. Í 2. tölulið 7. gr. er greinilega tekið fram, að bankinn eigi einvörðungu að lána til gagnlegra framkvæmda, eins og þar segir, en þó því aðeins, að að dómi bankastjórnar séu þau fyrirtæki, sem um er að ræða, svo arðvænleg, að telja megi alveg öruggt, að þau geti skilað afborgunum og vöxtum á tilskildum tíma. Nú háttar því þannig til a. m. k. með flestar greinar sjávarútvegsins, eins og þm. er kunnugt, að það þykir ekki öruggt, að þau geti staðið við afborganagreiðslur sínar eða vaxtagreiðslur, og ef ætti að fara eftir þessu ákvæði, þá sýnist mér, að það væri mjög vafasamt, að hægt væri fyrir þennan banka að veita nokkur teljandi lán til sjávarútvegsins, þar sem þetta verður ekki talið öruggt og hefur ekki verið núna um langan tíma. En sem sagt, ég hefði gjarnan viljað fá þetta upplýst nokkru frekar, sem ég hef hér minnzt á.

Þá er einnig þetta atriði, sem hér hefur komið fram í umr., og það hefur verið fundið til réttlætingar því að setja þennan nýja banka á stofn, að hann eigi sérstaklega að hafa með höndum erlendar lántökur fyrir hönd ríkisins. En hefur nokkuð komið fram, sem bendir til þess, að það sé nauðsynlegt að stofna nýjan banka í þessu skyni? Hefur nokkuð komið fram í sambandi við þær lántökur, sem þjóðbankinn hefur annazt fyrir hönd ríkisins við erlenda aðila, að hann í rauninni geti ekki haldið því verkefni áfram? Hvað er það, sem hefur sérstaklega komið fram í sambandi við erlendar lántökur af hálfu ríkisvaldsins fram að þessum tíma, sem sé þess eðlis, að það kalli á það, að það verði settur á stofn nýr banki til þess að hafa þetta með höndum? Ég hef ekki heyrt það í þessum umr., að neinu hafi verið teflt fram í þeim efnum, sem virkilega réttlæti það að bæta nú við einum bankanum enn. Sem sagt, mér sýnist, að þetta mál liggi þannig fyrir, að allur rökstuðningur fyrir því, að það sé nauðsynlegt að bæta við þessum banka, sé vægast sagt mjög léttvægur, og þeir, sem helzt vilja mæla með þessu frv., draga sig í hlé í umr., svara ekki mjög eðlilegum spurningum þm. um starfstilhögun þessa nýja banka og virðast í rauninni helzt kjósa að fara í felur með málið allt.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en við 3. umr. málsins býst ég við því, að ég muni flytja hér brtt. Ef það er sýnt, að málið á hér fram að ganga, þá þykir mér þó nauðsynlegt að koma fram nokkrum breytingum á efni frv.

Gylfi Þ. Gíslason: Mig langar til að víkja örfáum orðum að aðeins einu atriði, sem á góma hefur borið í þessum umr. Um það hefur verið rætt, að til þess hafi verið ætlazt, að hlutabréf þau í áburðarverksmiðjunni, sem ætlazt er til að Framkvæmdabankinn fái til umráða, yrðu seld einstaklingum. Það hefði jafnvel mátt skilja sumt af því, sem sagt hefur verið, þannig, að til þess hafi verið ætlazt af þeim, sem frv. þetta sömdu, en það gerði mþn. í bankamálum, sem skipuð var fyrir rúmu ári af bankamálaráðherra. Þar eð ég á sæti í þessari n. og hef þannig unnið að samningu þessa frv. ásamt meðnm. mínum, vildi ég ekki láta hjá líða að taka það fram, að n. tók eðlilega enga ákvörðun um, að slíkt skyldi gert, hvorki nú né síðar. Þvert á móti var það einróma álit allra nm., að það ákvæði skyldi vera í frv., sem er í 3. gr. þess, að hlutabréf þessi, m. a. hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, mætti hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþ., þar eð í raun og veru er með þessu frv. engin breyting gerð á skilyrðunum til þess að koma hlutabréfaeign ríkissjóðs yfir í hendur einstaklinga. Það verður nú ekki gert án samþykkis Alþ. Þó að þetta frv. næði fram að ganga, verður

það heldur ekki gert án samþykkis Alþ. Þetta frv. veitir því ríkisstj., sem sitja kann á hverjum tíma, engin ný eða bætt skilyrði til þess að koma hlutabréfum ríkissjóðs í áburðarverksmiðjunni yfir í hendur einstaklinga, þótt vilji til þess kynni að vera fyrir hendi.

Ég hef verið í hópi þeirra, sem mjög hafa gagnrýnt ríkjandi skipulag áburðarverksmiðjunnar, og tel það óeðlilegt, ranglátt og jafnvel hættulegt. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessum stað og þessari stundu að endurtaka neitt af þeirri gagnrýni, sem ég hef áður og oftar en einu sinni flutt á núverandi skipulagi áburðarverksmiðjunnar, en ég vildi aðeins af því tilefni, sem gefizt hefur í þessum umr., taka fram, að það hefur aldrei hvarflað að mér, að ákvæðin um hlutabréfaeign áburðarverksmiðjunnar í þessu frv. gætu eða ættu á nokkurn hátt að auðvelda nokkurri ríkisstj. að koma þeim bréfum yfir í hendur einstaklinga. Ég hef samþ. þetta ákvæði og mun greiða atkv. með þessu frv. með þeim skilningi, að samþykkt þess auðveldi ríkisstj. engan veginn að stuðla að slíkri framkvæmd sem þessari, því að henni er ég og yrði algerlega andvígur.

Þetta eitt vildi ég aðeins taka fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að af hálfu bankamálan. hefur aldrei komið til mála, að þessi ákvæði skyldi eða mætti skilja á þann hátt, og allra sízt væri þetta nokkur viljayfirlýsing um það, að þetta skyldi gera, og ekki einu sinni ætti það að vera til þess að breyta ríkjandi ástandi hvað snertir eignarhald ríkissjóðs á áburðarverksmiðjubréfunum að nokkru leyti.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði nú viðvíkjandi ákvörðuninni um hlutabréf áburðarverksmiðjunnar. Ég fylgdist nú ekki með því, hvort honum var alveg ljóst, að það væri nú þegar raunverulega ákveðið, að þetta ákvæði yrði tekið út. Meiri hl. n. hefur nú fallizt á þá till.

En ég vildi leyfa mér að spyrja hv. 3. landsk., sem á sæti í bankamálan.: Til hvers átti bankinn að fá þessi hlutabréf sem stofnfé, ef það var ekki meiningin, að hann fyrr eða síðar seldi þau? Að hvaða gagni áttu þessi hlutabréf að koma bankanum sem stofnfé, svo framarlega sem það var ekki meiningin, að hann fyrr eða síðar seldi þau? Það hefur margoft verið spurt að þessum hlut, og því hefur aldrei fengizt svarað nema af einum manni, og það er sá maður, sem veit gerst um þessa hluti. Formaður bankamálan., dr. Benjamín Eiríksson, var spurður að því á fundi fjhn. Ed., þegar hann var kallaður á þann fund, hvað hann hugsaði sér með þessi bréf og hver væri tilgangur þess að setja þetta ákvæði þarna inn í. Og form. bankamálan., dr. Benjamín Eiríksson, svaraði því, að hann hugsaði sér, að þessi hlutabréf yrðu seld síðar. Þessi yfirlýsing hans stendur, hún er bókuð, og hún er staðfest í þskj. og staðfest af allri þeirri fjhn., sem á hann hlustaði, enda hefur hann ekki sjálfur reynt að bera neinar brigður á það. Dr. Benjamín Eiríksson er að því leyti í annarri aðstöðu en bæði hv. 3. landsk. þm. og aðrir þm. hér og hæstv. ríkisstj., að hann hefur víst ekki hugsað sér að bjóða sig fram hér á Íslandi. Hann álítur ekki vinsældir sínar það miklar, að hann búist við því að leita eftir því að verða kosinn á þing. Hann skoðar sig hins vegar sem góðan fulltrúa fyrir þá aðila, sem sendu hann hingað til lands með gengislækkunarl. Og hann segir þess vegna hreint út það, sem er tilgangurinn með þessum ákvæðum, tilgangur, sem hins vegar ríkisstj. finnst praktískt að leyna sem stendur. Það er engrar undankomu auðið með það, að það, sem hlaut að vaka fyrir þeim aðilum, sem réðu því, að hlutabréf áburðarverksmiðjunnar voru upphaflega seld eða ætluð sem stofnfé í Framkvæmdabankanum, var, að þessi hlutabréf yrðu seld síðar, eins og dr. Benjamín Eiríksson lýsti yfir við fjhn. Ed. Það stendur þess vegna alveg fast, hver tilgangurinn var með þessu, en það, sem síðan hefur gerzt, er þetta, að menn hafa hrokkið við og ekki sízt hæstv. ríkisstj., hopað á hæl og álitið praktískt að fresta því, að alþjóð manna yrði þessi tilgangur ljós fyrir kosningar. Við þekkjum svona dæmi fyrr. Ég þarf ekki nema að minna hv. þm. á kröfu amerísku ríkisstj. til þriggja herstöðva hér á Íslandi, sem flutt var 1. okt. 1945 og vakti reiði alþjóðar og var þess vegna dregin til baka, til þess að það væri svo komið fram með hana eftir kosningar og hún á næstu árum þar á eftir framkvæmd hér á Íslandi. Alveg sami tilgangurinn er með þessu ákvæði hér. Það er hins vegar bara sá munurinn, að dr. Benjamín Eiríksson er þarna alveg hreinskilinn, segir, hvað ameríska auðmagnið hugsar sér með það. Svo er það ríkisstjórnarinnar að taka hin pólitísku tillit til almenningsálitsins, sem þarna koma fram.

Ég held, að bankamálan. hafi verið hlunnfarin með flutningi þessa frv., og mér þykir það satt að segja undarlegt um slíka n., sem áður er búin að semja heilt frv. um seðlabanka, búin að senda það frv. um seðlabanka sem sínar till. til athugunar til bankanna hér á Íslandi og ýmissa annarra stofnana, og þar sem vitanlegt var, að m. a. til dæmis Alþfl. hefur löngum verið því fylgjandi og Sósfl. líka stungið upp á því, að seðlabankinn yrði aðgreindur frá sparisjóðsdeild Landsbankans, enda svo í landsbankalögunum. Finnst mér það undarlegt, að bankafróð nefnd skuli aldrei hafa látið sitt álit sem sjálfstæðrar n. koma fram um þessa hluti fyrir Alþ., sem ég hélt að væri sú stofnun, sem bankamálan. ætti að tala við. Hins vegar er nú þessu áliti skellt hér inn. En hvernig er þessu áliti skellt inn? Í grg. ríkisstj. er það stutt með tvennu. Fyrst er sagt: Þetta frv. er útbúið af bankamálan. — Svo er sagt í næstu setningu á eftir: Þetta frv. er útbúið af sendimönnum Alþjóðabankans. — M. ö. o., það er alveg auðséð, hvernig þetta er. Fulltrúar Alþjóðabankans leggja þetta frv. fyrir bankamálan., bankamálan. er látin acceptera það, gleypa það með húð og hári og gera það að sínu, og svo óar mönnum við því á eftir — sumum hverjum — að hafa gleypt þetta svona hrátt.

Ég spurði hv. 3. landsk. sem eina manninn úr þessari d., sem á sæti í bankamálan., hvernig hann hugsaði sér 10. gr. þar, hvernig hann sem bankamálanefndarmaður hefði hugsað sér, að

það væri framkvæmt í íslenzku atvinnulífi, að ákveðnir íslenzkir lántakendur tækju á sig þær skuldbindingar að greiða sama sem í útlendum gjaldeyri eða a. m. k. með tilliti til gengis útlends gjaldmiðils þær íslenzkar krónur, sem þeir fengju að láni, og hvers vegna bankamálan. hefði fundizt rétt að setja þessa grein inn nú, 10. gr., þvert ofan í 8. gr. í gengislækkunarl., sem bannaði þess háttar útlán, og hvort það hefði verið ein aðalniðurstaðan í bankamálan., að það væri heppilegt að skapa þannig raunverulega eins og tvö peningakerfi hér á Íslandi. Ég hef ekki getað fengið skýringu á þessu, hvað bankamálan. hefur gengið alveg sérstaklega til með þessa 10. gr. og hvernig hún hugsar sér framkvæmdirnar á því hér á Íslandi, og um það hefði verið ákaflega gaman að fá skýringar lærðra manna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:5 atkv.
2. gr. samþ. með 18:4 atkv.
Brtt. 615,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 604 samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 615,2 felld með 18:6 atkv.
8. gr. samþ. með 18:1 atkv.
9. gr. samþ. með 18:6 atkv.
10. gr. samþ. með 18:5 atkv.
11.—25. gr. og brbákv. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, ÁB, EystJ, GG, GÞG, SB.

nei: JÁ, LJós, SG, ÁS, EOl.

HV, EmJ greiddu ekki atkv.

9 þm. (IngJ, ÓTh, StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ, EirÞ, GTh, HÁ) fjarstaddir.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 667, 668, 678, 679).

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 678, eins og ég hét við 2. umr. þessa máls.

Fyrsta brtt. er við 7. gr. og gengur út á það, að á eftir 1. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi: „Að stuðla að því, að upp sé komið stóriðju í ríkiseign."

Mér er það ljóst, enda er því haldið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. og þeirra, sem mæla með þessum banka, að hans hlutverk eigi alveg sérstaklega að vera að taka erlend lán til þess að veita þannig erlendu lánsfé inn í landið. Ég álít, að Alþ. eigi að marka frá upphafi þá stefnu í þessu sambandi, að að svo miklu leyti sem það eigi að vera hlutverk þessa banka að vinna að því að koma upp stóriðju á Íslandi, þá sé sú stóriðja í ríkiseign. Og það er í samræmi við þá stefnu, sem hingað til hefur ríkt í þessum efnum, og í samræmi við allar þær hugmyndir, sem verið hafa uppi um stóriðju á Íslandi fram til þessa. Ég álít þess vegna, að svo framarlega sem ekki eru uppi hér allt aðrar hugmyndir af hálfu flutningsmanna þessa máls heldur en þeir hafa látið í veðri vaka við umræðurnar fram að þessu, þá beri hv. þd. að samþ. þessa till. mína.

Í b-lið legg ég svo til, að 3. liður í 7. gr. sé felldur burt.

3. töluliðurinn í 7. gr. er um, að þessi banki megi kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem séu gagnleg þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar. Þennan rétt hefur enginn annar banki á Íslandi heldur en þessi. Og með því að veita þessum banka rétt til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum einstaklinga er verið að gera bankann sérstaklega interesseraðan í ákveðnum fyrirtækjum og afnema þannig það almenna hlutleysi, sem maður hefur gengið út frá að væri hjá bankastjórum og bönkum gagnvart einstökum fyrirtækjum, gera sem sé bankann alveg sérstaklega bundinn ákveðnum fyrirtækjum í landinu. Nú sem stendur er bönkunum bannað að eiga hlutabréf, og það er sett af löggjafanum með það fyrir augum að hindra, að bankarnir fari að binda sig alveg sérstaklega einstökum fyrirtækjum þannig. Ég álít, að þetta eigi þess vegna að fella burt, það sé skaðlegt að hafa þetta ákvæði, vegna þess að það þýðir að tengja ríkisbanka á þennan hátt við sérstök auðfyrirtæki einstaklinga í landinu.

Þá legg ég til í þriðja lagi viðvíkjandi 7. gr., að sú breyting sé gerð þar á 8. tölul., sem nú skal greina. Þar segir, að bankinn skuli hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim stuðning. Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram við umr. þessa máls, að þetta orð, „einkaaðila", þýddi ekki bara hlutafélög og einstaklinga, það gæti líka þýtt samvinnufélög, bæjar- og sveitarfélög o. s. frv. Þetta vil ég gera gleggra. Ég er margbúinn að skora á hæstv. fjmrh. að leggja fram enska frumtextann að þessum l., leggja fram fyrirskipanirnar um að setja þessi l., eins og þær komu á ensku frá þeim amerísku sérfræðingum, sem hingað voru sendir, og sjá, hvað þar stendur og hvaða enskt orð er notað yfir „einkaaðila", því að það er sjáanlega þýtt á íslenzku í þessu frv. Hæstv. ráðh. hefur ekki fengizt til þess. — Ég legg þess vegna til, að í staðinn fyrir þetta, „einkaaðila", þá komi — og þá verði greinin þannig: „Að hafa samvinnu við opinbera aðila, jafnt ríkisstofnanir sem bæjar- og sveitarfélög, svo og samvinnufélög, hlutafélög og einstaklinga", — svo kemur hitt áfram eins og nú er — „sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu."

Með þessu er allur vafi tekinn af um það, við hverja þessi banki á að hafa samstarf, að hann á ekki að taka hlutafélög og einstaklinga fram yfir t. d. samvinnufélög, bæjar- og sveitarfélög og ríkisstofnanir. Og atkvgr. um þessa breytingu sker alveg hreint úr um það, hver hugmyndin er með þessum banka.

Þá legg ég til viðvíkjandi 9. gr., að hún sé felld niður.

Það er ekki aðeins álit okkar sósialista hér í þessari hv. deild, það er líka álit bankastjórnar Landsbankans, að það sé undarlegt tiltæki að fara

að heimila ráðherra að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, án þess að Alþ. hafi hugmynd um, til hvers þau lán séu tekin. Það hefur aldrei tíðkazt áður. Og það, að Alþ. afsali sér svona rétti, er einsdæmi, algert einsdæmi. Og eins og ég hef tekið fram áður, ætla ég ekki neinum ráðh. það að hafa komið með svona af sjálfsdáðum. Þetta er lagt upp í hendurnar á þeim, þetta er í till. frá Alþjóðabankanum og eitt af þeim skilyrðum, sem þar eru. Og svona skilyrðum á Ísland ekki að ganga að.

Þá geri ég þá brtt. viðvíkjandi 10. gr., að hún falli niður.

Við 2. umr. málsins skoraði ég á hv. 3. landsk., sem er sá eini þm. í þessari hv. deild, sem hefur haft tækifæri til að fjalla um þetta mál, áður en það kom fyrir deildina, sem meðlimur í bankamálan., að gefa sína skýringu á því, hvernig hann hugsar sér þessa 10. gr. framkvæmda. Mér þætti vænt um að heyra, hvernig bankamálanefndin hefur litið á, að hægt væri að framfylgja tveim peningakerfum hér á Íslandi á sama tíma.

Þegar gengislækkunarlögin voru sett, þá var það beinlínis bannað, að menn lánuðu út fé hér á Íslandi með því skilyrði, að það yrði greitt aftur til baka í hlutfalli við það gengi, sem íslenzk króna á þeim tíma hefði gagnvart sterlingspundi eða dollar. Nú á að leiða það í lög, að einn banki, einn af öllum íslenzku ríkisbönkunum, hafi rétt til þess að lána fé hér innanlands með þessari klásúlu, með þessum skilyrðum.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að þessi banki fær alveg sérstöðu, alveg einstök sérréttindi fram yfir alla aðra banka á landinu. Og það er skiljanlegt, af hverju þessi sérréttindi stafa. Þau stafa af því, að hann á að vera eini bankinn, sem verður milliliður milli útlends auðmagns, útlends fjármagns og íslenzks. En þetta þýðir um leið, að hvert það fyrirtæki, sem leggur hér t. d. í einhverja stóriðju og fær lán hjá svona banka, verður um leið að fá sérstaka samninga við ríkisstj. til þess að tryggja sig á eftir út af verðhækkunum, þannig að það verður margföld sérréttindakeðja fyrir þau fyrirtæki, sem grundvölluð eru af þessum banka, sem af þessu hlýzt í íslenzku atvinnulífi. Þetta er til þess að opna dyrnar fyrir því að skapa sérréttindi handa einstökum hlutafélögum í íslenzku atvinnulífi. Ákveðin hlutafélög skulu fá þarna sérstakan rétt, sérstaka aðstöðu, og það er alveg gefið, að þegar sérstökum félögum er veitt þetta, að svo miklu leyti sem áhætta væri í því fyrir þau, þá verður um leið séð um, að önnur félög gætu ekki fengið t. d. betri kjör, við skulum segja t. d., að önnur félög væru firrt gengislækkunarhættu.

Það er þess vegna alveg gefið, að þetta er sniðið við, að útlend fyrirtæki lána bankanum erlent fé til þess að leggja í innlend leppfyrirtæki viðkomandi erlends lánveitanda hér á landi. Aðeins undir slíkum kringumstæðum eru þessir hagsmunir og það öryggi fyrir hendi fyrir þann útlenda lánveitanda og hans innlenda lántakanda að geta rekið hér fyrirtæki með þessu móti. Það er þannig verið að skapa tvenns konar peningakerfi í landinu með þessu móti. Meira að segja þegar gengislækkunarl. eru framkvæmd, þá þykir þetta óhæft, og þá er þeim íslenzku fyrirtækjum, sem lánuðu út upp á þennan máta, bannað að framfylgja þeim skuldbindingum, sem þau höfðu látið menn undirskrifa, bannað með l. frá Alþ. að framfylgja þeim. Og ég vil vekja eftirtekt á því, að ef hægt hefur verið að banna það með gengislækkunarl., eins og þá var átt við með Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, býst ég við, þá er alveg eins hægt að banna þetta seinna meir án nokkurrar skaðabótaskyldu ríkisins.

Þetta eru í stuttu máli mínar brtt. viðvíkjandi Framkvæmdabankanum. Ég er áður búinn að gera till. um að fella hann og er honum andstæður. En ég vildi aðeins með þessu móti, að það væri gengið úr skugga um, hvort nokkrir möguleikar væru enn þá á því að lagfæra þessa bankastofnun, sem nú á að píska í gegnum þingið landinu til óþurftar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér tvær brtt. ásamt hv. 5. landsk. þm. við þetta frv. Brtt. okkar eru á þskj. 668. Þær eru báðar við 7. gr. frv. og um það að bæta í hana tveimur nýjum liðum.

Ég lýsti því nokkuð við 2. umr. málsins, að ýmis ákvæði 7. gr. frv. væru þess eðlis, að hæpið yrði, að atvinnulíf t. d. úti á landi og ýmsar greinar okkar atvinnulífs, eins og t. d. sjávarútvegurinn, gætu orðið lánveitinga aðnjótandi frá þessum banka, ef einhvern tíma kæmi til einhverra lánveitinga úr þessum banka. Nú vildi ég gjarnan gera tilraun til þess að fá ný ákvæði inn í 7. gr. nokkuð til styrktar þessu, þannig að það mætti þó eiga von á því, að hægt væri samkvæmt þessum l. að veita nokkurt fé til atvinnuvega einnig úti á landi.

Fyrri brtt. okkar er um það, að bankinn skuli vinna að því með lánveitingum sínum að viðhalda jafnvægi í byggðum landsins með því að lána fé til framkvæmda þar, sem þess er þörf til þess að tryggja þar atvinnu og örugga lífsafkomu manna. Það hefur nú legið hér fyrir Alþ. till. í þessa átt, og ég hygg, að flestir alþm. viðurkenni það, að það er veruleg þörf á því að leggja fram nokkurt lánsfé í þessu skyni, til þess að örva nokkuð atvinnuvegina úti á landi, og jafnvel að láta fé af höndum í þessu skyni, þó að það liggi ekki fyrir, að það sé öruggt, að þau fyrirtæki, sem þar verða stofnuð, geti t. d. á fyrstu árum borið nægilegan arð, eins og stendur í því frv., sem hér er um að ræða, til þess að þau geti borgað vexti og afborganir. En það er m. a. samkvæmt frv., eins og það er núna, skilyrði þess, að bankinn megi veita lán til framkvæmdanna, að þau fyrirtæki, sem þessi lán fá, geti örugglega staðið við vexti og afborganir. Mér er það alveg ljóst, að ef á að fara að veita lán til þess að viðhalda að einhverju ráði jafnvægi í byggðum landsins, þá mundi í ýmsum tilfellum þurfa að veita lán þannig, að ekki væri alveg öruggt, að vextir og afborganir yrðu skilvíslega greidd af slíkum lánum.

Síðari till., sem við flytjum, er um það, að bankanum verði einnig heimilað að veita lán til bæjar- og sveitarfélaga til þeirra framkvæmda, sem gagnlegar verða að teljast og efnt er til á þeirra vegum. Eins og frv. er nú, þá ber það ekki

með sér, að bankanum sé ætlað það hlutverk á neinn hátt að veita slíkum aðilum nein lán. Ég hef alveg sérstaklega leitað eftir því í frv., og það kemur hvergi nokkurs staðar fram, að bankinn eigi að veita bæjar- og sveitarfélögum lán til þeirra framkvæmda, sem þau kunna að ráðast í, en hins vegar er mjög greinilega tekið fram í frv., að bankinn eigi að hafa sérstaka samvinnu við alla einkaaðila til þeirra framkvæmda. En nú vitum við það, sem búum úti á landi, að það er nú víða þannig komið málum, að þeir aðilar, sem verða þar að standa undir mestum framkvæmdum og aðalatriði þessara mála verða að hvíla á, eru einmitt bæjar- og sveitarfélög, svo að ef þar á að vinna að einhverjum verulegum framkvæmdum, þá verður varla hjá því komizt, að þessi banki hafi einnig samvinnu við bæjar- og sveitarfélög og veiti þeim lán til þeirra framkvæmda, sem þau vilja ráðast í. Ef það er virkilega tilætlunin með setningu laga um nýjan banka enn að örva til framkvæmda í sambandi við atvinnulíf landsins og það um allt land, þá ætti ekki heldur að standa á þeim, sem fyrir þessu máli beita sér, að samþ. þessar till., sem fara beinlínis í þá átt að gefa þessum banka lagalega heimild til þess að hafa samvinnu við þá aðila í framkvæmdamálum, t. d. úti um land, sem eðlilegastir eru til þess og mest verða að standa í framkvæmdum í þessa átt.

Ég vona því, að þessar till. verði samþ. og geti fengið góðar undirtektir þm.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef flutt hérna brtt. ásamt hv. 2. landsk. þm. á þskj. 668, og hefur hann nú gert grein fyrir þeim, svo að ég þarf engu við það að bæta. En auk þess hef ég flutt hér eina brtt. á þskj. 679, við 7. gr. frv., þar sem lagt er til, að á eftir 7. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi: „Að stuðla að framkvæmdum, er horfa til almenningsheilla og reknar eru á samvinnugrundvelli."

Mér finnst það vera töluvert athugavert, að í þessari grein, sem telur einmitt upp í ekki færri en 11 tölul. hlutverk bankans, skuli hvergi vera minnzt á framkvæmdir, sem beinlínis eru unnar á samvinnugrundvelli. Að vísu er hér í 11. lið tekið fram, að það eigi að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, sem skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu. En það er mjög skýrt tekið fram einmitt í 8. tölul. þessarar greinar, að bankinn eigi að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu. Og í þessum lið virðist mér einmitt koma mjög skýrt fram, hvert sé hið raunverulega hlutverk bankans; það sé ekki það, sem kom þó fram í þeirri þál., sem verið var að samþ. hér í gær við fyrri umr., um að gera ráðstafanir til þess að gæta þess, að jafnvægi héldist í byggðum landsins. Það er mjög kunnugt, að einmitt víða úti um land er mjög mikið af smáfyrirtækjum, t. d. smáútgerðarfyrirtækjum, sem eru rekin á samvinnugrundvelli og eðlilegast er að séu rekin þannig. Slík fyrirtæki eru oft aðaluppistaðan í atvinnulífi fjölmargra smástaða úti á landi, og það er lítil ástæða til þess að mínum dómi að taka það fram í þeim ákvæðum, sem ákveða um hlutverk þessa banka, að hann eigi einmitt að veita líka fé til einkafyrirtækja, en ekki slíkra atvinnufyrirtækja.

Svo vildi ég enn fremur beina einni fyrirspurn til hæstv. ráðh. í sambandi við 3. gr., sem fjallar um það, hvaða fjármuni Framkvæmdabankinn eigi að fá til meðferðar. Þar er gert ráð fyrir því, að honum eigi að afhenda skuldabréf fyrir lánum úr mótvirðissjóði, og enn fremur er það upplýst, að þegar fé mótvirðissjóðs greiðist inn aftur frá þeim fyrirtækjum, sem fá það að láni í fyrstu umferð, þá skuli það einnig renna til bankans. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., hversu mikil hætta væri fólgin í þeim afskiptum erlendra ríkisstjórna af þessu fé, sem sýnilega eru fyrirhuguð með því fyrirkomulagi, sem hér á að ríkja. Og því hefur alls ekki verið mótmælt nokkurn tíma í umr. um þetta mál, hvorki í Ed. né í þessari hv. d., að raunverulega væri þannig fyrirhugað, að erlend ríkisstj. ætti að hafa íhlutunarrétt um þetta fé þegar það kemur inn aftur og svo þegar það kemur inn þar á eftir og þar með verulegan íhlutunarrétt um fjárfestingar í atvinnulífi þjóðarinnar um ófyrirsjáanlegan tíma.

Nú liggur það fyrir, að í mótvirðissjóði eru rúmlega 300 millj., eða 310—315 millj., og gert ráð fyrir, að eitthvað bætist við. En ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort þessum skilyrðum eigi einnig að hlíta sá vöxtur, sem verður á mótvirðissjóðnum við það, að vextirnir leggist við. Ég man það nú ekki á stundinni, hversu lengi hver króna er að tvöfaldast við það að vera lánuð út með 5% vöxtum, eins og gert er ráð fyrir um fé mótvirðissjóðs. En ég held, að ég megi fullyrða, að það sé eitthvað milli 10 og 15 ár. Þetta mundi þýða það, að ef vextirnir eiga að leggjast við þennan höfuðstól, sem síðan á að hlíta þessu skilyrði, þá mundi á þessum tíma, 10—15 árum, þessi höfuðstóll verða orðinn helmingi hærri — ekki milli 3 og 4 hundruð milljónir, heldur sennilega um það bil 700 milljónir, og mundi þá verða í vaxandi mæli það fjármagn, sem yrði starfandi í atvinnulífi þjóðarinnar að þessu leyti. Og sé þessu svona varið, sem mér virðist næsta líkur til að sé meiningin, þá þýðir það enn þá meira vaxandi íhlutun af öllu fjármálalífi landsins í framtíðinni heldur en þó getur virzt í fljótu bragði, þegar litið er á höfuðstólinn, — enn þá meiri vaxandi íhlutun á þeim grundvelli, sem aðalbankastjóri Landsbankans talar um í sínu áliti til fjhn. Ed. En þótt það hafi verið ákaflega tregt um svör við spurningum, sem bornar hafa verið fram í sambandi við þetta mál til hæstv. ríkisstj., — ákaflega tregt um svör frá hæstv. ríkisstj., þá vildi ég samt sem áður mjög óska þess að fá svar við þessari spurningu, hvort það er tilgangurinn, að vextir af fé mótvirðissjóðs skuli leggjast við höfuðstólinn og verða framvegis sem vaxandi hluti þess stofnfjár í Framkvæmdabankanum, sem ber þetta nafn og á að lánast út með þessum skilyrðum, sem alls ekki hefur verið mótmælt að séu hin raunverulega fyrirhuguðu.

ATKVGR.
Brtt. 678,1.a felld með 15:10 akv.
— 668 felld með 15:11 atkv.

Brtt. 678,1.b felld með 17:6 atkv.
— 679 felld með 17:10 atkv.
— 678,1.c felld með 16:7 atkv.
— 678,2 felld með 18:6 atkv.
— 678,3 felld með 17:6 atkv.
Frv. samþ. með 19:6 atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og menn hafa sjálfsagt veitt eftirtekt, þá hefur frv. tekið þeirri breyt. í hv. Nd., að fellt er niður að afhenda bankanum sem stofnfé hlutabréf í áburðarverksmiðjunni, 6 millj. kr. Önnur breyt. var og gerð, en hún virðist nú ekki hafa mikla þýðingu og ekki geta valdið ágreiningi. Fjhn., sem hafði þetta mál til meðferðar hér í d., meðan frv. lá fyrir henni, hefur ekki haldið fund um málið eða tekið málið fyrir á fundi síðan það var endursent til þessarar hv. d. Ég get því ekki upplýst það, hvernig n. lítur á þetta. En mitt álit er það, að það sé tæplega hættandi á það að fara að endursenda frv. til hv. Nd. út af þessu, og ef ekki koma raddir frá öðrum hv. nm. í gagnstæða átt, þá verð ég að líta svo á, að n. mæli með því, að frv. sé nú samþykkt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 716).

---

32. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1953.

Á 34. fundi í Sþ., 29. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1953 [211. mál] (stjfrv., A. 648).

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar, að ég er svo rámur, að ég get tæplega látið til mín heyra, en skal ekki heldur tala langt mál.

Þetta frv. um samkomudag reglulegs Alþingis 1953, á þskj. 648, er mjög á sömu lund og frv., sem samþ. hafa verið um samkomudag Alþ. undanfarin ár. — Væntanlega verður þessu þingi lokið nú innan fárra daga, en þá eru aðeins örfáir dagar þangað til nýtt þing skal hefjast samkv. lögum, eða 15. n. m. Og það liggur í hlutarins eðli, að það muni ekki vera farið að starfa að undirbúningi fjárl. eða annarra mála til þess að leggja fyrir það Alþ. Nú er svo háttað, eins og allir hv. alþm. vita, að á næsta sumri fara fram almennar alþingiskosningar. Virðist af þeirri ástæðu líka sjálfsagt, að það nýkjörna þing gangi frá fjárl. fyrir næsta ár og yfirleitt öðrum þeim málum, sem nauðsynlegt er að taka til meðferðar á þingi fyrir þetta ár, svo að til viðbótar því, sem áður hefur verið eðlilegt um þingfrestun, virðist mér að þetta bætist við núna.

Ríkisstj. leggur til, að samkomudagur sé ákveðinn í síðasta lagi 1. okt. í haust, eins og verið hefur að undanförnu. Að sjálfsögðu geta þeir hlutir gerzt og ekki sízt á þessu ári að afstöðnum kosningum, að Alþ. yrði kvatt saman fyrr á árinu, eins og gefur að skilja. En ríkisstj. fannst eðlilegast að miða samkomudaginn við 1. okt. eins og gert hefur verið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. — Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. Ég ætla ekki að gera till. um n., en að sjálfsögðu er það á valdi hv. dm., hvort þeir vilja vísa frv. til n. eða ekki, sem þá væntanlega yrði allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig mjög skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. komi með till. um slíka frestun samkomudags næsta Alþ. sem þessa. Hins vegar hefði ég álitið, að Alþ. sjálft gæti ekki verið eins ánægt með slíka breytingu. Sannleikurinn er, að við hverfum raunverulega frá allmörgum verkefnum óleystum, þegar við förum heim nú, sem þurfti að leysa í byrjun þessa árs. Útlitið viðvíkjandi fiskframleiðslunni, fiskmörkuðunum og þar með öllu atvinnulífinu er það slæmt, að ég álít það ákaflega leitt, að Alþ. hverfi þannig frá þessu. Það er ákaflega skiljanlegt náttúrlega, að það væri óhugsandi að hafa fjárl. tilbúin fyrir annað þing 15. febr., en þau vandamál, sem raunverulega bæði fjárl. og öll okkar afkoma byggist á, eru í slíkum ólestri nú sem stendur, að það er ákaflega leitt fyrir Alþ. að þurfa að hverfa frá því nú í slíku ásigkomulagi. Hins vegar veit ég, að hæstv. ríkisstj. hefur öruggan meiri hl. til að koma þessum málum fram, og enn fremur er það sökum meiri hl. hennar á þinginu í hennar valdi að koma í veg fyrir skynsamlegar aðgerðir viðvíkjandi okkar atvinnulífi, þannig að það þýðir auðvitað lítið sem ekkert, eins og þing er skipað, að reyna að fá fram þarna breytingu á eða reyna jafnvel að knýja það fram, að nýtt þing taki við 15. febr., sem reyndi að leysa þessi vandamál. Þess vegna vildi ég aðeins láta í ljós mína afstöðu um þetta, en mun að öðru leyti ekki reyna að berjast gegn þessu frv. út af fyrir sig. Hins vegar held ég, ef sú efnahagskreppa, sem full ástæða er til að óttast að sé að skella yfir okkur, harðnar svo á næstu mánuðum, að jafnvel hæstv. ríkisstj. sæi sér ráðlegt að ræða við Alþ., að það væri í öllu falli heppilegt, að þetta Alþ. væri ekki rofið fyrr en það er nauðsynlegt kosninganna vegna, enda býst ég nú satt að segja við, að hæstv. ríkisstj. muni varla hafa hugsað sér að rjúfa það fyrr, þannig að ef til kæmi og efnahagsástandið og útlitið í því versnaði að mun, þá sé a. m. k. möguleiki fyrir ríkisstj. til þess að kalla Alþ. saman.

Ég mun fyrir mitt leyti ekki gera neina till. um n. í málinu, þó að ég geti tekið undir með forsrh. um það, að það væri kannske eðlilegt,

að það færi til allshn., til þess að viðhalda venjum viðvíkjandi þessu, en ég mun á engan hátt reyna að tefja neitt fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa yfir því, að ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að áður en þessu þingi lýkur séu afgreidd slík lög eins og hér er farið fram á.

Í raun og veru er það orðið svo fjöldamörg síðustu árin, að þetta ákvæði stjskr. um samanköllun Alþingis um miðjan febrúar er ekki framkvæmt, þar sem því er líka heimilt að breyta með lögum. Hefur raunin orðið sú, sem er mjög eðlilegt, að þing sé kallað saman miðað við það, að það geti a. m. k. lokið fjárl., ef unnt er, rétt áður en nýtt fjárlagaár byrjar. Það er eitt, sem er vissulega til endurskoðunar í nýrri stjskr., annað tveggja að breyta fjárlagaárinu frá því, sem núna er, og binda það ekki við almanaksárið eða þá að ákveða, ef ákvæði eru um það í stjskr. á annað borð, að Alþ. komi saman í þann mund, sem ætla mætti að væri nægilegur starfstími fyrir það til þess að ljúka fjárl., áður en nýtt fjárlagatímabil byrjar.

Ég mun þess vegna lýsa yfir fylgi við þetta frv., eins og eðlilegt er, þegar það er í samræmi við það, sem hefur verið gert fjöldamörg undanfarin ár. En ég vildi þó aðeins bæta því við, að þó að fáir dagar séu eftir af störfum núverandi Alþ., eftir því sem manni skilst, þá hygg ég þó, að eitt eða fleira vanti verulega á, sem eðlilegt væri að þm. vissu, áður en störfum Alþ. er lokið, — ekki síst fyrir þá sök, að nú standa fyrir dyrum alþingiskosningar innan 4—5 mánaða. Það er yfirleitt siður í þingræðis- og lýðræðislöndum, að ríkisstj. — ekki hvað síst, ef kosningar standa fyrir dyrum — geri þingheimi sem allra ljósast það ástand, sem fyrir höndum er í efnahagsmálum þjóðarinnar, og það útlit, sem ætla má að sé fram undan um þau efni. Mér hefur mikið fundizt á það skorta hvað snertir hæstv. ríkisstj., að hún hafi séð ástæðu til þess að gefa alþm. kost á því að fá sem gleggstar skýrslur um þessi efni, þrátt fyrir það þó að oft sé minnzt á ýmisleg mál, sem þessi efni snerta, og verður það þá hæstv. ríkisstj. sök, ef t. d. í alþingiskosningum er ekki hægt fyrir — við skulum segja andstæðinga ríkisstj. og venjulega alþm. — að gefa kjósendunum þær upplýsingar, sem þeir eiga rétt á að fá að vita, áður en þeir velja sér fulltrúa fyrir næsta kjörtímabil.

Eins og ég sagði áðan, hefur það verið og er víða talin sjálfsögð skylda í lýðræðis- og þingræðislöndum, að ríkisstj. gefi löggjafarþingunum sem allra gleggsta hugmynd um það, hvernig sakir standa í fjárhags- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Nú er talið, eftir því sem almenningur veit og við óbreyttir og almennir þm., sem ekki fáum neinar sérstakar upplýsingar frá hæstv. ríkisstj., að útlit sé mjög uggvænlegt í þessum efnum, að svo standi t. d. sakir, að óvenjumikið af saltfiski hrúgist upp í markaðslöndum okkar, að óvenjumikið af hraðfrystum fiski frá íshúsunum hrúgist einnig upp í sumum markaðslöndunum og að mjög sé uggvænlegt útlit um sölu þessara okkar höfuðafurða á næstu tímum. Okkur, sem höfum verið valdir til þess að fara með umboð ákveðinna kjósenda í landinu og munum fleiri eða færri taka þátt í næstu alþingiskosningum, væri mikil nauðsyn á því að fá sem allra gleggsta vitneskju um þessi efni. Það hefur verið siður merkra stjórnmálamanna hér í Vestur-Evrópu, sem halda um stjórnvölinn, að gefa þjóð sinni og löggjafarþingi sem allra gleggstar skýrslur um þessi efni, en mér hefur mjög fundizt á skorta hjá hæstv. ríkisstj. varðandi þessi mál. Þegar ekki eru fyrir hendi glöggar skýrslur um ástand og horfur, er erfiðara um vik fyrir okkur þm. að leggja til alveg sérstök úrræði, og í kosningum er það líka erfiðara, og verðum við kannske að geta einhvers til, þar sem upplýsingar hefur skort af hálfu ríkisstj., — og endurtek ég það þá, að það er hennar sök, ef okkur skortir vitneskju um þessi efni og getum ekki nákvæmlega skýrt kjósendum landsins frá því, hvernig sakir standa. Enn þá er tími til, þó að fáir dagar séu fram undan, eftir því sem ætla má, af núverandi Alþ., að hæstv. ríkisstj. gefi þingheimi skýrslu um ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, áður en þinginu lýkur, ekki síst þegar nú er gengið til nýrra kosninga.

Þetta vildi ég benda hæstv. ríkisstj. á í sambandi við þetta mál. Mér hefur líka skilizt, að á döfinni sé t. d. eitt nokkuð stórt mál og nokkuð mikið umrætt mál, þó að ekki hafi það valdið ákveðnum flokkadeilum, og það liggi fyrir alþm. einkaupplýsingar um þessi efni frá fræðimönnum, en svo er ekki meira að gert. Á ég þar við Grænlandsmálið. Ég tel ekki heppilegt, að það sé lokið þingi nú og gengið til nýrra kosninga, áður en alþm. vita um, hvað hæstv. ríkisstj. hefði í huga t. d. varðandi þetta mál.

Eins og ég sagði í upphafi þessara orða minna, fylgi ég frv., geri enga kröfu til þess, að það fari til n.; það er svo sjálfsagt, að slíkt frv. verði afgreitt og gert að lögum. En ég vildi aðeins benda hæstv. ríkisstj. á það, eins og ég hef stundum gert líka í tilefni af öðrum málefnum, að mér finnst allmikið skorta á þær upplýsingar, að stjórnin hafi orðið við því að inna af höndum — ég vil segja — þá upplýsingaskyldu, sem hvílir á herðum hverrar ríkisstj. til Alþ., og að það sé næsta nauðsynlegt, að svo sé gert, ekki hvað síst þegar kosningar standa fyrir dyrum. En enn þá er hægt að bæta úr þessu, á hvern veg sem gert væri, og vil ég nota tilefnið við þessa umr. til þess að benda hæstv. ríkisstj. á þetta atriði.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Báðir þeir hv. alþm., sem hér hafa talað, hafa tjáð sig samþykka frv. Er ég þeim þakklátur fyrir það.

Ég skal aðeins geta þess út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi, um það, að það væri ekki rétt að rjúfa þing strax, þannig að ekki væri hægt að kalla þing saman, ef á lægi, að það hefur náttúrlega ekki komið til mála, að það yrði gert að svo stöddu.

Út af athugasemdum hv. 8. landsk. þm., sem ekki snerta þetta frv. út af fyrir sig, heldur eru aðfinnslur til ríkisstj. um, að hún hefði ekki gefið þinginu nauðsynlegar skýrslur um ástand

og horfur varðandi afurðasölu og fleira, sem snertir þjóðarbúskapinn sérstaklega, skal ég aðeins taka það fram, að náttúrlega hafa þessi mál komið mjög til umr. undir meðferð fjárl., bæði fyrr og síðar, hér á Alþ. og ýmsar upplýsingar verið gefnar í sambandi við það.

Ég vil og taka það fram í þessu sambandi, að ef hv. alþm. þykir á skorta, að ríkisstj. gefi nauðsynlegar upplýsingar um þetta eða annað, þá er þeim samkvæmt þingsköpum veitt heimild til þess að bera fram fyrirspurnir og þær viðtækar, eftir því sem verða vill, og sundurliðaðar, sem ríkisstj. að sjálfsögðu svarar þá, og hefði verið auðvelt að koma á framfæri slíkum fyrirspurnum, t. d. um afurðasölumál o. fl., ef hefði þótt á það skorta, að nægar upplýsingar kæmu fram. Ég get ósköp vel skilið það, að ýmsum hv. alþm. og þá kannske einkum þeim, sem eru í stjórnarandstöðu, finnist einmitt oft á þetta skorta. Það getur vel verið, að það sé ekki alltaf að því gáð eins af þeim, sem í stjórn eru. Hygg ég, að það megi þá segja almennt um ríkisstjórnir, að þær gefi kannske ekki ávallt eins nauðsynlegar upplýsingar og a. m. k. sumir alþm. teldu nauðsynlegt vera. En auk þess að hægt er nú að bera fram fsp., ef á slíkt þykir skorta, sem ég hygg að ríkisstj. mundi undireins svara, — enda er hún vön að gera það með fsp. almennt, — þá er vitanlega líka í lófa lagið fyrir alþm. að leita upplýsinga í ráðuneytunum um slík mál, og vænti ég þess, að ekki hafi orðið vart við það, að synjað væri um slíkar upplýsingar. Ég vil aðeins taka þetta fram, án þess að ég á neinn hátt sé að mótmæla því, sem hv. 8. landsk. tók fram um þetta mál. Nokkrir dagar eru enn eftir af þingi og ekki ólíklegt, að sumt af því, sem hann nefndi, komi að einhverju leyti til athugunar, áður en þingi verður slitið.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 61. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 721).

---

33. Verðlag (stjfrv.).

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm [42. mál] (stjfrv., A. 42).

Á 5. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að beina fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., sem ég taldi víst að mundi mæla fyrir þessu frv. hér. Þó að hann sé nú ekki mættur og sjái ekki ástæðu til að mæla fyrir frv., þykir mér rétt að láta koma fram þær athugasemdir, sem ég vildi beina til hans.

Eins og sést á greinargerðinni, er frv. þetta borið fram til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin þann 6. maí s. l., og í þeim felst samkvæmt 2. gr. heimild fyrir verðgæzlustjóra til að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Þessi brbl. eru búin að vera í gildi síðan þann 6. maí s. l., og enn þá hefur, að því er ég bezt veit, ekki verið birt eitt einasta nafn nokkurs fyrirtækis eða einstaklings, sem hafi lagt óhóflega á vörur sínar eða þjónustu. Ég hafði hugsað mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., hverju þetta sætti, þar sem upplýst er í opinberum skýrslum verðlagsstjóra, að í mjög mörgum tilfellum hefur álagning verið óhófleg, að minni hyggju. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., hverju sæti, að ekki hafi nöfn þessara manna, einhverra þeirra eða allra, verið birt, og vildi mega mælast til

þess við þá hv. nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, að hún flytji hæstv. ráðh., sem án efa ræðir við nefndina, þessa orðsendingu mína og óski svars við fyrirspurninni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 150, 154).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl. frá 6. maí 1952. Hefur allshn. haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþ., en eins og kemur fram í nál. og fram kominni till., þá áskildi einn nm. sér rétt til þess að bera fram brtt., og hefur hann gert það.

N. ræddi frv. þetta við verðlagsstjóra, og skýrði hann frá því, að þær skýrslur um verðlag, sem nýskeð hafa verið gefnar út, næðu sem næst til þess tíma, er brbl. voru gefin út, þ. e. a. s., þessar skýrslur ná svona til miðs maí, aðeins lengra en til þess tíma, er l. voru gefin út. En hann gat þess einnig, að í undirbúningi væru skýrslur frá þeim tíma, sem hin nýju brbl. ná til. Jafnframt fékk n. þær upplýsingar frá verðgæzlustjóra, að þau heimildarákvæði, sem í l. felast, hefðu ekki komið til framkvæmda og að ekki hefðu verið gefin út þau fyrirmæli, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. um framkvæmd heimildarinnar. Og þá kom það fram í n., að æskilegt væri að fá að heyra, hvað liði framkvæmd þessara l. um það, að birt yrðu nöfn þeirra, sem uppvísir verða að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Og vil ég segja það fyrir mig, að ég vænti þess að fá um það upplýsingar, hvað framkvæmd þessa ákvæðis líður, og tel, að maður eigi heimtingu á því, að nöfn þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli og hafa gert sig seka um óhóflega álagningu á vörur og þjónustu, verði birt sem allra fyrst.

Varðandi þá brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 6. landsk. þm., þá hefur hún ekki komið fyrir n. í heild. En ég vil lýsa því yfir, að ég lít svo á, að þessi till. sé til bóta. Ég tel, að það sé til bóta, að það sé skylt að birta nöfn í vissum tilfellum, þó að ég vilji ekki segja um, hvort álagningarmarkið, sem hér er talað um, 50%, sé það nákvæmlega rétta. En þetta segi ég aðeins fyrir mig, en ekki fyrir hönd n. — Nefndin leggur til, að frv. verði samþ., og gerir það í trausti þess, að það komi til framkvæmda sem allra fyrst.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég var sammála öðrum nm. í allshn. um að leggja til, að þetta frv. yrði samþ., en hins vegar áskildi ég mér rétt til að bera fram brtt. við það, og þá till. hef ég borið hér fram á þskj. 154. Það var rétt, sem hv. frsm. n. sagði, að þessi till. mín hefur ekki komið fyrir allshn. til athugunar, enda hafði ég hana ekki tilbúna, þegar n. fjallaði um málið.

Það er öllum kunnugt, að eitt af höfuðstefnuskráratriðum hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, var að afnema innflutningshöftin og verðlagseftirlitið. Ég ætla ekki að ræða hér sérstaklega, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur framfylgt því stefnuskráratriði sínu að fella niður innflutningshöftin. Allir vita, hvernig það loforð hefur verið vanefnt. Hins vegar er það staðreynd, að hæstv. ríkisstj. hefur staðið dyggilega við loforð sitt um að afnema verðlagseftirlitið.

Þegar Alþfl. vissi, að til stóð að afnema verðlagseftirlitið, benti hann á, að með slíkum aðgerðum væri stefnt í hið mesta óefni og að enginn vafi væri á, að verzlunarstéttin mundi nota frelsi sitt til óhæfilegrar álagningar. Hæstv. ríkisstj. vildi ekki á þetta fallast og hélt því fram, að hin frjálsa samkeppni mundi sjá fyrir því, að álagningin yrði ekki óhófleg, þar eð sá, sem óhóflega legði á vöruna, mundi ekki geta selt hana. Reynslan hefur nú ótvírætt skorið úr því, hvernig þessar fullyrðingar hæstv. ríkisstj. hafa staðizt. Verulegur hluti verzlunarstéttarinnar hefur notað frelsi sitt og aðstöðu til óhóflegri og ósvífnari álagningar en dæmi eru til um áður. Af áhrifum hinnar frjálsu samkeppni fara engar sögur. Þeirra hefur enginn orðið var og sízt af öllu hæstv. ríkisstj. sjálf. Um þetta eru til ótal tölur. Hafa þær verið birtar hvað eftir annað, og sé ég ekki ástæðu til að fara að rifja þær upp hér.

Fram á það hefur verið farið af Alþfl. hvað eftir annað, að ríkisstj. birti nöfn þeirra aðila, sem gerzt hefðu sekir um óhæfilega álagningu. Var þessi krafa borin fram í þeirri von, að birtingin megnaði að knýja verzlunarstéttina til að stilla álagningu sinni meira í hóf en reynslan hafði sýnt að gert var. Þessari kröfu var algerlega hafnað af hæstv. ríkisstj. þar til í maímánuði s. l., að hæstv. viðskmrh. neyddist til að gefa út brbl., sem heimiluðu honum að birta nöfn þeirra, sem gerzt höfðu sekir um óhóflega álagningu. Í setningu þessara l. fólst að sjálfsögðu viðurkenning af hálfu hæstv. ríkisstj. á því, að fullyrðing hennar um það, að hin frjálsa samkeppni mundi sjá fyrir álagningunni, hefði ekki reynzt haldgóð. Ástæða var til að ætla, að hæstv. viðskmrh. mundi nota birtingarheimildina þegar í stað og ekki hvað sízt vegna þess, að ekkert lát varð á hinni óhóflegu verzlunarálagningu, þótt lögin væru sett, á meðan nöfn voru ekki birt. En hæstv. viðskmrh. birti engin nöfn. Hann setti ekki einu sinni reglugerð þá, sem lögin heimiluðu honum að setja, og verzlunarokrið hélt áfram. Nú biður hæstv. ráðh. um staðfestingu laganna frá í maí án þess að hafa nokkru sinni notað þá heimild, sem þau gáfu honum, þrátt fyrir mikla þörf á framkvæmd þeirra. En til hvers er að samþ. slík lög? Mér virðist, að þó svo að þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, þá sé alls ekki hægt að treysta því, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskmrh. geri skyldu sína og birti nöfn þeirra aðila, sem reynast sekir um óhæfilega álagningu. Ég tel alveg óhjákvæmilegt, að tekið sé upp í frv. ákvæði, sem beinlínis skyldar ríkisstj. til birtingar nafna. Heimildin ein er gagnslaus, svo sem nú er á verzlunarmálunum haldið.

Það er að sjálfsögðu ekki vandalaust að ákveða, hvenær skylt skuli að birta nöfn. Ég hef lagt til, að skylt sé að birta nöfn, ef álagning fer 50% fram úr því, sem tiðkaðist þegar fjárhagsráð og viðskiptanefnd ákváðu hámarksálagninguna. Ég vil taka það skýrt fram, að ég hef ekki nefnt þetta mark vegna þess, að ég álíti þetta hóflega hækkun á álagningunni, öðru nær. Ég hef gengið svona langt í þeirri von, að það mætti verða til þess, að meiri hluti þessarar hv. d. og hæstv. viðskmrh. gæti fallizt á svo sanngjarna till. sem hér liggur fyrir. En hins vegar virðist mér alveg ljóst, að 50% hækkun á álagningu frá þeim reglum, sem giltu þegar fjárhagsráð og viðskiptanefnd fóru með þessi mál, sé allt of mikil og óhæfileg hækkun. Vel má vera, að á sumum sviðum hafi álagningu verið um of í hóf stillt, á meðan þessi mál voru í höndum fjárhagsráðs og viðskiptanefndar. En síðan hafa vörur hækkað mjög í verði, og hækkar það að sjálfsögðu ágóða seljandans, auk þess sem umsetning hefur stórum aukizt síðan verðlagseftirlitið var fellt niður, og eykur það auðvitað stórlega tekjur verzlunarinnar. Þær reglur, sem ef til vill voru nokkuð þröngar á sínum tíma, eru því orðnar miklu sanngjarnari nú, er umsetning hefur aukizt og grunnverð hækkað. Ég vil því skýrt undirstrika það, að í þessari 50% hækkun, sem ég nefni hér í till., felst engin viðurkenning af minni hálfu fyrir því, að þetta sé hófleg hækkun á álagningunni. Ég miða eingöngu við þessa tölu til þess að sýna fyllstu sanngirni í þeirri von, að hæstv. viðskmrh. og hv. þd. geti gengið inn á jafnsjálfsagðan hlut eins og þetta.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég tel nú ekki mikla ástæðu fyrir mig að fara að elta ólar við þann áróður, sem Alþfl. hefur um langt skeið haldið uppi og hv. 6. landsk. endurtók hér í d. Þetta er eitt af þeim pólitísku flotholtum, sem flokkurinn hefur náð í og reynir að halda sér fljótandi á. En því miður kennir bæði rangfærslna og missagna í þessum málaflutningi, sem túlkar málið á þann hátt, sem verst kemur þeim, sem um málið hafa fjallað, en bezt þeim, sem ætla að nota sér það að árásarefni. Þetta kann að vera eðlilegur breyskleiki. Mönnum hættir við að nota sér málin þannig til framdráttar. Og að minnsta kosti hjá Alþfl. og hjá málgagni hans hefur ekki verið sparað að bera fram neitt af því, sem kann að vera gott til árásarefnis, þó að það í sjálfu sér sé mjög fjarri sannleikanum.

Það, sem hv. þm. sagði um verðlagið, er hvergi nærri rétt. Það er rétt og hefur verið viðurkennt, bæði af mér og öðrum, að það hafa komið fyrir tilfelli og koma enn, er of mikið er lagt á vöruna. Hins vegar er ekki nokkur vafi á því, og getur hver maður gengið úr skugga um það, sem vill, að þetta er ekki almennt. Þeir, sem athuga síðustu verðlagsathuganir, er gerðar hafa verið á mörgum stöðum úti um land, munu sjá, að álagningin á þeim vörum, sem þar eru tilteknar, — sem eru mjög margar vörutegundir, — er mjög hófleg. Og á sumum stöðum, t. d. eins og á Akureyri, er álagningin um og undir því, sem var heimilað með þeim lágu ákvæðum, er giltu hér áður. Og af öllum þeim fjölda dæma, sem tekin hafa verið af handahófi, þá eru ekki í þeirri skýrslu nema tvö tilfelli, sem sýna óhóflega álagningu. Þetta eru síðustu skýrslurnar. Svo eru aðrar skýrslur, sem voru teknar frá febrúar og fram í maí eða byrjun júní. Má segja, að meðalálagning samkv. þeim á matvöru sé svo að segja nákvæmlega sama og heimiluð var undir ákvæðunum, sem þá þóttu svo lág, að kaupmenn og kaupfélög þóttust ekki geta verzlað með vöruna með þeirri álagningu, sem þá var heimiluð. Þetta sýnir, að hér eru áhrif samkeppninnar að koma í ljós, en því miður, eins og ég sagði áðan, verð ég að viðurkenna, að nokkur dæmi koma enn fram um of háa og sums staðar óhóflega álagningu. En þó að æskilegt sé, að slíkt komi ekki fyrir, þá eru þessi fáu dæmi á engan hátt afgerandi um verðlagið í landinu.

Hv. þm. sagði, að það hefði ekki komið fram reglugerð í sambandi við brbl. I. 1. stendur: „Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar.“ Þar er ekki sagt, að sett skuli reglugerð. Þetta má skiljast þannig, að ráðh. geti gefið viðkomandi embættismanni fyrirmæli um það, hvernig framkvæmdin á að vera.

Mér er það ljóst, að það er erfitt að framkvæma þetta, án þess að það komi fram sem nokkurs konar hámarksákvæði, því að ef því er slegið föstu í eitt skipti fyrir öll, að nöfn skuli ekki birt, ef álagningin fer ekki fram úr einhverju vissu marki, þá þýðir það, að innflytjendur og kaupmenn mundu telja sér heimilt að leggja á vöruna að því marki. Þess vegna tel ég, að till. hv. 6. landsk. þm. sé raunverulega hámarksákvæði. Hún felur í raun og veru það í sér, að kaupmönnum og innflytjendum er heimilt að leggja á vöruna 50% meira en gert var, þegar ákvæðin voru í gildi, án þess að þeirra nöfn verði birt, án þess að þeir þurfi að taka út þá hegningu, sem birtingin felur í sér. Þetta álít ég vera afar óheppilegt og ekki annað en að taka upp hámarksákvæðin aftur í nýrri mynd. Hitt er svo annað mál, hvernig rétt er að framkvæma ákvæðin, þannig að mönnum sé ekki óbeinlínis heimilað að nota vissa álagningu. Það hefur verið til athugunar, og mun verða reynt að komast að niðurstöðu um það næstu daga. En nú er verið að undirbúa birtingu nafna þeirra, sem telja má að lagt hafi óhóflega á vöru, og geri ég ráð fyrir, að sú birting geti farið fram í næstu viku. En ég vil benda á, að talað er í l. um óhóflega álagningu, svo þó að birt séu nöfn þeirra manna, sem leggja óhóflega á ýmsar vörur, þá er ekki þar með sagt, að það sé samþ., að þeir sem minna leggja á, en kunna þrátt fyrir það að leggja hátt á vöruna, eigi að sleppa framvegis. Það er ekki þar með sagt, að því sé slegið föstu, að þeirra nöfn verði ekki birt síðar. Verzlunarmenn hafa spurt, hvað þeir megi leggja mikið á, til þess að nöfn þeirra verði ekki birt. Þeim hefur verið svarað, að þeir megi leggja á það, sem sé yfirleitt sanngjarnt talið í verzlun, í heildsölu og smásölu. Menn vita það yfirleitt, þeir sem við verzlun fást, hvaða álagning er sanngjörn á ýmsum vörum í heildsölu og smásölu. Álagningin er

ekki sú sama á öllum vörum. Hún er mismunandi eftir tegundum.

Ég vil að lokum segja, að meðan framkvæmdin heyrir undir mig, þá mun ég ekki láta birta nöfn þeirra manna, sem ég tel að leggi hóflega á vörurnar og fara ekki fram úr því, sem almennt er talið rétt og heiðarlegt í þessum efnum.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd allshn. beina því til hv. 6. landsk., flm. brtt., að hann taki hana aftur til 3. umr., þannig að n. gefist tóm til þess að athuga hana.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu fallizt á þau tilmæli frsm. allshn. að taka þessa till. aftur til 3. umr., og geri ég það hér með. Ég vil þó, áður en þessum umr. lýkur hér nú, víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði áðan. Hann vildi skilja mína till. þannig, að í henni fælist ábending til verzlunarstéttarinnar um, að ekkert væri við það að athuga, þótt álagning væri hækkuð um allt að 50% frá því, sem var í tíð fjárhagsráðs og viðskiptanefndar. Þetta er mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh., enda tók ég það mjög greinilega fram í framsöguræðu minni áðan, að það væri ekkert slíkt, sem fyrir mér vekti. Ég teldi, að hér væri um of mikla álagningu að ræða, þó að farið væri að því marki, sem ég miðaði mína till. við, en ég gengi hins vegar svona langt eingöngu í því skyni að reyna að fá samkomulag um eitthvert mark, sem ekki gæti talizt alger fjarstæða. Og það er eingöngu það, sem fyrir mér vakir, þegar ég tala um 50% hækkun frá því, sem áður var.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann ætlaði ekki að fara að elta ólar við áróður Alþfl. í þessu máli, þetta væri flotholt flokksins og annað slíkt. Þetta er alger misskilningur hjá þessum hæstv. ráðherra. Alþfl. þarf ekkert flotholt og það þarf engum áróðri að beita til þess, að allt hugsandi fólk fordæmi ástandið í verzlunarmálunum og meðferð hæstv. ráðh. á þeim. Skýrslur þær, sem hæstv. ráðh. hefur látið frá sér fara um verzlunarálagninguna, eru meira en fullnægjandi til þess að sannfæra menn um, hversu gersamlega hæstv. ríkisstj. hefur brugðizt öllum almenningi til hagsbóta fyrir fámennan hóp okrara. Verkin tala hér sínu máli hjálparlaust, enda var hæstv. viðskmrh. mjög tregur til að birta skýrslur verðgæzlunnar.

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að yfirleitt væri álagning mjög hófleg, í mörgum tilfellum ekki meiri en áður var og sums staðar jafnvel minni. Þó taldi hann, að um einstakar, fáar undantekningar væri að ræða. Þessi ummæli hæstv. ráðh. sýna betur en nokkuð annað, að það er ekki hægt að afgr. l. eins og þessi, án þess að ráðh. fái ákveðin fyrirmæli um, hvenær honum er skylt að birta nöfn. Viðskmrh., sem t. d. kallar það hóflega álagningu, þegar 85 vörusendingar af bátagjaldeyrisvörum, sem kosta í innkaupum 1710000 kr., eru seldar með álagningu, sem nemur 1726000 kr., þarf áreiðanlega að fá eitthvert aðhald um það, hvenær ástæða er fyrir hann að grípa í taumana og hvenær ekki. Og einmitt þessi fullyrðing hæstv. ráðh. og þessi afstaða hans til þess, hvað sé hóflegt og hvað sé óhóflegt, sýnir betur en nokkuð annað, að það er með öllu óforsvaranlegt að afgr. þessi l. án þess, að hæstv. viðskmrh. fái fast aðhald um það, hvenær hann er skyldugur til að birta nöfn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en skal endurtaka það, að ég verð við tilmælum hv. frsm. allshn. um að taka till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 154 tekin aftur til 3. umr.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. og 21. fundi í Ed., 3. og 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 42, 154, 165, 216, 217).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. deildarinnar hefur milli umræðna haft til athugunar brtt. þær, sem fram höfðu komið í málinu, en það voru brtt. á þskj. 154, sem var nokkuð rædd hér við 2. umr., en var tekin aftur til 3., og svo brtt. á þskj. 165 frá hv. þm. Barð., sem kom fram eftir að 2. umr. hafði farið fram hér í d. og hefur því ekki verið rædd hér í hv. d. Hins vegar ræddi n. þessar till. báðar á fundum sínum. Það gat ekki orðið samkomulag um þessar till., hvoruga þeirra, þannig að það fengist meiri hluti í nefndinni fyrir þeim.

Ef ég tek fyrst till. hv. 6. landsk., sem kom fyrr fram, þá var það sjónarmið meiri hl. n., að hættulegt væri að ákveða álagningarprósentuna svo sem þar er ætlazt til, vegna þess að þá mundu allir þeir, sem þar eiga hlut að máli, líta svo á, að þeim væri heimilt að hafa álagningu sína allt að því marki, sem þarna er sett, en það var álit allra nm., að það mark væri allt of hátt til þess að gera það að almennu marki, enda áreiðanlega alls ekki hugsað svo af tillögumanni. Af þessum sökum gat meiri hl. n. ekki fallizt á brtt. á þskj. 154.

Þá var einnig rædd till. á þskj. 165, og ég vil geta þess, að þessar till. báðar voru jafnframt ræddar við hæstv. viðskmrh., sem kom á fund nefndarinnar. Og þar sem þessi till. hafði ekki verið til umr. í deildinni, þá var þar um nýtt atriði að ræða, en við umr. í n. komu fram þau sjónarmið, að bæði yrði það mjög viðurhlutamikið og allt of erfitt í framkvæmd til þess, að hægt mundi að koma því fyrir, þannig að framkvæmanlegt væri, að ætla að birta nöfn þeirra, sem vitað sé að hafi lægsta álagningu, eins og segir í till. hv. þm. Barð. á þskj. 165. Enn fremur fannst mönnum ekki útilokað, að ef þessi till. yrði samþ. eins og hún kemur fyrir, þá gæti hugsazt, að jafnvel þeir, sem að öðru leyti mættu kallast verstu okrararnir, gætu fengið sér ódýra auglýsingu með því að lækka álagningu sína kannske á einni vörutegund niður í svo til ekki neitt, og þá taldi meiri hl. n., að hreint ekki mundi verða náð þeim tilgangi, sem ætlað er að

stefna að með þessari till. Hún fékk því ekki nægilegan hljómgrunn í n., auk þess sem — ég bæti því við — ráðh. taldi hana algerlega óframkvæmanlega. Ég vil geta þess, að í staðinn fyrir, eins og ætlazt er til í þessari till., að tala um lægstu álagningu í einhverju einstöku tilfelli, þá kom fram hugmynd um það að breyta þessu í það form, að það yrði miðað við þá, sem vitað væri að yfirleitt hefðu lægsta álagningu, hefðu mjög lága álagningu, nefnilega að menn gætu ekki fengið sér auglýsingu bara á einni vörutegund. En það þótti nú líka erfitt í framkvæmd og fékk ekki hljómgrunn, þannig að sú till. var ekki borin fram.

Við umr. í nefndinni kom það fram, — það sýnir sig líka, ef maður ber saman þessar till., sem voru til umr., — að það eru í þeim báðum tvö atriði: Annars vegar er talað um skyldu til þess að birta nöfn þeirra, sem uppvísir verði að óhóflegri álagningu, og hins vegar svo þau atriði, sem ég hef minnzt á, þ. e. a. s. í till. hv. 6. landsk. talað um, að ekki megi fara yfir 50% hámark, og í till. hv. þm. Barð. talað um þá, sem lægsta hafa álagningu. Við hv. 1. þm. N-M. leyfðum okkur þá, vegna þess að við litum svo á, að þetta væri eiginlega alveg rétt hugmynd, það sem það náði, einmitt að hér skyldi vera um skyldu að ræða, að bera fram brtt., sem fylgir hér á þskj. 216, og ég vildi mega skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki líta á sem leiðréttingu litla orðalagsbreyt., sem mig langar til að gera, að það stæði „skylt er verðgæzlustjóra". Það er heldur stirt mál að segja „skylt skal". Höfum við lagt til, að 2. gr. orðist þannig, eins og segir á þskj. 216, að í staðinn fyrir heimild komi skylda. Teljum við okkur með þessu hafa að hluta gengið til móts við þær till., sem hér eru, og teljum þetta auk þess til bóta og hefðum gjarnan strax viljað hafa þetta svona, en þetta var nú þannig, að það varð samkomulag um það á sínum tíma að mæla með frv. óbreyttu, og förum við þá ekki að gera ágreining. En þar sem hafa komið fram brtt., þá töldum við rétt að láta okkar brtt. koma fram. Hv. þm. Seyðf., sem er ritari allshn., taldi þó rétt að halda sig að frv. eins og það er og eins og n. hafði á sínum tíma samþ. það, þ. e. a. s., að það er hans afstaða til málsins. Að öðru leyti mun þetta koma fram í umr., en eins og sýnir sig, þá hefur ekki orðið greinileg samstaða um neina till. í þessu sambandi.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Í tilefni brtt. þeirrar, er ég bar fram við frv. þetta við 2. umr., hefur allshn. tekið málið til athugunar á ný, eins og hv. frsm. n. tók réttilega fram. Hins vegar vil ég, til að forðast allan misskilning, vekja athygli á því, að þegar n. hafði þetta mál til meðferðar á milli 1. og 2. umr. og gaf út nál. sitt, þá áskildi ég mér í nál. rétt til að bera fram brtt. við frv. Er það því ekki alls kostar nákvæmt, sem fram kom í ræðu hv. frsm. n., að samþ. hefði verið að mæla með frv. óbreyttu af nefndarmönnum öllum.

Við athugun í allshn. nú hefur n. ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins, og eru uppi ýmsar tillögur um, hvernig með skuli fara. Eitt eru þó a. m. k. fjórir, ef ekki allir nm. á einu máli um, að ekki sé hægt að afgreiða frv. án þess, að hæstv. viðskmrh. fái eitthvert aðhald um birtingu nafna þeirra aðila, er gerzt hafa sekir um óhóflega álagningu. Felst í þeirri afstöðu n. að sjálfsögðu yfirlýsing um, að hæstv. viðskmrh. hafi haldið svo slælega á þessum málum, að honum sé ekki treystandi til að fara með þau, nema því aðeins að Alþ. veiti honum meira aðhald en felst í brbl. hæstv. ríkisstjórnar. Er það vel, að slíkur skilningur kemur nú fram hér á Alþ., þó að það hefði verið miklu æskilegra, að hæstv. ríkisstj. hefði sjálf gert sér þetta ljóst, er brbl. voru sett, og ekki hefði til þess þurft að koma, að hæstv. Alþ. hefði þurft að benda ríkisstj. á þetta.

Okkur allsherjarnefndarmenn greinir nokkuð á um, hversu skipað skuli aðhaldi því, er hæstv. viðskmrh. skuli veitt um birtingu nafna verzlunarokraranna. Tveir nm. leggja til, að ráðh. skuli skylt að birta nöfn þeirra, sem sekir gerast um óhóflega álagningu, án þess að nánar sé tilgreint, við hvað sé átt með ákvæðinu um óhóflega álagningu. Hið sama felst í till. hv. þm. Barð. Ég fyrir mitt leyti hef ekki getað fallizt á svo óákveðið orðalag á lögunum, enda þótt ég telji þessa breyt. á frv. til bóta, þar eð í henni felst nokkurt aðhald. Almenningur hefur hins vegar þegar öðlazt sára reynslu af því, hvað hæstv. viðskmrh. telur hóflegt, þegar rætt er um álagningu. Þessi reynsla hefur orðið þjóðinni dýr, og tel ég enga von til, að sá hæstv. ráðh., sem á að framkvæma þessi lög, muni frekar hér eftir en hingað til gera sér viðunandi grein fyrir því, hvað er hóflegt og hvað er óhóflegt í álagningu. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt, að hæstv. ráðh. fái fastara aðhald um birtingu nafna en honum er veitt með till. meðnm. minna og till. hv. þm. Barð. Slíkt aðhald sé ég ekki að hægt sé að gefa ráðh. með öðru móti en því að taka nokkuð greinilega fram um það í l. sjálfum, hvað sé óhóflegt. Ég skal þó fúslega játa, að það hefði verið nokkur bót í máli, ef með till. þeirri, sem tveir meðnm. mínir bera hér fram, hefðu fylgt nokkur ummæli um, hvað þeir telja hóflegt og hvað þeir telja óhóflegt í álagningu. Ef frá þeim hefði fylgt eitthvert álit um þetta, þá hefði það **þó verið nokkur vísbending** til hæstv. ráðh., sem ég tel hann mjög þurfandi fyrir. En því fer mjög fjarri, að nokkuð slíkt komi fram, og vil ég því leyfa mér að spyrja hv. meðnm. mína, þá er þessa till. flytja, hvaða hugmyndir þeir geri sér um það, hvað sé hóflegt og hvað sé óhóflegt í sambandi við álagningu. Tel ég það alveg nauðsynlegt, að þeir viti a. m. k. sjálfir og skýri frá því, áður en till. þeirra verður afgreidd, hvaða hugmyndir þeir hafa í þessum efnum.

Svo sem fram kom við 2. umr. málsins, þá hef ég lagt til, að ráðh. sé skylt að birta nöfn þeirra, sem hækka álagningu um yfir 50% frá því, sem hún var á dögum fjárhagsráðs og viðskiptanefndar. Þessa till. tel ég nauðsynlegt að samþ., vegna þess að ég er sannfærður um, að hæstv. ráðh. telur álagningu hóflega, þó að langt fari fram úr þessu, og hann muni ekki birta nöfn, þó að álagning fari langt fram úr þessu, nema því aðeins að honum sé beinlínis fyrirskipað slíkt með l. Reynslan talar hér svo skýru máli, að ekki

verður um deilt, og er ég þess fullviss, að framtíðin muni staðfesta þetta, verði till. mín ekki samþykkt.

Því hefur verið haldið fram, að mark það, sem ég set í mína till., muni verða skoðað sem vísbending um, að öllum sé heimilt að hækka álagningu sína um 50%, án þess að nokkuð sé við það að athuga. Þetta er alger rangtúlkun á till. Ég hef margtekið fram, að markið er eingöngu sett til þess að reyna að fá samkomulag um einhver takmörk, sem ekki geta talizt bein fjarstæða, án þess að í því felist yfirlýsing um, að 50% hækkun á álagningu frá því, sem áður var, sé hófleg. Till. tekur berum orðum fram, að álag geti verið óhóflegt, þó að það hafi verið hækkað um minna en 50% frá því, sem áður var, og er ráðh. þá heimilt að birta nöfn. Skylda ráðh. verður fyrst til, þegar komið er yfir 50%. Ber því till. svo greinilega með sér sem frekast má verða, að í 50% markinu felst síður en svo viðurkenning þess, að hækkun á álagningu upp að 50% sé hófleg og ekki ámælisverð. Og því vil ég sérstaklega skjóta til þeirra hv. þdm. tveggja, sem bera fram till. á þskj. 216, að mín till. hefur þá yfirburði yfir þeirra till., að í henni felst vísbending um það, hvað ég tel svo óhóflegt, að ekki verði komizt hjá því að birta nöfn þeirra, sem gerast sekir um of háa álagningu.

Það hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. og fleirum, að allir muni hækka álagningu sína um 50% frá því, sem áður var, ef till. mín verður samþykkt. Þeim, sem þessu halda fram, vil ég benda á, að hæstv. ráðh. hefur í hendi sér að ráða við þetta, ef hann vill, með því að nota heimildarákvæðið í till. minni, ef samþykkt verður. Og hæstv. ráðh. vil ég alveg sérstaklega spyrja, hví hans mikla trú um, að hin frjálsa samkeppni haldi álagningunni í skefjum og geri allt verðlagseftirlit óþarft, rýkur allt í einu gersamlega út í veður og vind, þegar talað er um að binda birtingarskyldu hans við ákveðið mark. Hin margumtalaða frjálsa samkeppni átti þó einu sinni að vera þess megnug að halda allri álagningu í skefjum, og þurfti ekkert verðlagseftirlit að koma til. En nú, þegar rætt er um að binda birtingarskylduna við ákveðið mark, þá er hin frjálsa samkeppni og hennar áhrif gersamlega horfið og það svo, að hún á ekkert að verka á þetta bil, frá þeirri álagningu, sem ríkti áður, og upp að 50% markinu, sem ég vil halda mér við í minni till. sem skyldu til birtingar.

Ég skal taka það fram, að við 2. umr. málsins bar ég mína till. fram sem sjálfstæða till. Nú, þegar tveir meðnm. mínir hafa komið með till., sem ég tel að sé til nokkurra bóta, en þó takmarkaðra, þá hef ég borið mína till. fram á ný sem brtt. við þeirra till., vegna þess að ég legg á það áherzlu að fá mína till. borna upp á undan þeirra, til þess að ég geti verið með þeirra till. að minni till. felldri, þar eð ég tel nokkra bót í þeirra till.

Um till. hv. þm. Barð. sé ég ekki ástæðu til að ræða sérstaklega. Að svo miklu leyti sem ummæli mín um till. minna tveggja meðnm. eiga ekki við um hans till., þá get ég alveg tekið undir það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði um till. hv. þm. Barð.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég var ekki í deildinni, þegar hv. 6. landsk. hóf ræðu sína, en þegar ég kom inn, heyrði ég, að hann sagði, að n. væri sammála um að breyta ákvæði brbl. úr heimild í skyldu, vegna þess að n. öll væri þeirrar skoðunar, að ég sem ráðh. hefði haldið svo slælega á þessum málum, að n. teldi fulla ástæðu til þess að gefa mér þetta aðhald.

Nú vildi ég gjarnan vita, áður en ég tek frekari þátt í þessum umræðum, hvort hv. 6. landsk. hefur hér talað fyrir munn allrar n. eða hvort hann hefur tekið sér það bessaleyfi að segja þetta án umboðs nefndarinnar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér till. á þskj. 165, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo: Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og skal þá jafnframt birta til samanburðar nöfn þeirra, sem vitað er að lægsta hafa álagningu á sams konar vöru eða þjónustu á sama tíma. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.“

Sú breyt., sem kemur fram á löggjöfinni, ef þessi till. er samþ., er sú fyrst og fremst, að það skal skylt að birta nöfn þeirra manna, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu, í staðinn fyrir að í frv. nú er þetta heimilt. Er þetta sama brtt. eins og kemur fram hjá bæði hv. 6. landsk. og hjá hv. 8. þm. Reykv. og hv. 1. þm. N-M. Þessir aðilar virðast allir vera sammála um það, að það sé eðlilegra að fyrirskipa þetta en gefa það í heimildarformi.

Ég vil nú taka það fram út af orðum hv. 6. landsk., að þetta er ekki af neinu vantrausti á hæstv. viðskmrh., hvorki um það, sem hann hefur gert í þessu máli, né það, sem hann kann að gera framvegis í málinu. Mér finnst hins vegar, að það sé eðlilegt, að hann viti um vilja hæstv. Alþ. í þessu máli. Og ef það er vilji hæstv. Alþ., að þetta skuli gert, þá þarf ekki að felast í því frá mínu sjónarmiði neitt vantraust á ráðh., heldur aðeins ákvæði Alþ. um það, að svona skuli það vera og engan veginn öðruvísi. Þá er m. ö. o. tekin af hæstv. ráðh. sú kvöð, að hann skuli sjálfur velja um þetta eða nota þetta eins og honum sýnist. Er miklu heppilegra frá mínu sjónarmiði fyrir ráðh., að þetta sé fyrirskipað, heldur en að hann hafi þessa heimild. Þess vegna hygg ég, að hann mundi ekki hafa neitt á móti því, að því orði út af fyrir sig yrði breytt. Og ég vil endurtaka það, að það felst ekki í þessu frá minni hálfu neitt vantraust á hæstv. ráðh. í sambandi við þetta eða nein árás á hans gerðir í þessu máli.

Hin breyt. er innifalin í því, að hér skuli hafa sama rétt þeir menn, sem eru sterkustu aðilarnir til þess að þvinga verðlagið niður. Þess vegna undrar það mig alveg sérstaklega frá hv. 6. landsk., sem hefur með mjög miklum bægslagangi hér rætt um þessi mál, sem hann er nú annars ekki vanur að gera, jafnprúður sem hann er í sínum málflutningi, að hann skuli nú ekki vilja fylgja þessari sjálfsögðu brtt., því að það er þó vitað, að ef farið er að birta nöfn ýmissa

manna, sem mest leggja á, og samhliða eru birt til samanburðar og til viðvörunar fyrir fólkið nöfn fjölda annarra manna, sem halda verðlaginu niðri, þá fá þessir menn samúð, en hinir andúð. Þá kemur hér verðlagseftirlit frá fólkinu sjálfu, samkeppni um að halda verðlaginu niðri í landinu, en hylja ekki kostina, en opinbera ókostina. Ég á því ákaflega erfitt með að skilja, hvers vegna þessir hv. þm. vilja ekki fallast á mína till. Hv. 8. þm. Reykv., frsm. meiri hl., skýrði að vísu að nokkru þessa ástæðu, sagði, að það væri af því, að það væri ekki útilokað, að mestu okrararnir gætu fengið ódýra auglýsingu með því að lækka eina vörutegund. Mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hv. frsm. leyfir sér að túlka þetta mál þannig, því að ef till. er lesin, þá er það alveg skýrt, að hér er átt við sams konar vöru eða þjónustu á sama tíma, þ. e. þá vöru og þá þjónustu, sem frjálst verðlag er á, en ekki eina ákveðna tegund. Og það mundi að sjálfsögðu enginn hæstv. ráðh., enginn verðgæzlustjóri, jafnvel ekki þótt hann væri úr Alþfl., leyfa sér að reka þannig embættið, að hann færi að auglýsa lágt verð á einni vörutegund hjá einu verzlunarfyrirtæki eða hjá einum aðila án þess að grennslast eftir því, hvernig hans almenna verðlag væri á þeirri vöru, sem hann er að selja. Það er frámunalegur skilningur, sem hv. frsm. hefur lagt í till., og ég vil nú vænta þess, þegar hann fær þessa skýringu á því og aðrir hv. nm. fá þá skýringu á því, að þessi útlistun þeirra er algerlega röng, þá falli þeir frá villu síns vegar og samþ. till.

Hv. frsm. sagði einnig, að það yrði mjög viðurhlutamikið og erfitt verk að framkvæma till. Ég veit ekki, hvað hv. frsm. á við. Ég skal benda hv. frsm. og hv. n. á það, að nú er tekið á ákveðnum tíma, — ég hygg, að það sé einu sinni í mánuði, ég held af hagstofunni, ef ekki af hagstofunni, þá a. m. k. af einhverjum öðrum þar til kvöddum aðilum, — verðlag á öllum vörum í Reykjavík, sem eiga að ganga inn í vísitöluna. Þetta mætti þá nota í sambandi við það að upplýsa, hverjir selji ódýrast og hverjir selji dýrast. Nú veit ég að sjálfsögðu ekki um, hvað mikið af þessari vöru gengur inn í verðlagsvísitölu, — það er mér ekki kunnugt, — en jafnvel þótt ekkert af þessari vöru gangi inn í verðlagsvísitöluna, þá er það sannarlega ekkert aukið verk fyrir þessa sömu aðila að grennslast eftir á sama tíma um verðlag á þeim vörum og þeirri þjónustu, sem hér um ræðir. Það er síður en svo, að það sé nokkurt voðalegt verk. Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að hér er heil stofnun, sem hefur það að atvinnu að ganga í allar matvörubúðir til þess að líta eftir matvælum. Ég sé ekki, að það væri neinn ókostur eða það sé neinum erfiðleikum bundið, þótt þessir menn á sama tíma grennslist eftir því, hvaða verð sé á vörum hér í landinu. Í þriðja lagi er vel hægt að taka upp eina aðferð enn, sem í rauninni er alveg óskiljanlegt að skuli ekki hafa fyrir löngu verið tekin upp hér í sambandi við verðlag, það er að skylda allar búðir yfirleitt til að hafa verðmiða á vörum sínum í gluggunum. Í öllum þeim löndum og borgum, sem ég hef farið um á ævinni, hef ég alls staðar séð, að svo að segja hver vara, sem sett er út til auglýsingar í búðum, er merkt með verðlagi, svo að maður þarf ekki annað en ganga frá búð til búðar í sömu götu til þess að sjá, hvort sams konar vara er með sambærilegu verðlagi. Þá mun koma fljótt í ljós, að það er mjög auðvelt að framkvæma þetta ákvæði brtt. minnar.

Því verður ekki með nokkru móti mótmælt, að mín till. sé einmitt langstærsta skrefið til þess að fá menn til að lækka vöruna, ef hún yrði samþ. Það þurfa alltaf að vera einhverjir aðilar, sem hvekkjast á því að vera teknir þeim tökum, sem hér er ætlazt til með till. hv. n., þ. e., að þeirra nöfn séu birt, því að þeir munu eins og hverjir aðrir sökudólgar reyna aðra leið til þess að framkvæma áfram sitt verð án þess að verða uppvísir að því, alveg eins og skattsvikarar eða aðrir lögbrotsmenn. En áreiðanlega mun hinn flokkur mannanna, sem á von á því, að hans verk sé viðurkennt ekki einasta af yfirvöldunum, heldur og af öllum almenningi, ekki reyna undir neinum kringumstæðum að falsa þessar álagningartölur, nema síður sé. Hann mun hafa lifandi sterkan áhuga á því, að það verði útbreitt meðal almennings, hve lítið hann leggur á. Og mig undrar það sannarlega mjög, ef bæði hæstv. ráðh. og meiri hl. þessarar hv. d. fellir þessa till., svo sjálfsögð, réttlát og saklaus sem hún er. Og þá hlýtur það að vera af þeim mikla misskilningi, sem hefur komizt inn hjá þessum aðilum og ég er nú að reyna að gera tilraun til þess að leiðrétta. — Ég læt þetta nægja til að mæla fyrir minni tillögu.

Ég vil aðeins segja hér nokkur orð út af því, sem var rætt hér áður um hinar aðrar till. Hv. 6. landsk. hefur sett álagningartakmark í sína till., eins og hann skýrði frá áðan, og mætti fara upp að því takmarki, áður en nöfn manna yrðu birt. Ég er alveg sammála hv. frsm. um, að þetta væri mjög óheppilegt, því að það er enginn vafi á því, að allur almenningur, sem við verzlun vinnur, mundi telja sér heimilt að fara upp að þessu marki. Og þá er raunverulega þetta mark sama sem löggilding á álagningunni, og það vil ég ekki vera með að staðfesta. Hann spurði hins vegar: Hvað er hófleg álagning? — Ég hygg, að verzlunarmannastéttin, sem hefur árum saman starfað að þeim málum að kaupa inn fyrir þjóðina, selja henni vörur, hafi skapað sér alveg ákveðnar reglur um álagningu og þessar reglur hafi myndazt við margra ára reynslu og margra ára samkeppni. Nú er það vitað, að í þessari verzlunarstétt eru tveir aðilar. Annars vegar eru einstaklingar, sem við skulum segja að þurfi eins mikið að gæta sinna eigin hagsmuna eins og þjóðarinnar almennt. Þó fara þar alltaf saman hagsmunir þeirra einstaklinga, sem hafa þetta að atvinnu, og hagsmunir þjóðarinnar, að því leyti sem þeir eru útilokaðir frá viðskiptunum, ef þeir verða mun hærri í verzlunarálagningu en aðrir menn, sem geta verzlað á sömu stöðum. Hins vegar er svo heill hópur manna og sívaxandi, sem gerir þetta að þjónustustarfi fyrir aðra, fyrir heilar félagsheildir í landinu, eins og Sambandið og kaupfélögin. Maður skyldi ætla, að þegar þessir aðilar báðir hafa komið sér saman um einhverja eðlilega álagningu á vöru og hvor-

ugur treystir sér til að fara niður fyrir hinn, þá sé mörkuð nokkuð föst regla um hóflega álagningu. Sé farið yfir þessa hóflegu álagningu, þá hlýtur það að vera af þeirri ástæðu, að það séu aðrir möguleikar en hin frjálsa verzlun, sem koma til greina, þ. e. a. s., það er vöruþurrð í landinu, eins og hefur átt sér stað mörg undanfarin ár þar til nú síðast, og það er einmitt gegn því, sem á að vinna með lagafyrirmælunum, sem hér eru til umr. Ég held því, að það séu engin vandræði að fá það upplýst, hvað sé hófleg og venjuleg álagning á vörur. Og ég verð að segja það, að manni eins og hæstv. ráðh., sem sjálfur hefur staðið árum saman ekki einasta í beinu sambandi við verzlunarstéttina, heldur er og eigandi í verzlunarfyrirtækjum, ætti að vera vel kunnugt um það, hvað ætti að vera hófleg álagning á vörur. Hitt er svo annað atriði, að það getur verið óhófleg álagning á vöru undir vissum kringumstæðum, sem er hófleg undir öðrum kringumstæðum, jafnvel þótt prósentuálagningin sé sú sama. Það er undir mörgu öðru komið en innkaupsverðinu, hvað þarf að leggja á. Það er stundum, að það verður að vera hærri álagning, ef um hærri vaxtabyrði er að ræða, sem er að sjálfsögðu ekki ávallt sú sama. Þess utan þarf hærri álagningu, ef um er að ræða lengri fjárfestingu, m. a. ef það þarf að greiða fyrir fram mjög mikið af háum tollum o. s. frv. Það þarf einnig hærri álagningu á vörutegundir, sem einhver áhætta liggur í um skemmdir. Það er því alveg útilokað fyrir Alþ. að gefa nokkrar fastar ákveðnar reglur í einni stuttri grein um það, hvað mætti vera hámark álagningarinnar, eins og hv. 6. landsk. þm. gerir.

Ég vildi svo að síðustu leyfa mér að spyrja hv. 6. landsk. sérstaklega, vegna þess að hann dró þá ályktun, að þessi afstaða þeirra manna, sem nú vilja fyrirskipa þetta, sé mælikvarði á það traust, sem hæstv. ráðh. hefur nú, hvort þetta megi þá skilja svo, að í þessu hámarki, sem hann vill láta lögbinda hér, 50% hækkun frá því, sem var áður, á meðan fjárhagsráð eða viðskiptaráð ákvað hámarksálagninguna, felist viðurkenning fyrir því, að álagning fjárhagsráðs og viðskiptaráðs á sínum tíma hafi verið þetta of lág, að það hefði þá á þeim tíma þurft að hækka hana um 50%. Öðruvísi verður ekki skilin sú till., sem hér kemur fram nú. En ef því er slegið föstu hér, þá verð ég að segja það, að það hefur ekki lítil blóðtaka verið tekin frá þeim stéttum, sem falið hefur verið þetta verkefni meðal þjóðarinnar, hvort sem það eru kaupfélög eða kaupmenn, að Alþ. hefur verið látið þvinga þá til að lúta fyrirmælum fjárhagsráðs og viðskiptaráðs um að leggja það miklu minna á vöruna en hefði verið sanngjarnt og eðlilegt til þess, að sá atvinnuvegur væri rekinn. En till. hv. 6. landsk. þm. nú verður ekki skilin undir neinum kringumstæðum á neinn annan veg en þann, að það hefði verið eðlilegt að hækka þá álagningu um 50% frá því, sem þá var.

Ég vil svo vænta þess, að mín till. á þskj. 165 verði samþ. Ég er alveg viss um, að það er langsamlega ódýrast fyrir ríkissjóð, langbezti árangurinn af því fyrir þjóðina, ef hægt er að fá með henni samúð þeirra, sem bezt gera í þessum málum, og samvinnu við þá til þess að þvinga verðlagið í landinu niður.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það liggja hér fyrir þrjár brtt. í þessu máli, og n. sú, sem hefur haft það til athugunar og ég á í sæti, hefur rætt um þessar till. allar. Um þær hefur þó ekki orðið samkomulag, og ég fyrir mitt leyti hef ekki getað fallizt á neina þeirra, þ. e. a. s., þótt ég telji ýmis atriði í till. til bóta, þá lít ég samt sem áður þannig á, að hver þessara till. sem samþ. yrði, þá mundi það ekki verða fullnægjandi til þess að ráða bót á því ófremdarástandi, — ég leyfi mér að segja það, — því ófremdarástandi, sem verið hefur og er í verðlagsmálunum hér eins og sakir standa.

En gallinn á þessum till. öllum er í fyrsta lagi sá frá mínu sjónarmiði, að það er lagt aðeins á vald ráðh. að meta það, hvað sé óhófleg álagning og hvað ekki. Og eftir þá reynslu, sem ég tel fengna af því, — og með því get ég þá einnig fyrir mitt leyti svarað hæstv. ráðh. þeirri fsp., sem hann beindi til hv. 6. landsk. áðan um það, hvort hann talaði í umboði n., þegar hann var að áfellast ráðh. fyrir hans framkvæmd á þessum málum, — vil ég svara fyrir mitt leyti því, að ég tel, að það mat, sem hæstv. ráðh. hefur á þetta lagt undanfarið, sé engan veginn viðhlítandi. Það hafa verið birt hér í blöðum ótal dæmi um það, sem ég tel mjög óhóflega álagningu og er það í augum almennings, að ég hygg, en hæstv. ráðh. hefur hins vegar við ýmis tækifæri hamrað á því, að það sé aðeins í örfáum undantekningartilfellum, sem álagningin hafi verið óhófleg. Samkvæmt því mati hans tel ég það með öllu ófullnægjandi, þó að samþ. væru þær till., sem hér liggja fyrir um það, að birt skuli nöfn þeirra manna, sem að dómi þessa hæstv. ráðh. leggja óhæfilega á vöru sína.

Í öðru lagi hef ég líka það að athuga við þessar till., að þær eru allar saman miðaðar einungis við það, hvort mikið eða lítið sé lagt á vöruna. En eins og gefur að skilja og hv. þm. vafalaust er ljóst, þá er álagningin ein út af fyrir sig engan veginn fullgildur mælikvarði á vöruverðið. Það er þó auðvitað fyrst og fremst vöruverðið sjálft, sem skiptir máli í þessu efni, það verð, sem fólk verður að borga fyrir vöruna. En hitt er meira aukaatriði, hvort meira eða minna hefur verið lagt á vöruna, ef fólkið aðeins fær hana með viðhlítandi verði. En það er hins vegar augljóst, að slík tilfelli getur hæglega borið að, að vara, sem hefur verið keypt inn með hagkvæmum kjörum, er seld út með tiltölulega hagkvæmum kjörum líka, jafnvel þó að allmikið hafi verið lagt á hana, og getur í ýmsum tilfellum verið ódýrari í útsölu þrátt fyrir álagninguna heldur en vara, sem hefur verið keypt inn miklu hærra verði og þess vegna ekki hægt að leggja nema lítið á hana og selja hana þó ef til vill dýrar en hina vöruna. Þannig er það augljóst, að álagningin ein út af fyrir sig er, eins og ég sagði, engan veginn fullgildur mælikvarði á verð vörunnar. Ég álít þess vegna, eins og ég hef þegar sagt, að þær till., sem hérna liggja fyrir og eru eingöngu miðaðar við það, að birt skuli nöfn þeirra manna, sem leggja óleyfilega á vöruna, séu ekki fullnægjandi

af þessum tvennum ástæðum, sem ég þegar hef nefnt.

Í fljótu bragði hafði ég mesta tilhneigingu til þess að fylgja till. hv. þm. Barð. á þskj. 165, vegna þess að í fljótu bragði virtist mér, að hún mundi geta orkað eitthvað í þá átt, sem hann var að tala hér um áðan, þ. e. a. s., að ef birt væru jafnframt til samanburðar nöfn þeirra manna, sem — eins og það er orðað hér — vitað væri um að lægsta hefðu álagningu á sams konar vörum, þá mundi það orka að einhverju leyti í þá átt, sem hann var að ræða um, að stofna til samkeppni meðal verzlananna um það að láta birta hjá sér sem lægst vöruverð, og þeirri hugsun væri ég algerlega sammála. En þá strandar maður aftur á þessu sama skeri, sem ég áðan var að tala um, að þetta er aðeins miðað við álagninguna og það gæti þess vegna vel komið fyrir, að þrátt fyrir lága og jafnvel lægstu álagningu hjá einni eða fleiri verzlunum væri vöruverð þeirra, útsöluverð vörunnar, jafnvel ekkert lægra, svo að ég held, að því miður nái hv. þm. ekki með þessari till. sinni þeirri hugsun og þeim tilgangi, sem hann virðist hafa viljað og var að túlka hérna áðan, og þess vegna hef ég líka komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi till. sé ekki heldur fullnægjandi og nái ekki þeim tilgangi, sem henni er ætlað og ég mundi vera mjög sammála, ef hægt væri að ná.

Ég álít þess vegna, að það sé yfirleitt ekki hægt að ná árangri í þessu efni, þ. e. a. s. þeim árangri að spyrna við of háu vöruverði með neinni af þessum till., sem hérna liggja fyrir, og ég vil þess vegna leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt., ekki við þessa 2. gr., sem allar brtt. eru stílaðar við, heldur við 1. gr. frv.

1. gr. frv. fjallar um það, að verðgæzlustjóri skuli fylgjast með verðlaginu í landinu, og er þar vísað til heimildar í þeim lögum, sem þessi lög eru viðauki við, þ. e. í 9. gr. laga nr. 35/1950, um það, að þeir, sem hlut eiga að máli, skuli skyldir til þess að gefa honum þær upplýsingar, sem hann telur sér nauðsynlegar til þess að geta fylgzt með vöruverðinu. Í þessum fyrirmælum eiga sem sagt að felast ákvæði um það, að verðgæzlustjórinn eigi að geta fylgzt með verðlaginu í landinu, og það á auðvitað að vera hans fyrsta og aðalverkefni. En við þessa grein vil ég svo bæta því, að á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hann þannig aflar sér í starfi sínu, þá skuli hann með vissu tímabili — í till. minni miða ég við á þriggja mánaða fresti — birta almenningi til leiðbeiningar þær upplýsingar, sem hann þannig fær í sínu starfi. Ég vil, með leyfi forseta, leggja fram svo hljóðandi skriflega brtt. við þessa gr., að aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Á þriggja mánaða fresti skal verðgæzlustjóri birta, til leiðbeiningar fyrir almenning, skýrslu um verð á helztu nauðsynjavörum almennings. Skal skýrslan fela í sér, eftir því sem við verður komið, samanburð á verði hinna ýmsu verzlana á sams konar vörum."

Ég geri ráð fyrir, að því muni verða svarað til, að þessi skýrslusöfnun sé í fyrsta lagi umfangsmikið starf og of mikið mál til þess að birta allar þær upplýsingar, sem verðgæzlustjóri mundi fá í sambandi við þessa skýrslusöfnun, og þess vegna hef ég miðað við það, að sú skýrsla, sem hann birti, verði ekki endilega tæmandi um allar þær vörur, sem hann fær upplýsingar um, heldur verði það fyrst og fremst miðað við helztu nauðsynjavörur almennings, sem að vísu eru ekki taldar upp hér í till. Ég tel ekki þörf á því. Það er nokkurn veginn málvenja um það, hvað séu helztu nauðsynjavöruflokkar, og ég geri ráð fyrir, að verðgæzlustjóri gæti vel fundið það út, hvað langt þyrfti að ganga í því efni, til þess að næðist sá tilgangur, sem í till. felst, en sá tilgangur er í stuttu máli sá, sem ég áður hef drepið á, að almenningur fái að vita um verðlagið á þessum helztu nauðsynjavörum sínum og fái birta um það skýrslu, til þess að hann geti séð það svart á hvítu og gert samanburð á verði á þessum vörum, bæði á ýmsum stöðum á landinu og í ýmsum verzlunum á sama stað, til þess að fólk þurfi ekki, eins og nú er í raun og veru óhjákvæmileg nauðsyn, ef fólk ætlar að fara út og kaupa einhvern hlut, að ganga úr einni verzluninni í aðra um allan bæinn til þess að leita upplýsinga um verðið og bera það saman, því að annars á maður á hættu að kaupa hlutinn miklu hærra verði heldur en hann er fáanlegur fyrir annars staðar. Það hafa menn áreiðanlega rekið sig á, allir þeir, sem þurft hafa að fara í búðir til að verzla. En með því að fá frá þeim opinbera embættismanni, sem sérstaklega hefur það með höndum að safna upplýsingum um verðlagið, birtar slíkar skýrslur, þótt ekki væri nema á þriggja mánaða fresti, þá mundi vinnast tvennt. Í fyrsta lagi, að almenningur fengi að vita, hvar hægt er að fá vöruna ódýrasta, og að hinu leytinu væri stofnað til þeirrar samkeppni á milli verzlananna, sem hv. þm. Barð. vildi ná með sinni till., og þetta mundi þannig verða til þess að fá fram a. m. k. miklu meira samræmi á verðlaginu heldur en nú er, og það er höfuðverkefnið, sem liggur fyrir í þessu efni að minni hyggju. Ég vænti þess vegna, að þessari brtt. verði vel tekið, þó að hún komi fram nú í raun og veru á síðustu stundu og hv. þdm. hafi þess vegna ekki fengið tækifæri til að athuga hana eins og kannske hefði verið æskilegt.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt brtt. við frv. það, sem hér er til umræðu, frá hv. 4. landsk., þannig:

„Við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á þriggja mánaða fresti skal verðgæzlustjóri birta til leiðbeiningar fyrir almenning skýrslu um verð á helztu nauðsynjavörum almennings. Skal skýrslan fela í sér, eftir því sem við verður komið, samanburð á verði hinna ýmsu verzlana á sams konar vörum."

Þessi brtt. er of seint fram komin og skrifleg og þarf því tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 232) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að svara fyrirspurn

hæstv. ráðh. um það, hvort hv. 6. landsk. þm. hefði talað sem umboðsmaður allshn., þegar hann lét þau orð falla, að sú brtt., sem hér væri fram komin, væri flutt sem sérstakt vantraust á ráðherra í þessu máli. Það gerði hann ekki, og ég hygg, að ef ég lýsi því, hvernig málið hefur verið rekið í nefndinni, þá skýrist þetta betur en með frekari fullyrðingum.

Eins og ég sagði áður, þá var frv. afgreitt án þess, að fram kæmu till. um breytingar á því í byrjun, þ. e. a. s. með þeim fyrirvara, sem hv. 6. landsk. þm. hafði um að bera fram brtt. M. ö. o. var nefndin á einu máli um það, að hæstv. ráðh. væri trúandi til þess með þeirri heimild, sem í lögunum felst, að gera þetta, en eins og ég sagði í minni ræðu, hefðum við náttúrlega sum gjarnan viljað kveða örlítið fastar að orði, og þarf ekkert að felast í því annað en bara það, að Alþ. láti vilja sinn í ljós um það, hvern hátt það vill hafa á þessum málum. Þegar svo voru komnar fram tvær till. í þessari hv. deild, þar sem einmitt var snúizt á þá sveifina, þá — eins og ég sagði í minni fyrri ræðu — tókum við tvö einmitt upp það sama sem í þeim till. fólst að þessu leyti, en ég tek það fram, að það er bara til þess að túlka vilja hæstv. Alþ. ákveðnar, án þess að það felist í því nokkurt vantraust á hæstv. ráðh. hvað þetta atriði snertir, og hygg ég, að einmitt það, að nefndin öll var á sínum tíma sammála um að mæla með frv. óbreyttu, sýni þetta.

Hv. þm. Barð. talaði til mín sem frsm. n. eins og ég hefði verið að túlka hans till. á sérstakan hátt. Það var ekki meining mín að gera það. Ég reyndi að skýra hlutlaust frá því, sem kom fram í nefndinni varðandi þessa till., og að vísu var það líka mitt sjónarmið, en ég held ég hafi ekki reynt að túlka hana á nokkurn sérstakan hátt, heldur aðeins farið eftir því, hver voru sjónarmið nefndarmanna að þessu leyti. En mér fannst nú, að í hans ræðu, þegar hann var að lýsa því, hvernig hann hugsar sér framkvæmd till., felist einmitt samþykki á því, sem fram hafði komið í nefndinni, að till. þessi yrði allerfið í framkvæmd. Hann talaði um í ræðu sinni, að hann meinti ekki eina ákveðna vörutegund. En ég hef nú skilið það svo, — það er kannske rangskilið, — að t. d. þegar hugsað er um birtingu á nöfnum þeirra, sem uppvísir verða að *óhóflegri álagningu, þá sé hugsað að miða ekki* við heildarverðlag hjá þeim, sem til greina koma, heldur við álagningu á eina sérstaka vörutegund eða einhvern sérstakan vöruflokk. Og við gátum ekki annað skilið í nefndinni, eða það var minn skilningur, að till. hv. þm. Barð. ætti að þessu leyti alveg hreint við það sama, að það væri um að ræða sérstakar vörutegundir, vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, alveg á sama hátt og hugsað er með birtingunni, þegar um óhóflega álagningu er að ræða, en ekki að það sé meiningin að taka heildarverðlagið hjá einhverjum fyrirtækjum og jafna því og birta það svo þannig, en það virtist mér koma fram af hans ræðu, þegar hann talaði um það, að hann meinti ekki, að það væri talað um eina ákveðna vörutegund, heldur vöruverð yfirleitt. En þá held ég, að þessi till. hefði þurft að vera allt öðruvísi en hún er, ef það hefur verið meiningin með henni.

Hv. þm. Barð. minntist á eitt atriði, sem ég álít að sé mjög mikilsvert í sambandi við verðlagningu, og það er það, að birt sé í gluggum verzlana, sem hafa vörur til sýnis, verð á þeim vörum, sem þar eru. Vildi ég nú leyfa mér að leita upplýsinga um það hjá hæstv. ráðh., hvort ekki séu til lög eða reglugerðir, þar sem þetta sé fyrirskipað, þannig að hægt sé að fá framkvæmd á þessu nú þegar, en það mundi hafa mjög mikla þýðingu í sambandi við verðlagið og að minnsta kosti spara mönnum ákaflega mikið erfiði við það að bera saman verðið, ef það væri í gluggum a. m. k. á þeim vörum, sem þar eru sýndar.

Hv. 6. landsk. þm. gerði þá fyrirspurn til mín og hv. 1. þm. N-M., hvað við álítum óhóflega álagningu. Ég get sagt það sem mína skoðun, að ég held, að það sé mjög erfitt að setja upp einhverja alveg sérstaka línu fyrir álagningu og miða við, að það eigi að vera sama álagning á allar vörur, hverjar sem eru, og segja svo: Þetta skal markið vera, og þar fyrir ofan er óhófleg og þar fyrir neðan er hófleg álagning. — Hann virðist hafa gert sér hugmyndir um, hvað sé hófleg álagning, og kemur það fram af till. hans, en það get ég sagt honum, að á margar vörutegundir álít ég það mjög óhóflega álagningu, sem hann vill setja þarna að marki og mundi í framkvæmdinni verða löggilding á álagningu. Þessu get ég svarað, þó að ég treysti mér ekki til þess að segja núna, að það sé til nákvæmt mark um það, hvað eigi að vera álagning fyrir allar vörur. Það vita þeir, sem fara með þessi mál, að það er of vandasamt til þess, að hægt sé að segja það með einu orði. En ég undirstrika það, að ég tel það álagningarmark, sem hv. 6. landsk. þm. er með í sínum till., vera óhóflegt, ef það á að gilda fyrir allar vörur.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Barð. og hv. 8. þm. Reykv. fyrir þær upplýsingar, sem þeir hafa gefið hér í deildinni út af orðum hv. 6. landsk. Sýna þau, að hv. 6. landsk. hefur í algeru heimildarleysi talað fyrir munn nefndarinnar, er hann túlkaði álit n. og vantraust hennar á aðgerðum mínum í þessu máli, eins og ég vék að í minni fyrri ræðu.

Hv. 6. landsk., eins og flokkur hans, berst fyrir því, að frjálst verðlag verði afnumið og verðlagseftirlit verði upp tekið, alveg eins og flokkur hans berst fyrir því, að hér verði sett á verzlunarhöft eins og var hér áður. Hér myndaðist þá svartur markaður, og gátu menn ekki keypt ýmsar nauðsynjar nema á þeim markaði og þá fyrir miklu hærra verð en gert var ráð fyrir í þeirri verðlagningu, sem í gildi var hverju sinni. Þetta var það, sem einkenndi alla verzlun hér á árunum 1947—49, og var þá formaður þingflokks hv. 6. landsk. forsætisráðherra, en annar flokksmaður hans, hv. þm. Hafnf., var þá viðskmrh. Maður skyldi nú ætla eftir þeim digurmælum, sem þessir hv. þm. og málgagn þeirra hefur haft um allt þetta mál, að þá hefði þetta farið betur úr hendi á þeim tíma, sem þeir fjölluðu um það. En ef litið er til fortíðarinnar og menn spurðir um

ástandið, sem þá var, og þau kaup, sem menn urðu að sæta þá á svörtum markaði, hygg ég, að ýmsir hafi dálitið aðra sögu að segja en Alþfl. vill nú vera láta.

Brtt. hv. 6. landsk. þm. á þskj. 217 er ekki annað en löggilding á hámarksálagningu, alveg eins og hv. þm. Barð. og hv. 8. þm. Reykv. hafa tekið fram. Ríkisstj. getur ekki gengið inn á, að nú sé sett með lögum nýtt hámarksverð, fyrr en þá ríkisstj. er sannfærð um, að svo beri að gera. Hún er ekki sannfærð um það á þessari stundu, að slíkt skref eigi að taka, og það þrátt fyrir allt það fimbulfamb, sem Alþfl. og málgagn hans hefur haft í frammi í þessum málum.

Talsvert mikið hefur verið rætt um það hér, hvað megi teljast hófleg álagning. Ég er alveg sammála hv. þm., sem hafa látið þá skoðun í ljós, að það væri afar erfitt að ákveða með lögum, hvað leggja skuli á, eða draga eina verðlagslínu fyrir allar vörutegundir. Það má lengi deila um þetta mál, hvað leggja skuli á vörur, en það er ákaflega erfitt að deila við menn, sem hvorki hafa vit á málinu né vilja tala sanngjarnlega um það. Það var búið að koma álagningunni hér á landi út í slíka firru, að ekki var viðunandi. Það var búið að lækka svo álagninguna, að slíkt þekkist hvergi, að mínu viti, í öðrum löndum, svo sem að menn voru skyldaðir til að flytja inn vefnaðarvörur og dreifa þeim, leggja fram fjármagn og aðra þjónustu fyrir 5—6%. Ég fullyrði, að slík álagning þekkist hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli, en álagningin var komin í þetta horf fyrir aðgerðir flokksmanna hv. 6. landsk. og annarra, sem höfðu álíka mikið vit á þessum málum og þeir. Eftir því sem ég hef kynnt mér verðlagsákvæði og venju í öðrum löndum, þá hygg ég, að megi segja, að það sé viðurkennt, að leggja megi á í heildsölu frá 8—25%, allt eftir því um hvaða vörutegundir er að ræða. Það er ógerningur að ákveða eina prósentutölu fyrir allan innflutning. Slíkt væri hreinn barnaskapur. Í smásölu er annars staðar talið hæfilegt, eftir því sem ég veit bezt, að leggja á frá 20—60%, allt eftir því um hvaða vörutegundir er að ræða. Mál þetta er ekki eins einfalt og sumir vilja vera láta, og þess vegna er gersamlega frágangssök að setja ákvæði um þetta í lög. En það er, eins og ég sagði, ákaflega erfitt að deila eða tala um þetta mál við þá menn, sem ekkert vilja skilja og nota það eingöngu til pólitískra árása á mótstöðumenn sína.

Hv. 4. landsk. talaði um það ófremdarástand, sem væri í þessum málum. Ja, hvað meinar hv. þm. um ófremdarástand? Hefur hann kynnt sér málið svo frá rótum, að hann geti talað um það af nokkurri þekkingu? Ég geri ráð fyrir því, að hann byggi lýsingu sína á þeim fáu dæmum, sem hafa komið fram um óhóflega álagningu á vörum í þeim skrám, sem verðgæzlustjóri hefur látið útbúa. En hann minnist ekki einu orði á þann yfirgnæfandi fjölda af mjög hóflegri álagningu, sem kemur fram í þessum skýrslum, og hann minnist að sjálfsögðu ekki á það, sem menn vita almennt, að frjálsa verðlagið hefur valdið mjög mikilli verðlækkun yfirleitt. Það hefur komið samkeppni í vöruverðið, sem ekki hefur verið til hér á landi síðan innflutningshöftin og verðlagseftirlitið var sett á í því formi, sem það hefur verið á síðari árum. En það er viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að menn hafa orðið að lækka verð á vörum sínum jafnvel niður fyrir það verð, sem þeir hafa keypt þær á, vegna þess hvað samkeppnin hefur verið hörð í ýmsum greinum.

Flest lönd kappkosta að losa sig sem fyrst við allt verðlagseftirlit. Flest lönd telja það hreinustu vandræði að þurfa að hlíta verðlagseftirliti, og hefur það því í flestum löndum verið leyst upp að meira eða minna leyti. En ég held, að Ísland sé eina landið, sem hefur haldið uppi opinberu eftirliti með frjálsu verðlagi. Ég er síður en svo að lasta það, að þetta sé gert. Það sýnir viðleitnina til að halda verðlaginu niðri. En þetta er að mínu viti hvergi gert annars staðar, þar sem verðlagið hefur verið gefið frjálst. Ég gæti nú vel hugsað mér, að önnur lönd, sem hafa aflétt verðlagseftirliti á vörum, mundu eftir athugun verða fyrir eitthvað svipaðri reynslu eins og við höfum orðið fyrir hér, þar sem misnotkun hefur komið í ljós. Ég er sízt að mæla henni bót, en bendi á, að slíkt getur ætíð komið fyrir, en er þó ekki neinn mælikvarði á það, að frjálsa verðlagið nái ekki tilgangi sínum.

Í sambandi við brtt. skal ég vera fáorður. Ég tel, að till. á þskj. 217 sé þannig löguð, að ekki geti komið til mála, að hún verði samþykkt. — Um till. á þskj. 165, frá hv. þm. Barð., verð ég að viðurkenna, að það væri ákaflega æskilegt að geta veitt þeim mönnum, sem lægsta hafa álagningu, vissa viðurkenningu eins og þá, sem felst í þessari till., en ég verð því miður að láta það álit mitt í ljós, að ég tel, að framkvæmd till. verði afar erfið og ekki gott að sjá, hvernig framkvæmdin mundi verða í reyndinni. — Um brtt. á þskj. 216, þar sem gerð er sú breyt. á frv., að gert verði að skyldu að birta nöfn manna, í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir heimild, þá get ég sagt fyrir mitt leyti, að ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þó að það sé gert að skyldu, ef þingið álítur, að málið sé betur komið í því formi heldur en að ráðh. sé gefin heimild. Það er nú einu sinni þannig, að það er venja að hafa slíkt í heimildarformi, en ég legg heldur lítið upp úr því, hvort heldur er. Ég mundi telja mér skylt, eins og málum er komið, að framkvæma það á sama veg, þó að um heimild væri að ræða.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort þá 50% hækkun á álagningu, sem rætt er um í minni till., beri að skoða sem viðurkenningu á því, að álagningarreglur viðskiptaráðs á sínum tíma hafi verið of lágar. Um þetta hefði hv. þm. Barð. ekki þurft að spyrja, ef hann hefði fylgzt með umr., sérstaklega við 2. umr. málsins, því að þá tók ég það greinilega fram, að í þessari till. minni fælist engin viðurkenning á því, að álagningarreglum viðskiptaráðs hafi á sínum tíma verið um of í hóf stillt. Ég tók það fram þegar við 2. umr. málsins, að jafnvel þótt einhverjum hefði fundizt álagningarreglur viðskiptaráðs á sínum tíma um of þröngar, þá væru nú aðstæður svo breyttar, að það, sem hafi verið of hóflegt þá, geti talizt fullkomlega sanngjarnt nú. Benti

ég á í því sambandi, að verzlunarumsetningin væri allt önnur og meiri nú en hún var, þegar viðskiptaráð ákvað hámarksálagninguna, og að hin aukna umsetning mundi að sjálfsögðu leiða til aukinna tekna fyrir verzlunina. Ég benti líka á, að innkaupsverð á vörum væri til muna hærra nú en meðan viðskiptaráð hafði verzlunarálagninguna og hækkað innkaupsverð þýddi auknar tekjur fyrir verzlunina, þar sem um prósentuálagningu á vörur væri að ræða. Ég tók það því mjög greinilega fram við 2. umr. málsins, að í þessari till. minni fælist ekki nein viðurkenning út af fyrir sig á því, að viðskiptaráð hefði á sínum tíma stillt hámarksálagningu í hóf um of.

Annars vil ég segja það um till. hv. þm. Barð., að mér virtist það koma mjög greinilega í ljós hjá honum, þegar hann var að tala fyrir henni, að hann virðist sjálfur skilja hana nokkuð á annan veg en við a. m. k. flest hver skiljum hana, eftir að við höfum lesið hana með þeirri gaumgæfni og nákvæmni, sem frekast eru tök á. Hv. þm. Barð. vildi halda því fram, að ef hans till. væri samþ., þá væri skyldan til að birta nöfn þeirra, sem lægsta hefðu álagninguna, bundin við það, að álagningin væri ekki aðeins lægst á eina tiltekna vörutegund, heldur væri henni að öllu leyti í hóf stillt hjá þeim, sem nafn sitt vildi fá birt. En eins og till. er orðuð og hv. 8. þm. Reykv. hefur bent á, þá er þetta alger misskilningur hjá hv. þm. Barð. Það er berum orðum fram tekið í till., að það er skylda að birta nöfn þeirra, sem lægsta hafa álagninguna á þá vörutegund, sem einhver hefur verið birtur fyrir að okra á. Þetta er berum orðum fram tekið í till. og ómögulegt að skilja hana á annan veg en þennan. Og ef verðgæzlustjóri vildi fara að framkvæma þessa till., ef hún yrði samþ., á þann veg, sem hv. þm. Barð. heldur hér fram, þá gæti sá, sem vill fá nafn sitt birt vegna lágrar álagningar, mótmælt slíkri framkvæmd og krafizt þess, að nafn sitt yrði birt fyrir það eitt að hafa lægsta álagningu á eina ákveðna vörutegund, sem annar hefur verið birtur fyrir að okra á. Gefur auga leið, að slík lagasetning og slík framkvæmd mundi óhjákvæmilega leiða til þess, að ýmsir yrðu birtir, sem ekki ættu slíkt skilið, og mundu því lögin verða meira til ógagns en gagns, ef samþ. yrðu.

Ég hafði spurt hv. 8. þm. Reykv. um það, hvað hann teldi hóflega álagningu og hvað hann teldi óhóflega, og ég benti alveg sérstaklega á, að það mundi gefa till. þessa hv. þm. mikið aukið gildi, ef henni fylgdi einhver vísbending frá tillögumönnum til hæstv. ráðh. um það, hvað tillögumenn ættu við með ákvæðinu óhóflegt. Þessi hv. þm. svaraði því til, að það væri útilokað að segja nokkuð ákveðið um þetta. Það eitt vildi þó þessi hv. þm. fullyrða, að sú regla, sem ég í minni till., eins og hann sagði, hefði slegið föstu sem hóflegri hækkun á álagningu, væri í mörgum tilfellum mjög fjarri því að vera hófleg. Út af þessu vil ég einu sinni enn taka fram og undirstrika, þó að ég sé búinn að gera það mörgum sinnum áður, að í því 50% marki, sem talað er um í minni till., felst engin yfirlýsing um það, hvað ég tel hóflegt. Ráðherra er heimilt að birta nöfn, þangað til álagningin hefur hækkað allt að 50% frá því, sem áður var. Og það er berum orðum fram tekið í till., að þó að álagningin hafi ekki hækkað svo mikið, þá geti það engu að síður talizt óhófleg álagning. Þetta er berum orðum fram tekið í till. En það er fyrst, þegar komið er upp yfir 50% markið, sem ég tel að hin óhóflega álagning keyri svo um þverbak, að ekki sé hægt annað en skylda ráðh. til að birta nöfn. Þetta 50% mark hef ég sett, eins og ég hef margsagt áður, til þess eins að reyna að fá samkomulag um eitthvað, sem mér þætti líklegt, að allir aðrir gætu gengið inn á, en ekki fyrst og fremst vegna þess að ég telji, að ég hafi ekki farið hér of hátt. Hins vegar er það mjög athyglisvert, að hv. 8. þm. Reykv. lýsir því hér yfir, að hann geti ekki gefið hæstv. viðskmrh. neina vísbendingu um það, hvað hann telji óhóflegt í álagningu. Ég verð að segja það, að mér finnst það draga mjög verulega úr gildi till. hv. 8. þm. Reykv., að hæstv. viðskmrh. fær hana upp í hendurnar með yfirlýsingu um það, að tillögumennirnir sjálfir hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað þeir eigi við með orðinu „óhóflegt". Þetta gefur ráðh. að sjálfsögðu mjög óbundnar hendur um framkvæmd till. og miklu óbundnari hendur en æskilegt er, þegar litið er til þeirrar reynslu, sem maður þegar hefur fengið af því, hvernig þessi hæstv. ráðh. hefur framkvæmt þessi mál. Mér hefði fundizt, að ekki hefði mátt minna vera en að tillögumennirnir hefðu gefið hæstv. viðskmrh. einhverjar lífsreglur og einhverja vísbendingu til að lifa eftir, svo mjög sem hann er fyrir þær þurfandi.

Hæstv. viðskmrh. vildi halda því fram, að í ljós hefði komið, að ég hefði talað hér í algeru heimildarleysi, þegar ég þóttist vera að tala fyrir allshn. hér áðan, eins og hann orðaði það. Út af þessu vil ég aðeins taka það fram, að ég hef aldrei þótzt vera að tala hér fyrir allshn. Þessi fullyrðing ráðh. hlýtur að stafa af því, að hann hefur ekki fylgzt með því, sem ég sagði um þetta mál í minni fyrri ræðu. Ég sagði, að nefndarmenn hefðu ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu málsins og að uppi væru ýmsar till. um, hvernig með skuli fara. Eitt eru þó a. m. k. fjórir, ef ekki allir nm. á einu máli um, sagði ég, að ekki sé hægt að afgreiða frv. án þess, að hæstv. viðskmrh. fái eitthvert aðhald um birtingu nafna þeirra aðila, er gerzt hafa sekir um óhóflega álagningu. Af þessu dró ég svo þá ályktun, að nm., sem að þessu standa, teldu, að ráðh. hefði haldið svo slælega á þessum málum, að hann þyrfti frekara aðhald. Og allt þetta er rétt frá orði til orðs. Það liggur hér fyrir, að þrír af nm. úr allshn. hafa flutt brtt. við brbl. Þessar brtt. eru byggðar á því, að lagafrv. veitir ekki hæstv. ráðh. það aðhald, sem flm. till. telja nauðsynlegt. Það eru þrír nm., sem þannig hafa farið að. Fjórði nm., hv. 4. landsk., hefur lýst því yfir hér í ræðu áðan, að hann teldi, að í frv. fælist ekki nægilegt aðhald fyrir ráðh. Það þarf þannig ekkert um það að deila, að það er í öllum atriðum rétt hjá mér, að fjórir nm. úr allshn. hafa verið á einu máli um það, að frv., eins og það liggur fyrir, veiti hæstv. viðskmrh. ekki það aðhald, sem hann þarf á að halda. Af þessari staðreynd verður auðvitað ekki dregin önnur ályktun en sú, að ráðh. hafi notað heimildina í brbl. svo slælega, að það sé óhjákvæmi-

legt að veita honum frekara aðhald en hann hefur haft. Fram hjá þessu er ekki hægt að komast með neinum skýringum. Þetta eru staðreyndir, sem fyrir liggja í málinu.

Hæstv. viðskmrh. minntist á það í ræðu sinni hér áðan, að Alþfl. berðist fyrir því að koma verðlagseftirlitinu á aftur og berðist fyrir því að koma á aðflutningshömlum. Það er mjög undarlegt með þennan hæstv. ráðh., að í hvert skipti sem talað er um verðlagseftirlit og verðgæzlu, þá á hann mjög erfitt með að halda sér við málið. Hann þarf endilega alltaf að hlaupa í innflutningshöftin og fara að ræða um þau, þegar aðrir vilja tala um verðlagseftirlit. Það þarf náttúrlega ekki um það að efast, hvernig á þessu stendur hjá þessum hæstv. ráðh. Hans framkvæmd á verðlagseftirlitinu og verðgæzlunni í landinu hefur öll verið með slíkum endemum, að þessi hæstv. ráðh. kýs helzt ekki um það að tala og vill heldur ræða um innflutningshöftin. Ég væri að sjálfsögðu mjög fús til þess að ræða við hann um aðflutningshöftin. Hans ferill er þar engu betri en í sambandi við viðskiptamálin. En það vill nú bara svo til, að það er hér verðlagseftirlit og lög um verðlagseftirlit, sem eru til umræðu, en ekki aðflutningshöft. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að haldið sé sér við það mál, sem er til umræðu, en ekki sé verið að hlaupa út í önnur mál.

Það kom fram hjá einhverjum hér áðan, og það sjálfsagt fleirum en einum, að ekki væri hægt að skoða mína till. öðruvísi en svo, að í þessu 50% marki, sem ég talaði um í henni, felist viðurkenning af minni hálfu fyrir því, að það sé hófleg álagning. Ég vil því enn einu sinni, um leið og ég lýk mínu máli, taka það alveg skýrt og greinilega fram, að allar slíkar skýringar á minni till. eru rangar. Í henni felst ekkert slíkt. Till. tekur það fram, að álagning getur verið óhófleg áður en 50% hækkun er komin frá því, sem gilti, þegar viðskiptaráð fór með þessi mál. Og vegna þess að ég tel og till. segir, að slíkt geti verið óhóflegt, þá er heimild í till. fyrir ráðh. til að birta nöfn áður en 50% markinu er náð. Þetta vil ég enn á ný undirstrika.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 4. landsk. (StgrA) bar hér fram skriflega brtt., sem ekki hefur verið útbýtt, svo að hv. þm. hafa ekki haft aðgang að henni, en aðeins heyrt hana lesna úr forsetastól. Ég tel nú ákaflega einkennilegt, eftir að þetta mál hefur verið í n., að slík till. skuli ekki hafa komið fram fyrr og þá um leið fengizt vitneskja um það, hvernig n. tæki till. Mér þætti ekkert ólíklegt, að hv. form. n. bæði um frestun á þessari umr., sem er síðasta umr. í d., til þess að n. athugaði, hvort hún gæti annaðhvort fylgt þessari till., sem óneitanlega breytir allmiklu í málinu, ef hún yrði samþ., hvort hún gæti betrumbætt hana eða hvort hún leggur til, hinum hv. þm. til leiðbeiningar, að till. sé felld. Mér er alveg ljóst, að ekki verða síður erfiðleikar á framkvæmd þeirrar till. heldur en þeirrar, sem ég ber hér fram, þótt hv. þm. treysti sér ekki til að fylgja henni, eftir því sem hann lýsti yfir áðan. En það er sýnilegt, að það er skylda n., að öll stig málsins séu þar rædd, áður en til atkvgr. kemur á þessu síðasta stigi málsins, því að til þess eru n. að leiðbeina öðrum hv. þm., sem ekki hafa haft tækifæri til þess að setja sig svo náið inn í málin eins og n. ber að gera. Skal ég ekki ræða meira um það atriði.

Ég vil hins vegar ræða ofur lítið um þá hlið málsins, sem hv. 4. landsk. (StgrA) minntist á, en það er innkaupsverðið. Það er alveg rétt, að það er ekki einasta álagningin, heldur og innkaupsverðið, sem ræður verðlaginu. Það er einmitt þess vegna, sem þetta mál er svo flókið. Og það er einmitt þess vegna, sem innflutningshöftin báru í sér dauðann sjálf á sínum tíma. Þegar verðlagið var undir eftirliti fjárhagsráðs og verðlagsstjórnar og hámarksverðlag var sett á hverja vöru, þá var aldrei tekið tillit til þess í verðlagningunni, hvernig innkaupin voru. Maður, sem gat gert helmingi hagkvæmari innkaup en aðrir, fékk ekki að njóta þess. Hann fékk aðeins að leggja sömu prósentálagningu á sín hagkvæmu innkaup eins og hinn, sem hafði gert óhagkvæm kaup. Það er vitað, að þetta er rétt. Maður, sem gat keypt inn sama vörumagn fyrir 50 þús. eins og hinn, sem gaf fyrir það 100 þús., var ekki látinn njóta þess. Báðir fengu að leggja á sama hundraðshluta, segjum t. d. 10%. Kostaði þá sama vara hjá öðrum aðila 110 þús., en hjá hinum ekki nema 55, og þrátt fyrir það fékk hann ekki að njóta hagsýni sinnar í auknum innflutningi. Leiddi það til þess, að menn voru ekkert að leggja sig í líma til þess að kaupa inn með hagkvæmum kjörum. Út úr þessum staðreyndum kom svo ákvæðið inn í frv. um fjárhagsráð, að þeir skyldu njóta innflutningsins, sem hagkvæmust gætu gert innkaupin. En þessu ákvæði hefur aldrei verið framfylgt. Innkaupin hafa verið og eru enn í höndum mjög stórra verzlunaraðila, bæði heildsala og sambanda, og það hefur aldrei verið út af fyrir sig farið eftir því, hvað þessir aðilar gætu gert hagkvæm innkaup. Það hefur ekki eingöngu verið fjárhagsráð, sem þar hefur getað ráðið um, heldur og t. d. bankarnir, svo og ýmsar aðstæður, sem hafa verið þess valdandi, að það hefur ekki verið hægt að veita innflutningnum til þeirra aðila, sem á hverjum tíma gátu gert hagkvæmustu innkaupin.

Í sambandi við ummæli hv. 8. þm. Reykv. (RÞ), sem sagði, að hann héldi, að till. mín hefði þurft að vera öðruvísi, ef hún hefði átt að gilda um verðlagið almennt, — og það sama kom einnig fram hjá hv. 6. landsk. (GÍG), — vildi ég gjarnan fá upplýst, hvort það er hugsun þessara hv. þm., ef það kæmi fram við rannsókn, að eitthvert verzlunarfyrirtæki hefði lagt of háa álagningu á sína vöru, þá skyldi það skoðast sem okur. Segjum, að það hefði á þessari einu vörutegund, sem ef til vill væri lítið magn, þénað óhóflega, t. d. 500—600 kr., eða jafnvel 5—6 þús. kr., en þetta sama fyrirtæki hefði hins vegar getað fært að því rök, að á öllum öðrum vörutegundum eða meginþorra af öðrum vörutegundum, sem það verzlaði með, væri álagningin fyrir neðan þá álagningu, sem aðrir legðu á almennt. Væri þá nokkur grundvöllur fyrir því að birta nöfn þessara manna og stimpla þá sem svartamarkaðsbraskara fyrir að hafa lagt um of — kannske af einhverjum sérstökum ástæðum, kannske af óaðgæzlu — á eina vörutegund með sáralitlum ágóða,

en hafa hins vegar veitt þjóðinni mjög mikil verðlagsfríðindi með því að halda niðri álagningu á meginþorra þeirra vara, sem þeir væru að verzla með? Ég hygg, að það yrði engum ráðh. stætt á því að ætla sér að beita þannig lagaákvæðinu, jafnvel þó að hægt væri að sanna með fullum rökum, að viðkomandi aðila hefði orðið þetta á. En ef ekki er ætlazt til, að þetta sé þannig, eins og ég hef þegar lýst, þá er því síður hægt að ætla það, að einhver maður gæti fengið sitt nafn auglýst sem kaupmaður með lágri álagningu, þó að hann hefði getað sýnt það, að álagning væri lítil á einhverri einni verzlunarvöru, því að með þessu móti gæti það komið fyrir, að sami maður sem annan dag eða jafnvel sama daginn hefði lagt of mikið á eina vöru yrði auglýstur sem okrari fyrir það, en væri þá einnig viðurkenndur fyrir að hafa lægsta álagningu á aðra vöru. Mér hefur því aldrei komið til hugar, að þessi yrði framkvæmdin á, en það virðist ekki einasta vaka fyrir hv. allshn., heldur og einnig jafnvel fyrir hæstv. ráðh., þó að hann færi ekki langt inn á þetta atriði. Það virðist vaka fyrir þessum mönnum, að það sé eingöngu farið eftir einhverri einni ákveðinni vörutegund. En þetta fær alls ekki staðizt undir neinum kringumstæðum. Slíkum tökum væri ekki hægt að taka málið. Og þegar hv. 8. þm. Reykv. og hv. 1. þm. N-M. eru mótfallnir því að samþ. mína till., þá getur það ekki verið af öðru en hræðslu við það, að m. a. kaupfélögin, sem menn vita að eru miklu hærri almennt í vöruálagningu úti á landinu heldur en kaupmenn, þó að þau séu ekki neitt fyrir ofan það takmark, sem hér hefur verið rætt, séu ekki samkeppnisfær í verzluninni. Þeirra andúð við mína till. getur ekki skapazt af neinu öðru heldur en fullvissunni um það, að kaupfélögin nú orðið geti ekki verið jafnlág í vöruverði og einstaklingar, og þau vilji þar af leiðandi ekki láta þau sannindi komast upp opinberlega. Þetta er eina ástæðan, sem getur verið frambærileg, til þess að þeir vilji ekki fylgja till. minni. Það furðar mig reyndar ekki, þegar vitað er, að víðast hvar á landinu eru kaupfélögin svo langt fyrir ofan í öllu almennu verðlagi, að það er talið jafnvel borga sig að senda langar leiðir eftir vöru til þess að kaupa hana hjá kaupmönnunum og selja hana samt sem áður ódýrari við hliðina á kaupfélögunum, þar sem þau eru orðin einvöld í héruðunum um vöruverð. Ég vil nú benda þessum hv. þm. á það, að þeir eru ekki hér þm. á þingi aðeins til þess að vernda slíkt okur, hvort sem það væri frá kaupmönnum eða kaupfélögum, heldur til þess að vinna fyrir hagsmuni sinnar þjóðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mjög æskilegt að veita þeim mönnum einhverja viðurkenningu, eins og ég ætlaðist til með minni till., sem þannig hefðu hagað sér í álagningu. Hér kemur fram einnig hjá hæstv. ráðh. afar mikill misskilningur á þeirri hugsun, sem liggur á bak við mína till. Ég hef enga tilhneigingu til þess að veita sérstaka viðurkenningu þessum mönnum. Ég hef hins vegar mikla tilhneigingu til þess að færa málið í það horf, að þeir hjálpi til að fá vöruverðið niður í landinu og almenningur viti, að til þeirra eigi hann að leita. Þá þarf enga viðurkenningu hér frá Alþ. til þeirra. Viðurkenningin kemur þá fyrst og fremst fram í því, að viðskiptamennirnir hópast þangað, þeirra viðskipti verða örari og þeirra hagur betri. — Það er alveg misskilningur, eins og ég hef margtekið hér fram, að það sé nokkrum erfiðleikum bundið að framkvæma þessa till. Og það er alveg misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykv., þegar hann skildi þannig mín orð, að ég hefði sjálfur verið að halda því fram og sanna það með mínum orðum, að þetta væri erfiðleikum bundið. Þetta er hreinn misskilningur. Það er auðvelt með þeim aðferðum, sem ég minntist hér á áðan. Og með þeim stofnunum, sem fyrir eru hér í Reykjavík til þess að afla sér upplýsinga um verðlag, er það eðlilegt að komast að raun um, hvaða verzlanir það eru, sem hafa hæfilega álagningu. En það þarf að sjálfsögðu að komast út úr kolli þeirra hv. þm., sem enn þá hafa þá einu hugsun, að hér sé átt við eina og eina vörutegund, en ekki verðlagið almennt, því að það er ekki hin eina vörutegund í landinu, sem er afgerandi aðili í þessu atriði um verðlagið. Það er hið almenna verðlag yfirleitt.

Hv. 6. landsk. sagði, að í þessari till. sinni væri engin viðurkenning fyrir því, að álagningin áður hefði verið of lág. Í sambandi við það minntist hann einnig á, að aðstæðurnar núna hefðu breytzt mjög mikið, m. a. væri veltan miklu meiri og þar af leiðandi væri ágóðinn til þessara manna einnig miklu meiri. Ég verð nú að benda á það, að ef leyfð hefur verið 5% álagning áður, eins og hæstv. ráðh. var að tala um, og hún hefði verið nægjanleg til þess að reka þá atvinnugrein, þá hefði, af því að veltan hefði aukizt, segjum um 100%, ekki þurft að auka þessa álagningu, heldur fyndist mér, að þá væri þó ástæða til að minnka hana enn, þar sem viðkomandi aðili hefur þá meiri tekjur af mjög aukinni veltu. Þess vegna sýnist mér, að það hnigi öll rök að því, að ekki einasta hafi hún verið svo of lág, að nú þurfi að bæta við hana 50%, eins og kemur fram í till. hjá hv. 6. landsk., heldur þurfi einnig við þetta að bætast sú staðreynd, að hann þurfi að fá enn miklu meiri veltu en hann hafði þá til þess að geta þolað að reka þennan atvinnuveg, og það séu enn sterkari rök fyrir því, þegar hann hefur haldið þessa ræðu, að álagningin áður hafi verið allt of lág. Ég ætla engan dóm að fella um það, hvort hún hefur verið það, en mér skilst, að allar ræður hv. 6. landsk. um þetta atriði hnigi að því, að það sé hans skoðun, að þessi álagning hafi verið svo mjög of lág sem hér þegar hefur verið lýst. Ég skal hins vegar í sambandi við verðlagsákvæðin leyfa mér að benda hér á eitt mjög skýrt dæmi. Þegar verðlagsákvæðin voru sett á þjónustu hér í þessu landi, eftir að síðasta stríð brauzt út, þá var m. a. heimilað að leggja 45% á alla þá vinnu, sem trésmíðastöðvar inntu af hendi, og það jafnvel upp í 60%. Ég hef haft nokkra þekkingu á þessum málum núna í nærri 30 ár, þar sem flestir reikningar frá skipasmíðastöðvum, a. m. k. hér í Reykjavík og víðar af landinu, hafa farið um mínar hendur. Þar til þetta ákvæði kom inn, sem sett var í lög, var aldrei nokkru sinni samþ. af okkur, sem höfðum með það að gera, meira en 15% álagning á slíka þjón-

ustu. Þegar þetta var lögboðið, var þetta fært upp í 45%. Og það datt engri skipasmíðastöð eða trésmíðaverkstæði í hug að fara niður fyrir það. Þeir veifuðu framan í okkur lögunum og sögðu: Hér er ákveðið, að okkar álagning megi vera 45%, og þið hafið síðan ekki neitt um það mál að segja. — Í sambandi við járnsmiðjurnar var aldrei farið áður yfir 40%, en með lögunum var þeim leyft að fara upp í 60%, og síðan er komin sú hefð á vegna þeirra lagaákvæða, að þessu er ekki hægt að þoka niður, jafnvel þó að það sé búið að létta af þessum ákvæðum. Þessi hafa nú áhrifin orðið á þessa þjónustu í þjóðfélaginu. Og svo mun og hafa orðið um ýmsar aðrar greinar. Þetta sýnir bezt, hversu það er hættulegt fyrir þjóðfélagið að leyfa ekki frjálsa samkeppni um þjónustu og verzlun í landinu. Nú vill hv. 6. landsk. enn leyfa alveg óátalið að hækka þessa álagningu um 50%, án þess að nöfn þessara manna séu birt eða að það sé skylt að gera það. Og það væri þá sama sem þeir væru komnir upp í 90% álagningu í staðinn fyrir 60 og nærri 70% í staðinn fyrir 15%, sem venja var áður en álagningin var lögbundin eða verðlagsákvæðin voru sett.

Ég skal svo aðeins að síðustu leyfa mér að benda á, að í sambandi við öll ummæli hv. 6. landsk. og Alþfl. um verðlagið í landinu hafa þeir gleymt alltaf til samanburðar að taka einn ákaflega stóran lið eða vísvitandi ekki viljað minnast á það, og það er svartamarkaðsverðið. Hvað var svartamarkaðsverðið mikill hluti af verðlaginu, sem þjóðin varð að greiða, á meðan þetta allt var í böndum? Hvaða tölur eru til um það, hvað menn greiddu á bak við tjöldin til þess að fá vöruna, sumpart í hreinum peningum og sumpart í alls konar fríðindum, jafnvel pólitískt fylgi var þá gjaldmiðill á svartamarkaðinum hjá þessum ágæta flokki, Alþfl., í sambandi við þessi mál? Það var ákaflega þægilegt að hafa þessi höft, þessa skipun málanna, svo að viðskmrh., sem var úr hópi Alþfl., gæti beitt þeim áróðri skefjalaust. En um þetta liggja engar skýrslur. Að þessi álagning, sem þannig var lögð á, var miklu hærri en álagning, sem lögð var á nokkra vöru síðan verzlunin varð frjáls, er öllum kunnugt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þessar umr., en vildi þó, áður en kemur til atkvgr., gera dálitla grein fyrir minni afstöðu.

Ég vil leyfa mér að benda hæstv. viðskmrh. á það, að þegar ég greiði atkv. um frumvörp og orðalag hér í frv. og orðalag í einstökum frvgr., þá er það ekki að neinu leyti með tilliti til þeirra ráðh., sem þá stund sitja í ráðherrastóli. Ég er þá að greiða atkv. um lög, sem ætlað er að gilda eitthvað fram í framtíðina, og þó að ráðherrastólarnir séu nú góð sæti, þá eru þau ekki svo örugg eða viss, að það sé víst, að sá ráðh. sitji í sama sætinu meðan viðkomandi lög eru í gildi. Þegar ég þess vegna er með í því að setja „skylt“ í staðinn fyrir „heimilt“ í þessum l., þá er það af því, að ég treysti ekki sérstaklega vel neinum ráðh., sem í viðskiptamálaráðherrasætinu situr á meðan þessi lög — ef samþykkt verða — kunna að vera í gildi, til að nota heimildina, ef það er heimild, — ég vil láta það vera „skyldu“. Það er ekkert vantraust á þennan ráðh. frekar en aðra, sem koma eftir hann. Ef ég greiði atkv. um vantraust, þá er það viðvíkjandi persónunum, sem í stólunum sitja þá stundina, en þegar ég greiði atkv. um orðalag greina eða lagafrv., þá er það ekki miðað við þá menn, sem það augnablik sitja í þessum stólum, heldur þá menn, sem í framtíðinni — og þeir geta orðið margir — hafa með lögin að gera, og þá vil ég láta það vera „skylt“, en ekki „heimilt“. Þess vegna er það, að ég er með því fyrst og fremst að breyta þessu í frv.

Ég get ekki verið með 50%, af því að það mundi í framkvæmdinni, þrátt fyrir túlkun flm. á því, verða skoðað sem lágmark, sem óhætt er að fara í óátalið og auka þess vegna álagninguna, en álagningin er ærið nóg fyrir, og hún verður að vera mikil, af því að 12% af þjóðinni lifa á því að verzla við hina — og líklega þó meira núna. Það var árið 1940, sem það voru 12% af þjóðinni, sem lifðu á því að verzla við hina. Síðan hefur verzlunarstéttinni fjölgað, og þegar þeir eiga að hafa allar sínar lífsþarfir af að verzla við hina, þessi 12%, þá verða þeir að leggja mikið á. Það er ekki hægt að komast hjá því, að þeir geri það.

Þær voru gróflega aðgengilegar fljótt á að líta, till. hv. þm. Barð. og skriflega till., sem nú á að liggja fyrir. Samt sem áður get ég ekki verið með þeim, og það kemur af því, að þó að ég hafi ekki mikið vit á verzlunarmálum og ekki verið mikið við þau riðinn um dagana, þá man ég eftir tveim tilfellum, sem fyrir mig hafa komið, sem sýna mér, hversu óskaplega asnalega sú till. gæti komið út, ef farið væri að framkvæma hana eftir orðanna hljóðan, og það byggist á því, að hér er alls staðar verið að ræða um álagningu, en ekki verð. Ég minnist þess, að einu sinni, meðan ég hafði það verk með höndum að vera með öðrum mönnum í því að setja verð á vörur í verzlun, fengum við með sama skipinu frá tveim ólíkum innflytjendum haframjöl — venjulega matvörutegund — sem var með svo misjöfnu verði, að ef sama prósenttala hefði verið lögð á það þá, hefði annað þeirra orðið miklu dýrara en hitt, og þó að sá, sem fékk ódýrara haframjölið, hefði lagt á það þá álagningu, sem hefði verið talin óhæfileg og auglýst af ráðh. sem ósæmileg, þá hefði það haframjöl samt orðið ódýrara en hitt. Svo mikill munur var á innkaupsverðinu. Alveg sams konar tilfelli um hveiti man ég eftir frá öðru ári, meðan ég hafði þetta verk með höndum. Það kann að vera, að það hafi ekki verið alveg sambærilegt hvað gæði snertir, svo að ég get ekki eins borið það dæmi saman, en haframjölsdæmið sýndi greinilega, að maðurinn, sem hefði getað selt haframjölið ódýrara en hinn, hefði komið á svarta listann fyrir að leggja á það óhæfilega mikla álagningu og gat þó verið neðar en hinn með útsöluverðið. Þess vegna er það, að eins og þessu verðlagseftirliti er hagað, þegar bara er tekið tillit til álagningarinnar og reynt að halda henni í skefjum, þá er ekki hægt nema stundum að ná til þeirra, sem selja raunverulega ódýrast. Það er

a. m. k. ákaflega oft, sem við náum alls ekki til þeirra, sem eru með lægsta verð á vörunni, af því að þeir sömu menn hafa kannske lent í öðruvísi innkaupum en hinir og sitt á hvað, svo að það er ekki hægt — við náum ekki til þeirra. — Þess vegna get ég hvorki verið með till. hv. þm. Barð. né skriflegu till., því að ég verð að leggja það í dóm ráðh. að dæma um þetta og láta hann vera það æðsta ráð, hver sem hann er, en láta honum vera skylt að birta þá, sem óhæfilega álagningu nota að hans dómi. Það er hans dómur, sem þar er um að ræða, og annað er ekki um að ræða. Hver sem í því sæti situr, þá er það hans að dæma um það og láta birta þau nöfn. Hin þýðir ekki að birta, þau gefa misvísandi upplýsingar. Allt annað mál væri það, ef hægt væri að koma verðlagseftirlitinu fyrir öðruvísi en með þeim „stikkprufum“ á álagningu, sem nú er gert. Ef hægt væri að koma því þannig fyrir, að menn gætu fengið raunverulegt útsöluverð á vörunum og hægt væri að tilkynna það, þá væri málið komið inn á annan grundvöll, en þannig er það ekki í framkvæmd og er ekki ætlazt til þess í framkvæmd. Það hefur alltaf verið aðeins miðað við álagninguna og reynt að takmarka hana, en ekki hitt, og við því verðum við að gera. Það er það, sem nú er um að ræða.

Þess vegna mun ég verða með þeirri breyt., sem við hv. 8. þm. Reykv. höfum flutt hér, um að færa þetta í skyldu, en láta það að öðru leyti vera undir mati verðgæzlustjórans annars vegar og ráðh., sem með þessi mál fer, hins vegar, þessara tveggja manna, hvenær þeir telja álagninguna óhæfilega og hvenær ekki. Með hinu get ég hvorugu verið og hef þó ákaflega mikla löngun til þess að geta kunngert alþjóð þá menn, sem hafa minnsta álagningu og selja við lægstu verði, hafa bæði góð innkaup og litla álagningu. Þá mundi hv. þm. Barð. undireins fara að verzla við kaupfélög, því að þá mundi hann sannfærast um það, að þau eru miklu ódýrari með allt vöruverð heldur en hinir, en hann lifir nú í trú, en aðgætir ekki staðreyndir.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Hv. þm. Barð. stakk upp á því, að n. óskaði eftir að taka þetta mál til sín til nýrrar athugunar. Ég svara því, að ég óska ekki eftir því fyrir hönd n. Það hefur nú viljað þannig til, að það hafa komið í umr. tvívegis fram brtt. frá nm., sem hefðu að sjálfsögðu átt að geta látið þær till. sínar koma til umr. í n. á réttum tíma til athugunar, og mér finnst það í hæsta máta óviðkunnanlegt, — ég skal ekki segja um með fyrri till., sem kom, vegna þess að það var um hana fyrirvari í nál. Nú kemur hér till. frá hv. 4. landsk. þm., sem á einnig sæti í n. og tók þátt í öllum umr. um málið og vissi yfirleitt, hvað fyrir n. vakti, og nú kemur hann á síðasta stigi málsins hér í d. með till., sem við vitum ekki nokkurn hlut um hvað er, og ég mun greiða atkv. gegn þessari till., vegna þess að ég veit ekki, um hvað hún er eða hvað hún felur í sér, vegna þess að það hefur ekki verið tækifæri til þess að athuga það og það hefur þersýnilega ekki verið ætlun hv. þm. að láta athuga það.

Varðandi það, sem hv. þm. Barð. sagði um það, að við hefðum sérstaka andúð á till. hans vegna þess, að við hv. þm. N-M. bærum hag kaupfélaganna fyrir brjósti, er það nú sannast að segja, að okkur láðist nú í þessu efni að hugsa nokkuð um kaupfélögin sérstaklega, og ég ætla að upplýsa það, að aðalandstæðingar till. hans á fundum n. voru flokksmaður hans sjálfs og auk þess hæstv. viðskmrh., sem kom á fund n., en aftur á móti hafði t. d. hv. þm. N-M. mjög mikla tilhneigingu til þess að vera með till., en gerði það ekki við nánari athugun, þannig að það verður nú víst ekki sagt, að í þessu máli höfum við verið að reyna að standa vörð um kaupfélögin; það hafa þá aðrir verið að gera, ef þetta er rétt, sem hann segir hér um þeirra vöruverð.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta meira. Ég tel réttast, að málið gangi til atkv., en langar bara til að segja um það, sem hv. þm. Barð. sagði um sína till., að hún verður æ óskiljanlegri, því meira sem hann ræðir um hana, því að það er bersýnilegt, að hann telur allt annað felast í henni heldur en orðanna hljóðan segir til um. Að minnsta kosti gátum við ekki skilið till. öðruvísi en svo, að ef birt er nafn manns fyrir það, að hann hefur haft óhóflega álagningu, þá skuli samtímis og til samanburðar birta nöfn annarra, sem hafa lægsta álagningu á sams konar vöru — og það þýðir: sama vöruflokki, sömu vörutegund — á sama tíma. Það er ekkert annað, sem stendur í till. En nú vill hann eiginlega fá allt annað út úr þessu, eins og það sé verið að tala um vöruverð almennt, og meira að segja kom það fram hjá honum núna, sem ég hygg nú kannske að hafi ekki verið meining hans, en illgjarnar tungur mundu túlka svo, að hann mundi ætlast til þess, að till. hans orkaði í þá átt, að ef um væri að ræða mann, sem hefði okrað ákaflega mikið á einni vörutegund, þá gæti hann sloppið við að fá birtingu nafns síns fyrir það, að hann hefði á einhverjum allt öðrum vörutegundum haft lægra verð. Þetta kemur nú ekki fram í till., en þetta var nú núna síðast sá skilningur, sem hann virtist vilja í hana leggja, og hygg ég, að þetta geri það eins ljóst og bara ræður okkar hinna, sem ekki höfum talið till. framkvæmanlega, hversu óframkvæmanleg hún er.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hneykslaðist mjög á þeim ummælum, sem ég hafði hér í fyrri ræðu minni, á þá leið, að ófremdarástand væri í verðlagsmálunum hér eins og sakir standa. Hann vildi ekki kannast við þetta og taldi, að þetta stafaði bara af minni vanþekkingu og að hinu leytinu mundi ég byggja þessi ummæli aðeins á þeim fáu dæmum, — hann kallar það alltaf fá dæmi, — sem uppvís hafi orðið um óhæfilega álagningu. Ég minntist nú að vísu á það áður, að þessi dæmi eru ekki fá, heldur eru þau mýmörg, og nefndi það sem dæmi um það, hversu erfitt væri að fela hæstv. ráðh. einum úrskurðarvald um það, hvað ætti að telja óhæfilega álagningu og hvað ekki. Hins vegar skal ég segja hæstv. ráðh. það, að þó að ég hafi enga sérþekkingu í verzlunarmálum, eins og hann hefur, og hafi þá heldur ekki stundað slíkan atvinnuveg sem hann hefur gert, þá

þarf enga sérþekkingu til þess að komast að því, hvernig verðlagið er hérna í landinu eins og sakir standa. Maður þarf ekkert annað en að ganga í búðirnar, og það er órækasti votturinn um það, að verðlag hér hefur ekki lækkað við það, að það var gefið frjálst, eins og hæstv. ráðh. segir, heldur hefur það stórhækkað. Um það þarf ekki að leita til neinna sérfræðinga.

Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta, en það er aðeins viðvíkjandi þeim ummælum, sem fallið hafa hér um þá skriflegu till., sem ég flutti hér áðan. Hv. 1. þm. N-M. skar yfir einn kamb þessa till. mína og till. hv. þm. Barð. og taldi, að þó að hugsunin, sem á bak við fælist, væri viðurkenningarverð, þá gæti hann ekki verið með þeim vegna erfiðleikanna á framkvæmdinni. Og í því sambandi féllu honum orð m. a. á þá leið, að það væri yfirleitt ekki hægt að ná til þeirra, sem hefðu lægst verð, vegna þess, hvernig háttað væri með reglurnar um álagningu. Ég hélt ég hefði tekið það nægilega skýrt fram áðan, þegar ég flutti till., að það var einmitt þetta, sem ég hefði á móti till. hv. þm. Barð., að hún er eins og hinar till. miðuð við álagninguna. En mín till. er aftur á móti alls ekki miðuð við álagninguna, heldur beint við verðlagið á vörunum. Og ég held, að það sé hreinn misskilningur hjá hv. þm. N-M., ef hann álítur, að það sé ekki hægt að framkvæma þá till. og að það sé yfirleitt ekki hægt að ná til þeirra, sem lægst verð hafa. Það er þvert á móti tekið skýrum stöfum fram í 1. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, að verðgæzlustjóri skuli fylgjast með verðlaginu í landinu, ekki sérstaklega álagningunni, heldur skuli hann fylgjast með verðlaginu í landinu. Og mín till. er einmitt byggð á þessari skyldu verðlagsstjóra. Hann á samkv. lögunum að fylgjast með verðlaginu, og þess vegna hlýtur það að vera auðvelt fyrir hann að geta gefið upplýsingar um verðlagið. Og það er það, sem ég er að reyna að ná með minni till., að almenningur eigi þess kost vegna starfs þessa opinbera starfsmanns, sem hann auðvitað verður að standa straum af eins og öðrum opinberum starfsmönnum, að njóta þess góðs af starfi hans að fá upplýsingar um verðlagið á þann hátt, sem till. felur í sér, að um það verði birt skýrsla með tilteknu millibili, þar sem almenningur fái frá öruggum heimildum upplýsingar um verðlagið, ekki álagninguna á vöruna, heldur verðlagið á þeim tíma, sem skýrslan nær yfir. Og það held ég að sé öruggasta ráðið, eins og ég gat um áðan, til þess að stofna til þeirrar samkeppni, sem hér virðist vera full þörf á um það, að verzlanirnar haldi verðinu niðri, ekki bara álagningunni, heldur sjálfu verðinu.

Hv. 8. þm. Reykv., formaður allshn., lét í ljós óánægju yfir því, að ég sem nm. skyldi flytja hér skriflega till. við síðustu meðferð málsins hér í d., en ekki hafa borið hana fram í n. Það er alveg rétt, að það hefði verið ákjósanlegra, að till. hefði komið fram þegar í n., og á það drap ég nú að vísu í minni fyrri ræðu einnig, en hitt vil ég benda á, að í n. lét ég mjög greinilega í ljós, að ég væri fylgjandi þeirri hugsun, sem fælist í till. hv. þm. Barð., og fyndist hún í raun og veru aðgengilegust af þeim till., sem þarna lágu fyrir, þó að einnig væru á henni annmarkar. En það virtist hins vegar ekki vera neinn samkomulagsgrundvöllur fyrir hendi í n. um þá till. eða um breytingar á henni, og þess vegna er það, að ég ber þessa till. hér fram skriflega og alveg í samræmi við þá skoðun, sem ég hafði látið í ljós í n. Hitt þykir mér nú furðulegra, að þessi hv. þm. og formaður n. lýsir því yfir, eftir að þessi till. hefur þó verið lögð hér fram og rædd og lesin yfir a. m. k. tvisvar sinnum, að þá viti hún alls ekki, um hvað till. fjallar, og hitt þykir mér enn þá furðulegra, eftir að hún hefur gefið þessa yfirlýsingu, að hún skuli þá lýsa sig andvíga því, að umr. sé frestað, til þess að n. geti fjallað um till. og þessi hv. þm. meðal annars þá komizt að raun um það, um hvað till. fjallar. Og þó að ég hefði ekki ætlað mér að gera það, þá vil ég nú, eftir þessa yfirlýsingu, taka undir ósk hv. þm. Barð. um það, að umr. verði frestað og n. gefinn kostur á því að athuga till., áður en málið verður endanlega afgr. héðan úr deildinni.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 42, 154, 165, 216, 217, 232, 241).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það varð að samkomulagi, þegar umr. var frestað um þetta mál síðast, að allshn. tæki til athugunar brtt. á þskj. 232. N. hélt fund um þessa brtt. og ræddi við verðgæzlustjóra um hana og möguleika á framkvæmd hennar. Árangur þessara viðræðna og þessa fundar varð till. á þskj. 241, sem er borin fram af allshn. Og jafnframt gat tillögumaður þess í n., flm. brtt. á þskj. 232, að hann mundi taka sína till. aftur, þar sem öll allshn. stóð að brtt. á þskj. 241, en hún er um það, að á eftir 2. gr. í frv. komi ný gr., er orðist svo:

„Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á.“

Taldi verðgæzlustjóri, að þetta mundi vera tiltölulega auðvelt í framkvæmd, þegar ekki væri miðað við svo mjög marga vöruflokka og þegar ekki þyrfti að taka upp nöfn hverrar einustu verzlunar, sem hefði víst þurft að gera samkv. till. á þskj. 232. **(Gripið fram í:** Hefur þessi till. verið sýnd viðskmrh.?) Ég vil upplýsa það, að þessi till. hefur nú ekki verið sýnd honum, en hann taldi samt, að málið væri samkv. eðli sínu framkvæmanlegt. Það er nú verst, að hann skuli ekki vera hérna. **(Gripið fram í:** Er ekki nauðsynlegt að bera það undir viðskmrh.?) Jú, það er nú sjálfsagt rétt. Við bara ræddum það við verðgæzlustjóra.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 20. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Þegar mál þetta var hér til þessarar umræðu fyrst, þá var

því skotið fram af hæstv. dómsmrh., hvort hæstv. viðskmrh. vissi um þá till., sem allshn. hefur borið fram á þskj. 241, og gat ég þess þá, að viðskmrh. mundi vera kunnugt um efni till., þótt ekki hefði verið ráðgazt við hann um till. eins og hún lá fyrir. Nú hef ég sýnt honum þessa till., og hann segist fyrir sitt leyti ekkert hafa við samþykkt hennar að athuga.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur nú hent mig eins og of oft skeður að dómi hæstv. forseta, — ég hef ekki getað verið við allar þessar umræður, — en mér skilst, að það sé skilsmunur á till. hér frá hv. þm. Barð. annars vegar og hv. þm. N-M. hins vegar, aðallega sá, að annar vill, að það sé einnig birt, hverjir hafa lægsta álagningu, en hinir vilja halda sér að því, að það sé einungis birting á hæstu álagningu, þeirri, sem talin er óhæfileg. Nú þætti mér fróðlegt að heyra, hvaða rök eru á móti því, að almenningur fái einnig vitneskju um þá álagningu, sem lægst er. Mundi það ekki vera bezta leiðbeiningin fyrir menn að fá vitneskju um það, hverjir selja ódýrast? Eða eru einhverjir tæknilegir gallar á þessu? Og eru þá meiri tæknilegir gallar á því heldur en hinu, að birta yfirleitt nokkuð um málið? Mér skilst, að það hljóti að vera jafnauðvelt að gera sér grein fyrir, hver sé lægstur, eins og hver sé hæstur. Og þar sem ætlunin er auðvitað ekki sú að reyna að ná sér niðri á einhverjum einstökum mönnum í þessu sambandi, heldur veita mönnum aðhald og örva til eðlilegrar keppni á annan bóginn og á hinn að veita almenningi leiðbeiningu um, hverja beri að forðast, og þá ekki síður hitt og allra helzt, hverja helzt beri að sækja að viðskiptum, þá finnst mér, að brtt. hv. þm. Barð. beri af, og meðan ég heyri ekki rök á móti, þá mundi ég telja rétt að styðja hana.

ATKVGR.
Brtt. 232 tekin aftur.
— 165 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, BBen, GJ, JJós.
nei: PZ, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BrB, FRV, GÍG, HG, BSt.
LJóh greiddi ekki atkv.
2 þm. (KK, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 154 tekin aftur.
— 217 felld með 11:3 atkv.
— 216 samþ. með 8:5 atkv.
— 241 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 268).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og hefur tekið lítils háttar breyt. frá því, sem það var lagt fyrir. En frv. er til staðfestingar á brbl. Breyting sú, er frv. hefur tekið í Ed., kemur fram í 2. og 3. gr. þess. 2. gr. er breytt þannig, að í staðinn fyrir að um heimild var að ræða í frv., þá er gert að skyldu að birta nöfnin samkv. breyt. Ed. Enn fremur er bætt inn nýrri grein, sem verður hér 3. gr. og segir, að verðgæzlustjóri skuli mánaðarlega birta skýrslur, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á. Ég fyrir mitt leyti hef ekki miklar athugasemdir að gera við þessar breytingar, eins og ég gat um við umr. í Ed., en ég vildi gjarnan láta það koma hér fram, um leið og frv. kemur hingað í d. til umr. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Áður en mál þetta fer til n., langar mig til þess að beina fáeinum fyrirspurnum til hæstv. viðskmrh. Í gildandi l. er ráð fyrir því gert, að viðskmrn. hafi heimild til þess að birta almenningi upplýsingar um það, ef milliliðir gerast sekir um óhóflega álagningu. Engin birting á nöfnum þeirra, sem gerzt hafa sekir um slíkt, hefur enn átt sér stað. Og mér vitanlega hefur hæstv. viðskmrh. ekki enn þá gefið neinar upplýsingar um það, hvaða álagningu hann telur óhóflega. Nú er gert ráð fyrir því í þessu lagafrumvarpi, að þessi heimild verði gerð að skyldu, og er það vissulega ekki að ástæðulausu, að heimildinni er breytt í skyldu. En þeim mun ríkari ástæða er til þess að fá um það glögga vitneskju, hvað hið háa viðskmrn. telur óhóflega álagningu.

Í síðustu skýrslu verðgæzlustjóra eru mörg dæmi um álagningu. Þar er t. d. skýrt frá 29½% heildsöluálagningu á léreft. Þar er skýrt frá 32.3% heildsöluálagningu á bómullarefni, frá 28.4% heildsöluálagningu á aðra sendingu af bómullarefni og 38.3% heildsöluálagningu á þriðju sendinguna af bómullarefni. Þar er skýrt frá 27% álagningu á borðdúka í heildsölu. Þar er skýrt frá 35% álagningu á tvinna og 34% heildsöluálagningu á aðra sendingu af tvinna. Þar er skýrt frá 34% heildsöluálagningu á raksápu, og þar er skýrt frá 42% heildsöluálagningu á aðra tegund af sápu. Þar er skýrt frá álagningu á sokka frá 21% og upp í 70% í heildsölu. Þar er skýrt frá 70% heildsöluálagningu á kvenveski, og þar er skýrt frá 60% heildsöluálagningu á fótbolta. Ég gæti haldið áfram alllengi að lesa slíkar tölur um álagningu í heildsölu, sem ég held að allur almenningur og raunar kaupsýslumenn líka hljóti að telja óhóflega. Ég undrast það mjög, ef hið háa viðskmrn. er á annarri skoðun um þetta efni.

Áður en mál þetta fer til nefndar, er nauðsynlegt að vita, hvernig nefnd á að taka á því, að það fáist skýrt og greinilega úr því skorið, hvort hæstv. viðskmrh. telur þessa álagningu, sem hans eigin embættismaður hefur birt opinberar upplýsingar um, hóflega eða óhóflega. Það þýðir náttúrlega ekki fyrir Alþ. að leggja skyldu á hið háa viðskmrn. til þess að birta upplýsingar um óhóflega álagningu, ef hann teldi hvaða álagningu sem er vera hóflega. Þá verður Alþ. auðvitað að setja skýr og glögg ákvæði inn í frv. um það, hvað skuli teljast óhófleg álagning. Þess vegna tel ég, að meðferð þessa frv. í n. hljóti

að verða komin undir því, hvað hæstv. viðskmrh. vill segja um skoðun sína á því, hvað sé óhófleg álagning, og hvernig hann hugsar sér að framkvæma þá skyldu, sem Ed. er nú búin að leggja ráðuneyti hans á herðar.

Það voru birtar um það upplýsingar í blöðum fyrir nokkrum vikum, að viðskmrn. hefði í undirbúningi birtingu á nöfnum nokkurra manna, sem það teldi hafa gerzt seka um óhóflega álagningu. Síðan hefur alllangur tími liðið, og engin slík opinber skýrsla hefur birzt um málið. Mig langar enn fremur til þess að spyrja: Hvað veldur þessu? Er birting einhverra slíkra nafna í aðsigi eða ekki? Hafi slíkt birting verið fyrirhuguð, en verið hætt við hana, hver er þá orsökin til þess?

Svo langt var gengið, að frá því var skýrt í blöðum, að verðgæzlustjóri hefði fengið fyrirmæli um það að birta nöfn, en að hann skyldi skrifa hlutaðeigendum og biðja þá um skýringar á álagningu sinni. Er þetta kannske ástæðan til þess, að dráttur hefur orðið á birtingunni? Er ástæðan einvörðungu sú, að þeim bréfum hafi enn ekki verið svarað, og er þannig von á birtingunni, eða hefur af einhverjum ástæðum verið hætt algerlega við hana? Þetta tel ég alveg nauðsynlegt að upplýst verði í málinu, áður en það fer til n., og vona, að hæstv. viðskmrh. gefi hér glögg og skýr svör.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Það lítur nú út fyrir, að hv. þm. hafi hugsað sér að fara í eldhúsumræður út af þessu máli og taka það upp á ný. Hann er þó nýbúinn að tala um það hér í d. Miklu af því, sem hann hefur borið fram nú, hefur verið svarað, og hann hefði getað heyrt það, ef hann hefði nokkuð fylgzt með umr. í Ed. Þetta kom talsvert fram í umr. þar. En það er sýnilegt, að sá rosti, sem hv. þm. hefur sýnt hér í þessari umr., er nákvæmlega sá sami og hv. flokksmenn hans sýndu í Ed., nákvæmlega sama línan, sem hann fylgir í þessu eins og þeir gerðu þar. Þannig er aðeins endurtekinn hér í deildinni sá leikaraskapur, sem flokksbræður hans sýndu í Ed. Ég skýrði þar frá því, að birting nafnanna mundi verða framkvæmd. Ráðuneytið gerir ekki annað í þessu efni en að gefa verðgæzlustjóra fyrirmæli um, að nöfnin skuli birt. Hann hefur verið að undirbúa þetta. Hann hefur ekki viljað birta nöfnin, nema því aðeins að hann væri viss um, að hér væri maklega og rétt skýrt frá, en að ekki væru teknir með þeir menn, sem ekki verðskulduðu birtinguna. Það hefur m. a. komið á daginn með nokkur dæmi um vörusendingar, sem teknar hafa verið á þá lista, sem birtir hafa verið af verðgæzlustjóra, að verðið er á misskilningi byggt, og hefur það verið leiðrétt. Í öðru lagi hefur það einnig komið fram, að um verðjöfnun hefur verið að ræða, sams konar og verðgæzlan frá byrjun hefur viðurkennt. En það, sem verðgæzlan í framkvæmd hefur viðurkennt öll þessi ár, er auðvitað ekki hægt að fara að dæma menn fyrir nú, og er sjálfsagt að taka það til greina.

Ég ætla ekki að svara fyrirspurn hv. þm. um það, hvað ég telji hæfilega eða óhæfilega álagningu. Nefndin athugar sitt mál og tekur sínar ákvarðanir. Ef hv. þm. á sæti í n., þá getur hann komið sínu máli þar fram. Hann getur líka tekið málið upp, ef hann vill, við síðari meðferð málsins í d. — Hann las upp lista yfir álagningu á nokkrar vörutegundir og sagðist mundu geta lesið í langan tíma enn, ef honum biði svo við að horfa. Ég held nú, eftir því sem mér er kunnugt um þennan lista, að hv. þm. hafi ekki skilið mikið eftir, svo að hann hefði ekki getað treint sér miklu lengur ræðutíma sinn, ef hann hefði átt að halda áfram að lesa um óhóflega álagningu. Það er alveg rétt, að þarna eru viss dæmi, sem er viðurkennt að sýni of háa álagningu. En það er bara ekki meginhlutinn af álagningunni. Meginhlutinn af álagningunni á vörum í landinu er, eins og ég hef alltaf tekið fram, hóflegur. Sú athugun, sem gerð var nýlega víðs vegar úti á landinu á öllum helztu neyzluvörum, sýndi það, að ekki voru nema tvö dæmi um óhóflega álagningu. Hitt var mjög sanngjörn og hófleg álagning. Álagning á matvöru, sem nýlega var tekin sem dæmi í athugun verðgæzlustjóra, í vörusendingum, er námu mörgum millj. kr., var hér um bil nákvæmlega eins og þegar hún var lægst undir verðgæzlunni. Og þó hefur það verið viðurkennt, meira að segja af hv. þm. sjálfum, að sú álagning hafi verið allt of lág. En þarna kemur fram svart á hvítu, að álagning á matvörunni er ekki hærri en hún var áður. En hv. þm. dettur ekki í hug að minnast á það. Honum dettur ekki í hug að minnast á það, að einhverjir séu, sem leggja hóflega á, og það mestur hluti af verzlunum í landinu. En hitt náttúrlega básúnar hann, hans blað og hans flokkur, ef einhver brýtur af sér, þó að það sé ekki nema 5% af því, sem athugað er. Og náttúrlega getur það út af fyrir sig ekki ráðið verðlaginu í landinu. Hitt skal ég viðurkenna, að leiðinlegt er, að það skuli koma fyrir, að innflytjendur og verzlanir misnota þetta frelsi, sem þeim hefur verið gefið, misnota það í nokkrum tilfellum.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta mál nú. Það verður vafalaust nægur tími til að tala um það síðar. Og er víst ekki nein hætta á því, að hv. þm. eða hans flokkur hætti við að halda þessu máli á loft, því að þetta er eitt af því fáa, sem þeir hafa að tala um.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa 1. umr. um málið að ráði og alls ekki gera hana að neins konar eldhúsumr. yfir hæstv. viðskmrh., en hann virðist fátt óttast meira, þar eð það kemur hér varla nokkurt mál, sem hann snertir, til umr., án þess að hann hafi orð á því, að stjórnarandstaðan sé að reyna að gera málið að eins konar eldhúsumr. yfir sér.

Annars verð ég að segja það, að inntakið í helztu ræðunum, sem hæstv. ráðh. flytur um þau mál, sem snerta hans verkahring, er eiginlega næsta undarlegt. Fyrir nokkrum dögum var til umr. till., sem fjallaði um iðnaðarmál, — hæstv. ráðh. er sem kunnugt er iðnaðarmálaráðh., — og niðurlagsorðin í ræðu hans um það mál voru, sem frægt er nú orðið: Það er allt í lagi í iðnaðinum. — Inntakið í ræðunni var þó að skýra frá því, að vinnustundum í iðnaði hefði nú á skömmum tíma fækkað um hvorki meira né

minna en 12%, sem svarar til þess, að um 3% fækkun á vinnustundum í landinu í heild væri að ræða, þ. e. a. s. gífurlega aukningu atvinnuleysis. Þrátt fyrir þetta vildi hæstv. ráðh. segja, að allt væri í lagi í iðnaðinum og ekki ástæða til að kvarta yfir neinu á því sviði. Dálítið svipað segir hann nú um verðlagsmálin. Þó að hann sé sjálfur að játa það í ræðu sinni, að skýrslur hans eigin embættismanns, verðgæzlustjóra, sýni óhóflega okurálagningu á hverjum vöruflokknum á fætur öðrum, þá eru samt sem áður ályktunarorðin í ræðu hans þessi: Það er allt í lagi í verðlagsmálunum. — Þannig er allt á eina bókina lært hjá hæstv. viðskmrh. Jafnvel þó að hann játi með öðru orðinu, að mikil mistök eigi sér stað í þeim málefnaflokkum, sem undir hann heyra, þá lýkur hann ræðum sínum samt með því að segja: Það er allt í bezta lagi.

Hæstv. ráðh. gaf engin skýr svör við því, hvaða skilning hann ætlaði að leggja í það, hvað væri óhófleg álagning. En ég endurtek það og vil beina því sérstaklega til þeirrar n., sem þetta mál fer til, að það nær engri átt, að Alþ. skyldi ríkisstj. til þess að birta upplýsingar um það, hverjir leggi óhóflega á, nema ríkisstj. skýri jafnframt frá því, hvaða skilning hún ætlar að leggja í það, hvað sé óhófleg álagning. Skyldan hlýtur að þýða það, að Alþ. vill láta almenning fá vitneskju um það, ef óeðlilega er lagt á vörur, og þá dugir ekki að láta ríkisstj. komast upp með það að hafa í sæti viðskmrh. mann, sem kannske ætlar að telja það hóflegt, þó að lagt sé 100—200% á í heildsölu. En meðan hæstv. ráðh. fæst ekkert til að segja um það, hvað hann ætlar að skoða óhóflega álagningu, þá veit maður ekkert nema hann kynni að samþykkja það, þó að lagt væri 100 eða 200% á í heildsölu. Og úr þessu verður að fást skorið, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að skilja lögin. Annars er óhjákvæmilegt að setja skýrari ákvæði inn í þau.

Þegar talað er um það, hvað skuli teljast óhófleg álagning, eru tveir möguleikar fyrir hendi. Annar er sá að ákveða eitthvert hámark á álagningu, hún megi ekki fara fram úr vissu marki í % eða kr., allt, sem er þar umfram, skuli teljast óhófleg álagning. Hinn möguleikinn er svo sá að miða við síðustu verðlagsákvæði og segja: Ef álagning kaupmanns hækkar um svo og svo mörg % eða svo og svo margar kr. umfram það, sem álagningin var síðast, meðan verðlagsákvæði voru í gildi, þá skal það teljast óhófleg álagning. — Annað hvort verður auðvitað að gera. Það er ekki hægt að hafa þetta algerlega á valdi hæstv. ráðh. eins. Það hefur reynslan undanfarið sýnt.

Ég frétti fyrir fáeinum dögum um tvo kaupsýslumenn, sem höfðu fengið tilmæli um það frá verðgæzlunni að gefa skýringar á þeirri álagningu, sem þeir höfðu beitt og hafði orðið þess valdandi, að athygli verðgæzlunnar beindist að þeim og þeir höfðu komizt á þennan lista, sem birta ætti opinberlega. Ég heyrði eftir þeim, að þeir hefðu gefið skýringar á því, hvers vegna þeir hefðu lagt svona mikið á, og ég heyrði jafnframt eftir þeim, að þeir teldu allar líkur benda til þess, að þær skýringar yrðu teknar gildar og nöfn þeirra yrðu þess vegna ekki birt, þó að álagningin í heildsölu væri mjög há. Ég heyrði enn fremur eftir þeim, að þeir hentu gaman að þessu öllu saman og segðu, að þetta væri eiginlega hálfgerð grínsaga allt saman. Fyrst heyrðu þeir, að þeir væru komnir á einhvern okurlista, sem ætti að fara að birta almenningi, og mér skilst, að þeir játuðu það, að þeir hefðu ekkert sérstakt við það að athuga, eða það væri ekkert óeðlilegt, að eftir þessari háu álagningu þeirra hefði verið tekið, en svo gæfu þeir skýringar, sem væru málamyndaskýringar, og þar með væri málinu lokið. Og annar þeirra mun hafa látið athugasemdir falla um það, að það væri engin hætta á því, að hvorki nafn hans né nokkurs annars manns yrði nokkurn tíma birt að öllu óbreyttu, þar sem svona auðvelt væri að kveða þetta í kútinn.

Þetta, sem ég nú hef skýrt frá, bendir skýrt og ótvírætt til þess, að málið má ekki vera eins og það hefur verið undanfarið, og Alþ. getur ekki heldur sætt sig við það, að málið sé afgr. eins og hér er lagt til í þessu frv. Það er ekki hægt að leggja það á vald hæstv. viðskmrh. að skera úr um, hvað skuli teljast hófleg álagning. Það verða að koma skýr ákvæði í l. um það, hvernig það skuli skilið.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér og okkur Alþfl.-mönnum væri ekki gjarnt að tala um þá álagningu, sem væri hófleg, og nefndi matvöruálagninguna í því sambandi. Það er alveg rétt, að hvorki ég né flokksbræður mínir hér á Alþ. hafa kvartað yfir matvöruálagningunni, enda er það sannast mála, að á því sviði er samkeppni langsamlega hörðust og mest. Og ég hef aldrei borið á móti því, að ef samkeppnin gæti verið raunverulega frjáls, þá gæti það dugað til þess að halda álagningunni niðri. En hitt er annað mál, að ég sé enga ástæðu til þess að þakka það alveg sérstaklega, þó að álagning sé hófleg. Hitt er miklu eðlilegra, að undan því sé kvartað og á það sé bent, ef álagning er óhófleg. Og það hefur sannarlega ekki skort dæmi um það, eins og ég nefndi áðan. — Annars segir hæstv. ráðh., að það, sem við Alþfl.-menn tölum um, séu einvörðungu einstök dæmi, sem hann í sjálfu sér vildi ekki bera á móti að væru ekki góð, en yfirleitt sé álagningin hófleg, yfirleitt sé allt í lagi í þessum málum.

Þá vil ég enn einu sinni benda hæstv. ráðh. á það, sem ég hef áður margbent honum á, að vefnaðarvöruálagningin hefur þrefaldazt frá því, að verðlagsákvæði voru síðast í gildi. Verðlagsyfirvöld voru búin að tvíhækka þá vefnaðarvöruálagningu, sem er rétt að ég taldi orðna of litla, og þá taldi ég hana vera orðna sómasamlega og alla milliliði geta verið fullsæmda af þeirri álagningu. Samt sem áður var hún gefin frjáls, og með hvaða árangri? Allar skýrslur verðgæzlustjóra, sem birtar hafa verið, hafa sýnt sömu niðurstöðu. Álagningin hefur þrefaldazt að prósenttölu. Í krónutölu reiknað hefur hún meira en þrefaldazt, vegna þess að grundvallarverðið, sem á er lagt, hefur vaxið mjög verulega. M. ö. o., milliliðum í heildsölu hefur tekizt að meira en þrefalda tekjur sínar í krónutölu reiknaðar, á sama tíma sem tekjur launamanna hafa ekki aukizt nema að meðaltali um

50%. Og það er þetta, sem hæstv. viðskmrh. telur hóflegt og eðlilegt, þegar milliliðir í heildsölu eiga í hlut. Ég veit, að hann telur þreföldun á peningatekjum ekki hóflega, þegar launastéttir eiga í hlut.

Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar og ekki heldur gera neina tilraun til þess að gera meðferð þessa máls, hvorki við 1., 2. né 3. umr., að neins konar eldhúsdegi yfir hæstv. ráðh. Hann þarf ekki að óttast það. Það kemur eldhúsdagur á sínum tíma, og það er áreiðanlega ástæða fyrir hann að óttast hann.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Mig furðaði nokkuð á þeirri fullyrðingu, sem hv. þm. hafði um heiðarleik verðgæzlunnar, er hann sagði, að tveir kaupsýslumenn hefðu verið að státa við sig af því, að þeir hefðu gefið málamyndaskýringu, þ. e. a. s. skýringu, sem engin skýring var, og hún hefði strax verið tekin gild. Þetta sýndi meðal annars, hvernig verðgæzlan rækti starf sitt. Ég verð nú að segja það, að ég hef ekki orðið var við, að verðgæzlunni hafi verið nokkurn tíma borið á brýn, hvaða ríkisstjórn sem hér hefur setið, að hún rækti ekki starf sitt eftir beztu getu og samvizkusamlega. En hér er hv. þm. að bera henni þetta beinlínis á brýn og koma með svona slúðursögu inn í þingið. Ég verð að segja það, að ég ber fyllilega brigður á, að hv. þm. hafi talað eftir beztu vitund, þegar hann sagði frá þessu. (Gripið fram í.) Já, það má gjarnan birta þessi nöfn, og ég skora á þm. að gefa upp, hverjir þessir menn eru, svo að hægt sé að ganga úr skugga um það, að þeir hafi haft þessi orð um verðgæzluna.

Ég sé nú ekki, að hv. þm. hafi mikla ástæðu til þess að ráðast að mér með hrópum fyrir það, að ég vil ekki fara að gefa fyrir fram skýringu á því, hvernig ég ætli að framkvæma lög, sem þingið setur. Ég veit ekki til, að það sé venja þingsins að krefja ráðh. um svör við því, hvernig þeir ætli að framkvæma þau lög, sem þingið hefur í smíðum. Hefur nokkur þm. hér inni vitað til, að slíkur háttur hafi nokkurn tíma verið upp tekinn? Að sjálfsögðu verður viðkomandi ráðh. að framkvæma þau l., sem sett eru, eftir laganna hljóðan og eftir beztu samvizku.

Hv. þm. gat um það, að ég hefði skýrt frá því hér við umr. í gær, að komið hefði fram 12% rýrnun á vinnuvikum iðnaðarins frá árinu 1949 til ársloka 1951. Og hv. þm. kemur með það kynduga dæmi, að þessi 12% starfsrýrnun í iðnaðinum á þessu tímabili þýði 3% atvinnuleysi í öllu landinu. M. ö. o., skýringin hlýtur að liggja í því, að það séu nálægt 40 þús. manns í iðnaði á landinu, verksmiðjuiðnaði og öðrum þess háttar smáiðnaði. Ég er nú hræddur um, að reikningur hv. þm. mundi ekki reynast alveg réttur, ef þetta væri skoðað ofan í kjölinn. Og vafalaust hefur hann kastað þessu fram í ógáti og hefur alls ekki meint það. En eins og ég gat um í gær, þá stafar mikið af þessari vinnurýrnun í iðnaðinum af því, að atvinnan við svartamarkaðinn lagðist að miklu leyti niður, atvinna við svarta markaðinn, sem hv. stjórn Alþfl. varð að horfa upp á í sinni stjórnartíð. (Gripið fram í.) Já, það var til svartur markaður á þessu tímabili, og hann sýndi sig meðal annars í því, að hér þutu upp saumastofur eins og gorkúlur á haug, vegna þess að svo að segja ekki ein einasta alin af innfluttu lérefti og annarri algengri vefnaðarvöru komst nokkurn tíma í búðirnar, heldur á saumaverkstæðin. Og eftirspurn eftir fólki á þessi verkstæði var meiri en nokkurn tíma hafði þekkzt áður. Þegar svo húsmæðurnar gátu keypt vefnaðarvöru, gátu keypt léreft og flúnel og annað þess háttar og saumað sjálfar föt á börn sín og fjölskyldu, sem þær höfðu áður þurft að kaupa háu verði, þá náttúrlega hrundi þessi svarti markaður. Af þeim sökum stafar talsvert fækkun verkafólks í iðnaðinum á þessu tímabili. Annars virðast ekki þær atvinnuleysisskýrslur, sem hafa verið teknar hér í Reykjavík nýlega, sanna það, að um mikið atvinnuleysi í iðnaðinum sé að ræða, svo að hv. þm. getur ekki notað þetta sem grundvöll fyrir þær árásir, sem hann og flokkur hans hefur haldið uppi á ríkisstj. í sambandi við þetta mál og önnur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. var að reyna að túlka orð mín svo, að ég bæri vantraust til verðgæzlunnar. Það er alveg rangt. Ég ber fyllsta traust til verðgæzlustjórans, að svo miklu leyti sem ég þekki til starfa hans og starfsmanna hans. Það hef ég margsagt áður. Og ekkert, sem ég sagði áðan, getur með réttu skilizt þannig, að ég treysti ekki þeim embættismanni og þeim embættismönnum, sem þar starfa, í hvívetna. Það er útúrsnúningur á orðum mínum. Ég ber ekki vantraust til verðgæzlunnar. Ég ber vantraust til hæstv. viðskmrh. Þannig ber að skilja allt, sem ég sagði um málið, og það gera fleiri en ég, það má hæstv. ráðh. vita.

Ég sagði í ræðu minni áðan, að ég hefði heyrt eftir tveim kaupsýslumönnum, að þeir hefðu óttazt það nokkuð, að nöfn þeirra mundu verða birt á svo kölluðum okurlista, en að þeir hefðu nú fyrir nokkrum dögum varpað öndinni léttar og sagzt mundu vera úr allri hættu. Hæstv. ráðh. skoraði á mig að birta nöfn þessara manna. Ég skal verða við þeirri áskorun, þó að nokkuð síðar verði, á þann hátt, að ef hæstv. ráðh. birtir á næstunni lista yfir menn, sem hafa lagt óhóflega á, og þessa menn vantar á listann, þá skal ég bæta þeim við á hann opinberlega.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. á því stigi, sem þær hafa nú komizt inn á, en ég skrifaði að vísu ekki mjög nákvæmlega það, sem hv. þm. sagði í sambandi við umrædda tvo kaupsýslumenn. En það var á þá leið, að þeir hefðu gefið málamyndaskýringar, sem þeir voru hreyknir af og strax hefðu verið teknar gildar. Ef slíkar málamyndaskýringar, upplognar, eru teknar gildar, þá er það ekki viðskmrn., sem hv. þm. á að ásaka í því tilefni, því að það tekur enga ákvörðun um það, hvort þessar skýringar eru teknar gildar eða ekki. Það er eingöngu verðgæzlan, sem ákveður, hvort skýringarnar eru gildar. Og ef verðgæzlan tekur skýringarnar gildar, þá segi ég, að ekki eigi að dæma mennina, hvort sem skýringin liggur í því, að um verðjöfnun er að

ræða, sem verðgæzlan jafnan hefur tekið gilda samkv. þeim reglum, er hún hefur fylgt, eða hvort um misskilning er að ræða, sem leiðréttur hefur verið, og það kemur í ljós, að mennirnir hafa ekki brotið af sér. Ég vildi bara, að þetta kæmi fram, vegna þess að það, sem hv. þm. sagði í sinni síðustu ræðu, var ekki í samræmi við það, sem hann sagði næst á undan.

Emil Jónsson: Herra forseti. Þau fáu orð, sem ég ætla að segja, eru nú ekki beinlínis um þetta mál, en ég vænti, að hæstv. forseti hafi þolinmæði með mér eins og hæstv. ráðh., sem fór inn á það mál í sinni næstsíðustu ræðu hér áðan. Hann fullyrti, að samdráttur sá, sem orðið hefði í iðnaði, væri eingöngu eða a. m. k. aðallega vegna þess, að nokkrar svartamarkaðssaumastofur hefðu orðið að loka, þegar þær vörur komu á frjálsan markað. Ég fullyrði aftur á móti, að þetta er rangt hjá hæstv. ráðh., og ég skal færa rök að því. Rökin eru þau, að fyrir ári síðan kom nefnd frá félagi verksmiðjufólks, Iðju, hér í Reykjavík og frá Félagi íslenzkra iðnrekenda á fund iðnn. Nd. og sýndi n. lista um fækkun í 7 iðngreinum. Og fækkunin í þeim iðngreinum var, ef ég man rétt, milli sjö og átta hundruð manns, og saumastofurnar voru þó ekki nema ein af þessum 7 iðngreinum, og ég man einu sinni ekki, hvort þær voru mannflestar eða þar væri fækkunin mest. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni hér á miðvikudaginn var, ef ég man rétt, að aukningin í ár, á þeim hluta ársins 1952, sem liðinn væri, hefði verið 58 manns. Ja, svo tók ég eftir. Annars getur hæstv. ráðh. bætt úr þessu og alveg á óyggjandi hátt með því að birta um þetta opinberar skýrslur, ef þær liggja fyrir. Hæstv. ráðh. nefndi hér líka vinnuvikutölu á miðvikudaginn var, þegar þetta mál var til umr., og nefndi þá, að vinnuvikur í iðnaði hefðu verið 115 þús. 1949. Ég athugaði þessa tölu ekki þá í flýtinum, en mér kemur það spánskt fyrir nú við nánari athugun, ef þessi tala nær yfir alla starfsemi í iðnaði, og hygg ég, að það sé alls ekki. Og hvað um þá, sem ekki eru taldir þar? Getur hæstv. ráðh. upplýst það? En hann sagði, og það voru hans óbreytt orð, að fækkun í iðnaði hefði á þessum tveim árum, frá 1949—1951, orðið 12%. Og nú er það vitað, að þriðjungur landsmanna hefur uppihald sitt af iðnaði, og það þýðir þá, ef sá þriðjungur, sem hefur atvinnu af iðnaði, minnkar um 12%, að heildarminnkun í atvinnustundum landsmanna hefur orðið um 4%, — það verður ekki hrakið, — ef skýrsla hans er þá nema partur af því, sem hún á að vera. En það getur hæstv. ráðh. væntanlega upplýst, hvort þessar 115 þús. vinnuvikur ná yfir allt eða ekki, og þá vildi ég gjarnan líka fá að vita, hvað vantar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 268, n. 531, 569).

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég er einn þeirra manna, er vilja hafa frjálsa verzlun og telja óhefta samkeppni í verzlun hagstæðustu viðskiptaaðferð, en ég er í miklum minni hl. um þetta mál innan þings og hef lagt á mig ár eftir ár og þing eftir þing að hlusta — að mestu þegjandi — á margt af því, sem hér hefur verið flutt og hvinið í eyrum manna um verzlunarmál, um höft og bönn og þvinganir, langs og þvers, auk alls hins, um toll ofan á toll og skatt ofan á skatt.

Allt hefur þetta leitt til hærra vöruverðs fyrir almenning en nokkur dæmi eru áður til og nokkur þörf er á, en jafnframt skapað mörgum sinnum fjölmennari verzlunarstétt en þyrfti að vera og um leið gert þann atvinnuveg arðvænlegri en flest eða allt annað í landi voru. Um tolla og skatta á vörum er það að segja, að hjá þeim verður eigi komizt, því að aðaltekjur ríkisins eru teknar á þann hátt og eiga að vera það, en helzt ætti þetta að vera tekið í einu lagi með verðtolli eða a. m. k. á mörgum sinnum einfaldari hátt en gert er. En höftin, bönnin, nefndirnar, leyfin og allt það fargan hefði aldrei átt að vera til. Og ef ég mætti ráða, skyldi því öllu hafa verið sópað burt fyrir löngu. Það hefur yfirleitt allt orðið til þess að gera verzlunina óhagstæðari og vöruverðið hærra fyrir almenning í landinu, en það hefur líka skapað atvinnu fyrir marga menn, og suma vafasama menn. Ég þykist viss um, að hæstv. ríkisstj. og mikill meiri hluti þings ætlar og vill, að þetta haldi áfram, — og sumum þykir aldrei nóg af slíku. Þessu get ég auðsjáanlega ekki varnað. Það verður sem fyrr að hafa sinn gang almenningi til óþæginda og tjóns, þar á meðal verðlagseftirlit, sem nú heitir hinu fáránlega nafni „verðgæzla".

Við vitum nú samt margir, að mismunur á útsöluverði margra vörutegunda milli hinna einstöku verzlana víðs vegar um land er svo mikill oft og einatt, að fullum undrum sætir. En blessuð verðgæzlan og allir hennar menn sitja með sveittan skallann eftir fyrirskipun við að safna skýrslum og skrifa skýrslur um álagningu á vörur í heildsölu og smásölu, eins og það er orðað.

Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 268 um breytingu á verðgæzlulögunum, miðar yfirleitt að því að herða nú betur á og auka eftirlitið, auka verðgæzluna. Fyrst það er ákveðið, að þessi stofnun haldi áfram að starfa, þá þykir mér rétt, að gerð sé tilraun til þess, að hún geri þjóðinni nokkurt gagn. Þess vegna hef ég flutt brtt. við frv., og eru þær á þskj. 569. Þessar till. ganga út á það að koma verðgæzlunni í það horf að verða hjálpartæki til að stuðla að samkeppni milli verzlananna í landinu um vöruverð. Það getur hún því aðeins orðið, að starfsemi hennar miðist öll við það að rannsaka og opinbera útsöluverð á vörum, í stað þess að hanga sí og æ í prósentureikningi um álagningu án tillits til innkaupsverðs. Almenn álagning er aldrei og verður aldrei nema önnur hliðin á því, hvert útsöluverð vörunnar er. Innkaupsverðið er sannarlega eigi minna atriði. En starfsemi hafta og verðlagseftir-

lits hefur frá upphafi vega sinna stutt að því að hvetja alla þá, er verzlun stunda, til að kaupa inn á sem hæstu verði til þess að fá sem mestan hagnað í prósentureikningi álagningarinnar. Verzlunarþekking hefur verið lítils virt á refilstigum haftanna. Hvaða snákur sem er hefur getað grætt á stundum með því að fá leyfi og kaupa inn án tillits til þess, hvar verðið er hagfelldast. Að bera saman útsöluverð er því það aðalatriði, sem ætti að vera verkefni þess auga, sem heitir „verðgæzla“ og sumir halda að sé alltsjáandi.

Í frv. er ákvæði í 3. gr. um mánaðarlegar skýrslur um hæsta verð og lægsta verð, að því er virðist eingöngu hér í Reykjavík. Ég hygg þetta nokkuð langt gengið og raunar óþarft, að heimta verðlagsskýrslur um hver mánaðamót, og legg því til, að þeirra sé aflað og þær birtar á þriggja mánaða fresti fyrir Rvík og Hafnarfjörð, en tvisvar á ári frá öllum helztu verzlunarstöðum annars staðar í landinu. Ég hygg nægilegt að gera þetta svo oft, sé það rétt og samvizkusamlega gert. Þá mundi það gera talsvert gagn til að sýna almenningi, hvernig ástandið er, og vera honum til leiðbeiningar um það, hvar er hagstæðast að verzla á hverjum tíma.

Ég get hugsað mér, að þeir verði andvígir mínum till., sem vilja láta þá hagnast sem mest, er stunda verzlun, og hafa auk þess annarleg sjónarmið um það að nota verðgæzluna sem refsivönd án tillits til þess, hvort það kemur réttilega niður eða ekki. Aðrir hv. þm. ættu, að mér virðist, að geta verið með því að færa þetta frv. í það horf, sem ég legg til. Annars vildi ég beina því til hæstv. forseta að haga því svo til, að atkvgr. um þetta mál verði látin fara fram þegar sem allra flestir þm. eru viðstaddir.

Forseti (SB): Ég vildi spyrja hv. þm. A-Húnv., hvort hann gæti ekki tekið þessa brtt. aftur til 3. umr., vegna þess að frsm. hv. n. er ekki viðstaddur og n. hefur ekki gefizt tækifæri til þess að ræða hana.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, fyrst og fremst til þess að finna að því, að hv. frsm. allshn. skuli ekki vera viðstaddur hér í hv. d. til þess að leggja mál þetta fyrir og gera grein fyrir afstöðu nefndarinnar. Ég hefði raunar talið eðlilegt, að umr. yrði frestað, þangað til hv. frsm. væri viðstaddur og gæti gert grein fyrir nefndarstörfunum. Í öðru lagi finnst mér það miður, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, þegar mál þetta er rætt við 2. umr. Ég hefði gjarnan viljað koma á framfæri við hann fáeinum spurningum varðandi málið.

Við 1. umr. málsins bar ég fram þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvað liði þeim fyrirmælum, sem hann samkv. 2. gr. gildandi laga á að setja varðandi birtingu á nöfnum þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, en í gildandi lögum er svo kveðið á, að verðgæzlustjóra sé heimilt að birta nöfn manna, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu. Jafnframt er lögð sú skylda á ráðh. að setja reglur um þessa nafnabirtingu. Ég spurði um það við 1. umr. málsins, sem fór fram fyrir um hálfum öðrum mánuði, ef ég man rétt, hvað liði setningu þessara reglna og hvenær mætti vænta þess, að verðgæzlustjóri notaði heimild sína til slíkrar nafnabirtingar. Þá fengust engin svör við þessari spurningu. Hæstv. ráðh. sagði, að málið væri í athugun og mjög bráðlega mundi almenningur allur frétta um aðgerðir í málinu. Síðan er liðinn, að því er ég held, hálfur annar mánuður, án þess að ráðh. hafi nokkuð hafzt að, nokkra skýringu gefið almenningi, og að því er mér bezt er kunnugt, ekki heldur þeim þingdeildum, sem um málið hafa fjallað.

Mér leikur mikil löngun á að geta beint um það fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvað þessu máli eiginlega líði, og finnst jafnvel óeðlilegt, að deildin afgreiði málið við 2. umr., án þess að gefizt hafi tækifæri til þess að ræða það við frsm. nefndarinnar og hæstv. viðskmrh.

Forseti (SB): Ég vænti, að hv. þingmenn sjái það, að forseti á engin tök á því að leiða frsm. eða hæstv. ráðh. fram fyrir þá. Hins vegar er það að sjálfsögðu hinn mesti óvandi, þegar frsm. mæta ekki til þess að standa fyrir máli þeirra n., sem hafa falið þeim framsögu. Hins vegar vænti ég, að hv. 3. landsk. gefist tækifæri við 3. umr. málsins til þess að bera á ný fram fyrirspurnir sínar. En ég sé ekki ástæðu til þess að verða við þeirri ósk að fresta umræðum af þessum ástæðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Pálmason: Brtt., sem ég á við þetta frv. á þskj. 569, hefur ekki verið tekin til athugunar í hv. allshn., og í trausti þess, að hv. n. taki þessa till. til athugunar fyrir 3. umr., vil ég gjarnan taka hana aftur þangað til.

ATKVGR.
Brtt. 569 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og ég lýsti hér við 2. umr. um þetta mál, þá flutti ég þá brtt. á þskj. 569, en ákvað, eftir tilmælum hæstv. forseta, að fresta atkvgr. um þessar brtt. til 3. umr. með tilliti til þess, að ætla mætti, að hv. n., sem hefur um þetta að fjalla, gæti fengið aðstöðu til þess að athuga þessar brtt. milli umr.

Nú var það svo við 2. umr., að hv. frsm. n. var ekki viðstaddur, og ég hygg, að svo sé enn, og þess vegna hefur ekki komið neitt í ljós afstaða hv. n. um þessa brtt., en ég held fast við hana og vænti þess, að hv. þdm. geti samþ. hana. En um rök fyrir henni þarf ég ekki að ítreka það, sem ég tók hér fram við 2. umr., nema því aðeins að einhver mótmæli komi fram gegn till.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég verð enn að finna að því, að þetta mál skuli vera til umræðu, án þess að nokkur sé viðstaddur til þess að mæla fyrir afstöðu hv. allshn. til málsins. Það er allsendis óviðunandi, að stjórnarfrv. skuli vera til 2. og 3. umr. hér í deildinni, án þess að mælt sé fyrir því af hálfu þeirrar n., sem málið hefur haft til meðferðar. Jafnvel þótt n. sé sammála, þá eru þetta vinnubrögð, sem ekki á að líða mótmælalaust. Ég sætti mig við það við 2. umr., að málið gengi til 3., án þess að nokkuð heyrðist frá hv. n. og án þess að hæstv. viðskmrh. væri við, en ég vil andmæla því, að málið sé afgr. frá deildinni að frsm. n. og hæstv. viðskmrh. fjarstöddum, eða án þess að nokkuð heyrist frá þeim.

Það, sem mig langaði til að spyrja hæstv. viðskmrh. um og tel mjög eðlilegt að um sé spurt í þessu sambandi, er, hvað líði framkvæmd á 2. gr. þessara l., sem nú eru í gildi. En í 2. gr. er svo ákveðið, að verðgæzlustjóra skuli heimilt að birta nöfn þeirra manna, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og jafnframt er í gr. sú skylda lögð á ráðh. að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar. Ég vil fá að vita, hvort hæstv. viðskmrh. hefur sett slíkar reglur eða ekki. Fyrst hann er hér ekki við, vildi ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n., sem nú er hér kominn inn í deildina, hvort nokkuð hafi verið upplýst um það í n., að þessar reglur hafi verið settar, og hvort von muni vera á því, að einhver slík nafnabirting fari fram.

Varðandi till. hv. þm. A-Húnv. vildi ég nú segja það, að mér finnst hún ekki vera alls kostar skýr. Till. hefst þannig, að verðgæzlustjóri skuli á þriggja mánaða fresti birta skýrslu um útsöluverð á öllum helztu nauðsynjavörum og öllum helztu tegundum byggingarefnis í heildsölu og smásölu í Reykjavík og Hafnarfirði. Ætlast hv. tillögumaður til þess, að birt sé sérhvert verð, sem sérhver vara er höfð til sölu á? Nú er það vitað, að sumar vörutegundir eru boðnar til sölu á fjölmörgu verði. Í 10 mismunandi búðum eru e. t. v. 10 verðupphæðir á sömu vörunni. Á að birta allt þetta? Á að birta meðalverð? Á að birta hæsta eða lægsta verð? Um þetta er ekkert sagt í till., og slíka till. er náttúrlega ekki hægt að samþykkja, meðan þetta liggur ekki ljóst fyrir. Till. þyrfti þess vegna að orða betur, ef ætti að gera hana að l., og ég þarf náttúrlega ekki á það að minna, að með þessu móti yrði stefnt til gífurlegrar skriffinnsku. Nú er það kunnugt, að hv. þm. A-Húnv. er mikill andstæðingur skriffinnsku, og er það út af fyrir sig mjög lofsvert. En með þessari grein er hann held ég að stofna til meiri skriffinnsku í verðgæzlunni en áður hefur þekkzt þar, því að það yrðu ekki stuttir listar, sem yrði að birta opinberlega, ef fara ætti nákvæmlega eftir þessari till. eins og hún er þarna. Það yrðu ekki tugir af línum og tugir af tölum, ekki hundruð, heldur þúsundir af línum og þúsundir af tölum, sem birta yrði á þriggja mánaða fresti, ef till. yrði tekin bókstaflega. Þetta er sem sagt ekki till. um minnkaða skriffinnsku í verðgæzlunni, eins og hans ræða fjallaði um, heldur er þetta till. um stóraukna skriffinnsku í verðgæzlunni. Meining hv. þm. er hins vegar góð. Hann vill gera almenningi kleift að fylgjast sem bezt með því, á hvaða verði kaupmenn og kaupfélög selja vörur sínar, en betur þarf hann að ganga frá till., til þess að þessi góði tilgangur komi almenningi að nokkuru gagni.

Ég vil sem sagt ítreka þá fyrirspurn til hv. frsm. n., hvort n. hafi borizt nokkrar upplýsingar um, hvað líði framkvæmd á þeim l., sem nú eru í gildi, og þá sérstaklega 2. gr. laganna.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allshn. hefur ekki fjallað neitt sérstaklega um þessa till. hv. þm. A-Húnv., eftir að hún var borin fram. Nm. voru sammála um það í öndverðu, að frv. þetta næði samþykki þingsins, og lögðu það til, en áskildu sér hins vegar hver og einn rétt til að flytja og fylgja brtt., sem kæmu fram. Ég tel, að þótt samþykkt væri till. hv. þm. A-Húnv., þá sé engu að síður náð — og kannske með betri hætti — aðaltilgangi frv., og með hliðsjón af þeim fyrirvara, sem í nál. er, þá hygg ég, að ég muni fylgja þessari brtt. við frv.

Varðandi hins vegar þá fyrirspurn til mín, hvað líði framkvæmd þeirra mála, sem hv. 3. landsk. spurði um, í rn., þá hef ég engu þar til að svara, því að rn. hefur ekki gefið allshn. neinar sérstakar upplýsingar um það og mér er um það allsendis ókunnugt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. frsm. n. skýrði frá því, að n. væri ókunnugt um, hvort ráðh. hafi gert tilraun til þess að framkvæma þau l., sem búin eru að vera í gildi í marga mánuði. Hann segir það vafalaust satt, að ráðh. hafi enga skýrslu gefið n. um þetta, en hitt hefði mér ekki fundizt óeðlilegt, að n. hefði spurt ráðh. um það, hvað liði framkvæmd laganna. Þetta eru brbl., sem hér er verið að staðfesta, og mér finnst það satt að segja vera dálítið losaraleg afgreiðsla hjá n., ef hún hefur haft málið til meðferðar og aldrei spurt ráðh. að því, hvort hann hafi framkvæmt l. eða ekki. En ég fæ ekki betur séð en að þessi l. hafi ekki verið framkvæmd, þó að þau séu búin að vera í gildi í marga mánuði. Þessi l. voru fyrst og fremst sett til þess að birta nöfn þeirra aðila, sem eru uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og í þeim var svo ákveðið, að ráðh. skyldi setja nánari fyrirmæli um framkvæmd heimildarinnar.

Ég spurði um það við 1. umr. málsins, hvort þessar reglur væru komnar, hvort þær hefðu verið settar og hvort bráðlega mundi vera von á einhverri birtingu nafna. Ráðh. sagði þá, og það vona ég að allir nm. hafi heyrt: Reglur hafa ekki verið settar enn, en verða settar bráðum, og það er alveg á næstunni von á framkvæmd þessara laga. — Síðan eru liðnar ég held einar 8 vikur, og n. í þessari hv. deild hefur haft málið til meðferðar áreiðanlega í 5—6 vikur, og mér þykir það undarleg vinnubrögð hjá n. að hafa aldrei spurt ráðh. um það, hvort þessi l. eigi að vera pappírsgagn einvörðungu eða hvort þau eigi að framkvæmast. Sé það alveg augljóst mál, að þessi l. eigi að verða pappírsgagn eitt og ekki

koma til framkvæmda, þá er ástæðulaust fyrir þingið að vera að samþ. þau. Og mér þykir það mjög miður, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér viðstaddur, hvorki við 2. né 3. umr. málsins, til þess að svara fyrirspurnum frá þm. varðandi þetta, því að afstaða þeirra til málsins hlýtur að fara eftir því, hvort það er vilji stjórnarinnar að framkvæma l. eða hvort það er vilji stjórnarinnar að framkvæma þau ekki og hafa þessi ákvæði einungis standandi sem pappírsákvæði til þess að geta vitnað í, að það sé nú heimilt að birta nöfn okrara, ef stjórninni býður svo við að horfa, — jafnvel þótt hún væri ráðin í því að birta þau aldrei. Það er þetta, sem við þyrftum að geta spurt hæstv. ráðh. um.

Ég vil því enn ítreka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. þar til hæstv. ráðh. sér sér fært að vera hér við í deildinni til þess að ræða við þm. um málið. Mér finnst óeðlilegt að ljúka bæði 2. og 3. umr. að honum fjarstöddum.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í sambandi við þær aðfinnslur, sem fram komu hjá hv. 3. landsk. um vinnubrögð allshn., hún væri búin að hafa þetta mál svo og svo lengi til meðferðar og hefði ekki spurt ráðh. um framkvæmd þeirrar bráðabirgðalöggjafar, sem þetta frv. er til staðfestingar á, þá vil ég, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, að þetta frv. er flutt upphaflega í Ed. og er búið að vera þar lengi til meðferðar, og það er ekki neitt að sjá á gögnum málsins þar, að nm. þar hafi gert slíkar fyrirspurnir og ekki heldur flokksmaður hv. 3. landsk., hv. 6. landsk., Guðmundur Í. Guðmundsson. Hann skrifar undir nál. meiri hl. þar og mælir með því, að frv. verði samþ., en það er ekki að sjá á gögnunum, að neinar frekari fyrirspurnir hafi verið gerðar. Og ég held, að það sé algerlega ástæðulaust að vera með nokkur svigurmæli í garð allshn. Nd. fyrir það, að hún hafi ekki tekið ráðh. til yfirheyrslu um það, hvernig þessi l. hafi verið framkvæmd.

Mér er persónulega kunnugt um það, þó að n. hafi ekkert um það fjallað, að það er auðvitað fjarri lagi, sem þm. segir, að þessi l. séu ekki enn komin neitt til framkvæmda. Þau hafa verið í öllum aðalatriðum í framkvæmd frá því er þau voru sett. Mér var kunnugt um setningu þessara l., sem voru, eins og fram hefur komið, einn liður í samkomulagi ríkisstj. og launþega á s. l. vori í sambandi við yfirvofandi vinnudeilur þá, og vissulega gerbreyttist aðstaða verðgæzlustjóra og verðgæzlunefndar við þessa löggjöf og það í framkvæmdinni, frá þeim tíma er lögin tóku gildi. Það er þó aðeins um eitt atriði þessa máls, sem spyrja má, af hverju hafi ekki verið birt nöfn manna, sem hafa haft óhóflega álagningu. Út af fyrir sig þarf það, að nöfnin hafa ekki verið birt, ekki að fela í sér neina sönnun fyrir því, að l. hafi ekki verið framkvæmd, og ég held, að það hafi komið fram hér í öðru sambandi á þinginu, að einmitt að þeim málum hefur verið unnið. Og ekkert liggur fyrir enn, sem sanni það, hvort viðskmrh. eða verðgæzlustjóri séu á einn eða annan hátt ámælisverðir fyrir að hafa ekki birt nöfnin. En það liggur fyrir vitneskja hjá þm. í sambandi við önnur atriði hér, þar sem upplýsingar hafa komið fram um það, að verðgæzlustjóri hefur tekið mjög nákvæmar skýrslur um hæstu og lægstu álagningu í fjöldamörgum vöruflokkum, og ég held, að hv. 3. landsk. þm. sé fullkomlega kunnugt um það. Og það er eitthvað farið að ryðga í mér minnið, ef hann hefur ekki beinlínis vitnað til þessarar skýrslugerðar verðgæzlustjóra í öðru sambandi hér á þinginu. Það liggur þannig hreinlega fyrir, að vissulega hafa brbl. verið framkvæmd, þegar þau tóku gildi. Hitt er svo annað mál, hvort í einu eða öðru tilfelli megi deila um, hvort gengið hafi verið of skammt í framkvæmd þeirra.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. gerði þá athugasemd í sambandi við mína till. á þskj. 569, að ef hún yrði samþ., þá mundi það mikið auka skriffinnsku frá því, sem ætlazt er til í frv. Í aðalatriðum er þetta algerlega þvert á móti, vegna þess að í 3. gr. þessa frv., eins og það liggur fyrir, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á.“ M. ö. o., hæsta og lægsta verð er ekki hægt að sýna nema safna skýrslum um allt verðlag — og það hér í Reykjavík — um hver einustu mánaðamót. Nú ætlast ég til þess, og það er grundvöllurinn fyrir minni till., að í stað þess, að þetta sé gert mánaðarlega, sé það gert á þriggja mánaða fresti varðandi Reykjavík, en það sé líka athugað, hvernig þetta stendur úti um landsbyggðina, og það sé gert tvisvar á ári.

Ég skal játa, að það er rétt hjá hv. 3. landsk., að það er ekkert farið út í það í minni till., hvað langt skuli ganga í að birta þessar skýrslur, því að það er framkvæmdaratriði, sem viðkomandi ráðherra hefur á valdi sínu, hvað langt hann gengur í því að birta skýrslurnar, og tilgangurinn er auðvitað sá, að ekki sé birt nema það, sem verulega munar frá því almenna, annaðhvort lægra eða hærra verð. En úr því að verið er með þessa stofnun og alla þessa skýrslusöfnun, þá þykir mér réttara, að það sé þá gert þannig, að það komi í ljós, hvaða verzlanir það eru, sem selja dýrast, og hvaða verzlanir það eru, sem selja ódýrast, því að það mun vera svo með allan almenning, eins og er með mig, sem ekki á í neinni verzlun, nema að ég er félagsmaður í Kaupfélagi Húnvetninga, að mig varðar það mestu, hvað verðið á vörunni er í útsölu, en ekki fyrst og fremst hitt, hver álagningarprósentan er á hverjum stað, því að það er í mörgum tilfellum þannig, að þótt álagningarprósentan sé hærri á innkaupsverð hjá einni verzlun en annarri, þá getur sú hin sama verzlun selt þá sömu vöru miklu lægra verði í útsölu en á sér stað í sumum öðrum verzlunum.

Að öðru leyti þarf ég ekki að skýra þetta nánar, en eins og tekið er fram í mínum till., þá ætlast ég til, að þessi 3. gr. um mánaðarlega skýrslusöfnun falli niður.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Tilgangur hv. þm. A-Húnv. er dálitið annar en fram kemur í greininni eins og hún er orðuð, því að samkvæmt

henni á að birta á þriggja mánaða fresti skýrslu um útsöluverð á öllum helztu nauðsynjavörum og aðaltegundum byggingarefnis í heildsölu og smásölu í Reykjavík og Hafnarfirði, m. ö. o. allt útsöluverð, sem þessar vörur eru seldar á, en það getur, eins og ég sagði áðan, auðvitað verið mjög margs konar verð. En nú kemur í ljós, að hann virðist ekki eiga við það, heldur eiga við hæsta og lægsta verð, og er það út af fyrir sig miklu skynsamlegra.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að í n., sem málið hafði til meðferðar í Ed., hafi flokksbróðir minn, hv. 6. landsk. þm., engar athugasemdir gert við það, engra skýrslna krafizt af ríkisstj. um það, hvað liði framkvæmd l. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það kemur einmitt greinilega fram af gögnum málsins, þeim till., sem ég hef hér meðferðis, að hann hefur einmitt gert slíkar athugasemdir, þar sem hann bar tvívegis fram till. til breytinga á frv. þess efnis, að ráðh. skyldi vera skylt að birta nöfnin, ef álagningin færi 50% fram úr því, sem var meðan fjárhagsráð eða viðskiptaráð ákváðu hámarksálagningu. Þessi tillaga var einmitt fram borin eftir umr., sem fram fóru innan nefndarinnar og leiddu það í ljós, að hæstv. viðskmrh. vildi engin ákveðin svör við því gefa, hvað hann teldi óhóflega álagningu. M. ö. o., ráðuneytið fékkst ekki til þess að gefa nein skýr svör við því, hvenær það ætlaði sér að birta nöfn manna, sem gerðust sekir um óhóflega álagningu. Þetta átti því allt að vera á huldu. Þess vegna var það, sem fulltrúi Alþfl. í allshn. Ed. bar fram till. um að gera þetta algerlega skýrt og ótvírætt og kveða á um, hvenær um skyldu til nafnabirtingarinnar skyldi vera að ræða. Á það vildi meiri hl. hv. Ed. ekki fallast, og var þessi till. felld.

Enn situr því við það sama, að menn geta ekki fengið að vita, hvenær þeir að þessu leyti brjóta settar reglur, hvenær þeir eru að vinna til þess, að nöfn þeirra skuli vera birt opinberlega. Í slíkum lögum er almenningi náttúrlega lítið hald. En það má líka segja, að öryggi kaupmanna gagnvart svona lagasetningu sé mjög lítið, að geta aldrei vitað, hvenær þeir eru að leggja það mikið á, að það yrði talið refsivert í þeim skilningi, að nöfn þeirra yrðu birt, og hvenær ekki. Slík lagasetning er mjög óheppileg. Hún kemur almenningi að litlu gagni, og hún er líka ranglát gagnvart þeim aðilum, sem hún er sett til höfuðs, þ. e. a. s. kaupmannastéttinni, vegna þess að þeir geta átt von á því, að nöfn þeirra séu birt, sem hafa kannske lagt of mikið á, án þess þó að hafa getað gert sér grein fyrir því áður, að þessi álagning, sem þar er verið að refsa fyrir, sé talin óhófleg. Það er því ekki einvörðungu, að lagasetningin, nái hún fram að ganga í þessu formi, sem frv. nú er í, sé gagnslítil fyrir almenning, heldur er hún einnig ranglát í garð verzlunarstéttarinnar.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er aðeins út af ágreiningi, sem orðið hefur milli hv. 3. landsk. og hv. þm. A.-Húnv. um till. hv. þm. A-Húnv. á þskj. 569. Ég held það sé rétt, eftir það, sem fram kemur hjá 3. landsk. og fram hefur komið í ræðu hv. þm. A-Húnv., að leiðrétta till. þannig, að í stað þess, eins og segir í upphafi: „Verðgæzlustjóri skal á þriggja mánaða fresti birta skýrslu um útsöluverð á öllum helztu nauðsynjavörum," — þá komi, að á 3 mánaða fresti skuli birta skýrslur, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á öllum helztu nauðsynjum. Hef ég borið mig saman við flm. um þetta atriði, og féllst hann á, að það sé einnig það, sem til er ætlazt. Ég vildi þess vegna leyfa mér að flytja við þetta skriflega brtt., að í staðinn fyrir orðið „um" þarna í upphafi brtt. komi orðin: er sýni hæsta og lægsta. — Þannig held ég, að orðalagið falli saman.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. við brtt. á þskj. 569. Þessi brtt. er, eins og ég sagði, skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 596) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að ég veitti því athygli núna, að í till. hv. þm. A-Húnv. felst meira en hann hefur mælt fyrir í ræðu sinni. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. n. hefur athugað það, en á það vildi ég benda honum og þar með nefndinni, að í till. felst það, að 3. gr. í frv. skuli falla alveg burt, en í 3. gr. er meira en það, sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Þar er kveðið svo á, að verðgæzlunefndin, sem ákvæði eru um í öðrum lögum, skuli hafa rétt til þess að fá upplýsingar og skýrslur hjá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu, og hefur hún tillögurétt um þessi mál, og enn fremur að verðgæzlustjóri skuli mæta á fundum nefndarinnar, ef hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál. Ég vil benda hv. þm. á, að það hefur alls ekki dregizt inn í umræðurnar, hvort þessi ákvæði skuli falla niður. Hv. frsm. mælti ekki fyrir þessu, og ég vona, að það sé ekki þetta, sem hann á við, því að það hlýtur vissulega að verða mikið ágreiningsmál.

Eins og hv. frsm. allshn. tók fram á sínum tíma, þá var þessi lagasetning liður í samkomulagi, sem gert var við launþegasamtökin, við Bandalag opinberra starfsmanna og Alþýðusambandið, og einmitt á þetta atriði var af hálfu launþegasamtakanna lögð allmikil áherzla, þ. e. a. s., að verðgæzlunefndin hefði rétt til að fá upplýsingar um verðgæzlumálin og hefði tillögurétt um þau. Mér finnst það ekki ná nokkurri átt, sérstaklega án þess að að því hafi verið vikið í umr., að fella þessi ákvæði niður við 3. umr. málsins í síðari d., þar sem þetta frv. er til staðfestingar á brbl.

Ég vildi beina því til frsm. n., hvort hann hafi veitt því athygli, að þetta felst í till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir mjög leiðinlegt, að hv. 3. landsk. þm. skuli halda hér heila ræðu, sem byggð er á hreinum misskilningi og villu frá honum sjálfum, því að hann talar hér um 4. gr. frv., sem ekkert er minnzt á í mínum brtt. Ég fer fram á að fella niður 3. gr., og í henni er ekkert af því, sem hv. þm. var að minnast á, ekki neitt, því að 3. gr., sem ég legg til að

fella niður, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á.“

Í þessari grein felst ekkert annað.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég get alveg gengið inn á þá skrifl. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., sem hér hefur verið lögð fram, því að hún gerir skýrara, hvað við er átt, þótt ég ætlaðist auðvitað til þess, að viðkomandi ráðh. réði því, að hve miklu leyti hann birti þær skýrslur, sem hér er gert ráð fyrir í till.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta var alveg rétt hjá hv. þm. A-Húnv. Ég miðaði við frv. eins og því var útbýtt upphaflega, en í Ed. hefur greinatalan breytzt, svo að ég tók till. hans eins og hún væri stíluð við upphaflega frv., en hún er stíluð við frv. eins og það er orðið eftir 3. umr. í Ed., svo að þessar síðustu athugasemdir voru að þessu leyti á misskilningi byggðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 596 samþ. með 22:2 atkv.

— 569,1, svo breytt, samþ. með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GTh, HÁ, HV, JóhH, JG, JPálm, JÁ, JR, JörB, KS, LJós, MJ, SÁ, SG, StJSt, ÁB, ÁS, EOl, EmJ.

nei: GÞG, HelgJ, IngJ, PÞ, SkG, StgrSt, EirÞ, EystJ.

PO, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (JS, ÓTh, AE, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

Brtt. 569,2 felld með 14:9 atkv.

— 569,3 felld með 17:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 632).

Á sama fundi og 59., 60. og 61. fundi í Ed., 30. og 31. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 632, 663, 666, 675).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Í hv. Nd. var gerð sú breyt. á þessu frv. við 3. umr., að bætt var inn í það nýrri grein, sem nú er 2. gr., og er hún um það, að birta skuli á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni útsöluverð, og einnig að það skuli birta skýrslu um verð á aðaltegundum byggingarefnis, en 4. gr. þessa frv. eins og það er nú, sem var 3. gr., er frv. fór héðan, var um það, að mánaðarlega skyldi birta slíka skýrslu sem gert er ráð fyrir að birta á 3 mánaða fresti samkv. 2. gr. eins og nú er. Er því augljóst, að hér er um athugaleysi að ræða við afgreiðslu málsins í Nd., og hefur meiri hl. allshn. lagt fram till. á þskj. 666, þar sem gerð er tilraun til þess að færa þetta til þess samræmis, sem ætla mætti að Nd. hefði viljað hafa það.

Þær breyt., sem felast í þessari till. á þskj. 666, eru nánast engar, enda eðlilegt að gera sem minnstar breyt., þar sem lítill tími er eftir til afgreiðslu málsins. Það er látið standa, sem er í 4. gr. frv. um, að skýrslur skuli birtar mánaðarlega, enda hafði allshn. hér haft samráð um það við verðgæzlustjóra og kynnt sér það, að því fylgja engir erfiðleikar, það væri ekkert annað en að taka til birtingar úr skjölum, sem fyrir liggja við hver mánaðamót. Síðan er tekið upp, að á 3 mánaða fresti skuli birta skýrslu um byggingarefni í Rvík og Hafnarfirði og tvisvar á ári útsöluverð á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu. Þar er tekið upp sjónarmið Nd. Væntir meiri hl. allshn., en það standa 4 nm. að þessari till., að samkomulag náist um þetta við hv. Nd. (Gripið fram í.) Það eru bræddar saman 4. og 2. gr. frv. Mismunurinn á brtt. á þskj. 663 og á brtt. 666 er sá, að í fyrri till. er talað um að birta verð í öllum kaupstöðum landsins. (Gripið fram í.) Já, það er nefnilega það. Það, sem vakti fyrir tillögumanni og meiri hl. n. gat ekki gengið inn á, var að gera þetta dálítið fyrirferðarmeira, en meiri hl. n. taldi, að það væri ofur lítill vafi á því, hvort hægt væri að framkvæma þetta, nema þá að hafa það sem minnst í viðunum, og auk þess vildi n. vera sem næst því, sem Nd. hafði gengið frá frv. Hv. 4. landsk. gerði ágreining út af sínu sjónarmiði, sem er nánast það að láta þetta ná eitthvað víðara en það er samkv. till. meiri hl.

Þá vil ég nefna till. á þskj. 675 frá einum nm., sem n. gat ekki orðið sammála um, um það, að birting skuli miðuð við vörusendingar, sem tollafgreiddar verða eftir gildistöku laga þessara. Þetta á að verða ákvæði til bráðabirgða. En þar sem hér er um staðfestingu á brbl. að ræða og þessi l. eru raunverulega í gildi, gat n. ekki fallizt á, að till. sem þessi ætti rétt á sér.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. allshn., þá var ég ekki að öllu leyti sammála öðrum nm. um þá brtt., sem n. hefur lagt fram á þskj. 666, þ. e. a. s., ég er samþykkur efni hennar, það sem það nær, en ég tel, að það sé ástæða til þess og liggi full rök fyrir því, að þetta sé gert nokkru víðtækara en felst í þeirri till. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja sérstaka till. á þskj. 663. Munurinn á þeirri till. og till. meiri hl. n. er sá, að samkv. minni till. á að birta mánaðarlega skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, ekki aðeins í Rvík, heldur og í öllum kaupstöðum landsins. Enn fremur á sú skýrsla um verðlag á byggingarvörum, sem samkv. till. meiri hl. n. er bundin við aðeins Rvík og Hafnarfjörð, samkv. minni till. að ná einnig til allra kaupstaða landsins. Munurinn á till. er enginn annar en þessi. Og ég hef ekki getað fengið skilið, hvaða rök meiri hl. n. hefur á móti því, að birting þessara skýrslna sé látin ná til allra kaupstaðanna, ekki sízt vegna þess, að hæstv. viðskmrh., sem mætti á fundi n., lýsti því þar yfir, að af þessu mundi ekki þurfa að verða neinn aukakostnaður eða nokkur vandkvæði á því að ná í þær upplýsingar, sem til þess þyrfti að birta þessar skýrslur, vegna

þess að verðgæzlustjóri hefur sína trúnaðarmenn úti um land og þeir afla þessara upplýsinga hvort sem er, og þyrfti ekki annað til þess að birta skýrslur um þetta heldur en að þeir gefi sínum yfirmanni, verðgæzlustjóranum, þær upplýsingar, sem þeir hvort sem er afla, og hann lætur síðan birta þær. Hins vegar álít ég, að ef fólk hefur eitthvert gagn af því að fá birtar þessar upplýsingar hér í Rvík eða í Hafnarfirði, að því er varðar byggingarvörurnar, þá komi þær að sama gagni fólki úti um landið. Og á þeim stöðum, svo sem í öllum kaupstöðunum, þar sem ekki eru nein vandkvæði á því að ná í þessar upplýsingar og ekki mundi hafa neinn aukakostnað í för með sér að birta þær jafnhliða hinum, þá sé ég ekki, hvað ætti að vera á móti því að gera það. Ég álít þess vegna, að það þurfi í raun og veru ekki að vera neinn ágreiningur um þetta og sízt af öllu að það þurfi að verða nokkuð til ásteytingar við Nd. eða standa í vegi fyrir því, að samkomulag geti náðst við hana um þessa breyt., — ekki neitt frekar um þá till., sem ég hef hér flutt, heldur en um þá till., sem meiri hl. n. er með. En það er bara um þetta mál eins og um fleiri mál, sem afgr. eru á síðustu dögum þingsins, að afgreiðsla nefnda er æði flaustursleg, og það var svo um þetta mál, eins og kom fram hér í deildinni við afgreiðslu á oliufrv., að það vannst ekki tími til þess í n. að afgr. málið í raun og veru. Nefndarfundinum lauk, án þess að málið yrði afgr. Síðan er soðin saman till. af einum nm., sem meiri hl. n. skrifar svo undir. Þegar ég geri svo mínar aths. við hana, þá er náttúrlega ekki hægt að þoka því, af því að menn eru búnir að koma sér saman um eitthvað annað, án þess að það sé gert á nefndarfundi. Þannig er yfirleitt orðin afgreiðsla á þessum málum og þess vegna ekki hægt að ná samkomulagi jafnvel um svo einfalt mál sem hér er fyrir hendi, þar sem ágreiningurinn er þess eðlis, að undir öllum venjulegum kringumstæðum ætti að vera hægt að ná samkomulagi um það, ef nokkurt tækifæri væri til þess að ræða málið.

Ég hef sem sagt lýst því, að munurinn á þessum tveimur till. er enginn annar en sá, að ég vil láta birtingu þessara skýrslna ná til allra kaupstaðanna, en ekki aðeins til Rvíkur, þ. e. a. s., að það sé mánaðarlega í öllum kaupstöðunum, og hvað snertir byggingarvörurnar, þá nái það ekki aðeins til Rvíkur og Hafnarfjarðar, heldur líka til allra kaupstaðanna. Að öðru leyti eru till. efnislega hinar sömu.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég á hér smábrtt. á þskj. 675, þar sem ég leyfi mér að leggja til, að á eftir 7. gr. frv. komi það bráðabirgðaákvæði, að birting nafna samkv. 3. gr. frv. skuli miðuð við vörusendingar, sem tollafgreiddar eru eftir gildistöku laga þessara. Það hefur ekki fengizt meiri hl. í n. fyrir flutningi þessarar till., og rökstuddi hv. frsm. það með því, að þessi l. tækju við af brbl., sem verið hefðu í gildi. Ég vil benda á það, að þetta ákvæði 3. gr. er ákaflega veigalitið. Það segir að vísu, að verðgæzlustjóri skuli birta nöfn þeirra, sem uppvísir eru að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, en það gefur enga hugmynd um verðlag vörunnar, heldur eingöngu um álagninguna. Þó að álagning á vöru sé álitin óhófleg, þá getur hún verið ódýrari en annars staðar, vegna þess að sá, sem hefur talið sig geta lagt meira á hana, hefur gert miklu hagkvæmari innkaup. Þar að auki stendur í frv. og eins í brbl., að ráðherra setji nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu. Ég hef ekki orðið var við, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hafi ekki verið sett nein reglugerð um þetta efni eða fyrirmæli um það, og fyrr en eitthvað liggur fyrir um það, hvaða álagning teljist óhæfileg, sýnist mér mjög varhugavert, að birtingarákvæðinu verði beitt. Ég geri ráð fyrir, að það geti verið mikið matsmál, hvað sé hæfileg og óhæfileg álagning, og að það geti bókstaflega leitt til stórfelldrar skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef farið er að birta nöfn manna án þess, að settur sé grundvöllur í reglugerð eða á annan hátt fyrir því, hvað skuli álítast óheimil eða óeðlileg álagning, þannig að ef mat dómstólanna væri annað, þá gæti þar skapazt grundvöllur fyrir skaðabótaábyrgð hjá ríkissjóði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en þetta er svo viðurhlutamikið fyrir þá menn, sem fá nöfn sín stimpluð á þennan hátt, að það verður að mega gera kröfu til, að það séu einhverjar ákveðnar reglur um, hvað teljist hæfileg og óhæfileg álagning, áður en ákvæðinu verður beitt.

ATKVGR.
Brtt. 663,1 samþ. með 11:3 atkv.
— 663,2 felld með 8:5 atkv.
— 666,1 kom ekki til atkv.
— 666,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 675 felld með 9:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 715).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. flutti ég nokkrar brtt. við frv., sem komu til atkv. við 3. umr., og fór atkvgr. á þann einkennilega hátt, að 1. till., sem var að vísu aðalatriði, var samþ., en hinar 2, sem voru afleiðing af henni, voru báðar felldar.

Nú hefur þetta frv. farið aftur í gegnum hv. Ed. og tekið þar nokkrum breyt., sem eru yfirleitt ekki til bóta að öðru leyti en því, að sú grein, sem var hér 3. gr. og náttúrlega átti að falla niður við samþykkt minnar till., hefur verið felld út, en inn í hina greinina er tekið að því leyti til efni hennar, að það er gert ráð fyrir samkvæmt núverandi 3. gr., að verðgæzlustjóri birti mánaðarlega skýrslur um hæsta og lægsta verð, í stað þess að gert er ráð fyrir því, eins og samþ. var hér í d., að þessar skýrslur yrðu birtar á 3 mánaða fresti, og verð ég að segja, að ég efast ákaflega um, að það sé þægilegt verk fyrir þá menn, sem stjórna verðgæzlunni, að gefa þessar skýrslur út um hver mánaðamót. Þykir mér mjög undarlegt, að á þessa breyt. skuli vera lögð svo

mikil áherzla hjá hv. Ed., því að þetta ákvæði var sett inn við fyrri meðferð málsins þar.

Þá er enn fremur haldið fast við þá ákvörðun, sem er mikið atriði og nú er í 2. gr., að birta nöfn þeirra manna, sem verði uppvísir að óhóflegri álagningu. Ég lagði til, að þessu væri breytt í það horf að birta nöfn þeirra manna, sem yrðu uppvísir að óhóflegu útsöluverði, því að ég fyrir mitt leyti lít þannig á, eins og ég tók skýrt fram hér við umr. áður um þetta mál, að aðalatriðið um verzlunarmálin er að halda sig við útsöluverð og það án tillits til þess, hvort álagningin er lægri eða hærri, því að innkaupsverðið er sannarlega ekki minna atriði. Nú þykist ég sjá, að það sé ætlunin, að þetta verði samþ. á þessa leið, og verð ég að segja, að ég öfunda ekki hæstv. viðskmrh. af því að framkvæma þetta ákvæði, því að það getur komið mjög undarlega niður. Það byggist á því, að það getur komið mjög undarlega niður, að frá því fyrsta að þessi verzlunarhöft og verðlagseftirlit var stofnað hefur það verið byggt á því að hanga aftan í álagningarprósentu án þess að sinna því, hvernig innkaupsverðið er, og þess vegna gengið fram hjá því meginatriði, sem snýr auðvitað fyrst og fremst að almenningi, hvað verðið er í útsölu.

Ég skal segja ykkur lítið dæmi, sem mér var sagt hér á fyrstu árum verðlagseftirlitsins. Þá var það svo, að eitt verzlunarfyrirtæki hér flutti inn meginhlutann af allri leirvöru. Þá var þetta flutt austan úr Asíu, og m. a. var það þannig með bollapör, að hlutaðeigandi viðskiptafyrirtæki keypti þau inn á 30 aura. Þá var ákveðið, að heildsöluálagning mætti ekki vera meiri en 15%, eða 4½ eyrir á hvert bollapar, en þessi heildverzlun seldi bollapörin á 50 aura, og það þótti náttúrlega óhófleg álagning eftir þessari kenningu. Nú var það auðséð, að það var ekki hægt að verzla á þennan hátt, og hætti þess vegna þessi verzlun að verzla með þessa vöru. Þá tóku aðrir menn við og keyptu þetta inn frá allt öðrum löndum, frá Norðurlöndum eða Englandi, og keyptu bollapörin á kr. 1.20. Þeir máttu leggja á 18 aura, og þá var verðið á bollapörunum komið upp í kr. 1.38. Samkvæmt þessari reglu, sem alltaf hefur verið til síðan, hefði verzlunin, sem seldi bollapörin í heildsölu á 50 aura, verið sektuð fyrir óhóflega álagningu, en kaupmaðurinn, sem seldi á kr. 1.38, hefði sloppið sem heiðarlegur verzlunarrekandi. Þetta litla dæmi, þó að það sé út af fyrir sig gamalt, er í raun og veru dæmi, sem sýnir sögu þessara mála allar götur síðan. Sú saga er þannig, að allt þetta haftafargan hefur miðað að því að eggja þá, sem hafa keypt inn vörur, til þess að kaupa þær á sem hæstu verði til að fá sem mestan gróða í sinn vasa. Þess vegna er það, að ef það á að fara að birta skýrslu um þetta og birta nöfn manna, þá á að vera miðað við það, að birt séu nöfn þeirra manna, sem selja vöruna á hæstu útsöluverði og eru þess vegna verst færir um að stunda verzlun, en ekki að hegna þeim, sem selja hana kannske á lægra verði, þó að þeir leggi prósentvís hærra á.

Nú sé ég að vísu ekki til neins að fara að flytja hér brtt. um þetta, sem væri samhljóða því, er fellt var hér við 3. umr. áður. En í þessari mynd er mér ekki hægt að greiða atkv. með þessu frv. og vildi helzt óska eftir því, að í þeirri mynd, sem það er nú, verði það fellt hér í hv. d., því að ég held, að það væri ekki neinn skaði skeður, þó að það færi allt saman í einu lagi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. var ekki viðstaddur í d., þegar þetta mál var hér til 2. og 3. umr. áður en það fór til Ed. Þá lét ég þess getið, að mig langaði til að fá upplýsingar um, hvað liði framkvæmd þeirra l., sem nú eru í gildi um þetta efni, sem hér er um að ræða. Þetta frv. er staðfesting á brbl. Það eru því gildandi l. um þetta efni, og í þeim l. segir m. a., að verðgæzlustjóra sé heimilt að birta nöfn manna, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og að ráðherra setji nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. viðskmrh.: Hefur hann sett reglur um framkvæmd þeirrar heimildar, sem nú er meiningin að gera að skyldu? Ef svo er, hverjar eru þá þær reglur? En ef svo er ekki, hvers vegna hafa þær ekki verið settar? Og svo enn fremur: Er von á einhverri birtingu nafna í samræmi við 2. gr. gildandi l. nú á næstunni?

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. spurði að því, hvað liði framkvæmd gildandi l. um það efni, sem frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um. þ. e. a. s. framkvæmd brbl.

Það stendur þannig, að verðgæzlustjóri, sem á að hafa framkvæmd á þessu, hefur óskað eftir reglum um framkvæmdina að því er varðar vefnaðarvörur. Hann hefur þegar fyrir nokkuð löngu fengið fyrirmæli um að birta nöfn þeirra fyrirtækja, sem hafa farið fram úr því marki, sem honum var gefið með þá vörutegund. Ráðuneytið hefur ekki sett neinar allsherjarreglur í sambandi við þessi l. Það er heldur erfitt að framkvæma þetta, eins og ég hef tekið fram áður við þessar umr., án þess að fyrirmælin komi sem bein ný hámarksákvæði, sem hvorki vakir fyrir mér né ríkisstj. í heild að komi út úr þessu. Þau fyrirmæli, sem hann hefur fengið í sambandi við þennan eina vöruflokk, sem um er að ræða, eru gerð með tilliti til þess, að það er í fyrsta skipti, sem hér er um þetta að ræða. Í þetta skipti hefur hann fengið fyrirmæli um að birta nöfn þeirra, sem fara fram yfir 25% í heildsölu, og nöfn þeirra, sem fara fram yfir 50% í smásölu með venjulega vefnaðarvöru og fatnað og 60% fyrir smávöru. Það er jafnframt tekið fram, að þetta er ekki nein gildandi regla um framtíðina, heldur framkvæmd í fyrsta skipti, sem þetta er gert.

Ég skal ekki segja, að hvaða ráði verður horfið með framkvæmd þessara l., sem hér liggja fyrir. Mér er ljóst, að það er erfitt og vanþakklátt að setja reglur um slíkt. En þessi lög hafa nú tekið talsverðum breyt. í meðferð þingsins, m. a. þeirri, að verðgæzlustjóra er skylt að birta þessi nöfn, í stað þess að áður var þetta heimilt. Um leið og Ed. setti slíkt ákvæði inn í l., þá hefði náttúrlega verið sanngjarnt, að d. hefði lyft þeirri byrði af viðkomandi viðskmrh., að hann ætti

að framkvæma þá skyldu. Samkv. brbl. var þetta heimild, eins og ég gat um, og ætlazt til, að hægt væri að nota það sem hemil á menn, ef þeir höguðu sér ekki hóflega í sinni álagningu. Hins vegar verður því ekki neitað, að framkvæmd laganna er í raun og veru mjög þung refsing á menn. Og það má alltaf deila um það, hvenær sú hóflega álagning endar og sú óhóflega tekur við. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm., ef þeir vilja stinga hendinni í eigin barm, muni geta sjálfir sett sig inn í það, að það er ekki létt að gera það svo, að maður sé viss um, að engum sé verið að gera vísvitandi eða viljandi órétt. En það er langt frá því að vera létt refsing fyrir menn að birta nöfn þeirra opinberlega á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, því að þeir eru þar með stimplaðir fyrir alþjóð sem okrarar, sem menn helzt eigi ekki að skipta við. En samkv. l. er sú skylda lögð á herðar viðskmrh., að hann ákveði, hvenær menn skuli hljóta slíka refsingu.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þessar upplýsingar. — Hann sagði, að það væri mjög erfitt að kveða réttlátlega eða skynsamlega á um það, hvenær álagning væri hófleg og hvenær óhófleg. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Hann bar sig mjög upp undan því að þurfa að framkvæma slík lög sem þessi. En ég vil í því sambandi minna á, að hann hefur sjálfur í upphafi sett sams konar ákvæði. Það var að vísu heimild þá, sem nú er orðin að skyldu, en hann er sjálfur upphafsmaðurinn að þessu kerfi, sem hann nú kvartar svo mjög undan að þurfa að framkvæma. Ég veit það vel og skil það vel, að það verða miklir erfiðleikar á framkvæmdinni, en hæstv. ráðh. getur engum öðrum en sjálfum sér um kennt að hafa hafið það ævintýri, sem nú virðist reynast honum nokkuð þungbært.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, hvaða leið hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. virðist hafa valið út úr þeim vandræðum, sem ráðh. nú telur sig vera kominn í. Það er sú leið að ákveða takmarkið milli hóflegrar og óhóflegrar álagningar í hundraðstölu álagningar á kostnaðarverð vörunnar. Hann upplýsir nú, að þær einu reglur, sem hann hefur sett um þetta, séu um það, að álagning á vefnaðarvöru skuli talin óhófleg, ef hún fer fram úr 25% álagningu í heildsölu, og í smásölu, ef hún fer fram úr 50% álagningu, en 60%, ef keypt er beint. Hér er m. ö. o. um nákvæmlega sams konar aðferð að ræða við að ákveða takmörkin milli hóflegrar og óhóflegrar álagningar og hingað til hefur aðallega verið beitt við setningu verðlagsákvæða og flokksbróðir hæstv. ráðh., hv. þm. A-Húnv., var að gagnrýna harðlega í ræðu sinni áðan. Gagnrýni hv. þm. A-Húnv. í hans ræðu átti fyllilega við þá aðferð, sem hæstv. ráðh. nú ætlar að taka að beita við að draga takmörkin á milli hóflegrar og óhóflegrar álagningar.

En nú er mér spurn: Ef hæstv. ríkisstj. eða hæstv. viðskmrh. ætlar að halda áfram á þessari braut, að ákveða takmörkin milli hóflegrar og óhóflegrar álagningar sem hundraðstölu á kostnaðarverð hinnar innfluttu vöru, hver er þá eiginlega munurinn á þessu og því að setja á almenn verðlagsákvæði, eins og við þm. Alþfl. höfum stungið upp á? Hver er munurinn, annar en sá, að það mundi engum manni detta í hug að setja hámarksákvæði um álagningu, sem væri 25% í heildsölu og 50% í smásölu á vefnaðarvöru. Ég get ekki betur séð en að afleiðingin sé í meginatriðum alveg sú sama, nema hundraðstölurnar eru miklu hærri. Og verður ekki einmitt niðurstaðan af þessari reglu hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. sú, að menn fara að telja 25% álagningu í heildsölu á vefnaðarvöru eðlilega, fyrst hæstv. viðskmrh. telur hana hóflega? Menn fara að kalla hana leyfilega, fyrst hæstv. ráðh. telur hana hóflega og ekki refsivert með birtingu nafnanna að leggja þannig á. Og fara menn ekki að telja 50% álagningu á vefnaðarvöru í smásölu eðlilega, réttmæta og sanngjarna álagningu, fyrst sú álagning er ekki talin refsiverð að dómi hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj.? Ef um þetta fæst opinber vitneskja, eins og nú er orðið með þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh., þá sé ég ekki betur en að hér sé í raun og veru um að ræða hvatningu til verzlunaraðilanna eða a. m. k. yfirlýsingu um það, að það sé alveg óhætt að fara upp í þetta — það sé ekki talið saknæmt. — Nei, þetta er mesta vandræðamál allt saman. Og sannleikurinn er sá, að það var hæstv. ríkisstj., sem leiddi þessi vandræði yfir sig með brbl., sem hún gaf út fyrir rúmu ári. Það, sem stjórnin átti þá að gera, var auðvitað að setja brbl. um heimild eða skyldu til nýrra verðlagsákvæða, fyrst það var komið í ljós, að milliliðirnir höfðu hækkað álagningu sína óhóflega frá því, að verðlagsákvæði höfðu verið afnumin. Það vildi hæstv. ríkisstj. ekki gera, en setti í staðinn þessi brbl., sem vera skyldu einhvers konar hemill á það, að álagningin hækkaði. Nú kemur í ljós, að hæstv. ríkisstj. ætlar að framkvæma þessi lög í meginatriðum nákvæmlega eins og verðlagsákvæði verka, nema bara þannig, að mörkin eru sett miklu hærra en nokkrum manni dytti í hug að hafa verðlagsákvæði, auk þess sem framkvæmd þessara laga er margfalt vafasamari að öllu leyti — miklu hæpnara að framkvæma slík lög sem þessi af sanngirni og réttlæti, eins og ráðh. hefur lýst og er vissulega alveg rétt hjá honum. Þeir erfiðleikar, sem hæstv. ríkisstj. hefur lent í á þeirri braut, sem hún sjálf hélt inn á fyrir rúmu ári, ættu að opna augu hennar fyrir því, að þessi braut er óheillabraut. Hún ætti sem fyrst að taka ráðum okkar Alþfl.-manna, snúa við á henni og taka aftur að setja heilbrigð verðlagsákvæði.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara í það að deila við hv. 3. landsk. um verðlagsákvæði. Við erum búnir að tala svo mikið um þau mál. Það vita allir, hvar hans flokkur stendur í þeim málum. Þeir vilja hafa verðlagsákvæði á öllu; þeir vilja hafa innflutningshöft á öllu; þeir vilja yfirleitt hafa höft á öllu og að ríkið hafi þar hönd í bagga með, svo að þetta er engin ný stefna, en ég hygg nú, að hann kristni ekki marga hv. þm. í þessu máli, hversu lengi sem hann talar í því.

Hann sagði, að hér væri einmitt verið að framkvæma verðlagsákvæði með því að fara inn á þessa braut. Ég vildi nú gjarnan spyrja hv. þm.: Hvernig hugsar hann sér, að það sé hægt að

ákveða óhóflega álagningu, nema þá í hundraðstölu? Ég veit ekki, hvernig hann hugsar sér að framkvæma það. Ég viðurkenni fyllilega sjónarmið hv. þm. A-Húnv., að það væri ákaflega skemmtilegt að geta komið inn á þá braut, að það væri miðað við útsöluverð, alveg án tillits til þess, hvað lagt væri á vörurnar. Það sýndi þá kannske í mörgum tilfellum, eins og það dæmi, sem hann tók fram, að þeir menn, sem virkilega gera góð innkaup, eiga að sínu leyti að hafa einhvern rétt til þess að hafa upp úr vörunni, ef þeir selja landsmönnum vöruna ódýrari en ella, því að þegar allt kemur til alls, þá er það ekki álagningin, sem um er að ræða, það er verðið, sem neytandinn verður að greiða fyrir vöruna. En við erum alltaf að deila um álagninguna, vegna þess að það er það eina, sem hægt er að miða við. Það er ákaflega erfitt að framkvæma till. hv. þm. A-Húnv. Ef það væri auðvelt að framkvæma hana, þá er hún sjálfsagður grundvöllur, en ekki hitt, en það, að við höngum í hundraðstölunum, er einmitt vegna þess, að það er það eina, sem við getum borið nokkuð saman.

Hann talaði um, að ég hafi sett álagningargrundvöll fyrir þessum vöruflokki, sem ég ræddi um, sem væri svo hár, að engum lifandi manni dytti í hug, að það væri nokkur sanngirni í því, — að það mundi enn fremur gefa mönnum hugmynd um það, að þeir gætu lagt þetta á vöruna framvegis, sem hér hefði verið ákveðið. Ég tók fram í minni fyrri ræðu, að það er tekið skýrt fram í þessum reglum, að þetta er gert í fyrsta skipti, sem þessi birting er gerð, og það er ekkert fordæmi fyrir því, hvað verði gert í næsta skipti. Það er m. ö. o. ekki slegið neinu föstu um það, hvað sé talin yfirleitt óhófleg álagning í þessu efni, og ég er ekki að gefa upp það, hvort ég tel 25% hóflegt eða óhóflegt. Ég segi bara: Nöfn þeirra, sem fara yfir það mark, verður að birta. Hvernig það verður svo framvegis, skal ég ekki segja um, en það verður þá annaðhvort mitt verk eða einhvers annars, sem með þau mál fer, að kveða upp úrskurð eða fá hann framkvæmdan.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 741).

34. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um breyt. á l. nr. 62 1939).

Á 27. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.** [197. mál] (stjfrv., A. 517).

Á 49. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar breytingar eða lagfæringar á tollskránni, miðað við þá reynslu, sem orðið hefur. — Hér er frv. um breyt. á tollskránni, sem undirbúið hefur verið í fjmrn. Þetta frv. er nokkru viðtækara en venja hefur verið um hliðstæð frv. undanfarin ár. Það hafa verið tekin til íhugunar öll erindi, sem borizt hafa frá iðnaðinum um lagfæringar á hráefnatollum eða tollum á umbúðum utan um iðnaðarvarning. Enn fremur hefur verið athugað gaumgæfilega bráðabirgðanál. það, sem borizt hefur frá mþn. í iðnaðarmálum, og í samráði við iðnmrh. hafa þessi mál öll verið tekin til íhugunar. Þá hefur verið haft samband við Félag íslenzkra iðnrekenda og grennslazt eftir því, hvort það væru nokkur atriði í tollamálum, sem þeir hefðu alveg sérstaklega í huga að hægt væri að leysa, án þess að það hefði verulega röskun í för með sér á tollkerfinu.

Allar þessar athuganir hafa verið gerðar, og niðurstaðan er þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á nokkrum liðum í tollskránni. Aðallega er hér um að ræða nokkrar lækkanir á hráefnistollum og tollum á umbúðum og enn fremur nokkur nýmæli í sambandi við heimildir til þess að endurgreiða tolla. Vil ég þar sérstaklega benda á, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að heimila að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Þá er einnig heimilað að endurgreiða tolla af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum umbúðum. Vil ég í þessu sambandi minna á, að það liggur hér fyrir hv. Alþingi sérstakt frv. um þetta atriði og ætti að verða óþarft, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem gera verður ráð fyrir.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn., og fara fram á það við n., að hún vildi greiða fyrir því, því að ætlunin er, að það geti náð að verða að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 539).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. því, sem hér er tekið til meðferðar, um breytingu á tollskránni, var vísað til fjhn. þessarar hv. deildar fyrir fáum dögum. Breytingar þær, sem um ræðir í frv., eru flestar eða nær allar til stuðnings iðnaðinum í einni eða annarri mynd. Þar er gert ráð fyrir verulegri lagfæringu á aðflutningsgjöldum á hráefnum og vörum til iðnaðarins og í einstöku tilfellum unnið að aukinni vernd iðnaðarins með hækkun á aðflutningsgjöldum af þeim vörum, sem erfitt er fyrir iðnaðinn að keppa við nema með slíkri fyrirgreiðslu. Allar þessar breytingar telur n. spor í rétta átt, því að að sjálfsögðu ber löggjafanum á öllum tímum að styðja að auknum og heilbrigðum iðnaði með þjóðinni og jafnframt að stilla aðflutningsgjöldum í hóf á þeim hráefnum og vörum, sem iðnaðurinn þarfnast á hverjum tíma.

Eins og tekið er fram í athugasemdum um frv., hafa við undirbúning þess verið tekin til ýtarlegrar athugunar öll erindi um breytingar á tollum, sem borizt hafa frá iðnfyrirtækjum og samtökum iðnaðarins og iðnaðarmanna. Einnig hefur verið athugað gaumgæfilega bráðabirgðanál., sem borizt hefur frá milliþn. í iðnaðarmálum, og í samráði við hæstv. iðnmrh. haft samband við Félag íslenzkra iðnrekenda um það, hvaða atriði mest áherzla væri lögð á í þessu sambandi.

Iðnsýningin á s. l. hausti færði okkur heim sanninn um það, hvað iðnaðurinn íslenzki hefur náð gífurlegum framförum á tiltölulega skömmum tíma. Á ýmsum sviðum má telja, að hann standi með iðnaðarvöru sína jafnfætis því bezta, sem til þekkist hjá öðrum þjóðum. Vissulega verðskulda þeir einstaklingar og fyrirtæki, sem forustu hafa haft í þessum efnum, mikið þakklæti og virðingu fyrir framsýni, atorku og áhuga, sem þeir hafa lagt af mörkum til að ná þeim áfanga í iðnaðarmálum þjóðarinnar, sem við njótum nú góðs af á ýmsan hátt og vissulega mun eiga ríkan þátt í því að færa þjóðina fram á leið til manndóms og þroska á næstu áratugum.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hafa á undanförnum þingum farið fram nokkrar lagfæringar á tollskránni í samræmi við réttmætar óskir í þeim efnum. Í því frv., sem hér er til meðferðar, eru ívilnanirnar þó mestar og margvísleg fyrirgreiðsla til handa iðnaðinum. Eins og ég hef áður tekið fram, telur fjhn. þetta réttmætt, og hefur hún því á þskj. 539 gefið út nál., þar sem hún samhljóða mælir með samþykkt frv.

Að þessum umræðum loknum vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 517, 545).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 545,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 545,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 552).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta mál hefur verið talsvert lengi í undirbúningi. Í frv. er gert ráð fyrir að breyta nokkuð tollum á einstökum vörutegundum. Einkum er þar um að ræða iðnaðarhráefni og vörur, sem snerta iðnaðinn. Hafa verið tekin til íhugunar öll erindi, sem borizt hafa um lagfæringar á tollum vegna iðnaðarins, og haft um þetta samráð við hæstv. iðnmrh. og iðnaðarsamtökin í landinu, Félag íslenzkra iðnrekenda sér í lagi. Það hefur verið tekið hér með, sem hefur verið talið mest á liggja að fá á leiðréttingar í sambandi við þessi málefni, en hins vegar fyrirhuguð ýtarlegri athugun, einkum að því er snertir iðnaðinn og tollana. — Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 552, n. 641, 650).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. frsm. fjhn., hv. 11. landsk. þm., virðist ekki vera hér viðstaddur, og vil ég því sem form. fjhn. gera grein fyrir hennar áliti, sem er það, eins og þskj. 641 ber með sér, að n. leggur til, að frv. verði samþ. Þó hefur einn nm., hv. þm. Barð., boðað í nál., að hann muni flytja brtt. við frv., og liggja þær nú fyrir á þskj. 650. Skal ég ekki ræða um þær að svo stöddu, aðeins geta þess, að það efni, sem brtt. hv. þm. Barð. eru um, er ekki að fullu rætt né rannsakað í n., og geri ég ráð fyrir, að á fundi n. á morgun verði það tekið fyrir á ný. Mundi því sennilega vera hentugt, að hv. þm. tæki þessar brtt. aftur til 3. umr. Annars ræður hann því að sjálfsögðu, hvað hann gerir í því efni.

N. flytur tvær brtt. við frv. á þskj. 641. Fyrri brtt. er um að lækka lítils háttar verðtoll á manchettskyrtum, eða úr 50 í 40. Ég tel ekki þessa brtt. mjög veigamikla, en það varð ofan á í n. að mæla með þeirri breyt. Önnur brtt. er aðeins leiðrétting, og mundi hafa verið fært að leiðrétta það í prentun, því að þar sem stendur „tveir nýir stafliðir“ í 3. tölul., þar koma á eftir þrír stafliðir, og er það því auðsjáanlega prentvilla. Það á vitanlega að standa: „þrír nýir stafliðir“. En þar sem önnur brtt. er borin fram af n., og ef hún verður samþ., þá þarf að prenta frv. hvort sem er, þá má auðvitað alveg eins samþ. þessa sjálfsögðu leiðréttingu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, þá boðaði ég í n. sérstaka brtt., sem hefur nú verið útbýtt á þskj. 650. En hún hljóðar svo, að aftan við textann í nr. 85 í 63. kafla bætist: svo og hálfunnar blikkdósir undir niðursuðuvörur. — Ég vil leyfa mér að skýra þetta mál nokkuð fyrir hv. deild.

Eins og tollalöggjöfin er nú, er greitt af þessu hálfunna efni, sem að nokkru leyti er þá hráefni og ekki fullunnin vara, 7% í þungatoll og 30% í verðtoll. Ég held, að það sé bezta lýsingin á því, hversu þungur skattur þetta er fyrir þá iðnrekendur í landinu, sem verða að búa við þetta, til varnar fyrir aðra iðnrekendur í landinu, að ég lesi hér upp bréf í sambandi við innflutninginn á einu vörupartíi á s. l. ári. Þar segir svo:

„Á s. l. ári fluttum við inn fyrir niðursuðuverksmiðjuna á Bíldudal frá Ameríku 250 þús. hálfunnar eins punds dósir, sem voru lakkaðar innan, til þess að verja matvæli þau, er pakka átti í dósirnar, fyrir hugsanlegum skemmdum af tininu. Dósir þessar kostuðu fob. New York 143564.43 ísl. krónur. Tollur, þar með talinn vörumagnstollur, verðtollur, söluskattur o. fl., öll aðflutningsgjöld, þ. e. a. s. öll aðflutningsgjöld ríkisins, námu samkv. tollreikningi hreppstjórans 71965.93 kr., eða réttum 50% af fob.-andvirði dósanna. Flutningsgjald dósanna New York via Reykjavík til Bíldudals 20394 kr. Umskipunarkostnaður og uppskipun á Bíldudal nam 4603 kr.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að við fórum fram á það við hæstv. fjmrn., að það lækkaði þessi mjög svo ósanngjörnu aðflutningsgjöld af dósunum að minnsta kosti um helming, þar sem hér væri alls ekki um fullunna vöru að ræða, heldur tæplega hálfunna, eins og kom fram á reikningum frá hinu erlenda firma. Og talsverður kostnaður var að fullvinna dósirnar, þannig að þær séu hæfar til niðursuðu. Með bréfi, dags. 14. nóv. s. l., synjaði rn. þessari beiðni vorri, og höfum við því orðið að greiða fullt gjald af dósunum.“

Nú er þessu máli þannig háttað, að hér í Rvík er fullkomin dósaverksmiðja, sem mun vera eina dósaverksmiðjan á landinu, sem vinnur allar tegundir dósa að fullu. Ef keyptar eru dósir fullunnar frá þessari verksmiðju, eða þær tegundir dósa, sem hér um ræðir, þá er flutningskostnaðurinn frá Reykjavík til hafna úti um land svo að segja jafnmikill og við að flytja dósirnar inn frá útlandinu. Nú er það vitað, að þessi verksmiðja vinnur einnig mjög mikið úr hálfunnu efni, á sama hátt og gert er í hinum öðrum niðursuðuverksmiðjum, og hún verður þar af leiðandi einnig að greiða þennan sama toll. Það væri því síður en svo að íþyngja þessu fyrirtæki, þótt tollinum sé létt af, vegna þess að það mundi verða hagur fyrir þetta fyrirtæki að fá tollinum létt af því magni, sem þeir flytja inn hálfunnið. Þess utan er það upplýst í gegnum margra ára reynslu, að hálfunnu dósirnar eru svo að segja ekkert dýrari en efni, sem er algerlega óunnið. Þess vegna á þetta að sjálfsögðu ekki að koma undir annan tollaflokk heldur en efnið sjálft. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að verksmiðjan hér í Rvík vinnur svo að segja allar dósir fyrir mjólkuriðnaðinn í landinu. Þessi hái tollur er því beinn skattur á bændur landsins, sem framleiða mjólk til niðursuðu. Ég vil einnig í þessu sambandi leyfa mér að upplýsa, að þetta er svo stórkostlegur útgjaldaliður fyrir verksmiðjurnar úti um land, að þær, sem byggja að verulegu leyti á innanlandsmarkaðnum, þola bókstaflega ekki að greiða þennan toll, og reynslan hefur sýnt, að það hefur orðið að hætta starfrækslu, svo sem í Ólafsfirði. Þar hefur alveg orðið að hætta starfrækslu á innlenda markaðnum, m. a. vegna þess, hversu umbúðirnar fyrir innlenda markaðinn eru gífurlega tollaðar.

Ég vil taka það fram, að þessi barátta mín fyrir þessu máli snertir ekki mig persónulega, vegna þess að nú orðið hefur fyrirtækið verið selt. En ég get alveg fullyrt það af minni reynslu, að ef ekki væri hægt að laga þessi mál, þá mundi þetta stórkostlega draga úr þeim verkefnum, sem m. a. verksmiðjan á Bíldudal hefur með höndum. En hún hefur undanfarin ár, allt síðan 1938, veitt bæði kvenfólki, unglingum og börnum atvinnu allt árið í kring og einna mest á þeim tíma ársins, þegar minnst hefur verið að gera við önnur verkefni á staðnum. Það yrði því mjög sorglegt, ef verksmiðjan þyrfti að hætta af þeim ástæðum, að ekki væru sanngjarnir tollar á hráefni til hennar eins og á hráefni til annarra verksmiðja í landinu.

Ég hef einnig hér undir tölulið 2 borið fram aðra till., þ. e. að endurgreiða verðtoll af hálfunnum dósum, sem fluttar hafa verið inn eftir 1. jan. 1952, að svo miklu leyti sem hann er hærri en ákveðið er í lögum þessum. Þessi síðari till. fellur að sjálfsögðu niður, ef fyrri till. er ekki samþ., en verði fyrri till. samþ., sem ég vænti fastlega að verði, þá er það eðlileg afleiðing, að endurgreiðsla fari fram á þeim tollum, sem hafa verið teknir þannig á s. l. ári.

Ég skal að síðustu leyfa mér að upplýsa, að þessi tollur allur er endurgreiddur, ef um það er að ræða, að umbúðirnar séu fluttar aftur út úr landinu, eins og einnig kom fram í hv. n.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál nánar á þessu stigi, en vænti þess, að þessi till. mín verði samþ., en ég vil hins vegar gjarnan verða við tilmælum hv. form. og þykir ekki nema eðlilegt að taka till. aftur til 3. umr. Þá gefst n. tækifæri til þess að ræða við viðkomandi aðila og nánar við tollstjóra og skrifstofustjórann, — þetta hafði nú verið rætt við þá raunverulega, meðan þeir voru hjá n., og lýstu þeir raunverulega því báðir yfir, að þessi tollur væri einkum og sérstaklega settur á til verndar þessu ákveðna fyrirtæki hér í Rvík, en það tel ég alveg rangt að setja tollinn á eingöngu til verndar fyrirtæki, en íþyngja jafnframt stórkostlega öðru iðnaðarfyrirtæki. Ég vil því leita allrar samvinnu við n. um að fá þetta mál upplýst og fá samkomulag um málið og skal því gjarnan verða við tilmælum hv. formanns um að taka till. aftur til 3. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er ávöxtur af töluverðu starfi til þess að reyna að jafna metin á milli innlends iðnaðar og þeirrar vöru, sem við hann hefur keppt.

Ég játa, að það kunni að vera sérstakar ástæður til þess stundum, eins og hv. þm. Barð. hefur bent hér á, að bregða út frá þessu og veita iðnaðinum minni hlunnindi en honum hafa verið veitt eða ráðgert er að veita í þessu frv. Ef það verður til þess að stöðva atvinnurekstur, eins og hv. þm. bendir á, eða setja annan innlendan atvinnurekstur í stóra hættu, þá er auðvitað ekki hægt að veita hinum innlenda iðnaði slík hlunnindi. Um þetta hljóta menn að vera sammála, þótt ágreiningur geti verið um það, hvernig eigi að meta þetta í einstökum atriðum.

En það eru önnur atriði í þessu, sem mér finnst varhugaverðara að breyta til, og ég sé, að hv. n. hefur hér tekið einn lið út úr, manchettskyrtur, og lækkað tollinn á þeim, sem þá

verkar sem samsvarandi minni vernd fyrir hinn innlenda iðnað, sem hér á hlut að. Nú vitum við, að það hefur vaxið upp á seinni árum þó nokkur innlendur iðnaður í slíkri skyrtugerð, og mikið af þeirri framleiðslu er vönduð og góð vara og ekki frekar ástæða til þess að ýta undir erlenda samkeppni við þá grein iðnaðarins heldur en aðrar greinar, sem hér eru taldar upp. Og eins og ég segi, þar sem þetta frv. er að mínu viti og samkv. því, sem fram hefur komið, byggt á allýtarlegri rannsókn sérstakra aðila um það, hvar þyrfti á vernd að halda til þess að koma í veg fyrir óeðlilega útlenda samkeppni, þá finnst mér varhugavert að taka eina slíka grein út úr eins og hér er gert og ætla að minnka hennar vernd. Nú þykist ég auðvitað ekki hafa það vit á skyrtugerð, að ég geti neitt um þetta dæmt, en þar sem ég veit, að frv. er byggt á mikilli vinnu og samstarfi fróðra aðila um þetta efni, þá finnst mér, áður en við breytum slíkum atriðum í frv., að við þurfum að fá frekari grg. en enn hefur komið fram um, af hverju þessi eini liður er hér tekinn út úr og á að veita honum minni vernd heldur en ætlað var við undirbúning málsins að sanngjarnt væri að veita honum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þar sem hv. þm. Barð. hefur nú lýst yfir því, að hann sé fús til að taka sínar till. aftur til 3. umr., þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara út í efni þeirra till. frekar. Ég vil þó geta þess, að ég tel það bréf, sem hann las upp, munu gefa nokkuð einhliða upplýsingar í þessu máli. Ég hef — síðan n. athugaði þetta — ögn grennslazt um þetta mál, þó að það sé ekki tæmandi enn, og a. m. k. er það fullvíst, að þessi tollur á dósaefni hefur sáralítil áhrif á verð niðursuðuvaranna. Mér er t. d. kunnugt um það, að niðursoðnar grænar baunir, sem eru frá útlöndum komnar í dósum, eru seldar hér miklu hærra verði heldur en sú vara sams konar, sem framleidd er hér á landi, og þá virðist ekki sá tollur, sem á þessu er, hafa valdið því, að innlendur iðnaður væri ekki á þessu sviði samkeppnisfær við erlendan iðnað. — Ég álít það dálítið hæpið líka, sem hv. þm. Barð. sagði, að niðursuðuverksmiðjan í Ólafsfirði hafi orðið að hætta vegna þessa tolls á dósaefni. Það munu vera allt aðrar aðalástæður a. m. k. til þess, að hún hætti, sem sé þær aðallega, að sá markaður, sem verksmiðjan hafði gert sér von um, brást, og mun tollurinn á dósaefninu hafa valdið þar litlu eða engu um.

Út af ræðu hæstv. dómsmrh. út af manchettskyrtunum vil ég nú ekki mikið ræða, því að ef satt skal segja, þá hef ég ekki neitt sterka sannfæringu fyrir því, að það eigi að lækka þennan toll á manchettskyrtum. Þetta varð nú ofan á í n., eins og ég sagði. Vitanlega lækkar þetta fremur, þó að litlu nemi, verð á þessari vöru. Og þeir, sem framleiða manchettskyrtur innanlands, ættu þó að njóta allmikillar verndar af tollinum, þó að verðtollurinn sé lækkaður um ⅙ hluta. Ég geri ráð fyrir, að meiri hl. hv. n. leggi áherzlu á, að þessi till. sé samþ., en ég fyrir mitt leyti mun að vísu greiða atkv. með henni, þar sem ég hef mælt með henni. Ég get ekki verið hér að halda uppi nokkrum deilum henni til varnar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að biðja velvirðingar á því, að ég var ekki mættur hér nógu snemma. Ég taldi, að deildarfundur hæfist ekki eins fljótt og reyndin hefur á orðið, og var því ekki viðstaddur, þegar mál þetta var tekið fyrir, sem nú er til umr., og vil ekki þess vegna neitt fara að blanda mér inn í deilur þær, sem orðið hafa, eða meiningarmun. Ég vil aðeins taka hér fram um 19. lið 1. gr. frv., að það er þannig tilkomið, að áður voru manchettskyrtur flokkaðar þannig, að goldinn var af þeim vörumagnstollur, hinn sami nú og áður, 20 aurar, en 25% verðtollur. Eftir frv. var hækkaður verðtollur á manchettskyrtum um 25%, eða tvöfaldaður. Það þótti okkur sumum nm. nokkuð hátt og áttum umræðu um þetta við þá menn, sem voru komnir til skrafs og ráðagerða við okkur, tollstjórann og skrifstofustjórann í fjmrn., og virtust þeir vera á þeirri skoðun, að það væri ekki nauðsyn á því að hafa verðtollinn það háan, og varð ofan á, — ég játa það, að ég vildi jafnvel fara niður í 35% verðtoll, — en samkomulag varð hjá n. að sýna meira en fulla sanngirni í þessu máli og hækka ekki tollinn af manchettskyrtunum meira en um 15%, þ. e. verðtollinn. Þess vegna var það samkv. þessu, að gengið var í þá átt að vernda hinn innlenda iðnað, en þó allt í hófi og veita þeim mönnum, sem vilja kaupa manchettskyrtur, sem þeir telja að séu með betra sniði en þær innlendu, kost á því að kaupa þær þó við hóflegu verði, þó að þeir yrðu að sæta samt sem áður lakari kosti að krónutali heldur en ef þeir sneru sér að hinum innlenda iðnaði. Við þóttumst á þennan hátt hafa gert hvort tveggja: reynt að sýna sanngirni og vernda hinn innlenda iðnað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki heldur verja neinum tíma í að ræða brtt. mína. Það mun hafa verið rætt í n., eins og hv. form. minntist á. En ég vil aðeins benda á, að ef hægt er að lækka vöruna í landinu um tilsvarandi upphæð eins og tollurinn er, þá er að sjálfsögðu gert hvort tveggja í senn, hvað sem líður hinni erlendu innfluttu vöru, að það lækkar verðlag í landinu, — og það er eitt af því, sem við erum að stríða við annars vegar, — og það skapar miklu meiri möguleika fyrir viðkomandi aðila til að halda áfram rekstrinum, og það er höfuðatriðið.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði í sambandi við till. um lækkun á tolli, þá vil ég taka það fram hér, vegna þess að það hefur ekki komið fram við umr., að það var upplýst hjá n., að efni í skyrtur væri tollað með 20%, og okkur, sem stóðum að þessari till., fannst, að það væri ekki óeðlileg eða ósanngjörn vernd, sem viðkomandi aðilum væri veitt, að þeim væri leyft að hafa þarna 20% álagningu á innfluttar skyrtur til þess að mæta þeim kostnaði, sem þeir kynnu að hafa hér fram yfir framleiðslu annars staðar á slíkri vöru. Nú hefur einn af þessum aðilum rætt við mig í dag og haldið því fram, að á öllum öðrum fatnaði væri 50% álagning, en hér í frv. stendur á bls. 2, tölul. 29, 9c, að allur fatnaður nema skófatnaður sé tollaður með 7 aura vörumagnstolli og 40% verðtolli. Það mun nokkru hafa ráðið hjá n. að gera hér samræmingu á.

Nú er þess náttúrlega ekki að vænta, að þn. fari svo í gegnum alla tollskrána, að hún hafi fullvissað sig um það, hvort þar kunni að vera einhverjir aðrir liðir en hér standa, en það kom ekki fram hjá tollstjóra eða hjá skrifstofustjóranum við umr. við þá annað en að þessar upplýsingar, sem hér eru, væru réttar. Ef hins vegar hitt væri réttara, að allur annar fatnaður væri tollaður hærra, þá geri ég ráð fyrir, að hv. frsm. eða hv. form. n. vildi helzt taka þessa till. til baka til 3. umr. til þess að rannsaka það nánar. En sé það rétt, sem við höfum fengið upplýsingar um, að það sé aðeins á manchettskyrtum þetta hærri tollur fram yfir annan fatnað, þá ætti það sízt að vera ósanngjarnt, að þessi till. væri samþ. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram í sambandi við málið að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það kom nú raunar fram hjá hv. þm. Barð., sem ég vildi sagt hafa, sem sé að leggja til, að þessi brtt., sem ég hef gert að umræðuefni, um skyrturnar yrði tekin aftur til 3. umr. og athuguð betur í samræmi við tollun á öðrum hliðstæðum vörum og eins til samanburðar við þá aðila, sem sömdu þetta frv. Eins og ég sagði áður, þá er frv. ávöxtur, að því er ég bezt veit, af allýtarlegu samstarfi margra aðila til þess að setja reglur, sem gætu komið í veg fyrir óeðlilega samkeppni við innlendan iðnað, og mér finnst þurfa ýtarleg rök til þess, að horfið sé frá þeim reglum, sem þar voru settar. Ef slík rök koma fram, þá er auðvitað sjálfsagt að beygja sig fyrir þeim, en mér finnst rétt, að fengið sé að minnsta kosti álit þeirra manna, sem að þessu hafa unnið, til þess að það sé þá fullt samræmi í því, sem gert er, og að það sé athugað, ef þessu er breytt, hvort af því hljóti þá ekki einnig til samræmis að leiða ýmsar aðrar breyt. á frv. Hitt vitum við öll, sem hér erum, að þetta frv. stefnir að því að veita innlendum iðnaði vernd, sem merkir það að bægja frá erlendum vörum, sem ella mundu verða ódýrari og geta keppt við hinn innlenda iðnað, og það er því ekkert sérstakt um manchettskyrturnar. Það er einungis einn þáttur í þeirri vernd, sem hér er verið að veita. En ég vildi mjög taka undir það, að brtt. yrði tekin aftur til 3. umr., til þess að frekari íhugun málsins gæti átt sér stað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með tilvísun til yfirlýsingar hv. frsm. um, að till. verði ekki tekin aftur, þá vil ég hér með lýsa því yfir, að ég mun á næsta nefndarfundi, sem hv. form. hefur tjáð að yrði á morgun, óska eftir, að þetta mál verði athugað. Og þó að till. verði samþ. nú, þá mun ég, ef það kemur í ljós, að hér sé ósamræmi á milli, bera fram brtt. til samræmis á því síðar. Ég tel það ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að málið sé athugað með hliðsjón af því samræmi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil beina því til forseta, hvort það mundi vera mögulegt, ef till. er samþ. nú, að fella það aftur úr frv. við næstu umr. — Ég vil mjög eindregið beina því enn til hv. n. að fresta málinu til athugunar. Ef það er meiri hl. hér í hv. d. fyrir að athuguðu máli að samþ. þetta, þá er það auðvitað sjálfsagt og engu til spillt, en það er sannað hér, að málið hefur ekki verið athugað. Það byggist á misskilningi, sem sagt er, að þeir tveir ágætu menn, sem nefndir voru, hafi samið þetta frv. Það getur verið, að þeir hafi sett það í formlegan búning, en frv. er byggt á starfi allt annarra manna, sem gerðu þá samanburðarvinnu, sem frv. hvílir á. Þess vegna er eðlilegt, að til þeirra sé leitað um þetta efni, og ég vil nú beina því til hæstv. forseta, hvort hann treysti sér ekki til þess að taka till. aftur til 3. umr. — annað eins hefur nú verið gert — eða þá að fresta umr. eða, ef í það fer, atkvgr. — [Fundarhlé].

Forseti (BSt): Meiri hl. n. hefur samþ. að taka fyrri till. á þskj. 641 aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 650 tekin aftur til 3. umr.
— 641,1 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 641,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. og 62. fundi í Ed., 30. jan. og 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 4. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 658, 641,1, 650, 720).

Brtt. 720 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur enn að nýju athugað betur frv. þetta um tollskrána og breyt. á henni, sem hér liggur nú fyrir til 3. umr.

Ég hafði við 2. umr. ásamt hv. form. n. gert nokkra grein fyrir afstöðu okkar þar. Við töldum, að þeir menn, sem hefðu unnið að þessari tollskrá, breytingunni, sem gerð er með frv., hefðu gert það með alúð og samvizkusemi, enda var slíks þaðan von. Það voru menn, sem höfðu bæði vit og samvizkusemi til að gera það sæmilega, tollstjórinn og skrifstofustjórinn í fjmrn. Og Nd., sem hafði frv. þetta til athugunar, hafði mjög lítið við það að athuga, og mátti heita, að það bærist óbreytt hingað.

Þegar við fórum að athuga frv., rákum við okkur sameiginlega á dálitla annmarka á frv. og lögðum fram brtt. í þá átt að lagfæra það. Einnig var það seinna, að það kom fram, að hér væru ekki öll kurl komin til grafar, og var það hv. þm. Barð., sem bar það fram, og það var um það, að gufuvélahlutar væru hátt tollaðir, miðað við annað svipað. Er það rétt hjá honum, og töldum við það mjög til athugunar, bárum það undir tollstjóra og skrifstofustjóra fjmrn., sem sögðu, að þeir væru því ekki *mótfallnir*, að þar kæmi einhver breyt. á. Ég skal geta þess, að einmitt þessir hlutar voru áður fyrr með 30%

verðtoll, en voru með seinni lögum færðir niður í 8% verðtoll, og sýnist okkur það nokkur bót, þótt betur megi ef til vill, ef duga skal. En sem sagt, sumt af þessum varahlutum kemur hér ekki til tollafgreiðslu, þeir berast með skipunum, sem þeir koma með og þeir eru látnir í, berast þannig að Slippnum, að ekki er tekinn tollur af þeim, eftir því sem okkur er sagt. Þess vegna verðum við að telja, að það sé ekki svo mikið undir þessum atvikum komið, hvort það er hærra eða lægra, fært niður í 2%, það er þá 6%, sem það munar. En þegar maður tekur tillit til þess, að nú hefur verðtollurinn verið færður á skömmum tíma úr 30% niður í 8%, þá er þarna nokkur bót á ráðin.

Ég vil segja það einnig um verðtoll af manchettskyrtum, sem við héldum fram og vildum ekki taka aftur till. okkar um að væri færður niður um 10% frá því, sem frv. segir, úr 50% niður í 40%, að segja má, að það sé rétt og gangi mjög í þá átt, sem vera ber, að lækka þann toll frá því, sem áður var. En ef við lítum á tímana, eins og þeir nú eru og eru fram undan, þá er í raun og veru þetta mál ekki svo mikils virði sem það sýnist fljótlega. Nú er mér tjáð og ég hef komizt að því, að innflutningur á manchettskyrtum yfirleitt úr bómull eða þess háttar sé langt til að hverfa, en aftur komi í stað þess skyrtur úr nylon og þess háttar efnum, sem eru ekki tollaðar undir þeirri grein, sem manchettskyrtur eru tollaðar, heldur allt öðru, þ. e. nylonvörum, svo að þetta er í raun og veru ekki svo mjög praktískt. Annars verð ég að telja það, að það sé frekar til bóta en hitt að laga þetta, en þar sem virzt hefur, að stjórnin telji nauðsynlegt, — og við vitum allir þm., að nauðsynlegt er að koma þessu máli í höfn, tolllögunum, eins og þau eru, þá er það spursmál, hvort það er rétt að leggja í hættu vegna jafnlítilfjörlegra atvika eins og ég hef hér minnzt á og nálega engu munar fyrir kaupendur eða ríkissjóð. Þess vegna var það okkar álit, að þótt við tökum ekki till. okkar aftur, meiri hl. n., um manchettskyrtur, þá leggjum við enga áherzlu á, að sú brtt. okkar verði samþ., ef á annað borð er ekki samþ. fleira í frv. — En nóg um það.

Nú kem ég að aðalmálinu, sem hér mun verða til umr., og skal ég ekki fara að teygja lopann mikið um það. Ég læt aðra tala það og flyt hér erindi, sem okkur í n. barst, bréf frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, í svo kölluðu dósamáli, sem lá fyrir hjá n., þannig að einn nm. kom með brtt. um það að lækka toll á dósum mjög mikið, en við hinir gátum ekki fylgt þeirri till., og er hann einn um hana. Ég ætla sem sagt ekki neitt að fara að karpa við hann, hv. þm., en ég ætla að leyfa mér að lesa bréfið, sem ég gat um hér, ef hæstv. forseti leyfir. Það er dagsett 30. jan. 1953:

„Fjárhagsnefnd Ed. Alþingis, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að senda yður bréf frá Dósaverksmiðjunni h/f, dags. í gær. Þar eru talin veigamikil mótrök gegn brtt. á þskj. 650 um tollalækkanir á hálfum dósum." — Það er víst hálfunnum dósum — (Gripið fram í.) Það stendur hálfum dósum, en á víst að vera hálfunnum, býst ég við. — „Félag ísl. iðnrekenda mælir eindregið gegn því, að brtt. þessar verði samþykktar, með tilvísun til röksemda Dósaverksmiðjunnar h/f.

Frv. það, sem nú liggur fyrir hv. Alþ. um breyt. á tollskránni, er flutt í þeim tilgangi að bæta aðstöðu iðnaðarins vegna mikillar samkeppni við innfluttan varning. Munu brtt. frv. vera byggðar á niðurstöðum rannsóknarnefndar ríkisins í iðnaðarmálum. Þess vegna teljum vér, að fyrrgreind brtt. á þskj. 650, svo og brtt. á þskj. 641,1 brjóti í bága við stefnu og markmið frv. sjálfs.

Virðingarfyllst.

F. h. Félags íslenzkra iðnrekenda.

Páll S. Pálsson."

Ég get ekki farið að lesa öll þessi skjöl hér, en af því að hér er vitnað í umsögn Dósaverksmiðjunnar, þá verð ég að taka hér upp nokkurn kafla af bréfinu.

„Reykjavík, 29. jan. 1953.

Vegna fram kominnar brtt. í Ed. Alþingis á þskj. 650 við tollskrárfrv., sem mun eiga að skilja svo, að verðtollur á hálfunnum blikkdósum lækki úr 20% í 2%, viljum við hér með láta í ljós eftirfarandi álit okkar á því máli:

1) Verðtollur á hálfunnum dósum er nú 20% +45% álag, eða 29% af cif.-verði þeirra, en það samsvarar um 20% af heildarverði dósanna kominna í vörugeymslu. Ofanrituð lækkun verðtollsins mundi því að sjálfsögðu lækka hálfsmíðaðar dósir um ca. 18%, en fullsmíðaðar um 15—16%. Þó mundi þetta engin áhrif hafa á dósaverð fyrir útflutningsvöru, því að þá er verðtollur dósanna endurgreiddur.

2) Verðlækkun þessi á dósum nær þó skammt til verðlækkunar á matvælum í slíkum dósum, svo sem sýnt skal hér með dæmum:

A) Fiskabollur í 1 kg dósum, útsöluverð um kr. 9.70, þar af tolllækkun dósarinnar samkv. ofanrituðu 22 aurar.

B) Fiskbúðingur í 1 kg dósum, útsöluverð um kr. 10.70, þar af tolllækkun dósarinnar samkv. ofanrituðu 22 aurar.

C) Grænar baunir í ½ kg dósum, útsöluverð um kr. 4.65, þar af tolllækkun dósarinnar samkv. ofanrituðu 14.4 aurar.

Þess skal getið, að innfluttar grænar baunir í ½ kg dósum kosta nú í búðum kr. 6.50, svo að ekki þarf á 14 aura verðlækkun að halda á innlendu framleiðslunni til að standast samkeppni við erlendu vöruna, þar sem hún er svo miklu dýrari.

3) Innflutningur dósa, svo að segja tollfrjálsra, hefur tvímælalaust það í för með sér, að innlend smíði þeirra fellur niður um leið, og þar sem um niðursuðudósir er að ræða, sem mest er notað af í landinu, verður ekki haldið uppi dósaverksmiðju til þess eins að smíða hinar dósategundirnar eingöngu, sem lítill markaður er fyrir.

4) Þegar innlend dósasmíði er niður fallin, hljóta að skapast örðugleikar hjá kaupendum dósa um útvegun þessara umbúða. Hvenær sem fyrirtæki þarf á dósum að halda með stuttum fyrirvara, hefur það til engra að flýja nema panta þær frá útlöndum. Það tekur marga mánuði. Ekki er unnt að fá minna magn en nokkur hundruð þúsund af sömu tegund. Margar teg-

undir yrði að flytja inn fullsmíðaðar, og ýmsar tegundir, sem hér eru smíðaðar eftir sérstökum óskum kaupenda, fengjust ekki.“

Þannig er þetta bréf og lengra. Ég læt þetta nægja. (Gripið fram í.) Það var vísað til þess. Ég las það áðan, það er frá Dósaverksmiðjunni h/f, undirskrifað, að mér virðist, af K. Einarssyni, en ekki Elíassyni. (Gripið fram í.) Ég skal ekki deila um það, ég er ekki svo mikill handritalesari. Ég læt þetta nægja. Ég býst við, að það verði rætt um þessi bréf núna. En við nm. gátum sem sagt ekki fylgt brtt. hv. þm. Barð., en hún er sú megintill., sem hefur verulegar afleiðingar fyrir frv. eins og það liggur fyrir, og verður þá að skeika að sköpuðu, hvernig það fer.

Ég mun ekki fara út í kappræður um þetta mál. Ég hef lesið ástæður þeirra góðu manna, sem hér eiga hlut að máli. Ég býst við, að þær verði athugaðar og talað um þær, en það getur vel farið svo, að þarna komi sá á eftir og tali, að það megi segja, að náttúran tali þar ein við sjálfa sig, þegar til kemur. Ég yfirleitt mun ekki orðlengja miklu meira til varnar. Ég vonast til þess, að hv. þdm. hafi athugað hlutina og meti þær ástæður, sem hér liggja fyrir, og verður þá að skeika að sköpuðu, hvernig atkvgr. fer.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera hér enn tilraun til þess að fá löguð þessi ákvæði, sem hér um ræðir, og skal hér í fáum orðum gera fyrst grein fyrir þeirri till., sem ég hef borið fram hér á þskj. 650 í sambandi við hálfunnar blikkdósir.

Því hefur verið haldið fram mjög í n., að þetta gæti ekki haft nein áhrif á rekstur fyrirtækjanna, þar sem vitað væri, að framleiðsluvörurnar væru miklu ódýrari en innfluttar sams konar vörur, sem fluttar eru inn á bátagjaldeyri, og mínir hv. meðnefndarmenn hafa ekki fengizt til þess að líta á nein önnur atriði eða aðrar hliðar á málinu.

Nú skal ég í stuttu máli skýra frá því og miða þá einkum og sér í lagi við þá verksmiðju, sem ég hef verið eigandi að s. l. 14 ár — og þekki þar af leiðandi vel þessi mál öll — en hún er nú komin í eigu annarra manna, svo að það er ekki um að ræða persónulega hagsmuni frá minni hálfu að berjast fyrir þessu máli. En ég vil leyfa mér að benda á, að ef verksmiðja líkt og sú, sem hér um ræðir, framleiðir 500 þús. hálfdósir, sem kallað er, af niðursoðnum baunum, sem er um það bil það magn, sem við höfum framleitt að meðaltali á ári, þá kosta dósirnar utan um þá framleiðslu 480 þús. kr. Af því eru rúmlega 140 þús. kr. verðtollur, eða 30% af því magni.

Það má nú geta nærri, þegar verksmiðja með takmarkað veltufé þarf að kaupa inn a. m. k. 250—500 þús. dósir í einu, því að minni pöntun er ekki afgreidd, og liggja með það svo og svo langan tíma, sumpart ónotað og sumpart óselt, eftir að búið er að nota það, hvort það er ekki eitthvert atriði fyrir viðkomandi fyrirtæki að þurfa að binda þarna um 150 þús. kr. beinlínis vegna þess, að þessi skattur er lagður á af ríkissjóði. Ég veit, að þeir menn, sem eitthvað fást við atvinnurekstur, þekkja vel, hversu erfitt það er að ganga til bankanna og fá þar lánað stórt rekstrarfé og það, eins og ég segi, beinlínis til þess að geta uppfyllt lagafyrirmæli um skattgreiðslu til ríkissjóðs. Nú skal ég viðurkenna það, bæði til sóma fyrir hæstv. fjmrh. og eins fyrir viðkomandi sýslumann í Barðastrandarsýslu, að þeir hafa báðir haft ákaflega mikinn skilning á þessu máli og hafa einmitt, vegna þeirra erfiðleika, sem af þessu stafa, fallizt á að leyfa að tollafgreiða nokkurn hluta í einu og láta hitt liggja þar til þyrfti að nota það. Þetta er að sjálfsögðu tilvik frá lögunum, en hæstv. ráðh. hefur nú fallizt á þessa tilhögun einmitt vegna þess, að hann á því stigi skildi alveg nauðsynina fyrir því að koma þessu skipulagi á. Og ég held raunverulega, að ef þessi liðlegheit hefðu ekki verið sýnd, þá hefði verksmiðjan orðið að loka af þessum ástæðum, þar sem hún hefði ekki getað fengið nægilegt rekstrarfé til þess að greiða út svo stórar upphæðir í ríkissjóð og greiða síðan af þeim 8% a. m. k. í bönkunum.

Ef nú ekki væri samt sem áður horfið að þessu ráði og bitið í það súra epli að flytja þessar dósir inn hálfunnar til þess að vinna þær áframhaldandi í verksmiðjunni sjálfri, eins og gert er með sérstökum vélum, sem til þess hafa verið keyptar, þá hefði orðið að greiða fyrir þessar sömu dósir hér frá dósaverksmiðju í Reykjavík, sem nú í dag og undanfarna daga hefur óskað eftir þessari vernd, 650 þús. kr., eða 170 þús. kr. hærra en samt sem áður var hægt að kaupa þetta magn frá útlandinu, þrátt fyrir það þó það þyrfti að greiða 30% verðtoll af því. Og einmitt vegna þess, að verðlagið hér er þannig, eins og ég hef nú lýst, þá hefur aldrei allan þann tíma, sem ég hef verið eigandi að þessari verksmiðju, verið keypt ein einasta dós hér í Reykjavík af þessum tegundum, vegna þess að það hefur verið hægt að fá þær þrátt fyrir allt miklu ódýrari með því að greiða ríkissjóði þær greiðslur, sem hér um ræðir. En það raskar ekki hinu, að fyrirtæki, sem byggt var upp sumpart til reynslu, hvort hægt væri að láta slíka verksmiðju sem hér um ræðir vinna úr hráefnum og selja það annaðhvort út úr landinu eða inni í landinu, — það raskar ekki því, að það eru svo miklir erfiðleikar í sambandi við þetta, að það er engan veginn rétt viðhorf frá því opinbera að meta ekki meira en gert er hér þá tilraun, sem hér hefur verið gerð, því að ég get fullyrt það, að einmitt þetta fyrirtæki hefur á mörgum erfiðustu árunum beinlínis bjargað þessu þorpi frá neyð — beinlínis bjargað því frá neyð á þeim tímum á veturna, þegar ekkert annað hefur verið að gera, þar sem mikill hópur af konum í þorpinu og börnum hefur getað aflað nægilega mikilla tekna til þess að halda uppi heimilinu, á meðan heimilisfeðurnir hafa ekki haft neinn starfa yfir mánuðina oft og tíðum frá 1. nóv. til 1. apríl. Og það væri mjög illa farið, ef hæstv. ríkisstj. með ranglátri tollalöggjöf beinlínis ynni að því, að slík starfsemi yrði lögð niður, og það er því hörmulegra, ef það er gert til þess að vernda aðrar atvinnugreinar hér í Rvík, sem ekki hafa heldur óhag af því, að þessi till. verði samþ., því að reynslan hefur, eins og ég tók fram áðan, sýnt það, að hún hefur hvorki haft af

því tekjur né gróða, vegna þess að það hafa engin viðskipti átt sér hér stað.

Nú sagði hæstv. dómsmrh. það alveg réttilega hér fyrir nokkru og eins endurtók hv. frsm. það hér, að sú breyt., sem nú er verið að gera á tollalöggjöf landsins og nú liggur hér fyrir, er alveg sérstaklega gerð til þess að styðja íslenzkan iðnað og skapa á þann hátt möguleika fyrir fólk til þess að starfa í staðinn fyrir að halda að sér höndum. Þess vegna finnst mér vera enn meiri nauðsyn á, að einmitt hv. Alþingi viðurkenni, að þessi grein þarf að breytast til þess að tryggja þetta meginatriði, sem verið er að reyna að ná með löggjöfinni, því að mér dettur ekki í hug að ætla hvorki iðnaðarsamböndunum það né hv. alþm., að löggjöfinni sé breytt eingöngu fyrir einhver einstök fyrirtæki á einstökum stöðum í landinu, því að það væri hróplegt ranglæti. Nú kemur hér fram í bréfi frá Dósaverksmiðjunni, að hennar innkaupsverð á þeim dósum, sem ég ræði hér um og kosta í útsölu um kr. 1.30 — þ. e. ½ kg dósum — er ekki nema 81 eyrir, þegar hún hefur flutt inn sams konar dósir, því að það hefur hún gert í stórum stíl. Ég hygg, að hún flytji mikið magn inn af hálfunnum dósum, líkt og niðursuðuverksmiðjur úti á landi, og selji þær síðan fullunnar hér. En þá er hennar hagur frá 80 aurum og upp í kr. 1.30, eða hvorki meira né minna en 49 aurar á hverja dós. Og ég verð að segja það, að mér finnst, að þær sneiðar séu skornar ákaflega þykkar til eins fyrirtækis, ef þær jafnframt eiga að vera til þess að iþyngja eða loka möguleikunum fyrir öðrum fyrirtækjum að starfa. En þetta eru ekki tölur, sem ég er að búa til. Þær eru hér skjallegar í skjölum, sem send eru frá sjálfri Dósaverksmiðjunni.

Ég get vel skilið það, að þegar eingöngu ræður eigingirni hjá mönnum, eins og tvímælalaust ræður hjá þessari verksmiðju eða þeim mönnum, sem hana reka, þá vilja þeir gjarnan halda þessu kerfi, flytja inn hálfunnar dósir, þótt þeir þurfi að greiða ríkissjóði 30% í verðtoll, þegar þeir geta svo lagt 30% ofan á það aftur til þeirra, sem kaupa af þeim dósirnar, því að þá verður þeirra hagur því meiri. Bezt væri líklega fyrir þá, þegar þeir væru búnir að fá slíka aðstöðu, að tollurinn væri ekki 30%, heldur 130%, því að þeim mun meiri yrði ágóðinn í þeirra hlut, þegar ekki er hægt annað en að lúta þeirri einokunaraðstöðu, sem hér er beitt. Hitt er svo allt annað atriði, hvort það er rétt af hæstv. Alþ. að stuðla að því, að slík fjárplógsstarfsemi sé rekin hér af einstökum mönnum, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að Alþingi vilji leggja blessun sína yfir það.

Það hefur verið bent á það alveg réttilega, m. a. af hv. form. fjhn., sem ég viðurkenni að hefur haldið fjöldamarga fundi um þetta mál og gefið n. mjög mikið tækifæri til þess að ræða það, að umbúðirnar séu svo lítið atriði í sambandi við útsöluverðið, að þetta ætti ekki að muna svo miklu fyrir verksmiðjurnar, en það raskar ekki þeim staðreyndum, sem ég hef hér tekið fram í sambandi við erfiðleikana í atvinnurekstrinum. Þessar dósir, sem ég hef talað hér um og kosta 96 aura, eru seldar á framleiðsluverði frá verksmiðjunni fyrir rúmar 3 krónur, þótt þær séu nú seldar, þegar þær eru komnar hér í búðir og búnar að ganga í gegnum þann hreinsunareld allan, á 4 kr. og eitthvað. Hins vegar er markaðurinn takmarkaður. Það er ekki nema takmarkað magn, sem hægt er að framleiða fyrir íslenzkan markað, og þegar hann er þess utan fylltur af erlendum sams konar niðursuðuvörum, þótt þær séu allmiklu dýrari, þá eru þær þó óneitanlega að flækjast fyrir á markaðnum, og enginn, sem hefur étið baunadós, sem kostar 6—7 krónur, fer að bæta á sig annarri, þótt hún kosti ekki nema 4—5 krónur, ef hann hefur hvorki þörf fyrir það né lyst. En það hefur verið eitt af því, sem hefur torveldað að nota íslenzka markaðinn fyrir niðursuðuvörur, að aðrar erlendar niðursuðuvörur hafa verið settar inn á markaðinn.

Þetta vildi ég láta koma fram hér í sambandi við þetta mál, áður en gengið er til atkvæða um það. Ég skal viðurkenna, að það væri alveg óþarfi fyrir þessa verksmiðju að vera að berjast fyrir þessu máli, ef hún ætlaði sér eingöngu að starfa að útflutningsverðmæti, því að þá fæst tollurinn endurgreiddur. En bæði er það, að þessi verksmiðja, sem ég ræði um hér, hefur fengið á sig sérstakt orð fyrir niðursuðu til neyzlu innanlands, bæði hvað snertir baunir, gulrætur, rauðrófur og kjötvörur allar, og hún hefur öll þessi ár og ekki hvað sízt á meðan erfitt var að selja alla kjötframleiðsluna verið mjög mikið til hjálpar fyrir bændur að taka einmitt það kjötið, sem erfiðast var að selja á innlendum markaði, til að sjóða það niður, og hjálpaði þar í stórum stíl þeim sveitum, sem voru í kringum staðinn. Það væri illa farið að launa það og þá starfsemi alla, sem verksmiðjan hefur gert í sínu uppbyggingarstarfi í niðursuðu, með því að halda enn þá þeim tolli, sem hér um ræðir, til erfiðleika fyrir landbúnaðinn.

Ég mun svo láta þetta nægja í sambandi við þessa till.

Hvað snertir till. mína á þskj. 720, þá leyfi ég mér að upplýsa, að á bls. 48 í tollskránni er sagt undir tölulið 30, að bifvélar og hlutar til þeirra skuli greiddar með 2 aura vörumagnstolli og 2% verðtolli, en aftur á móti gufuvélar og hlutar til þeirra skulu tollast með 2 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli. Nú er það svo, að því meir sem torveldast viðskiptin við Bretland, því færri ferðir fara skip nú, sérstaklega veiðiskipin, togararnir, til Englands á ári og koma þar kannske ekki vikum og mánuðum saman. Það er því alveg óhjákvæmilegt fyrir þessa aðila að flytja inn í allstórum stíl varahluta, ýmist hálfunna eða fullunna, til þess að halda gangandi þeim vélum, sem unnið er með um borð í skipunum. Á meðan togaraútgerðin hafði nægilegt fé, þá mótmælti hún því engan veginn að greiða, eins og hv. frsm. tók fram, 30% verðtoll af þessum hlutum, því að sumpart var það raunverulega til lækkunar á þeim tekjum, sem þeir urðu að greiða tekjuskatt af til ríkissjóðs á sínum tíma og var þá tekið á annan hátt, og sumpart munaði þá ekkert um þessi atriði, enda þá miklu minna flutt inn, meðan aðallega voru stundaðar veiðar allt árið um kring til Bretlands. En eftir að breytt hefur verið um, þannig

að sum af þessum skipum koma ekki jafnvel mánuðum eða árum saman út, og erfiðleikar eru við reksturinn, þá er þetta stórkostlegt atriði fyrir þessa aðila. Ég vil m. a. benda á, að af einni skipsskrúfu verður að greiða hvorki meira né minna en 7—8 þús. kr. í toll. Og það er svo hlálega framkvæmt, að ef skipið sjálft kemur með skipsskrúfuna hingað til landsins og fer beina leið á dráttarbraut, þá þarf ekki að greiða af henni toll. En ef það kemst ekki á dráttarbrautina nema taka skrúfuna fyrst í land og setur hana nokkra metra með bíl frá Ægisgarði og beina leið upp í Slippinn, þá er strax kominn á hana 7—8 þús. kr. tollur til ríkisins. Þetta hefur reynslan sýnt okkur undanfarna mánuði. Og þetta er beinlínis fyrir mistök á sínum tíma. Þeir menn, sem hafa samið þetta, hafa ekki skilið þessar aðstæður, og þess vegna ber að leiðrétta þetta. Ég veit, að hv. alþm. vilja gera þessa leiðréttingu á þessu og sjá, að þetta er sanngjarnt og rétt, þegar þeir hafa fengið skýringu á því.

Ég sé, að það er komið fram yfir þann tíma, sem hæstv. forseti hugðist að halda hér fund, og skal ekki fara út í önnur atriði, en vil þó aðeins að gefnu tilefni mótmæla því, sem hv. frsm. sagði, að nm. — eins og hann orðaði það — legðu ekki áherzlu á till. um að lækka verðtoll á skyrtum frá 50 niður í 40%. A. m. k. er mín afstaða til málsins ekki slík. Ég legg einmitt mjög mikla áherzlu á það. Ég tel, að það sé einn þátturinn í að halda niðri verðlaginu í landinu, og ég tel, að það sé nægilega mikið svigrúm fyrir þá menn, sem starfa að skyrtugerð hér á landi, ef lagður er á 40% verðtollur til varnar því, að flutt verði inn þessi vara. Ég hef þess utan fengið fullkomnar upplýsingar um það, að þrátt fyrir góðan vilja hjá viðkomandi aðilum, þá komi það þráfaldlega fyrir, að menn verði að kaupa slíka vöru annars staðar frá, og þá er það engan veginn rétt stefna í baráttu við dýrtíðarmálin að hafa þessa álagningu hærri en nauðsynlegt er. — Að öðru leyti skal ég ekki ræða þessi atriði nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Ed., 4. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 641,1 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, BrB, FRV, GJ, HG.

nei: LJóh, RÞ, SÓÓ, VH, BBen, HermJ, JJós, ÞÞ, BSt greiddu ekki atkv.

3 þm. (PZ, GÍG, KK) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsöguræðu þessa máls, þá taldi ég ekki þessa brtt. það mikils virði, að ég vilji voga því að hætta málinu hennar vegna og samþ. hana, og greiði ég því ekki atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þar sem hinn visi maður, hv. 11. landsk., hefur bent á það, að frv. sé sett í hættu, ef þessi brtt. verður samþ., þá mun ég fara að hans ráðum og fordæmi og greiða atkv. gegn till. — segi nei.

Bernharð Stefánsson: Ég skírskota til grg. hv. 11. landsk. þm. og greiði ekki atkv., enda hef ég aldrei haft neinn áhuga fyrir þessari brtt.

Brtt. 650,1 felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, LJóh.

nei: VH, ÞÞ, BBen, GÍG, HG, HermJ, JJós, RÞ, SÓÓ, BSt.

BrB, FRV, StgrA greiddu ekki atkv.

2 þm. (KK, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 720 felld með 8:4 atkv.

— 650,2 tekin aftur.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Nú kynni að vera vafamál um það, hvort frv. væri endursent til hv. Nd. eða afgreitt sem lög frá Alþ. Ég lýsti því nefnilega yfir við fyrri meðferð málsins hér í hv. d., og komu engin mótmæli fram, að litilfjörlega leiðréttingu, sem nánast var prentvilla, skoðaði ég sjálfsagða leiðréttingu og þyrfti ekki að bera undir atkv., og mótmælti því enginn. En samt sem áður hefur skrifstofan misskilið þetta að einhverju leyti, og frv. hefur verið prentað upp með þeirri leiðréttingu eftir 2. umr. í Ed.

Ég fyrir mitt leyti álít, þar sem þessu var lýst yfir af mér og það mun einhvers staðar vera staðfest af stálþræðinum, sem við höfum nú, og enginn mótmælt því, að ég tel þetta aðeins sem leiðréttingu, sem lagfæra mætti í prentun, þá lít ég svo á, að frv. sé nú afgreitt sem lög frá Alþ. En ef einhver mælir þessu í gegn, þá verður að fara um það sérstakur úrskurður eða atkvgr. d. Þetta er aðeins slys, að skrifstofan tók þetta sem breyt., sem engin breyt. var, heldur leiðrétting á frv., eins og það bar með sér, þar sem talað var í frv. um tvo stafliði, þar sem áttu — eins og allir sáu — að standa þrír stafliðir. Breytingin var ekki önnur en sú.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér er fullkunnugt um, að hæstv. forseti hefur jafnan skýrt þetta mál þannig. Hins vegar tel ég, að ég mundi hafa fullan rétt til að mótmæla þessu á þessu stigi og fá frv. sent til Nd. og gera tilraunir þar til þess að fá leiðréttingu á þeim málum, sem hér hafa verið felld. En vegna þess að ég vil á engan hátt gera ummæli hæstv. forseta ómerk, þá sætti ég mig við þennan úrskurð, að hann afgreiði þetta hér sem lög frá Alþ.

Forseti (BSt): Ef engin mótmæli koma fram vegna þessara mistaka, sem eiginlega eru aðeins vegna prentunarinnar, en varða ekki efni málsins, þá er frv. hér með afgr. sem lög frá Alþ. til hæstv. ríkisstj., því að allir geta nú sannfært sig um það, að þetta var aðeins leiðrétting.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 767).

35. Fjáraukalög 1950.

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1950 [182. mál] (stjfrv., A. 418).

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta fjáraukalagafrv. er samið eftir nákvæmlega sömu reglum og tíðkazt hefur. Ég vil leyfa mér að óska þess, að því verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 418, n. 665).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Á undanförnum þingum hefur fjvn. fundið að því formi, sem frv. til fjáraukalaga hefur verið í, og lagt áherzlu á, að leitað væri heimildar fyrir öllum umframgreiðslum á hverjum lið fjárlagagreinanna, en ekki, eins og verið hefur undanfarið, að tekinn hefur verið aðeins sá mismunur, sem hefur orðið á hverri einstakri grein. Vitanlega verða fjáraukalögin með þessu formi, sem fjvn. hefur óskað eftir, hærri en ella, en hins vegar því sannari.

Nú er frv. til fjáraukalaga lagt fyrir í því formi, sem fjvn. hefur óskað, en ýmislegt reyndist samt athugavert. Þar á meðal komu í ljós furðulegar samlagningarskekkjur, og þurfti n. því að gera allmargar brtt., sem flestar varða niðurstöðutölur hinna ýmsu greina og eins lokatölu frv.

Í 2. gr. frv., sem nær yfir öll þau ríkisfyrirtæki, þar sem umframgreiðslur hafa átt sér stað samkvæmt ríkisreikningi 1950, eru með talin 6 ríkisbú, sem ekki hafa verið sett inn í fjárlög, og þarf því að fá aukafjárveitingu fyrir öllum rekstrargjöldum þeirra, sem urðu árið 1950 milli 1.8 og 1.9 millj. kr. Fjvn. hefur áður bent á, að eðlilegast sé, að rekstraráætlun þessara búa sé sett inn á fjárlög eins og annarra ríkisfyrirtækja. Hefur það sjónarmið í orði kveðnu verið viðurkennt af fjmrn., en aldrei framkvæmt. Við þessa grein frv. gerir fjvn. engar tölulegar brtt., sem hafa nokkur áhrif á niðurstöðutölur gr., en brtt. við 2. gr. eru þessar:

Við tölul. 2, þ. e. síminn. Fyrir orðin „umfram fjárlagaáætlun“ komi: tekjum umfram fjárlagaáætlun. — Má gera ráð fyrir, að hér hafi orðið „tekjum“ fallið niður við prentun og sé um þannig vaxna leiðréttingu að ræða.

Við 6. lið 2. gr. og 9. lið, þ. e. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Landssmiðjan, gerir fjvn. þær brtt., að í staðinn fyrir, að tekið er fram í gr., hverjar hafi orðið brúttótekjur þessara fyrirtækja, þá leggur n. til, að tekið sé fram, hvað tekjur þessara fyrirtækja hafi farið fram úr áætlun. Þessi brtt. er bæði til samræmis við það, sem er annars staðar í gr., og eins meira upplýsandi, þ. e. hvað tekjurnar hafi farið fram úr áætlun, til samanburðar við það, sem rekstrargjöldin hafa líka farið fram úr áætlun.

Við 5. gr. frv. er flutt brtt. Þar kemur fram í niðurstöðutölu mikil samlagningarskekkja, og á niðurstöðutala þeirrar gr. að vera 5661917.98 í staðinn fyrir í frv. 2930032.04.

Við 8. gr. er fyrst lítils háttar leiðrétting við íþróttakennaraskóla ríkisins, aðeins um 40 aura. — Við niðurstöðutölu B-liðs 8. gr. er sömuleiðis leiðrétting á samlagningu, þannig að út á að koma kr. 6684961.78 í staðinn fyrir kr. 2205607.15. Þar af leiðandi breytist svo niðurstöðutala gr. samtals, að sama skapi, í kr. 7324922.75.

Við 13. lið 11. gr. er smávægileg brtt. Það er leiðrétting á umframgreiðslu hjá upptökuheimilinu í Elliðahvammi um 6 aura.

Við samtölu 3.—13. gr. frv. er einnig brtt., og er það niðurstaða þeirra leiðréttinga, sem brtt. n. leiða af sér. En þar við bætist svo, að samkvæmt 19. gr. fjárl. frá 1950 eru veittar 14 millj. kr. til greiðslu vegna launahækkana, uppbóta úr lífeyrissjóði, eftirlauna o. fl. Þessi útgjöld koma auðvitað fram á réttum stöðum á hinum einstöku greinum ríkisreikningsins, en þar að sjálfsögðu ekki settar neinar tölur á móti samkv. fjárl. Í 3.—13. gr. frv., sem ná yfir allar rekstrargreinar fjárl., eru m. a. taldar allar þær greiðslur, sem heimilaðar voru með 14 millj. kr. fjárveitingunni á 19. gr., og á því niðurstöðutala þessara greina að lækka að sama skapi.

14. gr. frv. fjallar um eignaaukningar á 20. gr. fjárl. Heimilaðar voru þar samkvæmt fjárl. út kr. 36417506.00, en við þessa upphæð á að bæta 570 þús. kr. Stafar það af því, að á fjárl. 1950, 16. gr. D. VI, voru heimilaðar 650 þús. kr. til lána til kaupa á dieselrafstöðvum. Af þessari upphæð voru útborgaðar 570 þús. kr., sem á ríkisreikningi eru færðar á 20. gr. út og er út af fyrir sig rétt. En þær koma fram aftur á fjáraukalagafrv. sem umframgreiðsla. Hins vegar var, eins og ég hef sagt, heimild á 16. gr. fyrir þessari greiðslu, og á því umframgreiðslan á eignaaukningargreininni að lækka um þessar 570 þús. kr.

Niðurstöðutala frv. lækkar því, samkvæmt því, sem ég hef lýst lauslega, og samkvæmt c-lið 7. brtt. í nál. 665 niður í kr. 122786561.69.

Ég kem þá í lokin, að 1. gr. frv., og um hana er í raun og veru ekkert að segja annað en að tölur 1. gr. breytast eðlilega í samræmi við niðurstöðutölur brtt.

Ég hef þá lauslega gert grein fyrir brtt. fjvn., og leggur n. til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 665. Jafnframt væntir n. þess, að ekki komi oftar fyrir jafnfráleitar tölulegar skekkjur og nú voru í frv., sem reyndar hafa verið meiri og minni mörg undanfarin ár í frv. til fjáraukal. Slíkar skekkjur virðast óþarfar og í raun og veru óafsakanlegar. Þá er það skoðun n., að þótt dálítið hafi þokazt í áttina til lagfæringar, þá séu frv. til fjáraukal. enn of síðbúin og að réttu

lagi hefði frv. til fjáraukal. fyrir árið 1951 átt að liggja fyrir þessu hv. Alþ.

ATKVGR.
Brtt. 665,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 665,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 665,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 665,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 665,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 665,6 samþ. með 32 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 665,7 samþ. með 33 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 758).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 779).

---

36. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [199. mál] (stjfrv., A. 519).

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það má segja varðandi breyt. á almannatryggingalöggjöfinni, að það tíðkist nú hin breiðu spjótin, því að eitt allra síðasta verk Alþ. á s. l. ári, áður en jólaleyfi hófst, var að samþ. breyt. á þessari löggjöf. Nú er hér enn borið fram frv. á þskj. 519 til breyt. á sömu löggjöf. En til allra hluta liggja einhverjar ástæður og eins til þess, að ríkisstj. ber hér fram stjórnarfrv. varðandi þessar breyt.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá stóð hér víðtækt verkfall um þriggja vikna tíma fyrir áramótin. Ríkisstj. gekk í að reyna að miðla málum þar, svo að samkomulag næðist, og í tillögum, sem ríkisstj. bar fram til lausnar vinnudeilunni og urðu eitt mesta eða stærsta skrefið til þess að leysa þá vinnudeilu, sem þar var um að ræða, voru till. varðandi almannatryggingarnar. Í 5. lið þessara till. ríkisstj., sem voru uppistaða í samkomulagi í vinnudeilunni, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjölskyldubætur verða auknar þannig, að á 1. verðlagssvæði verða greiddar fyrir 2. barn að meðtalinni vísitölu kr. 612.00 og fyrir 3. barn kr. 912.00, miðað við vísitölu 153. Á 2. verðlagssvæði verða bætur greiddar hlutfallslega í samræmi við þetta. Nú eru fjölskyldubætur ekki greiddar fyrr en við 4. barn. — Ekkjur og ógiftar mæður skulu njóta sömu fjölskyldubóta og hjón vegna barna sinna, en þeim eru nú ekki greiddar slíkar bætur."

Það er þessi liður í till. ríkisstj. varðandi lausn vinnudeilunnar, sem er aðalgrundvöllur þess, að þetta frv. er hér borið fram nú. Annars skal ég geta þess um frv. eins og það hér liggur fyrir á þskj. 519, að inn í frv. eru tekin þau lög, sem samþ. voru hér á þinginu rétt fyrir jólin, og er það samkv. ábendingu skrifstofustjóra Alþ. til þess að auðvelda þetta og færa þau saman í eitt, en vera ekki með að minnsta kosti mörg lagafrv. frá sama Alþ. varðandi sömu l. Þannig eru bæði 1. og 2. gr. í þessu frv. úr þeim l. og sömuleiðis 4. gr. með örlitilli breyt., aðeins afleiðingu af því, sem þá gerðist. En 3. gr. þessa frv. fjallar einmitt um fjölskyldubætur, aukningu á þeim á þeim grundvelli, sem ég hef nú lýst, og þarf ég í raun og veru ekki að hafa meiri grg. fyrir því en ég hef þegar sagt, ásamt því, sem stendur hér í athugasemdum við frv. Þar er allýtarleg grg. um það, til hvað margra barna þetta mundi taka og hvað þetta muni kosta, eftir því sem hægt er að gera sér grein fyrir því, sem er þó ekki algerlega fyllilega.

Ég lít nú þannig á þetta mál, að auk þess sem þetta var liður í að leysa þá deilu, sem ég hér hef nefnt, þá sé eitt það nauðsynlegasta í okkar tryggingarmálum almennt og okkar afstöðu gagnvart borgurum landsins að styrkja þá, sem ala upp börnin, eða aðstoða þá, sem ala upp börnin. Það er náttúrlega mikið álitamál, hvar eigi að byrja í þessu efni. Þó er það ekkert einsdæmi með okkur Íslendinga, að byrjað sé á fjölskyldubótum við annan krakka, því að það þekkist víðar, að slíkt sé gert. Og ég get sagt það frá mínu sjónarmiði skoðað, að ég tel það vera bót á tryggingalöggjöfinni, að slíkar breyt. eins og þessar séu gerðar, eingöngu út frá því almenna sjónarmiði, að það sé það fólk í þjóðfélaginu, sem helzt verði að taka tillit til og reyna að aðstoða eftir föngum, sem hefur börn á framfæri sínu og elur þau upp fyrir þjóðfélagið. Yfirleitt hefur að undanförnu oft og tíðum verið gerður allt of lítill munur á aðstöðu þess fólks og einhleyps fólks, sem ekkert leggur til þess að ala upp þjóðina á þennan hátt, og hefur það valdið ýmiss konar misrétti á ýmsan hátt. — Ég vildi láta þetta fylgja, þó að ég viti það og taki það greinilega fram, að þessi breyt. á almannatryggingalöggjöfinni hefði ekki komið fram af hálfu ríkisstj. nema sem liður í þeim samningum, sem urðu fyrir áramótin.

Önnur nýmæli í þessu frv. eru í raun og veru afleiðing af þessu, eins og 5. gr. er, þar sem til þess að mæta þeirri útgjaldaaukningu, sem þetta hefur í för með sér samkv. 3. gr. og áætlað er að muni nema í kringum 14 millj. kr. á ári alls,

er gert hér ráð fyrir breyt. á iðgjöldum og framlagi. Það er líka mjög greinilega skýrt hér í athugasemdum við frv., og sé ég því ekki ástæðu til að vera að lesa það hér upp eða fara fleiri orðum um það, þar sem hv. alþm. hafa greinargóða skýrslu um það hér.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég vil aðeins taka það fram, sem ég hef reyndar gert áður, að ríkisstj. stendur öll að því og það af þeim ástæðum, sem ég hef þegar lýst hér áður. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um, þá er hér um mjög veigamiklar breyt. á almannatryggingunum að ræða. Útgjöld tryggingganna aukast samkv. þessu milli 15 og 16 millj. kr., og skiptist sú aukning hér um bil eins og ég mun nú greina.

Gert er ráð fyrir því, að viðbót við fjölskyldubæturnar kosti samtals í kringum 12½ millj. kr., og svarar það til þess, að það þurfi að hækka tekjustofna trygginganna um 15%. Mæðralaunin er gert ráð fyrir að kosti um 1½ millj. kr., og svarar það til 2% hækkunar á tekjustofnum trygginganna. Grunnhækkanir eða hækkanir á almennum bótum verða því samtals 14 millj. kr., eða rétt í kringum 17% frá því, sem áður var, og þarf því að hækka tekjustofnana sem því svarar. Auk þess er í samningi þeim, sem hæstv. forsrh. gat um, ákveðið, að kaupgjald láglaunafólks skuli greitt með vísitölunni 158 eða 5 stigum hærri en almennt kaup. Þessi hækkun kemur að sjálfsögðu á allar bætur og nemur þá einnig um 3%, þannig að sú hækkun, sem leiðir af lagasetningu þessari í sambandi við samninginn, nemur um 20% á öll útgjöld stofnunarinnar, og þá hækka að sjálfsögðu tekjurnar alveg tilsvarandi. Til viðbótar þessu kemur svo sú hækkun, sem leiðir af vísitöluhækkuninni frá 1952—53 og nemur 5 stigum, úr 148 upp í 153 stig, miðað við desembervísitölu. Sú hækkun gefur kringum 4—5%, þannig að heildarhækkunin á útgjöldum Tryggingastofnunarinnar verður eitthvað milli 24 og 25%, eða fast að fjórðungi frá því, sem verið hefur, og af því er hér um bil fimmti hlutinn vegna almennrar vísitöluhækkunar, en hitt er afleiðing af þeim samningum, sem nú hefur verið greint. En því verður ekki neitað, að hér er um mjög verulegar breyt. á almannatryggingalögunum að ræða og verulega víkkun á þeirra starfssviði, og mér þykir rétt að taka það fram, að ef leitað hefði verið til tryggingaráðs og spurt, hvernig það teldi heppilegast að ráðstafa 14—15 millj. kr. tekjuauka, þá hygg ég ekki, að till. tryggingaráðs hefðu orðið í fullu samræmi við það, sem lagt er til í þessu frv.

Ég tel rétt að gefa einnig örstutt yfirlit yfir, hvað fæst fyrir þetta fé, sem hér er um að ræða, og skal viðurkenna það, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að það er alveg rétt, að með þessum breyt., sem gerðar eru, er fyrst og fremst litið á hag og aðstöðu barnanna, sem upp eiga að vaxa, og er það að sjálfsögðu alveg réttmætt. Samkv. frv., ef það verður að l., taka viðbótarfjölskyldubæturnar til um 19 þús. barna, sem ekki hafa fengið barnalífeyri áður. Þar af eru um 6 þús. börn, sem eru í fjölskyldum með 4 eða fleiri börn í fjölskyldu og hafa því notið nokkurra fjölskyldubóta áður, en hjá þeim öllum bætast við 2 börn í hverri fjölskyldu. En við bætast svo milli 8 og 9 þús. fjölskyldur með milli 13 og 15 þús. börn, sem engra fjölskyldubóta hafa notið til þessa. Í viðbót við þetta er svo gert ráð fyrir, að mæðralaun verði greidd ekkjum og ógiftum mæðrum, sem hafa fleiri en 1 barn á framfæri og nú njóta barnalífeyris. Barnalífeyririnn er nú á 1. verðlagssvæði, miðað við vísitölu 150, — það er betra að reikna með þeirri tölu, — 3600 kr. á ári. Samkv. frv. á nú að greiða mæðralaun eins og þar segir í viðbót við þennan barnalífeyri, og nema þá mæðralaunin, eins og segir á bls. 4 í grg. frv., með 2. barni á 1. verðlagssvæði 620 kr., ef börnin eru þrjú 1550 kr. og ef börnin eru fjögur 3410 kr. í viðbót við þann barnalífeyri, sem greiddur er. Þetta svarar til þess, að ekkja eða ógift móðir með 4 börn fær samtals með þeim greitt í mæðralaun og barnalífeyri rétt í kringum 18 þús. kr., og er það vissulega ekki meira en eðlilegt er, en með hverju barni, sem umfram er, eru svo greiddar 5400 kr., miðað við vísitölu 150, þannig að ekkja, sem hefði 7 börn á framfæri, fengi með þeim rétt í kringum 35 þús. kr. auk þeirra bóta, sem hún sjálf gæti notið, og ef um öryrkjahjón væri að ræða, mundi lífeyrir til þeirra nema að minnsta kosti 10—11 þús. kr., þannig að tekjur til styrktar heimilisins þar yrðu eitthvað yfir 46 þús. kr.

Nú má í sjálfu sér segja, að það sé rétt, sem hæstv. forsrh. drap á áðan, að leggja beri hina mestu áherzlu á að tryggja líf barnanna sem allra bezt, og því er ég fullkomlega sammála. En ekki fæ ég neitað því, að það er nokkurt ósamræmi í því að minni hyggju og frá trygginganna sjónarmiði séð, að barnalífeyrir og mæðralaun til samans skuli nema um 5500 kr. á barn, meðan lífeyrir til aldraðs fólks er ekki hærri en kringum 6300 kr. Mismunurinn, um 12%, eða um 800 kr., er óeðlilega lítill að minni hyggju.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hjá ýmsum þjóðum er byrjað að greiða fjölskyldubætur fyrr en ætlað er með þessu frv., t. d. hjá Svíum. Þar er byrjað að greiða með 1. barni strax og svo með hverju barni í fjölskyldunni. Greiðslan nemur þar — eða nam síðast þegar ég vissi á s. l. ári 260 sænskum kr. á ári, eða rétt um 820 ísl. kr., og var jöfn með öllum börnum frá því fyrsta og hversu mörg sem börnin voru. Hér var aftur á móti sú leið farin á sínum tíma að byrja fjölskyldubæturnar síðar, en greiða aftur hærri fjölskyldubætur á barn.

Mér þykir rétt að gera grein fyrir þessu. En þrátt fyrir þessar athugasemdir mínar verð ég að telja, að með þessu sé mikil bót gerð á tryggingalögunum, því að í sjálfu sér fyrir almenning í landinu verður mikill fengur að þessu, þótt, eins og ég áðan sagði, ýmislegt annað mundi að dómi tryggingaráðs og Tryggingastofnunarinnar án efa hafa verið talið meira aðkallandi, ekki sízt með tilliti til þess, að einhver talsverður hluti af þessum bótum, sem um er að ræða, rennur til fólks, sem ekki hefur brýna nauðsyn til þeirra, vegna þess að fjölskyldubæturnar eru

greiddar að fullu án tillits til efnahags eða tekna. Hins vegar er enn þá, eins og hæstv. forsrh. er kunnugt um, ellilífeyrir og örorkulífeyrir takmarkaður þannig, að hann minnkar eða fellur niður, þegar ákveðnu tekjumarki er náð.

Annað atriði er það, sem ég get ekki látið vera að benda á í þessu sambandi, og það er það, að vafasamt er, þegar tryggingalögunum er breytt jafnmikið eins og nú er gert, að eðlilegt sé að halda sömu reglum og gilda í l. nú um niðurjöfnun kostnaðarins á þá aðila, sem bera hann. En samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að tekjurnar séu fengnar á sama hátt eins og verið hefur. Af því leiðir t. d., að iðgjald kvænts karlmanns á 1. verðlagssvæði, t. d. hér í Reykjavík, hækkar um 142 kr. frá því, sem það var á s. l. ári, eða rétt í kringum 24.5%. Af þessu eru um 122 kr. vegna þessa frv. eða samningsins, en 20 króna liður vegna almennrar vísitöluhækkunar. Þegar þess er gætt, að iðgjöldin eru nú lögð á alla menn á aldrinum 16—66 ára og að tekjur þeirra hljóta að sjálfsögðu að vera mjög mismunandi og minnst væntanlega hjá yngstu og elztu aldursflokkunum, þá er það augljóst, að það er ákaflega örðugt að halda óbreyttri ákvörðun iðgjalda án þess að láta hækkunina koma jafnt á iðgjöldin öll.

Enn fremur verður ekki komizt hjá að viðurkenna þá staðreynd, að seinni árin hefur gengið ákaflega örðuglega í mörgum tilfellum að innheimta framlag sveitarfélaganna, einkum ýmissa kaupstaðanna, bæjarfélaganna. Það var á síðasta ári innan við 16 millj. kr., en hækkar nú upp í 19.9 millj. kr. Ég vil ekki leyna því, að ég ber nokkurn kvíðboga fyrir, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir, að það valdi sérstökum örðugleikum að innheimta þessa hækkun á framlögum sveitarfélaganna. Ég held því, að það hefði verið æskilegt, um leið og þessi breyt. var gerð, að ekki hefði verið ákveðið, eins og mér skilst að hæstv. ríkisstj. hafi gert, að halda fast við þær reglur um tekjuöflun, sem eru gildandi í lögum. Grundvöllurinn breytist samkv. þessum nýju bótaákvæðum, og var því eðlilegt og nauðsynlegt að athuga jafnframt um tekjuöflun. Ég skal að vísu viðurkenna það, að þær áætlanir, sem hér er byggt á, eru harla lauslegar, því að engar skýrslur liggja fyrir um fjölda barna í þeim fjölskyldum, þar sem 2 og 3 börn eru á framfæri. Því er ekki séð með vissu, hver kostnaðurinn verður. Af því og reyndar öðrum ákvæðum laganna leiðir það, að fyrir árslok 1954 þarf að fara fram heildarendurskoðun á þessari löggjöf allri, eins og að vísu er bent til hér í grg. Verða þá að sjálfsögðu þau atriði, sem ég hef drepið hér á, tekin til athugunar, og ef til vill reynt að færa þau meira til samræmis heldur en tekizt hefur að gera að þessu sinni. — Því má kannske skjóta inn í, hæstv. forseti, að á bls. 4 í 3. línu að neðan, í grg. um 5. gr., stendur, að framlag ríkisins verði 33.4 millj., en á að vera 32.4 millj. Það er prentvilla. Það mætti kannske bara leiðrétta það í skjalaparti. (*Gripið fram í af forseta.*)

Loks vil ég taka það fram, að það er alveg bersýnilegt, að útgjöld vegna mæðralauna og fjölskyldubóta samkv. þessu frv. hljóta mjög að aukast á næstu árum. Fæðingum hefur fjölgað mjög núna seinustu 6—7 árin og eru nú komnar nokkuð yfir 4 þús. á ári. Fjölgun barna á aldrinum innan 16 ára er talið líklegt að muni verða um 1500 á ári núna næstu árin. Og þar sem 3 börn eða fleiri eru fyrir í fjölskyldu, kemur sú fjölgun öll í hæsta flokk fjölskyldubóta, þ. e. a. s. gömlu ákvæðin, 1200 kr. á 1. verðlagssvæði. Það má því gera ráð fyrir, að þessi útgjaldaliður stofnunarinnar hljóti að aukast talsvert mikið á næstu árum, þó að ekki séu neinar skýrslur til um það, hvernig þessi aukning skiptist á fjölskyldurnar eftir því, hvað mörg börn eru í fjölskyldunni.

Mér þótti rétt að taka þetta fram nú þegar til skýringar frv., en vil jafnframt undirstrika það, að þrátt fyrir það þó að ég telji, að aðrar breyt. hefðu kannske kallað meira að heldur en þessar, þá tel ég, að með þessu sé löggjöfin mikið bætt, svið tryggginganna aukið og í mörgum tilfellum þar, sem nauðsyn er fyrir hendi, og mun því greiða frv. þessu atkv. Mér hefur skilizt, að efni frv. sé fastmælum bundið milli hæstv. ríkisstj. og atvinnurekenda annars vegar og verkalýðssamtakanna hins vegar, þannig að þýðingarlaust sé að bera fram brtt., og mun því ekki gera það að svo stöddu a. m. k. Ég vil því fyrir mína hönd og Alþfl. mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, ef ekki liggja fyrir frá þeim aðilum, sem samninginn hafa gert, óskir um einhverjar breyt. þar á. Þó skal ég geta þess, að það er eitt atriði hér í sambandi við niðurlag síðustu málsgr. 3. gr., sem ég mun leyfa mér að ræða við þá n. um, sem fær málið til meðferðar, og ef til vill er ástæða til að athuga nánar en gert hefur verið. — Ég mun sem sagt styðja að því, að þetta frv. nái fram að ganga, og mæla með því, að það verði samþykkt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú í framsöguræðu sinni lýst því, hvers vegna þessar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni eru nú fram komnar, og lét fylgja, að hér væri um að ræða samning, sem ríkisstj. öll stæði óskipt að, og ég geri því ráð fyrir, að það verði torvelt að koma fram þar nokkrum umbótum á eða nokkrum breytingum við löggjöfina eins og hún er sett hér fram, og harma ég það raunverulega mjög.

Ég skal ekki mjög á þessu stigi málsins ræða það efnislega, hversu heppilegt það er fyrir þingræðið í landinu, að hæstv. ríkisstj. semur um viðtækar breytingar á viðkvæmri og mjög þýðingarmikilli löggjöf á meðan Alþ. situr. Ég skal geyma mér það þangað til ég hef tækifæri til þess undir öðrum kringumstæðum og ekki eyða tíma hv. d. til þess að ræða það atriði, en vil aðeins á þessu stigi málsins leyfa mér að fullyrða, að annars vegar skil ég vel þann vanda, sem hæstv. ríkisstj. var í, en hins vegar er ég ekki sammála um, að ekki hefði mátt fórna allmiklu fé til þess að grafa ekki rætur undan Alþ. með slíkri framkomu sem hefur verið höfð hér í sambandi við þessi mál. Ég skal hins vegar ekki fara út í það frekar nú. En hitt harma ég enn meir, að úr því að hæstv. ríkisstj. þótti nauðsyn til bera að breyta þessari löggjöf, þá skyldi ekki vera leitað til þeirra aðila, sem samning löggjafarinnar hefur jafnan hvílt á frá upphafi og

breytingarnar jafnan hafa hvílt á öll þau ár síðan löggjöfin var samþykkt, og á ég þar m. a. bæði við heilbr.- og félmn. þessarar d., sem hefur borið hitann og þungann af þessu máli allan tímann, úr því að til þeirra manna var hægt að ná, svo og við tryggingaráð, því að það er áreiðanlegt, eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram áðan, að það voru ekki fyrst og fremst þessi atriði, sem þeir aðilar hefðu óskað eftir að breytt væri í löggjöfinni. Og ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að í lögum nr. 112 frá árinu 1952, sem gengið var frá hér á síðustu dögum á undan þinghléi, þá var það gert til þess að mæta óskum hæstv. ráðh. og af skilningi á fjárþröng ríkissjóðs og hins vegar vegna fjárhagsörðugleika tryggingarnna sjálfra að fresta ákvæðunum samkv. 4. gr. þeirra laga til árins 1954. Ég mun nú undir meðferð þessa máls, og það er þess vegna, sem mér þótti rétt að taka til máls nú þegar við 1. umr., gera ítrekaðar tilraunir til þess að fá þessu lagaákvæði breytt. Ég get ekki undir neinum kringumstæðum fellt mig við né viðurkennt, að úr því að einhver möguleiki er fyrir hendi að eyða svo mörgum milljónum í tryggingarnar eins og hér er gert, þá séu þeir skildir eftir úti á hjarninu, sem mest og frekast þurfa þess með, að að þeim sé hlúð. Ég vil segja hæstv. ráðh. frá því strax, að við mig getur ekkert samkomulag orðið um þessi atriði nú, þó að ég hefði við hann fullt samkomulag um það, þegar lögin voru samþykkt í desembermánuði, að gagnrýna hann ekki fyrir að verða að víkja frá þeim loforðum, sem hann gaf þinginu á sínum tíma um það atriði. Ég mun því gera þá breyt. í n. og reyna að koma henni fram, að annaðhvort verði þessum takmörkunum eitthvað breytt eða að tíminn a. m. k. verði allverulega styttur, eða hvort tveggja.

Ég vil í sambandi við þessa löggjöf, sem nú er hér til umr., mega spyrja hæstv. ráðh.: Er það tilgangur hæstv. ríkisstj., að hér sé um frambúðarlöggjöf að ræða, eða er það aðeins tilgangurinn, að þetta sé látið ná yfir ákveðið tímabil, þó að það sé ekki tekið fram í löggjöfinni? Og sé hér um ákveðna framtíðarlöggjöf að ræða, þá vildi ég einnig mega spyrja hæstv. ráðherra, hvaða tryggingar Tryggingastofnuninni séu settar til þess, að hún þurfi ekki að svíkja þessi loforð í framtíðinni.

Þegar tryggingalöggjöfin var byggð upp í fyrstu, stóð einmitt um þessi atriði hörð barátta á milli mín annars vegar og hv. 4. þm. Reykv. hins vegar, að það yrði ekki settur meiri þungi á tryggingarnar í upphafi heldur en svo, að það væri alltaf öruggt, að ekki þyrfti að hverfa aftur til baka og svíkja bótaþega, — þyrfti ekki að draga úr þeim greiðslum, sem honum frá upphafi væru ætlaðar. Og barátta mín fyrir því að fá aukinn tekjustofn til almannatrygginganna, m. a. allt erfðafé, er byggð á þessum skilningi mínum á nauðsyn Tryggingastofnunarinnar til þess að þurfa ekki að svíkja þegnana í framtíðinni. Þeim óskum frá minni hálfu hefur ekki verið mætt nema að litlu leyti, þar sem ekki hafa verið teknir upp neinir öruggir, fastir tekjustofnar fyrir Tryggingastofnunina, heldur verður hún að treysta á ríkissjóðinn og afkomu hans eins og hún kann að vera á hverjum tíma. Og ég tel það vægast sagt ákaflega mikla bjartsýni að ætla sér nú að leggja 19 millj. kr. nýja byrði á Tryggingastofnunina, nema því aðeins að það sé einhvern veginn séð fyrir þessum málum í framtíðinni, — nema hér sé um að ræða einhverja bráðabirgðalausn.

Þá vil ég einnig í sambandi við þetta leyfa mér að spyrja: Hvernig hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að tryggja greiðslurnar frá sveitarsjóðunum eða gera þeim mögulegt að standa undir þeirri 4 millj. kr. nýju byrði, sem ætlazt er til hér að lögð sé á þá í sambandi við þessa löggjöf? Mér er vel kunnugt um þau kvein, sem hafa komið frá sveitarstjórnarfélögunum, m. a. vil ég minna á kröfur þeirra og kröfugöngur hér til Alþingis um að fá ákveðinn hluta af söluskattinum, vegna þess að þau þóttust þá ekki geta staðið undir þeim byrðum, sem þegar var búið að leggja á. Það hefur ekki verið mætt minni kröfu hér í hv. Alþ. um að afnema tekju- og eignarskattslögin til þess að gefa sveitarsjóðunum enn meiri möguleika til að afla sér tekna, og það hefur ekkert verið létt af sveitarsjóðunum, að mér sé kunnugt um, í sambandi við löggjöf á þessu þingi, en nú er bætt a. m. k. 4 millj. kr. við, og þess vegna vil ég gjarnan spyrja: Hvað hefur ríkisstj. hugsað sér að gera í sambandi við tryggingu á greiðslum frá sveitarsjóðunum, ekki einasta á þeim upphæðum, sem samkv. gildandi löggjöf ber að greiða til tryggingannna, heldur og að viðbættri þeirri upphæð, sem hér um ræðir? Hv. 4. þm. Reykv. minntist nokkuð á þá hættu, sem hann teldi að væri fyrir hendi á þessu sviði, og er ekki ástæðulaust að minna á það, þegar um málið er rætt.

Ég vil enn fremur leyfa mér að spyrja: Hvaða tryggingu getur ríkissjóður gert eða gefið fyrir því, að atvinnurekendur geti greitt sinn hlut? Það er viðurkennt í þessu verkfalli, ekki einasta af almenningi, heldur og alveg sérstaklega af þeim mönnum, sem komu verkfallinu af stað, að það sé alveg útilokað, að atvinnurekendur geti tekið á sig nokkra byrði í sambandi við kröfur þeirra. Samt sem áður er hér lögð allveruleg byrði á atvinnurekendur í auknum gjöldum til trygginganna í sambandi við lausn verkfallsins og vinnudeilunnar.

Ég vil einnig spyrja um, hvaða réttlæti var í því að leggja hér ákveðna byrði á aðra aðila, einstaklinga, sem ekkert kom þessi deila við, eins og gert er með þessari löggjöf, sem hér er á ferðinni. Auk þess er nú tekið úr einum vasanum og látið í annan hjá þessum sömu mönnum, þar sem þeim eru að vísu gefin þau fríðindi að fá meðlög með börnum, en hins vegar eru þó hækkuð öll gjöld til trygginganna hjá öllum vinnuþiggjendum, einnig hjá þeim, sem lágt eru launaðir.

Ég hygg, að það hefði verið miklu eðlilegra, skynsamlegra og að ég ekki tali um, hvað það hefði verið miklu þinglegra, að öll þessi mál hefðu verið rædd hér í þingi, áður en gengið var frá þessum samningum. Mér er það alveg ljóst, að það hefði að vísu kostað eitthvert fjárhagslegt tjón fyrir þjóðina að bíða eftir því einhverja ákveðna daga, að þessi mál hefðu fengið þing-

lega meðferð, en mér er þá líka ljóst, að það kann að kosta miklu meira tjón fyrir þjóðina, ef á að fara inn á þá braut og halda áfram á þeirri braut, sem hér hefur verið mörkuð. Þess er kannske ekki að vænta, að hæstv. ríkisstj., þó að hún þekki vel þessi mál, sýni jafnmikla þekkingu á hverju smáatriði eða jafnvel veigamiklum atriðum þessa máls eins og þeir menn, sem hafa orðið að bera hita og þunga dagsins af málinu allt síðan það fyrst kom hér fyrir Alþingi. Og ég verð að segja það, að ég er eiginlega alveg undrandi yfir þessari málsmeðferð. Ég hef ekki enn gleymt þeirri baráttu, sem ég hef átt við Framsfl. til tryggingar því, að hægt væri að uppfylla þau loforð, sem á sínum tíma voru gefin bótaþegunum. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að það urðu um þetta hörð átök hér á síðasta Alþ. rétt fyrir þingslit, þar sem hann af sérstökum ástæðum gat ekki verið við umræður og þar sem Framsfl. í annað skipti gerði stórkostlegar tilraunir til þess að rýra möguleika tryggginganna til þess að standa undir sínum loforðum og sínum skyldum. Það er því sannarleg hugarfarsbreyting, þegar hæstv. ráðh. lýsir því yfir, að honum sé það gleðiefni, að þessi löggjöf sé nú fram komin, og hann áliti, að það sé einmitt þetta, sem hafi þurft að koma inn í löggjöfina, þó að ekki hafi verið nauðsynlegt eða hafi verið knúið fram undir þeim kringumstæðum, sem hann gat um. Ég veit það, að ef sú barátta hefði ekki verið háð og Framsfl. hefði þá komið fram því, sem þá var stefnt að, að rýra svo sjóði tryggginganna sem hann vildi og illu heilli var að nokkru leyti gert, þá hefði nú tryggingin staðið enn verr til þess að geta mætt þeim álögum, sem hér eru nú á hana lagðar.

Ég vildi enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra, hvort það teldist samningsbrot, — ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. geri allmiklar kröfur til þess, að það verði ekki farið lengra í þessu máli heldur en þó það, að það sé hægt að halda þann samning, sem hún hefur gert hér fyrir utan þingið og meðan þingið sat, — hvort það mundi teljast samningsbrot, að sett væru inn skerðingarákvæði í sambandi við fjölskyldubæturnar, þannig að þær yrðu þó ekki greiddar neinum aðila, sem hefði hærri laun en þeir aðilar, sem börðust fyrir sínum launatekjum í sambandi við verkfallið. Ég læt mér ekki detta í hug, að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér það að vera með þeim samningum, sem hún gerði, og þeim lagabreytingum, sem hún er að gera, að tryggja hag þeirra manna í landinu, sem engin ástæða þótti til að gera kröfur um bætur fyrir og engin ástæða var til að auka tekjur hjá, eins og hæst launuðu mönnunum í landinu, en sannarlega koma þeir einnig til að njóta þeirra hlunninda, sem hér um ræðir. Ég mun því gera tilraun til þess í n. að fá því breytt, að hér sé sett inn skerðingarákvæði, þannig að þessar fjölskyldubætur skuli þó ekki veittar til þeirra manna, sem hafa ákveðnar tekjur, eftir því sem kann að verða samkomulag í nefndinni um, að það takmark verði sett.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég aðeins leyfa mér að benda á, hvernig tryggingalöggjöfin var raunverulega hugsuð í upphafi. Það var hugsað að hafa sambland af tryggingum og framfærslu fyrir fólkið, svo að fólkið væri öruggt um að geta lifað, þó að það hefði litlar eða engar aðrar tekjur en frá Tryggingastofnuninni. Þetta var nú frumskilyrðið. En það var jafnframt hugsað, að hér skyldi vera um tryggingastarfsemi að ræða, þar sem menn ættu kröfu á að geta fengið út úr tryggingunum m. a. sín ellilaun, eftir að hafa greitt inn í tryggingarnar ákveðinn árafjölda, hvort sem þeir þurftu á því að halda eða ekki, alveg eins og maður á heimtingu á að fá brunabótagreiðslu fyrir sitt hús, ef það brennur, hvort sem hann hefur verið ríkur eða fátækur. Og það er einmitt þessi þátturinn í tryggingalöggjöfinni, sem í framtíðinni kemur til þess að gera löggjöfina vinsæla og treysta hana á allan veg, en í upphafi hefur valdið því, að hún hefur ekki notið þess skilnings hjá fólki, sem hún hefur þurft. Ég hef hvað eftir annað orðið þess var, að fólk skilur ekki, hvers vegna fátækur maður, sem orðinn er 67 ára eða eldri, fær ekki hærri ellilaun en veitt eru, en annar, sem er efnaðri, getur fengið sömu laun, og eftir því sem ætlazt er til í framtíðinni, þá geta allir fengið eftirlaun, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, þegar viðmiðunin er afnumin. Þetta hafa menn ekki skilið enn, vegna þess að þeir hafa ekki skilið tryggingarþátt tryggginganna. En nú er tryggingin komin inn á allt annað svið og það mjög óheppilegt svið að mínu áliti. Nú er hún komin inn á að vera miðlari á milli atvinnurekanda og atvinnuþiggjanda í landinu, og það er sannarlega hættulegt stig. Þessi löggjöf, sem á að byggja upp betra þjóðfélag heldur en nokkru sinni hefur verið á Íslandi og áreiðanlega og tvímælalaust er bezta og skynsamlegasta löggjöf, sem við höfum gert hér á Alþ. á hinum síðari tímum, er dregin inn í harðar verkfallsdeilur og pólitískar deilur til þess að verða þar knöttur á milli þeirra manna, sem þar deila, og það tel ég alveg voðalegt fyrir þetta mál. Og ég veit sannarlega ekki, hvar bótaþegarnir standa í þessu landi, þegar þeir eiga alla sína afkomu undir því annars vegar, að ekki séu settar gersamlega óhæfar kröfur í sambandi við greiðslu launa, og hins vegar ekki nægjanlega sterkir menn til þess að standa á móti þeim kröfum og ganga þá á tryggingarnar til þess að láta þær leysa vandamálin.

Ég harma það mjög, að hinn ágæti hæstv. heilbr.- og félmrh. skyldi láta leiða sig út í þessa óhæfu. Og ég vonast til þess, að hann verði fús til þess að leysa Tryggingastofnunina út úr þessum vanda svo fljótt sem verða má. Einmitt þess vegna vildi ég mega spyrja: Teldi hann ekki rétt, úr því sem komið er, að inn í þessa löggjöf væri sett, að tryggingalöggjöfin öll skuli nú endurskoðuð þegar á þessu ári og nýjar till. lagðar fyrir næsta Alþingi, ef okkur kemur saman á yfirstandandi ári? Ég mun gera tilraun til þess einnig að fá það ákvæði sett inn í frv., því að svo mikið rothögg hefur Tryggingastofnunin fengið við það að blanda henni í vinnudeilur, að það er ekki vanþörf á, að það sé tekið til raunverulegrar athugunar nú þegar á þessu ári, hvernig hægt sé að tryggja það, að það verði aldrei framar gert.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég mun nú ekki fara að tala langt mál hér, þó að ýmislegt, sem fram hefur komið hér, einkum í ræðu hv. þm. Barð., gæti gefið tilefni til þess. Ég sé þó ekki ástæðu til þess.

Ég vil fyrst fara nokkrum orðum um það, sem hv. 4. þm. Reykv. tók hér fram. Hann lýsti stuðningi sínum við frv. og tók það fram, að hér væri um mikla endurbót á almannatryggingalöggjöfinni að ræða, og stakk það mjög í stúf við það, sem hv. þm. Barð. lauk máli sínu á, en mér virtist hann telja, að hér væri um tilræði við tryggingalöggjöfina að ræða, sem hlyti að leiða til þess, að hún eiginlega yrði að engu á næstu árum, svo að það er allmikill meiningamunur á milli þessara ágætu þdm. um þetta atriði.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði að vísu, að ef Tryggingastofnunin hefði verið einráð um það, hvernig 14—15 millj. kr. nýjum tekjum fyrir Tryggingastofnunina yrði varið, þá væri hann ekki viss um, að þessi leið hefði verið farin á þennan hátt, sem gert hefði verið. Þetta get ég vel skilið. Það er alltaf meiningamunur um þessa hluti. En Tryggingastofnunin undirbjó nú þetta frv. eins og það liggur fyrir og það án þess að gera nokkrar ákveðnar, sterkar till. um aðra leið í málinu eins og komið var, þó að mér væri ljóst, að forstjóri tryggginganna, hv. 4. þm. Reykv., frá upphafi hefði nokkuð aðra skoðun á málinu. Ég veit það, að þessi hækkun fyrir tryggingarnar, hækkun á iðgjöldum, hækkun á framlagi sveitarsjóða og ríkissjóðs, atvinnurekenda o. s. frv. er ekkert gamanmál. En bæði hv. 4. þm. Reykv. og eins hv. þm. Barð. tala um þetta mál eins og hér hafi aðeins af hálfu ríkisstj. verið lögð fram till. um það að eyða í fjölskyldubætur þeirri upphæð, sem hér er um að ræða, og að ekkert annað hefði skeð. En hvað hefði skeð gagnvart tryggingunum, ef það hefði orðið stórfelld grunnkaupshækkun og allar afleiðingar af því? Það er ekki til neins að tala um málið á þessum grundvelli. Það er eins og þessir hv. þdm. hafi hálft í hvoru dottið niður til okkar úr Mars eða einhvers staðar annars staðar að eftir áramótin núna og ekkert áttað sig á því, hvað var að gerast hér síðustu vikurnar fyrir áramótin. Það var þetta, sem ríkisstj. stóð líka frammi fyrir í þessu máli og það gagnvart tryggingunum eins og öðru í sambandi við þetta, að það var alveg greinilegt, að málinu mundi ekki ljúka á annan veg en þann, að þarna yrði um veruleg útgjöld að ræða fyrir tryggingarnar, á hvern hátt sem það kæmi fram. Ég ætla ekki að fara að rökræða það hér, hvort það hefði verið heppilegra fyrir þær, þó að almenn grunnkaupshækkun, með öllum sínum afleiðingum, hefði orðið, heldur en sú leið, sem farin er. Ég held, að það sé ekki rétt að gera það í sambandi við 1. umr. þessa máls núna. Það væri eðlilegra, að það gerðist á annan hátt hér á hinu háa Alþ.

Hv. 4. þm. Reykv. tók það fram, að hann hefði álitið, að þar sem svona mikil aukin gjöld væru lögð á tryggingarnar, þá ætti að breyta því hlutfalli um greiðslur, sem verið hefði. Það hefur verið skoðun núverandi ríkisstj., að það kæmi ekki til mála að breyta því hlutfalli eins og nú er, og það verður að bíða eftir þeirri almennu endurskoðun, sem á að fara fram á tryggingalöggjöfinni lögum samkv. nú eftir skamman tíma, en það er nú mjög farið að styttast til þess tíma, er sú endurskoðun á að fara fram, svo að það er ekki langt að bíða hvað það atriði snertir.

Hv. þm. Barð. lagði hér fram allmargar spurningar. Ég treysti mér nú kannske ekki til að svara þeim öllum, að minnsta kosti ekki á fullnægjandi hátt, en ég vil þó segja nokkur orð út af því.

Hv. þm. talaði um, að með þessum ákvörðunum ríkisstj. og þeim þætti, sem hún hefði átt í þessu máli varðandi launadeilurnar milli vinnuþega og atvinnurekenda, þá hefði hún unnið á þann hátt, að hún væri með því að grafa rætur undan þingræðinu. Ég verð nú að játa það, að mig algerlega furðar á þessum ummælum hv. þm. Barð. Ekkert veit ég náttúrlega um það, hvort hann hefur ekkert vitað um þetta mál eða gang þess, meðan á því stóð, þó að ég verði að láta þá skoðun í ljós, að ég er nokkuð undrandi yfir því, ef það hefur algerlega farið fram hjá honum. En ríkisstjórn, hvaða ríkisstjórn sem er, verður oft að taka ákvarðanir fyrir sig, en samkv. þingræðisreglum mun hún standa við þær, og það er ég viss um, að þessi ríkisstj. gerir. Hún mun vissulega taka afleiðingum af því, ef Alþ. fellst ekki á gerðir hennar í þessu máli, og ég get sagt hv. þm. Barð. það, að hvorki hann né aðrir munu þurfa að draga ríkisstj. hér út úr þingsölum eða úr stólunum hérna. Hún mun áreiðanlega taka afleiðingunum af því, ef þingið er á móti henni í þessu máli, og það er einmitt hið rétta þingræði á hverjum tíma, að ríkisstj. sé ávallt reiðubúin til að taka afleiðingunum, ef hún gerir hluti, sem löggjafarvaldið getur ekki fallizt á. Þess vegna tel ég mjög óviðeigandi af hv. þm. Barð. að tala á þann hátt, að með þessu hafi ríkisstj. verið að grafa rætur undan þingræðinu, og viðhafa önnur stóryrði á svipaðan hátt. Það má náttúrlega alltaf um það deila, hvort rétt hefði verið, að almennar umr. hefðu farið fram um þetta mál hér á Alþ., eins og hv. þm. Barð. sagðist álíta að hefði átt að gera. Það er atriði, sem alltaf má deila um, á hvern hátt slíkt fer fram.

Hv. þm. spurði um það, hvort það væri tilgangurinn, að hér væri um framtíðarlöggjöf að ræða eða ekki. Frv. ber það nú með sér, að það er ætlazt til, að þetta frv. eða þau ákvæði, sem í því eru, gildi á sama hátt og önnur ákvæði í almannatryggingalöggjöfinni, en vitanlega eru þau undirorpin þeim almennu ákvæðum um endurskoðun, sem nú stendur alveg fyrir dyrum, og vitanlega eru þau frekar sett inn, þó að þetta væri athugað dálítið fljótlega, af því að vitað var, að Alþ. sjálft hafði ákveðið, að þessi endurskoðun skyldi fara fram innan skamms. Ég sé nú eiginlega ekki ástæðu til að segja annað um það.

Þá spurði hv. þm., hvernig ríkisstj. ætlaði að tryggja sveitarsjóðum tekjur til að standast þessi útgjöld. Það er í raun og veru ekki ríkisstjórnarinnar að gera það. Það er Alþingis frekar, og Alþ. hefur þegar gert ráðstafanir í þessu efni og í samráði við ríkisstj. með skipun milliþn. í skatta- og tollamálum, ekki einungis ríkisins, heldur sveitarfélaganna líka. Þessi n. hefur nú starfað

á s. l. ári, en hefur ekki enn lagt fram till. Og ég veit ekki, á hvern hátt ætti að taka það mál annan en að endurskoða skattalöggjöfina og sveitarstjórnarlöggjöfina, og þessi endurskoðun stendur yfir, eins og við vitum.

Hvaða tryggingu er hægt að veita atvinnurekendum? spyr hv. þm. einnig. Það voru atvinnurekendur, sem samþ. þetta samkomulag, og vildi ég því leyfa mér að óska eftir, að hann legði þessa spurningu fyrir atvinnurekendurna sjálfa, a. m. k. er ég þess ekki umkominn að svara fyrir þá í þessu tilliti. Þessu var ekki neytt upp á neinn aðila af hálfu ríkisstj., síður en svo. Þetta var lagt fram, ef það gæti orðið til þess að leysa það vandræðaástand, sem við öll vitum að var hér ríkjandi meðan verkfallið stóð yfir.

Þá er eitt atriði, sem hefur verið komið hér inn á, — ég man ekki, hvort það var af báðum ræðumönnum, en að minnsta kosti af hv. þm. Barð., út af þessum auknu fjölskyldubótum vegna barna. Hv. þm. tók það fram, að það væri ekki ástæða við svona miklar bætur að láta þær ná til þeirra, sem væru bezt launaðir og hefðu hæstar tekjur. Þetta er vitanlega sjónarmið, sem er mjög athugunarvert og mikið má ræða um út af fyrir sig, en hitt er nú víst, að grundvöllur tryggingalöggjafarinnar alveg frá grunni er sá, að hér sé ekki um beina framfærslu að ræða, þannig að misjafnlega sé skipt á milli manna, þeir séu látnir sitja fyrir, sem versta hafa aðstöðuna, heldur er hér um það að ræða, að það eru einstaklingarnir sjálfir, sem kaupa sér þessa tryggingu og eiga síðan að fá hana óskerta, hvernig svo sem efnahagsástæður þeirra eru. Þetta er sá mikli meginmunur á milli framfærslu og tryggingastarfsemi, og ég vil taka það fram, að ég er að minnsta kosti ekki við því búinn enn að hverfa frá þessum grundvelli. Vitanlega verður þetta eitt af þeim atriðum, sem sjálfsagt verður nákvæmlega að athuga við endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, hvort það eigi að gera einhverjar breyt. á þessu í vissum tilfellum eða ekki, og er langt frá því, að ég segi, að það gæti ekki komið til athugunar, að einhver væru þau svið innan tryggingarinna, sem það gæti komið til greina að breyta að einhverju leyti frá. Ég álít, að þegar hv. þm. Barð. lætur svo ummælt, að hér sé verið að vega að almannatryggingunum og þessi nýju ákvæði, sem hér er um að ræða, verði til þess að gera löggjöfina að meira eða minna leyti ómögulega, þá sé allt of mikið mælt og hv. þm. trauðla meini þetta, þó að hann slái þessu nú fram þannig.

Hv. 4. þm. Reykv. viðurkenndi það, að eitt það allra nauðsynlegasta í tryggingamálum væri að tryggja barnafjölskyldur, enda virðist mér það ljóst. Og mér hefur alltaf virzt í gegnum alla okkar löggjöf, skattalöggjöf og annað slíkt, að þar hafi verið vegið allt of hart að einmitt barnafjölskyldunum. Það eru þó einmitt barnafjölskyldurnar, sem við mesta erfiðleika hafa alltaf að etja fjárhagslega og nauðsynlegast er að aðstoða í þjóðfélaginu. Við verðum að treysta því, og ekki sízt í okkar stóra landi, að það fólk í landinu, sem við eigum mest að þakka, sé fólkið, sem er að ala upp börnin og fjölga fólkinu. Til hvers værum við að berjast hér í okkar stóra landi, ef við hefðum ekki von um það, að þjóðinni fjölgaði allverulega til þess að byggja þetta stóra land betur en við gerum nú og nytja það betur, og þess vegna álít ég, að einmitt þessi leið sé réttmæt. Það skal viðurkennt, að það er kannske hægt að ganga of langt á þessari leið, samanborið við aðra. Og ég þori ekkert að fullyrða um það, að hér sé algerlega verið á réttum punkti hvað þetta atriði snertir og að það geti ekki verið, að einhverjir aðrir þættir þarna séu nú orðnir of veikir, eins og t. d. það, sem hv. þm. Barð. nefndi og hann sagðist hafa gengið til móts við mig um fyrir áramótin, að skerðingarákvæðið gagnvart gamla fólkinu yrði látið haldast þangað til endurskoðun tryggingalöggjafarinnar færi fram. Ég er honum þakklátur fyrir þá afstöðu, sem hann tók þá. Skal ég viðurkenna, að það eru engin brigðmæli frá hans hendi, þó að hann nú taki upp allt aðra afstöðu gagnvart því ákvæði, því að það var gert með það fyrir augum, að ekki yrðu frekari breyt. gerðar á löggjöfinni. En ég mun nú beita mér á móti því, að farið verði að taka það mál upp, eftir því sem ég get hér á Alþ., þrátt fyrir það atriði.

Ég lofaði því áðan, að ég mundi ekki tala mjög langt mál að þessu sinni um þetta, og sé þá ekki ástæðu til þess að ganga lengra í því. Ég vil taka það fram og beina því til hæstv. forseta, að það stendur nú svo illa á, að ég þarf endilega að vera kominn annað klukkan 3, og ef hv. þdm. hafa hér eitthvað að segja, sem þeir vilja að ég hlusti á, þá mundi ég nú frekar óska eftir því, að umr. yrði frestað. Ég geri ekki ráð fyrir, að það skipti miklu máli, hvort henni er lokið nú eða ekki.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það var aðeins út af ummælum hæstv. ráðh. þess efnis, að Tryggingastofnunin eða ég hefði ekki lagt fram neinar ákveðnar, sterkar till. um breyt. á þessum ákvæðum, sem í samningnum eru. Ég vil ekki neita því, að mig furðar á þessum ummælum hæstv. ráðh. Það er rétt, að ég annaðist það að semja þessar nýju greinar ásamt skrifstofustjórum stjórnarráðsins, en mér var tjáð sem bein fyrirmæli frá hæstv. ríkisstj., að okkar verkefni væri ekki annað en að setja upp í frumvarpsform efnið í þeim samningi, sem hæstv. ríkisstj. var búin að ganga frá, og ekki væri óskað eftir því, að till. til breyt. kæmu fram. Ég skildi það svo, að það þýddi ekki að bera fram neinar breyt., því að þetta væri fastmælum bundið með þeim samningi, sem hæstv. ráðh. gat um. Mig furðaði því á ummælum hæstv. ráðh. um þetta efni.

Hæstv. ráðh. spyr, hvort grunnkaupshækkun hefði verið heppilegri fyrir fjárhagsafkomu tryggingana heldur en þessar breyt. Það vil ég ekki ræða neitt um, það er í sjálfu sér ástæðulaust. Það má taka það á ýmsa vegu. En í sambandi við þau ummæli vil ég segja, að ég verð að harma það, að það skyldi nú þurfa til verkfalls að koma í 19 daga til þess að fá það, sem fram fékkst, þ. e. a. s. breyt. á tryggingalöggjöfinni, sem er hreint löggjafaratriði, og breyt. á verðlaginu, sem er hreint framkvæmdaratriði.

Það var hvort tveggja á valdi hæstv. ríkisstj. að undirbúa, án þess að til verkfalls þyrfti að koma. Ég verð að harma það, að þess þurfti, þó að ég út af fyrir sig telji, að sú niðurstaða, sem fékkst, sé mjög sæmileg, og eins og ég áðan sagði, að þær breyt. í heild sinni, sem gerðar eru á tryggingalöggjöfinni, séu tvímælalaust til hagsbóta fyrir almenning í landinu og aukið svið tryggginganna og þær bættar á margan hátt. Úr því skal ekkert dregið.

Þá vil ég einnig geta þess út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um ummæli mín, að ekki væri eðlilegt að hafa sömu reglur um öflun tekna nú eftir þessa breyt. eins og áður, að till. komu engar fram frá mér eða tryggingaráði um breyt. á þessu af sömu ástæðu og ég áðan greindi. Það voru bein fyrirmæli frá hæstv. ríkisstj., að fjárhagsgrundvellinum yrði ekki breytt, þ. e. a. s., að ekki yrði breytt reglunum um, í hvaða hlutfalli kostnaðurinn skyldi borinn af þeim aðilum, sem nú standa undir honum. Eins og hæstv. ráðh. veit, þá lágu fyrir fyrirmæli frá ríkisstj. um það efni.

Hv. þm. Barð. taldi vafasamt, að atvinnurekendur gætu risið undir þeim auknu gjöldum, sem þessi löggjöf legði á þá. Ég vil nú upplýsa í því sambandi, að það er nú tiltölulega lítið. Tryggingastofnunin áætlar, að það séu eitthvað rösklega 2½ millj. kr., sem framlag atvinnurekenda samkv. 112. gr. hækkar með þessu samkomulagi.

Út af ummælunum um skerðingu og fyrirspurn hv. þm. Barð. í því sambandi vil ég segja, að ég er alveg sammála hæstv. ráðh. í því. Ég held, að það væri mjög óheppilegt, ef tekin yrði upp í sambandi við fjölskyldubæturnar bein tekjuviðmiðun. En ekki get ég fellt niður að benda á, að eftir þá hækkun, sem nú er gerð á þessum bótum, þá stingur það mjög í augu að halda óbreyttum eldri skerðingarákvæðum varðandi greiðslu elli- og örorkulífeyris, því að eftir að búið er að gera þær breyt. á greiðslum með börnum, sem í þessu frv. felast, þá er þegar orðið mjótt bilið þar á milli hvað upphæðir snertir, en gamla fólkið er þó búið að búa langan aldur og leggja starf sitt og fjármuni til ríkisheildarinnar og ætti því ekki að hafa lakari aðstöðu hvað þetta snertir en hinir, sem eru að ala börnin upp.

Ég skal svo, þar sem hæstv. ráðh. er tímabundinn og fleiri á mælendaskrá, láta þetta nægja, en aðeins endurtaka það, að það má enginn skilja svo orð mín og ábendingar í sambandi við frv., þó að ég telji, að ég hefði kosið, að fénu væri varið á annan hátt og annan veg, að ég telji ekki, að með þessu séu tryggingarnar, skoðað frá sjónarmiði þeirra, sem þeirra njóta, stórum bættar frá því, sem áður var.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil, áður en hæstv. ráðh. fer úr d., aðeins biðja hann að hlusta á leiðréttingu mína, þar sem hann hélt því fram, að orð mín mætti skilja svo, að þetta frv. væri rothögg fyrir tryggingarnar. Þar er um meginmisskilning að ræða. Ég sagði, að það væri rothögg fyrir tryggingarnar, ef þær með samningum milli ríkisstjórnar og atvinnurekenda eða atvinnuþiggjenda ættu að verða sá aðili, sem þær eru gerðar að hér, og það er allt annars eðlis. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að athuga þetta. — Hæstv. ráðh. sagði einnig, að við hefðum komið eins og ofan úr skýjunum hér í þessu máli nú eftir áramótin. Þetta er alveg misskilningur. Það var ekkert hægara fyrir hæstv. ráðh. heldur en einmitt að hafa fullt samkomulag við heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., sem hann vissi vel að ávallt hafði þessi mál til meðferðar, og leita samvinnu við hana um að leysa þau vandamál, sem stóðu í sambandi við lausn þessara mála. Mér hefur verið alveg ókunnugt um, að vinnudeilan væri leyst á þennan hátt, sem hér um ræðir; og að lausn hennar þyrfti að kosta þessa stofnun svo mikið sem það hefur gert, er ég fyrst að fá að vita nú.

Ég vil svo aðeins að síðustu benda hæstv. ráðh. á það, að það er einn reginmisskilningur, að ríkisstj. hafi ekki gengið hér í meðferð málsins á þingræðið, því að ríkisstj. hefur ekkert leyfi til að gefa út brbl. á meðan þing situr, og hví skyldi hún þá hafa leyfi til að gera samninga til þess að bylta um fleiri lagabálkum án þess að spyrja þingið um á meðan það situr? Það er því sannarlega ekkert ofmælt hjá mér í sambandi við það mál.

Ég skal svo ekki tefja hæstv. ráðh. hér frekar út af þessu máli, en vildi mega hafa fullt samstarf við hann í sambandi við þær brtt., sem ég er alveg óhjákvæmilega neyddur til þess að bera fram í sambandi við umr. í nefndinni.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að lengja þessar umr., enda þarf ég að fara burt. En út af síðustu ummælum hv. þm. Barð. verð ég þó að endurtaka það, sem ég áðan sagði, að þau ummæli hans eru algerlega órökstudd, að vegið hafi verið að þingræðinu með gerðum ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hv. þm. ber það saman að gefa út brbl. meðan þing situr, sem allir vita að ekki er leyfilegt samkv. stjórnarskránni, og að ríkisstj. verði að gera einhverja samninga eða leggja fram till. varðandi samninga, eins og hér hefur verið gert, meðan þingið situr. Þetta er náttúrlega sitt hvað, eins og hv. þm. veit. Annað er brot á stjórnarskránni, en hitt er hvergi bannað og væri ekki hægt að banna, því að hvað ætli það séu margir samningar, sem ríkisstj. verður að gera iðulega meðan Alþ. situr? Hitt er allt annað mál, að ég hygg, að ríkisstj. geri aldrei slíka hluti nema hafa samstöðu með þeim flokkum, sem hún styðst við í þinginu, þannig að hún viti nokkurn veginn, að hún hafi þingræðisvald á bak við sig. Og það var það, sem ég sagði við fyrri ummælum hv. þm., að ef ríkisstj. hefði brotið af sér, þá væri hún nú komin hér til þess að standa fyrir gerðum sínum hér á Alþ. og mundi vissulega taka afleiðingum af því, ef Alþ. væri ekki sammála henni, eða meiri hluti Alþingis, hvað þetta snertir. — Það var aðeins þetta, sem ég vildi taka fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 578, 584 og 585, 579).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af ríkisstj., og það, sem er nýmæli í því, eru ákvæði út af því samkomulagi, sem gert var í vinnudeilu þeirri hinni miklu, er stóð hér yfir í desembermánuði s. l. Í desembermánuði, eða rétt fyrir áramótin, höfðu verið samþykkt hér lög um tryggingamál, nr. 12 29. des. 1952. Það hefur þótt hentugra, sökum þess að þessi lög voru svo nýsamþykkt og ekki staðfest, að fella hinar nýju breytingar inn í þau lög eins og þau voru, og er því ekki allt þetta frv. nýmæli, en nýmælin felast í 3., 5. og 6. gr. frv., og eru það aðeins þau atriði, sem þar er að finna, sem n. sú, heilbr.- og félmn., sem með þetta mál fer, hefur unnið að.

Aðalefni frv. felst í 3. gr., þar sem er ákveðið um hinar auknu fjölskyldubætur, þ. e., að fjölskyldubætur skuli nú greiðast með 2. og 3. barni, í staðinn fyrir það, að fram að þessu hafa fjölskyldubætur ekki verið greiddar fyrr en með 4. barni. Þessar fjölskyldubætur eru nefndar því nafni, þegar fyrirvinna heimilisins er karlmaður, en það er nákvæmlega það sama sem um er að ræða, þar sem talað er um mæðralaun, en aðeins eru þessar bætur kallaðar mæðralaun, þegar fyrirvinna heimilisins er móðirin ein. Ég vil segja þetta til skýringar, að fjölskyldubætur og mæðralaun er í eðli sínu nákvæmlega það sama, heitir aðeins mismunandi nöfnum, en fjölskyldubætur hafa ekki fram að þessu verið greiddar konum, sem vinna einar fyrir börnum sínum, þar eð þær hafa fengið aðrar tekjur frá Tryggingastofnuninni og ekki talið eðlilegt, að fjölskyldubæturnar væru greiddar einnig til þeirra, m. ö. o. barnalífeyririnn.

N. ræddi mikið nokkra grundvallarbreytingu á frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 519, sem var um það að láta ekki hinar nýju fjölskyldubætur ná til allra, þ. e. miða þessar fjölskyldubætur við tekjur. Það mun flestum nm. hafa þótt miklu eðlilegra, að sá háttur væri á hafður, og í raun inni talið það eðli málsins samkvæmt. En það kom í ljós í viðræðum, sem n. átti við forsrh., að ríkisstj. er mjög ákveðin í því sjónarmiði sínu, að hér hafi verið um alveg ákveðið samkomulag af hennar hendi að ræða og samkomulag, sem hún sé skuldbundin til þess að sjá um að nái fram að ganga og hún taldi sig hafa styrk til og vissu fyrir að næði fram að ganga, þegar gengið var að því. Af þessum sökum er það, eins og segir í nál. meiri hl. á þskj. 584, að nm., sem annars hefðu talið þennan greiðslumáta eðlilegri og sjálfsagðari á allan hátt, hafa ekki viljað ganga gegn því samkomulagi, sem gert var, og þar tala ég fyrir sjálfa mig. Alveg sérstaklega er það sökum þess, að það er ekki mögulegt að fá úr því skorið bindandi frá samningsaðilanum, sem hinum megin var, þ. e. frá verkamönnum og vinnuveitendum, hvort þeir sætti sig við það, að þessu samkomulagi sé breytt, þar sem ekki er hægt að líta öðruvísi á en svo, að þegar vinnudeilunni var lokið með atkvæðagreiðslu félaganna, þá hafi þær n., sem að þessum málum unnu fyrir deiluaðila, í raun og veru verið búnar að missa umboð sitt. Um leið og atkvæðagreiðslan fór fram og búið var að ganga að samningunum, þá verður að líta svo á, að þessar n. hafi verið búnar að missa umboð sitt, og það væri þá í hæsta lagi hægt að fá persónulegt álit einhverra manna á þessu atriði, en engan veginn hægt að fá um það neina vissu. Og af því gæti leitt það, að menn, sem óneitanlega er vitað að voru í þessu verkfalli, margir alltekjuháir menn, teldu sig vera svikna og mundu geta borið fram ákveðnar kröfur út af því, að samningar við þá hafi ekki verið haldnir. Ég lýsi því yfir, að ég var eðli málsins samkvæmt alveg eindregið með því, að þessar greiðslur hefðu verið miðaðar við eitthvert hæfilegt tekjumark, en ég taldi eins og á stóð ekki fært að leggja það til, að d. gerði þá breyt. á frv. Þessu sjónarmiði fylgja svo hv. þm. Seyðf. og hv. 4. þm. Reykv., en hann þó með þeim fyrirvara, að hann telur, að nægilegt sé að fá álit sáttanefndar þeirrar, sem starfaði í vinnudeilunni, og þeirra samninganefnda, sem störfuðu, um það, hvort breyt. á þessu samkomulagi yrði talin brigð frá hendi ríkisstj. eða ekki. Ég get ekki fallizt á, að það mundi nægja til, jafnvel þótt það álit lægi fyrir, og hef ég því ekki óskað eftir, að þess væri leitað, eins og hv. 4. þm. Reykv. óskar þess, að slíks álits væri leitað, og mun haga afstöðu sinni til fram kominna brtt. minni hl. samkv. því, sem fram kemur, ef þess álits væri leitað, eða ef þess verður ekki leitað.

N. var öll sammála um brtt. þá, sem borin er hér fram á þskj. 584, og ætla ég að lýsa henni, til þess að hún skýrist, og ég vil geta þess, að hæstv. félmrh. hafði ekkert við þá breytingu að athuga heldur.

Í næstsíðustu málsgr. 3. gr. er talað um ekkjur og ógiftar mæður, sem hafa fleira en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri sínu. Það var litið svo á, þegar þetta samkomulag var gert, — og þessi grein er tekin upp eftir samkomulaginu, — að „ógiftar mæður“ þýddi hér bæði konur, sem eiga barn án þess að vera giftar, og fráskildar konur, sem hafa eignazt börn í hjónabandi, en í tryggingalöggjöfinni er yfirleitt gerður á þessu greinarmunur. Fráskildar konur eru taldar sérstaklega og „ógiftar mæður“ á aðeins við þær konur, sem hafa eignazt barn án þess að vera giftar. N. þótti því rétt að gera þetta ótvírætt, þrátt fyrir það þótt við vissum, að við undirbúning málsins hafði verið gengið út frá því, að þetta næði einnig til fráskilinna kvenna, en n. þótti rétt að taka af tvímæli um þetta og færa það til samræmis. — Þessi breyt. felst í 1. málslið brtt.

Þá höfum við breytt orðalagi áframhaldandi á brtt. Það er talað um, að ekkjur og ógiftar mæður, eins og þar segir, skuli auk barnalífeyris eiga rétt til mæðralauna. N. þótti þetta orðalag geta orkað tvímælis og jafnvel meira en það, því að það felur það í sér raunverulega, að aðeins þær konur, sem njóta barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni, skuli eiga rétt til mæðralauna. En vel getur hagað þannig til, að fráskilin kona hafi meðlag með börnum sínum frá eiginmanninum, þannig að hún fái ekki barnalífeyri frá

Tryggingastofnuninni, og mundi hún þá samkv. þessu orðalagi ekki eiga rétt til mæðralauna. Þess vegna hefur n. breytt þessu orðalagi þannig, að það tekur af allan vafa, að mæðralaunin greiðast án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Og þetta er gert til þess að tryggja það, að konur, sem fá meðlag með börnum sínum frá eiginmanninum, en taka ekki barnalífeyri gegnum Tryggingastofnunina, eigi einnig þennan rétt, sem sjálfsagt er.

Þá er lagt til, að síðasta málsgr. greinarinnar falli niður, en svo stendur á, að ef þessi grein er látin halda sér, þá mundu þeir menn, sem fá sjúkradagpeninga og örorkudagpeninga, ekki fá fullar fjölskyldubætur jafnframt, og þótti n. réttara að fella þetta niður og láta þetta heldur laust og bundið, og mundi þá ganga um það úrskurður í ráðuneytinu, ef þetta yrði framkvæmt þannig, að menn teldu sig þurfa að kvarta.

Þá er sú viðbót, að bætur samkv. þessari grein greiðist ársfjórðungslega eftir á. Þetta er til vinnusparnaðar, þar sem forstjóri Tryggingastofnunarinnar telur, að það mundi verða mjög erfitt verk að greiða bætur þessar mánaðarlega, og taldi hann jafnvel, að rétt mundi, að þær væru greiddar hálfsárslega, en þó var þetta nú látið standa svona, að það sé ársfjórðungslega.

Ég tel mig svo ekki þurfa að hafa frekari framsögu fyrir þessu máli. Meiri hl. n. leggur til, eins og segir í nál., að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég hér hef lýst.

Frsm. 1. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef nú að vísu ekki enn getað kynnt mér til hlítar nál. hv. meðnm. minna, því að ég hef ekki séð þau álit fyrr en nú rétt áður en ég kom á fundinn. En það er staðreynd, að n. hefur þríklofnað um þetta mál, þó að milli mín og hv. þm. Barð. beri í raun og veru ekkert í því, sem er aðalatriði þessa máls, hvort beri að setja einhver takmörk við því, að fjölskyldubætur séu greiddar til manna með meðalháar tekjur eða jafnvel hæstu tekjur. Þetta er í augum okkar beggja, að ég hygg, aðalatriði málsins, og það var staðreynd, að í n. voru fleiri, sem litu svo á, að slíkt takmark bæri að setja, að það væri réttara, þó að það hafi orðið svo, að meiri hl. n., 3 hv. nm., hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir verði að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég hef borið fram brtt. við 3. gr. frv., sem er byggð, eins og segir í nál. mínu, á þeim samkomulagsgrundvelli, sem fundinn var í nefndinni a. m. k. milli 4 nm., ef sú leið yrði farin, sem við hv. þm. Barð. lögðum áherzlu á að farin yrði, að takmarka greiðslu bóta við ákveðið mark tekna. Fyrri hl. till. minnar er samhljóða brtt. hv. meiri hl. á þskj. 584, sem hv. frsm. meiri hl., hv. 8. þm. Reykv., hefur þegar gert grein fyrir. En síðari hluti till. minnar er hins vegar efnislega samhljóða till. hv. þm. Barð. á þskj. 585.

Ég var ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls og sat ekki heldur fyrsta fund n. um það, en það mun þá hafa komið fram hér við 1. umr. málsins eða á þessum fyrsta fundi n., að hv. þm. Barð. hafði þá skoðun, að það bæri að takmarka greiðslu fjölskyldubótanna við eitthvert tekjuhámark. Ég gerði strax, þegar ég kom að störfum í n. um þetta mál, grein fyrir því, að þetta væri einnig mín skoðun og ég legði mikla áherzlu á það, að frv. væri breytt í þá átt. En með því að aðrir nm., sem störfuðu að málinu, virtust vera einnig á þessari skoðun, þá var reynt að komast að samkomulagi um orðun till. á þessum grundvelli. En á síðustu stundu reyndist það svo, að tveir hv. nm. treystu sér ekki til að fylgja fram till. á þessum grundvelli.

Í frv., eins og það liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., voru engin takmörk sett við greiðslum fjölskyldubóta. Samkv. því eiga jafnvel tekjuhæstu menn þjóðfélagsins að fá fjárhagsaðstoð af almannafé til uppeldis 2. og 3. barns. Og það er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, í mínum augum aðalatriði þessa máls, hvort þetta eigi að vera svo eða hvort það sé réttara og skynsamlegra að setja takmörk við þessu miðað við tekjur manna. Og ég álít, að það sé fullkomlega heimilt að ræða þetta eitt, án tillits til þess, hvernig þetta frv. er tilkomið, en það er hins vegar gert að aðalatriði af hv. meiri hl. n. Ég vil spyrja, hvaða tilgang það ætti að hafa, að þjóðfélagið bjóði manni með 100 þús. kr. tekjur nokkur hundruð króna styrk eða aðstoð til uppeldis barna sinna. Í mínum augum er þetta fjarstæða, og ég held, að í augum þeirra manna, sem hafa háar tekjur og hæstu tekjur í þjóðfélaginu, sé þetta beinlínis hlægilegt. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram neinar óskir í þessa átt nokkurn tíma eða till. um, að slíkar „umbætur“ yrðu gerðar á tryggingunum, að tekjuhæstu menn fái fjárhagsaðstoð til uppeldis barna, svo kallaðar fjölskyldubætur. Ég hef haldið, að tilgangur allra þeirra bóta til uppeldis barna, sem felast í tryggingalögunum, eins og þau eru nú, þar með taldir fæðingarstyrkir, barnalífeyrir, mæðralaun, sem nú er fyrst gert ráð fyrir að taka inn í lögin, en hefur verið rætt um áður, og fjölskyldubóta sé að tryggja það, að börn fátækra foreldra eða börn, sem eru vanrækt af foreldrum sínum, njóti sómasamlegrar aðbúðar og bíði ekki tjón á heilsu sinni, andlegri eða líkamlegri, vegna efnalegs skorts og það og ekkert annað sé tilgangur allra þessara bóta, sem gert er ráð fyrir í tryggingalögunum og þar með í þessu frv.

Ég held, að ef menn hafa vel sæmilegar tekjur eða jafnvel það, sem nefnt er hátekjur, þá sé engin hætta á því, að fólk veiti ekki börnum sínum alveg sómasamlega aðbúð, því að menn vita, að tilhneigingin til þess er rík. Og ef efni eru sæmileg, þá þarf ekki að gera ráð fyrir því, að börn manna skorti efnalega. En hitt er svo annað mál, að vel má vera, að menn með háar tekjur og hæstu tekjur skorti annað til þess að geta veitt börnum sínum fullkomið uppeldi. Þá getur skort sérfræðilega aðstoð, og ef um slíka þjónustu væri að ræða af hálfu þjóðfélagsins í formi trygginga eða öðruvísi, þá gæti ég vel skilið það, að það kæmu fram kröfur um það af hálfu hátekjumanna, að þeir sætu þá við sama borð og aðrir. Og ég teldi, að þá ættu þeir fullan rétt á því, eins og t. d. ef sú aðstoð væri sambærileg við þá læknishjálp, sem er látin í té jafnt ríkum sem fátækum. En enn sem komið er er ekki um neina slíka þjónustu að ræða af hálfu þjóðfélagsins í gegnum tryggingakerfið að þessu

leyti. Það eru aðeins greiðslur í peningum, sem um er að ræða. En menn með 100 þús. kr. tekjur t. d., og þeir munu vera allmargir í okkar þjóðfélagi, sem hafa það, hafa í mínum augum lítið að gera með greiðslu í peningum, þó að þeir hins vegar gætu haft þörf fyrir sérfræðilega þjónustu í þessum efnum. Og meðan tryggingakerfið lætur ekki annað í té en fjárhagslega aðstoð, þá get ég ekki séð, að það hafi neinn skynsamlegan tilgang að veita mönnum, sem hafa vel sæmilegar tekjur eða hátekjur, slíka aðstoð.

Ég hef ekki orðið var við heldur, eins og ég sagði áðan, að neinn hafi óskað eftir slíku, og mér hefur ekki getað skilizt, að það sé nein þörf fyrir það. Tryggingakerfi okkar er ekki enn svo fullkomið, að það sé ekki hægt að benda — ég held á nærri því hvern einasta flokk í tryggingakerfinu, sem sé meiri þörf á og fremur ástæða til að auka heldur en þennan flokk, fjölskyldubætur til hátekjufólks eða efnaðs fólks, að minnsta kosti á meðan þær bætur eru greiddar í peningum. Tryggingakerfi okkar er stundum talið næsta fullkomið, en það er nú samt ekki fullkomnara en svo, að enn þá verða fjölskyldufeður með nokkur börn, sem njóta þó ríflegustu bóta, sem látnar eru í té, í þeim tilfellum, þegar þeir hafa misst vinnugetu sína að langmestu eða öllu leyti um lengri tíma, eftir sem áður nú í dag, þrátt fyrir tryggingarnar, að leita til sveitar sinnar, og mætti nefna mörg átakanleg dæmi um þetta. Það er í mínum augum mesti ókostur tryggingganna, eins og þær eru enn, að þær geta ekki í *þeim tilfellum, þegar þörfin er mest og brýnust, veitt fólki fullkomna* aðstoð til þess að komast af án þess að leita hjálpar hjá sinni sveit, sem mörgum er þvert um geð og fær mjög á menn.

Það geta vitanlega verið skiptar skoðanir um það, hvar það fé, sem menn teldu að væri hægt að veita til tryggginganna til viðbótar því, sem nú er, ætti að koma niður, í hvaða staði. Ég fyrir mitt leyti gæti bent á og hef viljað benda á fleiri en einn flokk eða hóp manna, sem ég teldi að þar kæmi til greina. Fyrst má þar nefna einstæðar mæður, sem eru nú teknar inn í till. af hálfu ríkisstj., ef þær eru með 2 og 3 börn. Ég álít, að einstæð móðir með eitt barn geti búið við mjög erfiðar ástæður, og væri engu síður ástæða til þess að veita henni mæðralaun heldur en manni með t. d. 50—60 þús. kr. tekjur fjölskyldubætur með 2. og 3. barni. En stærsti flokkurinn, sem allir hljóta að viðurkenna að býr við naumust kjör, er vitanlega öryrkjarnir og gamla fólkið, og það verður af öllum ástæðum sá flokkur, sem menn hljóta að líta fyrst til, þegar rætt er um það, hvar eigi að bæta við bætur tryggginganna, því að það er, eins og ég sagði áðan, vitanlegt, að fullkominn öryrki, sem hefur nokkra fjölskyldu, getur alls ekki lifað af örorkulífeyrinum eins og hann er nú, þótt að viðbættum barnalífeyri sé.

En það hefur verið svo, að þegar rætt hefur verið um að auka bætur tryggginganna til ýmissa félagshópa eða flokka, þá hafa menn verið sammála um, að slíkt sé æskilegt, en rökin gegn því hafa aðeins verið þau, að það sé ekki fært af fjárhagsástæðum. Nú hefur hæstv. ríkisstj. með þessu frv. talið fært af fjárhagsástæðum að auka framlög til tryggginganna alls um 14 millj. kr. samkv. því, sem í frv. er gert ráð fyrir. Nú má ekki gleyma því og ég vil leggja á það áherzlu, að þessi upphæð, 14 millj. kr., er ekki öll frá ríkissjóði. Hún er fengin frá ríkissjóði, frá hinum tryggðu og frá sveitarfélögunum, að því er talið hefur verið nokkurn veginn eða nærri því að einum þriðja frá hverjum, þótt það sé nú ekki nákvæmlega. Ég vil leggja áherzlu á það, að þessi aukna upphæð framlaga til tryggginganna er fengin með nýjum álögum, a. m. k. að því er snertir hina tryggðu og sveitarfélögin. Hvað ríkissjóð snertir, hefur því verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að það þurfi ekki að koma til nýrra álagna á landsfólkið vegna þess hluta, sem ríkissjóður ber af þessu framlagi. Hér er því verið að leggja nýjar álögur á hina tryggðu, — um það verður ekki deilt, — hækka iðgjöld, sem eru nefskattur, og auk þess hlýtur sú hækkun útsvara, sem sveitarfélögin hljóta að grípa til til þess að standa undir sínum hluta af hinum auknu framlögum, að lenda á hinum tryggðu, þ. e. a. s. á almenningi, og a. m. k. að þessum ⅔ hlutum, sem hinir tryggðu og gjaldendur sveitarfélaganna bera, kostar þetta nýjar álögur. Gjöldin til ríkissjóðs, sem ekki eiga að hækka, ber almenningur í landinu og að langmestum hluta, nærri 90%, án tillits til efnahags, þ. e. a. s., þessi gjöld eru fengin með óbeinum sköttum, sem leggjast á nauðsynjar fólks, fæði og klæði, jafnt ríkra sem fátækra, og eru því þyngri á gjaldendum, sem fjölskylda þeirra er stærri.

Vegna þess, hvernig byrðunum er skipt í þjóðfélaginu og hvernig þeim auknu, nýju byrðum er skipt, sem er gert ráð fyrir að leggja á með þessu frv., þá varðar það höfuðmáli, hvernig því fé, sem þannig er gert ráð fyrir að afla, verður varið. Og hvernig á þá að verja því? Í mínum augum er það augljóst, að það á að veita því þangað, sem þörfin er mest fyrir það. Um það geta svo verið skiptar skoðanir, eins og ég áður sagði, en um hitt geta varla verið skiptar skoðanir og voru ekki skiptar skoðanir í n., að þörfin er ekki mest á því, heldur jafnvel minnst, að verja því til aukinna fjölskyldubóta til manna, sem komast vel af, hafa meðaltekjur eða þaðan af meira.

Það er auðvitað mikið atriði í þessu máli, hvar ætti að setja það tekjumark, sem gert væri ráð fyrir, að sett yrði í lögin, en sjónarmiðið til þess að finna það er vitanlega þetta: Hvar eru þær tekjur, sem menn komast nú sæmilega vel af með til þess að hafa ofan af fyrir 2—3 börnum?

Í till. minni og hv. þm. Barð. er þetta mark sett við 44 þús. kr. Ég hefði að vísu í upphafi talið rétt, að það væri ívið hærra, jafnvel þó að það, sem sparaðist við að hafa slíkt tekjumark, og það fé, sem þannig fengist til þess að verja til aukins elli- og örorkulífeyris eða annars, yrði þá minna. Því að ég get vel fallizt á það, að sú upphæð, 14 millj. kr., sem ætlað er að verja til aukinna bóta, ætti ekki að hækka verulega með þeim breyt., sem gerðar yrðu á frv., með því að mér er ljóst, að hún er fengin með nýjum álögum á landsfólkið, eins og ég hef gert grein fyrir, og þær álögur verður þungt að bera eins

og skattabyrðin er orðin á mönnum, hvort sem þær eru lagðar á sem nefskattur eins og iðgjöldin eða sem hækkuð útsvör, sem eru orðin nógu há.

Þetta er hins vegar það, sem í mínum augum er höfuðatriðið í þessu máli. Ég vil ekki loka augunum fyrir því, hvernig þetta frv. er til komið, að það var til orðið í sambandi við vinnudeilurnar miklu í desembermánuði. Og það er vitanlega rétt og alkunnugt, að efni þessa frv. var upphaflega sett fram sem loforð um löggjöf og kjarabætur til þeirra, sem stóðu í vinnudeilunni, sérstaklega þó til verkalýðssamtakanna, vegna þess að það var viðurkennt af hæstv. ríkisstj. og raunar öllum, sem um deiluna fjölluðu, — og jafnvel öllum, sem um hana hugsuðu, — að það væri svo komið, að þeir, sem lægst laun hefðu í landinu, gætu ekki komizt af með sómasamlegum hætti, ef þeir hefðu nokkra fjölskyldu, þótt ekki væri meira en 2—3 börn. Tilboð ríkisstj. var vitanlega fyrst og fremst miðað við það, eins og allt samkomulag og niðurstaða þessarar vinnudeilu, að bæta afkomu þeirra, sem versta afkomu höfðu, en ekki að auka laun allra launþega í landinu, jafnt hinna lægst launuðu sem hinna hæst launuðu. Það var aldrei í till. hæstv. ríkisstj. og ekki heldur í neinu því samkomulagi, sem endanlega leysti vinnudeiluna. Þeir, sem að samningum í vinnudeilunni störfuðu af beggja hálfu, litu svo á, að samkomulagið hlyti að beinast að því að bæta kjör hinna lægst launuðu, en ekki að bæta við tekjur hinna hæst launuðu.

Hæstv. ríkisstj. hefur því í mínum augum staðið fullkomlega við það loforð, sem gefið var, með því að leggja fram þetta frv. um, að fjölskyldubætur yrðu greiddar til manna með 2—3 börn, þó að því verði beitt þannig, að það gildi í framkvæmd fyrst og fremst um fólkið með lægri launin, hin lægstu og hin lægri laun. Það var meira að segja upplýst í n., bæði af minni hálfu og af hálfu hv. 4. þm. Reykv., að það væri engin ástæða til að óttast það, að samningsaðilinn af hálfu verkalýðsins réðist á hæstv. ríkisstj. fyrir það sem samningsrof eða brigð á samningum, þótt ákvæðum frv. yrði breytt í það horf, sem hér hefur verið lagt til af mér og hv. þm. Barð., að setja tekjumarkið við 44 þús. kr. Ég hygg, að það séu mjög fáir eða jafnvel engir af því fólki, sem stóð í vinnudeilunni, sem almennt hafi hærri árstekjur en þetta, miðað við 8 tíma vinnudag eða mánaðarkaup, og eftir að bæði ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum aflað okkur upplýsinga um afstöðu þeirra, sem störfuðu að samningum í vinnudeilunni, þá held ég, að það sé engin ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. eða hennar flokka að óttast það, að þeir verði fyrir árásum um samningsrof, þó að alþm. fylgi fram þeirri skoðun sinni og sannfæringu, eins og hv. þm. Barð. kemst að orði, sem þeir kunna að hafa um þetta aðalatriði málsins, hvort það sé rétt, eins og nú er ástatt, að auka tekjur hinna hæst launuðu, um leið og bætt er úr kjörum hinna lægst launuðu með fjölskyldubótum.

Ég sagði í upphafi, að það væri aðalatriði þessa máls, hvort slík takmörkun á fjölskyldubótum yrði sett í frv. eða ekki. Um önnur atriði þess, hvernig þessu fé yrði varið, og önnur atriði í því sambandi, er óhætt að segja, að samkomulag gæti fengizt í n. eftir þær umræður, sem þar hafa farið fram um það. Spurningin er því aðeins þessi: Er það rétt og skynsamlegt og ber Alþ. nokkur skylda til þess, ef það álítur það ekki rétt og skynsamlegt, að verja allmiklu fé, nokkrum milljónum króna, til þess að veita mönnum með háar tekjur, vel sómasamlegar tekjur og jafnvel hæstu tekjur, fjárhagslega aðstoð til barnauppeldis? Þetta er spurningin og ekkert annað. Um allt annað getur orðið fullt samkomulag í þessu máli. Þetta er spurningin, sem þessi hv. þingdeild hlýtur að svara í atkvæðagreiðslu um þetta mál.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég efa, að það hafi nokkurt þingmál verið tekið til umræðu hér á yfirstandandi þingi, sem sett hefur hæstv. ríkisstj., fylgismenn hennar og andstöðuna í jafnörðuga aðstöðu eins og það mál, sem hér er til umræðu. Er það kannske ekkert óeðlilegt, því að hér er farið inn á nýjar brautir, sem e. t. v. kunna að hafa mjög alvarlegar afleiðingar, ef ekki er spyrnt við fótum þegar í stað. Mál þetta er svo yfirgripsmikið og margþætt, að ég veit raunverulega ekki, hvaða þátt málsins ætti hér helzt að ræða. Hæstv. ríkisstj. hefur mjög óskað þess, að sá þátturinn, sem er kannske alvarlegasti þátturinn í málinu, þegar á allt er litið, að hér er beitt í fyrsta skipti á Alþingi Mossadeqs-aðferðum í stórmáli, verði ekki ræddur svo mjög, vegna þess að það sé alveg þýðingarlaust að ræða það mál, það heyri til liðnum tíma, en það er kannske alvarlegasta atriðið í þessu margþætta og mikla máli.

Það hefur sýnt sig, að hæstv. ríkisstj. hefur talið það af einhverjum ástæðum heppilegast að gera út um þetta stórmál fyrir utan þingsalina og það á meðan allir alþm. eða mestur hluti alþm. sat hér að störfum, og sýnist þó, þegar málið er athugað, að til þess hafi ekki verið nein ástæða. Það sýnist, að það hefði verið ekki einungis sjálfsagt og rétt, heldur hefði og vel verið hægt að koma því fyrir, að eftir að hæstv. ríkisstj. hafði komizt að viðunanlegu samkomulagi að sínu áliti við þær stéttir í þjóðfélaginu, sem deildu um kjör og laun, og hafði lagt þær till. fram, sem hún taldi að báðir aðilar gætu sætt sig við og sáttasemjari bar fram, þá hefði verið nægilegur frestur fyrir hæstv. ríkisstj. til að bera þennan samning eða þessar till. undir sjálft Alþ. til samþykktar eða synjunar, alveg eins og það gafst tími til þess að bera þessar till. undir allsherjaratkvæði hjá stéttarfélögunum. Ég hef séð hér, síðan ég kom á Alþingi, verið tekið fyrir málefni, sem varðað hefur allmiklu fyrir íslenzku þjóðina og hefur verið sett hér á einni nóttu í gegnum báðar deildir með afbrigðum og festu, og ég sé ekki, hvers vegna hæstv. ríkisstj. hefði ekki einnig hér getað fengið samninginn ræddan og staðfestan á þinglegan hátt, áður en hann var undirritaður af viðkomandi aðilum. Um þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að sakast nú orðið, og segi ég það því aðeins, að ég álít, að hér hafi ekki verið farið rétt að og að hér hafi verið farið inn á braut, sem ber að varast í framtíðinni, og að þessi víti, sem hér hafa á orðið, verði að

verða til varnaðar framvegis og það í smærri málum en hér um ræðir. — Ég skal svo ekki ræða meira þann þáttinn.

Hitt harma ég engu síður, að tryggingalöggjöfin og tryggingastarfsemin í landinu er í fyrsta skipti hér dregin inn í harðvítugar og harðskeyttar kaupdeilur, verkföll og kaupdeilur á milli atvinnurekenda annars vegar og atvinnuþiggjenda hins vegar, og þegar svo er komið, að hæstv. ríkisstj., sem ég fullkomlega viðurkenni að hefur átt mjög erfitt í málinu, sér enga leið aðra til þess að sætta þessa aðila heldur en að setja tryggingarnar, sem fólkið á að treysta í framtíðinni og er þegar byrjað að treysta að sé það síðasta, sem það getur horfið til, þegar allt annað bregzt, þá skuli einmitt þessi stofnun vera sett í þá hættu að verða umdeilt atriði í harðskeyttum vinnudeilum til þess að sætta þær. Það er alveg sýnilegt, að ef hér er ekki spyrnt við fótum, þá verður gengið svo á þetta lag, að tryggingamálin á Íslandi verða einskis virði í framtíðinni, og ég tel það skyldu hvers þess manns hér á Alþ., sem vill tryggingamálunum vel, að standa á verði gegn því, að slíkt komi aftur fyrir. Ég segi þetta ekki sem neina ásökun til hæstv. ríkisstj. Ég bendi aðeins á þetta vegna þess, að mér er ljóst, að sú stofnun verður í framtíðinni mulin niður að fullu og öllu, ef á að halda áfram þessari stefnu, eins og atvinnuvegirnir hafa af þessum sömu aðilum verið gerðir óstarfhæfir um alllanga framtíð. Það er alveg sýnilegt, að fram hjá því verður ekki komizt, og þá er illa farið um þessa stofnun, sem sett var hér á stofn með miklum fórnum frá Alþ. og fólkinu sjálfu til þess að skapa hér betra líf einmitt fyrir þá fátækustu í landinu. Ég tel, að það þurfi að hefja hér mjög harða og ákveðna sókn gegn þessum öflum, sem hér eru að verki til eyðileggingar þessu mikla máli.

Að ég ekki gat fylgt hv. meiri hl. í sameiginlegu nál. og till., stafar m. a. af þessari sérstöðu minni í málinu. Ég get ekki undir neinum kringumstæðum fellt mig við, að það sé þannig farið með þingmál — og það jafnstórt mál eins og hér um ræðir, að það sé afgert á slíkan hátt eins og hér hefur verið gert, án þess að hafa um það fullt samstarf við þm. á þinglegan hátt, og ég get ekki heldur fellt mig við, að tryggingalöggjöfin og tryggingamál þjóðarinnar séu dregin inn í vinnudeilur til þess að sætta vinnuveitendur og vinnuþiggjendur á þann hátt, sem hér hefur verið gert, og hversu sem ég að öðru leyti styð okkar ágætu ríkisstj., þá get ég ekki á neinn hátt fylgt henni í þessu máli. Ég tel, að það væri fullkomin skerðing á þeim heiðri, sem ég tel að hver þm. eigi að gæta í sínu starfi, og það væru fullkomin svik frá minni hálfu við þau loforð, sem ég hef gefið mínum hv. kjósendum, ef ég fylgdi máli, sem ég hef það álit á, sem ég þegar hef skýrt. Þess vegna gat ég ekki undir neinum kringumstæðum orðið sammála meiri hl. um afgreiðslu málsins.

En þótt litið sé burt frá þessu öllu saman, bæði frá meðferð málsins sjálfs og einnig frá þeim samningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert í sambandi við vinnudeilurnar og snerta þetta mál, þá finnst mér þó, — og það urðu mér mikil vonbrigði, — að hæstv. félm.- og forsrh. hafi hvorki sýnt þessari hv. deild né hv. heilbr.- og félmn. þá samvinnu í þessu máli til bóta á því, sem gert hefur verið, svo sem nauðsynlegt var og ég raunverulega veit, að hann hefði viljað gera, miðað við þann kunningsskap, sem ég hef haft af honum og hans afstöðu til þessara mála í gegnum mörg ár. Ég hygg, að það stafi af því, að hann hafi ekki viljað nota sína ágætu greind til þess að athuga hin einstöku atriði þessa máls, því að þær óskir, sem við nú hefðum getað komið okkur saman um, voru sannarlega ekki þess eðlis, að það væri ástæða til fyrir hann að beita meiri þvingun heldur en nauðsynlegt var vegna heiðurs hans sem stjórnarforseta til þess að koma fram þessu máli.

Það hefur verið sagt hér, að meginástæðan fyrir því, að lagt er gegn þeim till., sem ég og hv. 7. landsk. höfum borið fram, sé sú, að það væru talin brigðmæli við þá samninga, sem gerðir hefðu verið. En ég vil nú biðja bæði hæstv. ráðh. og hv. frsm. meiri hl., sem sjálfur er lögfræðingur, að athuga, að hér er haldið fram af þeirra hendi ákaflega röngu máli frá mínu sjónarmiði. Þeir samningar, sem gerðir voru í sambandi við vinnudeiluna, gátu aldrei snert aðra aðila en þá, sem undirrituðu samningana, og ég vildi gjarnan heyra það frá hæstv. ráðh., hvort það er ekki rétt skilið af mér, að aðra aðila gátu samningarnir ekki snert. Þeir gátu þá snert allan verkalýð landsins, og einhvern tíma var það upplýst, að það mundu vera um 20 þús. manns, sem hefðu staðið hér í þessu verkfalli, sem er raunverulega mjög mikill fjöldi, og á hina hliðina gátu þeir þá aðeins snert þá útgerðarmenn, sem stóðu að samningunum og höfðu fulltrúa við samningsgerðina. Aðra menn í landinu gátu þeir ekki snert undir neinum kringumstæðum. (Gripið fram í.) Já, alla þá atvinnurekendur, sem stóðu að því og undirskrifuðu samningana, og aðra ekki. Þeir gátu ekki snert neina aðra. Og ég fullyrði, að það er sáralítill hópur í þeim flokki manna, sem mundi verða að nokkru leyti misboðið eða þeirra réttur skertur, þó að okkar till. væru samþykktar um skerðingu á fjölskyldubótum. Ég fullyrði, að það er svo lítill hópur manna innan þessa hrings, sem hefur yfir 44 þús. kr. í hámarkstekjur á ári á 1. verðlagssvæði og 33 þús. kr. á 2. verðlagssvæði, að það hefði verið leikur einn að komast að samkomulagi við þá aðila, sem eftir voru, til þess að þeir liðu ekki við þessa breytingu á löggjöfinni. En hér er ekki verið að hugsa um það atriði. Hér er einmitt hugsað um það, að samhliða þessari samningsgerð skuli það vera aðrir aðilar í landinu, sem skuli njóta sömu hlunninda, hver einn og einasti aðili og þegn í þjóðfélaginu, sem búi við annaðhvort líkar tekjur eða miklu meiri tekjur, skuli einnig njóta þessara kjarabóta, og við það er hæstv. ríkisstj. ekki skuldbundin samkvæmt samningnum.

Nú er það svo, að hver og einn einasti aðili í landinu, hvort heldur hann er ríkur eða fátækur, hvort heldur hann hefur miklar tekjur eða litlar, nýtur þeirra kjarabóta, sem fengust með ráðstöfunum ríkisstj. um lækkun á olíuverði, lækkun á mjólk, lækkun á frögtum og öðrum lækk-

unum til lækkunar á dýrtíðinni. Þetta er alveg ljóst. Og fjöldamargir af þessum mönnum höfðu ekki einu sinni óskað eftir þessu, hvað þá að þeir hefðu gert verkfall út af því, en þeir njóta þessara kjarabóta, og ég sé að sjálfsögðu engan veginn eftir því.

En það er líka stór hópur manna, sem með þessum samningum og með þeirri löggjöf, sem hæstv. ríkisstj. er að þvinga hér fram, — ég segi: er að þvinga hér fram, því að mér er það ljóst, að hún fær marga hv. þm. til þess að greiða atkvæði með löggjöfinni vegna þess, að þeir eiga einskis annars úrkosta en að velja á milli þess, hvort þeir vilji fylgja sannfæringu sinni eða setja hæstv. ríkisstj. í þá óvenjulegu aðstöðu að verða styrkt af stjórnarandstöðunni, þar sem stjórnarstuðningsmennirnir vilja ekki ganga inn á að styðja hana í ákveðnu máli. Þetta er mér alveg ljóst, og það er þess vegna, sem hún fær að sjálfsögðu lögfest þessi ákvæði. En með þessum ákvæðum, sem þannig verða lögfest hér á Íslandi, fær hver einn og einasti maður í þessu landi, sem hefur yfir 1830 kr. á mánuði, 1000 kr. hækkun á sínum launum, og það alveg eins þótt hann hafi 250 þús. kr. í tekjur. Þessir aðilar eiga engan lögfræðilegan rétt eða lögfræðilegar kröfur á hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjölskyldubæturnar, nema þeir séu beinir samningsaðilar að samningnum. Og mér þykir ákaflega merkilegt, að í hv. meiri hl. sitja tveir ágætir lögfræðingar, bæði hv. frsm., hv. 8. þm. Reykv., og hv. þm. Seyðf., sem hafa annaðhvort látið blekkjast af þeim rökum, sem hér hafa verið borin fram, og ekki notið sinnar lögfræðilegu þekkingar eða beinlínis gert það fyrir hæstv. ríkisstj. að breiða blæju yfir sína lögfræðilegu þekkingu og fylgja stjórninni alveg blint í þessu máli. En það þarf engan lögfræðing til þess að skilja og sjá það, að þeir menn, sem ég hef rætt hér um og ekki voru aðilar að þessum samningi, gátu ekki átt neinar lagalegar kröfur á ríkisstj., og þess vegna var engin áhætta að gera þær breytingar, sem við fórum fram á.

Ég skal þá koma að þessu atriði: Er það raunverulega eðlilegt og sanngjarnt, að okkar brtt. séu samþ.? Hæstv. ráðh. lýsti því yfir við n., að hann óskaði ekki eftir því að ræða það mál efnislega. Hann taldi það vera að eyða tíma. Það væri búið að samþykkja þetta, þarna yrði engu breytt, og það vildi hann ekki ræða efnislega. Hann lét nokkuð falla sömu orð hér við 1. umr., en sagði þó hér, að hann teldi það engan veginn óeðlilegt, fyrst væri farið inn á þá leið, sem hér hefur verið farið inn á, að hækka fjölskyldubæturnar. Ég er þar á alveg annarri skoðun. Ég er þeirrar skoðunar, að langsamlega mest aðkallandi þörfin sé að bæta elli- og örorkulífeyrinn.

Ég vil benda bæði hæstv. ríkisstj., hæstv. ráðh. og hv. d. á, að það mun vera hámark nú, að einstaklingar hafi sem ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar um 6 þús. kr. frá tryggingunum. Ef það eru sérstakar ástæður til og þessir viðkomandi aðilar eru sjúkir og enginn getur séð fyrir þeim, þá má þó hækka þetta um 40%. En ég vil nú til samanburðar leyfa mér að benda hæstv. ríkisstj. og hv. d. á, að hér hafa m. a. í dag og undanfarna daga staðið um það allmikil átök, hvort ekki ætti að greiða ekkjum embættismanna, sem þó höfðu haft prýðileg laun og áttu sumir hverjir ágætar eignir, eða embættismönnunum sjálfum, sem hættir eru starfi, en eiga einnig mismunandi eignir, sumir litlar, sumir miklar, a. m. k. þrefalt þessar upphæðir, og það þykir smánarboð frá Alþ. og ríkissjóði að láta sér detta í hug, að þessir menn sætti sig við minna en þær upphæðir, sem ég hef þegar nefnt, og það alveg sem lágmark. En á sama tíma er farið inn á þá braut hér að skerða svo framlög eða bætur til fátækustu manna þjóðfélagsins, að þeir geta á engan hátt dregið fram lífið með þeim bótum, sem hér um ræðir. Og það er gert á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. hlekkjar menn hér í hópum til þess að setja miklu hærri bætur til þeirra manna, sem hafa mörgum sinnum, ekki þrisvar sinnum, heldur tíu sinnum, kannske tuttugu sinnum og kannske þrjátíu sinnum meiri tekjur heldur en þeir menn, sem hér um ræðir. Ég hefði getað skilið þessa afstöðu frá hæstv. ríkisstj., ef hún hefði ekki séð neinar útgöngudyr. En við höfum einmitt bent á, að hér eru útgöngudyr, sem hvort tveggja í senn opna hæstv. ríkisstj. leið til þess að fara út úr þessu máli með meiri sóma en hún getur farið, ef hún heldur fast við sínar kröfur, og á sama tíma bæta úr mest aðkallandi þörf þeirra fátækustu manna, sem byggja vonir sínar og framtíð á tryggingalöggjöfinni. Auk þess vil ég leyfa mér að benda á, að einmitt í okkar till. felst ekki það að taka frá þeim mönnum bætur, heldur að flytja til, því að fjöldamargar fjölskyldur í landinu, sem njóta samningsins, fá bæturnar aftur sem bætur með hækkandi framlagi til gamla fólksins. Og það eru þúsundir af gömlu fólki, sem er í þessum fjölskyldum, sem hér um ræðir. Ég er því alveg hárviss um, að ef nokkur vilji er fyrir því hjá hæstv. ríkisstj., þá hefur hún alla möguleika til þess að fara með meiri sóma út úr þessu máli með því að samþ. þá till., sem við höfum borið hér fram.

Ég ætla svo aðeins að leyfa mér að benda á, að almannatryggingarnar í landinu munu verða nú á fjárlögunum um ¼ af heildarútgjöldunum. Það er sýnilegt, að þegar einhver liður í fjárl. er orðinn slíkur, að hann er orðinn 25% af öllum útgjöldum ríkissjóðs, þá hlýtur sá liður að snerta svo að segja hvern einasta mann í landinu, enda er það orðið svo, að tryggingamálin snerta orðið svo að segja hvert einasta heimili í landinu meira eða minna. Það er því sorgleg tilhugsun og varla hægt að hugsa hana til enda, að það skuli vera möguleiki fyrir því, að þetta stóra mál verði eyðilagt með því að verða gert að knetti til þess að kastast á milli þessara tveggja afla í þjóðfélaginu, vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Og ég veit ekki, hvort nokkur af hv. þm. sér út yfir það tjón, sem slíkt kann að skapa, og þá truflun, sem slíkt hlýtur að skapa í þjóðfélaginu, ef því verður ekki kippt í rétt horf.

Þá vil ég einnig leyfa mér að benda á, að með þeim samningi, sem hér var gerður, er ekki hugsað um fulltrúa þeirra manna, sem sannarlega fengu á sig allmikla byrði við þennan samning. Ég

skal viðurkenna, að stéttarfélögin, verkalýðsfélögin, höfðu fullkomlega sína fulltrúa, gátu metið og vegið, hvað þau fengju í bættum kjörum með þessum samningum og hvar þau tóku á sig nýjar byrðar með samningunum. En það hljótum við að viðurkenna, að þetta hlýtur að skapa og skapar allmiklar byrðar á þegna þjóðfélagsins. Sama má segja um atvinnurekendur, sem þó héldu því fram, að þeir gætu ekki bætt á sig neinum bagga í sambandi við lausn dýrtíðarinnar. Þeir hafa þó tekið á sig hér yfir 2 millj. kr. byrði í sambandi við aukin iðgjöld, ef þetta frv. verður að lögum. En ég viðurkenni, að þeir höfðu hér fulltrúa til þess að hafna eða velja í sambandi við þetta mál. En hinir aðilarnir, þeir, sem taka á sig um 6 millj. kr. byrði sem iðgjaldagreiðendur, áttu hér engan fulltrúa, aðrir en þeir, sem voru skráðir í verkalýðsfélögunum og að sjálfsögðu höfðu sína fulltrúa þar, — þeir höfðu enga fulltrúa aðra en alþm. til þess að segja til um það, hvort þeir vildu þessa lausn á málinu eða aðra, en einmitt þessir fulltrúar voru ekki spurðir um þetta mál.

Mér skilst, að samningurinn sjálfur hafi það í för með sér, að Tryggingastofnunin þurfi um 14—15 millj. kr., og vil ég leyfa mér að leiðrétta það, sem kemur hér fram í nál., þar sem það er talað um, að það séu 19 millj., en þar er innifalin hækkun á verðlagsvísitölu frá fyrra ári, svo að það heyrir ekki til í sambandi við þennan samning. En það munu vera um 14—15 millj. kr., sem þessi samningur kostar Tryggingastofnunina eða þá aðila, sem verða að greiða til hennar fé, og þessu mun vera skipt þannig, að ríkissjóður verður að greiða um 5 millj., eða rúmar 5 millj. kr., en um það fengu fulltrúar ríkissjóðs á Alþ. ekki leyfi til að segja eitt orð. Sveitarsjóðirnir munu þurfa að greiða hér nærri 4 millj. Þeir höfðu ekki heldur tækifæri til þess að segja neitt um þetta atriði, og iðgjaldagreiðendurnir munu greiða aðrar 5 millj. kr. Þeir fengu ekki heldur, eins og ég hef skýrt frá, leyfi til þess að segja neitt um þessi mál.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett hér á Alþ., þá átti ég og hef jafnan síðan átt sæti í þeirri n., sem hefur fjallað um þessi mál frá upphafi. Meginátökin milli min sem fulltrúa Sjálfstfl. þá og enn í þessari n. og hv. 4. þm. Reykv., sem bar fram málið fyrir hönd Alþfl., voru jafnan þau, að ég vildi aldrei fallast á að ganga lengra í tryggingabótum en svo, að unnt væri að halda þau loforð, sem gefin yrðu á hverjum tíma. Mér er það fullkomlega ljóst, að ef farið er að gefa loforð, hvort heldur það er til eins eða annars og ekki hvað sízt til svo mikils hluta þjóðarinnar eins og hér um ræðir, sem á viðskipti við Tryggingastofnunina og kröfu í bótum, þá verður það aldrei vel þegið, að ekki sé hægt að standa við þau loforð eða það þurfi að draga úr þeim bótum síðar meir. Og það hefur sífellt á hverju ári verið gerð sókn á hendur stofnuninni til þess að auka þessar bætur, og það hefur jafnan ríkt sá hugsunarháttur í n., a. m. k. hjá meiri hl. n., að það væri rétt að víkja aldrei frá þessum grundvallaratriðum, að lofa aldrei meiri bótum en hægt var að standa við. Það er því sýnilegt, að ef á að halda þessari stefnu áfram, sem ég vona að verði haldið, þá verður ekki snúið við á þessari braut, eftir að búið er að samþ. þetta frv., heldur verður ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sveitarsjóðirnir og einstaklingarnir, að vera viðbúnir að standa undir þeim kröfum, sem gerðar verða til þeirra, til þess að það sé hægt að standa við þessi loforð. Og það verður að búast við meiru. Það verður ekki þolað undir neinum kringumstæðum, að ekki verði komið fram réttlætingu á þeim hluta tryggingamálanna, sem nú er fyrir borð borinn, eins og í sambandi við ellitryggingarnar, sem ég þegar hef lýst. Þegar á næstu þingum, eða jafnvel næsta þingi, hlýtur að koma fram krafa um það, að réttur verði hlutur þeirra manna, því að það er þó ekki undir neinum kringumstæðum háð neinum samningum, sem ríkisstj. hefur gert utan þingsalanna. Og verði það ekki gert annars vegar að réttu hlut þessara manna og hins vegar að standa við loforðin, sem gefin eru með þessu frv. og gefin hafa verið með lögunum, þá verða tryggingarnar þurrkaðar út, því að þá eru þær búnar að missa alla samúð hjá þjóðinni, af því að þá eru þær ekki lengur réttlátar.

Mér er líka vel kunnugt um, að þegar tryggingarnar fóru að safna sjóðum, þá voru hér ýmsir menn, sem sáu ofsjónum yfir því, alveg eins og það eru ávallt til menn, sem sjá ofsjónum yfir því, að einhverjir aðilar hafi yfirleitt yfir fé að ráða. Þá voru gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að ná þessum sjóðum undir ríkissjóð, þ. e. a. s. að eyða þeim. Því miður var ekki hægt þá að standa á móti því, að þetta yrði gert. Það var að vísu stöðvað, en því miður var ekki staðið nægilega fast á móti því, að nokkur skerðing ætti sér stað. Nú verður að sjálfsögðu að taka upp harðskeytta baráttu fyrir því, að Tryggingastofnunin fái slíkar tekjur, að hún ekki einasta geti staðið undir þessum loforðum, heldur einnig safnað sjóðum til þess að mæta slíkum áföllum eins og ávallt kunna að koma fyrir og m. a. hefur komið fyrir nú.

Ég vil svo einnig leyfa mér að benda á hér, að skerðingin í sambandi við lífeyrisgreiðslurnar, örorkulífeyrinn og ellilaunin, var beinlínis gerð vegna þess, að þeir menn, sem höfðu um þessi mál að fjalla hér og þungi þessara mála hvíldi á, vildu aldrei víkja frá meginatriðinu, að veikja ekki stofnunina of mikið fjárhagslega. Og það var þess vegna, sem þeir og m. a. ég féllst á það við hæstv. ráðh. í desembermánuði að fresta skerðingarákvæðinu til ársloka 1954. Nú sé ég mér ekki fært annað en að bera fram till. um það, að þessi skerðing falli niður í árslok 1953. Og það er beinlínis vegna þess, að það verður ekki hægt að þola það, eins og ég hef þegar lýst, að réttur þessara aðila, sem eiga afkomu sína undir almannatryggingunum, sé fyrir borð borinn lengur en þann allra skemmsta tíma, sem hægt er að hugsa sér, og það er til ársloka 1953. Og ég vil því vænta þess, að það nái fram að ganga, hvernig svo sem fer um þær brtt., sem ég hef borið fram á þskj. 585, um að flytja til bæturnar úr fjölskyldubótunum til ellilaunanna, sem ég nú vænti að bæði hæstv. ráðh. og hv. meiri hl. n. vilji

taka enn til athugunar, hvort ekki sé rétt að samþ., vegna þess að þau rök, sem hv. frsm. færði fyrir því, að hann vildi ekki standa að samþykkt þessarar till., eru alveg röng. Ég veit, að eftir því sem hann talaði hérna í n., þá vill hann mjög gjarnan, að þessi breyt. komist á, og ég hef þegar hér í minni ræðu bent á, að það sé engum vandkvæðum bundið að gera það, án þess að hér sé um nokkra sviksemi að ræða í samningum. En þrátt fyrir það að þær till. yrðu felldar fyrir misskilning málsins, beinan misskilning málsins, þá vil ég þó vænta þess, að önnur till. mín, till. undir 2. tölul., um það, að skerðingin sé ekki látin gilda lengur en til ársloka 1953, verði þó samþykkt. Hún er algerlega óháð því samkomulagi, sem gert hefur verið, og ég held, að ég megi fullyrða það hér, að hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að hann út af fyrir sig hefði ekkert á móti því, að sú till. yrði samþ. Hann óskaði að vísu ekki eftir að fá hana, en hins vegar gat ég ekki skilið hans orð öðruvísi en svo, að hann hefði ekkert á móti henni. Það má segja, að það hafi í sjálfu sér ef til vill ekki mjög mikla þýðingu, því að næsta Alþ. getur að sjálfsögðu strax á fyrsta samkomudegi borið fram breyt. á frv., en þó þætti mér það betra, að borin væru smyrsl á þau sár, sem óverðskuldað hafa verið hér veitt gamla fólkinu í landinu, að það hefði þó tryggingu fyrir því eða einhverja von um það, að þessi mál yrðu leiðrétt áður en næsta ár byrjar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða um þetta mál hér nánar og óska að sjálfsögðu eftir því, að þær till., sem ég hef borið fram, verði samþykktar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 584 ber með sér, þá er ég samþykkur þessu frv., en vil gera á því þær breytingar, sem greinir á sama þskj., þ. e. a. s. þær breytingar á 3. gr., sem teknar eru þar upp í brtt.

Um þær brtt., sem hér eru fram komnar frá tveimur minni hl., hef ég óbundið atkv. og jafnframt til þess að bera fram nýjar brtt., ef ég tel ástæðu til.

Ég tók það fram við 1. umr. um þetta mál, að ef tryggingaráð hefði verið spurt, hvern veg það vildi verja þeim tekjuauka, sem gert er ráð fyrir að tryggingunum verði séð fyrir, 14—15 millj. kr., þá hefðu án efa till. tryggingaráðs orðið með nokkuð öðrum hætti en ákveðið er í yfirlýsingu þeirri, sem samkomulag aðila að vinnudeilunni byggist á. Og ég er því alveg sammála, sem hér hefur komið fram, að það sé meira aðkallandi að auka við bætur til elli- og örorkulífeyrisþega heldur en að bæta við þær fjölskyldubætur, sem nú eru greiddar, þeim upphæðum, sem í frv. greinir, alveg án tillits til tekna og efnahags þeirra, sem bæturnar eiga að greiðast til. Ég er því þeirri meginhugsun sammála, sem fram kemur í þessum till., að einhverjum hluta af því fé, sem nú er ætlað til aukningar fjölskyldubóta og mæðralauna, væri betur varið með því að bæta við ellilífeyrinn og örorkulífeyrinn.

Ég er þó ekki sammála rökstuðningi hv. 7. landsk. nema að nokkru leyti. Hann sagði hér í ræðu sinni áðan, að það væri fráleitt og ekki til annars en hlæja að, að hátekjumenn, t. d. með 100 þús. kr., ættu að fá styrk til uppeldis öðru og þriðja barni. Ég er honum alls ekki sammála um þetta út af fyrir sig. Það er í raun og veru ekkert hlægilegra, að þeir fái uppeldisstyrk með öðru og þriðja barni, heldur en þeir fái fæðingarstyrk, eins og þeir núna fá, og ekkjur þeirra fái dánarbætur, þegar þeir falla frá. Það er þess vegna ekki í sjálfu sér í neinu ósamræmi við tryggingalögin. Og tryggingalögin hafa aldrei verið hugsuð og eru ekki hugsuð sem hreint og beint fátækraframfæri, heldur trygging, sem að uppfylltum vissum skilyrðum greiðir þær bætur, sem þar er greint, eins og hv. þm. er vel kunnugt. Ég sé engan eðlismun á því, þó að hann gerði það, hvort maður með 100 þús. kr. tekjur fái fjölskyldubætur eða njóti sjúkratrygginga, þannig að hann fái ókeypis læknishjálp og sjúkrahússvist, en það fá menn eftir tryggingalögunum nú. Það var ekki svo upphaflega, en reynslan sýndi, að það var ekki eðlilegt eða skynsamlegt að útiloka þá frá friðindum tryggingarinnar, af því að þeir greiða eins og aðrir menn, fyrst og fremst sín iðgjöld og svo gegnum sína skatta. Hitt er annað mál, og það er ég honum alveg sammála um, að á meðan greiðslur á ellilífeyri og örorkulífeyri eru takmarkaðar og bundnar við ákveðnar tekjur svo stranglega sem nú er gert í lögunum, þá er hið mesta ósamræmi í því að greiða án nokkurra takmarkana slíkar fjölskyldubætur til manna, sem komnir eru yfir visst tekjumark. En ég er honum ekki sammála um það, sem mér fannst liggja í ræðu hans, að í raun og veru væri æskilegt, að tryggingalöggjöfin væri með þeim hætti, að þar væri aðeins metin þörf hvers einstaklings og greitt eftir svipuðu mati eins og hjá framfærslu- eða fátækrafulltrúa, — ég vil taka það alveg greinilega fram.

Ég lít því svo á, að ekki sé heppileg, eins og ég hef látið fram koma áður, sú skipting á fénu, sem hér er gert ráð fyrir, með tilliti til þess, að ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegarnir búa nú við tiltölulega strangar takmarkanir að því er snertir greiðslur á lífeyri til þeirra. Ég hefði því kosið, að unnt hefði verið að breyta þessu frv. í þá átt, sem ég hef nú bent á í þessum fáu orðum mínum hér og gerði fyllri grein fyrir við 1. umr.

Í nál. segir: „Haraldur Guðmundsson hefur óskað þess, að ríkisstj. leitaði álits sáttanefndar og samninganefnda í vinnudeilunni um það, hvort þessar n. gætu fyrir sitt leyti fallizt á, að breytingar þess efnis, að dregið væri úr fjölskyldubótum og mæðralaunum eftir tekjum og fé því, sem þannig sparaðist, varið til aukningar á elli- og örorkubótum, raski ekki því samkomulagi, sem gert var."

Ég hef mælzt til þess við hæstv. ráðh., sem mætti á fundi hjá heilbr.- og félmn., að hann sneri sér til sáttanefndarinnar og léti hana leita eftir áliti aðila um þetta, en hef ekki fengið ákveðin svör við því frá hæstv. ráðh.

Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hv. minni hluta báða, að þeir athuguðu, hvort þeir sæju sér ekki fært að taka sínar brtt. aftur til

3. umr., það af efni þeirra, sem ekki er bundið í till. meiri hl., þ. e. fyrri hlutinn af till. hv. 7. landsk., ef hæstv. ráðh. sæi sér fært að nota tímann á milli umræðnanna til þess að fá álit frá sáttanefndinni svipað því, sem ég hér gerði grein fyrir.

Ég vil ekki eiga þátt í því að gera neitt í sambandi við þessa lagasetningu, sem hægt sé að segja með sanni að sé rask, brigð eða riftun á því samkomulagi, sem gert hefur verið. En ég álít fénu betur varið og skynsamlegra frá sjónarmiði tryggínganna að ráðstafa fénu eitthvað líkt því, sem ég hef bent hér á með þessum orðum mínum og að nokkru leyti felst í þeim till., sem fram hafa komið.

Um till. vildi ég þó segja það, að mér virðist, að í till. hv. 7. landsk. sé ekki alls kostar eðlilegt að miða við sömu tekjur hvar sem er á landinu, 44 þús. kr. Mér finnst eðlilegt, að það sé mismunandi eftir verðlagssvæðum, — það sama er víst í till. hv. þm. Barð. líka, — að eins og lífeyrisupphæðirnar eru breytilegar eða mismunandi eftir verðlagssvæðum, þá verði viðmiðunin eins. Það yrði tiföld grunnlífeyrisupphæðin í báðum tilfellum.

Þá vildi ég leyfa mér að benda hv. þm. Barð. á það, að í hans till. er á engan hátt ætlazt til þess, að Tryggingastofnuninni sé séð fyrir því fé, sem kann að vera að hún þurfi að greiða af hendi umfram tekjuauka vegna þeirra breytinga, sem till. gera ráð fyrir. Það er aftur á móti gert í till. hv. 7. landsk., og álít ég óhjákvæmilegt, að það *fylgi með, ef till. eru samþykktar.*

Eins og ég gerði grein fyrir hér við 1. umr., þá eru þær áætlanir, sem fram hafa verið lagðar um kostnaðinn við aukningu fjölskyldubótanna, byggðar á mjög veikum rökum, vegna þess að engar skýrslur eru fyrir hendi til að byggja á, og það hefur komið í ljós síðan, að barnafjöldinn er nokkru meiri í heild á landinu heldur en þá lágu fyrir upplýsingar um. Hversu mikið sparast af fjölskyldubótum með því að fella niður greiðslur við 44 þús. kr. mark, eins og greinir í till. þarna, er ekki heldur unnt að gera sér neina hugmynd um. Það er ekki hægt að gera nema á einn hátt, að fara gegnum skattaframtöl eða mikinn hluta af skattaframtölum síðasta árs og bera tekjuflokkana saman við barnafjöldann. En slíkt kostar margra vikna vinnu og ómögulegt að gera það meðan þetta frv. er hér til meðferðar. Því rennum við þarna að sjálfsögðu mjög blint í sjóinn, bæði hvað þetta kostar og enn fremur hvað mundi sparast með því að breyta ákvæðum um fjölskyldubæturnar eins og í brtt. segir. En sú hækkun á lífeyri, sem felst í till. beggja minni hl., mun kosta nálægt 5 millj. kr. á ári, miðað við núverandi vísitölu.

Þá er annað atriði í þessu sambandi, sem ég tel rétt að benda á, þótt það skipti kannske ekki ákaflega miklu máli peningalega, og það eru ákvæðin um mæðralaun, að greiða þau jöfn fyrir hvert barn upp úr eða hækkandi að neðan án tillits til barnafjölda. Ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir núna, sem kannske eru líkur til, þá getur svo farið, að einstæðar mæður með börn fái meiri tekjur í beinum barnalífeyri og mæðralaunum með börnum sínum heldur en Dagsbrúnarmaður á fullu kaupi, sem hefur fyrir konu og jafnmörgum börnum að sjá, fær, þótt hann njóti fyllstu fjölskyldubóta.

Ég skal aðeins taka eitt dæmi — það er að vísu nokkuð fátítt dæmi — til að sýna þetta. Einstæð móðir, sem á 10 börn undir 16 ára aldri, á að fá með þeim í mæðralaun og barnalífeyri samtals nokkuð yfir 53 þús. kr. á ári, þótt hún sé heil og hraust, en meira að sjálfsögðu, ef hún er öryrki. Dagsbrúnarmaður, sem hefur fyrir að sjá konu og 10 börnum á sama aldri, ætti að fá í fjölskyldubætur samkv. þessu sama frv. nokkuð yfir 14 þús. kr., milli 14 og 15 þús. kr. Setjum svo, að hann vinni sér inn 33 þús. kr. á ári. Þá eru tekjur hans milli 47 og 48 þús. kr., eða fullum 5 þús. kr. lægri samtals, atvinnutekjurnar og fjölskyldubæturnar, heldur en aðeins er greitt með börnunum til einstæðrar móður með sama barnafjölda.

Það verður að segja það eins og er, að þetta er ekki eðlilegt. Það geta komið fyrir þau tilfelli, að það borgi sig betur fyrir hjónin að skilja heldur en að búa saman, fá barnalífeyri og fjölskyldubætur til fráskilinnar konu heldur en að maðurinn haldi saman heimilinu og þau búi saman og njóti þeirra fjölskyldubóta, sem lögin gera ráð fyrir. Það eru ekki mörg svona tilfelli, sem um er að ræða. Það þarf að minnsta kosti 7 börn í fjölskyldunni, til þess að það mundi borga sig, en það er ekki heppilegt, að svona lagað sé hægt samkv. lögunum. Það liggur í augum uppi. Ég geri ráð fyrir, að lögin eigi að endurskoða *fljótlega, en með þeim ákvæðum, sem nú standa,* geta svona tilfelli átt sér stað.

Ég skal nú ekki lengja þessar umr., hef sagt það, sem ég vildi um þetta segja, en ég vildi mjög mælast til þess, að hæstv. ráðh. sæi sér fært milli umr. að fá umsögn frá n., sem um þetta hefur fjallað. Ef hún teldi, að þetta færi á engan hátt í bága við það samkomulag, sem gert hefur verið, þá mundi ég hiklaust greiða þessum till. atkvæði. Ef hún legði þar á móti, að þetta fengist, þá er hæpið eða ótrúlegt, að ég geti greitt þeim atkvæði, ef það yrði lagt út sem röskun. En ég mun engan veginn greiða atkvæði á móti þeim.

Ég vildi mega leiðrétta misskilning hjá hv. þm. Barð. Hann sagði, að nú væri svo komið, að framlag til tryggínganna nemi — tók ég eftir — fjórða partinum af útgjöldum ríkissjóðs; mér heyrðist hv. þm. segja það. (Gripið fram í.) Ekki framlag ríkissjóðs. Nú, heildarútgjöld, það getur látið nærri. Það mun láta nærri, að eftir þessar breytingar verði ríkisframlagið um 1/10 hluti af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Ég hef þá tekið skakkt eftir.

Ég sem sagt vænti þess, að hæstv. ráðh. vildi segja til um það, hvort hann vill athuga þetta *milli umr., og eins að minni hlutar n.* vildu þá taka aftur sínar brtt. til 3. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja.

Ég vil fyrst leyfa mér að þakka heilbr.- og félmn. allri fyrir fljóta afgreiðslu á þessu máli, vegna þess að það er orðinn dálítið naumur tími til þess, að Alþ. taki endanlega ákvörðun um það,

og meiri hluta allshn., sem hefur flutt brtt. og nál. á þskj. 584, þakka ég sérstaklega afgreiðslu málsins, vegna þess að ég get fallizt á þá afgreiðslu alveg eins og hún liggur fyrir. En í samræmi við það, sem ég sagði hér við 1. umr. þessa máls, og sömuleiðis í samræmi við það, sem ég hef sagt á nefndarfundi í heilbr.- og félmn., þá sé ég mér ekki fært að fallast á þær brtt., sem bornar eru fram bæði af hv. þm. Barð. á þskj. 585 og brtt. frá hv. 7. landsk. þm., sem hann ber fram á öðru þskj.

Ég lýsti því mjög ákveðið hér við 1. umr. málsins, að ríkisstj. liti svo á, að sá samningur, sem gerður hefði verið milli deiluaðila í verkfallinu, og þær till., sem ríkisstj. lagði til í því sambandi og voru uppistaðan í því samkomulagi, sem náðist, séu algerlega bindandi, svo að það sé ekki hægt að breyta því, sem þar hefur verið gert, og þetta er óbreytt skoðun ríkisstj. enn þá. Ég veit, að þeir halda því fram, sem leggja til, að barnalífeyririnn sé skertur við eitthvert ákveðið tekjuhámark, sem þeir miða við 44 þús. eða eitthvað svoleiðis, að þeir verkamenn, sem þátt tóku í verkfallinu, muni tæplega eða alls ekki hafa hærri tekjur en þetta og sé því ekki um nein brigðmæli við þá að ræða, þó að skert væri á þennan hátt. Því er nú fyrst og fremst til að svara, að þetta getur enginn sagt til um með vissu. Þetta er alls ekki rannsakað mál, en það er vitað, að í verkfalli voru stéttir eða flokkar, starfshópar, hvað sem við eigum nú að kalla það, sem margir eru með mjög háar tekjur, eins og ýmislegt iðnlært fólk, og þess vegna er ómögulegt að fullyrða neitt um þetta. Svo er og því hér til að svara, að það eru ekki einungis verkamenn, sem hér koma til greina, heldur einnig þeir atvinnurekendur, sem áttu í deilum við þá, og till. ríkisstj. snertir þessa aðila vitanlega hvora tveggja, þannig að það er ekki hægt að taka aðeins tillit til annars aðilans, heldur verður að gera það til beggja.

Hv. 4. þm. Reykv. getur þess hér í nál. og tók það sérstaklega fram í ræðu sinni áðan og beindi því til mín, hvort ég vildi ekki athuga það, hvort sáttanefndin og samninganefndir í vinnudeilunni vildu gefa álit eða segja til um það, hvort þeir teldu, að ef breytt væri ákvæðunum á þann hátt, sem hér er lagt til, að skerða eða ákveða fjölskyldubæturnar miðað við eitthvert ákveðið tekjuhámark, þá mundi vera um samningsrof að ræða. Ég skal fyrir 3. umr. málsins, sem sennilega verður ekki fyrr en eftir helgi, vera búinn að afla mér álits þessara aðila um þetta atriði, að svo miklu leyti sem það er hægt. Ég get í raun og veru engu um það lofað. Fyrst og fremst veit ég ekki, hvort þeir vilja svara þessu. Sjálfsagt er ekki hægt að skylda þá til þess á neinn hátt og mikið vafamál, að hægt sé að segja, að þessar n. séu til sem samninganefndir verkamanna og atvinnurekenda. Sú deila er leyst, sem þetta snertir. Hins vegar má kannske segja, að sáttanefndin sé til enn, því að hún hefur að minnsta kosti verið að starfi alveg fram á þennan dag varðandi aðrar deilur. En ég skal lofa því að taka þetta til athugunar og gefa þá yfirlýsingu um það, að svo miklu leyti sem hægt er, hér við 3. umr. málsins.

En að öðru leyti vil ég aðeins taka fram í sambandi við þetta, að ég fyrir mitt leyti er yfirleitt tregur til þess að vera að gera breytingar á tryggingalöggjöfinni, sem fara í þá átt að breyta þeim grundvelli, sem þessi löggjöf var byggð á í upphafi, og sá grundvöllur var sá, að hér væri um hreinar tryggingar að ræða, sem menn keyptu sér, og þar væri ekkert tillit tekið til þess, hvort þeir, sem ættu að njóta tryggingganna, hefðu miklar eða litlar tekjur, væru ríkir eða fátækir, ættu miklar eignir eða litlar eignir. Þetta er sá hreini tryggingagrundvöllur. Það má segja, að undantekning frá þessu hafi verið hvað snertir ellilífeyrinn, með þeim ákvæðum, sem þar er um að ræða. Það er alveg rétt, en ég er mjög ófús að fara að ganga inn á að setja ný ákvæði inn í tryggingalöggjöfina á þessum grundvelli. Ég held, að það þurfi þá einhverrar annarrar breytingar við heldur en það. Ég hef alltaf viljað líta á þetta sem tryggingalöggjöf, en ekki sem framfærslulöggjöf, þar sem mismunað væri eftir efnum og ástæðum, eins og verður að gera þegar um einhvers konar beina framfærslu er að ræða. En þetta álít ég að sjálfsögðu að verði tekið til rækilegrar athugunar við þá endurskoðun l., sem fyrirhuguð er.

Ég sé, að hv. þm. Barð., sem er mikill áhugamaður fyrir öllum þessum málum og látið hefur mjög til sín taka fyrr og síðar hér á Alþ., leggur til í einni af sínum brtt., að sú skerðing, sem framlengd var til ársloka 1954 í löggjöfinni fyrir áramótin, verði nú aðeins framlengd til loka þessa árs, og mun þetta vera gert í sambandi við það, sem hann lýsti hér áðan, að svo mikið óréttlæti væri orðið milli þessara tveggja greina tryggingganna, annars vegar fjölskyldubótanna og hins vegar ellilífeyris, að ekki væri viðunandi lengur. Ég ætla nú ekki beint að fara að rökræða þetta. Má vera, að þarna hallist eitthvað á eftir þá breytingu, sem hér er gerð. Þó er ég ekki alveg viss um það enn þá, því að við verðum að gæta þess, að eins og öll okkar skattalöggjöf hefur verið frá upphafi í þessu landi, þá hefur alltaf verið farið illa með barnafjölskyldurnar á móts við það fólk, sem engin börn hefur á framfæri sínu, og í mörgum tilfellum geysilla, t. d. eins og gagnvart útsvarsálagningu yfirleitt og líka skattaálagningu til ríkisins, því að sá persónufrádráttur, sem þar hefur verið leyfður, hefur ekki verið nema bara örlítið brot af því, sem þarf til þess, og kemur það því þeim mun harðara niður, því stærri sem fjölskyldurnar eru og því fleiri börn. Og þetta er óréttlæti, sem við erum búnir að venja okkur við gegnum langan tíma, en auðvitað allir sjá að er algerlega öfugt, því ef við á annað borð trúum nokkuð á framtíð þjóðarinnar, trúum því, að það sé gott, að fólki fjölgi í þessu stóra landi, þá á vitanlega að búa þannig að þeim hluta þjóðarinnar, sem hefur það mikla og vandasama hlutverk með höndum að ala upp borgara þjóðfélagsins. Að mínum dómi er það ekki nema rétt og sjálfsagt, að þeir, sem ekki gera það, af hvaða ástæðu sem er, leggi eitthvað sérstaklega til þeirra mála. Þetta er mín skoðun alveg óhikað. Það hefur stundum verið talað hérna um piparsveinaskatt, mest kannske í gamni, en mér hefur aldrei sýnzt

það vera algert gaman, heldur gæti ýmislegt réttlátt verið í því, þannig að út frá því sjónarmiði vil ég endurtaka það, sem ég sagði hér við 1. umr. málsins og hv. þm. Barð. fannst þá vera ofmælt hjá mér, bæði samkv. því, sem hann sagði þá, og eins samkv. ræðu sinni áðan, að ég hef ekki breytt neitt um skoðun um það atriði. En ég skal taka það fram, að hvort þetta er nákvæmlega það rétta, sem við erum hér inn á og sett er í flýti, eins og gert var, og að of lítið yfirveguðu máli, — ég skal ósköp vel viðurkenna það, eins og ástatt var, — það er allt annað mál, en hinu held ég fram, að það sé rétt leið, þetta þurfi að endurskoða.

Hv. þm. Barð. sló því fram í ræðu sinni við 1. umr. málsins, að hann vildi þá, að endurskoðun færi fram á þessari löggjöf nú strax á þessu ári. Hv. 4. þm. Reykv., forstjóri almannatryggingganna, hefur mælt á móti þessu út frá því, að rétt og eðlilegt væri að sjá nú, hvernig þessi nýju ákvæði verkuðu, áður en það yrði tekið til gaumgæfilegrar athugunar, hvort ætti að halda þeim óbreyttum eða breyta þeim á einhvern hátt í samræmi við aðra þætti tryggginganna, og fellst ég algerlega á hans sjónarmið í því máli. Og þó að það muni vera svo, að það sé ekki beint tekið fram í tryggingalöggjöfinni, — eins og ég reyndar hélt að væri nú, — að endurskoðun skyldi fara fram á árinu 1954, þá má þó víst segja, að það sé sama sem ákveðið, því að ýmsar reglugerðir í sambandi við almannatryggingalöggjöfina eru miðaðar við það, að þær gildi ekki lengur, og hafa verið samdar með það fyrir augum að vera til þess að reyna löggjöfina og með það sjónarmið, að þá færi fram almenn endurskoðun. Þykist ég líka vita, að Alþ. eða þeir, sem þá eiga þar sæti, muni verða sammála um, að slík endurskoðun sé sjálfsögð á jafngeysilega miklum og flóknum lagabálki eins og tryggingalöggjöfin er.

Ég sé nú í raun og veru ekki ástæðu til þess að hafa miklu fleiri orð um þetta. Það er síður en svo, að ég sé undrandi yfir því, þó að hv. alþm. líti misjafnlega á þessi mál og hafi mismunandi skoðanir um þau. Það er langt frá því, að mér þyki það einkennilegt, en það, sem hér hefur gerzt í þessu máli, er öllum kunnugt, og ég hélt að minnsta kosti, að þeim, sem eru í þeim flokkum, sem styðja núverandi ríkisstj., hefði verið þetta mál svo kunnugt, meðan á döfinni var að gera þessar breytingar í sambandi við vinnudeiluna, að þá hefði verið eðlilegt, að komið hefðu fram ákveðin andmæli gegn þessu, en að frá þeim eigi þau síður heima nú, þegar komið er í það horf, sem hér er. Það er það, sem mér þykir dálítið einkennilegt varðandi þessi mál eins og þau liggja fyrir.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. um málið á þessu stigi. Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. í sambandi við hámarkið, setja inn 33 þús. á 2. verðlagssvæði og 44 þús. á 1. verðlagssvæði, en með því að það hefur verið minnzt á það, hvort við vildum ekki taka aftur okkar till. til 3. umr., í því trausti, að unnt sé að koma hér á einhverjum breytingum, þá vil ég fyrir mitt leyti verða við þeim tilmælum. Ég vil þá biðja bæði hv. meiri hluta n. og hæstv. ríkisstj. að rannsaka ekki einasta þetta, hvort sáttanefndin fengist til þess að mæla með því, — það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, hún hefur ekkert vald til að segja neitt um það og náttúrlega alveg vafasamt, eins og hann tók fram, hvort hún vildi skipta sér nokkuð af því, en leita þó umsagnar þeirra um það, — og þá ekki síður hitt, hvort ríkisstj. sér sér ekki mögulegt að gera þessar breytingar og mæta þeim kröfum, sem kynnu að koma frá þeim aðilum, sem samið hefur verið um og yrðu fyrir utan þau takmörk, sem hér eru sett. Það er mín skoðun, að það séu alls ekki margir aðilar, sem væru á 1. verðlagssvæði með yfir 44 þús. kr. og hefðu þá ekki fengið annaðhvort bæturnar á annan hátt, eins og við förum fram á, t. d. sömu fjölskyldurnar og fengju ellilífeyri, einhver hluti fjölskyldunnar, svo að hér sé ekki um mikla áhættu að ræða fyrir ríkissjóð. Ég vildi gjarnan, að það væri einnig athugað, og ekki hvað sízt þegar um er að ræða, að það eru tveir ágætir lögfræðingar í n., því að það er alveg ljóst mál, að þeir aðilar, sem ekki stóðu að undirritun samningsins eða samningnum, eiga engar kröfur á ríkissjóð, þó að þetta sé gert, m. a. allir embættismennirnir; þeir geta engan veginn átt þær kröfur á ríkissjóðinn né aðrir aðilar, sem ekki voru þátttakendur í þessum samningi.

Ég vil svo aðeins út af orðum hæstv. ráðh., þar sem hann sagði, að hann vildi engan veginn fara inn á þá braut að raska tryggingagrundvellinum, segja það, að ég er honum alveg sammála um það, að það sé mjög óheppilegt, og ég hefði engan veginn borið fram þessa till., sem ég hef borið hér fram um það að skerða tryggingagrundvöllinn í sambandi við fjölskyldubæturnar, ef það gerði ekki sú þörf að verða að bæta upp öðrum aðilum, sem verr eru settir, þegar ríkissjóður treystir sér ekki til þess að gera það með öðrum leiðum. En ég verð þá einnig í sambandi við þessi ummæli að benda hæstv. ráðh. á, að það fer engan veginn saman að ætla okkur að trúa því, — sem ég vil ekki rengja, — að hann vilji ekki fara inn á skerðingarákvæðið í sambandi við fjölskyldubæturnar, vegna þess, að hann vilji ekki brjóta niður þann meginkjarna tryggginganna að vera tryggingar, en ekki framfærsla, en halda þó ár eftir ár fast við skerðingarákvæðið í sambandi við ellilaunin. Því vil ég vænta þess að nú verði samþ. mín till. um það, að skerðingarákvæðið til ellilífeyrisþeganna verði fellt niður, því að það er vitanlegt, að ef það á að gilda um einn flokk tryggginganna, að það sé ekki sett skerðingarákvæði, þá má það engu síður gilda um annan flokk og þá fyrst og fremst þann flokkinn, sem mest þarf á því að halda. Ég er hins vegar alveg ósammála hæstv. ráðh. um það, að fjölskyldubæturnar eigi að ganga fyrir, eins og hann vildi vera láta, því að það er alveg víst, að langflest af þeim gamalmennum, sem njóta nú tryggingabóta, hafa einmitt orðið á sínum starfsárum að ala upp stórar fjölskyldur, án þess að hafa nokkrar fjölskyldubætur á þeim tímum, og berjast yfir alla þá erfiðleika, sem nú er verið að taka í burtu eða milda

hjá hinni yngri kynslóð, svo að það er tvöföld ástæða til að svíkja ekki þessa þegna þjóðfélagsins um elliuppbætur, sem fyrst og fremst geta ekki sjálfir séð fyrir sér vegna ellilasleika og fátæktar og allt sitt líf hafa látið sína vinnu ganga í það að ala upp góða og duglega þegna fyrir þjóðfélagið, sem hæstv. ráðh. vill nú að sé fyrst og fremst verðlaunað. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram hér.

Ég lýsi því svo yfir, hæstv. forseti, að ég tek mína till. aftur til 3. umr. í fullu trausti þess, að um þetta fáist samkomulag, því að mér er alveg ljóst af þeim umr., sem fram hafa farið í n., að á bak við það liggur raunverulega sterkur vilji hjá n. allri og ég hygg nokkur vilji hjá hæstv. ríkisstj., þegar þeir eru búnir að átta sig á málunum.

Frsm. 1. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Ég get, eins og hv. þm. Barð., lýst því yfir, að ég er fús til að taka till. aftur til 3. umr. eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. um það, að hann vilji, eða ríkisstj., athuga, hvort ekki sé hægt að ná sambandi við þá menn, sem stóðu að samningum í vinnudeilunum.

Ég álít, — og hélt því fram á nefndarfundi, — að það væri mjög auðvelt að ná til þeirra manna, sem mesta ábyrgð báru á samkomulaginu, sem varð í vinnudeilunum. Þeir eru nærtækir og auðvelt að fá skoðanir þeirra og álit á því, hvort hér sé um nokkurt samningsrof að ræða. Það er svo annað mál, að formlega er enginn aðili lengur, því að þessu máli er lokið, og þarf ekki um það að ræða. En það virðist vera svo, að hæstv. ríkisstj. óttist pólitískar árásir úr einhverjum áttum, nánast helzt þá frá atvinnurekendum eða þeim, sem þeim fylgja að málum, og kemur það úr hörðustu átt, að hæstv. ríkisstj. geti ekki kynnt sér það, hvort atvinnurekendur eða þeirra flokkar eða forsvarar muni ráðast hart að henni fyrir að breyta þessu frv. eins og hér er lagt til af hálfu þm. úr tveimur þingflokkum. Það hefur komið fram hér, að sú skoðun, sem þær till. byggjast á, á mikinn hljómgrunn í öllum flokkum, einnig í báðum flokkum hæstv. ríkisstj., eftir því sem fulltrúar þeirra flokka hafa talað í þeirri n., sem hefur fjallað um þetta mál, og hér í d.

Ég get ekki fallizt á, að það hafi komið fram nein fullnægjandi rök fyrir því, að hér geti verið um neitt samningsrof að ræða, en hitt gæti ég miklu frekar fallizt á, að það mætti segja, að það hefði verið um samningsrof að ræða að einu leyti í sambandi við þetta frv., eins og hæstv. ríkisstj. leggur það fram, að í því er gert ráð fyrir miklu hærri iðgjöldum frá hinum tryggðu nú heldur en var gert ráð fyrir, þegar samningarnir við verkalýðsfélögin stóðu yfir og þegar tilboð ríkisstj. var lagt fram. Þá var reiknað með því, að þetta kostaði um 90 kr. hækkun á iðgjöldum á 1. verðlagssvæði, en hækkunin, sem leiðir af frv., eins og það er nú, er mun meiri. Þó hefur hæstv. ríkisstj. ekki orðið fyrir neinum árásum fyrir það, að hér er gert ráð fyrir hærri iðgjöldum og því hærri nýjum álögum og hins vegar nokkru hærri bótum, en það mun eiga sín rök og bendir til þess, að það muni ekki heldur vera að óttast neinar árásir eða ásakanir um samningsrof, þó að þessu fé, sem fengið er með nýjum álögum á hina tryggðu og þar með fyrst og fremst þann mikla fjölda, sem stóð að baki verkalýðssamtakanna í vinnudeilunni, og í öðru lagi með framlögum frá sveitarfélögunum, sem þau verða að taka með nýjum álögum á sína gjaldendur, verði varið á þann hátt, sem við hv. þm. Barð. leggjum til. Deilan er ekki um það, hvort það beri að leggja þessar nýju álögur á, heldur hitt, hvernig eigi að verja þessu fé. Um það skiptast skoðanirnar þó ekki meira en svo, að það er hægt að fá fullkomið samkomulag af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna í heilbr.- og félmn. og af hálfu okkar stjórnarandstæðinga þar, svo að mér virðist ekki, að hér þurfi að bera mikið á milli, ef það er ekki upplýst beinlínis, svo að mark sé takandi á, að atvinnurekendur eða þeirra umboðsmenn einhverjir leggist hart á móti þessari breytingu. En það hefur mér ekki verið sýnt fram á enn þá, enda get ég ekki séð, hvaða ástæðu þeir ættu að hafa til þess að mótmæla harðlega því, að þessu fé, sem fengið er með álögum á allan almenning, en ekki þá sérstaklega, verði varið fremur til þess að auka bætur til gamalmenna og öryrkja heldur en til þess að greiða nokkrum hundruðum króna meira í bætur til hátekjumanna. Ég get ekki ímyndað mér rökstuðning, sem væri hér á nokkurn hátt frambærilegur nokkurs staðar, að það væri réttara að auka tekjur hátekjumanna um nokkur hundruð króna heldur en að verja þessu fé, sem er fengið með álögum á allan almenning, til hækkunar á tekjum elli- og örorkulífeyrisþega, enda hafa ekki komið fram neins staðar nein rök gegn því — ekki heldur í ræðu hæstv. forsrh., að þessi leið sé réttlátari, réttari og skynsamlegri og því sjálfsagt að fara hana.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi ekki fallast á það hjá mér, að það væri fáránlegt, að maður t. d. með 100 þús. kr. tekjur ætti að fá nokkur hundruð krónur í uppeldisstyrk, þó að hann ætti 2—3 börn. Honum virðist það í sjálfu sér geta verið sjálfsagt mál. Það er kunnugt, að hann vill hafa almannatryggingar á sama grundvelli og tryggingar einkavátryggingarfélaga, en þó að svo væri, þá er mér nú spurn, hvort nokkur maður með 100 þús. kr. tekjur eða þar yfir teldi nokkra skynsemi í því að kaupa sér vátryggingu þannig, að hann fengi nokkur hundruð kr. á ári, ef hann lenti í því óláni á lífsleiðinni að eignast 2 eða 3 börn. Ég get ekki hugsað mér það, að maður, sem væri yfirleitt öruggur með sína efnalegu afkomu, vildi fara að kaupa sér vátryggingu með iðgjöldum til þess að fá nokkur hundruð kr. á ári, ef hann kynni að eignast 2—3 börn. En það er nú það, sem hér er gert ráð fyrir að menn fái og menn leggi svo mikla áherzlu á, að tryggingarnar eigi að vera á þeim grundvelli, að þar beri allir jafnt úr býtum, sem iðgjöld greiða. En tryggingarnar eru ekki enn þá á þeim grundvelli, og þess vegna er óþarft að ræða það. Það er hægt að benda á fjöldamörg ákvæði tryggingal., sem eru svo ófullkomin, að það vilja í raun og veru allir bæta úr bótunum til þeirra, sem lakast eru settir. Á þeim grundvelli erum við alltaf þegar við ræðum um tryggingamálin. Hins vegar eru

svörin alltaf þau, að það sé ekki hægt af fjárhagsástæðum, vegna þess að menn treysta sér ekki til að leggja nýjar álögur yfirleitt á þessa þjóð, hvorki í formi iðgjaldagreiðslna né skatta til ríkissjóðs eða sveitarfélaga. Það er það, sem menn hika við. En það hefur ekki staðið fyrir við samningu þessa frv. og því er ekki mótmælt af neinum, að það verði lagðar á nýjar álögur; það er aðeins spurningin um, hvernig eigi að verja því fé.

Ég endurtek svo, að ég er fús til að taka till. mína aftur til 3. umr., og vænti þess, að þær till., sem fram hafa komið, verði þá nánar athugaðar.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög margorð. Ég ætlaði aðeins að segja örfá orð út af því, sem fram hefur komið hérna. Því hefur nefnilega verið hreyft hér af hvorugum minni hl., hvað þeir geta gert ráð fyrir að mundi sparast við þá skerðingu bótanna, sem þeir gera ráð fyrir í till. sínum. Nú er það sannast sagna, að þó að hér sé ekki um háa upphæð að ræða, sem miðað er við, 44 þús. kr. árslaun, sem ætlað er að verði á 1. verðlagssvæði, og lægra á 2. verðlagssvæði samkv. boðaðri brtt. hv. þm. Barð., þá ætla ég, að það muni verða tiltölulega mjög fá heimili, sem komast í það að vera þar yfir. Hins vegar er gert ráð fyrir því samkvæmt upplýsingum, sem fram komu í n. og var hreyft hérna, að breyt., sem felst í till. þeim, sem hér eru bornar fram í 2. málsgr. brtt. hv. þm. Barð. um 10% hækkun á elli- og örorkulífeyri, muni kosta a. m. k. 5 millj. kr. Ef það, sem sparast vegna skerðingarinnar, ætti að nægja til þess að greiða þá hækkun, sem hér er ætlazt til, þá þyrfti við þessa skerðingu að sparast rúmlega ⅓ hluti þess, sem áætlað er. Það er gengið út frá, að fjölskyldubæturnar allar kosti um 14 millj. kr., en hér mundu þurfa að sparast um 5 millj. kr. Ég hygg, að það sé öllum ljóst, að það sé ekki nokkur möguleiki á því, þótt ekki sé nú um það vitað, enda engar skýrslur fyrir um það, — það sé ekki nokkur möguleiki á því, að neitt nærri þeirri upphæð muni sparast við þá skerðingu, sem hér er gert ráð fyrir, og þá er náttúrlega auðséð, að samkvæmt till. hv. þm. Barð. vantar tekjur til þess að mæta till. hans. Samkvæmt till. hv. 7. landsk. þm. er að vísu gert ráð fyrir því að taka það, sem á vantar, beint úr ríkissjóði til Tryggingastofnunarinnar, en þá þarf líka að gera ráð fyrir því í því fjárlfrv., sem hér verður afgreitt. Ég hygg, að mönnum verði ljóst, ef þeir bera saman þessar tölur, 14 millj. í heild og 5 millj., að það mundi þýða, að það væru ekki ætlaðar nema 9 millj. í fjölskyldubætur til allra þeirra manna, sem hafa undir 44 þús. kr. árstekjum á 1. verðlagssvæði og þá 33 þús. á 2. verðlagssvæði, og auðséð, að það er allt of lítil upphæð, og hlýtur að vanta mikið til. Að öðru leyti er náttúrlega allt í óvissu um það, hvað þetta kostar, — þetta er áætlun, — og mun ekki sjást fullkomlega fyrr en eftir árið.

Varðandi brtt. hv. þm. Barð. um, að skerðingarákvæði ellilífeyris verði fellt niður á næstu áramótum, þá má segja það, að það hafi komið nýtt sjónarmið upp núna við það frv., sem hér hefur verið borið fram. Hins vegar er rétt um það bil mánuður síðan Alþingi gekk frá því, að breyting á þessu ákvæði skyldi bíða eftir heildarendurskoðun laganna. Nú mundi náttúrlega vera æskilegt, að þessi endurskoðun gæti farið fram á næsta ári, og hefði ég viljað styðja að því, að svo gæti orðið, en forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins telur, vegna þeirra stórfelldu breytinga, sem nú eru ráðgerðar, að slík endurskoðun mundi alls ekki ná tilgangi sínum, þar sem ekki verða neinar skýrslur fyrir um útgjöld stofnunarinnar fyrr en eftir árið, og legg ég því til sem frsm. meiri hl. þessarar n., að 2. till. hv. þm. Barð., um það, að ákveðið sé að fella niður skerðingarákvæðið í árslok 1953, verði felld með tilliti til þeirra raka, sem við byggðum á hér í þessari hv. d. afstöðu okkar fyrir áramótin.

Ég skal svo ekki tefja lengur. Það væri eitt og annað kannske, sem væri ástæða til að taka fram. En ég vil þó aðeins segja það út af ræðu hv. 7. landsk., er hann hélt því fram, að samkomulag það, sem gert var í verkfallsdeilunni, hefði eingöngu verið miðað við þá tekjulægstu, að þetta er algerlega rangt, vegna þess að það samkomulag var yfirleitt miðað við alla með þeirri stefnu, sem tekin var. Þá var tekin verðlækkunarstefnan. Hún kemur öllum jafnt til góða, og þess vegna verður að segja það, að hvernig sem líta má á það atriði, sem hér er deilt um, þá verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að höfuðstefna úrlausnar verkfallsins hafi verið sú að láta þær bætur, sem veittar voru, ganga jafnt til allra, hvernig sem þeir voru settir fjárhagslega. Ég get svo sagt það, að það er náttúrlega ekki aðeins um þetta atriði, sem hér er um að ræða nú, sem hefur komið fram mismunur.

Það, sem ég vildi segja, er þetta: Ég hef ævinlega verið á þeirri skoðun um tryggingarnar, að meðan ekki væri sæmilega séð fyrir þeim, sem verst eru staddir og þurfa mest á bótunum að halda, þá mundi vera rétt að takmarka bætur til þeirra, sem hafa mikil laun og miklar tekjur. Hin stefnan hefur aftur á móti verið ráðandi, að það, sem er kallaður tryggingargrundvöllur, hefur verið látið ráða. Það hefur verið aðalreglan. Eina undantekningin frá þeirri reglu hefur verið með gamla fólkið, þar sem skerðingarákvæðið hefur verið látið gilda. En þá er þess að gæta, að þegar tryggingarnar byrjuðu, hafði sá maður, sem stóð á því aldursmarki, að hann átti að taka við ellilífeyrisbótum, aldrei greitt einn eyri í þessa sjóði. Aftur á móti hafa t. d. þeir, sem nú er ætlað að taka við fjölskyldubótum, eða vel flestir, greitt í tryggingarnar frá byrjun, og mér finnst e. t. v., að þetta sjónarmið geti komið nokkuð til greina, þegar borin er saman skerðing á ellilífeyri og á fjölskyldubótum. — Ég mun svo ekki hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Brtt. 579 tekin aftur til 3. umr.
— 585 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 584 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 56. og 57. fundi í Ed., 27. og 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 599, 579, 585, 611).

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar; ég er svo hás, að ég get varla látið til mín heyra, og mun nú ekki tala langt mál. En það var undir umr. um þetta frv., við 2. umr. hér í hv. d., óskað eftir því sérstaklega af hv. 4. þm. Reykv., að ég grennslaðist eftir áliti þeirrar sáttanefndar, sem ríkisstj. skipaði í vinnudeilu þeirri, sem átti sér stað fyrir jólin, um það, hvort n. teldi, að það, sem felst í till., sem hér hafa komið fram um það, að sú hækkun á fjölskyldubótum, sem ákveðin er, skuli miðuð við eitthvert ákveðið tekjuhámark, væri talið brigð á þeim samningum, sem gerðir voru milli aðila í vinnudeilunni. Ég lofaði að láta athuga þetta fyrir 3. umr. og bað því sáttanefndina að segja álit sitt um þetta. Þessi sáttanefnd var skipuð 4 mönnum. Formaður hennar var Torfi Hjartarson tollstjóri, sem jafnframt er sáttasemjari ríkisins. Með honum voru í nefndinni Emil Jónsson vitamálastjóri og alþm., Gunnlaugur Briem skrifstofustjóri og Jónatan Hallvarðsson forseti hæstaréttar. Þeir hafa tjáð mér, að vísu munnlega aðeins, en þó leyft mér að hafa það eftir sér, að eftir að hafa athugað þetta atriði geti þeir ekki litið öðruvísi á en að það mætti skoðast sem riftun á samningnum, ef svona ákvæði yrðu lögfest. Eins og gefur að skilja, er hér ekki um neinn bindandi úrskurð að ræða, heldur er hér aðeins um álit sáttan. að tala, sem hún leyfði mér þó að hafa eftir hér á hinu háa Alþ.

Ég hef í raun og veru engu við þetta að bæta. Bæði við 1. og 2. umr. málsins hér í hv. d. lýsti ég afstöðu ríkisstj. til þess máls og að hún liti svo á, að ekki væri unnt að breyta efnislega þeim ákvæðum um fjölskyldubæturnar, sem sett voru inn í samninginn. Ríkisstj. er enn algerlega á sama máli um þetta, og styrkir það álit hennar frekar, að sáttan. virðist vera þar algerlega á sama máli.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að tala frekar um það frv., sem hér liggur fyrir. Ég var áður búinn að taka fram allt, er mér virtist máli skipta varðandi frv. og varðandi þær brtt., sem fyrir liggja við það, og sé ég því ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það hér.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér, og raunverulega fyrir það, að hann hafði gefið þessar upplýsingar til n. nægilega snemma til þess, að hún gæti rætt málið á fundi, áður en það kom hér til 3. umr. í d. Þessar upplýsingar voru nákvæmlega sams konar eins og voru fluttar frá honum til n., svo að nm. hafa haft nægan tíma til þess að athuga það mál síðan upplýsingarnar lágu fyrir. Það raskar náttúrlega ekki þeirri staðreynd, þó að þessar upplýsingar séu gefnar, að ríkisstj. hefur það enn þá í hendi sér að láta samþ. þær breyt. eða taka á móti þeim breyt., sem fluttar eru fram hér af mér og hv. 7. landsk., því að í fyrsta lagi verða engir þeir aðilar til þess að gera skaðabótakröfu, sem fá hvort sem er fjölskyldubæturnar óskertar, þó að okkar till. yrði samþ. Ég hygg nú, að það verði meginhlutinn af þeim mönnum, sem hafa staðið að samningsgerðinni, og hinir aðilarnir, sem ekki standa að samningsgerðinni, geta engan rétt átt hjá hæstv. ríkisstj., þó að þeir falli ekki undir ákvæði l. Það held ég að við getum verið sammála um, og skal ég nú ekki frekar fara út í það atriði. En það er vegna þessarar niðurstöðu okkar, sem við höldum áfram að bera fram okkar till., í trausti þess, að ríkisstj. vilji taka á sig eða á ríkissjóðinn þá byrði, sem af því kynni að verða að framkvæma till., vegna þess að við teljum það vera nauðsynlegar endurbætur á löggjöfinni eins og hún er nú orðin eftir 2. umr. hér í þessari hv. d. og teljum, að það sé ekki svo stórkostlegt atriði, að það sé hægt að gera hvort tveggja í senn, að uppfylla þessar óskir hér og bæta að fullu þeim, sem kröfur eiga, og þess vegna höldum við fast við okkar till. Við tókum till. okkar til baka til 3. umr., bæði ég mína till. á þskj. 585 og hv. 7. landsk. tók einnig til baka sína till. á þskj. 579. Með því að þessar till. voru svo líkar hvor annarri, þá þótti okkur rétt að bera þær fram sameiginlega eins og þær eru settar fram nú á þskj. 611 og óska þá eftir, að hæstv. forseti láti ganga um þær atkv. nú við þessa umr.

Ég skal ekki efnislega ræða þetta mál nú meira en ég hef gert. Það væri að endurtaka að mestu leyti það, sem sagt hefur verið áður, en ég vil þó aðeins segja þetta: Það er nú sýnilegt, að þær breyt., sem þegar hafa verið samþ. á frv., raska mjög verulega þeim grundvelli, sem l. hafa verið byggð á, — því verður ekki mótmælt, — og það svo verulega, að í einstökum atriðum býður tryggingalöggjöfin nú eftir þessa meðferð upp á það, að menn hætti að vinna og fari heldur og láti tryggingarnar sjá fyrir sér. Það er náttúrlega alveg afskapleg og voðaleg stefna í þessu máli. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar núna, en þetta er alveg augljóst, enda viðurkennt af hv. heilbr.- og félmn., að það eru nú þau ákvæði og atriði í frv., sem bjóða upp á þetta, að maður, sem er að fullu á tryggingunni, hefur þar betri afkomu undir vissum kringumstæðum heldur en maður, sem þarf að strita fyrir sínu brauði, auk þess sem það getur stuðlað að því, að menn sæju sér stórkostlegan hag í því að gera samkomulag um hjónaskilnað og brjóta þannig niður heimilisfriðinn, og sú löggjöf er ekki lengur orðin það, sem ætlazt var til þess að tryggingalöggjöfin ætti að vera. Það er því alveg sýnilegt, að þó að þetta verði nú samþ. að fullu hér, þá verður hafin ákveðin og sterk sókn af þeim aðilum, sem virkilega vilja hlúa að tryggingamálum í landinu, og það þegar á næsta þingi.

Ég óska eftir, að hæstv. forseti láti þessar till. á þskj. 611 koma til atkvæða.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eftir þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér um

umsögn sáttanefndarinnar, þar sem fram kemur, að hún lítur svo á, að það væri riftun á samkomulagi, ef breytt yrði ákvæðum um fjölskyldubætur eins og þessi brtt. á þskj. 611 gerir ráð fyrir, þá sé ég mér ekki fært að greiða henni atkv. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um þessa till. En ég vil jafnframt taka það fram, að ég tel heppilegt, að hún er fram komin og bent hefur verið á þessi atriði nú í sambandi við afgreiðslu frv., vegna þess að ég tel, að það muni mjög fljótlega þurfa að gera breytingar á ýmsum efnum í sambandi við þessi ákvæði frv.

Frsm. 1. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Út af orðum hæstv. félmrh. vil ég aðeins segja það, að mér kom að vísu ekki á óvart eftir afstöðu hans, sem kom fram á fundi heilbr.- og félmn. við 2. umr. þessa máls, að nú milli funda hafði hann alls ekki reynt að ná sambandi við eða leita álits þeirra nefnda, sem störfuðu að lausn vinnudeilunnar af hálfu deiluaðila, heldur aðeins spurt sáttanefndina, sáttanefnd ríkisstjórnarinnar sjálfrar í þessari deilu, sem ekki hafði umboð frá neinum nema ríkisstj. sjálfri, þó að það hefði áreiðanlega verið jafnauðvelt að ná sambandi við meiri hluta samninganefndanna, bæði af hálfu verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, en þær eru skipaðar mönnum, sem flestir eru hér í bænum eða í nágrenni hans. Ég heyrði formann samninganefndar verkalýðsfélaganna í þessari deilu, hv. þm. Ísaf., lýsa því yfir í ræðu hér í Sþ. fyrir nokkrum dögum, að samninganefnd verkalýðsfélaganna hefði áreiðanlega verið eins ljúft að fallast á þá tilhögun á greiðslu fjölskyldubótanna, sem lagt er til með þeim brtt., sem við hv. þm. Barð. og ég höfum staðið að, og mundi það koma fram, ef leitað væri til nefndarinnar.

Um þá till., sem nú liggur fyrir af okkar hálfu, hef ég það sama að segja og ég tók greinilega fram við 2. umr. þessa máls, að ég hefði kosið, að skerðingarmarkið yrði sett nokkru hærra, t. d. við sjöfaldan til áttfaldan lífeyri, en í brtt. okkar, bæði þeim, sem lágu fyrir við 2. umr., og þeirri, sem nú liggur fyrir, er gengið út frá þeim samningsgrundvelli, sem fundinn var í n. og upplýst var að 4 nm., það minnsta, hefðu getað sameinazt um, ef ekki hefði komið til andstaða af hálfu ríkisstj. gegn þeirri lausn á málinu. Ég hef því ekki séð ástæðu til að flytja sérstaka brtt., sem sýndi ljósar mínar óskir í þessu máli, heldur hef ég látið nægja að standa með hv. þm. Barð. að þeim grundvelli, sem við gátum til samkomulags fallizt á í nefndinni.

Um málið í heild sinni sé ég ekki ástæðu til að segja nú margt. Með þessu frv. er verið að leggja 8—9 milljóna nýja skatta á þjóðina í formi nefskatta og hækkaðra útsvara, sem sveitarfélögum er gert að leggja á skattþegnana. Þetta er gert til þess, að allir án undantekningar, sem eiga tvö börn eða fleiri, njóti fjárhagsaðstoðar af opinberu fé, sem þannig er aflað, til uppeldis barna. M. ö. o., það er verið að leggja á jafnvel þá tekjulægstu til þess að veita því fé til þeirra, sem hafa vel lífvænlegar tekjur eða meira en nógar tekjur, jafnvel til þeirra tekjuhæstu. Og á sama tíma er verið að framlengja þau ákvæði tryggingalaganna, sem setja skorður við því, að þeir, sem aðeins hafa elli- og örorkulífeyri til að lifa af, megi ekki hafa nema um 12 þús. kr. tekjur umfram lífeyri til þess að vera þá ekki sviptir lífeyrinum með öllu. En eins og kunnugt er, eru í 7. gr. þessa frv. framlengd þau bráðabirgðaákvæði laganna, sem svipta menn elli- og örorkulífeyri, ef þeir hafa tekjur, sem nema þeföldum lífeyri að honum meðtöldum. Þessa stefnu get ég ekki fallizt á og allra síst eins og nú er ástatt. Öllum er kunnugt um tekjuskiptingu í landinu og afkomu þeirra, sem lægst laun hafa, og ég get ekki séð, að neinn geti með góðum rökum varið þessar ráðstafanir. Ég vil minna á, að jafnvel hæstv. ríkisstj. hefur til skamms tíma ekki virzt vera á þeirri skoðun, að það bæri að leggja á nýja skatta til þess að auka tekjur þeirra, sem hafa vel lífvænlegar tekjur. Í grg. með frv., sem hún lagði fram til breyt. á tryggingalögunum og var afgr. hér fyrir jólin og er aftur tekið upp í þetta frv., sagði hæstv. ríkisstj., að hún teldi það fráleitt að leggja á iðgjaldagreiðendur nú að greiða iðgjaldahækkun vegna lífeyris til manna með lífvænlegar tekjur. Var hér að ræða um skerðingarákvæðin, sem þá voru framlengd, en áttu samkv. l. frá 1946 að falla niður í árslok 1951 og á nú enn að framlengja með þessu frv.

Ég mun láta þetta nægja um afstöðu mína til þessa máls að þessu sinni. Ég sé sem sagt ekki ástæðu til að koma fram með frekari brtt. við þessa umr. málsins, sem verður víst síðasta umr. í þessari hv. d., þó að ég telji, að ýmis atriði hefðu mátt koma skýrar fram í þessu frv., en við höfum aðeins gert till. um það, sem vitanlega er aðalatriði þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 585 tekin aftur.

— 579 tekin aftur.

— 611,1 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, FRV, GJ.

nei: KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, BSt.

HG, GÍG greiddu ekki atkv.

3 þm. (HermJ, JJós, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Bernharð Stefánsson segir nei, vegna þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja um samning.

Brtt. 611,2 felld með 8:3 atkv.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það var eitt af síðustu verkum Alþ., áður en jólaleyfi hófst, að afgreiða sem lög breytingu á almannatryggingalöggjöfinni, sem þurfti að gera fyrir áramótin. Ég gat þess þá, að í sam-

bandi við þá vinnudeilu, sem þá dagana var einmitt að leysast í Reykjavík, mundi verða nauðsynlegt að leggja nýtt frv. um breyt. á almannatryggingalöggjöfinni fyrir Alþ., þegar fundir þess byrjuðu aftur eftir áramótin, því að eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, þá var eitt í þeim till., sem ríkisstj. lagði fram sem málamiðlun í vinnudeilunni fyrir áramótin, að vissar breytingar yrðu gerðar á almannatryggingalöggjöfinni. Það veigamesta í þeim breytingum var að auka fjölskyldubætur frá því, sem verið hefur í okkar löggjöf í þessu efni, og það á þann hátt, að í stað þess, að eins og almannatryggingalöggjöfin er nú, þá er fyrst farið að veita fjölskyldubætur með 4. barni, var í þeim till., sem ríkisstj. lagði fram sem málamiðlun í vinnudeilunni, gert ráð fyrir, að strax yrðu veittar nokkrar fjölskyldubætur með 2. barni, nokkru hærri með 3. og svo fullar bætur miðað við það, sem nú er í löggjöfinni, þ. e. með 4 barni og fleirum. Á þessum grundvelli og með nokkrum smærri breytingum öðrum, sem varð að gera á löggjöfinni í sambandi við þá nýju samninga, sem gerðir voru milli vinnuþega og vinnuveitenda, var þetta frv. fram borið. Það var lagt fram í hv. Ed. og hefur verið rætt þar allmikið, en afgr. þaðan með einni lítilfjörlegri breytingu frá því, sem það var lagt fyrir þá hv. þd.

Ég tel rétt að geta þess, að þar kom fram — í hv. Ed. — það sjónarmið frá nokkrum hv. þdm., að of langt væri gengið um veitingu á fjölskyldubótum í þessum till., miðað við ýmsa aðra þætti tryggingalöggjafarinnar, og var þá sérstaklega bent á þá skerðingu, sem er á ellilífeyri og var framlengd enn fyrir jólin í þeim breyt., sem þá voru gerðar á almannatryggingalöggjöfinni. Og einmitt vegna þess, að þessi skoðun kom fram hjá sumum hv. þm. í Ed., þá leitaði ég álits þeirra, og voru það þá helzt þeirra till., að fjölskyldubæturnar yrðu skertar þannig, að þessar nýju fjölskyldubætur með 2. og 3. barni yrðu aðeins veittar mönnum eða fjölskyldum, sem hefðu innan við ákveðið tekjuhámark, þannig að þeir, sem hefðu hærri tekjur, kæmu ekki til greina í þessu sambandi.

Ríkisstj. leit svo á, að það væri ekki hægt að breyta þessu ákvæði vegna þeirra samninga, sem búið væri að gera, þar sem ekki var þar gert ráð fyrir neinni slíkri skerðingu. Til þess að athuga þetta sem nánast bað ég þá sáttanefnd, sem starfaði í þessari vinnudeilu og skipuð var af ríkisstj., um álit hennar í þessu máli. Þessi nefnd var þannig skipuð, að form. hennar var sáttasemjari ríkisins, Torfi Hjartarson tollstjóri, og aðrir nm. voru Emil Jónsson alþm. og vitamálastjóri, Gunnlaugur Briem skrifstofustjóri og Jónatan Hallvarðsson hæstaréttarforseti. Þeir hafa tjáð mér það, að þeir litu svo á, að ekki væri hægt annað en líta svo á, að samningum væri riftað, ef breytt væri þeim ákvæðum, sem sett voru inn í samningana þegar vinnudeilan var leyst, á þann hátt að miða þessar nýju fjölskyldubætur við eitthvert ákveðið tekjuhámark. Að sjálfsögðu er þetta enginn úrskurður í þessu máli, en það er álit n. og a. m. k. gerir það að verkum, að ríkisstj. lítur enn ákveðnar svo á, að ekki sé unnt að breyta þessu ákvæði eins og er.

Ég taldi aðeins rétt að nefna þetta hér, um leið og þetta frv. er lagt fram, vegna þeirra umræðna, sem um þetta urðu í hv. Ed. Ég ætla ekkert að fara út í það frekar, hvort sú skoðun sé rétt, að hér sé gengið of langt í fjölskyldubótum, miðað t. d. við ellilífeyrinn; það kann að vera, að það megi segja það að vissu leyti, þó að ég persónulega sé nú eiginlega ekki á þeirri skoðun, því að ég lít svo á, að í okkar þjóðfélagi hafi yfirleitt illa verið séð fyrir þeim fjölskyldum, sem ala upp meginþorra þjóðarinnar. Það eru einmitt barnafjölskyldurnar, sem þarf fyrst og fremst að styðja, og hefur hlutur þeirra verið gerður knappur oft og tíðum, bæði í skattalöggjöf og á annan hátt. Og á þeim grundvelli tel ég, að ekki sé óeðlilegt, þó að fjölskyldubæturnar séu nokkuð auknar. Sumar nágrannaþjóðir okkar — eins og Svíar — veita strax fjölskyldubætur með 1. barni og svo áfram, en fara ekki eins hátt upp eins og við förum aftur með krakka, þegar fjölskyldurnar eru að verða stórar. Allt þetta er náttúrlega til athugunar. En nú stendur þetta svo af sér, að gert er ráð fyrir, að allsherjar endurskoðun fari fram á almannatryggingalöggjöfinni á næsta ári, 1954. Reglugerðir t. d., sem settar hafa verið, hafa verið við það miðaðar, að þær giltu ekki lengur, og það út frá því sjónarmiði, að þá ætti að fara fram almenn endurskoðun á allri tryggingalöggjöfinni, enda mun sterk nauðsyn vera til þess, að þessi geysilegi lagabálkur, eins margþættur og flókinn og hann er að ýmsu leyti, verði tekinn til gagngerðrar endurskoðunar. Ég nefni þetta m. a. af því, að ég tel þá minni ástæðu til að fara að bera saman ýmis atriði í tryggingalöggjöfinni nú, vegna þess að þessi endurskoðun liggur fyrir, en vil aðeins taka það fram, að ríkisstj. telur, að hún sé bundin við það að koma þeim ákvæðum, sem í þessu frv. eru, fram á þessu þingi, ef hún á að geta staðið við þau loforð, sem hún gaf í vinnudeilunni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum nú í framsögunni um þetta mál, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af því stóra máli, sem hér er lagt fram um breytingar á almannatryggingal., þykir mér ástæða til að segja örfá orð, einkum með tilliti til þeirra upplýsinga, sem hæstv. forsrh. hefur gefið í sambandi við málið.

Það er alkunnugt mál, að gjöldin til trygginganna eru orðin almenningi ærið há, og ekki sízt vert að minnast þess, að mörg sveitarfélög eru illa við því búin að hækka þessi gjöld, og hefur meira að segja gengið mjög illa að innheimta þau hjá sumum sveitarfélögum. Nú verð ég að segja það, að hvað sem því líður, að það sé langt gengið að gera svo stóra samninga sem hér er um að ræða, án þess að bera þá fyrir fram undir Alþ., þá er það þó út af fyrir sig, að þeir samningar gildi um verkamennina í landinu eða þá menn, sem stóðu í deilum um kaup og kjör, og þar með auðvitað aðra þá, sem ekki eru á föstum launum. En ef það er svo, að þessir samningar eru þannig úr garði gerðir, eins og hæstv. forsrh. upplýsti, að þeir eigi einnig að

gilda um alla launastéttina, alla fastlaunaða menn í landinu, hvað há laun sem þeir hafi, og einnig alla atvinnurekendur, sem hafa börn á sínu framfæri, þá þykir mér það mjög undarlegt, ef það er rétt, að svo langt hafi verið gengið í þessum samningum, að þetta eigi að gilda um allar stéttir í þjóðfélaginu. Þess vegna vil ég óska þess, að sú hv. n., sem fær þetta til athugunar, geri á því frekari rannsókn, hvort það er virkilega svo, að þessir samningar eigi líka að gilda um alla aðra en þá, sem stóðu í vinnudeilum og samningarnir eru gerðir út af. Ég get ósköp vel skilið það, að það mundi þýða eða vera talið brot á samningunum, ef það væri sett eitthvert tekjuhámark varðandi verkamenn eða aðra þá, sem eru í óvissu um það að hafa atvinnu. En frá mínu sjónarmiði gildir allt öðru máli um þá, sem eru á föstum launum, hvar sem þeir eru í starfi, og eins um þá, sem stunda atvinnurekstur sjálfir. En það var svo að skilja af ræðu hæstv. forsrh., að þessar auknu fjölskyldubætur ættu að gilda um alla menn í landinu.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. A-Húnv. skaut hér fram og óskaði eftir að n. athugaði, hvort nauðsynlegt væri, að þessar auknu fjölskyldubætur næðu til allra þegna þjóðfélagsins, sem þennan barnahóp hefðu á framfæri sínu, svo sem gert er ráð fyrir, taka það fram, að bæði er það greinilegt í þeim samningi, sem þegar hefur verið birtur opinberlega, að þannig voru fjölskyldubæturnar hugsaðar í fyrstu, og svo vil ég á það benda, að ef ætti að setja eitthvert tekjuhámark, sem tryggði það, að þeir aðilar, sem væru í deilunni, rækju sig ekki upp undir, — ja, hvar ætti að setja það? Þetta snertir ekki einungis verkamennina, sem voru í deilunni; þetta snertir allt að einu atvinnurekendurna. Tillögurnar voru vitanlega miðaðar við báða aðila, og það eru ekki einungis verkamenn, sem geta talið, að riftun sé á samningnum, heldur vitanlega einnig atvinnurekendur, ef ekki er staðið við þau loforð, sem þessum aðilum báðum voru gefin meðan deilan stóð yfir. Það er aðeins þetta atriði, sem ég vildi taka fram í sambandi við þessi ummæli hv. þm. A-Húnv., en ætla ekki að öðru leyti að fara að ræða þetta atriði hér, því að það er þá eðlilegra, að það sé gert þegar hv. n. er búin að athuga frv. og átta sig á því, hvernig hún vill láta afgr. það. Að sjálfsögðu skal það tekið fram, að henni skuli látnar í té allar þær upplýsingar, sem hún óskar eftir varðandi þetta mál.

Um það, að ekki hefði átt að afgr. svona stórt mál nema leggja það fyrir Alþingi, eins og mér heyrðist á hv. þm. A-Húnv., þá held ég nú, að hv. þm. A-Húnv. sé bæði svo gamalreyndur þm. og glöggur maður, að hann viti það, að í öðru eins samningamakki og alltaf á sér stað, þegar jafnmiklir samningar eru á döfinni eins og þessir, þá er ekki hægt að hlaupa með hvert atriði fyrir Alþingi. Hitt undrar mig aftur á móti, ef hv. þm. A-Húnv. hefur ekki vitað um þessi mál, hvernig þau gengu. Ég gat frekar búizt við, að hér risu upp hv. alþm. úr öðrum flokkum og teldu, að þeir hefðu ekki vitað neitt, hvernig þessi mál hefðu gengið, meðan á vinnudeilunni stóð, en ég bjóst tæplega við því með hv. þm. A-Húnv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 599, n. 707, 697).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, barst heilbr.- og félmn. s. l. föstudag, og n. gat haldið einn fund um málið, á laugardagsmorgun, og kom þá í ljós, að n. gat ekki orðið sammála um að standa að þessu máli og er því klofin. Ég hef nú ekki séð neitt nál. frá minni hl., en býst samt við, að það muni eiga að koma. Einn þm., hv. 10. landsk., var á móti því, en hinir nm. fjórir féllust á að mæla með frv. óbreyttu. Þó gátu tveir nm., hv. 10. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm., um það, að þeir áskildu sér rétt til þess að koma fram með brtt. eða samþ. þær, sem fram kynnu að koma.

Frv. þetta er stjfrv., sem borið er fram í Ed. og er einn liður í því samkomulagi, sem náðist hér fyrir jólin í hinni svo kölluðu verkfallsdeilu, sem hér stóð þá yfir. Þá var nýbúið að samþ. annað frv. um breyt. á tryggingal., og er það fellt inn í þetta frv. hér líka, svo að það er bæði um það, sem búið var að samþ. hér fyrir jólin í vetur, og eins er það nú borið upp með breytingum vegna þess samkomulags, sem varð í vinnudeilunni hér fyrir mánuði.

Þó að við fjórir mæltum með því, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það lá hér fyrir, þá lýsti n. óánægju sinni yfir því, að þarna væri gengið inn á þá braut í tryggingalöggjöfinni að greiða fjölskyldubætur án skerðingar, veita þær sem sagt öllum, hvort sem þeir hafa lágar eða háar tekjur. En eins og nú standa sakir, þá er — eins og alþm. vita — í tryggingalöggjöfinni enn þá skerðingarákvæði um það, að menn, sem fá ellilífeyri, fá hann ekki, ef þeir hafa visst tekjuhámark. Þetta er náttúrlega ósamræmi, sem þarf að laga, en það er vitað og yfirlýst, að þetta var skoðað sem brot á því samkomulagi, sem gert var fyrir jólin í vinnudeilunni, og n. sá sér ekki fært að mæla á móti því að svo komnu og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. N. vill enn fremur geta þess, að hún leggur á það ríka áherzlu, að þeirri endurskoðun, sem framkvæma á á tryggingalöggjöfinni, verði hraðað sem allra mest og fari fram ekki síðar en á næsta ári, eins og gert er ráð fyrir í l. um það.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál frekar að sinni. Ég býst við því, að hér komi brtt. frá minni hl., og mun þá bíða með að taka afstöðu til þeirra, þar til þær koma fram og búið er að mæla fyrir þeim.

Kristín Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar frv. um breyt. á l. um almannatryggingar lá hér fyrir Alþ. í desembermánuði, þá lagði ég ásamt

hv. 3. landsk. og hv. 10. landsk. þm. fram brtt. á þskj. 505 um það, að inn í 2. gr. frv., sem er um rétt, er íslenzkar konur, sem gifzt hafa erlendum mönnum, er hafa fallið frá eða skilið við þær, eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum, bætist ákvæði um það, að greiða skuli barnalífeyrinn frá þeim tíma, sem barn hætti að njóta meðlags frá hendi föður. Till. var felld þá og í umr. talið, að ekki lægju nógu nákvæmar upplýsingar fyrir um það, hvort þessar bætur mundu nema mikilli fjárhæð.

Nú þegar þetta nýja frv. um almannatryggingar er lagt fyrir þingið, þá leyfum við okkur — hinir sömu þm. — að taka aftur upp brtt. okkar, með þeirri breytingu þó, að í stað þess, að í fyrri brtt. er ætlazt til, að barnalífeyririnn sé greiddur fyrir 5 ár aftur í tímann, eða frá 1. jan. 1947, er nú í þessari till. miðað við 1. jan. 1951, sem er 2 ár aftur í tímann. Till. þessi liggur nú fyrir þinginu á þskj. 697.

Ég hef reynt að afla nákvæmra upplýsinga um tölu þeirra kvenna og barna, er um ræðir í till., og fullyrðir félmrn., að þær séu ekki fleiri en 20 á öllu landinu og börn á framfæri þeirra álíka mörg. Fjárframlag til þeirra samkv. l., ef brtt. yrði samþ., gæti aldrei farið fram úr 140 þús. kr., sennilega eitthvað minna, og er það ekki stór upphæð samanborið við aðrar bótagreiðslur almannatrygginganna. Að vísu er þetta nokkru meiri upphæð en ég nefndi, þegar ég talaði fyrir till. hér áður, og stafar það af því, að upplýsingar þær, er ég fékk, voru ekki nógu nákvæmar. Félmrn. segir líka nú, að alveg nákvæmar tölur séu ekki fyrir hendi, því að til þess þurfi að fara í gegnum miklar skýrslur og sé það mikið verk, en víst sé, að tala sú, er ég nú nefndi, sé hámarkið.

Ég ætla ekki að tala meira fyrir till. nú, þar sem ég hef gert það áður og þá fært fram þau rök, er ég kunni. Vona ég, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þessa till. og bæta með því eitthvað hag þeirra kvenna, er hér um ræðir og flestar eiga við þröng kjör að búa.

Forseti (SB): Þar sem nál. frá hv. minni hl. og brtt., sem hann mun flytja, hefur ekki verið útbýtt, verður umr. um málið frestað og það tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 599, n. 707 og 728, 697, 710).

Frsm. minni hl. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þeir hv. 7. landsk. þm. og hv. þm. Barð. fluttu við frv. þetta, þegar það var til umr. í Ed., till. um, að fjölskyldubætur með 2. og 3. barni skyldu vera háðar þeim takmörkunum, að hreinar árstekjur hlutaðeiganda færu ekki fram úr 44 þús. kr. á 1. verðlagssvæði og 33 þús. kr. á öðru. Jafnframt skyldu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 á 2. fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón. Í umr. um málið tók hv. 7. landsk. þm. það fram, að hann hefði vel talið athugandi að hafa nokkru hærra launatakmarkið um fjölskyldubæturnar, en þessi upphæð orðið fyrir valinu, vegna þess að í heilbr.- og félmn. d. hefði afstaða einstakra nm. verið orðin mjög vænleg til samkomulags um þessa upphæð, þ. e. a. s. 44 þús. kr. En þá kom til sögunnar ábyrgðartilfinning hæstv. ríkisstj. Hún lýsti sig þeirrar skoðunar, að ef frv. yrði breytt í þessa átt, yrði að líta á sig og Alþingi sem svikara við það samkomulag, sem gert var til lausnar vinnudeilunum í des. s. l., og meiri hl. n. fylgdi frv. óbreyttu. Hæstv. fors.- og félmrh. mælti á þá leið í báðum d., að öllum má vera ljóst, að hæstv. ríkisstj. er mjög umhugað um, að ekki sé svikið þetta loforð, sem hún telur sig hafa gefið vinnuveitendum, eins og hún segir, en það yrði gert, ef hátekjumenn og auðmenn yrðu ekki styrktir af almannafé til að ala upp 2. og 3. barn sitt.

Sú ábyrgðartilfinning, sem fram kom í því, að felldar voru fyrr nefndar till. í Ed., er vissulega dálítið skrýtin. Þær till. miðuðu sem sagt að því að taka nokkur hundruð krónur, sem hátekjumenn og auðkýfingar eiga samkvæmt frv. að fá af almannafé til að ala upp 2. og 3. barn, og verja þeim til að bæta nokkuð kjör öryrkja og gamalmenna. Öllum kemur saman um, að þetta fólk, öryrkjar og gamalmenni, búi við einna naumust kjör allra þegna þjóðfélagsins, og er þá sannarlega mikið sagt, eins og högum er nú víða háttað á alþýðuheimilum. Við umr. um málið í Ed. kvaðst hv. 7. landsk. geta nefnt mörg mjög átakanleg dæmi um kjör manna, sem ættu fyrir börnum að sjá, en hefðu misst vinnugetu sína. Örorkulífeyririnn hrykki hvergi nærri til að bægja skorti frá heimilum þessara manna. Margir þeirra hefðu leitað til sveitar sinnar um hjálp, og hyrfu menn þó ekki að því ráði fyrr en í síðustu lög, svo þungt félli mönnum yfirleitt að leita á náðir sveitarinnar. Og ekki eru betri kjör gamla fólksins. Einstæðingar í hópi þess hírast víða í þröngum kytrum og eiga varla málungi matar og þaðan af síður auðvitað, að þeir njóti nokkurs í átt við þá hvíld og áhyggjuleysi, sem þetta fólk hefur unnið til með því að fórna þjóðfélaginu allri starfsorku sinni um langa ævi. Ef það er ábyrgðartilfinning að gefa efnamönnum og jafnvel auðmönnum nokkur hundruð krónur til að ala upp börn sín og neita jafnframt þessu fólki um aukinn styrk til að bægja frá sér skorti, þá býst ég við, að margur muni heldur vilja láta kalla sig ábyrgðarlausan mann.

En fyrst nú ríkisstj. telur sig hafa lofað hátekjumönnum og auðmönnum styrk af almannafé til að ala upp börn sín, — og sýnilegt er, að hún slakar hvergi til í því máli, — þá virðist mér ekki, að það mundi verða til neins að halda fast við till. þeirra hv. 7. landsk. og þm. Barð. og flytja þær alveg óbreyttar hér í Nd. Þó hef ég klofið heilbr.- og félmn. í málinu og skilað sérstöku nál., sem var útbýtt hér rétt áðan, og á þskj. 710 flyt ég brtt. við frv.

Till. þessar eru að mestu samhljóða till. hv. 7. landsk. og þm. Barð. í Ed., nema þarna eru hækkuð upp í 50 þús. kr. launatakmörkin um rétt til fjölskyldubóta með 2. og 3. barni. Hins vegar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði tryggingunum þá fjárhæð, sem þær greiða mönnum, sem hafa yfir 50 þús. kr. í hreinar árstekjur, sem fjölskyldubætur með 2. og 3. barni.

Með þessu er það sem sé alveg sett í hendurnar á hæstv. ríkisstj. að greiða þá uppeldisstyrki, sem hún telur sig samkvæmt samningum eiga að greiða hátekjumönnum og auðmönnum, og hún efni þannig sjálf sitt loforð. En jafnframt er séð svo um, að tryggingakerfið sjálft, sem nógu slappt er í umönnun sinni fyrir þeim, sem lægst eru settir, sé ekki teygt til hinna ríku og þannig lamað stórlega um leið.

Hins vegar er í minni till. gert ráð fyrir nákvæmlega sömu hækkun á elli- og örorkulífeyri eins og var í till. þeirra hv. 7. landsk. og þm. Barð. í Ed. — Þykist ég svo ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa mörg orð um þessar till.

Síðan ég hélt framsöguræðu í gær fyrir þessu máli, hefur ýmislegt komið fram, ýmsar brtt., sem ég vil fara um nokkrum orðum.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 697 frá þremur hv. landsk. þm., sem allir eiga sæti í heilbr.- og félmn., og hún er við 2. gr. frv. Sú till. fer fram á það, að íslenzkum konum, sem hafa gifzt erlendum mönnum, en svo annaðhvort skilið við þá eða þeir yfirgefið þær að fullu, fái að hafa sama rétt, ef þær dvelja á Íslandi, eins og íslenzkar ekkjur og mæður.

Þessi till. er að mínu áliti að ýmsu leyti mjög sanngjörn; ég get ekki annað sagt. En það er ekki vitað enn, hvað þær konur eru margar, og ekki heldur þá, hve mikið þarna þarf að greiða úr ríkissjóði eins og gert er ráð fyrir í till. En sennilega er þar ekki um mjög háa upphæð að ræða, — ég gæti trúað svona 200 þús. kr. eða eitthvað þar um bil. En það er óvíst enn þá, og Ed. vildi ekki taka þetta inn út af því, að það var ekki búið að upplýsa það þá, og það er ekki heldur búið nú, hvað þær konur væru margar og hvað börnin væru mörg, svo að þessi till. er náttúrlega dálítið út í loftið. En ég tel hana að ýmsu leyti sanngjarna og mæli ekki beint á móti henni, þótt ég sé óviss um, að ég greiði henni atkvæði. Og ég geri ráð fyrir, að upphæðin verði aldrei það há, að hún valdi mikilli röskun á afkomu ríkissjóðs.

Aftur er öðru máli að gegna um þær till., sem hafa verið bornar fram af hv. 10. landsk., sem klauf n. og er nú með till. á þskj. 710, og þær eru við 3. gr. frv.

Það er þá fyrst það, að fjölskyldubætur skuli ekki greiddar með 2. og 3. barni þeim mönnum, sem hafa yfir 50 þús. kr. tekjur. Náttúrlega er ekki nema gott um þetta að segja. Ég tel líka í sjálfu sér ekki beint þörf á því að styrkja þá menn, sem hafa svo háar tekjur, til að ala upp sitt 2. og 3. barn. En þetta var gert í því samkomulagi, sem náðist í vinnudeilunni hér í desembermánuði, og er talið af þeirri n., sem um málið fjallaði, sjálfsögð skylda, að þessi ákvæði verði ekki aflöguð, þannig að ekki verði miðað við neitt tekjuhámark, heldur fái allir þessar bætur, hvort sem þeir hafa lágar tekjur eða háar.

En flm. sér nú ráð við því. Það er ekki annað, segir hann, en að láta ríkissjóðinn borga þann mismun, sem hér kann að vera, meðan þeir samningar standa yfir, sem gerðir voru núna fyrir áramótin. Það er nú svo, að við erum búnir að afgr. fjárl. hér fyrir nokkru, og a. m. k. lít ég svo á, að ekki sé unnt að bæta — enginn veit hvað miklu, en það skiptir a. m. k. alltaf milljónum — á ríkissjóðinn, sem hann á að taka á sig án þess að fá nokkrar tekjur á móti. Það tel ég ekki fært, og af þeim ástæðum er ég á móti þessari till. Það má náttúrlega segja það, að það sé óþarfi að láta hátekjumenn hafa svona mikið, en við verðum að gá að því, að trygging er alltaf trygging. Trygging er ekki framfærslulífeyrir; það er alveg óskylt mál. Menn geta tryggt sig fyrir hverju sem er. Menn geta tryggt sig fyrir bruna, slysum og öðru slíku, og þá er ekki spurt að því, hvort sá, sem fyrir tjóninu verður, er ríkur eða fátækur, það fá allir jafnt af því, sem þeir hafa tryggt sig fyrir. Þannig eru almannatryggingarnar. Þær greiða yfirleitt öllum jafnt, sem bætur eiga að fá, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, og það held ég að hljóti að vera andi allra tryggingalaga.

Það er að vísu rétt, að enn þá eru í tryggingal. ákvæði um það, að það megi skerða hámark ellilífeyris og örorkulauna, og er það ákvæði enn þá sem bráðabirgðaákvæði, sem vitanlega þarf að nema úr l. eins fljótt og fært er. En Alþ. hefur fram að þessu ekki séð sér fært að verða við því að nema þessa skerðingu úr l. Þá fer sami hv. þm. fram á, að elli- og örorkulaun verði stórhækkuð í grunn. Það mundi nema fyrir ríkissjóð allmörgum millj. kr. En hann segir bara, að það sé ekkert annað að gera en að ríkissjóður borgi tryggingunum það, sem umfram kann að verða, alltaf nokkrar millj. kr.

Það er náttúrlega aldrei neinn vandi að koma með svona till. um að hækka hjá öllum. Það er náttúrlega ekki nema gott um það að segja. En til þess verður að vera einhver leið. Og eins og ég gat um áðan, þá erum við búnir að afgr. fjárl., að vísu há fjárl., og flestir voru, held ég, á einu máli um það, að ekki væri nú hægt, eins og komið væri, að taka mikla útgjaldaliði á útgjaldabálk fjárl. En þarna vill þessi hv. þm. bæta við fleiri milljónum. Við vitum ekki enn þá, hvað þær yrðu margar, en þær yrðu nokkuð margar, ef hans till. væru samþ. Þess vegna leggur meiri hl. n. til, að þessar till. verði báðar felldar.

Ég skal svo ekki segja um þetta meira að sinni. En till. á þskj. 697 er sanngjörn, — ég tel hana sanngjarna, og ég mun ekki greiða atkv. á móti henni. N. hefur óbundnar hendur um þá till. En hinar till. legg ég til að verði báðar felldar, auk ákvæðis til bráðabirgða.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. hreyfði ég því með nokkrum orðum, að mér þætti það nokkuð langt gengið, eins og ákveðið er í þessu frv., að borga fjölskyldubætur með 2. barni og upp úr fyrir alla menn í landinu, og fór fram á það, að hv. heilbr.- og félmn. athugaði það, hvort ekki væri hægt að koma þarna að nokkrum takmörkunum frá því, sem í frv. er. Hv. n. víkur að því í nál. sínu á þskj. 707, að hún telji ósanngjarnt að ganga svona langt í þessu efni, og er mér að því leyti

sammála, en tekur gildar þær upplýsingar, sem hér hefur verið haldið fram, aðallega af hæstv. forsrh., að það mundi vera fastmælum bundið samkvæmt samningum um verkfallið að láta þetta verða svo, vegna þess að aðilarnir að verkfallinu hefðu viljað svo vera láta.

Nú hef ég ekki fengið nein rök fyrir því, að þetta sé svo í raun og veru, enda þótt það sé ekki eingöngu bundið við ákveðið tekjuhámark, heldur við aðra hluti, sem hér koma til greina. Hins vegar veit ég það, að þetta mál er efalaust það fastmælum bundið, þó að það sé vandræðamál í alla staði og framkvæmd þess kosti hvorki meira né minna en 16—17 millj. kr., að ekki muni hafa mikla þýðingu að bera fram við það brtt. eins og nú er komið. En ég vil þó ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um mína skoðun á þessu atriði, sem hér liggur fyrir og er hér, innan þings, og hlýtur að verða meðal þjóðarinnar mjög mikið deiluatriði varðandi þessa afgreiðslu.

Okkur er það öllum kunnugt, að í raun og veru mætti skipta okkar þjóð í þrjá hópa, þrjá hagsmunahópa. Það eru í fyrsta lagi þeir menn, sem reka atvinnu á eigin ábyrgð: bændur, útgerðarmenn, kaupmenn, iðnrekendur o. s. frv., þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum. Það eru í öðru lagi verkamenn, sem hafa óbundna samninga um vinnu og eiga það alltaf undir högg að sækja eða hafa a. m. k. ekki tryggingu fyrir því, að þeir hafi alltaf atvinnu. Og í þriðja lagi eru það svo fastlaunamenn, allar þær stéttir, sem eru fastlaunaðar, hjá ríkinu, hjá bæjarfélögunum, hjá verzluninni o. s. frv.

Nú er það vitaður hlutur, að í því verkfalli, sem hér átti sér stað í desembermánuði s. l., þá voru aðilarnir, eins og venjulega í verkfalli, verkamenn og atvinnurekendur, og þetta verkfall var svo víðtækt, að það var augljóst, að það greip yfir alla aðila í raun og veru í þessum höfuðstéttum þjóðarinnar. En mér er ekki kunnugt, að fastlaunastéttirnar hafi verið neinir aðilar að verkfallinu, en það er eins og oft hefur komið fram hér áður, að þegar barátta stendur um kaup og kjör, þó að fastlaunastéttirnar séu ekki neinir aðilar að verkfallinu, þá hafa þær og þeirra félagsskapur eggjað verkalýðinn út í baráttuna og ætlað sér sjálfar að fleyta rjómann af því, án þess að hafa nokkuð til þess unnið. Og í þessu tilfelli er það svo, að það er ekki hægt að segja, að fastlaunastéttirnar í landinu hafi verið neinir aðilar að þessu verkfalli, og þess vegna er samkvæmt samningunum engan veginn nein skylda að láta þær hafa þessar fjölskyldubætur allar.

Ég hefði nú gert tilraun með að flytja brtt. um þetta, ef ég hefði ekki verið búinn að kynnast því, að það er þýðingarlaust. En frv. í þessari mynd get ég ekki greitt atkv. og mun því láta það hlutlaust. En ég tel, að hér sé mjög ósanngjarnlega að farið. Ég játa það, sem rétt hefur komið fram frá þeirri n., sem var við þessa samninga, að það mun ekki fá staðizt að setja ákveðið tekjuhámark, vegna þess að það eru til verkamenn í iðnaðarmannastétt, sem hafa hærri tekjur heldur en þarf að miða við, og það eru auðvitað til menn í atvinnurekendastétt, sem hafa hærri tekjur en þetta, en allir þessir menn á báða bóga hafa verið aðilar að verkfallinu. En fastlaunastéttin, sú fjölmenna stétt, sem hefur það bezt í þjóðfélaginu yfirleitt og raunverulega flestir menn vilja helzt komast í, var þarna enginn aðili og hefði þess vegna ekki að neinu leyti átt að fá fjölskyldubæturnar auknar frá því, sem áður var.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í tilefni af ummælum hv. 10. landsk. þm. og hv. þm. A-Húnv.

Ég er sammála hv. 10. landsk. þm. um það, að ef Alþ. hefði verið í raun og veru algerlega sjálfrátt um það, hvernig það verði 12½ millj. kr. auknu framlagi til tryggingastarfsemi í landinu, þá hefði ég talið æskilegra, að sú upphæð hefði gengið til hækkunar á ellilífeyri en til hækkunar á fjölskyldubótum í því formi, sem hér er gert ráð fyrir. En Alþ. er að þessu sinni ekki algerlega sjálfrátt um það, hvernig það ver þessu fé, því að frv. er fram borið í beinu framhaldi af því samkomulagi, sem varð í vinnudeilu þeirri hinni miklu, sem háð var hér í desember s. l. Þetta frv. er staðfesting á því samkomulagi, sem þar var gert milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda fyrir atbeina sáttanefndar, sem skipuð hafði verið, og ríkisstjórnarinnar. Í þeim samningum er skýrt tekið fram, að lögleiða skuli ákvæði eins og þau, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Því hefur þegar verið lýst yfir af hálfu sáttan., sem starfaði að lausn deilunnar, að það yrði að skoðast sem brigð á því samkomulagi, sem gert var, ef þessi ákvæði yrðu ekki lögtekin. Ég tel mig því að þessu leyti bundinn af því gerða samkomulagi, og ekki frjálsan að því að fylgja því, sem ég annars hefði talið æskilegustu og réttmætustu ráðstöfunina á fénu, því að það væri mjög óheppilegt, ef það yrði sagt á eftir með réttu, að Alþ. hefði að einhverju leyti gengið gegn því samkomulagi, sem lausn vinnudeilunnar byggðist á. Af þessum sökum mun ég ekki treysta mér til þess að greiða till. hv. 10. landsk. þm. atkv., þó að ég hefði gert það undir öðrum kringumstæðum. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um þessar till.

Varðandi það, sem hv. þm. A-Húnv. gagnrýndi fjölskyldubæturnar, að þær væru fyrst og fremst hagsmunamál fastlaunamanna, þá er það hinn mesti misskilningur. Fjölskyldubæturnar koma öllum að gagni, ekki einvörðungu fastlaunamönnum, heldur öllum, hvaða þjóðfélagsaðstöðu sem þeir hafa að öðru leyti. Annars væri líka í sjálfu sér undarlegt, að slík krafa skyldi hafa náð fram í verkfalli, þar sem fastlaunamenn voru ekki beinn aðili, eins og hann tók fram. Það er einmitt sönnunin fyrir því, að hér er ekki um sérstakt hagsmunamál fastlaunamanna að ræða, heldur allra, að vísu fyrst og fremst þeirra, sem hafa tekjur yfir visst mark, samanborið við það, ef hin leiðin hefði verið farin, að hækka ellilífeyrinn. Þessi gagnrýni hv. þm. A-Húnv. var því að þessu leyti á misskilningi byggð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 697 (ný 2. gr.) samþ. með 17:2 atkv.

— 710,1 felld með 15:6 atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 710,2 felld með 15:4 atkv.
8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 742, 743).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 743 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Sþ., 5. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 761)
Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Á þessu frv. hafa verið gerðar tvær breyt. frá því það fór héðan út úr deildinni — tvær breyt. gerðar í hv. Nd. Önnur þeirra er aðeins formsbreyting, og hana er að finna í 8. gr. frv. Hún er um það, að l. skuli öðlast gildi 15. febr. í staðinn fyrir 1. febr., sem hafði verið ætlað hér. Það er aðeins formsbreyting. — Hin breyt. er efnisbreyting, og hún er við 2. gr. Sú breyt. er raunverulega við ákvæði, sem hafði verið samþ. hér fyrir áramótin, ekki þau ákvæði, sem var bætt inn í nýjum, og er um það, að lífeyrisgreiðslur til þeirra kvenna, sem hafa gifzt erlendum mönnum, sem hafa skilið við þær, farið frá þeim eða fallið frá, skuli ná aftur fyrir sig, en þó ekki lengra aftur í tímann en til 1. jan. 1951. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það, um hve mikla upphæð muni hér vera að ræða, eða hve mörg börn. En þó hefur heyrzt nefnt, að um 20 börn muni vera að ræða. Það kom fram í n., að vafasamt væri í sjálfu sér að láta greiðslur sem þessar ná aftur fyrir sig fyrir liðið tímabil. En þar sem hér er um undantekningartilfelli að ræða og væntanlega mjög fáa aðila og þar sem vitað er, að hér eiga í hlut mæður, sem eru mjög illa staddar og hafa ekki hlotið á undanförnum árum neina fyrirgreiðslu, þá sá n. ekki ástæðu til að leggja til, að þessu yrði breytt, og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það er komið frá hv. Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 786).

---

37. Bæjanöfn o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl. [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Í lögum nr. 51 frá 1937, um bæjanöfn, er ákveðið, að greiða skuli gjald af leyfisbréfum fyrir bæjanöfn. Þetta gjald var upphaflega í lögunum ákveðið 10 kr. fyrir nýbýli, en 25 kr. fyrir hverja breytingu bæjarnafns, en er nú orðið með álagi samkv. seinni lögum 24 kr. og 120 kr. Nú hefur það valdið ýmsum óþægindum og töfum, að þetta gjald er heimtað af breytingu á bæjanöfnum og af nýjum bæjanöfnum, og þar sem þetta skiptir engu máli fyrir ríkissjóð, þá telur ráðuneytið rétt að leggja til, að þetta gjald sé látið niður falla, og því er þetta frv. fram borið. — Ég vil leggja til, að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 118).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið fyrir hv. Nd. og hefur verið samþ. þar. Það gengur út á, að fellt sé niður gjald af leyfisbréfum fyrir bæjanöfnum, sem er ákveðið í lögum 10 kr. fyrir nýbýli og 25 kr.

fyrir breyt. hvers bæjarnafns, en það er nú orðið með núverandi álagi samkv. lögum 24 kr. og 120 kr. Gjald þetta skiptir afar litlu máli fyrir ríkissjóð og ekki talin ástæða til að vera að halda því. Þess vegna er lagt til, að þetta verði fellt úr l. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þó að frv. komi væntanlega í menntmn. og ég eigi þar sæti, þá vil ég þó núna strax láta í ljós skoðun mína á þessu máli, til þess að menn geti frekar áttað sig á því, á meðan málið er að vefjast fyrir deildinni.

Ég tel ákaflega misráðið að vera að leika sér að því eða létta mönnum að leika sér að því að skipta um gömul bæjanöfn. Mörg af okkar bæjanöfnum eru til komin fyrir sögulega atburði, sem eru tengdir við sögu viðkomandi jarðar, og þó að einhver maður komi á þá jörð, sem vilji fara að kenna jörðina við sjálfan sig eða eitthvað annað, þyki nafnið ekki veglegt, eins og þegar Lambhúsnafni er breytt í Ásgarð eða þegar Hrappsstöðum er breytt í Hlíð o. s. frv. — það er fjöldi af slíkum dæmum, — þá tel ég, að það sé í alla staði óheppilegt og löggjafinn eigi frekar að reyna að hindra, að slíkar breytingar eigi sér stað, heldur en að ýta undir þær með því að létta mönnum að fá þær. Allt öðru máli gegnir með nýbýlin. Þegar ný jörð verður einhvers staðar til, þá verður að koma nafn á hana, og að létta mönnum að fá það nafn og koma því sæmilega fyrir, því mun ég vera með, en ég vil þrengja möguleikana, sem núna eru fyrir því, að menn séu að hringla til með nöfn á gömlum jörðum. Það eru til jarðir í landinu, sem er tvisvar sinnum búið að breyta um nafn á. Hvenær kemur svo þriðji maðurinn og vill búa til enn þá eitt nafn á hana o. s. frv. og þannig að endalausu hringla með nöfn á gömlum jörðum, sem eru búnar að vera í byggingu í fleiri hundruð ár undir þeim ákveðnu nöfnum, sem þær hafa gengið undir fram á allra síðustu ár. Þess vegna er ég alveg á móti því að fara að sleppa lausu öllu gjaldi og kvöðum við þessar breytingar á gömlu nöfnunum, þó að ég geti hins vegar vel fellt mig við það með nýbýlin. Það horfir allt öðruvísi við gagnvart þeim.

En í þessu sambandi langaði mig til, úr því að við höfum þá ánægju að hafa ráðh. hjá okkur og hann sýnir d. þann heiður þar að auki að hafa framsögu í málinu, sem er óvenjulegt um stjórnarmál, sem koma frá Nd., þá vildi ég gjarnan mega spyrja hann að því, hvað hann geri og hvað örnefnanefndin geri við býlin, sem ekki taka upp nöfn, sem n. vill gefa þeim. Nú skal ég ekki nefna einstök dæmi með nafni í þetta sinn, en ég skal samt segja frá því, að fyrir svona nærri 20 árum var stofnað nýbýli, — ja, ég get sagt stofnuð nýbýli, því að ég veit af einum þremur, sem dæmið getur átt við, — og maðurinn — við skulum halda okkur við eitt þeirra — maðurinn, sem stofnaði eitt nýbýlið, óskaði eftir að fá ákveðið nafn á býlið. Örnefnanefndin neitaði því. Hann fór að kalla býlið það, sem hann vildi. Svo kom nú að því, að hann þurfti að fá lán, og þá þurfti helzt að búa til löglegt nafn á býlið. Það hefur ekki fengizt enn. Lánið er fengið með fyrirhöfn og krókaleiðum, en án þess að enn sé komið löglegt nafn á býlið. Þannig er býlið komið upp og er eitt með betri býlum í þeirri sveit nú orðið, sem það stendur í, raflýst o. s. frv., allt saman í bezta lagi. Hvað gera hæstv. ráðh. og örnefnanefndin í þessu tilfelli? Nú er þarna ný jörð, byggð úr jörð, sem ríkið á, þriðjungur úr henni, byggð með leyfi hæstv. ríkisstj. og allra aðila, leyft að byrja með nýbýli, en maðurinn fær ekki það nafn á það, sem hann vill. Hann er ekki sóttur til neinna sekta, þó að hann noti það nafn, er hann vill gefa henni. Það er skrifað utan á bréf til hans alls staðar að. Það er ekki komið inn í fasteignamat enn þá, en það er komið inn í ýmsar aðrar opinberar bækur, t. d. Bæjatal á Íslandi og ýmsar aðrar opinberar bækur er það komið inn í, og svo er með ýmis af þessum nöfnum á nýbýlum, sem ekki hafa verið viðurkennd. Það er orðið svo fast í málvenjunni þar heima í héraði, að það er aldrei borið við annað en kalla það þessu nafni, sem maðurinn hefur tekið á býlið, og alveg núna nýlega er enn þá búið að biðja um endurnýjun á, að nafnið sé lögfest, viðurkennt af nefndinni, en það hefur ekki fengizt. Í þessum tilfellum finnst mér að þurfi nú eitthvað (**Gripið fram í:** Mér þætti fróðlegt að fá að heyra nafnið til að geta dæmt um, hvort ástæðan til þess, að það fékkst ekki viðurkennt, er á rökum reist.) Nafnið er tekið upp úr fornsögum eftir stúlkunni, sem fyrst byggði á jörðinni og hét Droplaug, og kallað Droplaugarstaðir. Ég gæti nefnt fleiri dæmi, ef ykkur langar til, frá öðrum, sem eins stendur á um, hafa ekki fengið staðfest nöfn á býlum sínum. (Gripið fram í.) Já, og það er ekki gert, það er ekki til neitt í l. um það, hvað eigi að gera í svona tilfellum. Það er bara bannað að taka upp nöfn nema með leyfi nefndarinnar, en engin refsiákvæði sett á nokkurn hátt, þó að menn geri það.

Nú hefði mér fundizt eðlilegt, úr því að ráðh. var með þetta nýja frv. hér, sem fyrir okkur liggur, að taka þá t. d. til athugunar þetta atriði, hvað á að gera, þegar menn óhlýðnast lögunum, og fleira, sem virðist vanta í frv. að vísu, sem ég skal nú ekki fara nánar út í. En það var þetta, sem ég vildi sérstaklega leggja áherzlu á, til þess að menn hugsuðu um: Er það rétt stefna, sem er í þessu frv., að létta mönnum að breyta nöfnum á gömlum býlum? — Ég vil hindra menn í að gera það. Ég vil ekki, nema undir alveg sérstökum kringumstæðum, leyfa mönnum að gera það og láta þá borga mikið fyrir það. Ég vil ekki láta gömlu nöfnin á okkar býlum hverfa um land allt og einhver skrípanöfn koma í staðinn, sem viðkomandi menn og nefndin taka upp.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. þm. N-M. spurði mig um það, hvað nafnanefndin eða ég gerði undir þeim kringumstæðum, að n. synjaði mönnum um það nafn, sem þeir vildu, en þeir notuðu það þrátt fyrir það, ef ég skildi rétt það, sem hann fór með. **Ég get því** miður ekki svarað hv. þm., vegna þess að þetta mál hefur alls ekki til mín komið og ég hef ekkert um það heyrt, og yfirleitt verð ég að segja

það, að ég heyri ákaflega lítið um breytingar á bæjanöfnum. Þau mál koma sjaldan til mín. En ég get látið athuga þetta mál og gefið upplýsingar við seinni umr. málsins hér í d. — Ég er honum sammála um það, að tíðar nafnbreytingar á jörðum eru ekki æskilegar. Það getur valdið ruglingi á ýmsan hátt og þá ekki síst, ef breytt er nöfnum á jörðum, sem haldið hafa nafni sínu frá landnámstíð. En ég álít, að ekki eigi að gera mönnum torvelt um nafnbreytingu með því að leggja á hana háan skatt. Ég álít það óeðlilegt að láta menn borga skatt af því, að þeir fá nafn á nýbýli eða breyta nafni, sem hefur í mannsaldra verið talið skrípi. En því er ekki ætlað til að dreifa. Menn breyta nöfnum á jörðum sínum af ýmsum ástæðum. Ég álít þess vegna, ef farið væri út í það að gera mönnum erfitt fyrir eða jafnvel koma í veg fyrir, að tíðar breytingar séu gerðar á bæjanöfnum, þá yrði að gera það á annan hátt. Það yrði þá að setja eitthvert ákvæði inn í lögin, er setti skorður við slíku, eða gefa nafnanefndinni víðtækara vald en hún nú hefur. Ég skal vera reiðubúinn til að ræða um slíkt, ef hv. n., sem þetta frv. fer til, vildi taka það frekar til athugunar í sambandi við þessa ábendingu hv. þm.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það voru aðeins bendingar í sambandi við þetta frv. — Það hafa komið frá bankastjóra Búnaðarbankans mjög harðorðar umkvartanir yfir starfi þessarar nafngiftanefndar, og hafa bréfaskriftir farið milli landbrn. og menntmrn. út af þessum umkvörtunum bankans. Umkvartanirnar eru aðallega þess eðlis, að afgreiðsla í n. gangi svo seint, að þetta standi í vegi fyrir því, að hægt sé að veita eðlileg lán út á nýbýli. Stundum standi þetta í vegi fyrir lánveitingum alveg óeðlilega langan tíma og nýbýlaeigendunum til mjög mikils baga. Nú skal ég ekkert dæma um það, hvað þessum töfum veldur, en ég vildi aðeins óska eftir því, að n. sú, sem fær þessi mál til meðferðar, ræddi við bankastjóra Búnaðarbankans um þetta atriði, því að ég tel víst, að hann geti gefið um það mikilsverðar upplýsingar. Fyrst tekið er að breyta þessum l., er nauðsynlegt að taka einmitt þetta atriði til meðferðar, sem mest hefur verið rætt núna seinni árin sem ágallar á þessu fyrirkomulagi, þá geysilegu töf, sem oft og einatt er á því að fá nöfn á nýbýli, og þar af leiðandi mjög mikil óþægindi fyrir þá, sem þurfa að taka lán út á sínar jarðir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að beina einni fyrirspurn til hæstv. menntmrh., sem hann væntanlega getur svarað, ef ekki nú þegar, þá síðar undir umr. málsins í deildinni. Það var ætlazt til þess, þegar þessi l. voru upprunalega sett, að þetta gjald, sem sett var fyrir nafnfestirnar, stæði undir kostnaði við n. Það munu vera 5 menn í n., og sá kostnaður færist svo yfir á ríkissjóðinn sjálfsagt að öllu leyti, ef þetta frv. yrði samþ. Þess vegna langar mig til að fá að vita, hver kostnaðurinn er við n.

Út af því, sem hæstv. landbrh. sagði, skal ég nú segja alveg söguna um það, þegar ég var að reyna að útvega lán út á þetta nýbýli, sem ég nefndi áðan og ekki hefur enn þá fengið staðfest nafn. Það tók mig hér um bil 3 ár að ná því láni. Jörðin var ekki til, og enginn vissi, hvernig átti með það að fara til þess að fá veðbókarvottorð. Svo fékk ég fyrst vottorð hjá hæstv. ráðuneyti um það, að það hefði leyft, að byggt væri nýbýli á þessari jörð og þetta nýbýli hefði fengið þetta lán, sem tekið var fram í landamerkjalýsingu. Þá fékk ég vottorð hjá hreppstjóra og oddvita um það, að á þessu landi, sem þetta vottorð ráðuneytisins hefði verið um, væri búið að byggja íbúðarhús úr steinsteypu og það væri búið að rækta þar tún, sem væri orðið það stórt, að það væri alveg víst, að það væri komið þar varanlegt býli. Þetta endaði svo með því eftir mikið þjark, að ég fékk vottorð sýslumannsins um það, að á þessu landi væri búið að byggja býli, sem hefði land, innan þessara ákveðnu landamerkja væri búið að byggja nýbýli úr aðaljörð, sem væri kallað Droplaugarstaðir, en hefði ekkert löglegt heiti, og út á þetta fékk ég svo veðbókarvottorð og svo lánið. Það tók mig þrjú ár að fá þetta. Svona var nú gangurinn á því. Síðan hef ég tvisvar sinnum verið að reyna að fá nafnið staðfest fyrir bóndann og alltaf fengið synjun. Og ég get sagt frá ýmsum fleiri dæmum svipuðum, þar sem það hefur kostað mig á annað ár oft að fá nafn staðfest, þangað til ég hef getað fengið lán fyrir þennan eða hinn manninn, sem hefur verið að koma upp nýbýli. En ég hef aldrei reynt að fá skipt um nafn fyrir nokkurn mann á jörð, sem áður hefur haft nafn, því að ég tel, að það eigi ekki að gerast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:2 atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 322, 324).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og kom hér fram við 1. umr. um þetta frv., þá litu ýmsir svo á, þ. á m. ég, að það þyrfti að gera á l. meiri breytingar en hæstv. stjórn gerði með því frv., sem hún lagði hér fram. N. fór svo að athuga þetta nánar og komst að þeirri niðurstöðu, að réttast mundi að semja frv. í raun og veru alveg að nýju og breyta lögunum, sem nú gilda um bæjanöfn hér á landi. Þetta varð til þess, að n. samdi — ja, við skulum kalla það bara nýtt frv. að lögunum eða endursamdi lögin, og eftir að hún hafði gert það, þá sendi hún það til örnefnanefndarinnar, sem hefur haft með þessi lög að gera frá fyrstu tíð. Í örnefnanefndinni sitja Geir Zoëga vegamálastjóri, sem er formaður n., próf. Ólafur Lárusson, Pálmi Hannesson, Hilmar Stefánsson og Matthías Þórðarson. Þessir menn höfðu svo þessar tillögur okkar til meðferðar, hafa verið nokkuð lengi með þær, og loksins fengum við þeirra umsögn, munnlega þó. Þá gerðu þeir fáeinar brtt. við okkar uppkast, sem við tókum allar upp og lögðum svo hér fram.

Breytingarnar, sem hér eru gerðar frá eldri lögum, eru fyrst og fremst þær, að það er tekið upp alveg nýtt ákvæði um, að heimilt sé að gefa nafn — og örnefnanefndin skuli ákveða það — þorpum, sem risa upp í landinu. Það er nú svo, að það hafa breytzt staðhættir hér á landi ákaflega mikið síðustu árin. Það hafa skapazt þorp, sem sum þeirra má segja að séu búin að fá fast og jafnvel löglegt nafn, eins og t. d. Selfoss, þar sem búið er löglega að skíra hreppinn, sem þorpið myndar, Selfosshrepp. Þó er það nú svo enn, að þetta nafn er það laust í reipunum, að maður heyrir kauptúnið jöfnum höndum kallað Selfoss, Tryggvaskála eða Ölfusá. En ég verð nú að telja, að nafnið Selfoss sé orðið löglegt nafn á þorpinu. Austur við Stórólfshvol er að myndast þorp, sem hefur manna milli fengið nafnið Hvolsvöllur og ekki annað, en hefur ekki heldur verið staðfest. Austur á Egilsstöðum er að myndast þorp, sem gengur undir ýmsum nöfnum. Norður í Miðfirði er að myndast þorp, sem líka gengur undir ýmsum nöfnum og hefur ekkert löglegt nafn enn. Norður í Skagafirði, hjá Steinsstöðum, Reykjum og þeim bæjunum, er enn að myndast þorp o. s. frv. Við ætlumst til þess í þessu frv., að sýslunefndin skuli stinga upp á því við örnefnanefndina að gefa svona þorpum ákveðið nafn og benda á, hvað henni þyki hæfilegt nafn á þorpið, og þá skuli það lögfest.

Einnig tökum við fyllra fram en áður var, hvernig að eigi að fara, þegar menn sækja um ný nöfn, og hvaða gögn menn þurfa þá að láta fylgja, ef þeir vilja kenna það við staðhætti, landslag eða eitthvað annað, þannig að örnefnanefnd geti frekar áttað sig á, hversu réttmætt það er að lögfesta það á viðkomandi býli.

Í lögunum, eins og þau voru áður, var ekkert um það, hvernig með skyldi fara, ef örnefnanefnd og jarðareigandinn yrðu ekki sammála um nafnið, og af því leiðir, að yfir 40 nöfn, sem eru í fasteignamatsbókinni frá 1942, hafa aldrei verið staðfest af örnefnanefnd. Nú gerum við ráð fyrir því, að þegar svona komi fyrir, að örnefnanefnd vilji ekki staðfesta nafn, sem maðurinn vill fá á sitt býli, þá skuli, eftir að það er búið að fara á milli örnefnanefndar og hans og ekki hefur náðst samkomulag, örnefnanefnd benda honum á þrjú nöfn og segja: Eitthvað af þessum nöfnum getur þú fengið á þitt býli — og vilji maðurinn ekki taka neitt af þeim, þá gangi málið til ráðherra, sem þá úrskurðar — vafalaust í flestum tilfellum eftir till. örnefnanefndar, en gæti líka hugsazt, að hann færi eftir tillögum mannsins — ákveðið nafn á býlið.

Enn fremur höfum við gert það í samræmi við það, sem áður var í lögunum að vísu, en það á við eldri tíma, að láta þau býli, sem búin eru að fá nöfn í fasteignabók, sem örnefnanefndin hefur aldrei samþykkt, — þau munu vera nálægt 40, sem voru byggð milli 1930 og 1940, — halda þeim sem löglegum. Við verðum að líta svo á, að þessi nöfn séu þegar staðfest af stjórnarráðinu. Stjórnarráðið er búið að löggilda bókina og löggilda þessi býli þar með. Þess vegna látum við þessi nöfn falla undan því að þurfa að sækja um leyfi. Við skoðum þau lögfest. Það má kannske deila um það. Stjórnarráðið hefur löggilt bókina og þar með nafnið og matið á þessum býlum með þessu nafni, en örnefnanefnd hefur aldrei fengizt til að viðurkenna þau og samþykkja. Hin, sem eru heldur fleiri, sem ágreiningur hefur verið um milli örnefnanefndarinnar og eigendanna og til hafa orðið eftir að sú bók kom út, verða áfram í deiglunni og verða að komast út úr henni á þann hátt, að örnefnanefndin taki sig til og búi til þrjú nöfn og sendi hverjum manni, og svo verður hann að velja á milli og ráðherra að úrskurða. Með því fá þau löglegt nafn, ef lögin yrðu samþykkt eins og hér er lagt til.

Þetta held ég að séu nú aðalbreytingarnar, sem í þessu frv. felast. Við höfum eins og áður látið hús í kauptúnum ekki þurfa að ganga til örnefnanefndarinnar, heldur bara til viðkomandi sýslumanns. Á því eru engar breytingar. Við höfum tekið af skarið og bannað örnefnanefnd að láta taka upp nöfn, sem fyrir eru í viðkomandi sýslufélagi, til þess að forðast hér brjál á milli á bréfum og öðru, misgrip á fasteignunum, sem oft verða, þegar svo stendur á. Og við höfum gengið lengra. Við ætlumst til, að örnefnanefnd taki upp hjá sér að reyna að útrýma þeim nöfnum, sem eru mörg í sömu sýslunni, þar sem eru fimm Brekkukot í sömu sýslu og tvö í sama hreppnum, eins og er á einum stað, o. s. frv. Við ætlumst til, að þar eigi hún frumkvæðið að því að reyna að koma þessum samnefnum burt, þannig að ekki sé nema ein jörð í hverri sýslu með sama heiti. Ég geri ráð fyrir, að þetta verði sums staðar ákaflega létt verk, á öðrum stöðum verði það nokkuð erfitt. Ég geri t. d. ráð fyrir því, svona án þess að ég viti nú neitt um það, að í t. d. Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem Nesin eru þrjú, sem ég man nú eftir, án þess að hafa neitt krufið það til mergjar, — það getur vel verið, að þau séu fleiri, en ég man eftir þremur, — ég geri ráð fyrir því, af því að það eru svo gömul nöfn og þar hafa búið þekktir menn, að mönnum sé illa við að skipta um þau, en það á nefndin þó að reyna að gera eftir þessu frv., hún á að reyna að láta ekki vera nema eitt Nes eftir í Suður-Þingeyjarsýslu, þegar hún er búin að laga þetta. Þetta er líka nýtt í lögunum og enn fremur það samhliða, að sums staðar er nú ekki um samnefni að ræða beint, heldur ákaflega náið, þótt það sé kannske ekki alveg samnefni. Í því sambandi vildi ég nú gjarnan leiðrétta það, sem ég sagði hér við fyrri umr., — það sá ég, þegar ég fór að setja mig inn í málið, að ekki var rétt, — ég sagði, að nefndin hefði leyft tvo Ásgarða í Skagafjarðarsýslu. Það hefur hún ekki gert. Hún hefur látið annað býlið heita Ásgarður og hitt Ásgarðar, en það er nú anzi nálægt, að það sé sama nafn, og spurning, hvort það er heppilegt að hafa svo náið. Við að minnsta kosti bendum á það og ætlumst til, að hún sneiði fram hjá því að taka upp svo náin nöfn á tveimur jörðum í sama sýslufélaginu.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara nánar út í þetta. Ég hef hérna lista yfir öll þau býli, sem ekki var búið að samþykkja nöfn á fyrir skömmu. Eitthvað hefur komið síðan. Ég fékk í morgun tilkynningu um sex nýbýli með nöfnum, og ég sé, að þar koma tvö af þessum, sem lengi er búin að standa deila um. Það hafa verið samþykkt

núna alveg nýlega, og þetta getur vel verið með fleiri, svo að það sé ekki alveg eins margt eins og ég sagði áðan, sem núna er eftir að samþykkja nöfn á, af býlum, sem eru orðin til og menn setztir á. En þau eru þó nokkur áreiðanlega, þó að eitthvað af þeim hafi fallið burt.

N. er held ég öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt eins og hún nú leggur til á þskj. 324. Að vísu var einn nm. ekki við, þegar við gengum frá þessu, en við vorum áður búnir að tala um þá stefnu, sem um er að ræða, og mér virtist hann þá vera með því, en náði ekki í hann, þegar nál. var sett út, og þess vegna er ekki nafn hans hér undir. Það var hv. 1. landsk. þm. (BrB), en ég veit ekki annað en að hann sé með því líka, en það kemur þá í ljós núna, ef það ekki er.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hér í brtt. hv. menntmn. er gert ráð fyrir því, að skipuð sé 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd og eigi að hafa ákveðið verkefni. Eftir því sem hv. frsm. upplýsir, mun þessi n. hafa verið til alllangan tíma og vera enn starfandi, enda minntist hann á þá aðila, sem eiga í henni sæti. Nú vildi ég gjarnan fá upplýst hjá hv. frsm., hver er kostnaður við þessa n. Ég hef ekki getað rekið mig á, að lagt sé til þessara starfa neitt framlag á fjárlögum. Eins vildi ég spyrja, hvort ekki væri eðlilegra, að þetta verkefni væri falið norrænudeild háskólans og það væri þá framkvæmt af þeim mönnum, sem þar starfa, án þess að nokkuð væri greitt fyrir það úr ríkissjóði, hvort það gæti ekki samrýmzt þeirra störfum. (Gripið fram í.) Þá held ég, að ég mundi leggja til, að n. yrði alveg lögð niður, því að ef það er ekki svo mikill áhugi hjá háskólanum, eftir að búið er að gefa honum ýmis fríðindi, að hann vilji standa á verði fyrir því, að ekki séu sett upp skrípanöfn í landinu, þá sé ég ekki, að Alþingi ætti að gera mikið að því að halda áfram að gefa þeim skóla fríðindi. En ég vil ekki trúa því um norrænudeild háskólans fyrr en ég tek á, að þeir menn vildu ekki taka að sér þetta verk, án þess að sérstaklega væri greitt fyrir það. Hins vegar er mér ekki kunnugt um, hvort nokkuð er greitt þeim mönnum, sem hér hefur verið rætt um. En mér finnst miklu eðlilegra, að málið sé afhent norrænudeild háskólans, og mun gera um það brtt., ef n. fæst ekki til þess að taka það upp.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég spurði hæstv. menntmrh. um þetta sama við 1. umr. og fékk ekki svar hjá honum. Síðan hef ég rannsakað þetta hjá ríkisféhirði, og síðan n. varð til, 1937, hefur henni aldrei verið borgaður einn eyrir úr ríkissjóði, enda eru mennirnir, sem í henni hafa unnið, fastir, sæmilega vel launaðir starfsmenn ríkissjóðs. **(Dómsmrh.:** Hverjir eru það?) Það er Geir Zoëga vegamálastjóri, svo var það Björn Guðfinnsson, Ólafur Lárusson, Pálmi Hannesson og Matthías Þórðarson. En í staðinn fyrir Björn Guðfinnsson kom Hilmar Stefánsson inn í nefndina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er nú að vísu óvanalegt að formi, þar sem það er ætlazt til, að í staðinn fyrir litla breyt. komi heill lagabálkur, og má raunar nokkuð efast um, hvort það sé rétt þinglegt form. Ég skal ekki ræða um það. Það er undir úrskurði hæstv. forseta komið. En það var út af ummælum hv. frsm. og seinni málsgr. væntanlegrar 5. gr., þ. e. e-liðar brtt. Ég verð að segja, að það sé dálítið klaufalegt orðalag, þar sem segir: „Nú þykir örnefnanefnd rétt að breyta nafni á býli“ o. s. frv. „og er þá rétt, að hún hlutist til um.“ Er dálítið klaufalegt að tvítaka orðið „rétt“ þarna. Ég vil benda hv. n. á, hvort ekki er betra að hafa á seinni staðnum: „og er henni þá heimilt“.

Sérstaklega vil ég víkja að því, þar sem það er nauðsynlegt að ljóst sé, hvort það á að vera skylda n. að hefjast handa um þessi efni eða hvort þarna er einungis um heimild að ræða. Ég skildi nú orð hv. frsm. og skil raunar greinina einnig þannig, að einungis sé um heimild að ræða, af því að nokkuð getur það orkað tvímælis, hvort rétt sé að breyta nöfnum á fornum býlum, jafnvel þótt þau séu samnefnd í sömu sýslu, býlum, sem eru alþekkt, kunnir menn hafa búið á og ýmsir rekja ættir sínar til fólks, sem þar hefur verið. Ég vil vekja athygli á því, að þetta getur verið nokkuð viðkvæmt mál, ef á að breyta fornþekktum nöfnum, og þarf töluverðrar íhugunar við. Það er allt annað, hvort menn vilja hafa vissa skipun á nýnefnum, þannig að ekki séu tekin upp ný nöfn, sem eru hin sömu eins og á öðrum stöðum þar í nágrenninu. Hitt þarf að fara mjög varlega í. En ef það er alveg ljóst, að einungis sé um heimild að ræða, og ekki ætlazt til þess, að þetta sé skoðað neitt í átt við skyldu, þá sé ég ekkert að athuga við þetta efnislega.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði um þetta mál eða um síðari málsgr. e-liðar brtt. Og mér finnst það ekki einhlítt, þó að skilja beri málsgr. svo, að þetta sé aðeins heimild fyrir örnefnanefnd, því að niðurlag þessarar málsgr. er þannig, að ef n. finnur upp á því að vilja breyta nafni, t. d. á gömlu býli, þá ber fasteignareiganda að hlíta úrskurði hennar.

Ég held, að það geti, eins og hæstv. ráðh. tók fram, verið á ýmsum stöðum og undir ýmsum atvikum mjög viðkvæmt að fara að breyta t. d. nafni á jörð, sem hefur heitið svo frá landnámstíð, bara vegna þess, að í sömu sýslu kann að vera önnur jörð með sama nafni. Og satt að segja, þá held ég að sé alls engin þörf á því, að það megi ekki vera tvær eða fleiri samnefndar jarðir í sömu sýslu. Hér hefur verið minnzt á tvö Nes í Þingeyjarsýslu, Nes í Fnjóskadal og Nes í Höfðahverfi. (Gripið fram í.) Og það þriðja í Aðaldal. Ég sé nú ekki, að það geti valdið miklum ruglingi, hvað er erfitt að skrifa t. d. utan á bréf: Nes í Fnjóskadal, Nes í Höfðahverfi, Nes í Aðaldal. Hitt er lakara vitanlega, þegar jarðir eru samnefndar, sem kemur fyrir, í sömu sveit eða sama hreppi. Ég býst nú ekki við að gera ágreining um þetta við þessa umr. málsins, en ég er ekki við því búinn að samþ. þetta endanlega út úr hv. d. með þessum ákvæðum. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að reyna að koma í veg

fyrir ljót og óviðeigandi nöfn á nýjum jörðum, jafnvel að hafa einhver áhrif á það, að ef slíkt nafn er á eldri jörðum, þá sé því breytt. En að eigandi jarðar sé undir öllum kringumstæðum skyldur til að hlíta úrskurði þessarar n., það finnst mér dálítið hart aðgöngu. Mér dettur í hug sú jörð, sem ég er upprunninn frá og hef alið mestallan aldur minn á. Það eru til þrjár aðrar jarðir í Eyjafjarðarsýslu með því nafni. (Gripið fram í.) Ég vil alls ekki ganga inn á það, að það þurfi að fara að nema það nafn í burtu. Þverá í Öxnadal, Þverá í Svarfaðardal, Þverá í Eyjafirði, mér finnst þetta alveg nægilega aðgreint, þó að það sé í sömu sýslu. Ég vildi því mjög biðja hv. n. að taka þetta atriði til nýrrar yfirvegunar, og sjái ég ekki neina till. um það fyrir 3. umr., þá sé ég mér ekki annað fært en að bera fram brtt. við 3. umr., þó að ég muni nú fylgja frv. með brtt. n. við þessa umr. til bráðabirgða.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal nú lofa því fyrir n. hönd að athuga þetta, sem hér hefur komið fram hvort tveggja, bæði það, hvort heppilegra þykir að láta aðra en örnefnanefnd fjalla um þetta, eins og hv. þm. Barð. minntist á, og eins hitt, sem reyndar hefur vakað fyrir n., að n. ætti að vinna að þessu, en ekki að það væri skylda, en ég skal athuga, hvort það er ekki hægt að hafa orðalagið þannig, að það sé ótvírætt.

Ég get sagt frá því, til þess að mönnum sé ljósara, að það sé þörf á þessu, að ég hef tvívegis fengið skökk veðbókarvottorð vegna þess, að jarðir hafa heitið sömu nöfnum, þegar ég var að taka lán fyrir bændur. Þannig er það ekki alveg víst, að það komi ekki að sök. Ég áttaði mig undireins á því, og það kom ekki að sök, en bankinn, sem hlut átti að máli, hefði ekki áttað sig á því. Það var bara af því að ég vissi, hvað átti að hvíla á jörðinni, sem ég átti að taka lán út á fyrir viðkomandi bónda, og sá, að veðbókarvottorðið gat ekki átt við þá jörð, af því að það voru allt aðrar tölur, svo að ég símaði til viðkomandi sýslumanns, sem áttaði sig þá á því. Jú, það var önnur jörð, sem hét sama nafni, sem hann hafði tekið í misgripum. Enn fremur get ég sagt frá því, að það kemur fyrir, — ég vil ekki segja vikulega, en mánaðarlega, að mennirnir á pósthúsinu hringja í mig og segja: Á hvaða Hóli á nú þessi maður heima? Geturðu sagt mér, á hvaða Hóli það er, sem hann býr, maður, sem heitir Jón Pétursson eða eitthvað annað? — Og oftast nær get ég leyst úr því, en ekki ævinlega. Þannig koma samnefnin líka þar að sök. Enn fremur er það á hverju hausti nokkrum sinnum, sem hringt er til mín, bæði frá Keldum og eins frá prófessor Dungal, og sagt: Hvaðan heldur þú, að hann sé, maðurinn, sem á heima á einhverjum bæ, Gili eða einhvers staðar, sem heitir þetta eða hitt og biður mig að senda sér bóluefni í svona margar kindur? Á hvaða Gili heldur þú, að hann búi? Hvert heldur þú, að ég eigi að senda það? — Þetta kemur líka fyrir. Það er auðvitað af því, að mennirnir hafa ekki sjálfir nógu greinilega sagt, hverjir þeir væru, þegar þeir skrifuðu bréfið. En þetta kemur fyrir á hverju einasta hausti, þegar verið er að senda út bóluefni, bæði bráðapestarbóluefni og eins bóluefnið núna frá Keldum, svo að það er ekki alveg einskis virði að hafa nöfnin sem greinilegust. En ég get verið sammála þeim, sem hér hafa rætt um það, að það var ekki meining okkar að gefa nefndinni hér óskorað vald, einmitt af því, að við vitum nú, hvað nöfnin eru mönnum viðkvæm. Það var ekki meining okkar að gera það að skyldu, og það er fyrir klaufalegt orðalag hjá okkur, sjálfsagt mér að kenna, að það er komið inn, því eins og ég veit, að létt er að afnema sumar samnefnurnar, eins erfitt verður að afnema aðrar. Þó er ég ekki viss um það. Ég tel t. d., að það muni verða tiltölulega auðvelt að þurfa ekki að hafa tvær Þverár í Svarfaðardal, það muni vera tiltölulega mjög auðvelt að fá breytt nafni á annarri. En ég býst við með Þverá í Öxnadal og Þverá í Öngulsstaðahreppum, að þar vilji hvorugur eigandi sleppa nafninu af sinni Þverá. Þess vegna verður þetta dálítið misjafnt, og þess vegna skal ég sem sagt lofa að athuga þetta og geri ráð fyrir, að d. geti orðið sammála um það atriði. — Að öðru leyti held ég ekki að ég þurfi að segja neitt frekar.

Það getur nú vel verið, að hæstv. ráðh. finnist ekki við eiga, að þingið sé að koma með svona miklar breyt. við lög, sem hæstv. ríkisstj. sá ekki ástæðu til að koma með nema sáralitlar breyt. við. En ég vil nú halda, að það hafi ekki komið þannig frá ríkisstj. af því, að hún sé því mótfallin, að það sé fleiru breytt í lögunum og tekin upp þessi ákvæði, sem hér eru, heldur bara af því, að hún hafi ekki lagt eða látið leggja neina vinnu í frv. Og ég býst bara við, að ef stjórnin hefði spurt örnefnanefnd, hvort hún vildi ekki breyta því meira, þá hefði hún komið sjálf með miklu ýtarlegri breyt. heldur en stjórnin kom með. Ég geri ráð fyrir þessu, án þess að ég þó viti þetta. Og þess vegna held ég, að ríkisstj. sem slík þurfi ekkert að fyrtast við það á nokkurn hátt, þó að við tökum upp meiri breyt. á frv. heldur en hún lagði til. Það er ekkert vantraust á henni frá okkar hálfu á nokkurn hátt, þó að við tökum upp fleiri breyt. þarna við frv., breyt., sem þeir menn, sem unnið hafa að þessu, eru sammála um að séu til bóta.

Forseti (BSt): Það er nú rétt, sem hér hefur verið bent á, að þetta er nú dálítið óvenjulegt, að brtt. við 1. gr. er heilt lagafrv. Samt sem áður sé ég ekki, að það sé neitt að formi til við það að athuga að bera þetta upp. Hv. þd. sker úr því með atkvgr., hvort þessar breyt. fá fylgi eða ekki. (Gripið fram í.) Ja, þetta er nú sama málið undir öllum kringumstæðum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér finnst nú hæstv. forseti fara nokkuð fljótt yfir sögu í þessum úrskurði sínum, því að málið er auðvitað engan veginn jafneinfalt og hann vill vera láta. Eins og hv. þm. Barð. skaut inn í, mundi það varla talið heimilt, ef borin væri fram ein lítil breyt. við eitt ákvæði skattalaga og svo væri sett inn t. d. við 3. umr. í seinni d. alveg nýtt skattalagafrv., gerbreyt. á eldri skattalögum, og mundi þá varla heimilt að afgreiða það mál í þinginu aðeins við eina umr. í

seinni d. og láta það síðan fara til einnar umr. í þeirri fyrri aftur. Þá væri hægt að afgreiða slíkt mál við tvær umr. Við getum haldið áfram að taka dæmi. Hegningarlögin eru viðamikill bálkur. Mundi vera heimilt, ef það kæmi breyt. við eitt ákvæði, við skulum segja að breyta sektarákvæði í hegningarlögum eða lengja fangelsisrefsingu við einhverju tilteknu afbroti, að setja inn allar hegningarlagagr., nokkuð hundruð að tölu, og telja, að það væri bara breyt. á því upphaflega frv.? Ég efast mjög um, að þetta fái staðizt, og er raunar sannfærður um, að það fær ekki staðizt. — Ég tel, að hv. n. hefði hér átt að flytja nýtt frv. Það er ekki af neinni þykkju fyrir hönd ríkisstj. Það stendur alveg á sama, hver málið hefði flutt. Og ég held, að efnislega séu flestar breyt. hv. n. til bóta, og ég þakka henni sem deildarmaður hér fyrir að hafa lagt þá vinnu í þetta mál, sem hún hefur gert. En mér finnst formið vera ákaflega varhugavert, og ég vildi skora á hæstv. forseta að láta athuga það mál nokkru betur, áður en hann úrskurðar, hvort þetta er heimilt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. kom dálítið flatt upp á mig þarna, svo að ég man ekki nákvæmlega um það atriði, sem ég vil hérna minna á, en þdm. munu sennilega kannast við. Hann tók dæmi af skattalögunum, hæstv. dómsmrh., og mig minnir það væri flutt einhver breyt. á skattalögunum hér nýverið, og þá var skotið inn bara brtt. frá hv. vandlætara þessarar aðferðar okkar, hv. þm. Barð., — bara svona smávegis breyt., að afnema alveg tekjuskattinn með öllu saman. Og þetta var, að mig minnir, látið ganga fram í gegnum d. þá. Ég vil bara skjóta þessu fram. Ég man ekki nákvæmlega, en mig minnir, að þetta væri svona. En sá, sem veit betur, hann leiðréttir þetta. (Gripið fram í.) Ja, en þá er fordæmið.

Forseti (BSt): Þetta, sem hér hefur verið rætt um, er auðvitað álitamál, og fer eftir atvikum, hvernig á það ber að líta. Það er algengt, eins og allir vita, þótt borið sé fram lagafrv. um tiltekna breyt. á lögum, að þá eru bornar fram brtt. við það frv. um frekari breyt. á þeim lögum heldur en frv. fjallar um. Hafa slíkar breyt. oft og tíðum verið samþ. og gerðar að lögum. En hér er um margar breyt. að ræða, þ. e. a. s., hér er um till. að ræða, sem gerir ráð fyrir, að allmargar lagagr. komi í staðinn fyrir 1. gr. frv. En þær eru um sama efni eins og þau lög eru, sem frv. fjallar um að breyta. Ég sé því ekki annað en að þessar till. megi bera upp. Ég skal sem hliðstæðu nefna, að hér var borið fram lagafrv. um breyt. á þingsköpum. Það fjallar aðeins um þá nauðsynlegu breyt., sem þurfti að gera vegna þess, að nú er hafin vélræn upptaka á þingræðum. Ég tel alveg fráleitt, að í sambandi við þetta lagafrv. megi ekki breyta fleiri atriðum þingskapa. Og svo er einmitt um þetta. Minn úrskurð skal ég gjarnan bera undir d. og beygja mig fyrir henni. En hann er sá, að þessar till. eða þessi brtt., þótt í mörgum liðum sé, verði borin upp, og tel ég, að slíkt hafi oft skeð. (Gripið fram í.) Ja, minn úrskurður er, að þetta megi berast upp, þar sem þetta er um sama efni og þau lög, sem verið er að breyta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Vegna þess að það var minnzt hér áðan á hliðstætt mál, brtt., sem ég flutti þá í sambandi við breyt. á skattamálum, og herra forseti úrskurðaði þá eins og nú, að sú brtt. skyldi borin upp, en gat þess um leið, að ef brtt. yrði samþ., þá mundi hann síðar úrskurða, hvort málið ætti að teljast sem nýtt mál eða ekki, þá vil ég benda á, að hæstv. forseti hefur hér haft á sama hátt, að bera þetta undir d., þótt hann hins vegar hafi engu lýst yfir um það, hvort þetta skuli teljast nýtt mál vegna þeirra breyt., sem á yrðu gerðar, ef till. verður samþ.

Forseti (BSt): Ég hef þegar lýst því yfir, að ég mun ekki skoða þetta sem nýtt mál, vegna þess að þótt tillagan verði samþ. eða tillögurnar, þá er það breyt. á lögunum um bæjanöfn, jafnvel þó að þau komi sem heild, eða um alveg sama efni. En ef þess er óskað, að minn úrskurður sé borinn undir d., þá er það heimilt.

ATKVGR.

Brtt. 324,1 (ný 1. gr.) samþ. með 6:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BSt.

nei: LJóh, GJ.

JJós, BBen, FRV greiddu ekki atkv.

6 þm. (SÓÓ, StgrA, BrB, GÍG, HG, HermJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að hæstv. forseti hefur lýst því yfir, að hann muni ekki skoða þetta sem nýtt mál, ef till. verður samþ., en ég tel, að aðra meðferð hefði átt að hafa á þessu máli, þá segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Já, til 3. umr.

2. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 324,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um bæjanöfn o. fl.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 338, 358, 361).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef borið fram hér brtt. á þskj. 358 við 5. gr., að 2. málsgr. falli niður. Ég tel, að það sé ekki eðlilegt eða rétt að hafa þá málsgr. í lögunum. En skyldi fara svo, að sú till. verði felld, þá hef ég borið fram til vara aðra till. á sama þskj., að í stað orðanna „í sama sýslufélagi“ komi: í sama hreppsfélagi, — þannig að ekki sé ástæða til þess að fara að breyta nöfnum á býlum, þó að samnefni sé á bæjum í sama sýslufélagi, ef það er ekki í sama hreppsfélagi. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta nánar, en verði báðar till. felldar, þá get ég ekki fylgt frv. — mun því greiða atkvæði á móti því, ef varatill. verður einnig felld.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Nefndin hefur eftir ábendingu, sem kom hér

fram síðast, flutt brtt. við síðari málsgr. 5. gr. og orðar hana alveg um. Hún er á þskj. 361 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjált, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar."

Breyt., sem þarna er gerð, er í fyrsta lagi sú, að tekið er eftir ósk örnefnanefndarinnar inn í gr.: „eða sérstaklega óþjált". Það er viðbót við það, sem áður var. En örnefnanefndin óskaði þess með bréfi til n., að þessu yrði bætt við, og n. féllst á það. Enn fremur er fellt aftan af, að jarðareigandi skuli hlíta úrskurði n. Þannig verður það ekki nú annað en fyrirmæli til örnefnanefndarinnar að vinna að því, að samnefningar á býlum í sömu sýslu hverfi. Vilji eigendur býlanna ekki verða við þeim óskum hennar á neinn hátt, þá getur hún ekkert gert, og þá halda nöfnin á býlunum áfram að vera mörg í sama sýslufélagi, sem við teljum óheppilegt og ég nefndi um dæmi síðast þegar málið var hér til umr. En brtt. frá þm. Barð. á þskj. 358 var áður komin. Það, sem fyrir honum vakir, er, að mér skilst, að það sé ekkert við það að athuga — eða n. eigi að minnsta kosti ekki að skipta sér af því, þótt það séu samnefni innan sýslu, en hann vill banna það innan hrepps. Þess vegna ætti hans varatill. að vera stíluð sem brtt. við brtt. okkar, að í staðinn fyrir „í sama sýslufélagi" kæmi: í sama hreppsfélagi. — Það er meiningarmunur hér. Ég held það sé nú óhætt að leyfa n. að reyna að ná burt samnefnunum innan sýslu; það nær ekki lengra, eins og lögin verða nú. Ef menn fást ekki til þess með góðu, þá verða þau áfram, enda þótt það valdi oft ruglingi á fleiri vegu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég veit nú ekki, hvernig hæstv. forseti hugsar sér að bera upp þessar till. En ég hefði getað fellt mig við að taka aðaltill. mína á þskj. 358 aftur, ef brtt. 361 yrði samþ. En ég hefði hins vegar gjarnan viljað bera fram varatill. sem brtt. við till. á þskj. 361, þannig að í stað „í sama sýslufélagi" komi: í sama hreppsfélagi — og mun leggja það til hæstv. forseta, þ. e. taka aftur aðaltill., en bera varatill. fram sem brtt. við brtt. frá menntmn. á þskj. 361.

Forseti (BSt): Mér virðist, að það geti staðizt, og hafði reyndar hugsað mér það, ef aðaltill. á þskj. 358 yrði felld, að bera þá varatill. upp næst á eftir, því að hún getur vel staðizt, þótt brtt. á þskj. 361 sé samþ., þar sem hún breytir aðeins einu orði, sem er samhljóða í greininni og í brtt., að í staðinn fyrir „í sama sýslufélagi" komi: í sama hreppsfélagi. — Þessi orð standa bæði í gr. og í brtt. á þskj. 361.

ATKVGR.
Brtt. 358. aðaltill. tekin aftur.
— 358. varatill. felld með 6:3 atkv.
— 361 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 400).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta mál var hér fyrir d. áður, en Ed. hefur gerbreytt því, og tel ég sjálfsagt að fresta þessari umr. og vísa málinu til menntmn. að nýju.

Forseti (JG): Það hefur komið fram ósk um að fresta umr. um þetta mál, og verður orðið við þeim tilmælum og málinu vísað til n., ef þd. samþykkir það.

ATKVGR.
Frv. vísað til menntmn. með 20 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil benda á, að þessu máli var vísað formlega til menntmn. í fyrradag, og hefur að sjálfsögðu ekki unnizt tími til að afgreiða það þar enn þá. Tel ég sjálfsagt, að það verði tekið af dagskrá.

Forseti (SB): Málið mun nú hafa verið sett á dagskrá í trausti þess, að hv. n. hefði lokið athugun sinni á því, en þar sem hún ekki hefur gert það, þá vil ég beina þeim tilmælum til hennar, að hún ljúki því hið fyrsta. En það verður orðið við þeim tilmælum hv. 7. þm. Reykv. að taka málið af dagskrá að þessu sinni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 5. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 400, n. 756).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til l. um bæjanöfn o. fl. var lagt fyrir þessa hv. d. á öndverðu þessu þingi. Í hv. Ed. var málinu gerbreytt, og hefur það legið um hríð hjá menntmn. til athugunar, eftir að Ed. gekk frá því. N. hefur orðið ásátt um að leggja til, að málið verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 400.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 792).

---

38. Ríkisborgararéttur (veiting).

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [164. mál] (stjfrv., A. 281).

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 425).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, sem er um veitingu ríkisborgararéttar. Jafnframt lágu fyrir n. nokkrar umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, sem hún einnig athugaði. Og án þess að n. telji sig eða teldi sig vera bundna af 10 ára búsetuskilyrði, þá athugaði hún það fyrst, hversu lengi umsækjendur hefðu dvalið í landinu, og hefur ekki lagt til hér, að öðrum sé veittur ríkisborgararéttur *heldur en þeim, sem eru búnir* að dvelja hér í 10 ár eða meira, með einni undantekningu þó. Þessi undantekning er nr. 5 í brtt. n., en það er reglusystir í Hafnarfirði, en sú hefur verið venja að veita þeim, sem starfa með þeim hætti, þ. e. nunnunum við kaþólsku spítalana, ríkisborgararétt, ef þær sækja um hann, enda mun það vera þannig, að þegar þetta fólk er komið hingað, þá er ætlazt til þess, að það verði hér ævilangt. Þegar n. hafði svo athugað þetta atriði með búsetuna, þá athugaði hún skjöl þessa fólks að öðru leyti og hefur fullvissað sig um það, að svo miklu leyti sem það sést af skjölunum, að ekkert sé athugavert við það að veita þessu fólki ríkisborgararétt.

Ég vil geta þess um nr. 2 og 3 í till. n., að þeir eru taldir fæddir og eru fæddir í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en eru norskir að uppruna.

Þá vil ég geta þess með nr. 7, að hann er Tékki og er ríkisfangslaus, þar eð stjórn Tékkóslóvakíu hefur ekki viljað veita honum passa. Honum hefur á hinn bóginn verið veitt leyfi til þess að flytja til Ameríku, en hann óskar fyrst og fremst að ílengjast hér og stundar nú nám í guðfræði við Háskóla Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Allshn. hefur í hyggju að athuga umsóknirnar örlítið betur og geymir sér rétt til þess að gera brtt. við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 425 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. og 41. fundi í Ed., 15. og 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 451, 456, 458).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það er svo langt um liðið síðan þetta mál var á dagskrá síðast, að það er nú ofur lítið farið að fyrnast yfir það, en ég hygg þó, að ég hafi ekki f. h. allshn. verið búin að skýra þá brtt., sem n. ber fram á þskj. 456. En þessi brtt. er um það að bæta við fimm nýjum mönnum, sem hafa óskað eftir að fá veittan ríkisborgararétt. Tveir af þessum mönnum, nr. 1 og 5, eru fæddir í Færeyjum og einn, nr. 4, fæddur í Danmörku, og það hagar þannig til, að þeir eru allir komnir fyrir marz 1946 og mundu allir hafa getað öðlazt hér ríkisborgararétt, ef þeir hefðu bara með umsókn sótt um það samkv. l. um það efni, þar sem þeir voru danskir ríkisborgarar. Þótti n. því rétt, þar sem svo stóð á, að leggja til, að þeim yrði veittur ríkisborgararéttur. Aftur á móti voru þarna aðrir menn, sem höfðu sótt um ríkisborgararétt, fæddir í Færeyjum líka, en höfðu ekki komið fyrr en eftir þennan tíma, fyrr en eftir marz 1946, og leggur n. ekki til, að þeim verði veittur ríkisborgararéttur. Hinir tveir, nr. 2 og 3, eru fæddir í Þýzkalandi. Um nr. 2 stendur þannig á, að hann var kominn hingað og var búinn að vera hérna nokkuð mörg ár fyrir stríðið, — er búinn að vera hérna núna samtals í 12 ár, — en var fluttur út nauðugur þegar stríðið hófst. En nr. 3 hefur verið hér samfellt síðan 1924 og á hér uppkominn son, sem er íslenzkur ríkisborgari.

Ég held, úr því að ég er komin hér fram, að ég ræði þá í leiðinni þær brtt., sem hér eru bornar fram af hv. 4. landsk. þm. Nefndin hafði einnig þær umsóknir til athugunar, allar nema nr. 1 á þskj. 458. Að öðru leyti hafði n. þessar umsóknir til athugunar. En það stendur þannig á um nr. 1, 4 og 5, að það eru allt menn fæddir í Noregi, og þeir eru allir giftir íslenzkum konum. En n. setti sér í byrjun þá starfsreglu að taka ekki inn á frv. aðra en þá, sem höfðu dvalizt hér á landi í minnst 10 ár, og gerði enga undantekningu frá því, nema undantekningu, sem hefur komizt hér hefð á, þar sem eiga í hlut reglusystur, nunnur, — það var önnur undantekningin, — og svo þessi varðandi dönsku ríkisborgarana, sem hafa komið hingað 1944 og 1945. En þessir þrír norskfæddu menn hér komu hingað á vegum hersins í stríðinu, en eru hér ekki á manntali fyrr en 1944 og 1945, en þeir hafa sumir hverjir talið á umsókn sinni, að verutími þeirra sé frá því að þeir komu hingað sem norskir hermenn. Á þetta gat n. ekki fallizt, og þess vegna leit hún svo á, að því skilyrði, sem hún hafði sett sér til þess að fara eftir sem reglu, væri ekki fullnægt að því er varðaði þessa menn. Af þessum sökum var það, að nokkrir af þessum *mönnum voru felldir í n., en hafa nú* verið teknir upp af hv. 4. landsk. þm. Um nr. 6 á þskj. 458 er nokkuð svipuðu máli að gegna, að öðru leyti en því, að hann hefur verið mikið fjarverandi. Hann er hvorki búinn að uppfylla tímann hér, sem við settum sem reglu, og einnig hefur hann verið fjarverandi langan tíma af þeim stutta tíma, þannig að það eru ekki nema eitthvað 4—5 ár, sem hann hefur dvalizt hér. Nr. 2 er íslenzk kona, gift Austurríkismanni, sem er kunnur hljóðfæraleikari hér í Rvík. Hann hafði farið héðan burt af sjálfsdáðum — ekki vegna stríðsins — fyrir stríðið, 1938, og hann hefur ekki

heldur fullnægt 10 ára búsetuskilyrðinu, jafnvel þó að tekinn sé samtals sá tími, sem hann var búinn að vera hér, áður en hann fór 1938, og lagður við það sá tími, sem hann er búinn að vera, eftir að hann kom aftur að stríðinu loknu. N. gat því ekki fallizt á að leggja til, að honum yrði veittur ríkisborgararéttur. Af þessum sökum mun meiri hl. n., að ég hygg, greiða atkvæði gegn brtt. á þskj. 458, þar sem hefur farið fram atkvgr. um það í nefndinni.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og fram kom af ræðu hv. formanns allshn., þá voru uppi mismunandi sjónarmið í n. við afgreiðslu þessa frv. um það, hvaða reglu skyldi fylgt um veitingu ríkisborgararéttar eða hvernig skyldi svara umsóknum þeirra manna, sem að þessu sinni höfðu sótt um að fá íslenzkan ríkisborgararétt. Meiri hl. n. tók það upp sem reglu, sem að vísu stundum hefur verið farið eftir hér í þessari hv. d. við veitingu ríkisborgararéttar, en þó engan veginn alltaf, að setja það sem skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, að viðkomandi aðili hefði verið hér búsettur að minnsta kosti í 10 ár. Og till. meiri hl. eru við þetta miðaðar, eins og hv. form. n. hefur þegar skýrt frá.

Ég álít hins vegar, að það sé engin ástæða til þess að binda sig alveg við það, að viðkomandi aðili hafi verið búsettur hér endilega í 10 ár, heldur eigi við veitingu ríkisborgararéttar að fara eftir því, hvort viðkomandi aðili hefur raunverulega gerzt íslenzkur þegn og hefur hér tengzt þeim böndum við land og þjóð, sem líta megi á sem nokkra tryggingu fyrir því, að viðkomandi aðili ætli að ílengjast hér og ætli sér að verða íslenzkur borgari. Og ég held, að það sé nokkurn veginn ljóst um alla þá menn, sem ég hef leyft mér að flytja hér till. um að veittur yrði íslenzkur ríkisborgararéttur til viðbótar þeim, sem ýmist þegar hafa verið samþykktir eða meiri hl. n. leggur nú til að einnig verði samþykktir. Ég held, að þeir allir, sem ég hef tekið hér upp á þskj. 458, uppfylli þessi skilyrði, þannig að það verði naumast um það deilt, að það liggi alveg ljóst fyrir, að þeir séu í raun orðnir íslenzkir þegnar og ekki ástæða til að efast um, að þeir ætli sér að ílengjast hér, og að margir af þeim uppfylli þá innan mjög skamms tíma einnig þetta skilyrði, sem meiri hl. n. virðist leggja svo mikið upp úr, en ég tel ekkert höfuðatriði.

Ég skal þá lýsa í örfáum orðum aðstöðu þeirra manna, sem ég hef leyft mér að taka hér upp á þskj. 458 og legg til að einnig verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Nr. 1 er eins og nú standa sakir orðinn bóndi að Bæ í Hrútafirði. Það er Norðmaður, fertugur að aldri, kom hingað til landsins árið 1942, en eins og form. n. drap á áðan í ræðu sinni hér, þá starfaði þessi maður á vegum norska hersins fyrst eftir að hann kom hingað til lands. Það er nú að vísu ekki nákvæmlega rétt, að hann hafi komið á vegum norska hersins, og enda ekki hinir Norðmennirnir heldur, heldur hröktust þeir frá Noregi vegna styrjaldarinnar og tóku sér hæli hér, og af eðlilegum ástæðum störfuðu þeir síðan í þjónustu norska hersins hér við land, aðallega í flutningum, en ekki að hernaðaraðgerðum. En samt sem áður má náttúrlega færa fram rök fyrir því, að meðan þeir taka sér ekki lögheimili hér á landi, þá beri ekki að telja þennan tíma sem fasta búsetu þeirra hér á landi. Þessi maður starfaði sem sagt á vegum norska hersins fram til ársins 1945, tók sér síðan fastan bústað hér í Reykjavík og dvaldist hér til ársins 1948, en hefur síðan, eins og ég sagði áðan, búið að Bæ í Hrútafirði. Hann giftist íslenzkri konu, Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Kjörseyri í Hrútafirði, 19. maí 1945. Þau eiga tvö börn, tveggja og sex ára. Þessi Norðmaður er nú farinn að tala og skilja íslenzku samkv. vottorðum, sem umsókninni fylgja. Mér sýnist þess vegna liggja alveg ljóst fyrir, að þessi maður sé, eins og ég sagði í upphafi, orðinn íslenzkur þegn í raun og engin ástæða til þess að neita honum um íslenzkan ríkisborgararétt, þegar hann sækir um að öðlast hann.

Nr. 2 og 3 eru hjónin Jósef og Ingibjörg Felzmann. Jósef Felzmann er fæddur útlendingur, þ. e. Austurríkismaður, 42 ára, kom hingað til lands í september 1933 og dvaldist hér fram á árið 1938, að hann fór til Austurríkis, og vegna styrjaldarástandsins dvaldist hann þar lengur en hann mun hafa ætlazt til og kom ekki hingað til lands aftur fyrr en árið 1947. Hann er giftur íslenzkri konu, Ingibjörgu Júlíusdóttur, sem er Íslendingur, fæddur Reykvíkingur, og hefur alið aldur sinn hér, en hefur aðeins misst íslenzkt ríkisfang vegna þess, að hún giftist þessum útlendingi. Þau hjónin eiga tvö börn, 10 og 11 ára, og Jósef Felzmann talar og skilur íslenzka tungu. Það munar nú aðeins örlitlu, að hann nái þessum 10 ára dvalartíma, sem meiri hl. n. hefur nú bundið sig við, þannig að að minnsta kosti strax á næsta ári mundi hann uppfylla það skilyrði og mundi þá sennilega ekki verða neitað um ríkisborgararétt, ef hann sækti um hann á ný. En ég tel enga ástæðu til þess að vera að fresta því að veita honum ríkisborgararéttinn nú þegar. Og um konu hans þarf ekki að ræða, því að hún mundi að sjálfsögðu öðlast þann rétt að nýju um leið og honum væri veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, enda — eins og ég hef áður sagt — fæddur og uppalinn Íslendingur.

Nr. 4 er líka Norðmaður, eins og nr. 1, 41 árs gamall. Hann kom hingað til landsins 1941 og starfaði eins og hinn í þágu norska hersins, þ. e. a. s. norska verzlunarflotans, frá árinu 1941—45. Síðan hefur hann dvalið hér í Reykjavík og verið fastur starfsmaður hjá Eimskipafélagi Íslands. Hann er giftur íslenzkri konu, Ellen Daníelsdóttur kaupmanns Halldórssonar hér í Rvík. Þau eiga tvö börn, 8 og 4 ára. Hann skilur alveg íslenzku og talar hana að mestu leyti samkv. þeim vottorðum, sem umsókninni fylgdu.

Nr. 5 er líka Norðmaður, 35 ára gamall, kom hingað til lands 8. apríl 1942 og var í flutningum á sjó á vegum norska sjóhersins til 1944. Síðan tók hann sér fast aðsetur hér í Reykjavík og hefur dvalizt ýmist hér í Reykjavík og síðan í Kópavogshreppi, er giftur íslenzkri konu, Theodóru Þorsteinsdóttur, talar og skilur íslenzku. Þessi maður hefur nú tekið sér aðsetur suður í Kópavogshreppi og á þar húseign, sem til viðbótar því, sem áður er sagt, bendir til þess, að

hann sé alveg staðráðinn í því að hafa hér fast aðsetur, og er eins og hinir Norðmennirnir, sem ég þegar hef talað um, í raun og veru orðinn hér íslenzkur þegn.

Nr. 6 er einnig Norðmaður, sem er fæddur í Bandaríkjunum, þ. e. af norskum ættum, kom hingað til lands í febr. 1941, var kvaddur héðan til herþjónustu til Noregs í des. þetta sama ár og þaðan aftur til London, kom síðan hingað til lands og var hér í flutningum til ársins 1945. Það er að vísu rétt, sem hv. form. n. sagði áðan, að eftir 1945 dvaldist hann af og til erlendis, en hefur dvalizt stöðugt hér í Reykjavík síðan 8. marz 1949, auk þess sem hann hafði verið hér áður. Hann er giftur íslenzkri konu, Guðrúnu Salvöru Björnsdóttur frá Ísafirði, og þau hjón eiga þrjú börn, 11, 6 og 1 árs. Þessi maður talar og skilur íslenzku. Og hann er einnig að byggja sér íbúðarhús hér í hinu svo kallaða smáíbúðahverfi, þannig að það er engum blöðum um það að fletta, að hann er orðinn það tengdur bæði Íslendingum og Íslandi, að það er ekki um það að efast, að hann ætlar sér að dveljast hér eftirleiðis.

Eins og ég þegar hef sagt, þá lít ég þannig á, að það sé engum blöðum um það að fletta, að allir þeir menn, sem hér er um að ræða á þskj. 458, séu þegar í raun og veru orðnir íslenzkir þegnar og engin ástæða til að draga það í efa, að þeir ætli sér að dveljast hér langdvölum. Þess vegna tel ég heldur enga ástæðu til þess að neita þeim um íslenzkan ríkisborgararétt nú, þegar þeir sækja um hann, og sé enga ástæðu til þess að vera að draga það eftir því, að þeir uppfylli alveg bókstaflega þetta búsetuskilyrði, sem meiri hl. n. hefur nú bundið sínar till. við.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Varðandi þau ummæli hv. 4. landsk. þm., að það sé tilgangslaust eða algerlega þýðingarlaust að miða við nokkurn tíma með búsetu manna, sem veittur er ríkisborgararéttur, þá háttar nú þannig til, að Alþ. hefur ákaflega litlar upplýsingar yfirleitt, — það fylgja að vísu skjölunum ýmsar upplýsingar, en það er ekki neitt nægilegt til þess að vinna úr fullkomlega, þannig að það er nauðsynlegt að hafa einhverja reglu til þess að fara eftir. Þessi regla hefur nú verið sett upp í þeim lögum um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, sem hafa gilt fram til þessa, og Alþ. hefur yfirleitt farið eftir reglunni um 10 ára búsetuskilyrðið, þrátt fyrir það að það hafi einstaka sinnum verið gerðar um það undantekningar, þegar sérstaklega hefur staðið á, t. d. þegar í hlut eiga íslenzkir menn, sem af einhverjum ástæðum hafa misst ríkisborgararétt sinn, og því um líkt. Það er alveg ómögulegt, það er hvergi hægt að fóta sig á því, hverjum á að veita ríkisborgararétt og hverjum ekki, ef ekki eru settar upp neinar reglur og reynt að halda þær. Og þannig er það, að þrátt fyrir það að vafalaust sé, að hér sé um ágæta menn að ræða í þeim till., sem hv. 4. landsk. þm. ber fram, — ágæta menn, sem ekki er ástæða til þess út af fyrir sig að hafa á móti að yrðu hér ríkisborgarar, þá geta komið til greina ákaflega margir menn jafnframt, sem líkt stæði á um og ættu svo til alveg jafngóðan rétt. Sannleikurinn er sá, að það er ómögulegt að vita, hvar á að draga línuna, hverjum á að veita þennan rétt og hverjum ekki, ef ekki er reynt að hafa reglu og binda sig við þá reglu. Það getur vel verið, að í einstaka tilfelli þyki manni verra að þurfa að fara eftir reglunni, en yfirleitt mun það vera hagkvæmara í framkvæmdinni.

Það er líka skoðun meiri hl. n., að það sé ekki ástæða til þess, að Alþ. sýni allt of mikinn vilja á því að veita þessi réttindi of fljótt, og að það sé engin ástæða til þess að draga sérstaklega úr þeim skilyrðum eða þeim kröfum, sem gerðar eru, þar sem líka, eins og ég sagði áður, þingnefnd t. d. hefur fjarskalega lítil skilyrði til þess að gera athuganir um hvern einstakan, hvaða siðferðislegan rétt hann á umfram aðra. Þess vegna er það, að það verður að vera ein meginregla, sem farið er eftir, og það hefur allshn. reynt að gera í till. sínum, og af þessum sökum getur n. ekki mælt með þeim till., sem hv. 4. landsk. þm. lagði hér fram. — Nú, að það megi bara ganga að þessu algerlega reglulaust og sé engin ástæða til þess, eins og hv. 4. landsk. þm. segir, að fara eftir neinu, bara eftir eigin geðþótta, þá vil ég endurtaka það, að það er svo fjarska lítið mat, sem maður hefur, og sú er nú reglan að miða margt við visst árabil eða vissan tíma, og það verður aðalregla, líkt og þegar menn fá fjárráð og lögræði á vissum tímum. Menn eru misjafnlega þroskaðir á því árabili, en þrátt fyrir það er talið rétt, að það gildi um það ein meginregla. Á sama hátt hefur Alþ. fram til þessa talið nauðsynlegt að hafa meginreglu til þess að fara eftir, og allshn. hefur lagt til, að þeirri reglu verði haldið, og miðað sínar till. við það.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af þeim ummælum, sem hv. formaður og frsm. meiri hl. n. hafði hér um það, að við veitingu ríkisborgararéttar vildi ég ekki fara eftir neinu, nema þá bara eigin geðþótta, m. ö. o., að ef ekki væri farið eftir þessari 10 ára reglu, þá væri ekkert eftir til þess að fara eftir. Ég held, að þetta sé alger rangtúlkun á minni afstöðu í þessu máli, og hversu mikils virði sem þessi 10 ára regla kann að vera út af fyrir sig, þó að ég leggi lítið upp úr henni, þá vil ég þó halda því fram, sem ég sagði áðan, að hitt skipti meira máli, að viðkomandi aðilar séu í raun og veru orðnir íslenzkir þegnar, og það tel ég að menn séu orðnir, þegar þeir, eins og allir þeir, sem hér er um að ræða í mínum till., hafa tengzt íslenzkri fjölskyldu, tala og skilja íslenzkt mál, hafa unnið hér þó nokkuð langan tíma í þágu íslenzku þjóðarinnar eins og aðrir þegnar hennar og hafa að öðru leyti búið þannig um sig hér, að alveg efalaust má telja, að þeir séu staðráðnir í því að ílendast hér til frambúðar.

Þetta álít ég að sé bezta tryggingin, sem hægt er að fá fyrir því, að mennirnir verðskuldi það að hljóta íslenzkan ríkisborgararétt, og þegar þannig stendur á, þá sé engin ástæða til þess að neita þeim um hann, ef þeir að öðru leyti uppfylla þau almennu skilyrði, sem sett eru, eins og

þessir menn líka gera, þ. e. a. s. þeir hafi ekki gerzt brotlegir við íslenzk lög. Um það liggja fyrir vottorð með umsóknunum, að svo er ekki um þessa menn, þannig að ég get ekki séð, að nokkur ástæða sé fyrir hendi til þess að neita þeim um íslenzkan ríkisborgararétt, nema bara þessi eina regla, sem meiri hl. n. bítur sig svo fast í, en ég tel, eins og ég áður hef sagt, miklu minna virði heldur en þau önnur skilyrði, sem ég hef lýst að þessir menn uppfylla. Og þar með vil ég þá einnig andmæla því, sem hv. formaður og frsm. meiri hl. var að tala um, að svo litlar upplýsingar lægju fyrir um þá, sem sækja um ríkisborgararétt, að Alþ. þess vegna geti ekki tekið afstöðu til þeirra og verði þess vegna að skapa sér einhverja reglu, eins og þessa 10 ára reglu, sem síðan sé farið eftir, þá líklega án tillits til alls annars en bara hennar. Ég held einmitt, að þær upplýsingar, sem krafizt er af umsækjendum um leið og þeir sækja um ríkisborgararéttinn og ég hef t. d. lýst hér í sambandi við þessa menn, sem ég hef flutt sérstakar till. um, séu alveg nægilegar til þess, að Alþ. geti eftir þeim metið það, hvort viðkomandi aðili sé til þess hæfur að fá íslenzkan ríkisborgararétt. Þeim ástæðum hef ég lýst hér, og ég held, að eftir þeim sé alveg hægt að mynda sér skoðanir um þetta mál, og að þær upplýsingar séu meira virði heldur en þessi 10 ára regla, sem n. telur það eina, sem hægt sé að fara eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 456 samþ. með 10:1 atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil aðeins benda á, að bæði eftir núverandi ríkisborgararéttarlögum og sérstaklega eftir því nýja frv., sem liggur fyrir, þá er ætlazt til, að kona fái í raun og veru alveg sjálfstætt ríkisfang. Það er enginn efi á því, að eftir þeim reglum, sem fylgt hefur verið, þá mundi þessari konu hafa verið veitt íslenzkt ríkisfang, ef hún hefði sótt um það eitt mannlaus. Þess vegna tel ég eðlilegt, að það séu greidd atkv. sérstaklega um konuna, hvað sem menn vilja gera um manninn.

Brtt. 458,1 felld með 8:2 atkv.
— 458,2 samþ. með 9:2 atkv.
— 458,3—6 felld með 8:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 537).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Með frv. þessu, sem hingað er komið frá Ed., er lagt til að veita 15 útlendingum ríkisborgararétt. En þegar athuguð eru þessi nöfn, kemur í ljós, að hér er um erlend eftirnöfn að ræða, sem mjög stinga í stúf við íslenzkt mál, eins og t. d. nöfnin Eysturoy, Felzmann, Heinicke, Kyvik, Mikkelsen, Schäfer, Vorovka o. s. frv.

Á síðasta þingi var ríkisborgararéttur veittur útlendingum með því skilyrði, að þeir tækju upp íslenzk nöfn, til þess að forða því, að útlend ættarnöfn ílentust hér og að fjöldi manna í landinu gengi eftir nokkur ár undir útlendum ættarnöfnum. Ef ætti að veita öllum þessum mönnum leyfi til þess að halda sínum ættarnöfnum, þá er þeim veittur allt annar og meiri réttur en Íslendingum sjálfum, sem bannað er að taka upp ættarnöfn. Ég vænti því þess, að hv. n. taki það til athugunar, þegar hún fjallar um þetta frv., hvort ekki beri að setja sömu skilyrði við frv. þetta eins og var gert á þinginu í fyrra, til þess að fyrirbyggja það, að yfir landið flæði útlend ættarnöfn og ílendist hér um aldur og ævi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Svo sem hæstv. menntmrh. hefur þegar getið, gerði þessi hv. d. í fyrra nokkra breytingu á frv. til laga, sem fyrir lá um veitingu ríkisborgararéttar, í þá átt, að þeim, sem ríkisborgararéttur var veittur, var gert að skyldu að taka upp nýtt íslenzkt nafn. Það var heilbrigður hugsunarháttur, sem lá að baki þessari till., því að hér er um mikið vandamál að ræða. Það er óeðlilegt og óheppilegt, ef erlend nöfn af erlendum stofni, sem lúta reglum gerólíkum þeim, sem gilda í íslenzku máli, ná að festa rætur í málinu. Þess vegna tel ég, að það hafi í sjálfu sér verið heilbrigður hugsunarháttur og þakkarverð viðleitni, sem lá að baki þeirri till., sem um þetta efni var samþ. hér á síðasta þingi, og hún hreyfði vissulega máli, sem ástæða var til að hreyfa. En ég held, að hv. Alþingi hafi tekið ákvörðun um þetta í helzt til miklum flýti. Ég játa það á mig fúslega, að ég hugleiddi þetta mál þá ekki nógu rækilega. Ég greiddi atkvæði með þeirri breyt., sem samþ. var samhljóða, en hef seinna við nánari umhugsun um málið komizt að raun um, að þessi lausn, sem hér var lögtekin, er ekki heppileg og það er hægt að ná þeim tilgangi, sem ég held að hafi vakað fyrir menntmrh. í fyrra og hv. allshn., sem var einróma um þessa breyt., með öðrum og einfaldari hætti.

Það er tvímælalaust, að það er ekkert hégómamál fyrir hlutaðeigandi mann að þurfa að hætta að nefna sig og láta aðra nefna sig því nafni, sem hann hefur borið frá því að hann hlaut skírn, og taka allt í einu upp annað nafn. Nöfn manna eru algert persónumál og oft og einatt svo viðkvæmt, að því fylgja miklir vankantar að þurfa þar nokkurn hlut við að hrófla. Nafn manns er í raun og veru hluti af honum sjálfum, þannig að honum kann að finnast hann hafa glatað einhverju af persónuleika sínum, ef hann þarf að segja að fullu og öllu skilið við nafn sitt, e. t. v. kominn á fullorðinsár eða efri ár. Og mér hefur síðar dottið í hug, hvort ekki mundi vera til sú millileið í þessu máli að gera það eitt að skilyrði fyrir veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, að menn tækju upp íslenzkt fornafn, en héldu síðan ættarnafni sínu meðan þeir lifðu, og síðan giltu reglur íslenzkra nafnalaga auðvitað um af-

komendur þessara manna, þannig að þeir kenndu sig allir til föður síns, eins og nú er svo að segja aðalreglan varðandi íslenzk mannanöfn, m. ö. o.: því yrði frestað í eina kynslóð að láta þessa breytingu til íslenzkra nafna taka gildi. Þeir menn, sem nú fá ríkisborgararéttinn viðurkenndan, mega kalla sig áfram því ættarnafni, sem þeir hafa verið nefndir og er orðið hluti af sjálfum þeim. Aftur á móti taka þeir upp nýtt fornafn, stundum þarf ekki nema rétt aðeins að víkja því við, stundum þarf alls ekkert að breyta því, og börnin nota síðan þetta fornafn sem sitt föðurnafn að íslenzkum hætti.

Eini vandinn, sem hér er á ferðinni, yrði sá, ef börnin eru sjálf orðin fullorðnir menn, komin yfir tvítugt t. d. Þá þyrfti að athuga, hvort menn vildu láta nafnbreytinguna gilda um þau eða gefa líka þessum aðilum, sem þá eru orðnir fullorðnir menn, heimild til þess að nota ættarnöfn sín áfram, meðan þeir lifa, en láta síðan regluna, sem ég gat um áðan, gilda um afkomendur þeirra.

Það, sem hlýtur að vaka og á að vaka fyrir löggjafanum í þessu efni, er að tryggja það, að erlend nöfn festist ekki í málinu. Hitt skiptir auðvitað minna máli, hvort ákveðnir einstaklingar, komnir á miðjan eða efri aldur, noti áfram meðan þeir lifa þau nöfn, sem þeir hafa borið síðan þeir hlutu skírn.

Mér finnst í raun og veru einnig koma til greina, að þessi regla yrði látin gilda um þá menn, sem þegar bera íslenzk ættarnöfn. Ég er þeirrar skoðunar, að ættarnöfnin eigi öllsömun að hverfa úr málinu. Og það er allalgengt, að þeir menn, sem sjálfir bera ættarnöfn, láta þau ekki ganga áfram til barna sinna, heldur láta um þau gilda þá reglu, sem algengust er hér á Íslandi, að kenna barn til föður síns. Þannig er það t. d. um sjálfan mig, sem ber ættarnafn, en ég læt börn mín ekki bera það, heldur fylgja hinni venjulegu íslenzku reglu hvað það snertir.

En það er þó annað og stærra mál, hvort við ættum að ryðja ættarnöfnunum þannig algerlega burt úr málinu eða ekki. En ég vil benda hv. n. á að taka til athugunar, hvort ekki sé hér um að ræða millileið, sem fara mætti og gæti fullnægt hagsmunum beggja, þeim íslenzku hagsmunum að láta ekki erlend ættarnöfn, óskyld íslenzku máli, festast í málinu, án þess þó að valda þeim útlendingum, sem hér eiga hlut að máli, því tjóni, sem ég vil segja að það veldur þeim, ef þeir eru skyldaðir til þess að skipta um nafn og láta af hinu erlenda nafni sínu, því að það er tvímælalaust, að það veldur mönnum óþægindum og kann að taka menn sárt að þurfa að gera það. Ef hægt er að komast hjá því að valda mönnum slíkum vandræðum, þá tel ég einsætt, að það eigi að gera. Vil ég því mjög beina því til hv. allshn., hvort hún vildi ekki taka þessa hugmynd mína til athugunar.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég er fyrir mitt leyti mjög andvígur þeirri till., sem hv. 3. landsk. hefur borið hér fram í sambandi við hin erlendu ættarnöfn.

Íslenzk borgararéttindi eru mikils virði hverjum manni, sem þau fær. En þeir, sem óska eftir íslenzkum borgararéttindum, óska jafnframt eftir því að verða Íslendingar. Það virðist þess vegna ekki til of mikils mælzt, að þeir, sem fá þessi miklu réttindi, verði þá Íslendingar líka að nafninu til. Og ef menn ekki vilja fórna slíku fyrir þessi réttindi, sem tiltölulega fáum eru gefin, þá tel ég, að þeim liggi í léttu rúmi, hvort þeir fá réttindin eða ekki. Ef menn eiga að halda sínu erlenda nafni, meðan þeir lifa, þá hygg ég, að reyndin verði sú, að þeirra börn og þeirra barnabörn taki nafnið upp og haldi því áfram, svo að það verður niðurstaðan, að nafnið fellur ekki burt, heldur helzt við, alveg eins og engin skilyrði hafi verið sett fyrir því. Það verður reynslan, þótt þetta verði gert. Við sjáum, *hvernig framkvæmdin hefur verið á lögum um* mannanöfn, sem við höfum. Mun reynslan verða sú sama, ef mönnum verður heimilað að halda sínum nöfnum, jafnvel þótt um takmarkaðan tíma væri.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagðist óttast, að ef yrði farið að *minni* till., þá mundi reynslan verða sú, að þessi erlendu ættarnöfn festust algerlega í málinu, sökum þess að ríkisvaldið héldi slælega á sínu eftirliti. Í fyrsta lagi er nú það um þetta að segja, að ef sú yrði raunin á, þá yrði það algerlega sök ríkisvaldsins, sem auðvitað hefur það á valdi sínu að fylgja því eftir, að nafnalögum sé hlýtt.

Hitt er rétt hjá hæstv. ráðh., að það hefur verið mjög slælegt eftirlit með því, að nafnalögum sé hlýtt. Það væri fyllsta ástæða til þess að gera að því gangskör að láta hlýða þeim, og ég vildi að gefnu þessu tilefni mjög mælast til þess við hæstv. menntmrh., að á því yrði látin fara fram athugun, að hversu miklu leyti íslenzkum nafnalögum sé hlýtt, og gera gangskör að því að láta hlýða þeim. En um það, að líklegt væri, að nöfnin festust, ef hlutaðeigandi menn mættu halda þeim, er það að segja, að mér finnst ekkert þurfa að óttast það, vegna þess að það kæmi strax í ljós, hvort meining þessara manna væri að láta niðjana bera íslenzku nöfnin eða ekki, því að börn undir 16 ára aldri ættu strax að fara að kenna sig við hið nýja fornafn föðurins. Þá mundi strax koma í ljós, að ef þau nota áfram ættarnafnið, þá er það lögbrot, þá er það brot gegn þeim reglum, sem settar hafa verið. En það verður ekki talið neitt álag á börn og unglinga, þótt þau verði að skipta um nafn, hætta að bera ættarnafnið og kenna sig til fornafns föður síns. Eins og ég sagði áðan, er vandamálið það, ef börnin eru orðin fullorðin, hvort á að láta nýju nöfnin gilda um þau eða ekki, en þar held ég að skynsamlegast væri að taka upp ákveðið mark, 16 ára eða tvítugt eða eitthvað því um líkt, og láta nýju nöfnin þá gilda undir því marki.

Hæstv. ráðh. sagði, svo sem eðlilegt er, að það væri mikils virði fyrir þessa aðila að fá ríkisborgararéttinn og það væri ekki til of mikils af þeim mælzt, þótt þeir fórnuðu sínu fyrra nafni. Mér finnst nú, að það eigi ekki að líta á veitingu ríkisborgararéttarins eins og eins konar verzlun að þessu leyti. Við skulum gá að því, að Alþ. veitir ríkisborgararéttinn ekki sem eins konar greiða við þessa aðila, heldur jafnframt auðvitað af því, að við teljum það íslenzku þjóðfélagi feng að fá

þessa menn í hóp íslenzkra ríkisborgara. Hér er ekki um neitt kaup kaups að ræða, heldur er um gagnkvæma hagsmuni að ræða. Og mér finnst það ekki vera sómasamlegt fyrir íslenzka löggjafa að vilja þannig taka eitthvað í staðinn, taka eitthvert verð af þessum erlendu mönnum fyrir það að fá að veita þeim ríkisborgararétt. En það er rétt, og það viðurkennir hæstv. ráðh. í þessum ummælum sínum, að það sé fórn fyrir þessa aðila að þurfa að láta af því nafni, sem þeir hafa borið frá því að þeir hlutu skirn. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðh. Og það er í rauninni meiri fórn en svo, að mér finnist rétt að ætlast til hennar. Það er of mikil fórn af hálfu þessara manna að þurfa að segja skilið við nafn, sem er orðið hluti af sjálfum þeim, sérstaklega ef hægt er að komast hjá því. Og það er ekki nauðsynlegt. Tilgangurinn, sem er réttlætanlegur, er að koma í veg fyrir, að erlend nöfn festist í málinu. Þau verða ekki talin festast í málinu, þó að þeir, sem ríkisborgararéttinn fá, fái að nota þau áfram meðan þeir eru á lífi, ef þannig er frá gengið, að afkomendur þeirra noti ekki þessi nöfn. Og það verður ekki talin vera of mikil fórn, þó að börn eða unglingar upp að vissu marki séu látin breyta um nafn og lúta sömu reglum hvað þetta snertir og íslenzk börn og unglingar almennt gera nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 537, n. 637, 649, 654, 681).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur orðið ásátt um að leggja til við hv. d., að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. ber hér fram og eru á þskj. 637. Í nál. er gerð nokkur grein fyrir afgreiðslu málsins, hvernig hún varð í Ed., og þó að um sum þau atriði, sem breytt var í frv. eins og það barst þeirri hv. d., sé annað lagt til grundvallar en tíðkazt hefur af hálfu allshn. Nd., þá vildi n. þó ekki fara að gera breyt. á frv., gera till. um að fella nöfn í burtu af frv. eins og það barst frá d., því að þá kynni að fara svo, að málinu yrði stefnt í hættu og það næði ekki afgreiðslu á þessu þingi. Nær undantekningarlaust hefur það verið regla allshn. Nd. með afgreiðslu á þessu máli, að þeir útlendingar, sem sótt hafa um ríkisborgararétt og n. hefur fallizt á, að yrði hann veittur, hefðu verið búsettir hér í 10 ár. Nú eru að vísu nokkrar undantekningar frá því, að þessi regla hafi verið alger hér í hv. d., því að borið hefur það við, að samþ. hefur verið af hálfu d. að veita mönnum ríkisborgararétt, þó að eitthvað skorti á um þetta skilyrði. En fyrir þessar sakir, hvað áliðið er orðið þingtímans og hvað hæpið mundi vera um afgreiðslu málsins, ef n. færi að gera till. um að fella í burtu suma þá, sem búið er að samþ. í Ed., lætur n. það hlutlaust. Hins vegar, eins og vikið er að í nál., hefur Ed. láðst að gera till. um konur þriggja manna, að þær öðluðust ríkisborgararéttinn um leið og mönnum þeirra er hann veittur, og brtt. n. lýtur m. a. að því atriði, að það sé lagt til. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta atriði meira.

Þá hefur n. og leyft sér að bera fram brtt., sem er undir 2. lið rómverskum á þessu sama þskj., um mannanöfnin, að haldið verði þeirri reglu, sem tekin var hér upp í fyrra, að þeir, er vilja hljóta hinn íslenzka ríkisborgararétt, verði að taka sér íslenzk heiti. Það er ekkert vafamál, að ef þetta verður látið gersamlega hirðulaust um nafngiftir, þá geti það orðið, þegar stundir líða, til að stórspilla íslenzkri tungu, og þegar lengra líður frá og því fólki fjölgar, sem hefur þessi erlendu heiti og ættarnöfn, þá getur málinu orðið stórspillt. Og það virðist ekki vera nein ástæða til þess að vera þar ekki á verði, heldur þvert á móti. Ég get tekið undir þau ummæli hæstv. menntmrh., sem hann viðhafði bæði í fyrra og nú, að Alþ. á að vera á verði um þessa hluti, það er því skyldast. N. leggur þess vegna fram samhljóða till. og samþ. var við afgreiðslu slíks máls sem þessa á þingi í fyrra, að þau skilyrði verði sett inn í þessi l., að þeir, sem sækja um ríkisborgararéttinn, fái hann því aðeins, að þeir taki sér íslenzkt nafn.

Þá voru nokkrar umsóknir, sem ekki lágu nógu ljóst fyrir hjá n., þegar hún afgreiddi málið, og hún hugsaði sér að taka til betri athugunar á milli 2. og 3. umr.

Ég sé, að nokkrir hv. þm. hafa borið hér fram brtt. Hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. N-Ísf. flytja brtt. um að veita útlendum mönnum íslenzkan ríkisborgararétt. Hv. þm. A-Húnv. er þarna með einn mann, og hv. þm. N-Ísf. vill bæta inn á frv. tveim mönnum. Ég ætlaði nú áður en þessi umr. byrjaði að líta á skjölin, sem þessum umsóknum fylgja, en þau voru þá ekki við höndina á skrifstofu þingsins, en ég man það samt sem áður, frá því að við fórum yfir þessar umsóknir, að eitthvað skorti á um, að þeir hefðu þann rétt, sem hefur hjá allshn. þessarar hv. d. verið lagður til grundvallar langvenjulegast. En vera má, að hliðstæður megi engu að síður finna fyrir því, að menn með svipuð skilyrði hafi verið settir inn annaðhvort í Ed. eða hér á þingi áður af hv. þm. — Ég ætla nú ekki að fjölyrða um þessar till. Hv. flm. þeirra gera vafalaust frekari grein fyrir þessu. Og ég ætla þá að bíða með það, þar til ég hef hlustað á þeirra mál.

Þá hefur hv. 3. landsk. þm. borið hér fram brtt. viðvíkjandi nöfnum þeirra útlendinga, sem vilja fá íslenzkan ríkisborgararétt. Ég man nú eftir hans ummælum frá fyrri umr. málsins um þetta efni, en vera má, að hann hafi nú enn frekari ástæður fram að færa fyrir því, að þessum skilyrðum sé fullnægt, sem hann setur fram, og ég ætla þá að bíða átekta um það og gera ekki hans till. að umtalsefni fyrr en ég hef heyrt hans rökstuðning.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 654 brtt. við frv. það um veitingu ríkisborgararéttar, sem hér ligg-

ur fyrir, um það, að tveimur manneskjum verði veittur borgararéttur. Er hin fyrri þeirra Wilberg, Nils Petter Andreas, verkamaður á Ísafirði, sem fæddur er 20. okt. 1916 í Noregi. Hin síðari er kona hans, Ólöf Konráðsdóttir Wilberg, fædd á Ísafirði 23. júní 1919.

Þannig stendur á um þetta fólk, að eiginmaðurinn kom hingað til Íslands árið 1940 í norska hernum og dvaldi hér þá samfleytt í tæp 5 ár. Hann kvæntist árið 1941 þessari íslenzku konu, og þau fóru síðan til Noregs í september árið 1945, sem sagt eftir 5 ára dvöl hans hér í norska hernum. Voru þau kyrr þar til vorsins 1948, þegar þau fluttu alkomin hingað heim til Íslands, og hafa þau dvalið á Ísafirði síðan.

Umsækjandinn hefur þannig dvalið samfleytt hér á Íslandi í 10 ár, en dvöl hans hefur rofnað hér, þar sem hann fer í stríðslokin út og er nokkuð á þriðja ár í heimalandi sínu. Kona hans, sem er Íslendingur, eins og ég hef áður tekið fram, glatar hins vegar ríkisfangi sínu við það að flytja með manni sínum til Noregs. Ég hygg, að það sé mjög sanngjarnt, að þetta fólk fái íslenzkan ríkisborgararétt. Konan hefur aðeins glatað ríkisfangi sínu vegna þess, að hún flutti með manni sínum til heimalands hans og dvaldi þar skamman tíma. Maður hennar talar íslenzku og skilur til hlítar og er orðinn rótfastur hér í landi og mun dvelja hér áfram. Þau hjónin stunda atvinnu sína á Ísafirði, og eins og ég sagði, þá hafa þau ákveðið að búa þar áfram.

Ég hygg, að fordæmi séu fyrir því, að fólki, sem þannig stendur á um, sé veittur borgararéttur. Ég man það síðast frá reglulegu Alþingi 1951, að þá var samþ. brtt. frá mér um að veita Þjóðverja einum ríkisborgararétt, sem mjög svipað stóð á um. Hann hafði dvalið hér um nokkurt skeið fyrir stríð, var síðan tekinn til fanga af Bretum og fluttur úr landi, og slitnaði þar með dvöl hans hér á landi, þannig að hann hafði ekki verið hér samfleytt í 10 ár. Engu að síður var honum veittur þessi réttur. Um þetta má nefna fleiri dæmi.

Ég tel það mjög mikið atriði í þessu máli, sem mín brtt. fjallar um, að annar aðilinn, sem hún leggur til að veittur verði borgararéttur, er Íslendingur, sem misst hefur sitt ríkisfang við það eitt að flytja um skamman tíma með manni sínum til heimalands hans. Ég vil þess vegna mjög mælast til þess við hv. n., að hún taki þessum tillögum vel. Ég væri reiðubúinn til þess, ef n. teldi það heppilegri málsmeðferð, að taka till. aftur til 3. umr., þannig að hv. n. gæfist þá tækifæri til þess að athuga öll plögg þessa fólks, sem tillagan fjallar um.

Jón Pálmason: Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. við þetta frv., og er hún á þskj. 681, um það, að einum manni, sem ekki hefur verið tekinn með, verði bætt inn á frv. Það er Arne Jacobssen verkamaður í Rvík, fæddur 10. ágúst 1911 í Noregi. Þessi maður sótti um ríkisborgararétt í fyrra og aftur nú, en af einhverjum ástæðum hefur hann ekki verið tekinn með, og stendur þó eins á um hann og nokkra aðra, sem fengið hafa ríkisborgararétt.

Að ég blanda mér í þetta mál, stafar af því, að aðstandendur þessa manns hafa leitað eftir því, að ég athugaði, hvort ekki væri hægt að koma þessu fram og eins hvort það væri ekki eðlilegt og í samræmi við það, sem gerist um aðra menn. Þessi maður er giftur íslenzkri konu, og eru þau búin að vera gift síðan 1943 og eiga tvö börn, en hafa verið hér alla tíð síðan. Maðurinn flutti hingað 1941, en fyrstu fjögur árin var hann í norska verzlunarflotanum, en frá 1945 hefur hann verið hafnarverkamaður hjá Eimskipafélagi Íslands. Það, sem fundið var að, að því er mér skildist, hjá hv. allshn. Ed., var það, að hann hafði ekki verið með föstu heimilisfangi fyrr en 1945, en ég hef fengið upplýsingar um það, að að minnsta kosti 6 menn, sem eins stendur á um og allir eru Norðmenn, fengu ríkisborgararétt hér á síðasta þingi. Nú skal ég til frekari upplýsinga lesa hér upp þau vottorð, sem fylgja þessari umsókn, og eru þau tvö. Það er fyrst frá Gunnari Benediktssyni hæstaréttarlögmanni, og er það á þessa leið:

„Árið 1943 kynntist ég herra verkamanni Arne Jacobssen, Sigtúni 37 í Rvík, og hef þekkt hann síðan. Er mér kunnugt um, að þá hafði hann starfað hér í norska verzlunarflotanum tvö undanfarin ár, og vann hann þar samfellt til stríðsloka. Frá þeim tíma hefur Arne Jacobssen unnið hjá Eimskipafélagi Íslands sem verkamaður. Arne er álitinn duglegur starfsmaður, og er mér persónulega kunnugt um, að hann er siðprúður og heiðarlegur maður."

Hér er annað:

„Ég undirritaður, Jón Rögnvaldsson, verkstjóri hjá Eimskipafélagi Íslands h/f í Rvík, til heimilis Hátúni 3 hér í bænum, votta hér með, að herra Arne Jacobssen, Sigtúni 37 í Rvík, hefur s. l. 5½ ár unnið hjá Eimskip sem starfsmaður undir minni stjórn, og hefur mér reynzt hann duglegur í starfi, ábyggilegur og sérlega reglusamur í hvívetna."

Nú er það náttúrlega út af fyrir sig sjálfsagt að gæta allrar varfærni í veitingu ríkisborgararéttar, en það verður líka að gera kröfur til þess, að þeir menn, sem fara með þetta vald, sem er fyrst og fremst í höndum allshn. þingsins, gæti samræmis í því að útiloka ekki einn aðila, sem stendur eins á um og aðra. — Ég vil nú mega vænta þess, að hv. n., að fengnum þessum upplýsingum, mæli með því, að þessi maður verði einnig tekinn inn á frv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 649 varðandi nöfn hinna nýju ríkisborgara. Legg ég þar til, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt samkv. l. fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn og sama regla skuli gilda um barn, sem fær ríkisfang samkv. l. með foreldri sínu, en það skuli hins vegar kenna sig við föður, móður eða kjörföður samkv. gildandi lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku þessara laga, skulu síðan á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður samkv. reglu nafnalaganna. Í till. hv. allshn. er hins vegar gert ráð fyrir því, að hinir nýju ríkisborgarar taki sér algerlega íslenzkt nafn, þ. e. a. s. bæði fornafn og föðurnafn.

Slíkt skilyrði var sem kunnugt er sett í fyrra, og þá í fyrsta sinn, í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar. Ég hef áður látið þess getið hér, að ég tel þetta ákvæði í fyrra vera tilkomið vegna vandamáls, sem er ekki auðvelt að leysa. Ég álít hins vegar, að þá hafi verið hrapað að lausn málsins og að miklir erfiðleikar hafi komið í ljós, er farið var að framkvæma þessa samþykkt Alþingis frá því í fyrra, og þá fyrst hafi menn, að minnsta kosti ýmsir, gert sér ljóst, að það er miklum erfiðleikum bundið að framfylgja þeirri stefnu, sem þar var mörkuð.

Ég hef gert mér far um að kynna mér það, hvort slík ákvæði tíðkist í nokkru nágrannalandanna. Eftir því, sem ég hef komizt næst, mun svo ekki vera. Það mun m. ö. o. vera einsdæmi í Vestur-Evrópu, að því sem ég hef komizt næst, að slík skilyrði um nafnbreytingar séu sett um leið og ríkisborgararéttur er veittur. Og það er ekki undarlegt. Hér er um að ræða afar viðkvæmt mál fyrir hlutaðeigendur. Þarf ég ekki um það að fjölyrða, að segja má, að nafn manns sé að vissu leyti hluti af sjálfum honum, nafn hans táknar tengsl við foreldra og fjölskyldu. Að skylda mann til að segja skilið við nafn sitt getur í augum ýmissa jafngilt því að höggva á helg fjölskyldubönd. Við framkvæmd laganna frá því í fyrra hefur einnig komið í ljós, að mál þetta er svo viðkvæmt, að ýmsir hinna nýju ríkisborgara hafa tekið þann kost að þiggja ekki ríkisborgararéttinn sökum þessa skilyrðis, sem veitingin var háð, og hafa ekki allir þeir, sem ríkisborgararéttinn áttu að fá, skipt um nafn og þar með ekki orðið íslenzkir ríkisborgarar.

Það er í raun og veru allt að því fráleitt að skylda útlenda menn til þess að hlíta ákvæðum nafnalaganna algerlega eins og þau eru, vegna þess að í því felst skylda til þess að taka sér íslenzkt fornafn og síðara nafn, þar sem maður skal kenna sig við föður, móður eða kjörföður, og það nafn á auðvitað að vera íslenzkt líka. M. ö. o.: Maðurinn þarf ekki einungis að íslenzka fornafn sitt, heldur þarf hann einnig að íslenzka föðurnafn sitt, og sé föðurnafnið með þeim hætti, að það verði ekki íslenzkað, þá þarf hann beinlínis að endurskíra föður sinn eða, þar sem skylt er að kenna sig við föður, telja sig son manns með ákveðnu nafni, að búa það nafn til frá rótum. Það er þetta, sem gerir það sérstaklega andkannalegt að skylda menn til þess að skipta einnig um síðara nafnið, enda kemur það í ljós, að mörg hinna nýju fornafna, sem hinir nýju ríkisborgarar hafa tekið, eru í meiri eða minni tengslum við það fornafn, sem menn hafa þegar borið áður, en síðari nöfnin eru mörg hver algerlega út í bláinn. Og það er hreint ekki undarlegt, þó að mönnum sé það viðkvæmt mál að taka allt í einu að kenna sig við nöfn, sem ef til vill hafa aldrei komið fyrir í fjölskyldum þeirra, eða feður þeirra báru a. m. k. ekki.

Ég hef hér fyrir framan mig lista yfir þær nafnbreytingar, sem átt hafa sér stað, en hika dálítið við að gera þær mikið að umtalsefni. Þó skal ég nefna nokkur dæmi um þessar nafnbreytingar. Hér er t. d. maður, sem heitið hefur Vidkun Amandus Rafn og heitir núna Hrafn Ámundason. Hér er ættarnafnið gert að fornafni, en föðurnafnið að því er virðist tilbúið. Maður, sem hefur heitið Otto Arnold Weg, nefnist nú Ottó Arnaldur Magnússon; í staðinn fyrir Weg kemur Magnússon. Max Robert Heinrich Keil heitir Magnús Teitsson. Jan Wladyslaw Lotkowski heitir Jón Ólafsson. Það kemur varla til greina, að faðir þessa manns hafi heitið Ólafur eða nokkru nafni, sem getur talizt náskylt nafninu Ólafur. Að því er manni virðist, er hér um það eitt að ræða, að valið er nafn, sem á íslenzku hefur líkan hljóm nafninu Lotkowski, Ólafsson, en er þó auðvitað algerlega óskylt. Maður, sem borið hefur nafnið Karl Heinrich Max Moritz Hirst, heitir Karl Hinrik Albertsson. Maður, sem heitið hefur Ingvald Föreland, hefur tekið sér nafnið Ingi Ólafsson. Johannes Erik Fridolf Berlin heitir Jóhannes Eiríkur Eiríksson.

Eins og sést á þessu, eru fornöfn þau, sem þessir erlendu menn hafa borið, þannig, að mjög auðvelt er að íslenzka þau svo, að um tiltölulega litla breytingu er að ræða á nafninu. Hins vegar verður aðalbreytingin í síðara nafninu, í ættarnafninu, og þar veldur þetta því, að menn taka sér föðurnafn, sem að minnsta kosti í mörgum tilfellum hefur greinilega ekki verið nafn föðurins, þó að stundum kunni það að hafa verið, og er þetta auðvitað mjög óeðlilegt, eiginlega fráleitt.

Hitt er rétt, að sökum fornrar menningarvenju Íslendinga varðandi nafngiftir er mjög slæmt að veita erlendum nöfnum, og þó einkum erlendum ættarnöfnum, heimilisfang í íslenzku máli. Einmitt þess vegna er hér mikið vandamál á ferðinni.

Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. alþm., hver deila varð hér fyrr á árum varðandi mannanöfn. Meginatriði þess máls voru í sem allra fæstum orðum sagt, að til 1913 höfðu engar fastar reglur um þetta efni gilt, þó að langflestir hefðu fylgt þeirri fornu venju, að menn bæru eitt eða fleiri íslenzkt nafn og kenndu sig síðan til föður síns. 1913 voru hins vegar samþ. l., sem heimiluðu mönnum skýrum stöfum að taka sér ættarnöfn, enda hafði verið háð barátta fyrir því, að Íslendingar legðu niður þennan forna sið sinn og tækju sér allir ættarnöfn. Svo langt var þó ekki gengið að skylda menn til töku ættarnafna, heldur var það einungis heimilað. Samkv. heimild í þessum l. frá 1913 tóku sér allmargir ættarnöfn, fengu þau lögskráð og lögfest. Þessi l. voru hins vegar afnumin með gildandi l. um mannanöfn frá 1925, og í þeim l. var bannað að taka upp ný ættarnöfn. Það er því bannað nú. Hins vegar var mönnum í þessum l. frá 1925 heimilað að halda þeim ættarnöfnum, sem þá höfðu verið lögskráð, og sú heimild náði ekki einungis til þeirra manna, sem þá báru nöfnin, heldur einnig til allra niðja þeirra.

Samkv. gildandi l. gilda í raun og veru tvenns konar ákvæði að því er varðar mannanöfn. Þeir, sem báru lögleg ættarnöfn 1925, og allir niðjar þeirra mega halda ættarnöfnum sínum áfram. Aðrir skulu fylgja þeirri reglu að bera eitt eða fleiri íslenzk nöfn og kenna sig við föður, móður eða kjörföður, og ný ættarnöfn má ekki upp taka. Það er því misskilningur, sem komið hefur fram, að verði till. mín á þskj. 649 samþykkt, þ. e. a. s.,

verði hinum nýju ríkisborgurum leyft að bera áfram sín ættarnöfn, meðan þeir eru á lífi, sé þeim veittur meiri réttur en ýmsum Íslendingum er nú veittur samkv. gildandi nafnalögum, því að ýmsir menn, eins og ég gat um áðan, hafa þann rétt nú að bera ættarnöfn, sem og allir niðjar þeirra.

Ég geri ráð fyrir því í þessari till., að hinir nýju ríkisborgarar njóti hluta af þeim rétti, sem þeim, sem báru ættarnöfnin 1925, var veittur, er nafnalögin voru sett. Þá hvarflaði það ekki að neinum að skylda þá menn, sem báru ættarnöfn, til nafnbreytingar. Við mjög lauslega athugun á þeim umræðum, sem fóru fram um þetta mál, virtist mér ekki hafa verið uppi till. um það 1925 að skylda þá menn, er þá báru ættarnöfn, til þess að skipta um nafn og taka að kenna sig við föður, móður eða kjörföður að venjulegum hætti. Það þótti öllum sjálfsagt að láta þá fá að halda ættarnöfnum sínum. Hitt er annað mál, að sumir töldu vafasamt, að sú heimild ætti einnig að ná til niðjanna, en niðurstaðan varð sú.

Það, sem mér finnst eðlilegasta stefnan í sambandi við nöfn hinna nýju ríkisborgara, er að láta þá sjálfa fá að halda sínum ættarnöfnum, meðan þeir lifa, en láta hins vegar niðjana ekki halda þeim rétti, heldur láta þá þegar í stað, þ. e. þau börn, sem fylgja foreldrum sínum og ödlast ríkisfang um leið og foreldrarnir, taka að kenna sig við föður sinn, og þá geta nöfn þeirra orðið með algerlega íslenzkum hætti, þar sem gert er ráð fyrir því, að hinir nýju ríkisborgarar taki sér allir íslenzkt fornafn.

Það hefur verið sagt, að af þessu mundi hljótast ruglingur og að nöfnin mundu þrátt fyrir allt ílendast í málinu. En till. er hvað þetta snertir alveg skýrt orðuð. Afkomendur hinna nýju ríkisborgara eiga þegar í stað að taka að kenna sig við föður sinn, þannig að það gefst enginn frestur til þess, hvað þá snertir, að láta hin nýju ættarnöfn festast.

Ef litið er yfir nöfn þeirra manna, sem hér er nú ætlazt til að fái ríkisborgararétt, verður augljóst, hversu auðvelt er að framkvæma þær breyt., sem ég geri ráð fyrir í minni brtt., þar eð langflestir þessara manna bera fornöfn, sem afar lítið þarf að víkja við, til þess að þau verði algerlega að íslenzkum hætti, og geta þm. gengið úr skugga um það með því að líta yfir nafnalistann á þskj. 537, 637, 654 og 681. Langflest þeirra eru þannig, að aðeins þarf að víkja við, e. t. v. aðeins rithætti, til þess að nöfnin geti talizt algerlega íslenzk. Um nöfn barnanna er auðvitað ekki kunnugt, en eftirnafn þeirra yrði þá auðvitað líka algerlega íslenzkt.

Mér finnst rétt að minna á það í þessu sambandi, að margt þetta fólk, jafnvel flest af því, hefur þegar búið lengi hér á landi, og hefur margt af því raunverulega skoðað sig sem Íslendinga, þótt ekki hafi það haft íslenzkt ríkisfang. Það á hér sína kunningja og hefur tengzt margvíslegum fjölskylduböndum. Einmitt með tilliti til þess er það mjög harkalegt að skylda það til algerrar nafnbreytingar, — eins og till. allshn. gerir ráð fyrir. Segja mætti, að öðru máli gilti um fólk, sem væri að flytja til landsins og setjast hér að, ef svo mætti segja, í algerlega nýju landi eða nýjum heimi. Þá mætti segja, að því fylgdi minni sársauki fyrir slíkt fólk, um leið og það tæki sér nýtt heimili, þó að það tæki sér nýtt nafn. En þetta á ekki við um langflest af því fólki, sem hér er um að ræða og hefur þegar verið búsett hér langalengi, talar íslenzku, býr hér sem íslenzkt fólk og hefur búið hér sem íslenzkt fólk, og ég lái því ekki, þó að því sé það viðkvæmt mál að þurfa nú allt í einu að segja skilið við nafn sitt.

Það hefur einnig verið að því vikið í sambandi við málið, að það væri í rauninni í ósamræmi við nafnalögin að heimila þessu fólki að bera áfram, meðan það lifir, sín erlendu ættarnöfn, þar eð í nafnalögunum standi, að enginn megi bera nafn, sem lúti ekki lögum íslenzkrar tungu. Um þetta er í fyrsta lagi það að segja, að fjölmargir íslenzkir ríkisborgarar bera nú þegar nöfn, sem lúta ekki lögum íslenzkrar tungu, og hef ég ekki heyrt till. um að skylda þá menn til nafnbreytingar af þeirri sök einni. Um hitt er ég alveg sammála, að æskilegt er að framfylgja nafnalögunum miklu betur í framtíðinni og sjá svo um, að ekki séu börn skírð öðrum nöfnum en þeim, sem lúta réttum lögum íslenzkrar tungu. En það er óeðlilegt að framfylgja þessu ákvæði nafnalaganna, sem hingað til hefur ekki verið í fullum heiðri haft, einvörðungu gagnvart þeim, sem sækja um íslenzkan ríkisborgararétt, en láta ekki eitt yfir alla ganga, svo sem sjálfsagt er að gera.

Að síðustu vildi ég svo aðeins endurtaka það, sem ég tel kjarna málsins, að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir, að erlend nöfn fái til frambúðar heimilisfang í íslenzku máli. En ég vil þó ekki kaupa það svo dýru verði, að nokkur fullorðinn maður sé knúinn til algerrar breytingar á nafni sínu með þeim persónulegum afleiðingum fyrir hann, sem slíkt hlýtur að hafa, sérstaklega þar sem mér finnst á þessu máli vera til miklu einfaldari og sanngjarnari lausn, sem fullnægi í raun og veru sjónarmiðum beggja, — þeirra, sem vilja koma í veg fyrir, að erlend nöfn festist í málinu, og þeirra einstaklinga, sem hér eiga hlut að máli og er það eðlilega viðkvæmt mál að þurfa að segja skilið við það nafn, sem þeir sjálfir hafa borið ef til vill um langa ævi og fjölskylda þeirra ef til vill um aldaraðir. Lausnin er sú að láta þessa breytingu einungis ná til niðjanna, sem gætu borið algerlega íslenzkt nafn, en hinir nýju ríkisborgarar íslenzki aðeins fornafn sitt. Það eiga þeir mjög auðvelt með í langflestum tilfellum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. beitti mikilli mælsku fyrir málstað hinna erlendu fjölskyldunafna, en minni mælsku fyrir þeirri hefð, sem hér hefur ríkt frá landnámstíð um íslenzk mannanöfn, og fyrir því, sem segir í l. um mannanöfn, að þau skuli háð lögum íslenzkrar tungu. Mér þykir mjög vænt um að sjá, að hv. allshn. vill halda fast við þá stefnu, sem hún markaði á síðasta þingi um það, að nýir ríkisborgarar skuli nefnast íslenzkum nöfnum. Ég er henni alveg sammála um það, að ekki sé heppilegt að hafa neitt millispor í þessu efni, eins og till. hv. 3. landsk. gerir ráð fyrir. Till.

hans er engin lausn á málinu. Þó að hann hugsi sér, að hin erlendu nöfn muni deyja út með þeim mönnum, sem fá ríkisborgararéttinn, þá er ég a. m. k. einn af þeim, sem ekki trúa á, að svo muni verða, heldur að þessi nöfn muni verða hér við líði um aldur og ævi og niðjarnir kenna sig til hins erlenda nafns þrátt fyrir það, sem hv. þm. ætlast til um breytingu á fornöfnum þessara manna.

Hv. þm. minntist á það, að í l. um mannanöfn stendur, að „ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu". Þetta hlýtur að eiga jafnt við um útlendinga og Íslendinga. Ég sé ekki annað en fyrst og fremst væri nú verið að brjóta l., ef alls konar fáránlegum erlendum nöfnum væri heimilað að taka sér stað í málinu. Þar að auki væri þeim gefinn með þessu meiri réttur en Íslendingum sjálfum, eins og ég tók fram við fyrri umr. málsins. Ég er sannfærður um það, að verði þessi till. hv. þm. samþ., þá yrði hún til þess að bjóða heim flóði erlendra fjölskyldunafna hingað, sem mundu svo festast í málinu um aldur og ævi. Ég vík ekki frá því, að auk þeirrar hættu, sem íslenzku máli og íslenzku þjóðerni stafar af því að hleypa þessum íslenzku fjölskyldunöfnum inn í málið, þá er útlendingunum um leið veittur meiri réttur en Íslendingum sjálfum. — Vona ég, að hv. þm. snúist gegn þessari brtt. hv. 3. landsk.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. gerði hér grein fyrir brtt. sinni, og það kom í ljós, eins og ég reyndar vissi fyrir, að það skortir nokkuð á búsetuna hjá þessum tveim mönnum, sem hans brtt. hljóðar um. Það var algild regla áður, að ef menn fóru í burtu, dvöldust ekki samfellt í 10 ár, þá var ekki lagt til að veita slíku fólki ríkisborgararétt, a. m. k. var slík till. ekki borin fram af hálfu allshn. í þeirri tíð, sem ég hef þekkt til afgreiðslu hennar á þessum málum. Nú kemur það í ljós, að þó að ekki sé tekið tillit til þeirrar dvalar, sem þessi hjón áttu erlendis, þó að ekki sé litið þannig á það, eins og hefur þó verið algild regla, að þau hafi slitið búsetutíma, þá eru þau samt ekki búin að vera hér nema í 9 ár, og 5 ár af þessum tíma er þessi maður í þjónustu útlendinga, að vísu hér á landi, en mun hafa verið í þjónustu landa sinna hér, Norðmanna, fram undir 1945. Kona hans hefur, sakir þess að hún dvaldist með manni sínum erlendis um 3 ára skeið, tapað íslenzkum ríkisborgararétti, og eins og rétt er, þá ber hv. þm. fram till. um að veita henni hann nú á ný. — Mér þótti nú vænt um, að hv. þm. N-Ísf. bauðst til að taka sína till. aftur til 3. umr., ef n. vildi athuga málið nánar. Ég vil gjarnan einmitt óska þess, að hann geri það, því að ég held, að n. eigi ekki annars kost nú, ef hún á að greiða atkv. um þessa till. hans strax, en að greiða atkv. á móti henni.

Þá hefur hv. þm. A-Húnv. gert grein fyrir sinni till., og það fór eins og mig varði þar, að þennan mann skortir nokkuð á sína heimilisvist hér á landi. Hann kemur hingað fyrst 1941 og er 4 árin í verzlunarflota Noregs. Hann kann að hafa verið hér við land eða ef til vill verið í siglingum í öðrum löndum, það þekki ég ekki, — ef til vill má eitthvað sjá á skjölunum, sem með umsókninni fylgja, — en svo hefur hann unnið frá 1945 hér. En eins og allir sjá á þessu, þá uppfyllir hann ekki heldur þá aðalreglu, sem verið hefur. En það er alveg rétt, sem hv. A-Húnv. sagði, að það eru dæmi til um það, þó að allshn. þessarar d. hafi ekki gert till. um slíkt, að samþ. hefur verið af þinginu að veita ríkisborgararétt, þó að menn hafi ekki til fulls uppfyllt þessi skilyrði, og m. a. liggur það fyrir hér á þessu frv. eftir afgreiðslu hv. Ed. á því, að þá uppfylla ekki allir einmitt þetta skilyrði, svo að hann hefur rétt fyrir sér að því leyti. Ef hv. þm. A-Húnv. þykir ekki miður að fresta atkvgr. um sína till. til 3. umr., þá vildi ég gjarnan óska þess. Ég held, að það tapist ekkert við það frá hans sjónarmiði, svo að sé fylgi fyrir að veita þessum manni íslenzkan ríkisborgararétt, þá ætti það alveg eins að mega takast við 3. umr.

Annars vil ég taka það fram í sambandi við afgreiðslu á þessum umsóknum, að n. hefur enga hvöt til þess að vera mönnum meinsmaður með að fá þennan rétt. Ef þeir uppfylla öll skilyrði, sem þarf til þess, og þeir að öðru leyti hafa öll sín plögg í lagi og vitnisburðir þeirra er góður og æskilegur, þá er fjarri því. En svo mikið er sótt um íslenzkan ríkisborgararétt nú orðið af hálfu útlendinga, að sjálfsagt er að hafa fulla aðgæzlu um afgreiðslu slíkra mála.

Hv. 3. landsk. hefur gert að umtalsefni það skilyrði, sem sett var inn í l. í fyrra fyrir því, að menn fengju íslenzkan ríkisborgararétt, um nafnabreytinguna, að menn tækju upp íslenzk heiti, og þykir á skorta um afgreiðslu málsins í fyrra og telur þá afgreiðslu hæpna og jafnvel fráleita að skylda menn til að taka alveg upp íslenzk heiti. Telur hann, að það nálgist eða jafnvel geti alveg orðið til þess að höggva á fjölskyldubönd, sem mönnum sé sárt um. Ættir, sem að þessu fólki standa, hafi haft þessi heiti kannske í aldaraðir o. s. frv.

Það er auðvitað um þetta atriði að segja, að það má ómögulega skoða af hálfu Alþ. sem menn á einhvern hátt vilji krenkja þetta fólk, þegar íslenzkur ríkisborgararéttur er því veittur, og ég vil vona, að þeir, sem eftir þessum rétti sækja og vilja öðlast hann, líti ekki þannig á málið, heldur skoði þeir meir þá nauðyn, sem hlýtur að vera fyrir okkur Íslendinga á því að vernda okkar tungu, vernda okkar mál. Nú er hv. 3. landsk. það menntaður maður, að hann þekkir til erlendra tungna, og svo að ég vitni sérstaklega til tungumálanna á Norðurlöndum, þá veit hann alveg eins og ég, hvernig þar hefur tekizt til með þeirra mál. Norsk tunga, dönsk tunga, svo að ég nefni þessi tvö þjóðlönd, líða stórkostlega einmitt af þessu. Þar er fullt af heitum, sem eru komin frá öðrum þjóðum. Og eftir því sem ég ætla, þá munu vera enn meiri brögð að því í Danmörku heldur en þó í Noregi. Því fámennari sem þjóðin er, því meiri hætta stafar henni af, að málið brenglist, hvort heldur það stafar af nafngift á fólki eða tekin eru erlend orð í tunguna, nema því aðeins að þau séu þess eðlis, að þau geti lotið lögum málsins algerlega, bæði í töluðu máli og skrifuðu. Það eru auðvitað einstök heiti og einstök orð, sem geta samlagazt

málinu, og af þeim stafar minnst hætta. En hugsum okkur nú eftir nokkrar aldir, þegar það fólk, sem við erum búnir að veita íslenzkan ríkisborgararétt, og þeir, sem eftir þessu hafa leyfi til þess að halda þeim nöfnum áfram, ef nú svo tækist til, að niðjar þeirra færu að kenna sig að einhverju leyti við heiti, þó að ekki sé það ættarnafnið, heldur hafi nafnið í sér eitthvað af heiti sinna forfeðra, hvernig íslenzkt mál mundi þá líta út. Þó að við gerum ráð fyrir miklu betri aðgæzlu heldur en verið hefur um þetta efni hjá okkur um, að ekki væru tekin upp nema íslenzk nöfn, og að þess væri gætt, að menn tækju ekki upp ættarnöfn o. s. frv., og þá enn betur en er, þá er eigi að síður mjög mikil hætta einmitt um þetta efni, nema algerlega sé fyrir það tekið. Þetta veit ég að hv. 3. landsk. þm. hlýtur að sjá.

Nafnalögin, sem voru samþ. á Alþ. 1925, eru nú nokkuð skýr, og auðsætt er, til hvers hefur verið ætlazt með þeim. Þó vitum við ósköp vel, hvernig það hefur tekizt. Því miður hefur þess ekki verið gætt í framkvæmdinni að hafa þessa löggjöf í heiðri, og þess vegna ber enn þá meira á því en nokkurn tíma var þá, að það eru komin ýmis nöfn, sem menn hafa sumpart sem nokkurs konar ættarnöfn eða eitthvert aukaheiti, sem fer illa í íslenzku máli, og það vill svo til, að einmitt á þessu ári, sem þessi löggjöf var sett, eru hér 9 heiti, sem tilkynnt eru í Stjórnartíðindunum og menn hafa tekið upp, sjálfsagt með löglegu móti. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að rannsaka það, en ekki sýnist mér, að það fari sérlega vel. Það er t. d. orðið Árnason, án þess að það sé náttúrlega kennt við föður, Gunnlaugsson, Hallgrímsson, Hofdal, Kristmanns, Markan, Rósinkrans, Valfells, Varmdal, — auðvitað ekki Varmidalur, heldur Varmdal, þó að það sé nú örlítið öðruvísi en tungunni er nú eiginlegast og hljómar bezt í íslenzku máli. Ég nefni þetta af því, að þetta gerist þó einmitt um leið og á sama árinu og þessi l. eru sett. Það sýnir, að mikil nauðsyn er á að hafa þarna einmitt skarpar línur og skilmerkilegar, ef það á að hafa fulla gæzlu um þetta efni.

Hv. þm. telur, að mörgum finnist eins og nafnið sé hluti af sjálfum sér. Það má nú vel vera. Ég vil ekki vera með neinar getgátur um það, hvernig menn líta á það, en þess ber þó að gæta, að þegar útlendur maður á í hlut og er ekki í sínu heimalandi, þar sem hans tungumál er ekki talað, heldur allt annað mál, og ef hann hugsar til fyrir sig að dvelja til æviloka í þessu landi og niðjar hans koma til með að dvelja þar áfram, þá finnst mér, að það hljóti að vera honum nokkur linkind, þó að hann breyti um nafn, og þá hafi minna að segja sú mikla hefð og helgi, sem kann að vera á ættarnafni hans. Ég vil taka það trúanlegt, að þeir, sem sækja um ríkisfangsrétt, geri það í því skyni, að þeir vilji vera hér, þeir skoði það sitt föðurland orðið, þó að þeir hafi átt annað föðurland fyrir, og þeir hafi þá trú á landinu og þeirri þjóð, sem þeir taka sér bólfestu hjá, að þeir ætli niðjum sínum að lifa með þjóðinni, og þá held ég, að það hljóti að vera þeim enn ríkara í huga, að það, sem niðjanna bíður í þessu efni, verði samkvæmt eðli þeirrar tungu, sem þeir tala, svo að það mál sé haft í heiðri, mál þess föðurlands, sem niðjar þeirra hafa tekið sér bólfestu í. Það hefði ég viljað meina, að þannig væru þeir ekki gerðir, þessir menn, þó að þeir séu komnir til fullorðinsára, að þeir meti ekki þessar ástæður fyrir niðja sína meira en það, sem þeim kann að virðast í fljótu bragði um sínar eigin tilfinningar, aðeins fyrir heiti sínu. Ég vil engan veginn gera lítið úr þessu atriði í sjálfu sér, þar sem það á heima, en úr því að maðurinn er setztur að í allt öðru þjóðlandi, þar sem allt annað mál er talað, og úr því að hann hugsar til, að hann dvelji, — þannig verður maður að taka þetta, — að hann dvelji ævi sína í þessu landi, og ef hann á niðja, þá komi þeir til með að vera þar, þá hefði ég haldið, að það væri enn helgari réttur og meira virði en þó að hann skipti um nafn um leið og hann fær íslenzkan þegnrétt. Ég meira að segja lít þannig á, að mörgum útlendum manni, sem svona er ástatt um, væri ljúft einmitt að færa þessa fórn fyrir sjálfan sig, til þess að öðlast þegnréttinn, og fyrir niðja sína. Hinir, sem þannig kann að vera ástatt um, að þeir eigi ekki niðja og það sé aðeins um þá sjálfa að ræða, þá verð ég að segja það, að ef þeim finnst það mikils virði að fá íslenzkan þegnrétt, þá held ég, að þeir verði að færa þessa fórn. Ég held, að við getum ekki tekið svo mikið tillit til þeirra, að við getum undanþegið þá, því að það er vitaskuld ekki hægt, ef hitt á ávallt að vera reglan, og þeir verði þá að færa þessa fórn, ef þeim finnst þá einhver fórn í því. Finnist þeim, að þeir geti það alls ekki, þeir geti ekki unnið það til að fá þennan þegnrétt, þá verður náttúrlega að vera án þeirra, og þó að það kunni að vera góðir menn, þá finnst mér samt, að við verðum að láta það ráðast, hvort þeir láta þetta ráða sínum óskum eða ekki.

Hv. þm. drap á, að það mundi ekki vera í neinum öðrum löndum, sem þetta væri sett að ófrávíkjanlegu skilyrði, þó að menn öðluðust þegnrétt. Það má vel vera. Ég þori ekkert að fullyrða um það, ég þekki ekki svo til. En ég vil segja honum, og það vil ég að hann geri sér ljóst, að fyrir okkur, sem erum langsamlega minnsta þjóðin, þegar miðað er við sjálfstæðar þjóðir, er miklu vandfarnara í þessum efnum heldur en þær. En þess ber þó líka að gæta, að þrátt fyrir þeirra fjölmenni ber nú þeirra nafngift á fólki og þeirra tunga líka menjar þess, að þeir hafi ekki verið á verði eins og skyldi um sína eigin tungu. Við höfum verið svo lánsamir, Íslendingar, að eiga marga góða menn, sem hafa verið á verði fyrir íslenzka tungu. Okkar forna menning og okkar mál er fyrst og fremst þessu að þakka, að við erum sjálfstæð þjóð enn og höfum nú endurheimt frelsi okkar. Ef við hefðum ekki verið jafnpassasamir og lánsamir um þessa hluti, þá er áreiðanlegt, að þetta væri týnd þjóð í þjóðahafið. Við höfum einmitt þess vegna í þessum efnum mikils að gæta, og þó að maður vilji vera góður við aðra menn og gjarnan gera þeim til geðs, eftir því sem við höfum aðstöðu til, þá lít ég þannig á, að við höfum ekkert leyfi til þess, samt sem áður, að gera það á kostnað okkar móðurmáls.

Ég vil því vænta, að hv. d., sem gerði þessa ákvörðun í fyrra, þegar l. um þetta efni voru

afgreidd, mjög skörulega, haldi fast við þá ákvörðun og málið verði nú afgreitt á sama hátt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja fáeinum orðum að ræðu hæstv. menntmrh. Ég var í rauninni hissa á því, að jafngreindum manni og honum skyldi heppnast að koma fyrir jafnmiklu af missögnum í jafnstuttri ræðu. Aðalatriði í ræðu hans voru þrjú. Ég mun sýna fram á, að þau voru öll á misskilningi byggð.

Hæstv. ráðh. sagði í fyrsta lagi, sem er nú kannske aukaatriði, að ég hefði ekki mælt fast með þeim forna sið Íslendinga, að menn kenni sig við föður sinn. Það gerði ég ekki að aðalatriði máls míns, vegna þess eins, að um það er hér engin deila. Við erum allir, sem höfum talað um málið, algerlega sammála um, að það eigi að vera aðalregla framvegis í íslenzku máli, að menn beri eitt eða fleiri íslenzkt nafn og kenni sig við föður sinn. Um það er enginn skoðanamunur á milli hæstv. ráðh. eða hv. 1. þm. Árn. og mín, enda gerir till. mín ráð fyrir því, að öll börn hinna nýju ríkisborgara skuli þegar í stað taka sér íslenzkt fornafn, ef þau hafa það ekki, og taka að kenna sig við föður sinn, sem einnig skuli taka íslenzkt fornafn, þannig að nöfn barnanna verði algerlega að íslenzkum hætti. Ég taldi mig ekki þurfa að rökstyðja það, sem enginn ágreiningur er um milli okkar í málinu, en ég get gjarnan bætt því við, sem raunar leiðir af hinu, að ég er persónulega algerlega andvígur ættarnöfnum og tel raunar, að ganga ætti lengra en hv. n. vill nú ganga. Ég er að vísu ekki þeirrar skoðunar, að þeir, sem nú bera ættarnafn, eigi að leggja þau niður, þ. e. breyta nafni sínu, heldur að niðjar þeirra ættu að leggja þau niður og taka að kenna sig við föður sinn, að hinum venjulega íslenzka hætti. Svo eindreginn er vilji minn til að halda í heiðri þessum forna íslenzka sið.

Þá sagði hæstv. ráðh. í öðru lagi, að í till. minni fælist engin lausn, því að hin erlendu ættarnöfn mundu ekki deyja út, niðjarnir mundu nota þau áfram. Ég fæ ekki séð, hvernig hæstv. ráðh. getur staðhæft annað eins og þetta, þegar það er skýrt tekið fram í minni brtt., að þau börn hinna nýju ríkisborgara, sem fylgja foreldrum sínum og fá ríkisfang að lögum ásamt þeim, skuli taka upp íslenzkt fornafn og kenna sig við hið íslenzka fornafn föður síns. Hvaða ástæða er til þess að halda, að þetta ákvæði verði frekar brotið heldur en ákvæðið, sem samþ. var í fyrra, að menn skuli taka upp algerlega íslenzkt nafn, fornafn og ættarnafn? Mér finnst það vera mikil ósamkvæmni að gera alltaf ráð fyrir því, að till. hv. allshn. verði framfylgt út í æsar, en reglan samkv. minni till. verði alltaf brotin. Sannleikurinn er sá, að það er síður en svo torveldara að framkvæma mína till. Það er þvert á móti auðveldara. Ég vildi segja, að ýmislegt benti til þess, að meiri líkur væru til þess, að stefna hv. allshn. yrði rofin, en ekki sú stefna, sem ég vil marka í málinu. Styð ég það við þau almennu sannindi, að þeim mun gagngerðari breyt. sem er gerð, þeim mun minni líkur eru á því, að hún nái fram að ganga í raun og veru. Mér er raunar ekki alveg grunlaust um, að þegar beri á því, að nafnbreytingunum frá því í fyrra sé ekki framfylgt. Ég held, að talsvert kveði að því, að menn hafi talið þessa breyt. svo róttæka og jafnframt svo ósanngjarna, að menn hafi ekki framkvæmt hana. Að lögum hafa menn-irnir ný nöfn, en nota þau ekki í raunveruleikanum. Þetta er náttúrlega miður farið, og þessu mæli ég ekki bót. Því fer fjarri. En ég verð að segja, að ef sú leið er farin, sem ég sting upp á, þá hef ég þá trú, að mönnum finnist hún svo miklu sanngjarnari, að það verði auðveldara að halda uppi þeim lögum heldur en hinum, sem nú eru í gildi, eða yrðu í gildi, ef till. meiri hl. n. yrði samþykkt. Þess vegna er sú staðhæfing hæstv. ráðh. algerlega úr lausu lofti gripin, að hin erlendu ættarnöfn mundu ekki deyja út, ef till. mín næði fram að ganga. Það er auðvelt að fara að ganga úr skugga um það strax næsta dag eftir að lögin eru samþykkt, hvort þeir unglingar, sem leggja eiga ættarnafnið niður og taka að kenna sig við hið íslenzka fornafn föður síns, hlýða þessu eða hlýða því ekki. Hitt tel ég engu máli skipta, þó að þeir aðilar, sem þegar eru á fullorðinsaldri, fái að halda sínum ættarnöfnum þann tíma, sem þeir eiga eftir ólifað.

Þá sagði hæstv. ráðh., og það var þriðja atriði máls hans, að með till. minni væri þessum erlendu mönnum veittur meiri réttur en Íslendingum sjálfum. Þetta er alger misskilningur. Réttur Íslendinga í þessu efni er nú sá, að menn mega bera ættarnafn, ef þeir höfðu það 1925, og ekki aðeins þeir sjálfir, heldur niðjar þeirra einnig. Þau ættarnöfn mega lifa í málinu, hvort sem þau eru íslenzk eða erlend. Ég tel engan vafa á því, að allir þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, hafi haft ættarnafn árið 1925, svo að ef þeim er núna gert að skyldu að leggja ættarnafnið niður, þá eru þeir sviptir rétti, sem talið var sjálfsagt, að allir íslenzkir ríkisborgarar fengju að njóta árið 1925, og enginn mælti þá með, að skyldi af þeim tekinn. Þetta er því alveg öfugt. Sanni nær væri að segja, að þessum mönnum væri veittur minni réttur en Íslendingar hafa nú, og er í sjálfu sér ekkert við það að athuga, einkum þegar stefnir í rétta átt, eins og tvímælalaust gerir, ef það væri tryggt, að ættarnöfnin hverfi úr málinu um leið og þessir menn, sem núna fá ríkisborgararétt, hverfa af sjónarsviðinu.

Hæstv. ráðh. minntist svo enn fremur á það ákvæði nafnalaganna, að menn mættu ekki bera nöfn, nema þau, sem væru rétt að lögum íslenzkrar tungu. Þá vil ég minna hæstv. ráðh. á allan þann fjölda íslenzkra manna, sem nú bera ekki aðeins ættarnöfn, heldur beinlínis erlend ættarnöfn, og gera það í skjóli við gildandi lög um mannanöfn frá 1925. Erlend ættarnöfn eru svo kunn, að ég þarf ekki á þau að minna, — algerlega erlend nöfn, eins og t. d. Claessen, Möller, Petersen, Biering og mörg, mörg fleiri. Allt saman eru þetta lögleg ættarnöfn að íslenzkum lögum, sem þeir menn, sem nú bera þau, mega bera og allir niðjar þeirra. Ef halda á svona strangt á málum gagnvart hinum erlendu mönnum, þá ætti auðvitað líka að svipta þessa menn heimild til þess að bera hin erlendu nöfn, með tilvísun í það, að þau lúti ekki lögum íslenzkrar tungu. En mér er spurn: Dettur nokkrum manni

slíkt í hug? Dettur nokkrum manni í hug í alvöru að bera fram frv., þar sem nöfn eins og þessi væru bönnuð og þeim mönnum, sem nú bera þau, væri skylt að leggja þau niður og taka upp íslenzk nöfn í staðinn? Það væri alveg hliðstætt því, sem hér er að gerast. Hvað halda menn, að yrði sagt, ef hér væri borið fram frv. um það, að nöfn eins og Claessen, Möller, Petersen, Biering og fjöldamörg önnur, sem ég gæti nefnt, skyldu hverfa úr málinu, þeir menn, sem bera þau, leggja þau niður og taka sér önnur, íslenzk nöfn í staðinn? Ég mundi fara hörðum orðum um slíkt frv., telja það allt að því móðgun við þá menn, sem hér er um að ræða. Og ég held, að um þetta séu menn svo sammála, að engum dytti í hug að sýna slíkt frv. Hitt væri annað mál, og það tel ég mjög vel geta komið til greina, að samþykkja lagaákvæði, sem kæmi í veg fyrir, að niðjar þessara manna, frá einhverjum vissum degi, mættu bera þessi nöfn, heldur skyldu þeir fylgja hinum venjulega, forna og ágæta íslenzka sið. Það væri allt annað mál, og það teldi ég mjög vel koma til athugunar.

Hv. 1. þm. Árn. ræddi almennt um nauðsyn þess að vernda tunguna fyrir erlendum orðum og erlendum nöfnum. Vék hann að dæmum frá nágrannaþjóðunum og gat þess, hvernig tungur þeirra hefðu spillzt af erlendum orðum og erlendum nöfnum. Ég er sammála hverju einasta orði, sem hv. þm. sagði um þetta efni. Milli okkar er enginn ágreiningur um brýna nauðsyn þess að koma í veg fyrir það, að tungan spillist af erlendum nöfnum og erlendum orðum. Það, sem ég hef lagt til málanna, er einnig við það miðað. Tilgangur þess er einnig sá að koma í veg fyrir, að fleiri erlend ættarnöfn en nú eru í málinu fái þar heimilisfang. En hitt er annað mál, að ég tel ekki nauðsynlegt að ganga eins langt í þeim efnum og hv. þm. og hæstv. menntmrh. vilja ganga. Ég tel ekki nauðsynlegt að vera jafnbráðlátur í þeim efnum eins og þeir, ekki svo bráðlátur, að það þurfi að kosta jafnóvenjulega ráðstöfun, jafnalgerlega óvenjulega ráðstöfun og þá að láta fullorðið fólk skipta um nafn í því umhverfi, sem það hefur dvalizt í árum saman, ef ekki áratugum. Ég tel íslenzkri tungu enga hættu af því stafa, þó að það fólk, sem hér er um að ræða, og það, sem framvegis verður veittur ríkisborgararéttur, fái að halda nöfnum sínum óbreyttum meðan það lifir, í þau ár eða áratugi, sem það á eftir ólifað, ef jafnframt er algerlega tryggt, að niðjar þeirra allir saman beri íslenzk nöfn og þá fullkomlega í samræmi við hina fornu og góðu íslenzku venju hvað þetta snertir.

Hv. þm. talaði um nauðsyn á skörpum línum í þessu efni og nauðsyn á því að vera mjög vel á verði. Ef hv. þm. vill í raun og veru láta vera algerlega skarpar línur í þessu máli og vera fullkomlega á verði, þá er ekkert annað í samræmi við skoðanir hans, og sama gildir um hæstv. ráðh., en að leggja fram frv. um það að útrýma öllum erlendum nöfnum og ættarnöfnum úr málinu. Það eitt er algerlega skörp og fullkomlega hrein lína, og það eitt mundi tryggja það, að málið héldi ekki áfram að spillast af slíkum erlendum nöfnum. Það dettur hv. þm. ekki í hug, og það dettur hæstv. menntmrh. ekki heldur í hug. (Gripið fram í.) Það hefur a. m. k. ekki komið fram í umr. enn þá. Og það er af því, vænti ég, að þeir sjá, að það er hart að gengið, sérstaklega ef það er að óþörfu, að skylda menn til nafnbreytingar á fullorðinsárum.

Hv. þm. sagði einnig, að menn hefðu ekki leyfi til þess að vera góðir við aðra menn á kostnað móðurmálsins. Þessari setningu er ég líka algerlega sammála. En ég tel það ekki vera að gera neitt á kostnað móðurmálsins, þó að nokkrir einstaklingar fái að bera það sama nafn, sem þeir hafa borið frá vöggu, til grafar, ef jafnframt er tryggt, að nafnið lifi ekki áfram í málinu. Og ég vil segja það að síðustu, að ég treysti hæstv. ríkisstj. mjög vel til þess að framkvæma þau ákvæði, sem ég hef lagt til í brtt. minni, að yrðu lögtekin, og það er mjög auðvelt að framkvæma þau. Það er mjög auðvelt að hafa eftirlit með því, að börn hinna nýju ríkisborgara taki sér íslenzk fornöfn og taki þegar í stað að kenna sig við hið íslenzka fornafn föður síns. Það er ekki torveldara að framfylgja því heldur en hinni gagngeru breytingu, sem n. leggur til. Það er þvert á móti miklu auðveldara að halda þeirri reglu uppi heldur en stefnu hv. allshn.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. miklu meira. En mig langaði til að svara nokkrum orðum nokkru af því, sem hv. 3. landsk. sagði í sinni síðustu ræðu.

Fyrir hverju er öll þessi barátta hv. þm.? Hún er fyrir því, að nokkrir menn, sem vilja njóta þess dýrmæta réttar að vera íslenzkir borgarar, taki ekki upp íslenzk nöfn, m. ö. o., að þeir þurfi ekki, um leið og þeir fá þessi dýrmætu réttindi, sem þeir sækjast mjög mikið eftir, að færa þá fórn að bera íslenzk nöfn eins og aðrir íslenzkir borgarar. Það er þetta, sem hann er að berjast fyrir. Hann las hér upp í sinni fyrri ræðu nöfn nokkurra manna, sem höfðu tekið sér íslenzk nöfn, fengið höfðu borgararétt í fyrra. Ég get nú ekki betur séð en að þessi upplestur hv. þm. hafi verið sterkustu rökin gegn ræðu hans sjálfs. Hann las upp prýðileg og falleg íslenzk nöfn á þessum nýju borgurum, og þessir menn, sem þarna eiga hlut að máli, hafa vafalaust gert það með mikilli ánægju að taka sér þessi fallegu íslenzku nöfn. Hinu get ég vel trúað, að það séu aðrir, sem ekki vilja taka borgararéttinn upp á þau býti, að þeir þurfi að skipta um nafn. Það er þá þeirra mál, alveg eins og hv. 1. þm. Árn. sagði. Ef þeir vilja ekki vinna það til að öðlast þessi réttindi, þá þeir um það. Ég skil ekki, að það verði neinn landbrestur hér hjá okkur, þó að eitthvað af því fólki, sem nú flykkist að og vill ná íslenzkum borgararétti, týnist úr lestinni.

Hv. þm. sagði, að ég hefði farið með lokleysur miklar, vegna þess að ég hefði sagt, að ég hefði ekki trú á því, að þessi nöfn, sem heimiluð yrðu samkv. hans till., féllu nokkurn tíma burt úr málinu. Og ég vík ekki frá því. Ég hef ekki neina trú á því, að þau mundu falla úr málinu, ef þau yrðu einu sinni leyfð. Það hefur ekki reynzt svo haldgott eftirlit með slíku, og ég hygg ekki, að það yrði neitt betra í framtíðinni. Hins vegar

verð ég að mótmæla því, sem hv. þm. sagði, að það væri ekki haldbetra að láta menn skipta um nöfn, áður en þeir fengju ríkisborgararéttinn. Ég er þeirrar skoðunar, að um leið og einn maður er búinn að taka sér nýtt nafn, áður en hann fær borgararéttinn, þá er engin hætta á því, að hann breyti því á eftir.

Þá er það, hvernig skilja beri lögin í þessu efni, vegna þess að ég sagði, að með þessu væri útlendingum veittur meiri réttur en Íslendingum sjálfum. Ég vík alls ekki frá því. Lögin gera ráð fyrir því, að þeir, sem hafa fjölskyldunafn eða ættarnafn 1925, megi halda því, en enginn megi taka upp nýtt. En ég get ekki séð, að þar með sé um aldur og ævi gefinn réttur þeim mönnum, sem kunna að sækja um að verða íslenzkir ríkisborgarar, til að koma með sín ættarnöfn inn í málið, eins og ekkert hafi skeð og engin lög séu því til fyrirstöðu. Ég get ekki séð, að ég hafi farið með staðlausa stafi í þessu efni, eins og hv. þm. vildi vera láta.

Hann gat þess, og hv. 1. þm. Árn. vék nokkuð að því, að hann vissi ekki til, að þessi venja væri nokkurs staðar í öðru landi, að menn væru skyldaðir til að taka sér innlent nafn, ef þeir fengju ríkisborgararétt. Ég get vel trúað því, að þetta sé alveg rétt hjá hv. þm. En ég vil aðeins benda á, að það eru allt aðrar aðstæður hjá okkur, og ég efast um, að til séu sömu aðstæður í nokkru öðru landi hvað þetta snertir. Við höfum haldið þessum þætti menningar okkar í gegnum aldirnar frá landnámstíð, og það er verið að eyðileggja þennan merka menningarþátt með því að hleypa erlendum mannanöfnum inn í málið. Gegn því eigum við að sporna.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 3. landsk. við fyrri umr. í málinu vildi ég gjarnan gefa nokkrar upplýsingar í sambandi við nafnabreytingar þeirra manna, sem ríkisborgararétt fengu á síðasta ári, 1952.

Mér virtist það koma fram í ræðu hv. þm., að hann teldi, að fáir einir, sem fengu þá ríkisborgararétt, hefðu talið sér fært að breyta nöfnum sínum, og það sýndi, hversu óvinsæl aðgerð þetta hafi verið af hendi Alþ. gagnvart þessum mönnum, sem um ríkisborgararétt hefðu sótt.

Á síðasta þingi var 37 mönnum veittur ríkisborgararéttur. Af þeim hefur 31 leitað nafnbreytingar, m. ö. o., af þessum 37 eru aðeins 6 menn, sem ekki hafa leitað nafnbreytingar, og það er ekki kunnugt, hvort það stafar af því, að þeir vilji halda sínu nafni, eða af öðrum orsökum. Og ef farið er yfir þá skrá, sem ég hef hér í höndum, skrá yfir nöfn þeirra manna, sem tekið hafa sér íslenzk nöfn og sagt skilið við sín erlendu nöfn, þá kemur það fram, að meginhluti þessa fólks getur haldið að meira eða minna leyti sínum fyrri nöfnum. Ég rekst hér sérstaklega á tvö nöfn, þar sem breytingin er alveg gagnger. Það er nafn eins og Harry Rosenthal. Hann tekur sér nafnið Höskuldur Markússon. Og nafnið Max Robert Heinrich Keil; þessi maður ber nú nafnið Magnús Teitsson. Þetta er nú einna mest áberandi, að mínu viti. En hitt er líka ekki síður áberandi, hversu miklu fallegri þessi íslenzku nöfn eru, að ég tali nú ekki um hér á landi, heldur en þau erlendu.

Mér fannst rétt að gefa þessar upplýsingar, vegna þess að þær sýna, að það er miklu minni andstaða af hálfu þessa fólks að taka upp íslenzk nöfn en sumir hafa látið í veðri vaka.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af brtt. minni á þskj. 681.

Hv. frsm. n. tók það fram við fyrri hluta þessarar umr., að það hefði komið í ljós varðandi þann mann, sem ég fer fram á að bæta hér inn á frv., að hann hefði ekki að fullu fullnægt skilyrðunum, sem sett eru. Er það að vísu rétt, að svo er ekki alveg bókstaflega út í æsar. Þessi maður er búinn að vera búsettur hér í Reykjavík í 12 ár samfleytt, en hefur þó sennilega, vegna þess að hann var í norska sjóhernum fyrstu 4 árin, talið sig þau ár hafa heimilisfang í Noregi. En í fyrra var samþ. ríkisborgararéttur handa a. m. k. 6 mönnum, sem eins stóð á um. Og til sönnunar því, hvað þessi maður er búinn að vera hér ákveðið, er það, að hann hefur verið giftur íslenzkri konu á tíunda ár, og þess vegna virðist það vera mikill réttur, sem þessi maður hefur, og a. m. k. fullkomlega eins mikill réttur og sumir þeir, sem þegar hafa fengið ríkisborgararétt.

Annars er auðvitað sjálfsagt að verða við þeirri ósk, sem hv. frsm. fór fram á, að geyma atkvgr. um þessa till. til 3. umr., ef hv. n. vill taka hana til athugunar, sem hv. frsm. hafði góð orð um, og ég vænti, að n. geti fallizt á að mæla með henni.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál, en vil þó víkja því til hv. n. og hæstv. forseta, að það er mikil nauðsyn á því, að mínu áliti, að láta þetta mál ekki daga uppi, enda þó að hér séu miklar deilur um þessa nafnbreytingatill.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hefði haldið því fram, að andstaða gegn nafnbreytingum væri svo mikil meðal hinna nýju ríkisborgara, að meginhluti þeirra hefði ekki viljað þiggja ríkisborgararéttinn. Það sagði ég aldrei, heldur hitt, að nokkrir þeirra, sem veittur hefði verið ríkisborgararéttur, hefðu ekki viljað þiggja þennan mikilsverða rétt, vegna þess að þeir væru tregir til þess að láta af fjölskyldunöfnum sínum. Þetta staðfesti hæstv. ráðh. einmitt, þar sem hann sagði, að 6 af 37, þ. e. a. s. sjötti hluti hinna nýju ríkisborgara, hefðu enn ekki leitað nafnbreytingar og þá um leið ekki fengið íslenzkan ríkisborgararétt. Þetta vissi ég, — ég hef listann frá dómsmrn. hér fyrir framan mig, — og hef auk þess fengið þær upplýsingar um a. m. k. nokkra af þessum 6 mönnum, að það er einmitt vegna þess, að þeim er sárt um sitt fjölskyldunafn.

Annars vildi ég aðeins að síðustu, þar sem hæstv. ráðh. virðist vera þetta mjög mikið áhugamál, spyrja hann: Vill ráðh. þá ekki líka láta

þá Íslendinga, sem nú bera erlend ættarnöfn, skipta um nöfn? Ég gat þess, þegar málið var síðast hér til umræðu, að fjöldi Íslendinga ber algerlega erlend ættarnöfn, og nefndi nokkur: Claessen, Biering, Jensen og fjöldamörg, sem allir kannast við. Er ekki rökrétt afleiðing af þessari stefnu, sem ráðh. mælir með, að sett séu l., sem fyrirskipi þessum Íslendingum að leggja þessi erlendu ættarnöfn niður? Eða vildi þá ekki ráðherrann, svona til samkomulags, til þess að útrýma þeim úr málinu, banna a. m. k. niðjum þeirra að bera hin erlendu ættarnöfn? — Ef hæstv. ráðh. og hv. frsm. eru á þeirri skoðun, er ég þeim alveg sammála. Býð ég þeim hér með að gerast meðflm. að slíkri till., því að það er einmitt það sama sem ég hef verið að leggja til varðandi hina nýju ríkisborgara, að þeir sjálfir fái að halda sínum ættarnöfnum meðan þeir lifa, en niðjum þeirra verði bannað að bera þessi erlendu nöfn. En það á auðvitað ekki að gilda einvörðungu um hina nýju ríkisborgara, heldur einnig um þá Íslendinga, sem nú bera slík nöfn. Annars er engin heil brú í afstöðunni, alls engin. (Gripið fram í.) Það verður ekki talinn misskilningur. Annaðhvort er mönnum illa við erlend ættarnöfn í málinu eða mönnum er ekki illa við þau. Og sé mönnum illa við þau og vilji útrýma þeim, þá á að útrýma þeim á nýju ríkisborgurunum og þeim, sem fyrir eru. Annars er engin heil brú í afstöðunni.

ATKVGR.

Brtt. 654 og 681 teknar aftur til 3. umr.

— 637,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 649 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, MJ, ÓTh, SÁ, GÞG, HelgJ, IngJ, JPálm, JÁ.

nei: JörB, LJós, PÞ, PO, SG, SkG, ÁB, ÁS, BÓ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GG, HÁ, JóhH, JG, JS.

StJSt, StgrSt, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (KS, AE, ÁkJ, GTh, HV) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég tel þessa brtt. til bóta og mun því samþ. hana, en tel að öðru leyti, að þessar till. hæstv. menntmrh., þessi skæða barátta hans til að vanda málið og hreinleika íslenzks ætternis sé nú allbrosleg frá upphafi til enda. Mér hefur gengið ágætlega að vera Íslendingur og heita Thors, og ég vona, að ég sé eins góður Íslendingur og hann, þótt hann sé Ólafsson. En sem sagt, ég greiði atkvæði þessari brtt., af því að ég tel hana til bóta, þótt ég telji ekki, að hún nái nógu langt.

Brtt. 637,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17:2 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 712, 654, 681, 729).

Afbrigði um brtt. 729, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég á hér brtt. á þskj. 729, sem nú var verið að leita afbrigða fyrir, um það, að tekinn yrði í tölu þeirra manna, sem veita á íslenzkan borgararétt, Gunnar Bertil Aldén. Þessi maður hefur dvalið hér á landi nú á þessu ári um sjö ára skeið, og af þeim tíma hefur hann starfað við hvalveiðastöðina í Hvalfirði fimm ára bil. Áður starfaði hann hér í Reykjavík. Þessi maður hefur reynzt mjög vel í starfi sínu við hvalveiðastöðina. Þessi hvalveiðastöð er fyrsta beina þátttaka Íslendinga í hvalveiðum hér á landi og hefur heppnazt vel. Þessi maður hefur frá byrjun unnið þarna mjög gott og mikið starf og átt sinn þátt í því að byggja upp þessa starfsemi í þeim verkahring, sem hann hefur unnið þar, sem er við vélgæzlu. Hefur hann fengið frá forstjóra hvalveiðistöðvarinnar, þ. e. a. s. h/f Hvals, Lofti Bjarnasyni, meðmæli, sem ég vil hér, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp. Þau hljóða svo:

„Það vottast hér með, að herra Gunnar Aldén dieselvélamaður hefur í s. l. fimm ár starfað við hvalveiðastöðina Hvalur h/f. Gunnar hefur komið sér vel í starfi og notið trausts yfirmanna sinna í hvívetna. Er oss því ljúft að veita honum meðmæli vor sem góðum starfsmanni, sem ávallt hefur verið reiðubúinn til þess að leysa af hendi hvert það verk, sem honum hefur verið falið.“

Auk þess hefur hann hér öll tilskilin vottorð, sem gerð er krafa til, áður en tekin er ákvörðun um það, hvort veittur skuli ríkisborgararéttur eða ekki. Að því leyti uppfyllir hann öll þau skilyrði, sem gerð eru hvað það snertir. Hins vegar hefur þessi maður ekki dvalið hér nema sjö ár á þessu ári, og skilst mér, að það sé ekki í neinu ósamræmi við þá löggjöf, sem nú gildir um þetta efni, og þurfi það þess vegna ekki að verða þröskuldur í vegi þess, að hann fái þennan rétt. Öll framkoma þessa manns og starfsemi bendir til þess, að hann sé góður borgari, og ekki ástæða til að ætla annað en að svo verði einnig í framtíðinni. Þetta er reglumaður, mikill dugnaðar- og afkastamaður og hefur komið sér mjög vel í öllum störfum sínum og unnið sér traust hjá þeim, sem hann hefur starfað hjá. Vil ég þess vegna mega vænta þess, að þessi till. mín um, að hann verði tekinn upp í frv. það, sem nú liggur hér fyrir, verði samþykkt. Þessi maður er sænskrar ættar og hingað kominn frá Svíþjóð.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Eins og menn rekur nú vafalaust minni til, þá tóku flm. brtt., sem lágu fyrir við 2. umr. málsins, þeir hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. A-Húnv., sínar brtt. aftur við þá umr., og liggja þær nú fyrir við þessa 3. umr. málsins.

Hv. þm. Borgf. hefur nú einnig borið fram brtt. um, að bætt verði einum manni á frv. og honum veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, svo sem hann hefur nú gert hér grein fyrir.

Allir þessir menn, sem þessar brtt. fjalla um, hafa dvalið hér nokkru skemur en 10 ár, og þeir uppfylla þess vegna ekki þá aðalreglu, sem allshn. þessarar hv. d. hefur haft fyrir till. sínum.

Hitt er aftur á móti rétt, að þó nokkrum sinnum hefur útlendum mönnum verið veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, án þess að þeir hafi dvalið hér þennan tilskilda tíma, í 10 ár, og um nokkurt skeið voru menn, sérstaklega frá Norðurlöndum, sem fengu þessi þegnréttindi, þó að heimilisdvöl þeirra hér á landi væri nokkru skemmri, og eins og hv. þdm. vita, þá áttu danskir þegnar rétt á því, og var það eitt af samningsatriðum milli þjóðanna um það efni.

Þessar brtt. eru þess vegna að því leyti ekkert frábrugðnar ýmsum þeim till., sem samþ. hafa verið til handa þeim, sem hafa sótt um þegnrétt. Skjöl þessara manna allra eru í bezta lagi, auk þess vitnisburðar, sem felst í fskj. með umsóknunum. Þá liggur einnig hér fyrir umsögn flm., sem hafa kunnugleika á þessu fólki, sem sækir nú um íslenzkan ríkisborgararétt. Þetta eru allt saman menn ættaðir frá Norðurlöndum, tveir frá Noregi og einn frá Svíþjóð, sá sem hv. þm. Borgf. var einmitt að gera grein fyrir.

N. getur nú ekki breytt sinni afstöðu til þessara till., þannig að hún gat ekki gert þær að sínum till., því að hún hefur haft þá reglu að reyna að hafa fulla aðgæzlu á því, að á þeim, sem fengju íslenzkan ríkisborgararétt samkv. hennar till., væri mikill kunnugleiki fenginn, og hefur að mestu haldið sig við búsetuskilyrðin, 10 ár.

Hv. þm. Borgf. vék nú að því, að í raun og veru kæmi þetta ekki í bága við gildandi löggjöf um þetta efni nú, því að hún væri að þessu leyti til breytt frá því, sem áður var, og þetta er rétt. Það er ekki í þeim nýju lögum, sem sett voru einmitt á þessu þingi, gerð að skilyrði 10 ára búseta. En þó að það ákvæði stæði í hinum eldri lögum, hafði það ekki frekara gildi en svo, að þingið gat jafnan með nýjum lögum veitt ríkisborgararétt, þó að búseta þess útlendings, er óskaði eftir íslenzkum ríkisborgararétti, væri ekki 10 ár, svo að það hafði í sjálfu sér ekki svo ýkjamikið að segja. N. vill þess vegna nú af sinni hálfu vísa þessu til hv. d.

Eins og ég tók fram við 2. umr. málsins, þá hefur hv. Ed. tekið inn í frv. menn, sem eiga að fá íslenzkan ríkisborgararétt, en hafa ekki frekari réttindi en þessir umsækjendur, nema jafnvel síður væri. Þess vegna mælir það ekki á móti því, að þessar till. verði samþ. N. mun því láta þetta af sinni hálfu laust, og hv. d. verður að taka ákvörðun um það, hvort þessu fólki skuli veittur íslenzkur ríkisborgararéttur eða ekki. Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við þessar brtt.

Vera má, að til séu menn, sem hafa sótt um ríkisborgararétt og eiga nú eitthvað svipaðan rétt og þetta fólk, en hafa þó ekki þá aðstöðu, að neinn hafi tekið slíkar till. upp, svo að að því leyti sé ekki öllu réttlæti fullnægt í þessu efni. En það ber á það að líta, að þeir hv. alþm., sem taka að sér flutning á þessu máli fyrir þetta fólk, hafa náinn kunnugleika á högum þess, og það er mikils vert atriði. Það kemur þá til viðbótar við þau vottorð og þær umsagnir, sem eru með umsóknunum, þannig að það á samkv. þessu að vera mikil trygging fyrir því, að hér sé eingöngu um gott fólk að ræða. Allt eru þetta Norðurlandabúar, og það hefur, eins og ég sagði áðan, einmitt tíðkazt, að þeir hafa fengið íslenzkan ríkisborgararétt, þó að búseta þeirra hafi stundum verið öllu skemmri en annars var aðalreglan, eða 10 ár.

Ég sé svo ekki af hálfu n. ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið. Hv. d. verður að skera úr því.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. frsm. allshn. fyrir undirtektir hans undir þær till., sem ég hafði leyft mér að flytja við 2. umr. þessa máls á þskj. 654.

Hv. n. hefur að vísu ekki tekið þessar till. upp og flutt þær sem sínar, en ég lít svo á, og ég hygg, að ég hafi til þess gildar ástæður, að skilja megi ummæli hv. frsm. þannig, að n. telji ekki óeðlilegt, að þessar till. og aðrar hliðstæðar nái samþykki. Það er alveg rétt hjá hv. frsm., sem hann benti á, að þessar þrjár brtt., sem liggja fyrir við frv., eru allar um að veita Norðurlandabúum íslenzkan ríkisborgararétt, og það er enn fremur rétt, að hv. Alþ. hefur á undanförnum árum verið miklu fúsara til þess að veita Norðurlandabúum ríkisborgararétt heldur en borgurum annarra landa.

Ég leyfi mér þess vegna að taka upp till. mína, sem ég flutti við 2. umr., um það, að Nils Petter Andreas Wilberg, verkamanni á Ísafirði, og konu hans, Ólöfu Konráðsdóttur Wilberg, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Ég vil aðeins bæta því við og endurtaka það, sem ég sagði hér við 2. umr., að þessi útlendingur hefur verið hér í 10 ár, ríkisfang hans hefur aðeins slitnað um skamman tíma, þegar hann flutti út til Noregs í lok síðustu styrjaldar. Um konu hans er það að segja, að hún er alíslenzk og fædd hér á Íslandi og missti aðeins ríkisfang sitt við það að flytja með manni sínum til Noregs, eins og áður getur. Þetta fólk er gott og myndarlegt fólk og vel látið í sínu byggðarlagi og hefur fyllstu meðmæli, sem krafizt er til þess, að þessari ósk þess verði sinnt.

Ég leyfi mér svo að vænta þess, að hv. þd. líti svipað á þetta mál og hv. frsm. allshn. og að þessi brtt. verði samþykkt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls tók ég aftur brtt. mína á þskj. 681, til þess að hv. allshn. gæti athugað hana milli umræðna, en nú vil ég leyfa mér að taka hana upp og vænti þess, að samkomulag geti fengizt um hana, og get ég eins og síðasti ræðumaður verið þakklátur hv. n. fyrir það, að hún mælir ekki gegn þessari till., enda þótt hún hafi ekki viljað taka hana upp sem sína, en þannig er varið, eins og ég tók rækilega fram við 2. umr., að það voru a. m. k. sex menn, sem fengu ríkisborgararétt á síðasta þingi og eins stóð á um eins og þann mann, sem ég flyt hér brtt. um. Ég vil því mega vænta þess, að þessi brtt. fái hér góðar undirtektir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 654 samþ. með 17:6 atkv.
— 681 samþ. með 15:4 atkv.
— 729 samþ. með 14:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 748).

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 748, 751, 757).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta hefur tekið nokkrum breytingum frá því, sem það var þegar þessi hv. d. sendi það frá sér til Nd. Og er það þá helzt, að inn í 1. gr. hefur verið bætt nokkrum nöfnum. (**Gripið fram í:** Hvaða nöfn eru það?) Sem hefur verið bætt inn í? Það verður nú þm. að sjá á brtt., ég hef það ekki hérna hjá mér, hef aðeins frv. eins og það er, en það eru þó nokkur nöfn. En það má segja það, að nokkur af þessum nöfnum voru nú nánast leiðrétting, sem hafði sézt yfir hérna, þar sem láðst hafði að taka konurnar sem sjálfstæða ríkisborgara. Ég man eftir, að það eru a. m. k. 3 af nöfnunum þannig. Einnig hefur verið samþ. ný grein við frv. um nafnbreytingar hinna væntanlegu ríkisborgara.

Nú hefur komið hér fram frá hv. 4. þm. Reykv. brtt. við frv., við 2. gr., og er sú brtt. samhljóða till., sem var felld í Nd.

Ég get sagt það hér, að ég er mjög hlynnt þessari till. hv. 4. þm. Reykv. að efni til og mundi undir öðrum kringumstæðum heldur en þeim, sem hér eru fyrir hendi, að líkindum fylgja henni. En þar sem hún hefur nú verið felld í Nd. og þar sem líður að lokum þingsins, þá tel ég mjög óvarlegt að samþ. hana, þ. e. a. s., ég tel mjög óvarlegt að breyta frv. Það er nú þannig, að þeir menn, sem hér er um að ræða, hafa sótt um ríkisborgararétt og Alþ. hefur lagt í það vinnu að gera þetta frv. þannig úr garði eins og það er í dag, og ég tel ekki ástæðu til þess, úr því að búið er að leggja þessa vinnu í frv., að það sé stefnt að því að koma hlutunum þannig fyrir, að það kunni að daga uppi eða falla. Af þessum ástæðum legg ég til og mæli þar fyrir meiri hl. allshn., að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er á þskj. 748.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, þá var brtt. sama efnis og till. mín á þskj. 751 flutt í hv. Nd. og náði þá ekki samþykki deildarinnar.

Um efni till. þarf ég ekki að segja margt. Hv. dm. er það kunnugt. Því verður ekki neitað, og um það eru allir sammála, að það er nokkuð harðneskjulegt, þegar á annað borð. Alþ. metur ástæður til að veita útlendingum ríkisborgararétt hér, að binda það slíkum skilyrðum sem gert er með ákvæðum 2. gr. frv., að þeir leggi niður nöfn sín og taki þá þegar önnur ný. Hins vegar er ég sammála því, sem vakir fyrir hæstv. menntmrh., sem hefur komið þessum ákvæðum inn í frv. og fyrri lög, að rétt og eðlilegt sé, að þeir, sem verða íslenzkir ríkisborgarar, hafi, áður en langt um líður, nöfn, sem samrýmist íslenzku máli. Ég hygg, að því megi ná einmitt á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessari till. hér, þannig að strax og þeir fá ríkisborgararéttinn, þá taki þeir sér íslenzkt fornafn, og í flestum tilfellum er þar ekki um nema litla breytingu að ræða, börn þeirra haldi svo íslenzku nöfnunum og taki nafn föður síns og kenni sig við hann, þegar þau vaxa upp.

Þetta er efni till., og ég veit, að hér í þessari hv. d., eins og líka kom fram hjá hv. frsm. í ræðu hans áðan, er vilji fyrir því, að þessi leið sé farin.

Ég sé ekki, að málinu sé stefnt í neina hættu, þó að þessi brtt. sé samþ. hér og það gangi á ný til Nd., því að eftir því sem mér hefur heyrzt á ráðamönnum þingsins, þá er ekki gert ráð fyrir, að þingi verði slitið fyrr en á föstudag, og ætti því að vinnast nægur tími til þess að ljúka málinu.

Ég get annars tekið það fram, að ég gæti í sjálfu sér vel á það fallizt og álít, að það sé réttara að taka það til athugunar síðar, að þessi ákvæði yrðu tekin inn í hin almennu lög um veitingu ríkisborgararéttar, þannig að ekki væri hætta á því, að verið væri að deila um þetta frá þingi til þings í sambandi við veitingu borgararéttar til einstakra manna.

Ég hygg sem sagt, að ég viti það rétt, að verulegur hluti hv. dm. sé í raun og veru efnislega samþykkur þessari till., og vænti ég, að þeir sýni það við atkvgr., því að það er hugarburður einn hjá hv. frsm., að afgreiðslu málsins sé með því stefnt í nokkra verulega hættu.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, þá er þessi till. frá hv. 4. þm. Reykv. sú sama og hv. 3. landsk. bar fram í Nd. og náði ekki samþykki deildarinnar.

Því hefur verið haldið mjög fram, að með þessum hætti væri beitt mikilli harðneskju við þá útlendinga, sem sæktu hér um borgararétt. Við, sem erum fylgjendur þessarar breytingar, erum ekki á sama máli um það, að hér sé um nokkra harðneskju að ræða gagnvart þessum mönnum. Þeir sækja hér um réttindi, sem eru mjög mikilsverð, og ég get ekki séð, að þeir séu beittir neinni harðneskju, þó að þeir verði að hlíta sömu l. og Íslendingar sjálfir með nöfn sín. Það er tekið fram í l. um mannanöfn, að menn megi ekki bera önnur nöfn en þau, sem lúti lögmálum íslenzkrar tungu, og það er vitanlegt, að fæst af þeim nöfnum, sem þeir útlendingar bera, sem um borgararétt sækja, lúta þessu lögmáli.

Íslenzkar nafngiftir eru einn sterkasti þátturinn í okkar þjóðerni, sem við höfum haldið frá landnámstíð, og ef á hverju ári á í vaxandi mæli að hleypa inn í málið erlendum nöfnum, sem á engan hátt lúta lögmálum þess, þá verður ekki mikið úr þessum snara þætti þjóðernis okkar, þegar frá líður. Þetta viðurkenna allir. Þess

vegna hefur líka þessi till. komið fram sem nokkurs konar millistig. En ég er gersamlega sammála hv. allshn. Nd., sem áleit, að um millistig í þessu máli gæti ekki verið að ræða.

Eitt af því, sem mælt hefur verið fram með þessari till., er það, hvað þeir útlendingar, sem um ríkisborgararétt sækja, séu óviljugir að skipta um nafn, og þess vegna séu margir menn ekki enn þá búnir að breyta nöfnum sínum og þar af leiðandi ekki búnir að þiggja borgararéttinn. Það var á síðasta þingi veittur borgararéttur 37 útlendingum. Af þessum 37 hefur 31 tekið sér góð og gild íslenzk nöfn, og það einkennilega við það er það, að flestir af þessum útlendingum hafa tekið íslenzk nöfn, sem að meira eða minna leyti eru þeirra eigin nöfn, þ. e. a. s., þeirra útlenda ættarnafni er sleppt, en fjöldinn af þeim hefur haldið sínu fornafni með íslenzkum hætti og tekið upp sitt föðurnafn. Þetta sýnir, að það er engin fyrirstaða hjá þessum mönnum, sem hafa beðið um borgararéttinn, að taka upp íslenzk nöfn, og úr því að Alþ. einu sinni hefur farið inn á þá braut að heimta það, að menn geri þessa breytingu á nöfnum sínum, þá er óeðlilegt að fara að breyta um það nú, eftir að þeir menn, sem fengu borgararétt í fyrra t. d., eru búnir að hlíta lögunum og flestir taka sér góð og gild íslenzk nöfn.

Ég vænti því, að hv. d. geti orðið samferða meiri hl. n. Eftir því sem mér skildist, þá viðhafði formaðurinn þau orð, að meiri hl. hennar væri því fylgjandi, að frv. gengi gegnum d. óbreytt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til 2. umr. hér í hv. d., þá flutti ég brtt. á þskj. 458 um það að veita ríkisborgararétt 6 mönnum umfram það, sem meiri hl. n. mælti með að tekið yrði inn í frv. Þessar brtt. mínar voru allar felldar þá, að undantekinni einni, nr. 2, um Ingibjörgu Felzmann, sem var samþ. Og þetta var gert á þeirri forsendu, eða a. m. k. kom ekki fram neitt annað gegn því að samþ. till. mínar heldur en það, að þeir menn, sem hér er um að ræða, væru ekki búnir að vera búsettir hér á landi samfleytt í 10 ár. En það er sú regla, sem meiri hl. n. setti sér, og hann synjaði þeim, sem uppfylltu ekki það skilyrði, og það virtist svo sem meiri hl. d. féllist á það sjónarmið og miðaði ákvarðanir sínar við það.

Nú hefur hins vegar farið svo, að í Nd. hafa verið samþ. og teknir inn á frv. 3 af þeim mönnum, sem ég flutti till. um, er felldar voru hér í d. En hins vegar eru eftir aðeins tveir af þeim mönnum, sem ég flutti till. um að teknir væru inn á frv., tveir Norðmenn, sem stendur á um nákvæmlega eins og um þá aðra Norðmenn, sem ég einnig flutti till. um, en nú hafa verið teknir inn í frv. af hv. Nd.

Ég sé ekki, hvernig væri hægt að réttlæta það að veita sumum af þessum mönnum ríkisborgararétt án tillits til þessarar reglu, sem var látin gilda við afgreiðslu málsins hér í d. á fyrra stigi, en veita hann ekki öðrum, sem eins stendur á um, án þess að færa fram nokkrar ástæður fyrir því eða nokkuð það, sem gæti verið í vegi fyrir því að veita mönnunum þessi umbeðnu réttindi.

Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja hér enn till. um það, að nr. 5 og 6 á þskj. 458 verði bætt inn á frv. Ég hef þegar sent um þetta till. í prentun, og mér er sagt, að það sé verið að sækja hana í prentsmiðjuna, en henni hefur ekki enn verið útbýtt hérna. Ég dró það að senda hana í prentun í gærkvöld, vegna þess að mér skildist, að ætti að ræða þetta frekar í allshn., en vannst nú ekki tími til þess í gærkvöld meðan fundur stóð hér, og þess vegna sendi ég hana ekki í prentun fyrr en í morgun. En hún er sem sagt alveg á leiðinni og verður væntanlega útbýtt hér alveg á næstu mínútum. Vil ég vonast til þess, að forseti vilji annaðhvort fresta um stund afgreiðslu málsins eða þá taka gildar þær till., sem liggja hér fyrir á þskj. 458, taka það sem skriflega till., ef hinar koma ekki í tæka tíð.

Ég tel mig ekki þurfa að færa nein sérstök rök eða gefa neinar frekari upplýsingar um þá menn, sem hér er um að ræða, heldur en ég gerði við 2. umr. Ég lýsti því þá, hvernig ástæður þeirra væru, og vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það stendur alveg nákvæmlega eins á um þá eins og þá tvo Norðmenn, sem teknir hafa verið inn í frv. í hv. Nd., þá Arne Jakobssen og Håkon Dyrö. Það eru líka Norðmenn, sem komu hingað á stríðsárunum og settust síðan hér að alveg á sama hátt og þessir tveir, sem hér er um að ræða.

Það kann að vera, að menn vilji halda því fram, að ekki sé hægt að taka hér upp till., sem búið sé áður að fella í d. En ég vil í sambandi við það benda á, að það stendur alveg nákvæmlega eins á um þá menn, sem Nd. hefur bætt inn í frv. af þeim, sem felldir voru hér áður. Það eru í raun og veru nýjar till., sem liggja hér fyrir d. aftur, og þeir geta ekki öðlazt þessi réttindi, nema því aðeins að Ed. samþykki aftur till. um þá, sem hún er búin áður að fella, svo að það breytir engu að mínu áliti hvað það snertir, þó að þessum tveimur mönnum sé líka bætt við, þótt áður hafi verið felld till. um að taka þá inn á frv.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 757, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir nú ástæða til að biðja afsökunar á því, að ég hef ekki fyrr gefið þessu máli nægilegan gaum. Mér finnst það ekki nægileg ástæða hjá hv. frsm. allshn. þessarar hv. d., sem lýsti sig yfirleitt samþykka brtt. á þskj. 571, að vilja ekki samþ. hana vegna þess, að hún teldi það ekki varlegt vegna hv. Nd. Það hafa ekki verið boðuð þingslit enn, og ég álít enga ástæðu til þess enn sem komið er að vera að beygja sig í þessu efni, heldur sé það eitt rétt, að hv. d. geri það, sem hún telur rétt. Málið getur að vísu farið í Sþ., en ég veit ekki, að þingslit séu svo ákveðin, að það geti ekki verið tækifæri til þess að afgr. málið í Sþ.

Út af þessu máli annars, um þessi nöfn, vil ég taka þetta fram í örstuttu máli:

Hæstv. menntmrh. heldur því fram, að það sé engin harðneskja við útlendinga, þó að þeir séu

beittir sömu reglum og Íslendingar. Ég játa það alveg, að það er engin harðneskja við útlendinga, þó að þeir séu beittir sömu reglum og Íslendingar. En er það gert í þeim l., sem samþ. voru síðast um ríkisborgararétt, og er það gert í þessu frv.? Ég neita því, að það sé gert. Ég veit ekki annað en Íslendingar megi halda sínum ættarnöfnum. Ég veit ekki annað en að það standi menn að þessari lagasetningu, sem bera ættarnöfn, alþingismenn. Það er alveg áreiðanlegt og hafa verið færð mörg rök fyrir því, að þetta er í raun og veru ákaflega harðleikið gagnvart mönnum, sem kannske eru komnir á miðjan aldur eða meira, að heimta, að þeir séu að breyta nöfnum sínum. Það má segja, að þeir geti látið þá vera að sækja um íslenzkan ríkisborgararétt. En ég sé ekki, að sum útlend nöfn láti nokkuð verr í íslenzkum eyrum heldur en sum þau ættarnöfn, sem Íslendingar bera. Ég segi það frá mínu sjónarmiði, að ég vildi helzt fella 2. gr. frv., en hér liggja ekki einstakar greinar frv. undir atkvæði, og ég hef nú ekki borið fram brtt. um að fella hana niður. En brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 751 finnst mér þó nokkur bót í máli í þessu efni. Ég hefði helzt viljað hafa það þannig, að útlendingar, sem er veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, gætu haldið sínu nafni óbreyttu, en að börn þeirra og afkomendur, sem fæðast eftir að ríkisborgararétturinn er veittur, yrðu að taka upp íslenzk nöfn.

Hæstv. menntmrh. lét nú vel yfir framkvæmd þeirra laga, sem um þetta giltu síðast, og sagði, að flestir þeir útlendingar, sem fengið hefðu ríkisborgararétt, hefðu tekið upp íslenzk nöfn, sem væru að mestu leyti þeirra nöfn. Þetta getur nú verið. Ég veit, að það er ekki mikill munur nema aðeins á föðurnafninu, sem líklega er rétt, þó að Róbert Abraham heiti núna Róbert Abraham Ottósson. En ég veit líka dæmi til þess, að maður, sem hefur heitið hingað til Harry Rosenthal, heitir núna Höskuldur, — ja, ég man nú ekki hvers son, eitthvað álíka. Mér finnst ekki, að hann haldi að mestu leyti sínu nafni. Ég er að vísu ekki sá málfræðingur, að ég viti það, hvort Harry þýðir sama og Höskuldur, það kann að vera, — en mér finnst ákaflega óviðkunnanlegt um eldri menn að setja þeim þessa kosti og næstum því hreinlegra að neita þeim þá um íslenzkan ríkisborgararétt. Ég mun því hiklaust, hvað sem hv. Nd. líður, greiða atkv. með brtt. hv. 4. þm. Reykv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal nú ekki tefja þessar umr. mikið, en mig langaði til að segja nokkur orð út af ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hann talaði um, að það væri mikil harðneskja að fyrirskipa þessum mönnum að breyta um nöfn. En ég hef nú haldið því fram, að það væru svo dýrmæt réttindi, sem þessir menn fengju, að það væri ekki til of mikils mælzt, þó að þeir tækju upp íslenzk nöfn og fylgdu þeirri reglu, sem gildir í þessu landi. Ef þeir vilja ekki vinna það til, þá er það þeirra mál, þeir ráða því sjálfir, hvort þeir vilja færa þá fórn, ef fórn skyldi kalla, að hafa sama hátt á sínum nöfnum eins og hafður er í því landi, sem þeir gerast nýir borgarar í. Þessir menn eru í raun og veru að biðja um að fá að skipta um þjóðerni. En er þá til of mikils mælzt, að þeir verði Íslendingar líka að nafninu til og taki upp sömu nafngift og Íslendingar sjálfir? Ég skal ekki segja, hvort menn breyta mikið hugsunarhætti við breytingu á nafni, en ég hygg nú, að það bæti ekkert, þó að þeir haldi sínum gömlu nöfnum eftir að þeir eru orðnir íslenzkir ríkisborgarar.

Ég vil enn fremur benda á það, sem ég tók fram áðan, að það er tekið fram í nafnalögunum, að nöfn manna skuli lúta lögum tungunnar. Það er langt frá því, að þessi nöfn, sem hér er um að ræða, geri það. Þau eru svo fjarskyld íslenzkri tungu sem nokkuð má vera.

Ég vil benda hv. þm. á það, vegna þess að hann var að tala um það, að Íslendingar hefðu talsvert af ættarnöfnum og þeim erlendum, að Íslendingum er bannað að taka upp ættarnöfn. (**BSt:** Þeir mega halda þeim.) Þeir mega halda þeim. En Íslendingar geta ekki bætt við sig nýjum ættarnöfnum. Ef ætti að fylgja þeirri reglu, að útlendingar mættu halda sínum nöfnum, þá mættu útlendingar demba inn í landið erlendum ættarnöfnum án nokkurrar takmörkunar. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. finnist það eðlilegt, að okkur sé bannað að taka okkur ættarnöfn, en hvaða erlendur maður sem óskar eftir að fá borgararétt og fær hann geti komið með útlent ættarnafn inn í landið og þannig geti erlendu ættarnöfnunum fjölgað í það óendanlega, án þess að nokkurt íslenzkt ættarnafn bætist við.

Forseti (BSt): Vegna fram kominnar kröfu um úrskurð á 1. dagskrármáli verður fundi ekki slitið nú, heldur frestað til kl. 5.30, hálf sex.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (BSt): Óskað hefur verið úrskurðar um, hvort brtt. á þskj. 757 megi koma undir atkvæði, þar sem við 3. umr. málsins var borin fram og felld till. um að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, er till. á þskj. 757 fjallar um. Í 32. gr. þingskapa segir, að brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, megi ekki bera upp aftur í sömu deild og á sama þingi. Við 3. umr. málsins var till. á þskj. 458 um þá tvo menn, sem hér um ræðir, borin upp og felld ásamt till. um að veita tveim öðrum mönnum ríkisborgararétt, m. ö. o. till. um fjóra menn borin upp í einu lagi. Í fyrstunni var sú till. um 6 menn, en þar sem var óskað sérstakrar atkvgr. um nr. 2 á þeirri till., var fyrst borinn upp 1. liður till. og síðan 2. liður og síðan í einu lagi 3.—6. liður.

Þar sem telja verður, að það geti haft áhrif á atkvgr., hvort tveim mönnum er veittur ríkisborgararéttur eða fjórum, verður að álíta, að till. á þskj. 757 sé ekki — eins og hér stendur á — sama atriði og áður er búið að fella í d. Úrskurða ég því, að hún skuli koma til atkvæða.

ATKVGR.

Brtt. 757 felldar með 9:3 atkv.

— 751 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, JJós, StgrA, BrB, FRV, GÍG, HG, BSt.
nei: LJóh, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, GJ.
2 þm. (KK, PZ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Sþ., 5. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 760).

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 760, 777).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það stóð til, að hér væri útbýtt brtt. prentaðri, og vel hefði það mátt takast tímans vegna, því að henni var komið í prent núna um hádegið, er þingfundir hófust, en sakir einhverra mistaka er nú ekki búið að útbýta henni, og mun ég þá verða af hálfu allshn. að bera hana fram skriflega, ef henni verður ekki útbýtt hér á meðan ég segi hér nokkur orð.

Þessi brtt., sem n. ber fram, er um að færa 2. gr. frv. í sama horf og hún var, þegar málið fór héðan. Eins og hv. dm. muna, þá voru ákvæði 2. gr. frv., eins og það fór héðan frá þessari hv. d., nákvæmlega hin sömu og voru samþykkt á síðasta þingi og gerð að lögum, og féllst Ed. þá á þá ákvörðun Nd. að hafa þessa skipun á veitingu ríkisborgararéttar. Og eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh., þegar hann gat þess, hvernig þessir útlendu menn, sem sótt höfðu um ríkisborgararéttinn, hefðu brugðizt við, þá höfðu þeir nær undantekningarlaust tekið upp íslenzk heiti. Það er ekki ástæða fyrir mig að fara að fjölyrða um þetta, það var gert hér rækilega við 3. umr., og þessi hv. d. hefur staðið nær einhuga með því að hafa þessa skipun á þessu máli, bæði í fyrra og nú, svo að það er ekki ástæða til þess að fjölyrða mikið um það, og n. væntir þess, að hv. Nd. haldi uppi þessari venju og láti ekki annað tíðkast um þetta efni. Þá er okkur skylt að vera á verði, að svo miklu leyti sem við getum, um meðferð og verndun okkar móðurmáls, og ætla ég ekki að fjölyrða um það atriði frekar. Það var talað rækilega um þetta mál við 3. umr.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að það getur ekki verið, að neinir hv. þm. leggi það mikið kapp á, að menn haldi hér útlendum nöfnum um leið og þeir öðlast þegnréttindi, að þeir felli frv., þótt það komi í Sþ. Reyndar get ég búizt við, að þó að þeir menn, sem hafa nú stundað þá iðju að láta útlendu nöfnin halda áfram að komast inn í okkar mál, fylki liði, eftir því sem vitað er um fylgi málsins, þá muni vera góðir ⅔ hlutar þings, sem vilja hafa þá skipun á, sem Alþ. hafði á þessu máli í fyrra.

Hvað sem að öðru leyti hefði nú mátt um þetta segja, þá álít ég það alveg ófært fyrir Alþ., að það hringli til um slíkt mál sem þetta frá einu þingi til annars. Þessi regla var tekin upp einhuga að *heita mátti* í fyrra, að hafa þessa skipun á, og ef nú ætti að fara að víkja frá því á næsta þingi á eftir, hvar lendir það? Í þágu hverra er það gert? Ekki fyrir Íslendinga. Ekki í þágu móðurmálsins. Ekki í þágu þeirra, sem ætla að fá íslenzkan þegnrétt og vera íslenzkir menn í anda og starfi. Ef það eru svo einhverjir, sem meta það svo mikils að halda sínum erlendu nöfnum hér hjá okkur og vilja ekki öðlast borgararétt með því að taka upp íslenzk heiti, þá verður það að vera þeirra mál.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég vona og veit reyndar fyrir fram, að hv. d. passar upp á þessar sakir og sýnir metnað sinn í því að halda uppi þessu starfi í þinginu, að það sé ekki farið að hringla úr einu í annað og þær reglur, sem settar eru, ekki sízt í þessum efnum, verði haldnar í heiðri, þegar eitt sinn er búið að móta regluna.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 777, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér þykir mjög vænt um það, að hv. Ed. skuli hafa breytt þeim ákvæðum frv., sem skylda hina erlendu ríkisborgara til algerðrar breytingar á nafni sínu, í það horf, sem ég hafði lagt til hér í hv. d., þ. e. a. s. þannig, að þeir breyti aðeins fornafni sínu og hið sama geri niðjarnir og þeir taki síðan þegar í stað að kenna sig við hið íslenzka fornafn föður síns.

Það er auðséð, að ef þessi hv. d. breytir málinu aftur, fer það í Sþ., með þeim afleiðingum, að öllu málinu kann að verða stefnt í hættu. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að þessi hv. d. hefði nær einróma samþ. fyrirmælin um hina algeru nafnbreytingu. Þetta er rangt. Það var samþ. hér með 18 atkv. gegn 8, og er það auðvitað fjarri því að vera einróma.

Annars vildi ég segja aðeins örfá orð til viðbótar því, sem ég áður hef sagt um málið, í tilefni af síðustu ræðu hv. 1. þm. Árn. Hann spyr enn: Í þágu hverra er þessi barátta mín, sem hann kallar svo? Hann segir, að það sé nauðsynlegt að vernda málið fyrir hinum erlendu ættarnöfnum. Ég hef áður sagt honum, að um það erum við báðir sammála. Spurningin er aðeins um það, hvort láta á fullorðna menn, sem búið hafa sem Íslendingar hér í landinu árum saman eða áratugum, skipta algerlega um nafn eða hvort á að freista þess að leysa þann vanda, sem hér er, með þeim hætti að láta þá aðeins breyta fornafni sínu, til þess að nöfn barna þeirra geti orðið alíslenzk þegar í stað, en leyfa þeim að halda ættarnafni sínu meðan þeir eru á lífi. Ég fæ með engu móti séð, að íslenzkri tungu eða íslenzkri menningu stafi nokkur voði af því, þótt nokkrir tugir manna fái að bera sitt ættarnafn, þótt erlent sé, meðan þeir eru á lífi, ef það er jafnframt fyllilega tryggt, að börn þeirra taki þegar í stað upp íslenzkt nafn og taki að kenna sig við fornafn föður síns að algerlega íslenzkum hætti. Og ég vil benda á, að hér hafa verið tugir og hundruð erlendra ættarnafna, án þess að tungan hafi af því spillzt meir en orðið er, og þessi nöfn eiga að fá að lifa áfram í friði fyrir hv. 1. þm. Árn. og hæstv. menntmrh.

Ég hef einnig orðið var þess misskilnings, að

fái frv. að vera áfram eins og það er nú, þá muni þessi ættarnöfn festast, vegna þess að enginn muni þá nenna að fylgjast með því, hvort þau verði kyrr í málinu eða ekki. Þetta er alger misskilningur. Það hljóta menn að sjá, svo framarlega sem menn lesa frumvarpsgreinina eins og hún er nú, því að þar er skýrum stöfum kveðið svo á, að niðjar hinna nýju ríkisborgara skuli taka upp íslenzkt fornafn og kenna sig við fornafn föður síns, þannig að nafnbreyting þeirra verður alger og algerlega með íslenzkum hætti. Eftirlitið, sem þarf að hafa, ef frv. verður svona, er því sízt meira, heldur minna en ef fyrirmælin um hina algeru nafnbreytingu ná fram að ganga. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði, þegar mál þetta var hér til umr. áður, að ég tel meiri hættu á því, að hin erlendu ættarnöfn lifi raunverulega í málinu, ef till. hv. allshn. nær fram að ganga, heldur en ef frv. fær að vera óbreytt eins og það er nú, vegna þess að mig grunar, að ýmsir hinna nýju ríkisborgara telji fyrirmælin um hina algeru nafnbreytingu svo ósanngjarna, svo rangláta í sinn garð, að þeir noti hin nýju íslenzku nöfn ekki í daglegu tali, þótt þeir noti þau við allar lögformlegar undirskriftir. Ef svo er og þeir fá almenningssamúð með þessu sjónarmiði sínu, þá er auðvitað verr af stað farið en heima setið. Ég hygg, að auðvelt sé að sannfæra þessa menn, sem hér eiga hlut að máli, um það, að þessi millivegur sé svo miklu sanngjarnari lausn, að allir — bókstaflega allir — muni hlíta þeim fyrirmælum með glöðu geði. Og þá verður þessi leið, þótt vægari sé í fyrstunni, líklegri til árangurs.

Ég vil benda á það, að um þetta mál hefur allmikið verið rætt utan þings hina síðustu daga. Til dæmis ræddi ágætur fyrirlesari málið í útvarpserindi nú fyrir nokkrum dögum. Og hann benti á mjög athyglisverða hlið á málinu. Hann benti á það, að ef fyrirmælin um hina algeru nafnbreytingu ná fram að ganga, þá er ýmsum hinna nýju ríkisborgara skylt að leggja niður nöfn, sem Íslendingum sjálfum er nú heimilt að bera, og nefndi um þetta ýmis dæmi. Það eru til ýmis erlend lögleg ættarnöfn, sem heilar fjölskyldur, tugir manna bera nú. Þessi sömu ættarnöfn verða forboðin, ef þau eru borin af manni, sem sækir um íslenzkan ríkisborgararétt. Þetta er náttúrlega þvílík ósanngirni og í raun og veru svo heimskulegar ráðstafanir, að engu tali tekur. Annaðhvort er erlent nafn óeðlilegt og hættulegt íslenzkri tungu eða það er það ekki. Og það nær engri átt að banna það í einu tilfelli, en leyfa það í öðru, og meira að segja leyfa, að það lifi áfram í gegnum komandi kynslóðir.

Það, sem verður að gera í þessu, er annaðhvort að fara þá miðlunarleið, sem hv. Ed. nú hefur samþ., eða samþykkja jafnframt breytingu á nafnalögunum, sem banni öllum Íslendingum að bera erlend ættarnöfn. Það er í samræmi við stefnu hv. allshn. þessarar d., og það gæti ég í sjálfu sér virt við hv. n., ef hún tæki þá stefnu upp og vildi framfylgja henni. En að setja skilyrði um algera nafnbreytingu vegna útlends ættarnafns við hina nýju ríkisborgara eina, en láta sömu ættarnöfnin fá að haldast á þeim, sem eru ríkisborgarar fyrir, það er ósamkvæmni í meðferð mikilvægs máls, sem er hinu háa Alþingi alls ekki samboðin. Þess vegna vil ég leyfa mér að vænta þess, að þessi hv. d. samþ. frv. eins og það er orðið núna. Það verður að öllu leyti affarasælast. Og ég er sannfærður um það, að til lengdar verður það líka hin bezta og farsælasta vernd fyrir íslenzka tungu, eins og okkur hv. í. þm. Árn. er hugleikið að verða megi.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Meginuppistaðan í rökfærslu og till. hv. 3. landsk. er sú, að engin hætta sé á því, að þessi erlendu ættarnöfn haldist í málinu, ef hans till. er samþ. og þessir erlendu menn taki upp íslenzkt fornafn. Ég vil taka fram fyrst, að við, sem erum þessari till. mótfallnir, höfum haldið því fram, að þessu muni ekki verða framfylgt og að þessi nöfn muni haldast í málinu mann fram af manni og börn þessara manna muni nota þetta ættarnafn eins og ekkert hefði skeð. (Gripið fram í.) Ég vil bara benda hv. þm. á það, að í 3. gr. laga um mannanöfn segir: „Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla ævi.“ Það þýðir það, að þeir, sem þá höfðu ættarnöfn, og börn þeirra, sem báru þau þegar lögin tóku gildi, mega halda þeim alla ævi, en lengur ekki. Þeirra barnabörn mega ekki taka upp þetta nafn samkv. lögunum; það er greinilegt. En við sjáum bara reynsluna, hver hún hefur orðið. Ég skal ekki fara að deila um það út af fyrir sig, en þetta bendir ótvírætt á það, hvað mundi verða, ef till. hv. þm. yrði samþykkt. Það mundi verða nákvæmlega sama niðurstaðan. Hér er bannað með lögum, að þessi nöfn megi ganga mann fram af manni, en reynslan hefur ekki orðið sú, að því hafi verið fylgt eftir, og sama reynslan verður með þessi útlendu ættarnöfn. Við fáum yfir okkur flóð erlendra nafna inn í málið, sem eykst með hverju ári, þannig að líklega mundi hv. þm. endast aldur til að sjá það, að helmingur af íslenzkum mannanöfnum væri af erlendum uppruna og nöfn, sem hvergi færu eftir lögmáli íslenzkrar tungu.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það er nú í sjálfu sér ekki vert að þrátta lengi um þetta, því að málið er nú í raun og veru útrætt. En ég skil ekkert í hv. 3. landsk., hvernig hann fer að komast að þeirri niðurstöðu, sem hann kemst nú jafnan að viðvíkjandi þessum nöfnum, út frá þeim forsendum, sem hann færir þó fram fyrir sínu máli. Eins og hæstv. menntmrh. vék nú að, þá er Íslendingum bannað með nafnalögunum frá 1925 að taka upp nokkurt ættarnafn. Þar átti að vera alveg endað. Heimild þeirra laga, eins og hann las upp, leyfir þeim ættum, sem áður höfðu tekið sér upp með löglegu móti ættarnöfn, að halda þeim sína tíð, og er vitnað í því sambandi til laganna frá 1913. Nú erum við með þegnréttindi til handa mönnum, sem hafa ættarnöfn, hafa ekki tekið þau hér hjá okkur, þau eru aðfengin með fólkinu sjálfu, og þá ættum við að veita þessu góða fólki meiri réttindi heldur en nokkur Íslendingur hefur heimild til að öðlast nú. Nú ættum við að veita

þeim heimild til að hafa ættarnöfn, upptekin hér hjá okkur með þegnréttinum, sem við bönnum öllum Íslendingum. Vafalaust er þetta gott og gagnlegt fólk, en að við getum að litt reyndu máli tekið það umfram okkar þegna, það finnst mér vera til of mikils mælzt. Og það er skoðun hv. þm., að þeir þurfi ekki að taka nema aðeins fornafn, þar með sé verndun fyrir málið fengin. Þeir mega halda sínu nafni alveg, ef þeir skeyta íslenzku fornafni framan við. Samkv. hans orðum á að vísu að leggja þá kvöð á þeirra bök, sem öðlast þegnréttinn með foreldrum sínum, að kenna sig við þetta íslenzka heiti. En eftir orðum hv. 3. landsk., eftir því sem hann rökstyður málið, þá hefur maður ástæðu til þess að ætla, að þetta yrði ekki haldgott. Hann segir: Ef það verður gert að skyldu, að menn leggi niður sitt ættarnafn og taki algerlega upp íslenzkt heiti, þá munu þeir reyna að svíkjast frá því; að vísu munu þeir formlega taka nafnið, en í daglegu tali og undir öllum öðrum kringumstæðum munu þeir halda sínum ættarnöfnum og heitum. Það væri náttúrlega skýlaust brot á lögunum, alveg gersamlegt brot, en því meira sem þeir þurfa að breyta til frá lagalegu sjónarmiði, því erfiðara viðfangs ætti það þó að verða. Það ætti að bera minna á því, þótt þeir slepptu þessu eina íslenzka heiti, ef þeir hefðu leyfi til þess að halda sínum ættarnöfnum og öðrum heitum líka. Þetta er náttúrlega alveg hvað á móti öðru.

Hv. þm. var svo að víkja að því, að við hefðum átt að taka þetta mál öðruvísi og gera breytingu á nafnalögunum til frekari staðfestingar á skoðunum okkar. Það er vitaskuld ekkert tækifæri nú á þessu þingi til þess að gera slíka endurskoðun. En það má vel vera, ef þetta hefði borið fyrr á góma, þessi barátta fyrir því, að nú eigi að vera heimilt að hafa erlend heiti, þau megi bætast svona inn í málið, að við hefðum gert það. Það er alveg nýtt, eins og reyndar er ekki nema til síðasta þings að rekja það, að það er gert að skyldu að taka upp íslenzkt heiti, en þá var þetta að kalla mótspyrnulaust. Nú aftur á móti er háð nokkur barátta, þótt í henni taki fáir þátt, til þess að breyta til. Það verður þess vegna að bíða seinni tíma að gera slíkt, en ég get búizt við því, að það sé ástæða til þess að taka einmitt nafnalögin til athugunar, en í þetta sinn fer ég ekki út í það nánar. En ég skil ekki almennilega þær ástæður hjá hv. þm., ef honum finnst mikil nauðsyn á, að það sé gert, — og sízt vil ég andmæla því neitt, — að vilja þá lögleiða með þessu móti, eins og hann leggur til nú, þessi heiti og koma þeim inn í málið. Og ég vil benda hv. þm. á það, að eftir því, sem sótt er nú mikið um íslenzkan ríkisborgararétt af útlendu fólki, þá er þetta ekkert smáræði, sem kemur inn í málið. Það eru 25 útlendingar núna á þessu þingi. Ég held ég muni það rétt, að það hafi verið milli 30 og 40 í fyrra. (Gripið fram í.) Já, mig minnti það, en þorði nú ekki að nefna töluna; ég þakka fyrir upplýsingarnar, 37 í fyrra. Verði það nú svona áfram, þótt ekki sé vitnað nema fáa áratugi, hvernig ætlar hv. 3. landsk. þá að verði komið nafngiftinni í íslenzkri tungu með þessu? Annars ætla ég ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég veit, að hv. d. passar upp á þetta mál, það hefur hún gert áður, svo að það mun ekki vera í neinni hættu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, enda er ég sammála hv. 1. þm. Árn. um það, að það þýðir ekki að karpa lengur um þetta mál. Ég vona, að öllum hv. þdm. sé orðið ljóst, hver hér er mergurinn málsins.

Þó get ég ekki stillt mig um að segja, að það er undarleg röksemdafærsla í sambandi við umr. um setningu laga, að gera ráð fyrir því, að lagaákvæði verði ekki framfylgt, af því að til séu önnur l., sem hafi ekki verið framfylgt. Ég get ekki betur séð en að þetta sé röksemdafærsla fyrir því að hætta að setja nokkur lagaákvæði. Hvað þýðir þá að vera að setja l., ef til eru l., sem hafa verið brotin? Nú vita allir, að mörg l. hafa verið brotin og eru brotin enn.

Það, sem er mergurinn málsins hvað þetta snertir, er það, að eins og frv. er núna, þá er öllum hinum nýju ríkisborgurum skylt að hafa nöfn sín algerlega íslenzk, og þeir menn, sem halda það, að þeim ákvæðum verði ekki framfylgt, bera enn þá minna traust til hæstv. ríkisstj. en ég geri. Ég vil leyfa mér að treysta því, að hæstv. menntmrh. geti framkvæmt jafneinföld lagaákvæði og þessi, að ganga eftir því, að börn þeirra manna, sem hér fá ríkisborgararéttinn, hagi nöfnum sínum fyllilega að íslenzkum hætti. Þeir menn, sem halda, að þessu lagaákvæði yrði ekki framfylgt, bera bókstaflega ekki nokkurt traust til íslenzka ríkisvaldsins. Og í því sambandi þýðir ekkert að vísa til þess, að nafnalögunum í heild hafi verið illa framfylgt. Það er rétt. En ákvæði nafnal. eru afar flókin og nafnal. að ýmsu leyti ekki heppileg, og það er það, sem hefur átt sinn þátt í því, hversu illa þeim hefur verið framfylgt.

Hv. 1. þm. Árn. talaði enn um baráttu fyrir því, að menn megi bera hér erlend nöfn. Ég er alveg hissa á hv. þm. að tala svona. Hér er ekki um það að ræða, því að samkvæmt gildandi l. mega menn bera hér erlend nöfn. Þó að þessum mönnum yrði leyft að bera þau til dauðadags, er hér ekkert nýmæli. Það er algerlega í samræmi við gildandi ákvæði íslenzkra nafnal.

Þá sagði hv. þm. enn, og það skal vera síðasta athugasemdin, sem ég geri, að fengi frv. að vera óbreytt eins og það er núna, þá væri hinum nýju ríkisborgurum veittur meiri réttur en Íslendingum er veittur nú. Þetta er og alger misskilningur. Sá eini réttur, sem hinum nýju ríkisborgurum er veittur, er að fá að bera það sama nafn til dauða sem þeir hafa haft frá skírn sinni. Þann rétt hafa nú allir Íslendingar, og mér vitanlega hefur aldrei komið fram till., hvorki á Alþ. né annars staðar, um að skylda nokkurn mann til þess að breyta algerlega nafni sínu. Það, sem hér er verið að gera, er að leggja kvöð á hina nýju ríkisborgara, sem engum hefur nokkurn tíma dottið í hug að bera fram till. um að lögð yrði á nokkurn Íslending.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var í fyrsta sinn í fyrra, sem nýjum ríkisborgurum erlendum var sett það að skilyrði, að þeir

yrðu, áður en þeir gætu öðlazt ríkisborgararéttinn, að taka upp algerlega íslenzkt nafn. Ég minnist þess, að ég var dálítið efagjarn í þessu atriði, þegar það var til umræðu í Ed., og um það urðu þar nokkuð miklar umræður. En þó taldi ég þá rétt að ganga inn á þessa nýju leið og mun hafa greitt því atkv. Þegar svo l. áttu að koma til framkvæmda, þá hef ég sannar fréttir af því, að þetta reyndist þó nokkurt vandamál fyrir hæstv. ríkisstj., hvernig ætti að framkvæma þetta skilyrði. Ríkisstj. mun hafa orðið þess áskynja, að nokkuð margir af hinum erlendu ríkisborgurum vildu mjög ófúslega undirgangast þetta skilyrði, að skipta algerlega um nafn. A. m. k. er mér kunnugt um það, að mikill meiri hl. þessara manna vildi helzt ekki þurfa að fullnægja því, og skrifuðu ýmsir af þeim ríkisstj. til þess að reyna að komast hjá því. Niðurstaðan varð sú, að þó að sumir beygðu sig að lokum undir þetta, þá voru aðrir, sem héldu fast við það, að þeir vildu ekki varpa sínu nafni og ættarnafni fyrir borð, og hafa ekki þegið hinn íslenzka ríkisborgararétt enn. Þannig er t. d. um mann vestur á Ísafirði, þýzkan mann, sem giftur er íslenzkri konu og á íslenzkan afkomanda. Þau hafa ekki viljað þiggja íslenzka ríkisborgararéttinn enn, svo að mér sé kunnugt um, vegna þessa. M. ö. o., það liggur núna fyrir vitneskja um það, að þetta skilyrði vakti mjög mikla óánægju. Og það er skýringin á þeirri spurningu, sem hv. 1. þm. Árn. varpaði hér fram rétt áðan: „Hvers vegna fór þetta gegnum þingið mótspyrnulaust í fyrra?“ Jú, menn töldu æskilegt að koma þessu í kring. Og hvers vegna rís mótspyrna gegn þessu núna? Menn gera sér nú ljóst, hversu mikið sársaukamál þetta hefur orðið fyrir þá, sem skilyrðinu áttu að fullnægja.

Nú virðist mér það vera augljóst mál, að tilætlunin var sú með þessu skilyrði, sem sett var í fyrra, að ekki yrði allt flóandi í erlendum nöfnum, einkanlega í framtíðinni, þegar afkomendum þessara nýju erlendu ríkisborgara fjölgaði. Það hlýtur að hafa verið meginatriði málsins. Nú hefur frv. tekið þeim breytingum í Ed., samkv. till., sem hér lá fyrir við fyrri umr. málsins, að nýir ríkisborgarar skuli að vísu mega halda sínu eigin ættarnafni, en verði að skipta um fornafn og niðjar þeirra að kenna sig við hið íslenzka nafn föðurins. Þannig er loku fyrir það skotið, að þegar niðjum hinna erlendu ríkisborgara fjölgar, beri þeir erlend nöfn, heldur hafa þeir þá hið viðurkennda íslenzka nafn, sem þeim hefur verið gefið, og eru kenndir við föður sinn að íslenzkum hætti. Þar með finnst mér vera náð megintilgangi þess skilyrðis, sem sett var hér í fyrra. Þar með er fullnægt þeirri varúðarráðstöfun í þágu íslenzkrar tungu, sem hlýtur að hafa verið meginatriðið fyrir tillögumönnum á síðasta þingi.

Mér finnst það vera ærið hjákátlegt, þegar bæði hæstv. menntmrh. og hv. 1. þm. Árn. tala um hugsanleg lögbrot í öðru tilfellinu, en telja þau vera alveg útilokuð að því er snertir þeirra eigin fyrirvara. Er þó vitað, að óánægja manna með að ganga undir það fyrirkomulag, sem þeir vilja lögfesta, er miklu magnaðri heldur en hún yrði í hinu tilfellinu. Tilhneigingin til þess að sniðganga lögin, eins og hæstv. menntmrh. vill ganga frá þeim og fékk ráðið að gengið var frá þeim í fyrra, er miklu meiri til lögbrota heldur en einmitt ef hin leiðin væri farin, sem væri miðlunar- og sáttaleið við þessa nýju ríkisborgara, en tryggði þó alveg það, sem tryggja þarf, að því er snertir erlend málsáhrif í framtíðinni. Það eru til íslenzkir menn, sem bera nafnið Ólsen hér. Í næsta ættlið geta verið orðnir 10 íslenzkir Ólsenar, og 2. eða 3. ættliður getur skilað 100 slíkum Ólsenum, allt með löglegum hætti. En komi nú Dani hér eða Norðmaður, sem heiti Ólsen, og fái ríkisborgararétt, þá er það lögbannað, það er lögbrot strax. Slíkir Ólsenar mega ekki spilla íslenzku máli í framtíðinni. Þetta er slík hringavitleysa, að ég sé ekki annað en það sé augljóst mál, að þessi hv. d. á að sjá, að frv. er nú komið í skaplegra horf og sanngjarnara og það eru meiri líkur til þess, að lögin verði haldin í því formi heldur en hinu, og þess vegna á hv. Nd. að láta af þessari óbilgirni í þessu nafnamáli og afgr. málið nú eins og það er komið til okkar frá Ed. Það er mín bjargfasta skoðun. Og ég held, að það mundu engir gullhringir detta hvorki af hæstv. menntmrh. né hv. 1. þm. Árn. við það að láta undan í þessu máli.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal lofa því að tala ekki oftar í þessu máli hér en í þetta skipti til þess að vera ekki að tefja málið um of. En mér fannst ég þurfa að leiðrétta nokkuð, sem hv. þm. Ísaf. nefndi í þessu sambandi. Hann sagði, að þessi nafnabreyting hefði valdið ríkisstjórninni miklum erfiðleikum. Mér er alls ekki kunnugt um það, að nokkrir slíkir erfiðleikar hafi komið fyrir. Síður en svo. Það voru settar mjög einfaldar reglur fyrir því, hvernig þessum nafnaskiptum bæri að haga, og mér vitanlega hafa ekki neinir erfiðleikar og yfirleitt ekkert umtal spunnizt um málið í ríkisstj. Það hefur ekki komið þar til umr. einu sinni síðan það var samþ. á þinginu. Og þó að einn maður sé á Ísafirði, sem ekki hefur skipt um nafn, þá er hann einn af sex, sem ekki hafa beðið um nafnbreytingu af þeim 37, sem fengu borgararétt í fyrra. Þeir eru þá ekki fleiri en 6 af 37, sem ekki hafa óskað að breyta sínu nafni, og það er enginn kominn til að segja, að það stafi af því, að mennirnir hafi ekki viljað skipta um nöfn. Það geta verið margar fleiri orsakir, sem liggja til þess. Og þó að hv. þm. Ísaf. þekki einn eða tvo menn á Ísafirði, þá kannske veit hann um þeirra hugarfar í þeim efnum, en hann þekkir þá ekki hina fjóra. Hvar eru þá hinir fjórir? Kannske hv. 3. landsk. þekki þá, svo að það sé hægt að fylla bókina. En hér er ekki um neina erfiðleika að ræða, hvorki fyrir ríkisstj. né sýnilega fyrir þá, sem þurfa að skipta um nafn. Hins vegar get ég vel hugsað mér það, að margir af þessum mönnum vildu frekar halda sínu fyrra nafni. Það er ekki nema eðlilegt. En þetta sýnir samt sem áður, að mönnum þykir það ekki svo mikil fórn, að þeir vilji ekki vinna það til að verða íslenzkir ríkisborgarar. Og sumir gera það vafalaust með mikilli ánægju. Ég efast ekki um það.

Hv. þm. Ísaf. gat þess, að við hefðum ýmis

nöfn í málinu, sem væru ekkert betri heldur en þau nöfn, sem hér væri um að ræða og við vildum að menn tækju sér íslenzk nöfn í staðinn fyrir. Þetta er alveg rétt. Það eru mörg nöfn og það mörg fjölskyldunöfn, sem komin eru inn í málið. Menn, sem setztir eru að í landinu, bera þau nöfn, sem frekar hefðu átt að vera íslenzk. Ég viðurkenni það fyllilega. En erum við miklu bættari að fá fjölda af erlendum nöfnum í viðbót, þó að þessi erlendu nöfn, sem nú eru, hafi ílenzt í landinu? Ég held, að við séum þá betur settir með því að þurfa ekki að taka við meiru.

ATKVGR.
Brtt. 777 samþ. með 19:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 40. fundi í Sþ., 6. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 790).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 790, 795).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 795 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir tæpum klukkutíma afhentum við 5 þm. brtt. við þetta frv. til prentunar, og er hún ekki enn komin úr prentsmiðjunni. Mun ég því lýsa henni hér og afhenda forseta hana sem skriflega brtt.

Við hv. 2. þm. Rang., hv. 1. þm. Eyf., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 10. landsk. þm. höfum leyft okkur að flytja um það brtt., að 2. gr. frv. verði aftur breytt í það horf, sem Ed. samþ., þ. e. a. s., að niður verði fellt það skilyrði fyrir ríkisborgararéttinum, að hinir nýju ríkisborgarar skuli taka sér algerlega íslenzk nöfn, en í staðinn skuli koma það, að þeir þeirra, sem heita erlendum nöfnum, skuli ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt fyrr en þeir hafa fengið sér íslenzkt fornafn, og hið sama skuli gilda um barn, sem fær ríkisfang samkv. þessum ákvæðum með foreldri sínu, en það skuli hins vegar kenna sig við móður, föður eða kjörföður samkv. gildandi lögum um mannanöfn, og þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laganna, skuli á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður samkv. gildandi lögum.

Ég hygg, að allir þm. séu þegar búnir að hugsa mál þetta svo rækilega, að ýtarlegar umr. um það séu óþarfar hér í Sþ. Þó vildi ég leyfa mér að geta þess, að nú, skömmu áður en ég gekk á þennan fund, var til mín hringt af einum þeirra aðila, sem í fyrra var veittur ríkisborgararéttur með því skilyrði, sem Nd. hefur nú tvísamþykkt að setja fyrir veitingu ríkisborgararéttarins, og get ég þess í sérstöku tilefni af því, að hæstv. menntmrh. lét þess getið hér við umr. í gær, að skyldan til nafnabreytingarinnar virtist ekki hafa sætt neinni verulegri andstöðu meðal hinna nýju ríkisborgara frá því í fyrra. En mér hafði þegar verið kunnugt um allmörg dæmi, einnig um þá, sem þegar hafa skipt um nafn, en frétti nú af mjög undarlegu tilviki til viðbótar og vil leyfa mér að segja frá því í fáeinum orðum og geri það með leyfi hlutaðeigandi aðila.

Einn þeirra, sem veittur var ríkisborgararéttur í fyrra, ber þýzka nafnið Blumenstein. Hann hefur ekki enn þegið ríkisborgararéttinn, sökum þess að hann hefur ekki viljað sætta sig við þetta skilyrði, skylduna til algerrar nafnbreytingar. En svo er mál með vexti, að 5 menn bera nú nafnið Blumenstein hér á Íslandi, og er þessi maður, sem er 45 ára að aldri, ættfaðir hinna. Hann á tvö börn, sem bæði eru yfir 16 ára aldri og heita auðvitað Blumenstein, og enn fremur er um að ræða tvo aðra yngri aðila í fjölskyldunni, sem bera sama nafn. Hann spurðist fyrir um það eftir gildistöku laganna um hina nýju ríkisborgara frá því í fyrra, hvort þessir aðilar mundu þurfa að skipta um nafn, ef hann þæði ríkisborgararéttinn, og fékk það svar í dómsmrn., að svo væri ekki. Með öðrum orðum, af 5 mönnum, sem nú bera nafnið Blumenstein á Íslandi, yrði aðeins einn þeirra að leggja nafnið niður, sá, sem veittur var ríkisborgararéttur með lögunum frá því í fyrra. Hinir mega bera það áfram og allir niðjar þeirra manna, samkv. þeim reglum, sem nú gilda. Það er því fjarri lagi, að þessu nafni yrði útrýmt úr málinu, jafnvel þó að þessi maður þæði ríkisborgararéttinn og skipti um nafn. En vegna þess að hann fékk þær upplýsingar í dómsmrn., að hinir aðilarnir mættu eftir sem áður nota það sama nafn sem honum yrði meinað að nota, þá sagðist hann ekki sjá ástæðu til þessarar nafnbreytingar og vildi heldur verða af ríkisborgararéttinum heldur en að þurfa að segja skilið við það ættarnafn, sem fjölskylda hans hefur borið síðan um aldamótin 1600 að minnsta kosti, þegar það ættarnafn að öðru leyti þykir ekki ósæmilegt á Íslandi samkv. íslenzkum lögum. Sök sér hefði verið, ef lagaákvæðin hefðu verið þannig, að enginn Íslendingur eða enginn á Íslandi mætti bera nafnið Blumenstein, allir hefðu orðið að leggja það niður; en að ættfaðirinn einn skuli verða að leggja það niður, en hinir 4 aðilarnir megi halda því að réttum íslenzkum lögum, það finnst þessum aðila, það finnst mér og það mun mörgum finnast svo fáránlegt, að engu tali tekur að ganga frá slíkum lagaákvæðum. Það, sem auðvitað ætti að gera í þessu sambandi, er að ganga þá þannig frá þess konar breyt. á nafnalögunum, sem gerðu það ókleift, að nokkur íslenzkur ríkisborgari bæri slíkt nafn sem þetta. Væri það sök sér. En hitt er til vansæmdar fyrir Alþ., að ganga frá lagasetningu, sem hefur slíkt skripaástand í för með sér, að einn maður úr fjölskyldu skuli þurfa að segja skilið við fjölskyldunafnið, en hinir megi allir saman bera það að réttum íslenzkum lögum.

Ég skal svo aðeins að lokum í örfáum orðum rifja upp, hvað ég tel höfuðókosti þess ákvæðis, sem Nd. hefur samþ. inn í lögin sem skilyrði fyrir ríkisborgararéttinum:

1. Það er einsdæmi í löggjöf siðaðra þjóða, að menn séu með lögum skyldaðir til þess að breyta um nafn, segja skilið við nafn sitt og taka upp nýtt nafn.

2. Ákvæðið útrýmir ekki erlendum nöfnum almennt úr íslenzku máli. Eftir sem áður eru erlend nöfn lögleg á Íslandi og munu verða við líði á Íslandi samkv. gildandi lögum.

3. Ákvæðið útrýmir ekki einu sinni þeim útlendu nöfnum, sem hinir nýju ríkisborgarar verða að segja skilið við, og það veldur því, að sumir verða að leggja niður sama nafnið sem aðrir menn mega halda.

4. Á hina nýju ríkisborgara er með þessu ákvæði lögð skylda, sem engum þm. datt í hug að leggja á nokkurn Íslending, þegar gildandi nafnalög voru sett og upptaka nýrra ættarnafna var bönnuð, þ. e. a. s. sú skylda að þurfa að segja skilið við fyrra nafn.

En eftirfarandi tel ég vera meginkosti þeirrar skipunar, sem lagt er til að tekin verði upp með brtt. okkar fimmmenninganna:

1. Það er tryggt, að ný útlend nöfn festist ekki í málinu og að þeim mönnum fjölgi ekki, heldur fækki, sem bera útlend nöfn. Það er rétt, að útlendum nöfnum er ekki útrýmt með till., enda er það ekki hægt hvort sem er að óbreyttum gildandi lögum. En það er tryggt, að ný nöfn festist ekki í málinu og að þeim fjölgi ekki, heldur fækki, sem bera útlend nöfn.

2. Enginn fullorðinn maður er skyldaður til nafnbreytingar.

3. Börn hinna nýju ríkisborgara koma þegar í stað til með að bera alíslenzk nöfn og nöfn að alíslenzkum hætti.

Það eru margfalt meiri líkur til þess, að þessum ákvæðum yrði hlýtt, þar eð þetta þætti miklu sanngjarnari lausn, og hin erlendu nöfn hyrfu þannig raunverulega fyrr úr málinu heldur en ella.

En af því hef ég sannar spurnir, að ákvæðin frá því í fyrra hafa þótt svo ósanngjörn og í raun og veru svo bjánaleg, að þeim er ekki hlýtt. Hinir nýju ríkisborgarar hafa að vísu látið skrá á sig ný nöfn, en vinir þeirra og kunningjar — af því hef ég margar spurnir — fást ekki til þess að nota þau, svo að hin erlendu nöfn lifa áfram í málinu þrátt fyrir þessi ákvæði. Og fer svo gjarnan, að þegar sett eru lagaákvæði, sem þykja ósanngjörn og ranglát, þá verður ekki hægt að framfylgja þeim. Hæstv. menntmrh. og hv. 1. þm. Árn. hafa þegar getið þess, að erfitt hafi reynzt að framfylgja nafnalögunum, og eru þau þó ekki strangari en raun ber vitni um, og þá má geta nærri, hvernig tekst í framkvæmdinni að fylgja ákvæðum, sem eru jafnströng, jafnfáránleg og þessi ákvæði, sem samþ. voru í fyrra og hv. Nd. hefur nú aftur samþ., því að um það má segja það sama sem þjóðkunnur menntamaður, nákunnugur störfum hér á Alþ., sagði í gær við mig, að ef þessi skipun, sem hv. Nd. vill hafa á málinu, næði fram að ganga, með skyldunni til algerrar nafnbreytingar, þá væri það í rauninni þjóðarhneyksli, og undir það tek ég.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það liggur nú við, að það sé þjóðarhneyksli að heyra slíka ræðu á Alþingi Íslendinga. Það minnir ónotalega á það, þegar þessi þjóð réð ekki sínum málum og var knésett og yfirsetin af erlendri þjóð. En það, sem varð henni til viðreisnar og að hún endurheimti frelsi sitt, var, að hún átti menn, sem litu allt öðrum augum á slík mál sem þetta. Tungunni og fornum bókmenntum á hún það að þakka, að hún endurheimti frelsi sitt og er nú í tölu þjóða talin sem sérstök þjóð með sérstaka menningu og sérstaka tungu.

Það er málsháttur, sem segir, að „engum er viðleitnin bönnuð“, og svo er með þennan hv. þm., 3. landsk., að honum er vitaskuld ekki viðleitnin bönnuð, að reyna að koma því til vegar, að málið og tungan skemmist meira og meira eftir því sem stundir líða. Hvaða tryggingu hefur þessi hv. þm. fyrir því, þó að lögleitt væri, að þessir útlendingar tækju upp fornafn að íslenzkum sið, að það gilti fremur en ef þeir tækju upp íslenzk heiti algerlega? Meira að segja er þeim sjálfum það miklu auðveldara en að taka aðeins íslenzkt fornafn og halda svo að öðru leyti sínum nöfnum. Og sé svo mikil nauðung hjá þessum mönnum sem hann gefur í skyn, þá hef ég ekki mikla trú á því, að þeir viðhaldi þessu íslenzka fornafni, sem þeir eru að fá með þessari löggjöf, vitaskuld neyddir til þess að taka upp.

Hv. 3. landsk. þm. byrjaði ræðu sína á því, að það hefði verið hringt til sín, og efni þessa samtals var þá það að fara þess á leit við hann, að hann berðist fyrir því, að menn þyrftu ekki að skipta um nöfn, þessir menn, sem óska nú eftir ríkisborgararétti, einhverjir. Af 37 í fyrra ber nú 31 maður íslenzkt heiti, 6 ekki, eftir því sem upplýst hefur verið í hv. Nd. í umr. um þetta mál. Um tvo er það sagt, að þeir hafi ekki viljað vinna það til að fá íslenzkan þegnrétt að taka upp íslenzkt heiti. Um hina fjóra veit maður ekkert, hverjar orsakir eru til þess, að þeir hafa ekki gert það. Mér skildist nú reyndar, að einn af þessum mönnum frá í fyrra, þ. e. a. s. þessi Blumenstein, sem hv. þm. var að minnast á, hefði ekki viljað vinna það til, og það er sakir þess, að það eru fjórir aðrir, sem hafa ættarnafnið. Þetta gefur nú ofur lítið til kynna, hvernig það mundi fara úr hendi, ef þessi háttur yrði á, sem hv. þm. leggur til að hafður verði við veitingu ríkisborgararéttar, — hvað haldgott það mundi reynast, að menn skipti um nöfn. Og það er furðulegt að heyra, þegar hv. þm. segir, að með þessu móti mundi verða betur séð fyrir því, að menn skipti um nöfn og þessi útlendu heiti hyrfu úr tungunni. Það vitaskuld tekur engu tali.

Hv. þm. misskilur gersamlega lögin um mannanöfn, viðvíkjandi ættarnöfnum, sem leyfð hafa verið samkv. þeim í íslenzkri tungu. Því fólki, er bar ættarnöfn áður en lögin 1913 voru sett, var leyft að halda þeim áfram og niðjum þeirra. Yngri ættarnöfnin áttu eftir löggjöfinni frá 1925 að falla úr gildi við andlát þess fólks, er hafði rétt á að bera þau um stund, en niðjar þess höfðu ekki leyfi til þess að taka þau upp eða halda þeim áfram. Það er þess vegna ekki um önnur ættarnöfn hér að ræða heldur en þau, sem eldri eru en lögin frá 1913, þ. e. a. s. íslenzk ættarnöfn. En hér eru útlend ættarnöfn, sem komið hafa inn í málið eftir þennan tíma, og þau halda áfram, eins og reyndar mun eiga sér stað með ættarnöfn á íslenzku fólki. Þetta er vitaskuld ekki leyfilegt og fer í bága við gildandi lög um mannanöfn á Íslandi, og er þess vegna réttur

hjá stjórnarvöldunum að banna alveg, að þetta haldi svona áfram. En það, sem hv. þm. fer nú fram á, er, að við veitum þessum útlendingum meiri rétt en nokkur Íslendingur hefur nú samkv. nafnalögunum, að við leyfum þeim að halda ættarnöfnum og hafa þau áfram, leyfum þeim það, sem Íslendingum er bannað. Þetta finnst mér til of mikils mælzt, þótt ég að vísu viðurkenni, að það er náttúrlega ekki nærri eins mikið atriði eins og það, hve mikla hættu tungan er sett í með því að leyfa slíkt. En eigi að síður, þó að það sé minna atriði en sú málskemmd, sem hlýtur að leiða af því, ef þessum nafngiftum er hleypt inn í tunguna, þá er það samt sem áður í mesta máta óréttmætt og óviðfelldið og alls ekki fyrir hv. Alþ. viðhlítandi, að þessi vinnubrögð séu viðhöfð.

Ef þessum útlendingum, sem sækjast eftir ríkisborgararétti eða þegnrétti hér hjá okkur, finnst það ekki þess virði að breyta til og við getum verið öruggir um okkar tungu, þó að þeir fái þegnrétt, þá held ég, að við getum ekki unnið það til að veita þeim þennan rétt, og mig furðar satt að segja alveg á hv. 3. landsk., að hann skuli geta háð þessa baráttu fyrir því að innleiða þessa reglu, sem hann berst nú fyrir. Mig stórfurðar það. Honum þótti það hlálegt, að þessum fimmta manni, sem á nú að fá þegnréttinn, þessum Blumenstein, skuli ekki vera leyft að halda ættarnafninu, en fjórir mega hafa ættarnafnið. Ég sé ekkert broslegt við það. En vera má, að það bregði upp skýru ljósi um þá þörf, sem á því er að koma í veg fyrir, að slíkt eigi sér stað. 37 fengu ríkisborgararétt í fyrra, 27 munu eiga kost á því að fá hann nú í ár. Ef nú þetta fólk fær að halda sínum útlendu heitum og þannig verður viðkoman árlega, þá geta menn séð, hvernig fara muni eftir nokkra áratugi, — ég tala nú ekki um, ef lík hreyfing yrði á flutningi fólks þjóða á milli, hvernig verða mundi eftir eina öld eða svo.

Ég minnist umr. frá því að nafnalögin voru sett, 1925. Þá komu svona raddir fram, hvað óheyrilegt það væri að setja hindrun í veginn fyrir það, að menn mættu hafa ættarnöfn. En þó að sú löggjöf markaði ekki nógu skýrt, ekki eins og vera hefði átt, heimildina fyrir því, hvaða nafngift menn hafa, þá var það eigi að síður spor í rétta átt, og ef l. hefðu verið framkvæmd eftir því, sem þau bjóða, þá hefði verið allvel séð fyrir þessu.

Síðasta Alþ. tók upp þá reglu, að þeir útlendingar, sem vildu fá íslenzkan ríkisborgararétt, yrðu að skipta um nöfn. Nú er barizt fyrir því á næsta þingi að afnema þetta. Að vísu eiga menn að taka sér íslenzkt fornafn, en nöfnin mega halda sér að öðru leyti, og ég geri mjög lítið úr því, að það komi að þeim notum, sem ætlazt er til. Þetta er því gersamlegt fráhvarf frá því, sem Alþ. var búið að marka, og mér finnst, að hvað sem öðru líður, þá sé það ekki sæmilegt fyrir Alþingi. — Annars ætla ég ekki að þessu sinni í það minnsta að fjölyrða um þetta frekar. Ég veit, að hv. Alþ. passar upp á hróður sinn í þessu máli, að fara ekki að brjála þá löggjöf eða þá reglu, sem upp var tekin í fyrra.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég ber djúpa virðingu fyrir hreinum og fögrum tilfinningum og óblandinni ættjarðarást þeirra manna, sem fremstir standa í þessu þjóðþrifamáli, sem hér er barizt um, og vil, að það sé lýðum ljóst, að það er sannarlega mikil þörf slíkra manna í voru þjóðfélagi á þessum hættutímum, sem yfir okkur ganga, og ber að meta viðleitni þeirra til að halda í heiðri fornum venjum og afstýra þeim ægilegu hættum, sem grúfa yfir íslenzkri tungu, og sannarlega skal ég virða til betri vegar allt það fagra, sem fyrir þeim vakir. Hins vegar get ég ekki neitað því, að ég hef talið, að Íslendingar veiti mönnum hér borgararétt vegna þess, að þeir menn, sem hlut eiga að máli, uppfylli þau skilyrði, sem Alþingi Íslendinga telur að menn þurfi að uppfylla til að geta öðlazt þann rétt. Ef svo er, og það hefur hingað til verið talið á Alþingi, þá kann ég því betur, að hér sé ekki um kaup og sölu að ræða, heldur sé rétturinn veittur vegna þess, að skilyrðum er fullnægt, og án þess að því fylgi af hendi Alþ. skylda eða kvöð á þessa menn að leggja niður sín fornu heiti. Ég sé að vísu þá ógurlegu hættu, sem yfir þjóðinni vofir, þegar hv. 1. þm. Árn. gat um það, að 37 menn hefðu fengið borgararétt — ég held í fyrra — og 27 mundu fá hann nú. Nú er þetta kannske einhver hugsunarvilla hjá mér, einhver óljós, þokukennd hugsun, en ég hefði nú haldið, að þjóðinni stafaði, ef um hættu er að ræða, meiri hætta af blóðblöndun inni heldur en af nöfnum. Ef það er óhætt að hleypa þessum útlenda hrútahóp hér á hjörðina, þá hélt ég, að nöfnin skiptu ekki aðalmáli, og vildi því beina til athugunar þessum þjóðhreinsunarmönnum, þar eð nú er upp fundin ný lækningaaðferð, þar sem blóð er tekið úr mönnum og hreinsað, hvort ekki væri nú athugandi að gera það að skilyrði fyrir ríkisborgararétti, að tappað verði af þeim blóðinu og komið einhverju íslenzku blóði í þessar æðar, og mundi þá öllu betur borgið og þjóð vor eiga bjartari framtíð í hvívetna.

Ég var að litast um áðan hérna í þinginu og sá engan með flibba eins og þennan, sem ég geng með. Nú er ég sárhræddur um, að þeir, sem fastast halda í þjóðernið, finni það nú upp næst, að að vísu megi menn ganga með svona flibba eins og ég er með, en þeir megi ekki koma á Alþingi með hann. Það gæti verið ástæða til að telja hann óþjóðlegan, og hann er það sennilega, þegar ég lít hér í kringum mig, og mundi áreiðanlega hafa þótt heyra til undurs hér fyrir þúsund árum eða nokkru lengur á Þingvöllum, þegar forfeður vorir mættust. Hins vegar tel ég, að hár mitt mundi hafa sæmt sér þá vel á Þingvöllum, og yrðu þá aðrir að fá sér parruk hér, ef þeir ættu að vera líkir forfeðrunum. Og vildi ég þá líka, að það yrði athugað. Enn fremur tel ég það mikla rækt við forna menningu og sögu Íslendinga, að til athugunar væri tekið, hvort menn ættu ekki að mæta hér á Alþingi í fornmannabúningi, og tel ég það sérstaklega eiga við um þm. Árn., sem eru nú umboðsmenn fyrir hinn forna þingstað. Það var skotið að mér hér till., sem ég vil nú ekki bera fram, en gæti þá verið hv. 1. þm. Árn. til athugunar, og hún hljóðaði

þannig, — ég læt hæstv. forseta heyra hana, en vil ekki gerast flm. að henni. Hún var eitthvað á þessa leið:

„Engum skal heimilt að fara með umboð hins forna þingstaðar á Alþingi Íslendinga, nema hann klæðist þar búningi forfeðranna.“

Ég vil sem sagt ekki gerast tillögumaður að þessu, líka af því að ég veit ekki nema um einn Íslending, sem klæðist nú þessum búningi í dag, og veit ekki, hvernig það mundi falla öðrum mönnum að taka hann upp. En ég vil, að menn skilji það, að hér er um eitthvert mesta stórmál að ræða, sem komið hefur fyrir þessa þjóð, og þar sem menn tala nú mjög um að skjóta vandamálum, — það er nú tæplega innanþjóðarmálum, — undir alþjóðasamkundur, þá mætti sjálfsagt líka, ef þeir verða undir, sem eru málhreinsunarmenn, athuga t. d., hvort þjóðasambandið gæti lagt þeim eitthvert lið eða Sameinuðu þjóðirnar. Sem sagt, með djúpri virðingu fyrir hinni fögru viðleitni læt ég þessu máli lokið og ber ekki fram tillöguna, þó að hún gæti verið skynsamleg eða a. m. k. svona viðlíka skynsamleg eins og það, sem hér er verið að ræða um af þeirra hendi.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér finnst ekki nema gott til þess að vita, að hæstv. atvmrh. skemmti hér þingmönnum litla stund, en mér finnst, að hann ætti heldur að hafa slíkar skemmtanir eftir þinglausnir heldur en nú, þegar naumur tími er til þess að ljúka alvarlegum þingmálum.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál. Ég tel, að það sé búið að segja svo mikið um þetta með og móti, að flest þau rök séu þegar komin fram, sem menn hafa fram að færa, svo að ég hygg ekki, að það verði færð mörg atriði fram, sem kynnu að breyta afstöðu hv. þm. í málinu. Og varla trúi ég því, að skilaboðin frá Blumenstein, sem hv. 3. landsk. bar nú fram, muni hafa mikil áhrif í málinu. Ég hef ekki almennilega skilið, hvernig því máli er varið. Mér var sagt, eftir að hv. þm. lauk máli sínu, að það mundi hafa verið þannig, að þessi maður vildi ekki skipta um nafn, en að fjölskylda hans, sem af sjálfu sér fær réttindi með honum, hafi mátt halda sínu nafni, þó að hann skipti um nafn! Ég skil ekki, að þetta geti verið svoleiðis. Ég skal ekki segja, hvort ég fer hérna með rétt mál, en ef svo er, þá hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða í dómsmrn. Sá, sem fær réttinn, og þeir, sem fá hann sjálfkrafa með honum, hljóta að hlíta sömu skilyrðum. En annars sé ég ekki, að það sé neinn kostur fyrir okkur, ef við hefðum nú fjóra eða fimm Blumensteina fyrir, að bæta við einum Blumensteininum, því að þetta nafn mun aldrei skarta vel í íslenzku máli eða íslenzkum nafnaskrám.

Það er alveg rétt, að við höfum hér ýmis útlend nöfn, en mikið af þeim hefur komið eftir að Alþ. hefur veitt ríkisborgararétt í ríkum mæli á síðari árum, og ekki hefur verið athugað að láta þessa menn ekki koma með sín erlendu nöfn inn í landið og staðfestast þar. Ef það hefði verið athugað fyrr af Alþ., þá hefði urmull af útlendum nöfnum, sem nú eru í málinu, ekki komizt inn í landið. En þetta má kalla mistök, sem ekki er gott að gera við nú, nema því aðeins að nafnalögin verði tekin til athugunar í heild og einhverjar ákveðnar línur dregnar í þessum efnum.

En ég get ekki horfið frá því, að mér finnst, að misréttið sé mikið milli Íslendinganna og útlendinganna. Óbornir Íslendingar, sem fá íslenzkan borgararétt um leið og þeir koma í heiminn, fá ekki að taka sér ættarnafn, þótt íslenzk séu, en ókomnum útlendingum til landsins, sem biðja um og á sínum tíma kunna að fá borgararétt, er heimilað strax að koma með sitt erlenda ættarnafn inn í landið. Ég tel, að þetta ákvæði, sem í till. felst, sé svo stórhættulegt fyrir þennan þátt þjóðernisins, sem hér er um að ræða, mannanöfnin, ef till. yrði samþykkt, að ég mundi ekki hika við að greiða atkv. á móti frv. í heild.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. þarf ekki að draga í efa, að það er rétt, sem ég sagði áðan, að af þeim fimm Blumensteinum, sem nú eru hér á Íslandi, mega hinir fjórir halda sínu nafni að óbreyttum íslenzkum lögum, eða a. m. k. að óbreyttri framkvæmd þeirra laga, þótt ættfaðirinn sjálfur yrði að skipta um nafn, ef hann þæði hinn íslenzka ríkisborgararétt. Allir hinir fjórir eru fæddir hér á Íslandi og aldir hér upp og hafa, að því er mér skilzt, aldrei komið til Þýzkalands. Og það er enginn vafi á því, að dómsmrn. hefur vitað, hvað það var að segja, þegar það gaf þann úrskurð, að enginn þessara aðila þyrfti að skipta um nafn. Þetta munu allt saman vera skírnarnöfn þeirra. Og það er ekkert fordæmi fyrir því, að menn séu skyldaðir til þess að láta af sínu skírnarnafni, jafnvel þótt það sé ekki löglega upp tekið. Hitt er svo annað mál, að það hefði átt að framfylgja nafnalögunum undanfarið miklu betur en hefur verið gert. Og það vita allir, að fjöldinn allur af Íslendingum ber hér skírnarnöfn, sem eru ekki í samræmi við nafnalögin, t. d. af því að þau lúta ekki lögum íslenzkrar tungu. En það hefur engin till. komið fram enn hér á hinu háa Alþingi um að skora á ríkisstj. að taka nú allt í einu að framkvæma nafnalögin svo út í æsar, að menn verði að skipta um nafn, sem þeir hafa borið langalengi, í áratugi. Þó væri það sök sér, ef það væri gert, því að auðvitað á hið sama að ganga yfir Íslendinga og þá menn, sem eru að verða Íslendingar með nýjum ríkisborgaralögum.

Ég vil enn benda hv. þm. á nafnalistann, sem hér er um að ræða í 1. gr. ríkisborgaralaganna. Hinn 14. heitir Jakobssen, hinn 18. heitir Michelsen og hinn 19. heitir Olsen. Þetta eru allt saman nöfn, sem eru — ég held næstum algeng hér á Íslandi, sem tugir Íslendinga nú bera með fullum rétti og algerlega í samræmi við íslenzk lög. Hvaða vit er nú í því að láta hina nýju ríkisborgara verða að segja skilið við þessi nöfn, sem eru á öðrum fullkomlega lögleg? Og hvernig er hægt að segja, að tungunni og menningunni stafi hætta af því, þótt þessir þrír menn sjálfir haldi áfram að heita Jakobssen, Michelsen og Olsen, meðan þeir eru á lífi, meðan hundruð annarra manna

mega heita þessum sömu nöfnum, óáreittir fyrir þjóðernishetjunum, hæstv. menntmrh. og hv. 1. þm. Árn.? Nei, sannleikurinn er sá, að þessi skipun er svo fáránleg, að það er þessum tveimur sómamönnum alls ekki samboðið að heyja slíka baráttu fyrir öðrum eins ákvæðum og þessum.

Ég endurtek það og skal láta það verða það síðasta, sem ég segi í málinu, að það væri sök sér að banna þessi erlendu nöfn öll í einu lagi og skylda þá menn, sem nú bera erlend nöfn á Íslandi, til að segja hreint og klárt skilið við þau nöfn. Ég tel þessa ákvörðun að vísu vera mjög harðvítuglega, rangláta og ósanngjarna. Hitt væri miklu skynsamlegra, að banna niðjum manna, sem nú bera útlend nöfn, að halda áfram að bera þau, og það er slíkt, sem lagt er til í brtt. okkar. *Slíku gæti ég vel fylgt og mundi jafnvel* bera það fram á næsta þingi. En hitt er fáránlegt, að banna vissum mönnum að bera nöfn, sem aðrir menn mega bera.

ATKVGR.

Brtt. 795 felld með 27:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, PZ, StgrA, StgrSt, ÞÞ, BSt, BrB, GÍG, GÞG, HV, HG, HelgJ, IngJ, JÁ, JPálm.

nei: LJós, PÞ, PO, RÞ, SB, SG, SÓÓ, SkG, StJSt, VH, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÓ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GG, GJ, HÁ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KS.

9 þm. (SÁ, AE, BBen, FRV, GTh, HermJ, JJós, KK, LJóh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 33:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 801).

39. Vöruhappdrætti S. Í. B. S.

Á 12. fundi í Ed., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga [89. mál] (þmfrv., A. 107).

Á 13. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Snemma *á árinu 1949 voru samþ. hér á* Alþ. lög um að veita sérstaka heimild til Sambands íslenzkra berklasjúklinga til að starfrækja vöruhappdrætti. Happdrættið tók til starfa á árinu 1949, og ágóði af því það ár varð rúmlega 138 þús. kr. Flestir vinningarnir voru allsmáir, en stærstu vinningarnir voru þá 25 þús. kr. Dregið var þá sex sinnum í happdrættinu samkv. fyrirmælum laganna. Árið 1950 varð ágóðinn rúmlega 428 þús. En 1951 lækkar hann niður í 340 þús., og aðalorsökin til þess var talin sú, að vinningarnir væru ekki *nægilega háir*, svo að áhugi manna væri ekki eins mikill til þess að keppa í happdrættinu. Einnig var álitið, að það væri til hagsbóta fyrir happdrættið, ef draga mætti 12 sinnum á ári í stað 6 sinnum eins og lögin ákveða. Þá var tekið upp það fyrirkomulag að hækka vinningana. Voru stærstu vinningarnir hækkaðir upp í 75 þús. kr., *og jókst við þetta allverulega* salan fyrst um sinn, en síðar kom fram, að eftirspurnin minnkaði vegna þess, að ekki var ákveðið í lögum, að vinningarnir í happdrættinu skyldu vera undanþegnir opinberum gjöldum, eins og ákveðið er um vinninga í öðru happdrætti. Ágóði af vöruhappdrættinu á árunum 1949—1951 hefur samtals verið um 1100 þús. kr. Og vinningar, sem greiddir hafa verið út til þeirra, sem keppt hafa á þessum tveimur s. l. árum, hafa verið 830 þús. Öllu þessu fé, rúmlega 1 millj. kr., hefur verið varið til þess að standa að nokkru leyti undir kostnaði, sem samfara er byggingarframkvæmdum að Reykjalundi, enda var það sett að skilyrði í sambandi við happdrættið, að allur ágóði skyldi notaður til þeirra framkvæmda. Í þær byggingar, sem þar hafa nú verið reistar, hafa verið greiddar alls rúmar 10 millj. kr., og mun ríkissjóður hafa látið sem beinan styrk tæpar 2 millj. kr. Ef fylgja ætti fyrirmælum, sem gilda um framlag til sjúkrahúsa, er þetta tæplega helmingur af því, sem ríkissjóður ætti að leggja fram.

1. gr. þessa frv. fer fram á, að í stað þess að skipta þessu í 6 flokka á ári hverju, eins og nú er tekið fram í lögunum, þá skuli þessu skipt í 12 flokka og dregið verði fyrir hvern flokk 5. dag hvers mánaðar í stað annars hvers mánaðar, eins og nú er í lögunum. Aðrar breyt. eru ekki gerðar á 1. gr. Hlutatölunni er haldið óbreyttri, 50 þúsund, eins og nú er í lögunum.

Í 2. gr. eru ekki heldur neinar breyt., nema að vinningar skuli vera að verðmæti samtals 40% af iðgjöldunum, alveg eins og nú er, en samantaldir í öllum 12 flokkunum í stað 6, eins og nú stendur í lögunum. Það er í raun og veru afleiðing af þeirri breyt., sem óskað er að gerð verði á 1. gr. frv.

Hins vegar er 3. gr. nýmæli, þ. e. að vinningar í vöruhappdrættinu fyrir S. Í. B. S. skuli undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar. Þetta er nýmæli, en er í samræmi við það, sem hefur verið lögfest um önnur happdrætti í landinu og nú nýlega samþ. hér í þessari hv. d. í sambandi við happdrætti, sem íþróttafélögunum er heimilað.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum hér um starfsemi S. Í. B. S. Þjóðinni er þegar kunnugt um það mikla átak, sem þessi félagsskapur hefur beitt sér fyrir og hefur gert í heilbrigðismálunum. Þessi hópur manna, sem gengur ekki heill til skógar, hefur byggt þetta upp með því að vinna sem mest sjálfur að þessari starfsemi. Hefur hann notið ákaflega mikillar samúðar frá allri þjóðinni og frá hæstv. Alþ., og hann væntir þess einnig hér nú, að honum sé sýnd sú aðstoð og sú velvild að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir. Ég veit líka, að hv. alþm. er kunnugt um, hversu þessi starfsemi hefur vakið geysilega athygli erlendis og að allt þeirra verk hefur miðað til blessunar fyrir þá menn, sem njóta þess, og hefur ekki mætt, sem betur fer, neinni gagnrýni, hvorki meðal hv. þingmanna né meðal þjóðarinnar.

Ég legg til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn., og þá sérstaklega með tilliti til ákvæðisins í 3. gr. frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 141).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég lýsti nokkuð tilgangi þessa frv. við 1. umr., og skal ég ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá um málið. Fjhn. hefur athugað frv. Hún hefur fengið þær upplýsingar frá forstöðumönnum þessa félagsskapar, að þeir telji sér mjög mikinn feng í því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, og óska raunverulega helzt eftir því, að málið geti náð svo fljótt fram að ganga, að þessi breyt. geti haft áhrif á söluna þegar á þessu ári. — N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 20. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 107, 170).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 170. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér á þskj. 170 brtt. við frv. þess efnis, að á eftir orðunum „á hverju ári" orðist niðurlag gr. svo: „og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. jan. ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar". Mér hefur verið bent á, að ef frv. næði fram að ganga óbreytt eins og það er nú eftir 2. umr., þá væri skylt að láta draga 5. jan. ár hvert eins og 5. dag hvers annars mánaðar, en það þykir of nálægt jólahelginni, og því er óskað eftir, að þessi breyt. verði gerð. Ég skal í sambandi við þetta leyfa mér að upplýsa, að háskólinn hefur ákveðið, að dregið sé í hans happdrætti 15. jan. ár hvert, en 10. hvers mánaðar aðra mánuði ársins, og það þykir ekki heppilegt að láta dráttinn fara hér fram á sama tíma og drátt í happdrætti háskólans, og þess vegna hefur þessi breyt. verið gerð hér í sambandi við frv. Ég vildi mega vænta þess, að hv. d. samþykkti þessa brtt., sem liggur fyrir á þskj. 170.

ATKVGR.
Brtt. 170 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 174).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 204).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur einróma samþ. að mæla með þessu frv. Aðaltilgangur þessa frv. er að styðja að starfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga, sem öllum hv. þm. er kunn og þarf ekki að rekja. Innihaldið í frv. er að breyta lögunum um vöruhappdrættið þannig, að í staðinn fyrir, að sex flokkar voru áður, þá skuli nú mega vera tólf. Stendur það í sambandi við hækkun á vinningunum. En þó er höfuðatriðið hitt, að láta verða skattfrelsi að öllu nema eignarskatti á vinningunum í þessu vöruhappdrætti.
Það hafði sýnt sig, að frá 1950 til 1951 höfðu lækkað nokkuð nettótekjurnar af vöruhappdrættinu, og þess vegna var nú farið út í það að hækka vinningana. En þegar vinningarnir eru hækkaðir, þannig að sá hæsti er 75 þús., þá leiðir þar af, að skattfrelsið verður alveg nauðsynlegt, svo framarlega sem menn eiga ekki beinlínis að óttast það að taka þátt í þessu happdrætti.
Frv. hefur verið flutt í hv. Ed. af hv. þm. Barð. (GJ) og hlaut þar einróma samþykki, og er það till. fjhn., að það sé samþ. hér óbreytt. Og þarf ég ekki, held ég, að gera frekari grein fyrir því, því að Alþ. hefur sýnt það, að það vill á allan hátt sem allra mest og bezt reyna að hlynna að þeirri þjóðnytjastarfsemi, sem S. Í. B. S. rekur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 228).

---

40. Ábúðarlög.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951 [100. mál] (þmfrv., A. 131).

Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Tilefni þess, að þetta litla frv. er flutt, er það, að umkvartanir hafa borizt um alvarlegar misfellur á framkvæmd ábúðarl. og vitað er, að þessar

sömu misfellur eiga sér stað hér og hvar víðs vegar á landinu. Það hefur þótt við brenna, að ýmsir jarðeigendur, og þ. á m. ríkið og opinberar stofnanir, vanræktu að byggja upp á leigujörðum sínum á þann hátt, sem fyrir var mælt með ábúðarl. Þetta hefur fyrr og síðar valdið leiguliðum óþægindum og erfiðleikum og þá fyrst og fremst þegar hús hafa verið því nær komin að falli. Það hefur því verið helzta úrræði þeirra leiguliða, sem ekki vildu yfirgefa jarðirnar og nokkurs hafa verið megnugir, að fá leyfi jarðareigenda til að veðsetja jarðirnar fyrir láni, er leiguliði hefur tekið til að byggja upp á jörðunum, og leiguliði hefur þannig tekið á sig þann kostnað og áhættu, sem af þessu leiðir. Því miður hefur það komið í ljós, að til eru jarðeigendur, sem bókstaflega vilja ekki gera neitt til þess að halda jörðum sínum ábúðarhæfum. Til eru jarðeigendur, sem neita leiguliðum sínum um hvort tveggja, að byggja upp á jörðunum og láta þeim í té veðleyfi fyrir byggingarláni, svo að leiguliðinn geti sjálfur byggt upp á jörðinni. Það er augljóst, að leiguliða, sem þannig er settur, eru í raun og veru allar bjargir bannaðar. Fyrir hann er ekki annað að gera en að yfirgefa jörðina, venjulega með þeim afleiðingum, að jörðin fer í eyði. Með þeirri breyt., sem hér er lagt til að gerð sé á ábúðarl., er að því stefnt að koma í veg fyrir, að einstakir jarðareigendur geti á þann hátt og áhættulaust unnið markvisst, ef svo má segja, að eyðingu býla í sveitum.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu að svo stöddu, en vil taka það fram, að einn nm., hv. þm. A-Húnv., er ekki alls kostar sammála sektarákvæðum frv. og hefur þess vegna áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv., ef honum sýnist svo á síðara stigi málsins.

Ég óska svo eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, 163).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 163. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum verið breytt ábúðarlögunum og oftast í þá átt að setja strangari ákvæði um skyldur jarðareiganda eða landsdrottins og á þann hátt að nokkru leyti rýra hans vald yfir sinni eign. Þetta hefur nú, því miður, ekki komið að því haldi, sem til hefur verið ætlazt, og það er kannske fyrst og fremst fyrir það, að sá aðili, sem lengst og mest hefur brotið gegn ákvæðum ábúðarlaganna, er ríkið sjálft. Ríkið sjálft — og þess starfsgreinar — á langflestar af þeim jarðeignum í landinu, sem ekki eru í sjálfsábúð, og það hefur brugðizt mest þeirri skyldu að gera þær umbætur á jörðunum, sem lögin ákveða. Ábúðarlögin, eins og þau eru nú, eru nú ekki eldri en frá 8. febr. 1951, en í því litla frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. landbn., er eitt nýmæli, og það nýmæli er aðeins það, að jarðareigandi, sem ekki treystir sér til eða ekki vill byggja upp á sinni jörð, skuli vera skyldur til að gefa ábúanda veðleyfi, þannig að hann megi veðsetja jörðina fyrir láni, sem út á hana fæst, til þess að hann geti byggt upp á jörðinni.

Ég er eins og aðrir hv. nm. samþykkur þessari breytingu, og er ég þó ekkert sérlega bjartsýnn á, að þetta komi að miklu haldi þegar til framkvæmdanna kemur, vegna þess að ég held, að það verði tiltölulega fáir ábúendur, sem treysta sér til að byggja upp á sinni ábúðarjörð, þó að þeir fái veðleyfi og geti fengið þau lán, sem um er að ræða, og þetta er m. a. vegna þess, hve þröngt er um lánsfé, en dýrt að byggja. Hins vegar, eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., er ég því ósamþykkur að setja inn í þessi lög sérstök sektarákvæði varðandi þetta eina atriði, og það er vegna þess, að ef það væri gert eins og hér er lagt til í frv., þá liti það þannig út, að þetta ákvæði væri þýðingarmeira en öll önnur ákvæði ábúðarlaganna og því væri það skaðsamlegra að brjóta gegn þessu ákvæði heldur en öllum hinum. Ég legg því til í brtt., sem ég hef flutt og er á þskj. 163, að síðari hluti 1. gr. orðist eins og þar hermir, og það er að vísa til hinna almennu sektarákvæða ábúðarlaganna varðandi þetta atriði eins og öll önnur. Og ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þá grein, sem ég vitna til og snertir öll ákvæði ábúðarlaganna. Það er 54. gr. l. og hljóðar þannig:

„Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að 3 þús. kr. Mál út af brotum á l. þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.“

Ég sem sagt legg til, að brot gegn þessu ákvæði um veðleyfi heyri eins og öll önnur ákvæði laganna undir þetta almenna sektarákvæði, það sé ekki farið að setja inn í þessi l. sérstök ákvæði um háar sektir, ef brotið er gegn því.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið eða mína brtt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Skagf., sem var frsm. þessa máls, er ekki viðstaddur nú, svo að ég vildi gera ofur litla grein fyrir þeirri breytingu, sem meiri hl. landbn. varð sammála um.

Hv. þm. A-Húnv. hefur nú komið fram með brtt. varðandi sektarákvæði, sem sett var inn í þetta frv.

Það er rétt, eins og þegar hefur verið tekið fram, að ábúðarl. eru ekki gömul, þ. e. a. s., þau voru endurskoðuð lítils háttar 1951, en þó ekki gerðar neinar mikilvægar breytingar á þeim. En það er líka alkunnugt, að ábúðarl. eru ein af þeim l. hér á landi, sem meira og minna eru brotin. Það hefur reynzt mjög erfitt að framfylgja l. á ýmsan hátt og m. a. vegna þess, að þegar um deilur hefur verið að ræða út af þeim og jarðir hálfpartinn farið í eyði og sveitarstjórnir átt að sjá um, að þær byggðust aftur, eða taka á þeim málefnum eins og ber samkvæmt ábúðarl., þá hefur það oft reynzt máttlaust hjá þeim. En ég

held, að það hafi verið hér á hv. Alþ. fyrir ári, að það var gerð breyting á nýbýlal., þannig að nýbýlastjórn ásamt landnámsstjóra hefur frekara vald í þessum efnum, þegar um byggingu jarða er að ræða, eða getur gripið þar inn í sem óviðkomandi aðili, ef eitthvað sérstakt ber út af. En það skilur hver maður, að ef einstaklingur t. d. hér í Reykjavík á jörð og nytjar hana ekki sjálfur, en leigir hana einhverjum, og húsakynni eru orðin það hrörleg, að það reynist ókleift að búa í þeim, og viðkomandi aðili er skyldur að byggja upp á sinni jörð eftir ábúðarl., en neitar að gera það og neitar jafnframt að skaffa ábúandanum, ef hann vill byggja sjálfur upp á jörðinni, veðleyfi í þessari eign sinni, þá hlýtur þetta að leiða aðeins til þess eins, að jörðin fari í eyði. Hún fer í eyði eingöngu fyrir það, að þeim, sem hefur eignarréttinn á henni, er nákvæmlega sama, hvort hún er í byggð eða ekki. En slíkt hlýtur fyrr eða síðar að leiða til þess, að fleiri eða færri jarðir hér á landi fara í auðn. Og til þess að ráða ofur lítið bót á þessu atriði l. var borin hér fram brtt. frá landbn. En það, sem deilan stendur um innan n., er, hvort sérstök sektarákvæði eigi að gilda varðandi þetta atriði eða eingöngu þau sektarákvæði, sem gilda í lögunum.

Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé svo mikil þröngsýni, ef viðkomandi landsdrottinn vill ekki með góðu leyfa eign sína til þess að veðsetja hana, að það eigi að refsa því frekar en öðrum ákvæðum laganna. Þess vegna er ég fylgjandi þeim sektarákvæðum, sem meiri hluti n. hefur borið fram. En það þarf ekki að skiljast þannig, að það verði þyngri refsing en samkvæmt l., því að þetta ákvæði í frv. er frá 1000 kr. til 10 þús., en hitt er allt að 3 þús. kr., þannig að það þarf ekki að fara fram úr því, sem er nú í lögum. En það getur líka verið um það stórvægilegt mál að ræða, að það sé virkilega þess vert að refsa því meira en með 3 þús. kr. Og það er þýðingarlaust að vera að setja ákvæði í l., sem er ekki á neinn hátt hægt að framfylgja, og einmitt sektarákvæðið í frv. er til bóta í þessum efnum. Ég vil þess vegna mælast til þess fyrir hönd n., að hv. þd. athugi gaumgæfilega þetta mál og sjái sér fært að fylgja einmitt þessu ákvæði, því að það ætti út af fyrir sig að vera trygging, þegar um slík atriði er að ræða sem fyrr greinir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þessi ágreiningur um sektarákvæðið varðandi þessi l. er nú ekki þannig vaxinn, að það sé beint ástæða til að gera þetta að neinu kappsmáli, enda er það ekki frá minni hálfu. En hins vegar tel ég það vera hálfpartinn afkáralegt að fara að setja inn sérstök sektarákvæði í þessi stóru og víðtæku lög varðandi þetta eina atriði, sem hér er farið fram á að breyta, því að það mætti skoðast svo, að þetta væri þá mikilsverðara ákvæði heldur en öll önnur ákvæði ábúðarlaganna. En ég fyrir mitt leyti lít alls ekki þannig á. Ég tel, að mörg ákvæði ábúðarl. séu miklu mikilsverðari heldur en þetta ákvæði, og þó að ég sé með því, þá sé ég ekki neina ástæðu til að fara að setja inn sérstök ákvæði um sektir gegn brotum á því, heldur að vísa eingöngu til þeirra almennu sektarákvæða varðandi öll lögin í heild. — Eins og hv. þm. Dal. tók fram og rétt er, þá getur það út af fyrir sig orkað tvímælis, hvort það yrðu hærri sektir gegn brotum á þessu ákvæði eftir því, sem hér er tiltekið í frv., heldur en samkvæmt l. eins og þau eru og samkvæmt minni till. En það, sem mér finnst sérstaklega athugavert í því sambandi, er það, að ég tel þetta hálfafkáralegt, og svo enn fremur að fella það inn í sekt, að það skuli varða dagsektum, sem hvergi þekkist annars staðar í þessum l., ef jarðareigandi, hver sem hann er, vill ekki svara á ákveðnum tíma þeirri beiðni ábúanda að veita veðleyfi eða gefa loforð um að byggja upp á jörðinni.

ATKVGR.

Brtt. 163 felld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, JPálm, JR, PO, ÁkJ, SB.

nei: GG, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, IngJ, JG, MJ, PÞ, SG, SkG, ÁB, EirÞ.

EmJ, JóhH, JÁ, KS, StJSt, ÁS greiddu ekki atkv.

10 þm. (EystJ, JS, JörB, LJós, ÓTh, SÁ, StgrSt, AE, BÓ, EOl) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 131, n. 215).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. þessarar deildar hefur orðið sammála um að mæla með frv. því, sem hér er til umr., en þó með nokkrum breytingum. Frv. er komið hingað frá Nd. og þar flutt af landbn. deildarinnar. Markmið frv. virðist það að stuðla að því, að landsetar á jörðum, sem vilja húsa þær, eigi kost á því að ná í hagkvæm lán til þeirra framkvæmda. En hagkvæmust lán, er nú fást, eru bundin því skilorði, að jörðin, sem byggt er á,

sé seld að veði fyrir láninu. Hefur það átt sér stað, að landsdrottnarnir hafa vafizt fyrir nauðsynlegum byggingarframkvæmdum með því að synja landsetum um veðleyfi og það orðið báðum til baga, landsetum og landsdrottni. Við nm. töldum það hins vegar of langt farið að takmarka hvorki lánsupphæð né vaxtaupphæð, eins og frv. þetta eins og það nú liggur fyrir ber með sér.

Fyrsta brtt. á þskj. 215 frá n. gerir hvort tveggja, að þar er lánshámarkið í raun og veru ákveðið, af því að byggingarsjóður hefur jafnan ákveðið hámark, hvað má lána mikið út á íbúðarhús. Nú er hámarkið 60 þús., en áður var það 45. Aftur á móti er það þannig um Ræktunarsjóð Íslands, að hann hefur ekki sérstakt hámark að krónutali, en aftur á móti hefur hann hámark um, hvað mikinn hundraðshluta skuli lána út á nauðsynlegar framkvæmdir jarðarhúsa. Og þannig bindur hann lánið að nokkru leyti, að það verði ekki alveg út í loftið og ónauðsynlega mikið. Um vextina er það að segja, að í þessum sjóðum eru þeir 2% í byggingarsjóði, en 2½% í ræktunarsjóði. Aftur á móti er í frv., eins og það liggur fyrir, gefið leyfi til að taka lán í opinberum sjóðum, en þeir mega nú eins og sakir standa, þó að fasteignaveð sé, lána fyrir allt að 7%. Við vildum yfirleitt, nefndarmennirnir, stuðla að því, að landseti ætti jafnan kost á því að hagnýta sér hagkvæm og nauðsynleg byggingarlán, en að hann gæti þó ekki farið út í neina fjarstæðu.

Önnur brtt. okkar nm. er aðeins skýring, eins og hv. þdm. geta séð, að það sé aðeins sú jörð, sem byggt sé á, eða sú fasteign, sem hægt er að heimta veð af.

Þriðja brtt., 1.c, er það að fella niður þau sektarákvæði, sem ákveðin eru í þeirri málsgr. frv., sem þar um ræðir. En aftur á móti settum við brtt., sem verður, ef samþ. er, ný grein í frv. og gengur í þá átt að tvöfalda sektarákvæði ábúðarlaganna yfirleitt. Eins og nú er orðið, eru þau allt of lág. Hámarkið er 3000 kr. og þá venjulegast í sektum ekki nema helmingur af þeirri upphæð, sem gerðar eru þeim seka. Þetta er þannig í framkvæmd svo lítið, að það er leikur einn fyrir þá að brjóta í bága við lögin, sem vilja hafa sig til þess. Og ef lítið er nú á verðgildi peninganna, þá er það í raun og veru, að sekt þessi er ekki með frv. hækkuð frá því, sem hún hefur verið ákveðin þegar l. þessi voru sett.

Þá er brtt. undir 1. tölulið d, að svartíma landsdrottins teljum við, eins og samgöngum er nú háttað, nægilega langan tvo mánuði og teljum, að það verði engum til hagræðis óþarfur dráttur í því máli. Því leggjum við til, að tíminn sé styttur um einn mánuð, eða úr þremur mánuðum niður í tvo. Ef á annað borð veðleyfi fæst og fer fram þessi veðsetning, þá er það báðum heppilegast, landseta og landsdrottni, að það geti gengið sem fyrst og án nokkurs undandráttar.

Með þessum breytingum, eins og ég er búinn að lýsa þeim, var n. öll sammála um að leggja til við d., að hún vildi samþ. frv.

ATKVGR.

Brtt. 215,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 215,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 235).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 253).

---

41. Matsveina- og veitingaþjónaskóli.

Á 19. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla [116. mál] (þmfrv., A. 167).

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það er hið sama að segja um þetta frv. eins og frv. um stýrimannaskólann, sem ég lýsti hér áðan, að það er flutt eftir beiðni samgöngumálaráðuneytisins. Matsveina- og veitingaþjónaskóli var stofnaður með lögum 1947. Þessi skóli hefur enn þá ekki tekið til starfa að öðru leyti en því, að haldin hafa verið 2 matreiðslunámskeið. Nú mun vera í ráði, að matsveinaskólinn taki til starfa á næsta ári og þar hafin kennsla.

Sú breyt., sem hér er um að ræða, tekur eingöngu til yfirstjórnar skólans, en samkv. 6. gr. þessara l. nú á samgmrh. að skipa yfirstjórn skólans án tilnefningar. En breyting sú, sem felst í þessu frv., er sú ein, að gert er ráð fyrir því að skipa skólanefnd einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttasamtaka, og fimmta manninn skipar svo ráðh. án tilnefningar. Þetta er sú eina breyt., sem felst í þessu frv., og í greinargerð samgmrn. fyrir frv. er þess getið, að það sé flutt vegna ítrekaðra tilmæla Sambands matreiðslu- og fram-

reiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda. — Mál þetta er flutt af n., og þarf þess vegna ekki að vísa því til n. aftur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 270).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í lögum um Matsveina- og veitingaþjónaskóla er svo ákveðið, að ráðherra skuli skipa skólanefnd þrem mönnum án tilnefningar. Samband matreiðslu- og framreiðslumanna og Samband veitinga- og gistihúsaeigenda hafa óskað eftir því við samgmrn., að á skipun þessarar skólanefndar yrði gerð sú breyting, að fulltrúar frá þessum stéttasamböndum ættu þar sæti. Samgmrn. hefur fallizt á þessi tilmæli og látið semja og bera fram frv. það, er hér liggur fyrir til umræðu. Frv. gerir ráð fyrir því, að í stað þriggja manna skólanefndar komi fimm manna skólanefnd, og eigi í henni sæti einn matreiðslumaður, einn framreiðslumaður, einn veitingamaður og einn fiskimatsveinn auk fimmta mannsins, sem ráðherra skipar óbundið.

Allshn. hefur athugað þetta frv. og telur það til nokkurra bóta, að fulltrúar frá þeim stéttasamtökum, sem eiga mest við þennan skóla að búa, sem á að kenna og ala upp fólk í þessar stéttir, eigi fulltrúa í skólanefndinni. Allshn. hefur því fyrir sitt leyti fallizt á að mæla með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (296).

---

42. Húsmæðrafræðsla.

Á 10. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu [78. mál] (þmfrv., A. 87).

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta litla frv., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 87, fjallar um það að gera nokkra breyt. á l. um húsmæðrafræðslu, sem er í því fólgin að afnema þá skilyrðislausu skyldu, sem nú er í 3. gr. l. um það, að húsmæðraskólar skuli standa í 9 mánuði á ári. Þetta er skilyrðislaus skylda um húsmæðraskóla í sveitunum, en það er heimild til þess með samþykki ráðh. að stytta þennan tíma í kaupstaðaskólunum um einn mánuð.

Fyrir þessu frv. er gerð nægilega glögg grein, að því er ég hygg, í grg., og ég vænti, að það geti fengið greiðan gang hér í gegnum hv. deild og hv. þing, því að það er áreiðanlegur hlutur, að þetta ákvæði er búið að hafa það mjög mikið í för með sér, að aðsókn að húsmæðraskólunum sumum hverjum er orðin minni en ella mundi vera, ef skólatíminn væri styttri og minni kostnaður fyrir stúlkurnar á ári hverju. Þessir skólar, húsmæðraskólarnir, heyra undir landbrn., og vil ég því leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SÁ, EmJ, GG, IngJ, JPálm, JS, JörB.
nei: SG, StJSt, ÁB, ÁS, BÓ, EirÞ, EystJ, GTh, GÞG, HÁ, KS, MJ, SB.
AE greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÓTh, SkG, StgrSt, ÁkJ, EOl, HV, HelgJ, JóhH, JG, JÁ, JR, LJós) fjarstaddir.
Frv. vísað til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 87, n. 223).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Menntmn., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, tók frv. fyrir á tveimur fundum sínum, og kom strax í ljós það álit innan n., að frv. væri tímabært með tilliti til ýmissa þeirra aðstæðna, sem hefðu skapazt í þessum málum á síðustu árum.

N. sendi frv. til umsagnar fræðslumálastjóra og forstöðukonu Húsmæðrakennaraskóla Íslands og fékk svör frá báðum aðilum, sem eru prentuð með nál. á þskj. 223 sem fylgiskjöl. Fræðslumálastjóri lagði ákveðið til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, en forstöðukona húsmæðrakennaraskólans tjáði sig að vísu samþykka ýmsum atriðum í frv., en taldi, að gjarnan væri þörf á því að taka l. um húsmæðrafræðsluna fyrir til nánari athugunar, og ábendingar forstöðukonunnar sjást á meðfylgjandi fskj.

Menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að hún hefur sett inn sem brtt., að skólanefnd hvers skóla, sem kemur til að hafa vald á því að ákveða að fengnu samþykki *fræðslumálastjórnarinnar* að *breyta fyrirkomulagi* eða starfstíma húsmæðranna, leiti umsagnar eða álits skólastjóra hlutaðeigandi skóla. Ég held, að það megi segja, að í raun og veru sé þetta ekki efnisbreyting, þar sem gera verður ráð fyrir, að skólanefnd hvers skóla hafi það náið samstarf við skólastjóra skólans, að það komi varla til mála annað en að leita álits skólastjórans um eitt og annað, sem skólann varðar, ef um breyt. er að ræða. En n. þótti rétt að taka þetta upp í frv. — N. leggur því til, að frv. verði samþ. að viðbættri þessari breyt.

ATKVGR.

Brtt. 223 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 247).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, FRV, GJ, GÍG, HG, HermJ, PZ, RÞ, SÓÓ, BSt.

7 þm. (ÞÞ, BBen, JJós, KK, LJóh, StgrA, VH) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 307).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd. og tók þar frá því, sem það var í upphafi, smábreytingu, en hingað barst það, og menntmn. tók það til athugunar og var sammála um það að mæla með því, að það væri samþ. eins og það kom frá Nd. án breytinga. N. leit svo á, að þannig væri háttað í húsmæðraskólunum, að ef skólanefndum væri ekki gefið meira olnbogarúm um kennsluna, en þó með þeim takmörkunum, að fræðslumálastjórn *liti eftir* því, að gætt væri *hófs* í þeim hlutum, þá væri vafasamt, hvernig skólarnir væru sóttir. Það horfir þannig, að vegna kostnaðar við skólasetu eru húsmæðraskólarnir nú miklu minna sóttir en áður hefur verið. Þrátt fyrir það þótt tveir húsmæðraskólar liggi nú niðri alveg, þá er ekki full aðsókn í suma aðra húsmæðraskóla. En einmitt með því, ef styttur er skólatími, þá kemur, að því er mig minnir og ég held að rétt sé, í launalögunum nokkur breyting á laun kennara, svo að það er í raun og veru sparnaður fyrir ríkissjóð, fyrir utan það, sem það gerir hægara stúlkum að sækja skólann til náms, og með því jafnvel að hafa skólann styttri og geta tekið hann e. t. v. í tveimur áföngum gæti verið hjálpað margri fátækri stúlkunni að komast í gegnum skóla, þannig að hún nyti nægilegrar kennslu sem húsmóðir í námsgreinum, sem þær þurfa að læra. Annars ætla ég ekki að teygja neitt lopann um þetta frv. Ég tel, að það sé langt frá því, að það geti verið á nokkurn hátt skaðlegt, en að mörgu leyti gagnlegt og horfa til sparnaðar bæði fyrir almenning og ríkissjóð, ef sæmilega er á haldið. Þess vegna leggjum við nefndarmenn til og erum sammála um það, að deildin samþykki frv. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 353).

43. Búfjártryggingar.

Á 10. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar [76. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt eftir beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Breytingar á búfjártryggingalögunum hafa tvisvar verið til umr. á búnaðarþingi og einnig til athugunar hjá milliþn. búnaðarþings, og er frv. flutt núna eins og það var samþ. á síðasta búnaðarþingi. Brunabótafélag Íslands hefur tryggingar þessar, en þær tóku til starfa árið 1948. Reynslutíminn er að vísu ekki langur, en hann sýnir þó greinilega, hvert stefnir að lögunum óbreyttum. Á rúmum 3 árum hafa bótagreiðslurnar verið um ½ millj. kr., en iðgjöldin á sama tíma tæplega 280 þús. kr. Svo kemur rekstrarkostnaður og laun umboðsmanna, svo að það vantar mikið á, að tryggingarnar hafi borið sig fjárhagslega.

Með l., sem eru frá 1943, var ætlazt til, að ríkissjóður legði fram 300 þús. kr. til að létta undir tryggingunum fyrst í stað. En verðgildi peninga hefur rýrnað allmikið síðan l. voru samin, og nú þegar upphaflega framlagið er að verða búið, þá er það mjög varlega í sakirnar farið að fá í viðbót aðeins 200 þús. kr. Það er æskilegt, að tryggingarnar geti borið sig fjárhagslega. Vegna þess hefur verið leitazt við að finna leiðir, sem gætu reynzt happasælar í þeim efnum, án þess þó að skylda menn til að tryggja allt búfé. Eins og verið hefur, þá er aðeins skylda að tryggja verðmæta kynbótagripi, sem eru á einhvern hátt aðnjótandi styrks frá því opinbera. Að öðru leyti eru tryggingarnar frjálsar. Þá er sú breyting nú í þessu frv., að tryggingartíminn skuli vera minnst eitt ár í senn, í staðinn fyrir það, sem nú er, að tryggingartíminn hefur verið án nokkurs lágmarks. Einnig eru nú ákvæði í frv. varðandi gegn hvaða sjúkdómum og óhöppum búfé er tryggt og hvaða sjúkdómar eru ekki bótaskyldir.

Vátryggingarverð búfjár er nú ákveðið í frv. Það er hámarksverð, og skal það aldrei fara fram úr þreföldu skattmati búfjár, þegar um er að ræða verðlaunaða einstaklinga, en áður fór þetta eftir mati þar til hæfra manna, og gátu þá gripirnir orðið allháir í verði.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hægt sé að tryggja hópa búfjár, en bætur fást ekki fyrr en vanhöldin fara fram úr því, sem eru talin venjuleg vanhöld, eða ca. 5%. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að iðgjöld verði lækkuð eftir tvö ár frá tryggingu, ef engin vanhöld hafa orðið á tímabilinu, svo að lítil vanhöld ættu ekki að bægja mönnum frá að tryggja búfé.

Reynt hefur verið að fara bil beggja með þessum breyt. á l., þannig að smám saman geti myndazt trú og dýrmæt reynsla á l., sem verður þá til þess að geta styrkt fjárhagsgrundvöll þessara trygginga það vel, að þær þurfi ekki aðrar stoðir, en séu þess megnugar að styrkja þá, sem styrks þurfa, þegar óhöpp ber að garði. Varðandi iðgjöldin þá eru þau ekkert ákveðin í þessu frv., en gert ráð fyrir, að það séu eingöngu reglugerðarákvæði, eins og verið hefur.

Að þessu sinni sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar út í frv., því að því fylgir allýtarleg grg., og ég vænti þess, að hv. þm. hafi kynnt sér frv. ásamt grg. eins vel og hægt er. Ég vil taka það fram, að þó að landbn. flytji þetta mál, þá hafa einstakir nm. óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja brtt., ef fram kunna að koma. Og ég vil að lokum, þegar þessari umr. lýkur, biðja þess, að málið verði tekið til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 246, 260).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 85, er um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar. Frv. er flutt af hv. landbn. Nd. að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og fylgdi því grg. samin af mþn. búnaðarþings.

Landbn. þessarar d. hefur haft þetta frv. til meðferðar og hefur orðið sammála um, eins og nál. á þskj. 246 ber með sér, að leggja til, að það yrði samþ. með nokkrum breyt. sem þar eru taldar. Ég vil geta þess um leið, að eftir að nál. var prentað, kom n. sér saman um að bera fram brtt., sem prentuð er á þskj. 260 og ég skal síðar koma að.

Þess skal getið, að n. hafði með höndum bréf, sem henni barst frá búfjártryggingardeild, dags. 10. þ. m., ásamt grg. fyrir starfsemi deildarinnar frá 1. júlí 1948 til 30. sept. 1951. Grg. þessi var á sínum tíma send til mþn. búnaðarþings, sem þá vann að samningu þessa frv. Í bréfi sínu fór Brunabótafélag Íslands fyrir hönd búfjártryggingardeildarinnar fram á breyt. við 5. og 6. gr. frv., sem n. sá sér ekki fært að fallast á, og mun ég koma að því síðar.

Vegna þess að til búfjártrygginganna voru í byrjun greiddar úr ríkissjóði 300 þús. kr. og nú eftir 4 ára starfsemi trygginganna þurfa þær enn að fá styrk frá ríkissjóði, þykir mér rétt að gefa hv. þd. nokkrar upplýsingar um starfsemi trygginganna.

Með l. nr. 20 26. febr. 1943 var Brunabótafélagi Íslands falið að setja á stofn sérstaka búfjártryggingardeild, er annaðist tryggingar á búfé. 31. des. 1947 gaf landbrn. út reglugerð fyrir deildina, sem tók til starfa 1. júlí 1948, eða rúmum 5 árum eftir að l. voru sett. Samkv. 9. gr. l. skyldi ríkissjóður greiða 300 þús. kr. til deildarinnar, og skyldi það fé vera stofnsjóður hennar og varasjóður. Rekstur deildarinnar frá 1. júlí 1948 til 30. sept. 1951 gekk þannig, að tekjurnar urðu: iðgjöld kr. 275598.72, vaxtatekjur kr. 4153.59, eða samtals kr. 279752.31, en gjöld á sama tíma urðu: greiddar bætur kr. 496823.90, rekstrarkostnaður kr. 37922.81 og umboðslaun kr. 13564.56. Verða gjöldin þá kr. 548311.27, eða m. ö. o. rekstrarhalli á þessu tímabili kr. 268558.96.

Ég skal geta þess, að fyrir yfirstandandi ár eða síðastliðið tryggingaár, en tryggingaárið endar 30. sept., hafa greiddar bætur farið fram úr innborguðum iðgjöldum sem nemur um 47 þús. kr.

Mestur varð hallinn fyrsta árið, eða um kr. 123072.11, þrátt fyrir það að í lok ársins, þegar sást fyrir um útkomuna, voru iðgjöldin innheimt með 100% álagi samkv. heimild í 8. gr. búfjártryggingalaganna. Útkoman varð því sú, að eftir 3 ára starf var tillag ríkissjóðs til deildarinnar næstum uppétið og nú alveg eftir fjórða árið og í ljós komið, að með sama framhaldi yrði tryggingastarfsemi þessi að hætta.

Geta má þess, að á þessu tímabili hafa tryggingaiðgjöldin verið hækkuð, en það hefur ekki komið að fullum notum, vegna þess að tala þess búfjár, sem tryggt er í frjálsri tryggingu, hefur töluvert mikið lækkað við það, að iðgjöldin voru hækkuð.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að frv. eins og það liggur fyrir og brtt. nefndarinnar.

1. gr. frv., sem verður breyt. á 3. gr. l., fjallar um það búfé, sem skylt er að tryggja og þar er nánar fram tekið. Þessi grein er ekki mikil breyt. á gildandi l., en þó nokkur. Það er skipt aðeins þarna um hópa og sömuleiðis er sagt, að vátryggingarupphæð búfjár skuli fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Þetta er nýtt ákvæði, sem ekki er í gildandi l.

2. gr. fjallar um það búfé, sem heimilt er að tryggja í deildinni. Sem sagt, tryggingunum er skipt í tvennt, það, sem skylt er að tryggja, og það, sem heimilt er að tryggja. Þessi grein, sem er breyt. á 4. gr. laganna og fjallar um það, sem heimilt er að tryggja, er ekki mikil breyt. frá núgildandi l. Þó er þar nýmæli, að heil sauðfjárbú megi tryggja gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári.

Þá er það 3. gr. Hún verður breyt. á 5. gr. l. og fjallar um vátryggingarupphæð gripanna. Eru ákvæði í greininni töluvert fyllri um vátryggingarupphæð gripanna heldur en er í l., og verður það að teljast til bóta. Þá eru í þessari grein nýmæli um afslátt tryggingariðgjalda til þeirra, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni. Þeir fá 10% lækkun eftir 2 ár og 20% lækkun eftir 5 ár.

Ég vil geta þess, að á þskj. 260 er brtt. frá n., sem er við 2. gr. Það er orðalagsbreyting við a-lið, að fyrir orðið „Einstaklinga“ í upphafi a-liðar kemur: Einstaka gripi. — Þetta er engin efnisbreyting, en aðeins orðalagsbreyting. — Og þá er að geta þess einnig, að á sama þskj. er lagt til, að nýr málsliður bætist við 2. gr., svo hljóðandi:

„Umboðsmönnum trygginganna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu fjárhópa, sem hafðir eru í óbyggðum eyjum, nema stjórn búfjártryggingardeildar leyfi, að fengnum till. hreppsnefndar þess hrepps, sem eyjarnar liggja í.“

Þessi brtt. er fram komin með tilliti til þess, ef t. d. fjárhópar eru reknir í eyðieyjar, sem dæmi eru til um, að það geti ekki verið möguleikar á því að láta þá vera þar að öllu leyti umhirðulausa og tryggða. Á slíkum stöðum er vitanlega ekki nærri hættulaust að hafa fé, þannig að það eru meiri en venjulegar hættur, þar sem svo hagar til, bæði flæðihætta og að fé fenni og hitt og annað, ef það er á þeim stöðum, sem mjög erfitt er að komast að því, t. d. að vetrinum til. Þessi grein er til varnaðar, að slíkir hópar séu tryggðir, nema að fengnum till. hreppsnefndar þess hrepps, sem eyjarnar liggja í.

Þá er það 4. gr. Hún verður breyt. á 6. gr. laganna og kveður svo á, að greiða skuli fullt vátryggingarverð við tjón í stað ¾ verðs áður. Kemur það á móti lækkuðu tryggingarverði gripanna.

Þá er það 5. gr. Hún hljóðar svo:

„Síðasti málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo: Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.“ M. ö. o., búfjártryggingarnar fá þarna bakhjarl frá ríkissjóði gagnvart þessum liðum, sem eru frjálsu tryggingarnar, að ríkissjóður greiðir helming af þeirri upphæð, sem tjón fara fram úr greiddum iðgjöldum.

Deildin leggur það til í bréfi sínu, að þessi grein verði fyllri, þannig að hún nái til allra trygginganna. Þeir leggja til, að gr. hljóði svo: „Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slys-

um og vanhöldum samkv. 3. og 4. gr., að iðgjöld hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.“ En 3. og 4. gr. taka yfir það fé, sem er skylt að tryggja, og eins það, sem er heimilt að tryggja. Á þetta gat n. ekki fallizt, en leggur til, að það sé eins og stendur í frv., að það sé aðeins átt við c- og d-liðina.

Þá kemur 6. gr., og leggur n. til, að greinin falli niður, en eins og frv. ber með sér, þá er 6. gr. þannig, að fyrir orðið „300 þús. kr.“ í 9. gr. l. um búfjártryggingar kemur: 500 þús. kr. — Samkvæmt þessu eru 200 þús. kr. ætlaðar sem viðbótarframlag við þessar 300 þús. kr., sem upphaflega voru ætlaðar til trygginganna og eru þegar þeim greiddar.

Í þessu bréfi, sem ég hef minnzt á, leggur búfjártryggingardeildin mikla áherzlu á það, að þessi grein hljóði þannig:

„Ríkissjóður leggur fram viðbótarframlag allt að 500 þús. kr. Framlagið greiðist með jöfnum greiðslum á næstu tveim árum.“ M. ö. o. yrði viðbótargreiðslan 500 þús. kr. Nefndin gat ekki fallizt á þetta, en leggur í þess stað til, að 6. gr. falli niður, en efni hennar verði tekið upp í bráðabirgðaákvæði eins og segir í nál. á þskj. 246:

„Ríkissjóður greiðir í búfjártryggingarsjóð sem óafturkræft framlag 300 þús. kr. með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári.“

Búfjártryggingardeildin leggur eindregið til, eins og ég tók fram, að framlagið verði allt að 500 þús. kr., og rökstyður þá beiðni sína m. a. með því, að 1943, þegar l. voru sett, hafi verið ákveðið að leggja fram til deildarinnar 300 þús. kr. framlag, en deildin hafi ekki tekið til starfa fyrr en 5 árum síðar, eða 1. júlí 1948, og hafi þá verðgildi peninga verið allt annað og minna en þegar upphæðin var ákveðin. Þá er einnig bent á, að búfjártryggingarnar séu áhættusamar og eðlilegt, að um tap sé að ræða fyrstu árin. Þrátt fyrir þessi rök gat landbn. ekki fallizt á að leggja til að hafa tillagið hærra en 300 þús. kr., eins og áður segir, og vill í því sambandi benda á, að rekstur deildarinnar var óhagstæðastur fyrsta árið, eða 123 þús. kr. halli þá. Næstu árin var hann lægri, og síðasta starfsár hennar var hann 47 þús. kr., eins og ég hef þegar minnzt á. Ef þetta frv. nær fram að ganga, ætti það að hafa þau áhrif, að tryggingarnar ættu að ganga betur fjárhagslega, og að því verður vitanlega að stefna, að þær þurfi ekki að vera baggi á ríkissjóði.

Ég vil að lokum geta þess, vegna þess, hvernig bráðabirgðaákvæðið er orðað, að það virðist vera nokkuð undarlegt í fljótu bragði að ákveða með bráðabirgðaákvæðinu, að ríkissjóður skuli greiða búfjártryggingarsjóði 300 þús. kr. framlag með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári. Þetta lítur dálítið einkennilega út. En það styðst við það, að á fjárlögum fyrir árið 1952 er 100 þús. kr. veiting til búfjártrygginganna, sem ekki hefur verið greidd tryggingunum. Á fjárlagafrv., sem fyrir liggur núna, fyrir árið 1953, er einnig lagt til, að greiddar verði 100 þús. kr. til þessara trygginga. Þá vantar eitt ár 100 þús. kr., sem greiddust þá á árinu 1954, svo að þessar greiðslur rugla hvorki fjárlögin fyrir yfirstandandi ár né fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Ég vænti þess, að hv. deild geti fallizt á að samþykkja frv. með þessum breyt. frá landbn., sem ég hef nú lýst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 85, benda á, að ég tel mjög vafasamt að láta 5. gr. standa óbreytta. Hér er sett ótakmörkuð ábyrgð á ríkissjóð í sambandi við þessa tryggingu, og sýnist mér, að það sé ákaflega óeðlilegt, að ríkissjóður sé að tryggja búfé fram yfir það, sem hann leggur til trygginganna almennt. Ég skal ekki segja um, hvað þessi upphæð geti orðið mikil. En mér finnst langeðlilegast, að áhætta ríkissjóðs takmarkist við þá upphæð, sem lögð er fram til trygginganna sem stofnfé og ákveðin er með 2. gr., en ríkissjóður beri enga áhættu af tryggingunum sjálfum. Ég vildi beina því til hv. nefndar, hvort ekki sé hægt að fá milli umr. þessari grein breytt.

Ég vil benda hér á í sambandi við grg., að eftir að iðgjöldin hafa verið hækkuð, þá virðast tryggingarnar hafa gengið saman, og að erfiðleikarnir stafa í raun og veru langmest af því, að viðkomandi aðilar fáist ekki til þess að tryggja búfé sitt, vegna þess að iðgjöldin séu of há. Ef það er svo, að viðkomandi aðili telur sér meiri hag í því að hafa fé sitt ótryggt heldur en að tryggja það fyrir eðlileg iðgjöld, miðað við það, að tryggingadeildin hafi fengið eðlilegt stofnfé til þess að starfa með, sé ég ekki annað en það verði annaðhvort að hækka iðgjöldin enn og gera skyldutryggingu eða láta ríkissjóð ekki hafa nein afskipti af þessu máli. Mér finnst það alveg óviðeigandi, að ríkissjóður sé að tryggja að nokkru leyti frekar í þessum tryggingum heldur en öðrum. Hitt finnst mér ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður leggi tryggingunum til ákveðna upphæð, hvort sem því er dreift á eitt ár eða fleiri, til þess að tryggingin geti talizt starfhæf. Ég vildi biðja hv. nefnd að athuga þetta.

Ég er samþykkur breyt. á þskj. 246 með þeim skýringum, sem hv. frsm. gaf. Þessi upphæð er inni á fjárlögunum, 100 þús. kr. Það virkar ekki öðruvísi en að ætlazt er til, að það séu teknar 100 þús. kr. eitt ár til, og sé ég ekki annað en það sé eðlilegt. Og ef það sýndi sig, að það væri þörf á því að framlengja það enn um eitt ár eða tvö, þá teldi ég það miklu heppilegra heldur en að hafa það ákvæði, sem hér er í 5. gr. Ég vildi miklu heldur fylgja því, að það fengi meira stofnfé, heldur en taka þá áhættu, sem hér um ræðir.

Ég get hins vegar ekki verið samþykkur brtt. á þskj. 260, og ég vil nú mjög mælast til þess, að hv. nefnd taki þessa till. aftur til 3. umr. og sjái svo, hvort ekki sé hægt að fá samkomulag við mig um breyt. á að minnsta kosti orðalaginu.

Ég get ekki fallizt á rök hv. frsm. um, að það sé meiri hætta af flóðum í eyjum, jafnvel þótt þær séu óbyggðar, heldur en er yfirleitt annars staðar, t. d. við Breiðafjörð. Þar er flæðihætta allmikil, og ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að fé hafi ekki tapazt af flóðhættu meira í eyjunum heldur en það hefur gert yfirleitt á þeim bændabýlum,

sem standa uppi á ströndinni, og þá ekki heldur þó að eyjarnar hafi verið óbyggðar. Mér er til dæmis kunnugt um, að í Stagley, þar sem kvað hafa komið fyrir nokkuð mikið tjón, þá getur það ekki hafa stafað sérstaklega af flóðhættu, heldur af einhverjum öðrum ástæðum. Hins vegar er heldur engin fannahætta í eyjum, það er ekki til, og miklu minni heldur en er yfirleitt á landi. Ég álít, að þessi hætta, sem hér er talað um í sambandi við að hafa fé í óbyggðum eyjum, sé undir flestum kringumstæðum engan veginn meiri en hætta í sambandi við fannir, snjóflóð og fleira á landi.

Þess utan er ég nú ekki viss um, að það sé náð þeim tilgangi, sem hv. landbn. ætlar sér, með orðalaginu eins og það er nú, því að það er sagt hér, að þetta skuli gert að fengnum till. hreppsnefndar þess hrepps, sem eyjarnar liggi í. Ég er nú ekki alveg viss um, að það liggi fullt öryggi í því, að hreppsnefnd á hvaða tíma mundi leggja gegn því að taka fé til tryggingar, þó að einhver meiri hætta væri á því heldur en almennt er talið. Ég vildi því mjög mælast til þess, að till. yrði tekin aftur. Ef það er ekki fáanlegt, þá neyðist ég til að bera fram brtt. við þá till., en hefði talið heppilegra, að ég fengi tækifæri til þess að ræða þetta við nefndina.

Páll Zóphóníasson: Sem formaður n. verð ég fyrst og fremst að lofa þm. Barð. því að athuga, ef ástæða þykir til, að breyta 5. gr. Þetta ákvæði hefur nú alltaf verið í l. og er gert núna lægra en það áður var, að því leyti, að áður var það fyrir allt tryggt fé, en nú er það einungis fyrir hallann, sem verður á c- og d-liðunum, ef hann verður meiri en tryggingarnar sjálfar geta staðið undir. Það er einungis fyrir það, svo að það er dregið úr þessu frá því, sem áður var. En við skulum athuga það í n. á milli umr., hvort ástæða er til þess að fella þetta alveg niður, eins og þm. Barð. fer fram á að gert verði. Það tel ég sjálfsagðan hlut að gera.

Hins vegar held ég, að það sé nú ekki ástæða til þess að taka aftur b-liðinn á þskj. 260. Við skulum rifja upp, hvernig gangurinn í þessum málum er. Hann er sá, að á nokkrum stöðum hér á landi, eins og t. d. í eyjum á Breiðafirði, Drangey á Skagafirði, eyjum úti fyrir Austurlandinu þremur og víðar, hafa menn á stundum haft sauðfé, og það hefur gengið misjafnlega. Á nokkrum stöðum á landinu, þar sem menn hafa gert þetta, hefur þetta farið ákaflega í vöxt við tryggingarnar, svo mikið í vöxt, að á ákveðnum svæðum hér á landi, sem ég skal ekki fara nánar inn á hver eru, að minnsta kosti ekki ótilneyddur, láta menn nú orðið upp undir fjórum sinnum meira í eyjarnar en þeir áður gerðu og tryggja hópinn í eyjunni. Á s. l. ári urðu tryggingarnar þarna fyrir skakkaföllum, sem námu tugum þúsunda. Það fennti í einni af þessum eyjum 50 fjár, sem tryggingarnar urðu að borga. Það flæddi í annarri, og þó að það sé rétt hjá þm. Barð., að það sé flæðihætta í landi eins og í eyjunum, þá er enginn maður úti í óbyggðri ey til að reka upp frá flæðihættu á sama hátt og t. d. bóndinn á Brjánslæk gerir eða bóndinn í Svefneyjum verður að gera. Bóndinn á Brjánslæk verður að fara á hverju einasta flóði, áður en er hálffallið, alla leið langt inn í Vatnsdal, en inn fyrir eyðibýlin bæði, sem eru þar, inn fyrir innra eyðibýlið, til þess að reka frá fjörunni, til þess að eiga víst, að ekki flæði. Og bóndinn í Svefneyjum sagði mér í gær, að hann yrði að gera það á hverri einustu fjöru, eftir að féð væri komið út. Hann yrði alltaf að fara áður en flæddi til að reka úr fjörunni. Þetta er ekki hægt, þegar komið er í óbyggðar eyjar, og allra sízt þegar komið er í eyjar, sem mjög illt er að lenda við, eins og er með þær sumar, eins og t. d. Stagley. Þar er nú flæðihættan að vísu lítil, enda flæddi það ekki þar, heldur fór í snjó.

Núna er tryggingunum þannig fyrir komið, að til umboðsmanna Brunabótafélagsins er tryggingin tilkynnt, og þeir taka á móti henni, og frá þeim sama degi og þeir eru búnir að taka á móti henni, þá er féð tryggt, hvaða fé sem um er að ræða. Þess vegna getur, eins og núna er, umboðsmaður félagsins tekið svona í tryggingu, án þess að félagið viti neitt um það. Nú eru þessar eyjar misjafnar. Í sumum af þessum eyjum er gott að lenda og tiltölulega auðgert og fljótlegt að ná fé úr þeim, ef harðnar að á einn eða annan hátt, enda var það síður yfirleitt að taka féð úr eyjunum allvíðast um landið fyrir jólin eða um áramótin; allvíðast var það síður, ekki þó alveg alls staðar, sums staðar hefur það verið haft í þeim allt árið, eins og t. d. í Drangey, sem það hefur verið haft í allt árið. Nú ætlumst við til þess, að umboðsmaðurinn geti þetta ekki, heldur þurfi hann að fá leyfi stjórnarinnar hér í Reykjavík, tryggingastjórnarinnar, til þess að mega tryggja fé, sem er í óbyggðum eyjum, og stjórnin eigi, áður en hún samþ. það, að fá að vita hjá hreppsnefnd hreppsins, sem eyjan liggur í, hvernig til hagar í eyjunni. Er hægt að lenda þar hvenær sem er og ná fénu úr henni? Er þar mikil flæðihætta? Er hætta á, að það komi jarðbönn þar og féð líði? Er hætta á, að það snjói þar undir bökkum, eins og gerði í Stagley í fyrra? Er hætta á þessu öllu, eða er það ekki? Og eftir því, hvernig svör hún fær, ákveður hún, hvort það verði tryggt í eyjunum eða ekki. Í Reykhólaeyjunum t. d., sem yfirleitt eru taldar sæmilegar, flæddi þó í fyrra milli 10 og 20 fjár, og var þó farið út í þær og skyldi tekið úr þeim fyrir áramót, og þá var það flætt, — það var þá ekki vátryggt, svo að það kom ekki tryggingunum við, — en ég geri ráð fyrir, að hreppsnefndin þar mundi alltaf leyfa að tryggja hóp þar fram að áramótum. En í eyjum, sem er eiginlega hér um bil ómögulegt að komast í nema þegar ládauður er sjór, eins og eru þrjár af þessum eyjum, tvær á Breiðafirði og ein annars staðar, sem fé var haft í s. l. vetur, má ekki leyfa að tryggja fé, alls ekki.

Það gat komið til mála líka að setja iðgjaldið til mikilla muna hærra í óbyggðum eyjum heldur en þar, sem féð væri alltaf undir umönnun mannanna, eftir að það kæmi af afrétti. Við gerðum það nú ekki, ekki í þetta skipti að minnsta kosti, heldur ætluðum að sjá, hvort hreppsnefndin gæti ekki skilið þann tilgang, sem fyrir okkur vakir með því að gera hana þarna að aðila, láta hana segja til um, hversu áhættusamt þetta sé. Ég geri ráð fyrir, að flestar hreppsnefndir muni

finna þá ábyrgð, sem þar er lögð á þeirra herðar, og ekki leyfa, að féð væri haft í eyjum til þess að tryggja það, ef hættan væri mjög mikil. Þess vegna held ég nú, að það sé óhætt fyrir okkur núna, bæði þm. Barð. og okkur aðra, að samþ. þessa till. inn núna. Það er þá hægt að breyta henni við 3. umr., ef hann finnur sérstaka ástæðu til þess. Ég er ekki í neinum vafa um það, að hann alveg eins og n. vill ekki hafa fé né neinar lifandi skepnur þar, sem ómögulegt er að vita neitt um, hvernig þeim líður, eða gera neitt, þó að maður viti, að þeim líði illa; þær verða þá bara að deyja drottni sínum, og tryggingarnar borga. Ég er alveg viss um, að hann er sammála okkur um það, að þar á ekki að hafa fé. Það getur vel verið, að við eigum að setja enn þá skarpar stólinn fyrir dyrnar, svo að menn hætti að tryggja það. En það, að hægt er að tryggja það, er orsök til þess, að þessi siður að hafa fé í eyjunum ágerist, með hverju ári fjölgar fé, sem haft er svona í eyjum að vetrinum.

Það er náttúrlega spurning, hvort það ætti nokkurn tíma að tryggja þetta fé, en við höfum áður í tryggingalögunum alltaf látið féð vera ótryggt frá því á vorinu, að því er sleppt á fjöll, og þangað til á haustinu, að það er komið aftur til manna; þá höfum við aldrei tryggt það, af þeirri ástæðu, að litið er svo á, að þá hafi fjáreigandi ekki neina aðstöðu til þess að fylgjast með fénu og taka af því eðlileg skakkaföll, sem geta orsakað tryggingunum skaða. Í raun og veru má segja, að fé, sem er í óbyggðum eyjum, — ég tala ekki um í eyjum, sem menn komast ekki í nema með höppum og glöppum, þegar sjór er ládauður, og veðrið upp á það mildasta, — það mætti segja, að það fé væri þá bara á afréttum, og ætti kannske bara að neita allri tryggingu á því. Ég vil nú reyna hitt, láta hreppsnefndirnar með sínum till. vinza úr þær eyjar, sem ekki er ráðlegt að hafa fé í og ætti ekki að hafa fé í, og leggja til, að það sé ekki tryggt þar, en tryggt á hinum stöðunum. Þá held ég, að maður sé þarna á millispori, sem sé ástæða til að minnsta kosti að sjá, hvernig reynist, áður en maður útilokar fé alveg úr eyjunum, sem vel gæti komið til mála að gera.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. formanni n. fyrir það að vilja athuga fyrir 3. umr. 5. gr., og skal ég ekki ræða um hana frekar hér. En ég get ekki verið sammála honum um það, sem hann hélt hér fram í sambandi við brtt. við 2. gr. Ég held, að það verði að hugsa þetta mál miklu meir en gert hefur verið, ef það á að fara inn á þessa braut.

Ég fullyrði, að flóðhætta í eyjum, sem fé almennt gengur í og eru óbyggðar, er miklu minni en á ströndinni, þar sem fólkið býr, eða að minnsta kosti er það svo við Breiðafjörð. Ég fullyrði m. a., að flóðhætta í Stagley er engin, og ég fullyrði að það mundi engum bónda detta í hug að láta nokkra skepnu í þær eyjar, sem ekki er nein mannabyggð í, ef um flóðhættu er að ræða yfirleitt. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki venjulega gert, því að hann væri þar með að baka sjálfum sér stórkostlegt tjón. Og það er einmitt vegna þess, að ekki er til flóðhætta í þessum eyjum, að þeir láta féð ganga þar úti, og reynslan hefur sýnt, að flesta vetur hefur það getað gengið þar án nokkurrar snjóhættu. Það geta náttúrlega allt af komið einhverjir vetur svo harðir, eins og t. d. s. l. vetur, og komið byljir ákveðna daga, en snjóhætta í eyjum yfirleitt, eða að minnsta kosti á Breiðafirði, er mörgum sinnum minni en snjóhætta í landi. Það er mér alveg kunnugt um. Ég teldi það t. d. alveg frágangssök að banna bóndanum á Brjánslæk að hafa fé í t. d. Engey, sem liggur mitt á milli Fossár og Brjánslækjar. Ég tala um þetta af því, að ég er kunnugur því. Og ég er alveg viss um, að snjóhætta og margar aðrar hættur á landi uppi eru miklu meiri en sú snjóhætta, sem getur verið í Stagley. Það eru möguleikar til þess, að bændur komist ekki að fé fyrir illviðri, snjóalögum og vatnsföllum, sem óbrúuð eru, og ég held, að þá yrði að fara inn á það að flokka alveg niður áhættusvæðin yfirleitt í landinu, taka ekki eingöngu eyjar, heldur líka þau áhættusvæði, þar sem mest hættan er almennt á landi, og láta það fólk þá ekki fá leyfi til þess að tryggja nema gegn hærri iðgjöldum.

Hins vegar hef ég skilið allt annað við tryggingar heldur en hv. formaður virðist gera. Ég hef skilið það við tryggingarnar, að það væri sameiginleg áhætta þeirra manna, sem tryggja hjá tryggingunum. Hér virðist það ekki eiga að vera. Það á að tryggja þar, sem minnst hættan er, en útiloka hina, sem einhverja hættu kunna að hafa haft, og beinlínis byggt á því, að ákveðin slys hafi orðið á s. l. ári. Þetta tel ég alls ekki frambærilegt. Og mér eru það mikil vonbrigði, ef hv. formaður nefndarinnar vill ekki taka till. aftur til 3. umr. Ég get engan veginn fylgt frv., ef þetta ákvæði á að koma inn, þar sem bændum er sýnt slíkt misrétti eins og hér er gert. Ég skal hins vegar ekki tefja lengur tímann út af þessu atriði, en vil enn leyfa mér að fara fram á það, að hv. formaður n. taki þessa till. aftur til 3. umr. og sjái, hvort við getum ekki fundið sameiginlega annað orðalag á till. heldur en hér er haft.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Vegna tilmæla hv. þm. Barð. mun n. taka till. á þskj. 260 aftur til 3. umr., b-liðinn. Það er ekkert að athuga við a-liðinn.

Annars vil ég nú segja það út af þessum umr., sem hafa orðið um þetta, að þennan b-lið till. má náttúrlega ekki á þessu stigi málsins skoða sem tryggingarbann á þessum stöðum, heldur var ákvæðið sett til varúðar, og ég hefði nú reiknað með, að viðkomandi hreppsnefndir hefðu hiklaust leyft tryggingar, þó að þetta kæmist inn í l., á þeim stöðum, sem þær telja örugga. En aftur gæti þetta ákvæði orðið til þess að koma í veg fyrir, að fé væri tryggt á þeim stöðum, sem hreppsnefndir teldu ekki örugga. — Annars skal ég ekki ræða um þetta meira núna, en eins og ég sagði, þá tökum við b-liðinn aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 260,a samþ. án atkvgr.
— 260,b tekin aftur til 3. umr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 246,1 (6. gr. falli niður) samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—8. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 246,2 (nýtt brbákv.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 266).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls komu fram athugasemdir og tilmæli um, að brtt., sem landbn. flutti þá, yrði athuguð nokkru betur. Varð n. við þeim tilmælum og tók brtt. aftur. Brtt. þessi er á þskj. 260. N. hefur athugað frv. að þessu leyti nokkru nánar og flytur nú skriflega brtt. við það, þar sem ekki vannst tími til að láta prenta hana. Þessi breyting var við 2. gr. og var um tryggingu á þeim búfjárhópum, sem voru, eins og sagði í till., hafðir í óbyggðum eyjum. Það átti að vera nokkuð bundið, hvort þeir hópar fengjust tryggðir. Nú hefur þessi skriflega brtt., sem n. ber fram, ekki breytt hinni upphaflegu tillögu að efni til, er aðeins öðruvísi orðuð. Ég ætla þá að leyfa mér að lesa till. Hún hljóðar svo:

„Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Umboðsmönnum tryggingarinnar er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi."

Þessi tillaga er miðuð við það, að þessir staðir séu hættulegri en venjulegir staðir fyrir tryggingarnar, og er þessi till. fram komin til að draga úr áhættu tryggingarinnar að þessu leyti, eftir því sem mögulegt er.

Landbn. leggur þá til, að þetta frv. verði samþykkt eins og það er á þskj. 266, að þessari brtt. viðbættri.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir það að hafa tekið þetta mál á ný til athugunar. Hún hefur sýnt mér þá velvild að sýna mér brtt., sem lesin var hér upp og er borin fram skrifleg, að aftan við greinina bætist eins og þar stendur, og mun ég fella mig við, að málið verði afgreitt þannig, og mun þar af leiðandi greiða því atkvæði út úr þinginu.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. við frv. frá landbn.:

„Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Umboðsmönnum tryggingarinnar er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi."

Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 285) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 285 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 286).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Vegna þess að þetta frv., sem nú er til umr., hefur breytzt lítils háttar í Ed., þá vildi ég gjarnan óska eftir því, að málinu yrði frestað nú og tekið fyrir síðar, eftir að hv. landbn. hefur gefizt kostur á að athuga það nánar.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var fram haldið einni umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 356).

---

44. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 11. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur [84. mál] (þmfrv., A. 94).

Á 12. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Eins og skýrt er frá í grg. þessa frv., þá er það flutt að ósk hreppsnefndar Kópavogshrepps. Ég vil einnig láta þess getið, að ég hef rætt þetta mál við hv. þm. G-K., hæstv. atvmrh., og ber ég frv. fram með hans vitund og samþykki.

Í grg. þessa frv. eru sögð nokkur deili á þeirri byggð, sem hefur á stuttum tíma risið upp í Kópavogshreppi. Þar eru nú nokkuð á þriðja þús. íbúar, og ef spurt væri um ástæður fyrir því, að sú byggð hefur aukizt svo ört á nokkrum árum, þá hygg ég, að mætti benda á tvennt meðal annars: Það fyrst, að menn þar hafa lengi verið studdir til þess og greitt fyrir mönnum á ýmsan hátt til þess, að þeir gætu byggt hús sín sjálfir, unnið að þeim mjög sjálfir í tómstundavinnu. Annað, að þar hafa menn fengið nokkru rýmri lönd og lóðir til afnota, svo að þeir hafa getað stundað ýmsa tómstundavinnu sér til gagns og gamans; bæði stunda menn þar mjög almennt

garðrækt, alifuglarækt og smábúskap, og margir leita líka á sjó og róa til fiskjar á vorin og sumrin. Og nú hefur það gerzt á þessu ári, að menn þar og annars staðar hér við Faxaflóa hafa þótzt verða þess varir, að nú fengist fremur fiskur hér á grunnmiðum en áður, og þakka þá veiði þeirri friðun, sem hefur orðið á miðum hér í Faxaflóa. Menn binda við þetta miklar vonir, vænta, að framhald verði á þessum afla, og hugsa til að hagnýta sér hann, en hafa þá misjafna aðstöðu til þess.

Aðstaða til þess að hafa smábáta þarna í Kópavogshreppi er að sumu leyti góð, en að öðru leyti ekki. Það er allmikið útfiri þarna við vogana, en grýtt fjara út með nesinu, Kársnesi, sem er á milli Kópavogs og Fossvogs, svo að þar þarf að gera nokkrar framkvæmdir, svo að mönnum verði auðveldara að hafa þar smábáta. Það þarf að ryðja fjöruna, gera viðlegugarð og bátabryggju, uppsátursfjöru fyrir minni báta, en leguaðstöðu fyrir meðalstóra báta eða stærri báta. Það hafa verið gerðar mælingar til að finna þann stað, sem tiltækilegastur er í þessu efni, og má segja, að þar sé mjög góð aðstaða til þess að gera þar bátahöfn eða bátabryggju. Þær mælingar hefur Axel Sveinsson verkfræðingur vita- og hafnarmálastjórnarinnar gert og einnig þá teikningu af bátabryggju, sem fyrirhugað er að gera.

Það er nú ekki mikið nýmæli hér á hv. Alþingi, þó að óskað sé eftir því að taka nýjan smástað inn í l. um hafnargerðir og lendingarbætur og þá á B-lið þeirra laga, liðinn, sem fjallar um lendingarbætur eða smærri hafnargerðir. Síðan l. um hafnargerðir og lendingarbætur voru sett, 1946, hafa, að ég hygg, verið sett sex ný l. til viðbótar þeim og 7 smástaðir úti um land verið teknir inn á B-lið þessara laga. Þessir staðir eru Leirhöfn á Melrakkasléttu, sem var tekin í lögin 1947, Borðeyri í Hrútafirði og Óspakseyri í Bitrufirði einnig 1947, en í öðrum l., Hindisvík á Vatnsnesi og Hnúksnes í Dalasýslu 1948, Svalbarðseyri við Eyjafjörð 1949, og síðast Hjarðardalsbót í Önundarfirði 1950. Enginn þessara staða hafði eða hefur íbúatölu neitt á móts við það, sem nú er þegar í Kópavogi, og á sumum þessara staða búa aðeins örfáir menn. Þessir staðir hafa ekki heldur nein sérstök skilyrði, sem geri þá líklega til að verða miklir útgerðarstaðir eða samgönguhafnir, og hefur þó hv. Alþingi þótt rétt að taka alla þessa staði, sem ég nefndi, inn á l. um hafnargerðir og lendingarbætur. Það hefur yfirleitt verið auðsótt um alla staði, sem farið hefur verið fram á að taka inn á þessi l., enda fylgja því ekki aðeins réttindi, heldur einnig skyldur, fyrst og fremst sú skylda, að kostnaðurinn við lendingarbæturnar sé lagður fram af viðkomandi sveitarfélögum að mjög miklu leyti, og í öðru lagi, að lendingarbæturnar séu framkvæmdar á réttan hátt undir eftirliti vita- og hafnarmálastjórnar. Ég vil nú ekki halda því fram, að Kópavogur hafi nein sérstök skilyrði til að verða mikill útgerðarstaður. En hitt er ég viss um, að þar má gera lendingarbætur nokkrar, sem íbúunum geta orðið til mikils hagræðis, án verulegs kostnaðar. Ég held, að menn þurfi ekki að óttast, að ríkissjóði verði bundnir miklir baggar með samþykkt þessa frv., því að bæði er það, að Kópavogshreppur hefur í mörg horn að líta um aðrar framkvæmdir en hafnargerðir sínum íbúum til handa, og auk þess er það nú svo, að við, sem þar búum, höfum ekki hingað til gert fyrst og fremst kröfur til ríkissjóðs um framlög til þeirra framkvæmda, sem við höfum þurft að gera, og hingað til höfum við áreiðanlega lagt meira til ríkissjóðs heldur en við höfum farið fram á að fá og fengið úr honum.

Ég vildi vænta þess, að hv. þdm. taki þessu litla frv. vel og veiti því samþykki. Að síðustu leyfi ég mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 138).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, mælir svo fyrir, að taka skuli inn í B-lið hinna almennu hafnarlaga lendingarbætur í Kópavogshreppi. Það mætti nú kannske teljast einkennilegt, að verið sé að taka hér inn nýja höfn rétt við Reykjavík, sem vitað er, að hvorki yrði útflutnings- né innflutningshöfn. En sjútvn. Alþ. hafa ekki fylgt þeirri reglu að meta það eða vega, hvort nauðsynlegt sé að taka slíkar hafnir inn í hafnarlögin, heldur farið eftir hinni reglunni, að þegar einhver hreppur hefur óskað þess, að teknar væru inn lendingarbætur eða höfn, þá hefur ekki verið synjað um það. Hefur þetta gengið svo langt, að jafnvel í sumum hreppum eru lendingarbætur á tveimur eða jafnvel þremur stöðum. Það væri því brot á þessari meginreglu, ef ætti að neita þessum hreppi um að samþykkja þau lög, sem hér er farið fram á. En auk þess er sýnilegt, að margt mælir með því, að Kópavogshreppur komi upp þeim lendingarbótum, sem hér er ætlazt til, í sambandi við atvinnuvegi hreppsins, og sýnilegt, að það gæti orðið mikill stuðningur fyrir íbúana að koma upp lendingarbót, þó að hvorki sé miðað við að hafa þar innflutnings- né útflutningshöfn. — Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur athugað frv., og á grundvelli þeirra raka, sem ég hef borið hér fram, leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 18. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 367).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Mál þetta um hafnargerð í Kópavogi er komið frá Ed. og hefur þar verið samþ. óbreytt. Sjútvn. hefur haft málið til athugunar og sent það til umsagnar vitamálastjóra. Eftir athugun n. hefur hún mælt með, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 393).

---

45. Stýrimannaskólinn.

Á 19. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík [115. mál] (þmfrv., A. 166).

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Eins og getið er um í grg. þeirri, sem fylgir frv. þessu, þá hefur sjútvn. flutt það eftir tilmælum samgmrn.

Þetta frv. fjallar um nokkrar breytingar á stýrimannaskólanum í Reykjavík, og eru þær aðallega fólgnar í því, að nú er í ráði, að sett verði á fót sérstök deild í skólanum, sem hefur með höndum að kenna þeim, sem taka skipstjórapróf á varðskip ríkisins. Í l. frá 1936 er gert ráð fyrir því, að þessi kennsla verði um hönd höfð í skólanum, en enn sem komið er hefur ekki orðið af framkvæmdum í því efni. Hins vegar er nú gert ráð fyrir því, að þessi kennsla hefjist á næsta ári, og þarf í sambandi við það að gera nokkrar breytingar á l. Í öðru lagi eru breytingarnar aðallega í sambandi við þá þróun, sem orðið hefur í kennslunni nú á seinni árum. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að þær breytingar, sem gerðar voru á l. 1950, verði felldar inn í texta laganna. Enn fremur er hér um að ræða nokkrar orðabreytingar, sem eru í sambandi við það, að þar er málfar laganna nokkuð fært til betra horfs. Þetta eru þá þær aðalbreytingar, sem hér er um að ræða, sem flestar eru tæknilegs efnis. Ég skal að lokum taka það fram, að skólastjóri stýrimannaskólans, sem hefur komið þessum breytingum á framfæri, getur þess, að þær séu gerðar í samráði við aðra kennara skólans.

Sjútvn. hafði nokkurn fyrirvara um flutning þessa frv., og mun það verða að nýju tekið til athugunar á milli 1. og 2. umr. málsins, og ef ástæða þykir til, verða þá við 2. umr. bornar fram brtt. við frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 344, 360).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. Nd. flutti þetta frv. að ósk samgmrn., en skólastjóri stýrimannaskólans hafði mælzt til þess, að þær breytingar, sem frv. felur í sér, yrðu gerðar á lögunum um

stýrimannaskólann í Reykjavík. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. dm. á bréfi skólastjórans, Friðriks Ólafssonar, en það er birt sem fylgiskjal með frv. Þar segir svo m. a. um nauðsyn umræddra breytinga, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan árið 1936 hefur í lögunum um stýrimannaskólann verið gert ráð fyrir prófi við skólann, sem nefnist „skipstjórapróf á varðskipum ríkisins". Undir þetta próf hefur þó aldrei verið lesið til þessa við skólann, en nú eru horfur á, að halda verði deild fyrir það við skólann á næsta vetri, þar eð umsóknir hafa borizt um það frá nokkrum af stýrimönnum varðskipanna. — Síðan lögin voru samin upphaflega, hefur skoðun mín og annarra, sem þessum málum eru kunnugir, breytzt nokkuð varðandi þær kröfur, sem gera beri til þeirra, sem prófinu ætla að ljúka. Við álítum því nauðsynlegt, að lögunum og prófreglugerðinni verði breytt í samræmi við það, helzt áður en kennsla verður hafin við skólann í haust."

Frv. var samþ. óbreytt í hv. Nd., og það mun engin brtt. hafa komið þar fram. Nú liggur aftur á móti fyrir hér í þessari hv. deild brtt. á þskj. 360 frá hv. þm. Barð. (GJ) og felur það eitt í sér að breyta frv. á þann veg, að ákvæði um þýzkukennslu verði áfram í lögunum. Út af þessari brtt. vil ég nú þegar taka það fram, að ég hef rætt þetta atriði við skólastjórann sérstaklega, og hann segir mér frá á þessa leið: Við reyndum í nokkur ár að halda uppi kennslu í þýzku við stýrimannaskólann ásamt með kennslu í ensku og dönsku. Það tókst ekki, svo að nokkurt lag væri á, að kenna þessi þrjú mál á þeim skamma tíma, sem skólinn starfar. Síðan hefur þýzkukennslan, sagði hann, verið felld niður síðustu vetur, og mun það vera samkvæmt heimild í viðkomandi lögum. — Þá sagði hann mér enn fremur, skólastjórinn, að í hliðstæðum skólum í nágrannalöndunum, svo sem í Englandi og á Norðurlöndum, a. m. k. í Noregi og Danmörku, væri ekki kennd þýzka. Á Norðurlöndunum er enska eina útlenda tungumálið, en í Englandi er ekkert erlent tungumál kennt við þessa skóla. Skólastjórinn taldi því rétt að fella þetta niður, og það virðist satt að segja ástæðulaust fyrir okkur að gera stórum hærri kröfur í þessu sambandi heldur en gerðar eru í nágrannalöndunum, og því fremur er þetta ástæðulaust, þegar reynslan hefur sýnt, að ekki verður við það ráðið og kennslan í þremur erlendum tungumálum verður ekki nema kák.

Eins og hv. dm. hafa vafalaust gert sér ljóst, þá er þetta frv. fyrst og fremst um fagleg efni sjómannafræðinnar. Að mestu eru þetta smávægilegar breytingar til samræmis við breyttar aðstæður og fengna reynslu. Friðrik Ólafsson skólastjóri, sem er valinkunnur ágætismaður, hefur í lífsstarfi sínu öðlazt meiri reynslu á þessum sviðum en flestir, ef ekki allir aðrir Íslendingar, og það virðist því mjög eðlilegt, að tillögur hans séu mikils metnar.

Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög. Hún leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt. — Ég skal svo að lokum geta þess, að þegar málið var afgreitt í n., voru tveir nm. fjarstaddir, Guðmundur Í. Guðmundsson og Steingrímur Aðalsteinsson.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. lýsti, þá ber ég fram á þskj. 360 brtt. um það við 1. gr., að 1. tölul. greinarinnar falli niður, en það er, að haldið verði áfram að kenna þýzku í sjómannaskólanum. Samkvæmt lögunum ber að kenna þýzku í skólanum, en þó ekki fyrr en við farmannapróf. Það hefur aldrei verið tekin upp þýzkukennsla samkvæmt lögunum fyrir fiskimannaprófið, og hefði þó verið full ástæða til þess.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að síðan skólinn var stofnaður, hefur sú breyting orðið á, að langflestir nemendur skólans ljúka nú gagnfræðaprófi eða a. m. k. miðskólaprófi, þar sem þeir hafa fengið allmikil undirstöðuatriði í málakennslu, bæði í íslenzku, dönsku og ensku. Þar af leiðandi þurfa þeir að verja miklu minni tíma til tungumálanáms nú í sjómannaskólanum heldur en þeir þurftu áður, t. d. fyrir 20—25 árum, auk þess sem þeir hafa fengið miklu meiri undirbúning nú einnig í stærðfræði og öðrum almennum fræðum.

Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að farskipaflotinn siglir mjög mikið á þýzkumælandi lönd, og það er ákaflega mikið fjárhagslegt atriði fyrir útgerðina og fyrir landið í heild, að þeir menn, sem sigla sem skipstjórar og yfirmenn, kunni þau mál, sem töluð eru í þeim löndum, sem þeir koma við í. Breytir þar ekkert um, þó að önnur miklu stærri þjóð eins og Englendingar taki ekki upp tungumálakennslu, þar sem þeir ætlast beinlínis til þess, að aðrar þjóðir tali þeirra mál. Væri miklu nær, ef nemendur stýrimannaskólans eru það tornæmir, — sem ég ekki trúi, — að þeir treysti sér ekki til þess að bæta við sig einu tungumáli enn þá við námið, að fella þá niður dönskuna eða Norðurlandamálin heldur en að fella niður þýzkuna. Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að þeir menn, sem hér um ræðir, eru menn, sem hafa allt að 300 þús. kr. laun á ári, þegar um er að ræða skipstjóra eða yfirmenn á togaraflotanum, og á annað hundrað þúsund krónur í verzlunarflotanum. Ef ekki er hægt að gera þá kröfu til þeirra manna, að þeir kunni sæmilega mál, sem töluð eru í þeim löndum, sem þeir eiga að sigla á og hafa viðskipti við, þá er full ástæða til þess að fara að taka það til alvarlegrar athugunar, hvort rétt sé að láta slíka menn hafa þau launakjör, sem hér um ræðir. Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að skólastjórinn sjálfur viðurkennir hér í sínu bréfi, að það sé nauðsynlegt til þess að geta fengið próf við síðustu deild skólans, þ. e. við varðskipin, að þessir aðilar hafi lokið námi í þýzkri tungu, en þá á það aðeins að vera þannig, að það séu rétt undirstöðuatriði. Nú má geta nærri, hvort það er styrkleikur fyrir okkur hér í sambandi við landhelgisgæzluna, að þeir menn, sem eiga að vera þar í broddi fylkingar, skuli aðeins kunna undirstöðuatriði í tungu þeirra landa, sem senda skip sín hingað á veiðar, þegar jafnframt er vitað, að taka verður þau í landhelgi og halda réttarhöld yfir skipstjórum þeirra vegna lög-

brota. Og hversu miklu eðlilegra væri þá ekki fyrir þessa menn að byrja á þessum undirstöðuatriðum fyrr heldur en að byrja á þeim, þegar þeir eru komnir í þá deild, sem hér um ræðir? Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að ef frv. verður samþykkt eins og það liggur fyrir hér og mín till. felld, þá er nauðsynlegt að breyta hér annarri grein síðar í lögunum í sambandi við þýzkukennsluna, en það verður sjálfsagt athugað af nefndinni fyrir 3. umr.

Ég skal viðurkenna, að þó að mín till. verði felld hér nú og frv. nái fram að ganga, þá er síður en svo, að það þurfi að kosta það, að þýzkan verði útilokuð úr skólanum, því að sjálfsögðu er hægt að taka kennsluna upp með reglugerð. Hitt verður ekki tekið sem góð og gild ástæða, að skólastjóri lýsi því yfir, að það sé ómögulegt að kenna þessa námsgrein í skólanum. Ef hann ætti að komast upp með slíkt, ef nokkur skólastjóri ætti að komast upp með slíkt, að afnema námsgrein í skóla vegna þess, að nemendurnir hefðu ekki áhuga fyrir að læra námsgreinina eða gáfur til þess að læra hana, þá væri hægt fyrir hverja nemendur í hvaða skóla sem er í landinu að gera einhvers konar stéttarfélag og gera verkfall hjá skólastjóra og segja: Þessa námsgrein viljum við ekki læra, — og síðan ætti það að verða til þess, að skólastjóri kæmi á Alþ. og segði: Ég get ekki fengið nemendurna til þess að læra námsgreinina. Þess vegna verður að fella námsgreinina í burtu úr skólanum. — Mig undrar, að jafnágætur maður eins og hér á í hlut, skólastjórinn við stýrimannaskólann, skuli láta hafa slík orð eftir sér. Um hitt verður ekki deilt, að það er stórkostlegt fjárhagslegt tjón fyrir útgerðina og stórkostlegt fjárhagslegt tjón fyrir þetta land, að felld sé í burtu tungumálakennslan fyrir þá menn, sem eiga að sigla fyrir Íslands hönd til þeirra landa, sem hér um ræðir. Og þó að mín till. verði ekki samþykkt nú samkvæmt ósk hv. sjútvn., þá verður þetta mál áreiðanlega tekið upp síðar, því að það verður ekki þolað lengi, að þeim mönnum, sem hér starfa og hafa þau kjör, sem ég hef lýst, verði gefið eftir að undirbúa sig ekki sæmilega undir lífsstörf sín.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 360,1 felld með 9:3 atkv.
— 360,2 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 401).

---

46. Lax- og silungsveiði.

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði [139. mál] (þmfrv., A. 199).

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. ósk landbrn., og því fylgdi grg. á þá leið, að sektarákvæðin í núgildandi lax- og silungsveiðilögum hafi haldizt óbreytt frá því 1932, þau séu þess vegna orðin úrelt, þegar litið er á þær verðbreytingar, sem hafa orðið á peningum síðan þessi l. voru sett. Geta má þess um leið, að slík sektarákvæði skapa ekki lengur það aðhald, sem sektarákvæðum er ætlað, að sporna við, að l. séu brotin, því að í raun og veru eru sum sektarákvæði þessi orðin svo hlægilega lág, að enginn mun telja það eftir sér að borga þá upphæð. Hér er lagt til, að sektirnar séu hækkaðar í hlutfalli við verðbreytingu peninga.

Ég geri ráð fyrir, að flutningur þessa frv. stafi kannske fyrst og fremst af því, að á s. l. sumri varð vart við, að framin voru stórkostleg brot á laxveiðilöggjöfinni, sem einnig er vikið hér að í grg. og ástæða er til að búast við að gætu endurtekið sig, ef ekki væri nein breyting gerð á sektarákvæðum þeim, sem nú gilda. — Ég vil að svo mæltu fyrir hönd n. mælast til þess, að málið gangi til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi mega beina þeim orðum til hv. landbn., sem fær þetta

mál til athugunar, hvort hún vildi ekki við meðferð málsins hafa samráð við forstjórann fyrir eftirliti með veiðum í ám, þ. e. veiðimálastjóra. Hann hefur rætt við fjvn. í sambandi við kostnaðinn við veiðimálastjóraembættið. Á frv. þessa árs er tekið inn 90 þús. kr., og það er eingöngu til þess að standa undir kostnaði við laun þeirra manna, sem eru við stofnunina, en ekkert í sambandi við aðra kostnaðarliði við rekstur embættisins. N. hefur rætt við veiðimálastjóra, hvort ekki væri unnt að koma því svo fyrir, að þeir aðilar, sem hér njóta góðs af löggjöfinni, greiddu ákveðið gjald til þess að halda uppi þessum kostnaði. Það er vitanlegt, að margir aðilar, sem eiga laxá, fá mjög verulegar tekjur sumir hverjir af laxveiði, en bera hins vegar engan kostnað í sambandi við eftirlitið og þjónustu frá stofnuninni. Og það er sýnilegt, að annaðhvort verður að koma því svo fyrir með breyttri löggjöf á næsta ári, að þeir taki verulegan þátt í kostnaðinum, eða það verður að leggja allmiklu hærri upphæð fram frá ríkissjóði á næsta ári eða í þriðja lagi að leggja stofnunina alveg niður. Ég skal ekki fara frekar út í þetta atriði á þessu stigi málsins, en mér þótti rétt að benda á þetta og vildi mjög óska eftir því, að n. ræddi þessi mál við veiðimálastjóra og hefði samráð við hann um það, á hvern hátt væri hægt að koma því fyrir, að gjöld yrðu lögð á í sambandi við laxveiðina til þess að standa undir kostnaðinum, og telur hann, eftir því sem hann hefur upplýst hjá fjvn., að það sé engum erfiðleikum bundið öðrum en því, að það verði nokkrir erfiðleikar í innheimtu. Vænti ég þess, að hv. n. taki þetta til athugunar undir meðferð málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 199, n. 310).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og hefur gengið þar í gegnum landbn. hendur, þannig að n. hefur flutt það fyrir landbrn.

Við nm. vorum sammála um það, að frv. þetta væri nauðsynlegt eins og nú er málum komið, þar sem það líka hefur sýnt sig, að sektir þær, sem ákveðnar voru áður í l. um lax- og silungsveiði, voru svo lágar um mörg atriði, að veiðiþjófar og aðrir veiðispillendur töldu það leik einn að brjóta þau og ganga þar með á rétt annarra. Það hefur verið í frv. gengið hart að um þessar sektir og meira en ég hygg að sé nærri dæmi til. Við nm. töldum það mundi vera í hófi að hækka hámark sektanna um níu hundruð prósent, eða réttara sagt tífalda sektirnar. Og það höfum við gert um hámark þeirra. Við höfum hækkað það sem því svarar og gætt um það samræmis við það, sem áður er í þessum l., sem þarna er verið að breyta. En aftur var það um lágmark sektanna, sem þeir menn verða að greiða, sem staðnir eru að því að eyðileggja þar, sem þeir koma að, annaðhvort með sprengingum eða eiturefnum eða öðru þess háttar, að það töldum við svo ljótan leik, að við vorum alveg sammála Nd. um það að sextánfalda lágmarkið að sektum þeirra manna og láta það hækka úr 500 upp í 8 þús. kr. Og með því móti er það tryggt, að menn fari ekki í veiðiár annarra sér til ágóða. En aftur á móti þótti okkur nm. fullhátt lágmark það, sem ákveðið var í 2. gr., því að sannast að segja er það ekki svo ógurlegt afbrot, þó að maður leggi formlega og á réttum stað í veiðivatn silunganet eftir veiðitíma, og ef hann fær smálax í netið, sem gæti komið fyrir, og hann er dauður í netinu, þó að hann hirði þá veiði, sem engum yrði auðvitað til gagns framar, verði sú minnsta sekt, sem hann getur fengið fyrir það, 1500 kr. Það þótti okkur úr hófi fara og lækkuðum það niður í 500 kr., enda er því þannig farið, eins og við höfum reynt hér af ýmissi löggjöf, þegar sektir eru ákveðnar við afbroti það háar og refsingar það miklar, að úr hófi keyrir, þá verður það til þess, að þeir, sem kost eiga á að kæra þann seka, hika við það vegna þess, hvað þeim ofbýður refsing mannsins.

Enn fremur töldum við rétt að hafa fast ákvæði um það, hvenær l. öðluðust gildi, og settum það 1. maí, því að ég hygg, að það verði ekki neitt til skaða, þó að þau gangi ekki fyrr í gildi, því að slíkt fólk sem hér er átt við og ætlazt er til að verði að refsa hefur ekki tækifæri til afbrotanna yfirleitt fyrr en að þeim tíma liðnum.

Það má segja, að það hefði ýmislegt mátt meira gera í þessu máli, eins og hv. þm. Barð. minntist hér á, en eins og nú er háttað töldum við því þannig farið um þetta frv., að ef hér væri farið að bæta inn í breytingum, sem ekki eru nauðsynlegar fyrir þessi atriði, sem frv. er stefnt að, refsingunum einum, þá mundi það geta orðið til þess og allar líkur til þess, að frv. þetta tefjist það mikið, að það komist ekki í gegn á þessu þingi, og þá er það einn flokkur manna, sem getur glaðzt yfir því, þ. e. afbrotamennirnir, sem fá að leika lausum hala, þ. e. a. s. þurfa ekki að taka á sig meiri sektir heldur en núgildandi l. leggja á þá. En til þess að byggja fyrir það, að sú hætta ætti sér stað, að þeir á næsta sumri, þessir náungar, léku sér að því að skemma atvinnuvegi þjóðarinnar, þá vildum við ekki taka að svo komnu fleiri atriði inn í frv., en það stæði þá opið fyrir þá, sem áhuga hafa, að taka önnur atriði — þá með sérstöku frv., ef svo sýnist.

Við leggjum til, að frv. þetta með breytingum, sem við nm. leggjum til, verði samþykkt. Teljum við það hóflegt, en þó svo hart, að afbrotamönnum finnist ekki þeim vera mikil linkind sýnd í þessu atriði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef hlustað á rök hv. frsm. fyrir því, að hann vill ekki taka inn nein ný ákvæði í sambandi við tekjur af laxveiði til að standa undir kostnaði, og mun ég ekki gera það að neinu ágreiningsatriði og fylgja frv., þó að n. hafi ekki séð sér fært að fallast á það. Ég ætla hins vegar að koma fram með brtt. við 3. umr. sem bráðabirgðaákvæði um að fyrirskipa, að ríkisstj. láti endurskoða l. fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþ., og geri ráð fyrir því, að hv. n. geti fallizt á slíka breytingu, sem ætti ekki

að valda neinum ágreiningi í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 310,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 310,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 310,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 310,4 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 334, 342).

Afbrigði um brtt. 342, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér brtt., svo sem hæstv. forseti hefur nú lýst, á þskj. 342, þar sem ég legg til, að aftan við frv. komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Ríkisstj. lætur fara fram endurskoðun á l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði, og skal þá athuga, á hvern hátt koma mætti fyrir kostnaði vegna framkvæmdar þeirra. Skal endurskoðuninni lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþ."

Ég hef borið þessa till. fram vegna þess, að hv. n. sá sér ekki fært að taka þetta upp í frv., en ég tel, að það beri nauðsyn til þess að endurskoða l. með tilliti til þess að fá nokkrar tekjur á móti þeim kostnaði, sem nú er við framkvæmd laganna.

Þetta var rætt nokkuð við veiðimálastjóra í fjvn., og mér þykir rétt að lesa hér upp bréf, sem veiðimálastjóri sendi n. 15. nóv. í sambandi við þetta mál. En áður skal ég taka fram, af því að ég sé, að hæstv. landbrh. er kominn hér, að ef hann vildi lýsa því yfir hér í d., að þetta yrði framkvæmt, þá geri ég það ekki að neinu kappsmáli, að þetta sé sett sem bráðabirgðaákvæði í l., því að þá tek ég vitanlega gilda slíka yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. En bréf það, sem sent var fjvn. í sambandi við þetta mál, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárlagafrv. fyrir árið 1953 gerði fjmrn. till. um að veita 90 þús. kr. til veiðimála, en sú upphæð er um það bil helmingi lægri heldur en áætlað var, að fjárþörfin yrði til nefndra mála á næsta ári.

Á fundi hv. fjvn. 29. okt. s. l. kom fram ósk um athugun á leiðum til skattlagningar á veiði í landinu til öflunar tekna til viðbótar því, sem áætlað er til veiðimála í fjárlagafrv. Hafa skottunarleiðir verið athugaðar, og skal nú gerð grein fyrir þeim:

Þrjár skottunarleiðir koma helzt til greina til öflunar fjár vegna veiðimálaþjónustunnar, sem sé að leggja skatt á veiðihlunnindi í landinu, að skattleggja veiðimennina sérstaklega eða að leggja sérstakan söluskatt á lax- og silung, sem seldur er á innlendum og erlendum markaði. Veiðihlunnindaskattur geti annaðhvort verið nefskattur á veiðieigendur eða vaxandi skattur í hlutföllum við tekjur af veiði. Síðari leiðin er eðlilegri vegna þess, að tekjur af veiðihlunnindum eru mjög mismunandi á einstökum jörðum. Við álagningu skattsins yrði að leggja á eigendur veiðiréttarins á jörðum þeim, sem taldar eru hafa lax- og silungsveiðihlunnindi í fasteignamatinu 1942, og er það meira en fjórða hver jörð á landinu, sem svo er ástatt um. Það mundi ekki nægja að fara eingöngu eftir veiðiskýrslum í þessu tilliti, því að þær vantar frá fjölda bæja, sem veiði er stunduð frá. Þó yrði að fara eftir veiðiframtölum til að ákveða skattupphæðina hverju sinni, og mundi í því sambandi nauðsynlegt, að skattayfirvöldin legðu ríkari áherzlu á að safna veiðiskýrslum heldur en verið hefur. Eðlilegast og ódýrast yrði að fela skattanefndum að leggja á veiðihlunnindaskattinn, um leið og aðrir skattar yrðu lagðir á, og láta innheimtumenn ríkisskatta annast innheimtu hans með öðrum sköttum.

Sköttun veiðihlunninda er einfaldasta leiðin til sköttunar á veiði og jafnframt sú þægilegasta með tilliti til innheimtu. En hins vegar er það svo, að veiðihlunnindin og tekjur af þeim eru sköttuð eins og er, og mundi því verða um tvísköttun að ræða, ef veiðihlunnindaskattur af því tagi, sem hér um ræðir, yrði lagður á.

Veiðimannaskattur yrði helzt nefskattur á alla veiðimenn í landinu, hvort sem þeir veiddu í net eða á stöng. Yrðu veiðimennirnir að kaupa árlega veiðikort, sem gæfi þeim rétt til þess að stunda lax- og silungsveiði hvar sem er á landinu ákveðið veiðitímabil. Mun láta nærri, að um 2500—3000 manns leggi stund á lax- og silungsveiði um lengri eða skemmri tíma árlega. Selja yrði veiðikortin hjá sýslumönnum, lögreglustjórum og hreppstjórum um land allt. Nauðsynlegt yrði að hafa eftirlit með, að veiðimenn innleystu veiðikortin, ef nást ætti upp verulegur hluti skattsins. Það yrði því óhjákvæmilegt að auka verulega eftirlit við ár og vötn frá því, sem nú er, en veiðieftirlitið er í höndum sýslumanna og hreppstjóra, nema þar sem sérstakir veiðieftirlitsmenn starfa, og yrðu þessir aðilar að taka veiðieftirlitsstarfið alvarlega í framtíðinni.

Söluskatt af veiði yrði að leggja á lax og silung, sem seldur er innanlands og til útflutnings. Ákveðinn skattur yrði lagður á hvert kíló af fiski, sem þó yrði mismunandi, og mundi það fara eftir verðmæti tegundanna, þannig að meira yrði lagt á lax en silung. Áætla má, að 150—200 tonn af laxi og silungi hafi verið seld árlega í landinu á undanförnum árum. Eðlilegast væri að fela innheimtumönnum ríkisins að innkalla veiðisöluskattinn, um leið og almennur söluskattur er innheimtur. Ýmsir erfiðleikar yrðu á að ná inn skatti af öllum laxi og silungi, sem seldur er, en í því sambandi yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fylgjast með gangi veiðinnar og sölu hennar.

Í l. nr. 36 1937, um klaksjóð, er gert ráð fyrir að innheimta söluskatt af laxi, sem seldur er á innlendum eða erlendum markaði, og nemi skatturinn 3 aurum á hvert kíló. Skatturinn átti að renna til klaksjóðs. Þessi söluskattur hefur aldrei verið innheimtur.

Þegar skattlagning vegna veiðimálaþjónustunnar er til umr., er ekki úr vegi að rifja upp hlutverk hennar í þjóðfélaginu og hvernig það er rækt. Hlutverk veiðiþjónustu ríkisins er að vernda og auka veiðihlunnindin í landinu og stuðla að fullnaðarnýtingu þeirra. Þetta hlutverk vinnur hún á grundvelli veiðilöggjafarinnar með leiðbeiningum, söfnun upplýsinga og skýrslna um veiði, rannsóknum á lífi vatnafiska og umhverfi þeirra og styrkveitingum til fiskiræktar.

Í veiðilöggjöfinni er falinn grundvöllurinn að veiðivernduninni, sem birtist í takmörkunum á veiði og bindingu lögverndaðra félaga um fiskirækt og veiði. Löggjöfin nær að sjálfsögðu ekki yfir öll hugsanleg fyrirbrigði í veiðimálum, og er þá veiðimálastjórninni, þ. e. veiðimálanefnd og veiðimálastjóra, ætlað að fylla upp í eyðurnar með reglugerðum.

Leiðbeiningarstarfið er fólgið í því að leiðbeina mönnum um fiskirækt, m. a. um byggingu klakhúsa og fiskvega, um félagsleg efni í sambandi við fiskiræktar- og veiðifélög og almennar upplýsingar um veiðimál. Leita opinberar stofnanir m. a. oft upplýsinga og álits um mál, sem þær hafa með höndum og snerta veiðimál að einhverju leyti. Fer upplýsingaþjónustan í þágu opinberra aðila mjög í vöxt. Þetta á sérstaklega við í rafvirkjunarmálunum, því að þar fjölgar árekstrum milli virkjunarhagsmuna og veiðihagsmuna með auknum virkjunum. Þá má telja hérna með ágreiningsmál, sem veiðiþjónustan miðlar málum í eða gefur úrskurði um, sem annars mundu fara fyrir dómstólana, en með þessu er fé einstaklinga sparað og jafnframt dregið úr útgjöldum hins opinbera.

Leiðbeiningarstarfsemin verður að byggjast á þekkingu á öllum greinum veiðimálanna. Þekkingarinnar er aflað með söfnun upplýsinga og skýrslna um veiðimál, svo og rannsóknum á vatnafiskum okkar og umhverfi þeirra. Söfnun gagna af umræddu tagi er skammt á veg komin hjá okkur samanborið við það, sem þekkist hjá nágrannaþjóðum okkar. En unnið er af kappi að safna slíkum gögnum. Veiðiskýrslur hafa verið lítils virði frá mörgum héruðum, ýmist vantað eða verið mjög villandi, en ástandið fer batnandi á þessu sviði. Áreiðanlegar veiðiskýrslur eru mjög þýðingarmiklar, þegar fylgjast þarf með nýtingu fiskistofnanna í einstökum ám eða vötnum.

Mörg vandamál í sambandi við veiði verða ekki leyst nema með rannsóknum á vatnafiskum okkar og lífsskilyrðum þeirra. Við getum lært margt af reynslu annarra þjóða um líf þeirra og afstöðuna til umhverfis, en sá lærdómur gefur okkur aldrei fullkomna mynd af ástandinu hér á landi, vegna þess að margt er ólíkt með því og aðstæðum erlendis. Hér verðum við að rannsaka gæðin, sem fyrirfinnast í fersku vatni á landi okkar, engu síður en rannsökuð eru önnur náttúrugæði til lands og sjávar.

Í veiðilöggjöfinni er ákvæði um að styrkja fiskirækt með fjárframlögum úr ríkissjóði. Styrkja skal byggingu klakhúsa og fiskvega. Í slíkum styrkjum er fólgin þýðingarmikil hjálp til að auka veiðina í landinu.

Eins og séð verður af því, sem að framan segir, veitir veiðimálaþjónustan svipaða þjónustu í veiðimálum og þá, sem landbúnaði og sjávarútvegi er veitt af hálfu ríkisins. Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands hafa leiðbeiningar og skýrslusöfnun með höndum, og búnaðardeild og fiskideild Atvinnudeildar háskólans annast rannsóknir í þágu þessara atvinnugreina. Auk þess framkvæmir Fiskifélagið rannsóknir í meðferð fiskafurða og tilraunastöð landbúnaðarins hefur umsjón með tilraunum í þágu landbúnaðarins. Eins og vitað er, fá nefndar stofnanir fjárveitingu úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, en til þess er þetta nefnt hér að minna á, að hliðstæður eru fyrir að leggja fram fé úr ríkissjóði til veiðimála, þó að ekki sé ætlunin að mæla á móti, að sérsköttun vegna veiðiþjónustunnar eigi rétt á sér."

Ég hef talið rétt að lesa þetta upp vegna þess, að veiðimálastjóri hefur lagt á það áherzlu við fjvn., að þær 90 þús. kr., sem veittar eru á fjárlögum nú, dugi engan veginn til þess að standa undir kostnaði af þeirri þjónustu, sem beri að veita veiðimálunum eftir gildandi landslögum.

Ég sé, að 1951 mun kostnaðurinn við veiðimálaskrifstofuna á 16. gr. hafa orðið 92 þús. kr. tæpar, en voru áætlaðar 50 þús. kr. á fjárlögum. Nú í ár hef ég fengið upplýsingar um, að þetta muni nema eitthvað talsvert meiru, enda hefur verið ráðinn á ný veiðimálastjóri, eins og hæstv. ráðh. er kunnugt um. En það er ekki tekið upp í fjárlögin fyrir 1953 nema aðeins 90 þús. kr. Það er því sýnilegt, að ef á að uppfylla lagafyrirmælin, þá þarf að koma einhvers staðar frá viðbót, annaðhvort frá ríkissjóði sjálfum eða á þann hátt, sem ég hef rætt hér um, þ. e. með skatti frá veiðinni. Ég hef nú ekki vitað fyrr en ég sá þetta bréf, að vanrækt hefði verið að innheimta þann skatt, sem á að innheimta af veiðinni samkv. l., og getur náttúrlega hæstv. ráðh. svarað til um það, hvers vegna það hafi ekki verið gert.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, að ef hæstv. ráðh. vill lýsa því yfir, að hann láti endurskoða l. með það fyrir augum að ná því takmarki, sem getið er um í minni till., þá mun ég draga till. til baka.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Frv. um breyt. á laxveiðilöggjöfinni var lagt fram vegna þess, að það var aðkallandi þörf að breyta refsiákvæði löggjafarinnar, og þarf það mál ekki útskýringa við. En það, sem olli því, að þetta hefur verið gert og athugað, eru afbrot, sem komið hafa fyrir í sumar og frá hefur verið skýrt opinberlega. En það kemur í ljós, að það getur verið mjög arðvænleg atvinnugrein að stunda veiðiþjófnað og þola þó allar þær sektir, sem eru í löggjöfinni eins og hún er nú. Hins vegar var það augljóst mál, að það var ekki hægt að gera aðrar breyt. á veiðimálalöggjöfinni eins og nú standa sakir, og ástæðan er sú, að mönnum er ljóst, að veiðilöggjöfin þarf margra breyt., eins og eðlilegt er um löggjöf, sem staðið hefur um þetta skeið og reynsla hefur komið á, en ef það væri byrjað að breyta einhverju meiru en hegningarákvæðunum, refsiákvæðunum, þá mundi eðlilega

rísa ágreiningur, því að margt af því, sem breyta þarf, er órannsakað mál og um það skiptar skoðanir. Þess vegna var ekki farið lengra en að breyta aðeins refsiákvæðunum. Hins vegar er mér ljúft að lýsa því yfir, að þessi löggjöf verður tekin til endurskoðunar, því að um það hefur komið fyrir nokkru beiðni frá veiðimálan. og ábendingar, sem rökstyðja það fyllilega, að endurskoðun sé nauðsynleg, eins og hv. þm. Barð. hefur hér bent á. Endurskoðunin verður því framkvæmd á næstunni, og skal ég ekki lengja mál mitt með því að lýsa þeim mörgu ákvæðum, sem þarf að taka til athugunar í þeirri löggjöf.

En út af því, sem sagt var hér um veiðimálastjóra, þá er rétt að upplýsa það fyrir hv. þd., eins og þm. er ef til vill mörgum kunnugt, að veiðimálastjóri sagði lausu embætti fyrir að mig minnir tveim árum, og þá var reynt að fá annan mann í embættið, mann, sem hefði lokið því prófi, að líklegt mætti teljast, að starf hans gæti orðið að gagni fyrir þessi mál. Það var síðan beðið í tvö ár eftir því, að þessi tiltekni maður lyki prófi, en án árangurs. En á þeim tíma snerist núverandi veiðimálastjóra hugur, og hann óskaði eftir því að taka við embættinu að nýju, sem var samþykkt, þar sem ekki hafði verið fundið að hans störfum í embættinu og ástæðan til þess, að hann fór úr því, hafði eingöngu verið samkvæmt eigin ósk. Af þessum ástæðum hefur orðið dráttur á ýmsu, sem gera þarf í veiðimálunum. Og án þess að hafa miklar málalengingar um þau mál, sem eru þó einna merkust af þeim, sem við höfum hér milli handanna í þessu landi, þá er það alveg rétt, að það komi að minnsta kosti hér fram, að það hefur orðið dráttur m. a. á því, að byggð yrði klakstöð, sem átti að byggja hér skammt frá bænum og í samstarfi við bæinn. Ástæðan til þess er það, að annar aðili hefur haft framtak um það atriði. Hins vegar er það alveg vitað mál, að það er næstum því útilokað, að þær rannsóknir, sem þarf að framkvæma í sambandi við veiðimál, og þótt ekki sé nema ein einasta grein í sambandi við klak og uppeldi fiska, verður ekki gerð af einum einstaklingi, vegna þess að það fyrirtæki er svo fjárfrekt.

En í sambandi við þetta mál hefur komið upp einmitt atriði, sem mér þykir rétt að vekja athygli hv. alþm. á. Það er t. d. fullyrt í sambandi við þær tilraunir, sem nú hafa verið gerðar af þessum manni, sem með miklum dugnaði hefur beitt sér fyrir klaki, að regnbogasilungur sé sérstaklega góður og hentugur fiskur til uppeldis. Það er að vísu reynt annars staðar, að hann er það, og að sjálfsögðu alveg rétt. Það eru stór hús, sem ekkert gera annað en að framleiða þessa fisktegund í stórum stíl, og má benda á það t. d. núna, að Danir selja til einnar þjóðar aðeins fyrir um 30 milljónir af fiski, sem þeir ala upp á visst aldursskeið og selja síðan.

En þetta er alveg órannsakað mál hér. Ég bendi á þetta til þess, að hv. alþm. geri sér ljóst, hvaða óskaplegt verksvið er hér fram undan. Það er alveg órannsakað mál, hvort einhver íslenzk fisktegund er eins góð eða betri tegund heldur en regnbogasilungurinn. T. d. með murtuna úr Þingvallavatni er aðeins byrjað á örlitlum tilraunum um það, en við vitum ekkert, hvað það tekur langan tíma að ala hana upp í þá stærð, sem hún er í Þingvallavatni, þegar hún veiðist þar á haustin og er ótakmarkaður markaður fyrir, að því er virðist, eða lítt takmarkaður. Alveg sama er að segja um bleikjuna í Þingvallavatni. Það getur vel verið, að hún sé sá silungur, sem við eigum að taka til að ala. Svo er urriðinn, við vitum ekkert hvaða tegundir, þær eru margar. Bleikjan, sem gengur til hafs og er aðallega í ánum á Norðurlandi og Vesturlandi, — það getur vel verið, að *hún sé tegundin, sem við eigum* að taka og ala upp. Allt er þetta órannsakað mál og verður ekki gert nema afla verulegs fjármagns til þess að framkvæma þessar rannsóknir. Og þær verða aldrei gerðar af neinum einstaklingi, því að svo kostnaðarsamar eru þær. En hitt er líka alltaf yfirvofandi hætta, þegar einstaklingar taka að sér þessi verk, eins og hefur sýnt sig á ýmsum öðrum sviðum, þó að ég sé ekki að segja það, að þessi maður, sem fæst núna við klak og uppeldi, geri það, þá eru gefnar út yfirlýsingar um eitt og annað, fullyrðingar, sem ekki fá staðizt og eru meira til að villa heldur en til þess að leiðbeina þeim, sem á eftir koma og ætla sér að stunda atvinnu á þessu sviði.

Eins og ég sagði, er þetta mál, sem hér liggur fyrir, mjög víðtækt, og mætti margt um það segja. En ég ætla ekki að gera það á þessu stigi. Mér er ljúft að gefa þá yfirlýsingu af ástæðum, sem ég sagði áðan, að lögin um lax- og silungsveiði verða endurskoðuð, og þá kemur vitanlega margt til athugunar, sem getur beðið þess tíma og þá einnig þess, að það verði rætt frekar en ég hef gert hér í þessum fáu orðum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og nú er málum komið, virðist ekki ástæða til þess að deila um frv. sjálft, og þar sem liggur fyrir yfirlýsing um það frá flm. brtt. á þskj. 342, að hann mundi taka hana aftur, ef hæstv. landbrh. gæfi yfirlýsingu um, að lögin um lax- og silungsveiði *mundu verða endurskoðuð, og* hæstv. landbrh. hefur gert það, þá tel ég, að nú sé úr sögunni sú brtt., sem hér liggur fyrir, og skal því ekki ræða hér um hana sérstaklega.

En út af því, sem hv. þm. Barð. (GJ) talaði um hér í ræðu sinni, bæði við 2. umr. og nú við 3. umr., þar sem hann tæpti á því og meira en tæpti á því, að sérsköttun gæti komið til mála, *þannig að áreigendur eða árleigjendur fengju* sérstakan skatt að greiða út af þessu máli, þá hygg ég, að ég geti lýst því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún mundi vera, eins og nú standa sakir, andvíg þannig tvísköttun, sem ætti sér þá stað, þar sem telja verður hér einnig tekjur af ánni sjálfri eða leigu af henni, þótt e. t. v. þessi skattur yrði frádráttarhæfur, en það er ekki hægt eftir núgildandi lögum að telja hann til frádráttar, að mér skilst, ef það er opinber skattur, frekar en útsvör eða eignarskatt. Og ef svo kæmi fyrir, að sú skoðun yrði ofan á að fara þannig að í þessu máli að skatta eigendur eða leigjendur, þá tel ég, að leysa ætti veiðimálastjóra og veiðimálastjórnina alveg úr tengslum við ríkisstj., þannig að gjaldendur, úr því að þeir kosta þessa menn eða félagsskap að öllu leyti, mundu ekki heldur sætta sig við það, að ríkisstj. réði öllu um

framkvæmdir þeirra og væri þeirra yfirboðari, heldur mundi fara líkt um það eins og t. d. stéttarsamtök bænda, að þeir mundu ráða þar sínum ráðum, en það hygg ég að væri ekki heppilegt núna, heldur er það ríkisstj., sem á að standa fyrir þessum málum. Það er einmitt verið að athuga og gæta þess með nákvæmni að fá fleiri laxveiðiár í landið og fleiri silungsvötn og jafnvel líka og ekki sízt að flytja inn og rækta nýja stofna af silungi, e. t. v. gæti það orðið af laxi líka. Yfirleitt er verið að láta fara fram þarna víðtækar kynbætur á vatnafiskistofninum hjá okkur, sem við vitum ekki til hversu mikils gagns getur orðið og þjóðþrifa fyrir ríkið. Þess vegna tel ég nú, að á þessum tímum sé sízt ástæða til þess að fara að kippa í sundur því samhengi, sem hefur verið milli veiðimálastjórnar og ríkisstjórna, því að það, eins og ég tók áður fram, hlýtur að koma að því, að félagsmenn færu að puða sjálfir, ef ríkisstj. hefði minni hönd í bagga, því að auðvitað vilja menn ráða um þá verkamenn, sem þeir verða að greiða sjálfir, störfum þeirra og aðferð.

Ég vildi bara taka þetta fram, áður en nú verður farið að athuga þessi mál. Það er ekki nauðsynlegt að taka það fram hér í þessum umræðum í sjálfu sér umræðnanna vegna, en ég vildi bara láta þessa skoðun koma fram, til þess að hún gæti verið til athugunar hæstv. ríkisstj., þegar hún fer að athuga þessi mál. Um málið sjálft er óþarft, eins og það liggur hér fyrir, að orðlengja frekar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú lýst því yfir hér, að hann muni mjög bráðlega láta endurskoða lögin, og læt ég það mér nægja, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu hér áðan, og tek þar af leiðandi till. á þskj. 342 aftur með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. ráðh.

En út af því, sem hv. 11. landsk. (ÞÞ) sagði, þá vil ég ekki heldur láta því ómótmælt hér, úr því að farið er að ræða það mál, og leyfi mér að benda á fyrst og fremst hin skýru orð hæstv. ráðh., þar sem hann sagði, að svo mjög arðvænlegur væri þessi atvinnuvegur, þ. e. að stunda þjófnaðarveiði, að viðkomandi aðilar gætu vel staðið sig við að greiða lögbundnar sektir. Nú eru þessar sektir að vísu ekki háar, þær eru frá 100 kr. og upp í 500 kr. samkvæmt gildandi lögum. En ef það er svo, að hægt er að stunda þjófnaðarveiði í ánum með ágætum hagnaði og greiða samt sektirnar, þá verður erfitt að sanna það, að það sé nokkur ósanngirni að leggja skatt á þessa veiði í landinu til þess að tryggja framtíðarafkomu af veiðinni. Ég vil benda á einnig í sambandi við þetta, að fiskveiðasjóðurinn hefur sínar tekjur af fiskveiðunum. Það er lagður skattur á þá menn, sem framleiða fiskinn, og þeir eru skuldbundnir til þess að greiða hann í sérstakan sjóð til þess að efla sinn eigin atvinnuveg, og væri ekkert óeðlilegt, að það sama væri gert hér. Sama má segja um landssamband útvegsmanna, þeir fá einnig hlut af útflutningsgjaldi, sem þeir greiða sjálfir, og fá það til sinnar starfrækslu. Annars skal ég ekki ræða efnislega þá till. nú, hún liggur ekki fyrir, en mér þótti rétt að láta þetta koma fram, úr því að hv. frsm. fannst ástæða til þess að mæla gegn því, að sett yrði þetta gjald á.

Ég vil hins vegar segja í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði hér um einkaaðila, sem hefði komið hér upp klakstöð, að það er nú ekki betri fjárhagurinn þar heldur en svo, að hann sækir um lán frá ríkissjóði allt að 500 þús. kr. og 150 þús. kr. styrk til uppeldisstöðva. Ég geri ráð fyrir, að hann sæki um þessar upphæðir til þess að þjóna þjóð sinni og tryggja þennan atvinnuveg, sem hann hér í mörgum skjölum lýsir að sé mjög glæsilegur, en ekki til þess að hafa fé í sinn vasa. En þetta bendir þá einnig til þess, að það sé nægilegt verkefni, sem þurfi mjög mikið fé til einhvers staðar frá, annaðhvort frá ríkissjóði beint í framtíðinni eða einhvers staðar annars staðar frá. Og finnst mér þá, að það sé ekki óeðlilegt, að það fé komi að einhverju leyti frá þeim mönnum, sem eiga þau verðmæti hér, að það borgar sig fyrir ólöghlýðna menn að stunda þar veiði, stela úr ánum og borga háar sektir fyrir samkvæmt landslögum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Mig undraði ekki neitt á orðum hv. þm. Barð. (GJ) um það, hvað veiðiþjófarnir slyppu billega frá sínum veiðiskap, en ég hjó eftir þeim orðum, sem hann hafði eftir hæstv. landbrh. Það má vera, að hann hafi sagt það, en þó trúi ég því tæplega, því þó að þessir „atvinnurekendur“, og það ætti hv. þm. að vita, gjaldi sektir, sem eru refsing á þá, þá eru þeir samt sem áður skaðabótaskyldir landeigendum eða árleigjendum, og því hefur hvorugur tekið eftir, býst ég við, þegar þeir ályktuðu þetta. Auðvitað verða þeir þá að greiða allt andvirði þess lax, sem þeir taka, ef krafizt er bóta af landeigendum eða þeim, sem hafa þann hyl á leigu, sem þeir eyðileggja, og verða að borga að fullu þann lax og fisk, sem þeir hafa tekið, auk annars tjóns, sem þeir hafa valdið. Og þá verð ég að segja, að mér finnst eitthvað loðin sú röksemd hjá þeim mönnum, að þeir geti farið og haft gróða upp úr því, þegar þeir auk skaðabóta og andvirðis þess afla, sem þeir fá, verða að bæta ofan á tugum þúsunda í sektir. Þetta er það atriði, sem ég held að hafi verið misskilningur hjá þessum tveimur hv. ræðumönnum og ég vildi leiðrétta. Því aðeins var það af því, að við höfðum þetta í huga, að við vildum ekki fara hærra í sektir en nál. greinir, og þá skulu allir vera fullvissir um, að ef rekið er réttar síns í þessum málum, þá verður það seintekinn gróði fyrir þjófa og illræðismenn að fara í ár annarra, ef næst í þá náunga.

ATKVGR.

Brtt. 342 tekin aftur.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 34. og 35. fundi í Nd., 4. og 5. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 334, 390).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ef menn bera saman frv. eins og það kom frá Ed. og eins og það var afgr. héðan úr Nd., þá sést það, að Ed. hefur lækkað sektarákvæði frv. í 1. og 2. gr. um helming eða jafnvel meira og sektarákvæði 4. gr. nokkru minna. Landbn. telur þetta of langt gengið og leggur þess vegna til, að sektarákvæðin í 1. og 2. gr. verði hækkuð nokkuð frá því, sem Ed. hefur samþykkt þau, þannig að mætzt verði á miðri leið. Væntir landbn. þess, að deildin geti fallizt á þessa málamiðlun til samkomulags.

ATKVGR.
Brtt. 390,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 390,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., 9. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 395).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar frv. þetta kom hingað frá Nd., var sektarákvæðum þess breytt hér að miklum mun við 2. umr. í d. og sektir færðar niður mjög mikið. Fór frv. þannig aftur til Nd., en þá var það, að Nd. breytti aftur sektarákvæðum í 1. og 2. gr. frv. og tók upp þann hátt að taka meðaltalið af því, sem sektarákvæðin höfðu verið í frv. upphaflega, og sektum þeim, sem hér voru samþ. í d. Ég verð að segja það, að ég tel, að þessu hafi verið heldur breytt til hins lakara, vegna þess að við í landbn. Ed. töldum okkur hafa haldið okkur þannig við sektarákvæðin, að samræmi væri í þeim ákvæðum frá því, sem var í l. um lax- og silungsveiði.

Það má segja, að veiðilöggjöfin sé mjög aftur úr, sérstaklega af þeim ástæðum, hve litlar sektir eru ákveðnar fyrir brot. T. d. fyrir að drepa fugl, sem friðaður er, t. d. rjúpu, þarf ekki að borga, þó að vísitalan sé tekin með, meira en tæpar 40 kr. fyrir brotið, en hér er fyrir lægsta brot, að taka dauðan lax og hirða úr neti og notfæra sér, ekki minna en 1000 kr. lágmark sektarinnar. Yfirleitt þarf að lagfæra sektarákvæði við veiðilöggjöfina og koma í betra horf og samræma miklu meira.

Ég tel, eins og sakir standa, að það hafi verið breytt í Nd. til hins verra með því að fara nú að hækka sektir í sumum þessum greinum, sem hér eru í frv. En þar sem aftur á móti er rík nauðsyn á, að frv. verði samþ. á þessu þingi, vegna þeirra sekta, sem þar eru ákveðnar fyrir skemmdarverk, *sprengingar og eiturefnablöndun* í laxveiðihylji, þá tel ég, að það megi engin bið verða um að hafa þær sektir það háar, að endurtaki sig ekki aftur slíkar aðfarir sem reyndust hafa verið framdar í laxveiðiám á s. l. sumri. Og þar sem nú hæstv. landbrh. hafði lýst því yfir hér í d., að löggjöfin í heild um lax- og silungsveiði yrði endurskoðuð hið bráðasta, þá taldi meiri hluti landbn., sem mættur var, eftir ástæðum heppilegra að samþ. nú frv. eins og það er komið frá Nd., jafnvel þó að það séu á því unnin nokkur spjöll, heldur en að fara að hrekja það nú til Sþ. eða sveefa það hér að fullu. Því leggur n. til, að öllum aðstæðum athuguðum, að heppilegast sé að samþ. frv. án breyt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 431).

---

47. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip [140. mál] (þmfrv., A. 200).

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l., sem hér liggur fyrir til umr., er um breyt. á l. nr. 61 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Er frv. flutt samkv. ósk samgmrn. af sjútvn. Aðalefnisbreyt. á l. frá 1947 eru þær, að rýmkuð er heimild félaganna til að tryggja lausamuni og afla. Er þetta talið nauðsyn, svo að félögin geti á hverjum tíma verið samkeppnisfær við aðra tryggjendur á sama sviði. Enn fremur er sú breyt., að ráðh. getur ákveðið, að félögin innheimti aukagjald af vátryggða, og nemur gjald þetta allt að 1% á vátryggingarfjárhæð hvers skips. Gjald þetta renni óskert til félaganna og á að innheimtast hjá hverju félagi, þar til fjárhagur þess telst öruggur, en fjárhag þeirra hefur ekki verið séð borgið í 14 ára starfsemi félaganna. Þá felst í breyt. það atriði, að auk 800 þús. kr. ábyrgðar ríkissjóðs er veitt heimild til að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum allt að 1 millj. kr. samtals fyrir öll félögin. Aðrar breyt. eru orðalagsbreyt. eða til samræmis á breyttum aðstæðum. Vísast að öðru leyti til frv. og grg. fyrir því á þskj. 200. — Sjútvn. flytur frv., eins og áður er sagt, að tilhlutun samgmrn. Áskilur n. sér og einstakir nm. hennar rétt til að hafa óbundnar hendur til að bera fram brtt. við frv. á síðara stigi. Óskast því svo vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 200, 332).

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og sést í grg. fyrir frv. og ég gat um í framsögu fyrir því við 1. umr., er það flutt eftir ósk samgmrn. af sjútvn. N. hefur leitað umsagnar Fiskifélags Íslands um frv. og athugað einstakar greinar þess, og að þessu loknu sá hún ekki ástæðu til að gera nema tvær smábreyt. við frv., sem sjá má á þskj. 332. Annað er aðeins áherzluorðsinnskot, en í 5. gr. færist 10 þús. upp í 20 þús., þannig að stjórnin geti ákveðið bótagreiðslur allt upp að þeirri upphæð. Leggur svo n. til, að frv. verði samþ. svo breytt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú legið fyrir sjútvn., og hún hefur athugað þetta nokkuð, en því miður hafði ég ekki vegna anna aðstöðu til þess að fylgjast eins með afgreiðslunni og ástæða hefði þó verið til.

Á þeim fundi í n., sem ég var staddur á, þegar málið var rætt, þá var aðeins minnzt á ákvæðin í 16. gr. frv., og ég vildi vekja sérstaka athygli á þeim ákvæðum, sem mér fannst strax vera nokkuð hörð og nokkuð vafasöm í framkvæmd. En það hefur nú ekki komið fram frá n. nein breyt. við ákvæðin í 16. gr., en þar segir, að ef dráttur verði á greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, þá skuli tvímælalaust krefjast lögtaks á hinum vangreiddu gjöldum innan 3 mánaða frá því að gjalddagi var. Það er að vísu rétt, að það mun hafa verið talsvert algengt að undanförnu, að vanskil hafi verið allmikil hjá vélbátaflotanum á vátryggingariðgjöldum, og það er kunnugt mál, að af þessu hefur orðið jafnvel í sumum tilfellum hin mesta óreiða. Það er að vísu sjálfsagt að reyna að kippa þessu einhvern veginn í lag, en ég er ósköp hræddur um það, að eins og hag vélbátaútvegsins er nú komið, þá verði þetta æði erfitt í framkvæmd, þegar búið er að binda það í lögum, að strax þegar 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, þá skuli í öllum tilfellum, undantekningarlaust, krefjast lögtaks á vangoldnum iðgjöldum. Það er því mín skoðun, að ákvæðin í 16. gr. séu of hörð og hljóti að leiða til þess, að allmargir bátar, eins og nú er yfirleitt komið rekstrarafkomu bátanna, yrðu beinlínis seldir af þessum ástæðum, og ég held því, að það væri í rauninni full ástæða til þess að athuga það, hvort ekki væri rétt að lina nokkuð á þessum ákvæðum, enda mun það vera alveg óvenjulegt að ákveða í lögum eins og þessum, að lögtak skuli fara fram, — binda það alveg hreint skilyrðislaust ákveðið í lögum, að slíkt lögtak skuli fara fram. Venjan mun vera sú að gefa aðeins heimild til þess að ganga að á þennan hátt.

Ég vildi nú, af því að þetta mun vera 3. umr., óska eftir því, að málinu yrði frestað og það yrði athugað örlítið betur, hvort ekki væri rétt að gera nokkra línun á þessu. Hins vegar skal ég játa það fullkomlega, að það hefur staðið upp á mig að mæta í n. í þessu falli, og hefði ég því auðvitað getað, ef ég hefði mætt, flutt till. á réttum tíma, en ég vildi mjög gjarnan fara fram á það við hæstv. forseta, að málinu yrði frestað til næsta fundar eða svo, til þess að það mætti athuga örlítið betur þetta ákvæði, sem mér þykir óþarflega hart.

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Þessi grein frv., sem hv. 2. landsk. gerir brtt. við, hefur verið allmikið til umr. í n., en það varð algert samkomulag um það að lokum, eftir rannsókn á öllum málavöxtum, að ganga inn á hana óbreytta, með því að fjárhag vélbátaábyrgðarfélaganna yfirleitt og Samábyrgðarinnar í heild er svo illa komið sem vitanlegt er. Þar sem ekki hafa verið nægilega skýlaus ákvæði um innheimtuna, er talið nauðsynlegt af öllum aðilum, að þetta umdeilda ákvæði komi inn í lögin. Ég er þess fullviss, að ágreiningur innan nefndarinnar hefur eingöngu orðið sakir þess, að hv. 2. landsk. var ekki mættur á fundi, þar sem ýtarlegar upplýsingar um málið lágu fyrir.

Frv. er orðið það athugað af nefndinni, að hún mun ekki ganga inn á breyt. á því, þar sem hún hafði athugað þetta atriði frá mörgum hliðum. En hv. Alþingi ræður náttúrlega um það, hvort það frestar afgreiðslu málsins. Þó vil ég benda á, að líða tekur á þing. Tel ég, með því að dregizt hefur af óviðráðanlegum orsökum að afgreiða málið frá hv. sjútvn., að réttara væri að taka svona brtt. til athugunar í Ed., ef ástæða þætti til, sem ég tel mjög vafasamt að yrði til bóta.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ákvæði 16. gr. í frv. þessu eru sennilega alveg einstakt fyrirbrigði í íslenzkri löggjöf. Ég veit ekki til, að það sé neins staðar til í nokkrum lögum, að það sé beinlínis lögð skylda á að framkvæma lögtök innan ákveðins tíma. Það er vitað, að ákvæðin um lögtök útheimta það, að lögtakið sé framkvæmt innan árs, þannig að lögtaksréttur inn fyrnist á einu ári. En þarna er það skylda á félögin að framkvæma lögtakið innan 3 mánaða, og þó eru þessi gjöld, sem þarna á að taka lögtaki, tryggð með lögveðsrétti, eða sem sagt veðrétti á undan öllum samningsbundnum veðum. Það á sem sagt að setja félögin í þann vanda, að þau verði að framkvæma lögtakið innan 3 mánaða og þar með kannske svipta eigendur þessara atvinnutækja yfirráðunum yfir þeim, koma þeim kannske út úr byggðarlögunum og valda þar með þeim byggðarlögum, sem þarna eiga hlut að máli, stórkostlegu óhagræði. Mér finnst þetta ákvæði ákaflega skringilegt og ákaflega óvenjulegt.

Ef það er tilfellið, sem ég efast ekki um að sé rétt, eins og fram kom hjá hv. þm. V-Ísf., að fjárhagur þessara tryggingarfélaga sé orðinn ákaflega slakur, vegna þess að ekki séu innheimt eðlilega iðgjöldin, og hafi komið fram í því, að þau hafa ekki getað borgað þau tjón, sem á þau hafa fallið, þá er engin ástæða til þess að setja sérstök lög um það, sem skyldi menn til

þess að framkvæma lögtök. Þau hafa heimild til þess að framkvæma lögtök eins og nú er. Og þetta er ekkert annað en framkvæmdaratriði hjá Samábyrgðinni, sem á að hafa eftirlit og annast endurtryggingarnar fyrir þessi félög. Það er engin ástæða til þess að vera að setja sérstök lög um það, sem bindur þannig hendur þessara vátryggingarfélaga, að þau eru beinlínis skuldbundin til þess að gera ráðstafanir, sem kannske öllum öðrum finnst vera óhyggilegar og illframkvæmanlegar og til stóróhagræðis, bæði fyrir þá, sem eru þarna tryggjendur eða kaupa sér þarna tryggingu, fyrir byggðarlögin og fyrir kannske fjölda fólks, sem á atvinnu sína undir þessu. Mér finnst þetta ákvæði beinlínis barnalegt og geti orðið til mikils óhagræðis og skaða.

Ég vil eindregið skora á hv. sjútvn. að taka þetta mál til ýtarlegrar athugunar aftur og fá einhverja lagfæringu á því, vegna þess að þarna er stefnt til þess að gera lögin þannig úr garði, að félögin standi beinlínis frammi fyrir því að brjóta skýlaus lagafyrirmæli eða valda bæði einstaklingum og heilum byggðarlögum stórfelldu tjóni fjárhagslega og atvinnulega.

Pétur Ottesen. Ég verð nú að segja það við hv. þm. Siglf. (ÁkJ), að það hefur runnið nokkuð seint upp fyrir honum sá háski, sem hann álítur að hér sé á ferð með þessu ákvæði, með því að bera þá ekki fram brtt. við þetta frv. um þetta atriði, því að það er búið að liggja hér lengi í meðförum deildarinnar.

Sjútvn. hefur athugað þetta mál eftir beztu föngum og leitað álits kunnugra manna um það, og niðurstaðan af þeirri athugun varð sú, eins og frsm. sjútvn. hefur lýst hér, að meiri hl. n., sem á fundi var, taldi rétt að breyta ekki þessu umdeilda ákvæði. Hv. 2. landsk. (LJós) hefur nú lýst því, að hann hafði ekki tækifæri til þess að mæta á þeim fundi, þegar endanlega var frá þessu gengið. Hins vegar hefði hann náttúrlega haft til þess nægan tíma síðan að bera fram brtt. við þetta frv., ef honum hefði sýnzt svo.

En svoleiðis er komið um þessar tryggingar, að sökum þess, hve miklir erfiðleikar hafa þar verið á innheimtu allri, eru tryggingarnar blátt áfram orðnar óvirkar, þannig að greiðslur á tjónbótum, sem áttu að fara fram fyrir ári og máske tveimur árum, hafa ekki verið af hendi inntar, af því að fé hefur ekki verið fyrir hendi í tryggingunum til þess að standa þar skil á. Og sú ábyrgð, sem ríkið hefur veitt félaginu fyrir lánum til þess að nota í þessu skyni, hefur engan veginn hrokkið til. Þetta stafar af því, hversu treglega gengur með innheimtu iðgjaldanna. Þess vegna varð að grípa hér til alveg sérstakra ráðstafana til þess að gera tryggingarnar aftur þannig úr garði, að þær gætu innt af höndum það hlutverk, sem þeim er markað í tryggingakerfi. Þetta er vitanlega alveg óhjákvæmilegt að gera og það því fremur þar sem menn eru skyldaðir til þess að tryggja báta sína einmitt í þessum tryggingum. Það, sem kom í ljós við þá athugun, sem látin var fram fara um þetta af sérstakri n., sem undirbjó þetta mál fyrir Alþ., var það, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess að tryggja innheimtu iðgjaldanna betur en nú er. Og þetta var gert með tvennum hætti, með því að hækka heimild ríkisstj. til ábyrgðar fyrir félagið um 1 millj. kr. og í öðru lagi að gera ráðstafanir til þess, að fyrr gengi um innheimtu tryggingargjalda heldur en verið hefur að undanförnu, enda var þessi heimild fyrir ríkisstj. um hækkun á ábyrgðinni bundin því skilyrði, að jafnframt yrðu gerðar ráðstafanir til þess að tryggja innheimtuna betur en verið hefur. Og það var nú gert með þessum hætti, að ákveða, að lögtaks skyldi krafizt þegar liðnir væru 3 mánuðir. En það er allt annað en að lögtak skyldi fram fara, eins og hv. þm. Siglf. sagði.

Sjútvn. virtist, að hér væri svo mikill vandi á höndum um þetta mál, að eigi yrði hjá því komizt að setja einhver slík tryggingarákvæði fyrir innheimtunni eins og í þessu felst, og áleit þess vegna, að eigi væri hægt að komast hjá því að samþ. þetta ákvæði. Þetta er þess vegna afstaða meiri hl. n. til málsins. En hins vegar, þar sem hér hafa nú risið upp andmæli gegn þessu á alveg síðustu stundu, því að nú er verið að afgr. málið hér endanlega, og þrátt fyrir það þó að það hafi legið hér fyrir og nægur tími verið bæði fyrir hv. þm. Siglf. og aðra til þess að koma hér á framfæri í d. þeim breyt., sem þeir teldu rétt eða nauðsynlegt að gera á frv., þá vildi ég nú samt, án þess að hafa borið mig nokkuð saman við sjútvn. um það, leggja það til við hæstv. forseta, að hann frestaði afgreiðslu málsins að þessu sinni, en tæki það á dagskrá næst þegar fundur verður haldinn hér í d. Og er það þá deildin, sem vitanlega sker úr um þetta ágreiningsatriði, sem virðist vera það eitt í þessu frv., sem valdið hefur ágreiningi.

Forseti (SB): Mér skilst, að nokkur vilji sé til þess hjá hv. sjútvn. að athuga þetta mál lítillega enn þá. Það eru að vísu liðnar rúmar 3 vikur síðan 2. umr. fór fram um málið í hv. þd., þannig að nægur tími hefur gefizt til athugunar og til þess að bera fram brtt. við það. En ég mun samt verða við þeirri ósk að fresta umr. að þessu sinni og taka málið út af dagskrá, en það verður tekið á dagskrá næsta fundar, sem verður væntanlega á morgun.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 200, 332, 377).

Brtt. 377 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þessu máli var frestað hér á fundi í gær eftir ósk frá mér. Síðan hefur sjútvn. athugað málið nokkru nánar og þá sérstaklega það ákvæði í 16. gr. frv., sem ég gerði hér athugasemd við, og m. a. var staddur á fundi sjútvn. forstjóri Samábyrgðarinnar, sem hefur með þessi mál að gera í framkvæmd. En þrátt fyrir þær upplýsingar, sem að vísu komu fram á þessum fundi, þá gat ég nú ekki fallizt á sjónarmið meiri hl. n. og hef því flutt við þessa grein brtt., sem er að finna á þskj. 377.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa brtt., því að ég rakti það að mestu í gær, en aðalatrið-

in eru þessi: Í 16. gr. frv. er svo fyrir mælt, að krefjast skuli lögtaks á öllum ógreiddum vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, þegar liðnir eru 3 mánuðir frá gjalddaga iðgjaldsins. Mín brtt. fjallar um það, að í staðinn fyrir orðin „3 mánuðir" komi: 6 mánuðir, — og það verði ekki bundin í lögum skilyrðislaus skylda til þess að krefjast lögtaks fyrir vangoldin iðgjöld fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að gjalddagi var.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að gjalddagar séu á þessum iðgjöldum tveir á hverju ári, og eru iðgjöldin reiknuð fyrir fram. Í framkvæmdinni yrði því þetta þannig, ef mín till. yrði samþ., að þegar þeir 6 mán. eru liðnir, sem vátryggingariðgjaldið reiknast fyrir, þá verði krafizt lögtaks. En í hinu tilfellinu, eins og segir í frv. nú, þá yrði krafizt lögtaks í rauninni miðað við 3 mánuði fyrir fram, eða á miðjum þessum iðgjaldstíma. En hver iðgjaldstími er raunverulega þarna 6 mán.

Ég óttast það sem sagt, að úr þessu verði hin mestu vandkvæði hjá mörgum fiskibátum, ef innheimtan ætti að vera svona harkaleg í öllum tilfellum, og ég þykist vita það, að ýmis tilvik séu þannig, að það verði ekki komizt hjá því að bíða nokkuð með það að gera lögtök vegna þessara gjalda, þó að mér sé það hins vegar alveg ljóst, að það verður að vera talsverð hörð innheimta, því að nú er svo komið með Samábyrgðina, að hún er í hreinustu vandræðum með að standa við sínar skuldbindingar vegna þess, hve innheimtan hefur verið í lélegu ástandi. En mér finnst þó, að þessi till. mín sé í rauninni alveg lágmark í þessu efni, þar sem vátryggingarfélögin hafa alltaf rétt til þess hvenær sem er að láta lögtakið fara fram, en að þau séu þó ekki skylduð til þess með lögum að láta lögtakið fara fram fyrr en að 6 mánuðum liðnum, eða frá því að sá tími er raunverulega liðinn, sem tryggingartímabilið þá hefur náð yfir.

Ég ætla, að það eigi að vera full aðstaða og góð aðstaða fyrir vátryggingarfélögin að halda uppi sæmilega góðri innheimtu á iðgjöldum, þó að þessi till. yrði samþ., en hins vegar mundi samþykkt hennar koma í veg fyrir allmikil vandræði í mörgum tilfellum, sem mundu hljótast af framkvæmdinni, ef henni væri hagað eins og frv. mælir nú fyrir.

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Sjútvn. athugaði þetta mál eftir umræðuna í gær, og hún gat ekki orðið sammála um að taka þessa breytingu hv. 2. landsk. þm. til greina. N. telur, að þetta sé ekkert hættulegt ákvæði, þessir þrír mánuðir, vegna þess m. a., að sambúð eigenda báta og vátryggingarfélaganna hefur jafnan verið góð, og það er fullkomlega óhætt að treysta því, að hún muni verða það framvegis. N. heldur þess vegna fast við þetta, sem er í frv., þriggja mánaða frest, og telur, að þá eigi bátarnir að hafa þá greiðslumöguleika, sem þeir eiga að geta haft á árinu. Þá hefur sem sagt seinasta greiðsla þeirra farið fram 30. sept. með þriggja mánaða frestinum. Annars yrði það um áramót á seinni helminginn. Þess vegna leggur n. ákveðið til, að frv. verði samþykkt með þessum þremur mánuðum eins og stendur í frv.

ATKVGR.
Brtt. 332,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 332,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 377 felld með 15:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 383).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 410).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. ósk samgmrn. af sjútvn. hv. Nd. Í því felast margar breyt. á viðkomandi l. Flest eru þetta forms- og fyrirkomulagsbreytingar í samræmi við fengna reynslu þeirra manna, sem um þessi mál hafa fjallað. Er þar um að ræða skýrari fyrirmæli um einstök atriði, er áður voru í l., og nokkrar minni háttar efnisbreyt., allt eftir því, sem fengin reynsla hefur kennt, eins og ég sagði áðan. Þó eru í 3. gr. frv. tvö nýmæli, sem verulegu máli skipta. Í fyrsta lagi er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast allt að einnar millj. kr. lán samtals fyrir tryggingarfélögin. Í öðru lagi er heimilað að leggja aukagjald á vátryggðu, sem nemi allt að 1% af vátryggingarfjárhæð skipanna á ári. Gjald þetta renni í sjóð félaganna. Þetta tvennt eru höfuðefnisbreyt., sem í frv. felast. Og þessar till. eru lagðar fyrir þingið vegna þess, að á því er talin mjög rík nauðsyn eins og nú horfir hjá viðkomandi félögum.

Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur athugað frv. og borið það saman við l. frá 1947. N. leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., Guðmundur Í. Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 446).

48. Eignarnámsheimild á hluta úr Breiðuvík í Rauðasandshreppi.

Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnámsheimild á 5 hndr. úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi [153. mál] (þmfrv., A. 244).

Á 29. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu á þskj. 244 er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til þess að taka eignarnámi 5 hndr. úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi. Ríkissjóður hefur átt þessa jörð um alllangt skeið að ⅚ hlutum, en ⅙ hluti jarðarinnar er í einkaeign og hefur verið það lengi. Á jörðinni hvílir sú kvöð að byggja upp kirkju, sem komin er að falli, og hefur eigandi að ⅙ hluta jarðarinnar ekki fengizt til þess að semja um að greiða kostnaðinn af sinni hálfu. Nú hefur ríkissjóður afhent þessa jörð til þess að koma þar upp vistheimili fyrir afvegaleidda unglinga, og hefur þegar verið byrjað á byggingum þar á yfirstandandi ári. Nefnd sú, sem fer með þetta mál f. h. ríkisstj., hefur leitað samkomulags við eiganda jarðarinnar, þ. e. a. s. manninn, sem á þau 5 hndr., sem hér um ræðir, en það hefur ekki náðst samkomulag um að kaupa þennan hluta jarðarinnar fyrir hæfilegt verð. Ég skal upplýsa hér, að n. bauð jarðareiganda þrefalt fasteignamat fyrir landið, sem er metið 1100 kr. að fasteignamati. Húseignir eru engar á þessum hluta jarðarinnar. Boðinu var hafnað, en því fylgdi þó að viðkomandi jarðareigandi yrði leystur undan þeirri skyldu, sem því er samfara að byggja upp kirkjuna. Stofnuninni er nauðsynlegt að fá þennan hluta jarðarinnar einnig. Landið er að mestu óskipt, að vísu nokkuð skipt úr túninu, en það mundi skapa rekstri heimilisins mjög mikla erfiðleika, ef ekki væri hægt að fá afnot af allri jörðinni, og þess vegna er farið fram á þessa heimild, sem hér um ræðir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál nánar, en vil að lokinni þessari umræðu leyfa mér að leggja til, að málinu sé vísað til landbn. Hún mun hafa slík mál með höndum venjulega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 244, n. 333).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. fer fram á að heimila eignarnám á 5 hundruðum úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Á hinum hluta jarðarinnar er verið að koma upp vistheimili fyrir vandræðabörn, og það er talið, að það vistheimili þurfi á allri jörðinni að halda.

N. sendi þetta frv. til umsagnar menntamálaráðuneytisins, sem hefur þetta vistheimili í Breiðuvík í V-Barðastrandarsýslu með höndum, og það staðfesti ósk og nauðsyn heimilisins um að fá jörðina alla til umráða.

Við leggjum til, að 1. gr. sé breytt að orðalagi. Það kemur af því, að okkur er ekki alveg ljóst eftir greininni, eins og hún er í frv., hvað mikinn hluta hér er um að ræða í jörðinni. Það eru talin 5 hndr., en það kemur ekki fram, hvort það er að fornu mati eða matinu frá 1861. Og mér er ekki ljóst að minnsta kosti, hvenær þessi 5 hndr. eða þessi jarðarhluti varð sérstök eign. Í Johnsens-jarðatali er jörðin öll sameiginleg eign, metin 30 hndr. 1861 er hún líka í eign sama manns og metin sameiginlega á 28.5 hndr. Svo hefur hún einhvern veginn skipzt og er metin í tvennu lagi bæði 1932 og 1942. Þá eru, ef þetta er úr fornu mati, þessi 5 hndr., sem svara þá til ⅙, orðin breytt, þannig lagað að það hefur verið meira gert af umbótum á öðrum partinum en hinum. Trúlega hefur það verið gert úr sameiginlegu landi með því að stækka tún, og mundi þá, ef jörðinni yrði skipt, aftur verða tekið ræktarland hins hlutans og lagt undir þann, sem búið er að rækta, til ræktunar af ræktarlandi. Þess vegna leggjum við til, að greinin sé orðuð þannig:

„Ríkissjóði er heimilt að taka eignarnámi þann hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu, sem er ekki nú þegar eign ríkissjóðs."

Það er sami hlutinn, sem um er rætt, hvort sem það þá er úr 30 hundruðunum gömlu eða úr 28½ hundraðinu frá 1861, — það er sami hlutinn, sem um er að ræða, og skiptir ekki máli fyrir framgang málsins, en orðalagið ótvírætt. Í samræmi við þetta breytum við fyrirsögn frv. og leggjum til, að frv. sé samþ. þannig breytt. — Annars er rétt að benda á það, að á allri jörðinni Breiðuvík er bændakirkja, sem er lítil kirkja gömul og þarf a. m. k. ákaflega mikillar viðgerðar við og líklega alveg endurbyggingar. Hún á ekki nema kr. 3218.26 í sjóði, og eigandi jarðarinnar Breiðuvíkur, hver sem hann er, er skyldur til að byggja hana upp. Þess vegna hvílir þarna á jörðinni kvöð. Ráðuneytið áætlar, að það muni kosta 60—80 þús. kr., og ef þetta væri nú ⅙ hlutinn, þá er það 10 þús. kr. minnst, sem hvílir sem kvöð á þessum parti af jörðinni, og til þess verður vitanlega að taka tillit, þegar jörðin er keypt og metin. Satt að segja er ekki trúlegt núna, að hún seljist fyrir miklu meira en til þess þarf að uppfylla þá kvöð, ef hún þá selst fyrir það. Þrátt fyrir það, þó að það kunni þess vegna beinlínis að hafa svolítil útgjöld í för með sér að kaupa jörðina, þá leggjum við til, að frv. sé samþ. með þeim breyt., sem greinir á þskj. 333.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu málsins. Ég get mjög vel fallizt á breyt. þá, sem lagt er til að gerð verði við 1. gr., og tel einnig, að það sé skýrara orðalag á henni heldur en upphaflega var

í frv. Það tekur öll tvímæli af um það, að það eigi að taka eignarnámi þann hluta, sem ríkið á ekki nú þegar í jörðinni.

Út af þeim samningum, sem hafa þegar farið milli mín sem formanns þeirrar n., sem hefur með þessi mál að gera nú, og eiganda að þeim hluta jarðarinnar, sem hér um ræðir, vil ég aðeins taka þetta fram:

Ég hef boðizt til þess að greiða viðkomandi aðila þrefalt fasteignamat fyrir landið, þ. e. kr. 3300.00, og þess utan að losa hann frá þeirri kvöð, sem hvílir á jarðarpartinum um að byggja að nýju kirkju í Breiðuvík. Um þetta hefur ekki tekizt samkomulag. Hann hefur hins vegar óskað eftir að fá 15 þús. kr. greiddar fyrir jarðarpartinn og auk þess að vera leystur frá þeirri kvöð að byggja kirkjuna. Þetta hef ég ekki séð mér fært, og þess vegna var þetta frv. borið fram á sínum tíma. Það má vel vera, þegar heimildin er fengin, að takast megi samkomulag við viðkomandi aðila. Og tel ég rétt, að það sé reynt, áður en eignarnámi yrði beitt. En eins og málin standa nú, hef ég ekki komizt að betri kjörum en ég þegar hef lýst, og mér þykir því vænt um, ef hv. d. vildi samþ. frv. eins og hv. landbn. leggur til.

ATKVGR.
Brtt. 333,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 333,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 354).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 354, n. 411).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. N. kynnti sér nokkuð, hvernig ástatt er um þessa jörð og til hvers á að nota hana, og er þeirrar skoðunar, að heppilegra sé, að þessi stofnun, sem þarna er verið að reisa, hafi umráð yfir jörðinni allri. Og er það sakir þeirra mannvirkja og umbóta, sem í ráði er að gera í þágu þessarar stofnunar, sem á jörðinni á að reisa, að slíkt er talið nauðsynlegt.

N. mælir þess vegna með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

49. Fiskmat.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski [178. mál] (þmfrv., A. 375).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur flutt þetta frv. eftir ósk atvmrn. Í þessu frv. er lagt til að breyta aðeins einni grein í lögunum um meðferð, verkun og útflutning á fiski, þ. e. 6. gr., og breytingin er í því fólgin og því einu, að þar er bætt við tveimur yfirfiskmatsmönnum. Öðrum þessara yfirfiskmatsmanna er ætlað að hafa sérþekkingu í meðferð og verkun harðfisks, og á hann að leiðbeina um skreiðarmat um land allt. Í hinu tilfellinu er um að ræða að fjölga úr tveimur upp í þrjá yfirfiskmatsmönnunum á Suðurlandi, en þeir eiga að hafa búsetu í Reykjavík. Þó er hér í raun og veru ekki um að ræða neina fjölgun frá því, sem nú er, því þó að svo sé ákveðið í lögunum, að það skuli ekki starfa nema tveir yfirfiskmatsmenn á Suðurlandi, þá felst í lögunum heimild til þess að bæta þriðja yfirfiskmatsmanninum við, og þessi heimild hefur verið notuð nú um nokkurt skeið, þannig að þar hafa starfað og starfa nú þrír yfirfiskmatsmenn, svo að í raun og veru er ekki hér um að ræða raunverulega breytingu aðra en þá, að bætt er við einum fiskmatsmanni, sem á að hafa sérþekkingu í meðferð og verkun harðfisks og leiðbeina um skreiðarmat. Það hefur hin síðari ár mjög færzt í aukana um útflutning á hertum fiski, og virðist hér vera um sæmilegan markað að ræða fyrir þessa vöru, þannig að þessi verkunaraðferð verði notuð í vaxandi mæli, og

það er að sjálfsögðu eins ástatt um fisk, sem þannig er verkaður, eins og um annan fisk, að nauðsynlegt er, að eftirlit sé haft með því, að hann sé fluttur út í því verkunarástandi, sem kaupendurnir gera kröfu til. En það er eins og kunnugt er undirstöðuatriði um markað fyrir fiskframleiðslu vora, að treysta megi matinu. Gæði íslenzks fisks eru viðurkennd, ef eigi brestur á um verkunina. Er því mikið í húfi, að gætt sé fyllsta öryggis.

Sjútvn., sem flytur þetta mál, hefur, eða einstakir nm., haft nokkurn fyrirvara um að áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við þetta frv. á síðara stigi málsins og jafnframt að vera með brtt., sem aðrir kunna að flytja. — Ég vil svo f. h. nefndarinnar mælast til þess, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 375, n. 443).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á l. nr. 46 frá 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og er flutt eftir ósk atvmrn. og hefur þegar fengið afgreiðslu í hv. Nd.

Frv. felur það í sér, að fjölgað verði yfirfiskmatsmönnum, og er það eftir ákveðinni ósk framleiðenda, að þessari breyt. er hreyft. Nú er það að vísu svo, að með frv. er engan veginn gengið eins langt og óskir framleiðenda voru, og geri ég ráð fyrir, að óánægju kunni að verða vart út af því, að ekki hefur verið farið lengra í þessu máli eins og stendur. En forsaga málsins er sú, að núgildandi l. um fiskmat voru sett 1948, og var það einn þáttur í þeirri litlu viðleitni til sparnaðar, sem ráðuneyti Stefáns Jóh. Stefánssonar beitti sér fyrir, þótt reynslan sýndi, að fæst af því kæmist í framkvæmd, sem þá var fyrirhugað. Þá var svo ástatt í fiskmatsmálunum, að hér voru starfandi 3 matsstjórar: fiskmatsstjóri fyrir saltfisk með sérstaka skrifstofu og 5 yfirfiskmatsmenn sér til aðstoðar, freðfiskmatsstjóri með skrifstofu og 5 yfirfiskmatsmenn sér við hlið, og auk þess var sérstakur skreiðarmatsstjóri.

Á þessum tíma var framleiðsla á saltfiski miklu minni heldur en hún er nú og framleiðslan á freðfiski líka stórum minni en nú er. Hér við bætist, að skreiðarverkun var svo til engin á þessum tíma og ekki séð þá, að hún hæfist að nokkru verulegu leyti. Það var þó aðallega af sparnaðarástæðum, að ég, sem fór með þessi mál sem sjútvmrh. í þann tíð, áleit, að of mikill kostnaður væri við þetta mat og því mætti fyrir koma á ódýrari hátt og þó á tryggilegan hátt með því að færa saman starfsemina eins og gert var með lagasetningunni frá 1948. Sparnaðurinn við þetta var þá eitthvað um 160 þús. kr. á ári fyrir ríkissjóðinn.

Ég held, að það hafi verið forsvaranleg ráðstöfun að gera það á þeim tíma, sem var. Hitt getur svo aftur komið til mála, að þau lög, eins og önnur lög, þurfi athugunar og breyt. við eftir breyttum aðstæðum. Það var mikill vandi að finna sérstaklega matsstjórann, því að þekking manna í þessum efnum, t. d. á verkun á saltfiski og þvíliku, hafði ekki aukizt á stríðsárunum, heldur þvert á móti. Stríðsárin voru búin að fara svo með þekkingu manna á saltfiski, að það mátti segja, að þar væri hvorki orðin til framleiðsluþekking né matsþekking nema hjá hinum eldri fiskmatsmönnum, sem höfðu fyrir stríð verið við slík störf. Nú sýndi það sig og, þegar saltfiksframleiðsla og saltfisksverkun færðist í aukana eftir stríðið, að við vorum ákaflega illa á vegi staddir, hvað snertir verkun á þessari vöru. Við hlutum af því talsvert mikil og þung áföll á erlendum markaði, fiskurinn þótti illa verkaður og sérstaklega illa metinn o. s. frv. Ég held, að orsökin hafi verið sú, eins og ég benti á áðan, að þekking manna á þessu sviði var svo til niður fallin. Að minnsta kosti hafði henni mjög hrörnað. Og stríðsárin og sú vinna, sem stunduð var á þeim, hvort sem heldur var við framleiðslustörf eða annað, að minnsta kosti í sjávarplássunum, voru sízt til þess fallin að kenna mönnum vandvirkni. Hroðvirkni jókst mjög á ýmsum sviðum á þessum árum og það sýndi sig og kom hart niður einmitt á fiskverkuninni og þá ekki hvað sízt saltfisksverkuninni.

Ég ætla, að nú sé talsvert góðum árangri náð hjá saltfisksframleiðendum og raunar hjá fiskmatinu líka í þessum efnum. Kvartanir yfir fisk-

inum eru orðnar tiltölulega litlar, í sumum tilfellum engar, og ber og við, að fiskinum er blátt áfram hrósað af kaupendunum, án þess að eftir því hafi verið leitað, eins og átti sér stað með síðustu farma, sem fóru til Spánar og voru verkaður fiskur. Samt sem áður er það svo, að fiskmatið hefur sætt ákaflega mikilli gagnrýni. Ég vil ekki segja, að sú gagnrýni hafi ekki átt rétt á sér í ýmsum tilfellum, en á mörgum sviðum hefur gagnrýnin verið ósanngjörn og of lítið jákvæð.

Vel má vera, að það eigi ekki eins vel við nú að hafa allt matið undir einni skrifstofu eða einni yfirumsjón eins og þegar þessi l. voru sett, sem nú er verið að breyta lítils háttar. Ég vil benda á, að ein framleiðslugrein á þessu sviði hefur síðan svo að segja hafið sig upp af jafnsléttu, a. m. k. færzt mjög í aukana, og það er skreiðarframleiðslan. Eins og stendur er markaður góður fyrir þá vöru og líkindi til, að hann haldist, og þess vegna búa sig margir undir það nú að gerast skreiðarframleiðendur, sem ekki hafa gert það áður, og hinir, sem voru byrjaðir á herzlu á fiski til útflutnings, virðast allir færast í aukana og viða að sér efni í trönur til að þurrka skreið á í stórum stíl. Stofnað hefur verið sérstakt skreiðarsamlag, og það fór fram á það við hæstv. sjútvmrh., að matið á skreiðinni yrði algerlega leyst frá öðru fiskmati og settur yrði sérstakur skreiðarmatsstjóri. Ráðuneytið hefur ekki nema að nokkru leyti orðið við þeim tilmælum, en að svo miklu leyti sem það er gert af ráðuneytisins hálfu, þá liggur það fyrir í því frv., sem hér um ræðir. Ráðuneytið hefur tekið þá stefnu í þessu máli að leggja til, að fjölgað yrði fiskmatsmönnunum í 8 úr 6, eins og nú er. En hin raunverulega hækkun er ekki alveg eins mikil, vegna þess að í lögunum frá 1948 var til heimild í þá átt, að einum yfirfiskmatsmanni mætti bæta við, ef nauðsyn krefði, þó að hann væri ekki sérstaklega upp talinn í lögunum. Og hin stórum aukna saltfisksverkun og önnur verkun, t. d. freðfisksverkun, olli því svo að segja þegar í stað, að þessa heimild laganna varð að nota, svo að í rauninni hafa verið starfandi 7 fiskmatsmenn undanfarið, og þó að þeim nú sé fjölgað í 8, þá er hin raunverulega aukning ekki nema einn yfirfiskmatsmaður. Honum er ætlað að hafa sérþekkingu á meðferð og verkun harðfisks, eins og skreiðin er oft nefnd í daglegu tali, og leiðbeina um skreiðarmat um land allt. Það er vissulega mikið varið í það að fá slíkan leiðbeinanda, en ég efast um, að spor hins háa rn. í þessu efni til umbóta sé nógu langt tekið. Hitt skal svo viðurkennt, að það er nokkur umbót, sem hér á sér stað, og rétt að fallast á það eins og við horfir.

Sjútvn. kynnti sér þetta mál og átti þess kost að heyra röksemdir fyrir því. Henni var ekki heldur ókunnugt um hinar áköfu raddir, sem uppi eru um að gera umbætur á fiskmatinu frá því, sem nú er. En hún réðst ekki í það af sjálfu sér að gera breyt. á þessari till. hæstv. ríkisstj., vegna þess að það er hæstv. ríkisstj., eða sá ráðh., sem fer með þau mál, og það rn., sem verður að undirbúa slíkar breyt. og gangast fyrir þeim, og á síður við, að einstakar n. í þinginu gangi þar fram fyrir skjöldu, nema því aðeins að sýnt sé, að annað tveggja sé fyrir hendi, fullkomið andvaraleysi af hálfu þeirra, er með þessi mál fara, eða þá að till. úr þeirri átt stefni að dómi þm. eða þn. í öfuga átt við það, sem skyldi. Hvorugt tel ég að liggi fyrir. Maður getur ekki sagt, að það sé fullkomið andvaraleysi í þessum málum hjá rn., þó að það láti ekki þegar í stað undan þeim háværu kröfum, sem eru um það að gera breyt. á matinu, og það spor, sem stigið er með frv., er vissulega til fyrirgreiðslu og til nokkurrar úrlausnar í þessu máli, þó að ekki sé það full lausn. Hitt ber svo á að líta, að það mundi eðlilega auka tilkostnað ríkissjóðs mjög verulega, ef ætti að taka upp hið þrískipta gamla matsfyrirkomulag, eins og margir framleiðendur álíta þó að væri rétt.

Sjútvn. þessarar hv. d. féllst því á það eftir atvikum að mæla með samþykkt þessa frv. án breyt., og er það gert í þeirri von, að sú breyt., sem frv. sjálft gerir á lögunum, geti orðið til nokkurrar hjálpar við framleiðsluna og þá einkum og sér í lagi við framleiðslu skreiðarinnar, þar sem hinum nýja yfirfiskmatsmanni er ætlað að vera þar til leiðbeiningar, ekki einasta á einum framleiðslustað, heldur þeim öllum, sem verða nú í framtíðinni bæði norðan- og sunnanlands og ef til vill líka á Austfjörðum. — Ég vil geta þess við þetta tækifæri, að n. var ekki algerlega fullskipuð, þegar afstaða var tekin til málsins, þar eð einn hv. nm., hv. 6. landsk. þm. (GÍG), sat ekki þann fund, er málið var afgreitt á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 493).

---

50. Útvegsbankinn.

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka [166. mál] (þmfrv., A. 299).

Á 33. og 34. fundi í Nd., 2. og 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fjhn. deildarinnar að beiðni bankamálaráðh., og er efni þess í raun og veru aðeins það, að Útvegsbankinn sé settur á sama

bekk og Landsbankinn og Búnaðarbankinn varðandi þau tvö atriði, sem efni frv. tekur til, en það er annars vegar um ákvörðun vaxta og hins vegar um endurgjaldslaus veðbókarvottorð.

Í lögum Landsbankans, 6. kafla, um sérréttindi bankans, er í 53. gr. svo hljóðandi ákvæði: „Bankanum er heimilt að áskilja sér hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignaveði“ — og í lögum Búnaðarbankans, 21. gr., er ákvæði svo hljóðandi: „Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti á útlánum gegn fasteignaveði.“ Hins vegar var svo, þegar t. d. Landsbankinn hækkaði vexti sína af fasteignaveðum á þessu ári, að þá hafði Útvegsbankinn ekki aðstöðu til þess að gera breytingar hjá sér, þótt honum svo sýndist, fyrr en almenn heimild var gefin til þess með brbl., sem hafa verið til meðferðar á þessu þingi. En þar sem ríkissjóður er aðaleigandi Útvegsbankans, þó að hann sé í hlutafélagsformi, og ábyrgist einnig bankann að sínu leyti eins og þjóðbankann og Búnaðarbankann, þá þykir einsýnt, að Útvegsbankinn sitji að þessu leyti á sama bekk og hinir tveir fyrrnefndu bankar. — Um hitt atriðið, að það sé skylt að láta bankanum í té endurgjaldslaust veðbókarvottorð, má segja, að það hafi verið þannig í framkvæmd og sé þess vegna ekki breyting frá því, sem verið hefur í raun og veru, en hins vegar hefur bankinn ekki haft lagaheimild til þessa fram að þessu.

Ég hygg, að þetta nægi til þess að skýra þetta mál, sem er í eðli sínu einfalt, og legg til, að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 299, n. 444).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Um frv. þetta er ekki margt að segja, og hefur fjhn. verið sammála um að leggja til við hv. d., að það verði samþ. óbreytt. Það, sem hér er farið fram á, er það aðallega, að Útvegsbankinn hafi sömu réttindi um ýmis atriði, eins og t. d. með vaxtatöku, þó að fasteignaveð sé á bak við, eins og Landsbanki Íslands; einnig um það að krefjast veðbókarvottorða ókeypis til eigin afnota eins og þeir bankar hafa aðrir, sem hafa starfað, bæði Landsbankinn og Búnaðarbankinn. Yfirleitt er þetta frv. aðeins til að koma á samræmi milli þessara þriggja banka um þau réttindi, sem þar er talað um og aðallega eru innifalin í því, sem ég hér hef minnzt á. — Sem sagt, n. leggur til, að hæstv. d. samþ. frv. þetta óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

---

51. Eignarnám Svínadals í Kelduneshreppi.

Á 31. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu [161. mál] (þmfrv., A. 276).

Á 32. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er um heimild til eignarnáms. Jörðin Svínadalur er í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, og er þannig ástatt um hana, að hún hefur alllengi, eða síðan 1914 að því er virðist, verið í eign erlends félags. Í seinni tíð hafa hins vegar farið litlar sögur af þessu félagi. Það hefur engin afskipti haft af jörðinni, og af ýmsum er það jafnvel dregið í efa, að félagið sé til nú. Hér er um að ræða allmikinn hluta af því afréttar-

landi, sem hreppurinn notar, og það virðist í alla staði eðlilegt, eins og sakir standa, að hreppurinn fái eignarhald á jörðinni. Meginhluti landsins mundi þá verða notaður sem afréttarland fyrir sveitina. Frv. er flutt í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Ég vænti þess, að hv. d. hafi ekkert á móti því, að þetta eignarnám verði heimilað, og vildi mælast til þess, að sú n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, reyndi að hraða meðferð þess, þannig að það gæti náð fram að ganga á þessu þingi. Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 276, n. 349).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv., sem flutt er af hv. þm. N-Þ., og leggur til einróma, að það verði samþykkt óbreytt. Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., er það flutt í samráði við hreppsnefnd Kelduneshrepps. Samkvæmt veðmálabókunum virðist jörðin Svínadalur síðan á árinu 1914 hafa verið eign félags í Englandi. Í seinni tíð mun þetta félag ekki hafa haft nein veruleg afskipti af jörðinni og tilvera þess jafnvel dregin í efa. Að undanförnu mun ekki hafa verið búið á þessari jörð, en hún mun þó hafa verið nytjuð. — Allshn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa frv., og þar sem hér virðist ekki vera um neitt ágreiningsmál að ræða, vil ég mega vænta þess, að það geti nú gengið greiðlega gegnum deildina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 436).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 276, er flutt í hv. Nd., komið þaðan. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft það til athugunar og leggur til, að það verði samþ.

Þetta frv. er um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Samkv. 1. gr. frv. er ríkisstj. heimilt að taka eignarnámi jörðina Svínadal í Kelduneshreppi, og samkv. 2. gr. skal ríkisstj., þegar eignarnám þetta hefur farið fram samkv. 1. gr., selja Kelduneshreppi jörðina fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

Um þessa jörð er það að segja, að nokkuð er óvíst um eiganda hennar. Samkv. veðmálabókum sýslunnar virðist hún síðan á árinu 1914 vera í eigu félags í Englandi, en í seinni tíð hefur þetta félag engin afskipti haft af jörðinni, og eins og segir í grg., sem fylgir frv., „er tilvera þess jafnvel dregin í efa". Núverandi ábúandi jarðarinnar er fullorðinn maður, sem ekki situr jörðina og hefur ekki gert það nokkur undanfarin ár, og er óvíst um, að hún muni byggjast að honum frá förnum, þó að eigandi fyndist til að semja við. Er það bæði vegna legu jarðarinnar nokkuð og einnig vegna þess, að jörðin er með mjög lítilfjörlegum eða sama sem engum byggingum. Þess vegna er þetta frv. flutt og gert ráð fyrir í 3. gr. frv., að þegar eignarnámið hefur farið fram og viðkomandi hreppi seld jörðin, þá skuli heimalandi jarðarinnar vera ráðstafað til leigu, t. d. til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og enn fremur sé hreppsnefnd viðkomandi hrepps skylt að gefa bændum í hreppnum kost á afnotarétti af afréttarlandi jarðarinnar, en land jarðarinnar er þannig, að mikill hluti þess er á afrétti. — Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en eins og ég sagði, þá leggur landbn. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 276, 471).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 3. umr., var samþ. hér í gær í þessari hv. d. við 2. umr. eins og það var í byrjun borið fram í Nd. og eftir tilmælum landbn. þessarar hv. d.

Við nánari athugun þótti n. rétt að breyta þessu frv. lítils háttar og hefur þess vegna nú

við 3. umr. borið fram brtt. á þskj. 471. Þetta er sem sagt formsbreyt., en ekki efnisbreyt. á frv. og er í því fólgin, að efni 2. og 3. gr. í frv. er fellt í eina grein, sem verður 2. gr. Breyt. er sú, að í stað þess, sem í 2. gr. frv. segir, að „þegar eignarnám hefur farið fram samkv. 1. gr., skal ríkisstj. selja Kelduneshreppi jörðina" o. s. frv., kemur heimild. Það þótti rétt að hafa þetta ekki bein fyrirmæli, heldur breyta því í heimild. Vil ég þá leyfa mér að lesa brtt. eins og hún er á þskj. 471, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar þannig:

„Þegar eignarnám hefur farið fram samkv. 1. gr., skal leita umsagnar nýbýlanefndar um, á hvern hátt jörðin verði bezt nýtt, og er ríkisstj. heimilt að selja eða ráðstafa jörðinni á annan hátt í samræmi við till. nýbýlanefndar, en þó skal Kelduneshreppur ávallt hafa forkaupsrétt að þeim hluta jarðarinnar, er telja verður afréttarland. Um söluverð jarðarinnar eða hluta hennar skal fara eftir mati dómkvaddra manna."

Þarna er sem sagt efni tveggja greina komið saman í eina grein, og fellur þá niður 3. gr. N. þótti að athuguðu máli réttara að afgr. frv. á þennan hátt frá sér, og ég vil geta þess, að þessi breyt. var borin undir flm. frv., og var hann henni samþykkur. N. væntir, að hv. deild geti fallizt á þessa brtt. núna við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 471 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 479).

Á 42. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

---

52. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands [167. mál] (þmfrv., A. 300).

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er gamalkunnugt hér í þinginu. Meiri hluti fjhn. flytur það eftir beiðni stjórnar Eimskipafélags Íslands, en efni málsins er það, að Eimskipafélagið fái áfram að njóta þeirra skattfríðinda, sem félagið fékk með lögum 1928. Þessi skattfríðindi félagsins hafa verið framlengd hér á þingi æ ofan í æ, — ég hygg oftast til tveggja ára, a. m. k. síðari ár til tveggja ára í senn, — og tilefni frv. þessa er sem sé aðeins, að áfram haldist sú aðstaða, sem verið hefur í þessu efni varðandi sérstök skattfríðindi Eimskipafélags Íslands.

Ég mun ekki, nema tilefni gefist, hafa fleiri orð um þetta frv. við þessa umr., en áskil mér þó rétt til þess, ef tilefni gefst, að ræða málið frekar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hafa legið fyrir fjhn. nokkur frv. og brtt. við frv., sem snerta skattgreiðslu og álagningu tekju- og eignarskatts. Það hefur gengið nokkuð erfiðlega að fá þessi frv. afgreidd frá n., að minnsta kosti þau, sem miða í þá átt að létta að einhverju leyti sköttum á almenningi. Það er vitað, að tekjuskatturinn, sem leggst á almenning, t. d. á tekjulága verkamenn, hefur farið síhækkandi hin síðustu ár og er núna, eins og margoft er búið að sýna fram á og ekki verður mótmælt, tiltölulega miklu hærri en hann var fyrir 17—18 árum. Engar till., sem fram hafa verið fluttar á undanförnum þingum um að rýmka að einhverju leyti og létta að einhverju leyti sköttum á tekjulægstu þegnum þjóðfélagsins, hafa fundið náð fyrir augum d. Ég flutti á síðasta þingi og flyt nú till., sem enn þá liggur fyrir og er til umr. í fjhn., — till. um, að felldur sé niður allur tekjuskattur af hreinum tekjum, sem eru 30 þús. kr. og þar undir, og að stórum sé minnkaður skattur af hreinum tekjum undir 40 þús. kr. Slíkar till. voru felldar hér í fyrra, og mér virðist ekki blása byrlega fyrir þeim enn þá. Þær eru nú hér á dagskrá í sambandi við annað mál, sem hérna liggur fyrir.

Hins vegar er hér komið fram við 1. umr. eftir beiðni stjórnar Eimskipafélags Íslands frv. til laga, sem kemur reglulega fyrir þingið annað hvort ár, um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Er nú þetta flutt vegna þess, að Eimskipafélagið sé svo fátækt eða svo tekjurýrt? Okkur er öðru hvoru sagt, að allur atvinnurekstur á landinu tapi og að atvinnuvegirnir þoli ekki neitt. Það er síður en svo. Þeir atvinnuvegir, sem tapa í landinu, eru framleiðsluatvinnuvegirnir, sjávarútvegurinn, vélbátaútvegurinn og jafnvel togaraútvegurinn að miklu leyti. En aftur á móti þeir, sem taka sinn gróða og safna sínum auði með því að taka tekjurnar af atvinnurekstrinum, dafna mjög vel, hvort það er Eimskipafélag Íslands, bankarnir, olíuhringarnir, svo að ég tali ekki um þau stóru sölufélög erlendis, sem íslenzkir aðilar standa að og hirða megingróðann af öllum okkar útflutningi. Þjóðinni er hins vegar sagt, að atvinnuvegirnir geti ekki borið neitt, geti meira að segja ekki borið þá kauphækkun, sem almenningur þarf nauðsynlega að fá og er brýn nauðsyn fyrir þjóðina, vegna þess að aukin kaupgeta er hennar brýnasta nauðsynjamál. Okkur er sagt, að það séu engir aðilar til í landinu, sem geti þolað neitt, geti borið neina skatta. Á

sama tíma kemur svo fram hér á Alþingi frv. um að gera einn ríkasta aðilann, sem til er í landinu, Eimskipafélag Íslands, alveg skattfrjálsan. Vegna hvers? Vegna þess að tekjur og eignir Eimskipafélags Íslands eru það miklar, þess gróði og þess auðsöfnun það mikil, að það mundi verða allriflegur skattur, sem Eimskipafélagið mundi eiga að greiða, svo framarlega sem því væri gert að greiða skatt. Ég held, að það væri að minnsta kosti, svo að ekki sé sterkara kveðið að orði, viðkunnanlegt, að þegar verið er að ræða um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands, þá væru lagðar hér fyrir á Alþingi nákvæmar upplýsingar um eignir félagsins og hið raunverulega verðmæti þeirra. Við höfum að vísu í fjhn. fengið að sjá þá reikninga, sem eru hafðir opinberir frá Eimskipafélaginu, öðru hvoru undanfarin ár, en satt að segja verða menn ekki miklu klókari af þeim. Og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., sem ég þykist vita að standi að þessum till. og sé þeim fylgjandi, því að það eru hennar flokkar, sem flytja þetta í fjhn., — ég vildi leyfa mér að spyrja hana að, hvað hún álíti sjálf að eignir Eimskipafélags Íslands séu miklar. Ég veit, að þess skip eru nú skráð niður í þægilegar upphæðir á reikningunum, og hvort það er í einni krónu, 5000 kr. eða jafnvel 500 þús. kr., þá segir það ekki svo mikið í þessu sambandi. En heyrt hef ég gizkað á af mönnum, sem nokkuð eru kunnugir, að eignir Eimskipafélags Íslands séu ef til vill í kringum 100—150 millj. kr. Og svo mikið er víst, að af þeim fyrirtækjum, sem hið opinbera ekki beinlínis á að meira eða minna leyti, þá er hér um að ræða langauðugasta einkafyrirtæki Íslands.

Það er engum efa bundið, að þjóðinni er það ákaflega nauðsynlegt, að lagt sé í nýjan skipastól og Eimskipafélaginu sé gert það fært, en aðferðin við að gera Eimskipafélagi Íslands fært að kaupa ný skip og auka sinn skipastól má ekki gerast með þeim hætti, að jafnóðum sem slík sérréttindi séu samþ. eða Eimskipafélaginu á einn eða annan hátt tryggt, að það geti lagt svo og svo mikið af sínum gróða í nýjan skipastól, þá aukist að sama skapi eignarverðmæti þeirra hlutabréfa í Eimskipafélagi Íslands, sem dreifð eru á hendur fjölda manna á landinu og eru að verða hálfgert vandræðamál í þjóðfélaginu. Það er vitanlegt, að hlutabréf Eimskipafélagsins eru, m. a. vegna þeirra l., sem hér er lagt til að framlengja um Eimskipafélagið, annars vegar skattfrelsis, hins vegar ákvæðisins um, að ekki megi greiða meira en 4% arð, orðin svo að segja tilefni til gífurlegrar spákaupmennsku með þessi hlutabréf. Það er ekki langt síðan, eins og öllum hv. þm. mun kunnugt, að einn af stærstu hluthöfum Eimskipafélags Íslands auglýsti uppboð á nokkru af sínum hlutabréfum. En svo þegar uppboðið átti að fara fram, þá var búið að selja þau hlutabréf, og það hafa ekki fengizt neinar upplýsingar um það, hver hafi keypt þessi hlutabréf. Þeir, sem þekkja til í fjármálaheiminum, munu renna grun í, hvernig á stendur, að við uppboðið skuli hafa verið hætt. Ef opinbert uppboð hefði farið fram á þessum hlutabréfum Eimskipafélagsins, þá hefði í fyrsta lagi fengizt opinber staðfesting á, hvað fésýslumenn mettu þessi bréf á, þegar þau væru að ganga kaupum og sölum, en í öðru lagi hefði verið sá galli á gjöf Njarðar fyrir þann, sem keypt hefði slík hlutabréf, að við opinbert uppboð hefði komið í ljós, hvað hann hefði greitt fyrir þau, og þar með komizt undir skattaálagningu.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja: Er það nú viðkunnanlegt ástand, að hlutabréf Eimskipafélags Íslands séu orðin eins konar keppikefli, þrætuepli á milli fésýslumanna eða fésýslufyrirtækja landsins, séu seld á laun fyrir marguppsprengt verð, máske m. a. til þess að sem auðveldast sé að svíkja undan skatti viðvíkjandi þeim? Og hvaða eftirlit fer fram af hálfu hins opinbera eða stjórnar Eimskipafélags Íslands um söluna á slíkum hlutabréfum? Því hefur verið fleygt fyrir, að meira að segja stjórn Eimskipafélags Íslands hafi jafnframt sjálf fyrir félagsins hönd viljað ná í hlutabréf, þar sem hún hefur rétt til að kaupa eins og önnur hlutafélög vissan hluta af hlutafjáreigninni, og að þau hafi ekki lent til Eimskipafélagsins sjálfs, heldur til einhverra annarra aðila, sem menn eru ekki vissir um hverjir eru. En ef svo er, að einstakir aðilar, sem ekki vilja láta nafns síns getið, eru að kaupa upp hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands og samtímis er verið að samþ. lög um sérréttindi til handa Eimskipafélaginu hér á Alþingi, á sama tíma sem verkamönnum er neitað um, að gefinn sé eftir tekjuskattur hjá þeim fyrir brýnustu nauðsynjum, þá sýnist mér nú sannarlega, að hv. Alþingi megi fara að athuga sinn gang í þessu máli. Það var aldrei tilgangurinn með skattfrelsi Eimskipafélagsins og með þeirri aðhlynningu, sem Eimskipafélagið hefur hlotið af hálfu hins opinbera og það að vissu leyti á að mörgu leyti skilið af hálfu hins opinbera, — þá var það ekki meiningin, að það yrði ýtt undir að koma hlutabréfum Eimskipafélagsins í hendur hinna og þessara spekúlanta eða hinna og þessara huldumanna, sem enginn veit hverjir eru og ekki þora sjálfir að gefa upp, hverjir þeir eru. Það hefur enn fremur heyrzt, að ákveðin fésýslufyrirtæki í landinu hafi menn á launum til að ferðast um landið til þess að kaupa upp hlutabréf Eimskipafélagsins. Það væri líka gott að fá upplýsingar hjá hæstv. ríkisstj., sem ef til vill á heimagengt í þeim fyrirtækjum, sem slíkt gera, um það, hvort þetta sé rétt.

Eimskipafélagið var upprunalega talið óskabarn þjóðarinnar og var talið almenningseign og hefur verið meðhöndlað af hálfu þjóðfélagsins eins og það væri almenningseign. Og það ætti það vissulega að vera. En með því að stuðla að því á einn eða annan hátt að koma hlutabréfum Eimskipafélagsins smám saman í hendur einhverra huldumanna í fésýsluheiminum er verið að ná Eimskipafélaginu úr höndum þess almennings, sem að mestu leyti lagði fram fé til þess upprunalega, og úr höndum þjóðfélagsins, sem hefur stutt það með sérréttindalöggjöf, og koma því smám saman undir ábyrgð, ef ekki eign örfárra voldugra fésýslufyrirtækja. Og slíkt er engan veginn heppileg þróun. Það væri auðvitað á ýmsan hátt og hefur oft verið á það bent í þeim mörgu umr., sem fram hafa farið viðvíkjandi skattfrelsi Eimskipafélagsins, ákaflega heppilegt, að ríkið t. d. sjálft ætti meira af hlutabréfum heldur en það

á í Eimskipafélaginu, þó að ég hins vegar vilji engan veginn vera að leggja þannig áherzlu á, að ríkið ætti meiri hlutann. Ég álít, að það ætti vel að vera hægt að finna út form, sem tryggðu gott samstarf á milli einstaklingsfyrirtækja og hins opinbera um rekstur Eimskipafélagsins. En hinu álít ég að allir aðilar hljóti að vera á móti, að Eimskipafélaginu sé komið og þess hlutabréfum smátt og smátt í hendur spákaupmanna. Hins vegar getur ríkið fyrst og fremst haft áhrif á Eimskipafélagið, sem er sem sé einstaklingaeign og hlutafélag, með eins konar samningum í sambandi við setningu laganna um skattfrelsi þess. Og ef slíkir samningar ættu að takast, þyrfti auðvitað að vera fyrir hendi vilji meiri hluta Alþingis til þess að knýja fram einhverja slíka samninga og knýja fram eitthvert eftirlit með hlutabréfaeign Eimskipafélagsins. Það er önnur hlið málsins, sú sem beint snýr að Eimskipafélaginu og afgreiðslu þess máls, sem hérna liggur fyrir. Hitt er svo réttlætismál, sem eins og nú stendur á í þjóðfélaginu væri ekki nema eðlilegt að fylgdist að, svo framarlega sem ætti að taka upp samninga við Eimskipafélagið um eitthvert form fyrir skattalinun til þess, að þá ætti að ganga á undan breyt. á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, sem tryggði verkamönnum og launþegum, að minnsta kosti þeim lægra launuðu, skattfrelsi, svo að menn með 30—40 þús. kr. hreinar tekjur slyppu við tekjuskatt. Það virtist manni þó að ætti að vera það minnsta, sem meiri hluti þessarar hv. d. ætti að geta fallizt á.

Ég veit, að hér er meiri hluti sem stendur fyrir því að gera ríkasta félagið í landinu skattfrjálst, þann aðila, sem á líklega upp undir 150 millj. kr. í skuldlausum eignum og græðir á hverju einasta ári, meðan verkamenn margir hverjir hafa ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. Ég veit, að það er meiri hluti fyrir því í þessari hv. deild, en ég vil skora á þá sömu þm. að sýna það fyrst í verki, að þeir vilji standa með því að afnema tekjuskatt af launum lægst launuðu þegnanna í þjóðfélaginu. Þær till. liggja fyrir við annað mál, sem nú er á dagskránni. Þetta er 1. umr. málsins um skattfrelsi Eimskipafélagsins. Og það er kostur á því milli 1. og 2. umr. — og meiri hl. fjhn. vissi það — að athuga málið betur í fjhn. og reyna að taka það upp að einhverju leyti í samninga að fá þær upplýsingar, sem ég hef minnzt á viðvíkjandi eignum og gróða Eimskipafélagsins.

Ég mun fyrir mitt leyti þess vegna ekkert setja mig upp á móti því, að þetta mál haldi áfram til 2. umr., en vildi í fyrsta lagi við þessa umr. óska eftir, ef hæstv. ríkisstj. gæti í té látið þær upplýsingar, sem ég nú hef beðið um viðvíkjandi eign félagsins, og hvort hæstv. ríkisstj. viti enn fremur nokkuð um þau mál, sem ég hér hef drepið á viðvíkjandi hlutabréfaeign þess, og mun svo á milli umr., ef þetta mál verður rætt í fjhn. aftur, og síðar við 2. umr., þegar þá verður búið að greiða atkv. um þær till., sem hér liggja fyrir frá mér viðvíkjandi tekjuskattinum á lægst launuðu þegnum þjóðfélagsins, taka endanlega afstöðu viðvíkjandi afgreiðslu þessa máls.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki mikið tefja umr. um þetta mál að sinni og tel eðlilegt, að það eftir atvikum fái nánari athugun í n., þó að það sé flutt af meiri hl., eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv.

Það eru, eftir því sem mér skilst, tveir þættir þessa máls, sem hv. 2. þm. Reykv. gerir sérstaklega að umræðuefni, þ. e. í fyrsta lagi eftirlit með hlutabréfum Eimskipafélagsins, sem hann telur ekki óeðlilegt að komið sé á í sambandi við skattfríðindi, sem Alþingi láti þessu félagi í té, og í öðru lagi, að það sé óeðlilegt að staðfesta áfram skattfrelsi svo auðugs félags, eins og hann segir, meðan almenningur og láglaunafólk í landinu fær ekki hreinlega skattfrelsi af sínum lægstu tekjum.

Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. 2. þm. Reykv. um það, að það sé mjög óeðlilegt og næsta óviðkunnanlegt, að spekúlantar, eins og hann komst að orði, og huldumenn í fjármálaheiminum sölsi undir sig hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands með annarlegum hætti, sem ekki liggur opið fyrir almenningi, hvernig er, því að eigi Eimskipafélagið að halda áfram að vera óskabarn þjóðarinnar, eins og það hefur verið, þá verður það líka að vera rekið fyrir opnum tjöldum og allt því viðkomandi á þann hátt, að þjóðin felli sig við það. Þetta get ég fallizt á að sé eðlilegt og rétt sjónarmið. En ég vil út af hinu atriðinu, — að það sé ekki rétt að veita Eimskipafélagi Íslands, svona ríku félagi eins og það nú er orðið, með jafnmiklar eignir eins og talið er að það eigi, skattfrelsi, nema aðrir einstaklingar í þjóðfélaginu, launamenn, séu skattfrjálsir, — segja það, að menn eru þeirrar skoðunar margir hverjir, og ég í þeirra hópi, að það sé miklu meira hagsmunamál fyrir láglaunamenn í þessu þjóðfélagi, að félag eins og Eimskipafélagið og önnur slík félög fái að dafna með eðlilegum hætti, heldur en það hversu mikill eða lítill skattur er nú á láglaunamönnum, því að það mun sannast, að þótt farið væri inn á það að hækka eitthvað takmarkið, sem nú er fyrir skattfrjálsar lágtekjur, þá er það ekkert stórvægilegt atriði fyrir almenning í þessu landi, þegar athugað er, hversu lágar þær skattgreiðslur eru. En það er verulegt atriði fyrir almenning í landinu, að félag eins og Eimskipafélag Íslands fái að dafna og á þann hátt að auka skipastól landsmanna, auka siglingar Íslendinga, taka á þann hátt meiri gjaldeyristekjur til þjóðarinnar og atvinnu frá útlendingum, sem annars mundu hafa hana, í hendur landsmanna sjálfra, veita þannig íslenzkum sjómönnum meiri atvinnu, íslenzkum hafnarverkamönnum meiri atvinnu og stuðla að grundvellinum fyrir bættum hag landsmanna yfir höfuð.

Ég hygg, að það sé út frá þessu sjónarmiði, sem menn upphaflega og fram til þessa hafi talið eðlilegt, að félag eins og Eimskipafélag Íslands fengi að njóta þeirra skattfríðinda, sem það hefur notið, enda hafa deilurnar í þjóðfélaginu einmitt að verulegu leyti á undanförnum árum staðið um það, að skattalöggjöf okkar væri orðin með þeim hætti, að eðlilegur atvinnurekstur fengi ekki dafnað. Og það er náttúrlega mjög áberandi, að þeir aðilar í þjóðfélaginu núna, sem virðast helzt geta bæði rekið sína atvinnu og hafa fé á milli handa, eru vissulega þeir aðilar, sem njóta skattfríðinda. Eimskipafélag Íslands hefur sem betur fer getað komið sér upp eða endurnýjað á mynd-

arlegan hátt sinn skipastól á síðustu tímum og eftir styrjöldina og verið með þeim hætti í — ja, ég vil segja, samræmi við þá auknu þróun, sem átt hefur sér stað á svo mörgum sviðum okkar þjóðlífs. En það hefur lítið borið á því, að einstaklingar að öðru leyti kæmu sér upp skipum, og voru þó einkaskipafélög hér bæði komin á laggirnar og nokkuð að eflast. Hins vegar hefur risið upp við hliðina á Eimskipafélagi Íslands síðari árin allmyndarlegur skipastóll hjá S. Í. S., sem við rekum okkur einnig á, að á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til þess, að samvinnufélögin hafa notið skattfríðinda fram yfir aðra einstaklinga, sem mundu hafa viljað koma upp skipastól og keppa við það félag á þessu sviði. Þarna eru tveir stórir aðilar, sem óefað með sínum skipastóli gera þjóðfélaginu í heild verulega mikið gagn, en hafa reynzt þess megnugir að gera það, sem þeir hafa gert, að verulegu leyti fyrir annaðhvort skattfríðindin eða skattfrelsi, eins og Eimskipafélagið hefur notið.

Mér finnst þess vegna, að það beri að leggja áherzlu á það, að að svo miklu leyti sem Eimskipafélagið hefur og mun í framtíðinni eflast og auðgast, m. a. fyrir skattfríðindi, þá sé á hverjum tíma haft í huga, að þessi efling félagsins verði að sjálfsögðu almenningi í landinu til hagsbóta í einni og annarri mynd, og það sé út frá þeim forsendum, sem menn hafa bæði fyrr og síðar viljað veita þessu félagi það skattfrelsi, sem það hefur notið frá árinu 1928. Hitt tel ég ekki óeðlilegt, þótt menn komi fram með einstakar athugasemdir, eins og hv. 2. þm. Reykv., og vilji, að athugaðar séu vissar hliðar þessa máls, eins og í sambandi við hlutabréfaeign félagsins og annað slíkt. Það mun nú gefast nóg tóm til þess á milli umr., ef þess er óskað af einstökum þm., og teldi ég því vænlegt, að málið fengi nú án frekari umr. að þessu sinni, nema menn óski þess sérstaklega, að ganga til n. og þar yrðu þá athuguð þau sjónarmið, sem þm. vildu sérstaklega hreyfa við meðferð málsins frekar en þegar er orðið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35., 36. og 37. fundi í Nd., 5., 8. og 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 300, 379).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði flutt brtt. við þetta frv. Þar sem þetta frv. var flutt af meiri hl. fjhn., þá hafði því verið lofað, að það yrði tekið fyrir í fjhn. og athugað í millitíðinni, og það hefur nú enn þá ekki verið gert. Hins vegar skildist mér það við 1. umr. málsins, að raunverulega væri málinu þá vísað til fjhn. aftur eins og oft kemur fyrir um mál, sem meiri hl. n. flytur, og það hefði verið nauðsynlegt, að það hefðu legið fyrir nokkrar upplýsingar í sambandi við þetta mál, sem n. hefði getað tekið fyrir.

Það minnsta, sem getur legið fyrir, þegar verið er að ræða um að gefa Eimskipafélaginu skattfrelsi, er, hverju það nemur. Hvað þýðir það að gera Eimskipafélag Íslands skattfrjálst? Hvað eru eignir og hvað eru tekjur þessa fyrirtækis? Hvað er verið að veita mikið fé úr ríkissjóðnum?

Ég hefði gjarnan viljað, að hér hefði legið fyrir reikningur Eimskipafélagsins eins og hann nú raunverulega lítur út, þar sem skipin eru sett upp á því verði, sem þau nú mundu seljast, — ekki þar sem þau eru sett upp á t. d. 1 krónu, 1000 kr. eða 5000 kr. eða eitthvað þess háttar og þar yfir, heldur á því verði, sem þau mundu seljast, og hvað það er af eignum, sem Eimskipafélagið á í peningum, t. d. inni í Landsbankanum. Því hefur verið haldið fram og ekki verið mótmælt, að eignir Eimskipafélags Íslands mundu vera svo sem upp undir 150 millj. kr., það sé með öðrum orðum langríkasta fyrirtækið í landinu. Því hefur enn fremur verið haldið fram og ekki heldur verið mótmælt, að bara sjálf eignarafstaða ýmissa hlutabréfa, þ. e. hlutabréfaeignin í því, sé orðin þjóðfélagslegt vandamál. Þetta félag með þeim sérréttindum, sem það nýtur, hlýtur að verða slíkt bákn, að ef einhvern tíma kæmi að því, að venjulegur kapitalískur eignarréttur kæmi til greina viðvíkjandi hlutabréfum þess og ekki væri hægt að samblanda eiginlega eins konar þjóðnýtingu og einkaeign, sem Eimskipafélagið hefur verið frá því það var stofnað, þá mundi þjóðfélagið standa frammi fyrir hinum mestu vandamálum, því eins og hv. 3. landsk. hefur tekið hér fram nokkrum sinnum í umr., þá mundu það, ef t. d. ætti að slíta Eimskipafélaginu, verða ógurlegar fúlgur, sem yrði að gefa þar einstökum mönnum, ef allt gengi fram með venjulegum hætti.

Enn fremur hefði verið eðlilegt, að fyrir hefði legið, hverjar eru tekjur Eimskipafélagsins. Um það hefur verið deilt. Eins og leit út á reikningi s. l. árs, þá minnir mig, að það hafi verið eitthvað 2.8 millj. kr., sem Eimskipafélagið hafði í tekjuafgang, en þá var búið að afskrifa mikið af raunverulegum tekjum félagsins; raunverulegur gróði mun hafa verið 12—14 millj. kr. á því ári, en hins vegar afskrifað ákaflega mikið. Með öðrum orðum er hér um að ræða áreiðanlega miklar fúlgur, og það er ekkert óeðlilegt, að í fyrsta lagi viti þingheimur, hvað hann er að gera, þegar hann er að veita þessa undanþágu, og í öðru lagi sé þetta athugað með nokkurri hliðsjón bæði af eignarafstöðu Eimskipafélagsins, af skyldu þess gagnvart þjóðfélaginu, afstöðu þess í þjóðfélaginu og af því, hvernig breytt er við aðra þegna þjóðfélagsins. Þetta hefði ég nú óskað eftir, að hefði verið tekið fyrir í fjhn. Það hefur ekki verið gert, og það væri náttúrlega tími til þess enn þá, jafnvel hefði mátt skjóta á fundi um það, ef þessari umr. væri frestað.

Ég vil aðeins geta þess sem mynd af, hvernig hv. d. hefur farið að og hv. meiri hl. fjhn., þegar fluttar hafa verið hér kröfur frá fjöldanum og þegar ríkasta félag landsins fer hér fram á hlunnindi. Meiri hl. fjhn. mælir með þessu frv. óbreyttu, setur hér skattfrelsi handa félagi, sem á 150 millj. kr. Hins vegar flutti ég í sambandi við tekjuskattsl., sem hér lágu fyrir nýlega, ósköp lítla brtt., út af fyrir sig máske lítilvæga; hún þýddi ósköp lítið fyrir ríkið. Skattstofan

hefur reiknað út, hvað till. mín, sem hér lá fyrir og felld var fyrir nokkrum dögum, um að gera alla þá skattfrjálsa hvað tekjuskatt snertir, sem hafa undir 30 þús. kr. tekjum, og að draga nokkuð úr tekjuskatti þeirra, sem hafa milli 30 og 40 þús. kr., hefði þýtt. Þessi eftirgjöf hefði þýtt, eftir því sem skattstofan hefur reiknað út, fyrir ríkið hvað snertir tekjuskattinn hér í Reykjavík rúmar 3 millj. kr., en tekjuskattsgreiðendum í Reykjavík hefði fækkað um 41%. Með öðrum orðum er 41% af reykvískum tekjuskattsgreiðendum, sem hefur það litlar tekjur, að þeir hefðu, miðað við 30 þús. kr. núna, orðið skattfrjálsir. Þarna var um það að ræða með litlum kostnaði fyrir ríkissjóð að sýna sig í því að gefa skattfrelsi 41%, þ. e. mörgum þúsundum fátækra manna hér í Reykjavík, sem rétt hafa til að bíta og brenna og eru fyrir neðan það, sem hagstofan reiknar sem þurftartekjur núna handa fimm manna fjölskyldu. Það var ódýrt fyrir ríkið, en það var réttlætismál. Það var steindrepið hér. Meiri hl. fjhn. leggst á móti því, og till. er steindrepin. Svona er farið að, þegar fjöldinn á í hlut, þegar hinir fátæku eiga í hlut. Svo kemur hér sá ríkasti, og þá er ekki verið að diskútera sérstaklega mikið.

Nú hef ég lagt hér fram brtt. Hún er að vísu ekki stór og snertir aðeins einn einasta þátt í þessu máli. Hún snertir þátt, sem ég minntist á við 1. umr. málsins. Hún snertir það, að það mætti þó raunverulega ekki minna vera en að ríkisstj. hefði nokkra hugmynd um, hvað er að gerast viðvíkjandi hlutabréfum Eimskipafélags Íslands. Eigum við að standa frammi fyrir því, eftir að hafa ár eftir ár, í áratugi, veitt Eimskipafélaginu skattfrelsi og viðurkennum allir, hve gífurlegt þjóðnytjastarf Eimskipafélagið hefur unnið, viðurkennum allir, að þetta félag eigi það fyllilega skilið, að alvarlega sé við það rætt um þess kröfur og tekið tillit til þeirra, og engum okkar blandast hugur um, hvaða hlutverk það hefur unnið okkar þjóð, — um það er ekki deilt, — en eigum við að standa frammi fyrir því einn góðan veðurdag, að það sé búið að svæla undir sig af klíku ósvífinna peningamanna hér í Reykjavík öll hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands? Eigum við að standa frammi fyrir því, að einhverjir braskarar hér í Reykjavík, undir hvaða formi sem þeir klæða sig, kannske agentar ameríska auðhringa eða einhverjir svindlarar, séu búnir að kaupa upp öll hlutabréf Eimskipafélags Íslands? Eigum við að standa frammi fyrir því, að hinir og þessir huldumenn hafi menn á launum til þess að kaupa upp hlutabréf Eimskipafélags Íslands? Og svo stöndum við bara einn góðan veðurdag frammi fyrir því, að hlutabréf Eimskipafélags Íslands eru í höndum einhverrar smáklíku hérna, sem setur þjóðinni stólinn fyrir dyrnar. Við erum búnir að verða varir við þessa þróun á allmörgum sviðum. Við sjáum, hvert stefnir með þeim aðferðum, sem beitt er. Við sjáum frammi fyrir okkur, hvernig er verið að stela stærstu fyrirtækjum landsins og hvernig stjórnarfl. hjálpa til þess. Við sjáum, hvernig er verið að fara með áburðarverksmiðjuna. Við sjáum nú, hvernig 104 millj. kr. verða veittar úr ríkissjóði sem lán eða framlag. Við heyrum hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, koma fram í útvarpinu og skrökva að þjóðinni, segja, að ríkið hafi aðeins lagt fram 6 millj. kr. til áburðarverksmiðjunnar, og sleppa því að segja frá því, að það sé verið að samþ. lög hér á þinginu, þar sem verið er að lána 98 millj. kr. til þessarar sömu áburðarverksmiðju, og að við búumst nú meira að segja við, að lánið til áburðarverksmiðjunnar fari kannske fram úr 100 millj., því að ef til vill kemur hún til með að kosta meira en þær 108 milljónir, sem ríkisstj. nú þegar hefur gefið upp. Við sjáum hér á því, hvernig fé er notað, sem er í höndunum á ósvífnustu fésýslumönnunum í Reykjavík. Framsfl. og og Sjálfstfl. eru að taka eignirnar, sem ríkið á, og setja þessar eignir undir yfirráð nokkurra ósvífinna fjárplógsmanna, auðvitað undir kjörorðinu: „Segjum fjárplógsstarfseminni stríð á hendur.“ Það er þess vegna fyllilega þess vert, að það sé upplýst, hverjir það eru, sem skipuleggja nú uppkaup á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands. Og það hefði verið fyllilega viðkunnanlegt, að það hefði fengizt hér fram, og ég vil skora á hv. þm. og ekki sízt hæstv. ráðh., ef þeir hafa einhverja hugmynd um, hvað sé að ganga fyrir sig í sambandi við hlutabréfakaup Eimskipafélags Íslands, þá geri þeir svo vel að gefa upplýsingar um það. Ég lýsti ekki þessu við 1. umr. málsins. Það var gengið út frá því, að það yrði ef til vill rætt um þetta á milli umr. í fjhn. Það hefur ekkert verið gert, og nú hef ég flutt till., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Aftan við 1. gr. bætist: Skattfríðindi þessi eru bundin því skilyrði, að ríkissjóður hafi forkaupsrétt að hlutabréfum félagsins, þegar þau eru seld.“

Þegar Eimskipafélag Íslands upprunalega var stofnað, þá munum við allir, hvers konar þjóðernisalda gekk yfir okkar land. Fátækir og ríkir lögðu fram sína hluti, frá sínum 25 kr., sem þá voru stórir peningar, og upp í hundruð eða þúsundir, eftir því sem þeir áttu til. Og ég býst við, að fæstir okkar telji það raunverulega eftir, að þeir menn, sem upphaflega lögðu fram þessi hlutabréf, raunverulega fyrst og fremst sem fórn í okkar þjóðfrelsisbaráttu, eigi þarna eign, sem sé orðin mikils virði. En þegar farið er að ná þessari eign af þeim, kaupa hana upp, gera þessi hlutabréf, sem lögð voru fram sem þáttur í efnahagslegri sjálfstæðisbaráttu Íslands, ef til vill að snöru um háls þjóðarinnar til þess að hafa valdið á henni efnahagslega hvað flutningana snertir, þegar farið er að kaupa þetta upp af nokkrum einstökum mönnum og öllu haldið leyndu, sérstaklega passað, að það komi hvergi við skatta og uppboð, þá er ekkert undarlegt, þó að maður vilji, að hægt sé að fylgjast með þessu. Mín till. fer þess vegna fram á það, að þegar seld eru gömul hlutabréf í Eimskipafélaginu, þá sé ríkinu boðinn forkaupsréttur. Það mundi þýða tvennt: Í fyrsta lagi, að ríkið getur keypt þessi bréf og þar með eignazt meira og meira af hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands. Og ég efast ekki um, að það yrði mjög hátt verð á slíkum bréfum, og út af fyrir sig sé ég nú ekkert eftir, þó að ríkið kaupi þessi bréf allháu verði. Við vitum það allir, að þau ganga á allháu verði, ef þau eru seld. Hins vegar yrði það auðvitað alltaf á valdi

ríkisstj., hvort hún kaupir þessi bréf. Það er ekki verið að setja skyldu á ríkissjóð að kaupa þau með þessu móti. Og það má vel vera, að fjmrh. mundi kannske stundum af einhverjum ástæðum, annaðhvort af því að hann væri nízkur á fé ríkissjóðs, sem náttúrlega kannske er ekki alltaf hægt að lá honum, eða af einhverjum öðrum ástæðum, neita forkaupsréttinum, sem ég áliti þó rangt. En þá væri þó eitt a. m. k. komið í ljós. Það væri komið í ljós, á hvað hlutabréf Eimskipafélags Íslands eru seld manna í milli. Nýlega var t. d. frá því sagt hér í bænum, að einn af eigendum hlutabréfa í Eimskipafélagi Íslands, sem átti þar allmikið af hlutabréfum, hefði sett þau á uppboð. Það hafði verið ákveðið uppboð á þessum hlutabréfum og uppboðið skyldi fara fram einn ákveðinn dag. Svo var hætt við uppboðið. Og hlutabréfin munu hafa verið seld án opinbers uppboðs.

Það er vitanlegt, að ef uppboð færi fram á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands, þá er það opinbert. Þá kemur í ljós, á hvað bréfin seljast. Þá kemur í ljós, hver kaupir bréfin og hvað hann gefur fyrir þau. Og það þýðir, að skattayfirvöldin vita hvort tveggja, á hvað bréfin seljast, hver kaupir þau, hver á þau og fyrir hvað hann hefur keypt þau. Og stundum þykir máske viðkomandi fésýslumönnum það betra, að slíkt komi ekki í ljós, og ef til vill hefur þess vegna verið hætt við uppboðið og ef til vill hafa bréfin þess vegna verið seld á laun.

Hefði nú þessi setning, sem ég legg til að bætist þarna við, verið orðin að lögum og Eimskipafélagið hefði heldur kosið, að hún væri í lögum heldur en að skattfrelsi væri ekki samþykkt, þá hefði það komið í ljós, hvers konar eigendaskipti voru þarna að verða. Og jafnvel þó að ríkissjóður hefði ekki notað forkaupsréttinn, þá hefði þess vegna þetta farið alveg hreint opinberlega fram, og það er ekki nema eðlilegur hlutur. Ég held þess vegna, að þetta væri engum til trafala. Ég gæti meira að segja trúað, að stjórn Eimskipafélags Íslands hefði ekkert á móti þessu, og ég hefði ekkert á móti því, að stjórn Eimskipafélags Íslands væri að því spurð, hvort hún hefði nokkuð við það að athuga, að slíkt ákvæði væri sett um sölu hlutabréfanna.

Ríkissjóður hefur átt í Eimskipafélaginu frá upphafi, og það væri ekkert óeðlilegt, þó að hann eignaðist eitthvað meira í því, þannig að þó að þessi forkaupsréttur yrði notaður, þá væri það sem sé síður en svo hvorki Eimskipafélaginu né ríkinu til annars en góðs.

Ég vildi nú eindregið mælast til þess, að nokkurt hlé væri gert á þessari umr., þannig að minnsta kosti að fengist úr því skorið, hvort það væri hægt að skjóta á fundi í fjhn., þótt ekki væri nema snöggvast, og vildi þess vegna mjög eindregið mælast til þess, að hæstv. forseti a. m. k. frestaði umr. um skeið nú á fundinum, svo að það gæfist tóm til þess að athuga þetta. En það er ekki vegna þess, að ég vilji neitt tefja fyrir málinu, heldur aðeins af þeim ástæðum, sem ég hef skýrt fyrr.

Umr. (atkvgr.) frestað um skeið, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.

Brtt. 379 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG, IngJ, JPálm, JÁ, LJós.

nei: SkG, StgrSt, ÁB, EirÞ, EystJ, GTh, HÁ, JóhH, JS, JörB, KS, MJ, PÞ, SÁ, SB.

StJSt, EmJ, GG, HelgJ, JG, JR greiddu ekki atkv.

6 þm. (AE, BÓ, HV, ÓTh, PO, SG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:4 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 477).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað þetta frv. á þskj. 300 og rætt það á einum fundi. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. 4 nm. vilja samþ. frv. óbreytt, leggja til að það verði samþ., en einn nm., hv. 1. landsk. (BrB), gat ekki fylgt þeim till. og leggur til, að frv. verði fellt. Ég hef nú ekki séð, að hann hafi gefið út um þetta minnihlutanál., en hann mun þá gera grein fyrir afstöðu sinni hér við þessa umr.

Mál þetta er gamalkunnugt. Frv. fer fram á að veita áfram skattfríðindi fyrir Eimskipafélag Íslands næstu 2 ár, með þeim skilyrðum, sem sett hafa jafnan verið, að það greiði ekki meira en 4% í arð til hluthafa, og er það svo kunnugt hér í d., að það er óþarfi að ræða frekar um málið sjálft. Ég vil þó aðeins geta þess, að jafnvel þótt þetta skattfrelsi fengist ekki nú á þessu ári eða á næsta ári, eins og fyrir er mælt í frv., þá mundi félagið ekki þurfa að greiða tekjuskatt til ríkisins, vegna þess að það hefur svo miklar afskriftarheimildir, gæti skrifað svo mikið af sér í nýjum skipum, að það mundi taka allan kúfinn af þeirri þénustu, sem orðið hefur á rekstrinum.

Ég skal svo ekki ræða málið nánar, en legg til fyrir hönd meiri hl. n., að frv. verði samþ. óbreytt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. er nú orðið hv. alþm. kunnugt, eins og hv. frsm. sagði, eiginlega allt of kunnugt, a. m. k. er ég orðinn þreyttur á því. Það eru ekki svo fá orðin, sem búið er að segja um þetta mál á öllum þeim mörgu þingum, sem hafa haft það til meðferðar. Það er þess vegna ekki miklu við að bæta.

Hér er í stuttu máli um það að ræða, að lagt er til að gera eitt stærsta auðfélag landsins, sem er í einkaeign, skattfrjálst, samtímis því sem því er haldið fram, að ríkissjóður sé svo fjárþurfi, að leggja þurfi háa skatta á þá, sem ekki hafa til hnífs og skeiðar, og sömuleiðis á fyrirtæki í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna, sem berjast í bökkum og verða að bera þungar álögur. Ég get þess vegna með engu móti goldið samþykki mitt við slíkri ráðstöfun sem í þessu frv. felst, og ég legg því til, að frv. verði fellt, í andstöðu við hv. meiri hl., sem vill láta samþ. það óbreytt.

Ég sagði, að Eimskip væri eitt af stærstu auðfélögum landsins. Á reikningum þess eru eignir þess taldar vera um 70 millj. En nú er það vitað, að skip þess hafa verið afskrifuð niður í hlægilega lágt verð, sum skipin niður í nokkrar þúsundir eða tugi þúsunda, svo að það mun varla of hátt áætlað, að raunveruleg eign félagsins sé um 150 millj. kr. Síðasta reikningsár var hagnaður þess talinn vera 16 millj. kr., en þegar búið var að afskrifa, þá voru eftir 2.8 millj. Það er vitað, að hlutabréf félagsins ganga á margföldu nafnverði, — ég veit ekki, í hvaða verði þau eru nú, það fer um það mörgum sögum, sumir segja tvítugföldu verði, aðrir þrítugföldu og aðrir enn meira.

Það hefur verið notuð sem afsökun fyrir þessari ráðstöfun, að hún er því skilyrði bundin, að hluthöfunum sé ekki greitt meira en 4% í arð. En ég tel það haldlaus rök. Það, sem hér er verið að gera, er það, að auðugum mönnum eru gefnar stórgjafir af ríkisfé, án þess að nokkuð komi á móti, ekki einu sinni forkaupsréttur að hlutabréfum félagsins. Það var flutt brtt. í hv. Nd. um það, en hún náði ekki samþykki. Ákvæðið um arðshámark til hluthafa, meðan skattfrelsi það, sem frv. fjallar um, er í gildi, breytir hér engu um, því að sannleikurinn er sá, að þetta ákvæði kemur fyrst og fremst þeim að gagni, sem eru nú og hafa verið með tilstyrk fjármagns síns að kaupa upp hlutabréfin í Eimskipafélaginu til þess að geta náð því undir sig að fullu og öllu.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki miklu að svara ræðu hv. frsm. minni hl. Það eru sömu rök eins og hafa komið hér fram áður í þessu máli og byggð á mjög miklum misskilningi. Hér er ekki verið að gefa neinum auðugum mönnum stórfé. Það er aðeins verið að halda þessu fé í fyrirtæki, sem hefur þjónustu fyrir allt landið og hefur innt hana af hendi með ágætum í s. l. 30 ár eða meira og m. a. gert mögulegt að lifa hér menningarlífi, á meðan tvær heimsstyrjaldir hafa geisað á þessu tímabili. Í staðinn fyrir að greiða ágóðann út til hluthafa eða í skatt til ríkissjóðs hefur þetta fyrirtæki getað byggt upp svo myndarlegan skipaflota, að Íslendingar eru öruggir um siglingar til landsins, jafnvel þó að heimsstyrjöld hafi ríkt hér, eins og kunnugt er, og auk þess er ekkert fyrirtæki landsmanna, sem hefur borið eins vel hróður Íslands út á við og verið eins góð landkynning fyrir landið eins og Eimskipafélagið. Ég vildi því mótmæla þeim staðhæfingum, sem hv. frsm. minni hl. hefur sagt hér í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 501).

---

53. Ítök í jarðir.

Á 22. fundi í Ed., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um lausn ítaka af jörðum [132. mál] (þmfrv., A. 189).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er nú að efni til gamall kunningi hér í d., hefur oft legið fyrir henni og alltaf verið hér samþ. í einhverri mynd. Í fyrra strandaði það í Nd. Það var sent þaðan til lagaprófessoranna við Háskóla Íslands, og kom grg. um frv., eins og það þá var, frá próf. Ólafi Lárussyni, sem hafði ýmislegt við það að athuga, aðallega þó að orðalagi, en ofur lítið líka að efni. Þessi grg. hans í fyrra varð orsök til þess, að frv. dagaði þá uppi í Nd.

Hæstv. landbrh. tók svo frv. og sendi það búnaðarþinginu, sem reyndar hefur alltaf mælt með því, og óskaði eftir, að það skipaði tvo menn, ásamt einum, sem hann tilnefndi sjálfur, til að taka frv. til athugunar enn á ný og reyna að færa það í þann búning, sem menn gætu fellt sig við. Þetta var gert, og var próf. Ólafur Lárusson skipaður í n. af landbrh. og formaður hennar. Og frv. í því formi, sem það liggur hér fyrir, er að orðalagi til algerlega hans verk og að efni til mest líka. Það er ekki margt nýtt í því efnislega frá því, sem áður hefur verið hér í d. Það má kannske helzt telja það, að undanskilin kaupréttinum eru ítök, sem eru yngri en 25 ára; það var ekki í frv., sem hér hafa legið fyrir áður. Að öðru leyti held ég, að það sé ekkert nýtt í því. Það er dálítið öðruvísi orðað og öðruvísi uppbyggt og vafalaust með betra lagamáli heldur en það hefur verið áður. Og ég vænti þess, að d.

muni vera tiltölulega fljót að afgr. það. Landbn. hefur ekki tekið afstöðu til þess á fundum sínum. Hún var sammála um að flytja það, og ég hygg, að hún muni taka það fyrir og semja um það nál., hvort sem því verður vísað til hennar eða ekki, — það skiptir ekki máli í því sambandi, — en það er kannske réttara að gera það samt, formlegra, eftir þeirri venju, sem nú hefur verið hér upp tekin. Mun hún þá reyna að afgr. það tiltölulega fljótt eftir helgina, svo að það geti þá komið hér til 2. umr.

Ég skal ekki fara langt út í þessi margs konar ítök, sem til eru, mörg bara að nafninu og mörgum til leiðinda og skapraunar út frá ýmsu, sem gerist í sambandi við þau, og hver þörf er á, að þetta frv. verði samþykkt, — ég hef svo oft gert það áður, og skal því alveg leiða það hjá mér. En ég vona, að menn geti sætt sig við frv. í þessum nýja búningi. Og að minnsta kosti þeim aðfinnslum, sem próf. Ólafur Lárusson kom með í fyrra og gerðu að verkum, að það strandaði þá í Nd., verður ekki hægt að beita núna, því að þær eru allar komnar fyrir kattarnef með frv. í þessari mynd, sömdu af prófessornum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég vildi nú óska eftir því að fá málið afgr. sem fyrst og helzt án breyt., ef hægt er á það að fallast. Það er nú ekki venja og ekki eðlilegt samkv. þingsköpum að minnast á einstök atriði í frv. En um leið og málið fer í n., tel ég mig ekki geta komizt hjá því að vekja athygli á einu ákvæði frv., sem kynni að geta valdið einhverjum ágreiningi, en ég held að sé ástæðulaust að valdi þó nokkrum ágreiningi í þessu máli.

Það er ákvæðið í 7. gr., sem er um rétt þess manns, sem biður um að leysa ítak af sinni jörð, og rétt hins aðilans, sem ítakið á. Þar er svo ákveðið, að þetta skuli metið, hvor hafi meiri hag af þessum hlunnindum, sem í ítakinu felast, og síðan ákveðið, að ítakshafa er því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Ég hef nú rætt við próf. Ólaf Lárusson um það, hvað í þessari reglu muni felast, og hann hefur bent mér á ýmsar meginreglur laga, sem byggjast á þessari reglu, sem þarna er sett fram, svo að ég álít, að með þessu sé fullum rétti náð fyrir þá, sem þurfa að óska eftir lausn ítaka af jörðum sínum. Venjulega er þetta þannig, — til þess að skýra þetta aðeins nánar, — að maður á jörð með reka og annar maður hefur ítak í jörðinni, — venjulega eru það nú einhverjar kirkjur, og tíðast er það, að þær eru allfjarri þessum reka, — þá er það t. d. alveg tvímælalaust, að sá, sem hefur rekann svo að segja við bæjardyrnar á ströndinni rétt hjá sinni landareign, hefur mun meiri hag af að hafa þau hlunnindi heldur en maður, sem er langt í burtu. Það er alveg tvímælalaust, að það felst í þessum málum, og þannig er með flest af þessum ítökum, að þau eru með þeim hætti, að þau koma að miklu betri notum fyrir þann, sem býr á jörðinni, sem ítakið er í, heldur en fyrir menn, sem eru langt í burtu. Og þannig mundi reglan, sem hér er sett fram í 7. gr., leiða til þess, að þessi ítök yrðu ítakseigendur að láta af hendi svo að segja undantekningarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Það er tekið fram í grg., að nm. í n. þeirri, sem flytur frv., áskilji sér óbundna afstöðu til málsins. Þegar svo stendur á, hefur verið venja hér, a. m. k. á þessu þingi, að vísa frv. til n., þó að það sé flutt af n. Og vil ég bera það upp að vísa frv. til hv. landbn.

Frv. vísað til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 189, n. 222).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem nú liggur fyrir til umr., er ekki nýr gestur hér í d. Ef ég man rétt, þá er þetta fjórða heimsókn þess hingað í deildina. Það hefur verið hér til umræðu 1949, 1950, 1951, og nú er það komið hér í fjórða sinn. Auk þess mun það hafa tekið hliðargöngu til menningar og farið a. m. k. tvisvar sinnum til búnaðarþings. Nú á síðasta vori voru því skipaðir þrír skírnarfeður og ekki valið af verri endanum, ágætur lagaprófessor, búnaðarmálastjóri og einn búnaðarþingsmaður. Og það verð ég að segja og unna þeim sannmælis, að ég tel líka frv. nú sýnu skást sem það hefur verið, eins og það kemur fram núna.

Landbn., sem athugaði þetta frv., varð sammála um að leggja það til við deildina, að hún samþykki það að heita má óbreytt. Að vísu eru hér þrjár brtt., sem n. gerði, en eru aðallega sem skýringar. Fyrsta brtt. n. er aðeins til skýringar fyrir innlausnarbeiðandann, að hann verði ekki í neinum vafa um, til hvers hann eigi að snúa sér með innlausnarbeiðni sína. — Önnur brtt. er að vissu leyti efnisbreyting að því leyti, að í 7. gr. er ekki, að ég fæ séð, gert ráð fyrir því, að matsmenn þeir, sem nefndir eru, skuli virða ítakið til verðs, heldur aðallega virða notagildi þess fyrir seljandann og innlausnarbeiðanda og hversu þar muni miklu fyrir hvorn þeirra um sig. Því töldum við rétt, til að taka af allan vafa í þessu efni og til þess að matsmenn þyrftu ekki að óþörfu að gera tvær reisur til að virða ítakið, að bæta þessu ákvæði við, að ítakið yrði einnig metið til verðs þá um leið, ef óskað væri. — Um þriðju brtt. er það sama að segja og um þá fyrstu, að hún er aðeins til skýringa, og er nær mestur vafi á því, hvort hún er nauðsynleg eða ekki. En þó töldum við það ekki skaða að láta hana koma fram þarna, því að þá verður á engan hátt um villzt, hvernig fer í því efni, sem þar um ræðir. Það er ýmislegt, sem mælir á móti því, að mér virðist, að flytja eignarrétt ítaka milli jarða. Þó er það oftast eðlilegast, að það færist til þeirra jarða, sem það er í, enda sett hér í frv. það skilyrði, að notagildi þess sé mun meira fyrir þá jörð, sem það flyzt til eða er í, en hinn-

ar, sem það fylgdi áður, og má varla vægara að orði kveða. Mörg eru ítök þessi fjarlæg eiganda og erfitt að nytja þau fyrir hann sjálfan, og verður þá að selja þau á leigu og oftast þá þeim, er ætti kaupréttinn samkvæmt frv.

Að öllu þessu athuguðu töldum við nm. rétt að leggja til við hv. deild, að hún samþykkti frv. þetta með þeim breytingum, sem við höfum lagt til að yrðu gerðar á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 222,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 222,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 222,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 239).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 463).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um lausn ítaka af jörðum er flutt á þessu þingi í hv. Ed. á þskj. 189. Frv. um þetta efni hefur áður verið flutt í þinginu og þá ekki náð fram að ganga. Í fyrravetur lagði svo landbrh. þetta mál fyrir búnaðarþing, og varð afgreiðsla þess hjá búnaðarþingi sú, að það kaus 2 menn í n. til að athuga frv. Landbrh. skipaði þriðja manninn, sem vera átti formaður n. Búnaðarþing kaus í n. þá Einar Ólafsson í Lækjarhvammi og Pál Zóphóníasson búnaðarmálastjóra, en landbrh. skipaði próf. Ólaf Lárusson sem formann hennar. Niðurstaðan af starfi n. er svo það frv., sem lagt var fram á þskj. 189, og hefur það þá tekið allmiklum breyt. frá því það var fyrst lagt fram hér í þinginu. Ed. hefur haft málið til meðferðar og gerði á því smábreyt., og liggur það nú fyrir þessari hv. d., eins og Ed. gekk frá því, á þskj. 239. Landbn. hefur nú athugað frv. og sér ekki ástæðu til að flytja við það brtt. og leggur til, eins og nál. á þskj. 463 ber með sér, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 42. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 504).

---

54. Almannatryggingar (frv. heilbr.- og félmn. Ed.).

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [186. mál] (þmfrv., A. 454).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af heilbr.- og félmn. fyrir beiðni fors.- og félmrh., en nm. hafa óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess.

Ég hafði nú ekki ætlað, að það mundi falla í minn hlut að flytja aðalframsögu fyrir þessu frv., enda verður það lítið, sem ég segi. Ég mun aðeins rekja hér þær greinar og þau ákvæði, sem í frv. felast eftir grg. Vænti ég, að við 2. umr. málsins verði frekari grein gerð fyrir málinu af hæstv. félmrh., sem hér er ekki staddur nú.

Í 1. gr. frv. er aðallega að finna þá breyt., sem er síðast í 2. málsgr., um þann rétt, sem Tryggingastofnunin eignast á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður. Nýjungin í þessari grein er sú, að þar með er talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður. Þetta hefur ekki þótt alveg afdráttarlaust, og því er lagt til, að þetta sé tekið hér upp í 1. gr.

2. gr. er um það, að íslenzkar konur, sem gifzt hafa erlendum mönnum og þeir fallið frá, yfir-

gefið þær eða skilið við þær, skuli hljóta sama rétt og ekkjur og fráskildar konur til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. l. um almannatryggingar, en svo er gert ráð fyrir, að ríkissjóður endurgreiði Tryggingastofnuninni fé þetta. Svo sem í grg. segir, er hér aðallega um að ræða íslenzkar konur, sem gifzt hafa erlendum hermönnum, sem dvöldu hér á ófriðarárunum og hafa af einhverjum ástæðum skilið svo við menn sína, flutzt hingað heim — oft algerlega eignalausar og án þess að hafa nokkra fyrirvinnu. Nú hefur það verið þannig, að Tryggingastofnunin hefur neitað að greiða konum þessum barnalífeyri, vegna þess að börnin eru erlendir ríkisborgarar. Og þrátt fyrir það, þó að sveitarsjóðir hafi gert einhverja úrlausn, þá hefur ævinlega verið talið, að um bráðabirgðaúrlausn væri að ræða. Einnig er hér um að ræða konur, sem hafa gifzt mönnum með erlendu ríkisfangi, og mennirnir hafa flutzt af landi burt og skilið þær eftir með börn án þess að leggja þeim nokkuð til framfæris. Þessar konur halda að vísu sínum íslenzka ríkisborgararétti, en börnin hafa ríkisfang föðurins, og er því einnig í slíkum tilfellum um erlenda ríkisborgara að ræða. Fram að þessu hefur því Tryggingastofnunin orðið að neita um að greiða lífeyri með þessum börnum, þrátt fyrir það þó að þær konur, sem hér eiga hlut að máli, hafi iðulega verið mjög illa settar. Úr þessu er gert ráð fyrir að bæta með 2. gr., og endurgreiði ríkissjóður Tryggingastofnuninni þennan barnalífeyri.

Þá er í 3. gr. talað um hækkun samkv. 47. gr. l. nr. 104 1943 upp í 72 krónur. Þetta er hækkun daggjalda fyrir sjúklinga á spítölunum frá því, sem þau voru 1941. Þá voru þau 41 kr., eru nú 60 kr. á þessu ári, og er búizt við, að þessi daggjöld hækki upp í 70 kr. í byrjun næsta árs. Vegna þessarar hækkunar er hámark það, sem ákveðið er samkvæmt l. á framlagi ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga, allt of lágt, og verður því að hækka það, ef þessar hækkanir eiga ekki að lenda á samlagsmönnunum aðeins. Það er breytingin, sem gert er ráð fyrir með 3. gr.

Þá er 4. gr. um takmörkun á lífeyrisgreiðslum til ellilífeyrisþega. En samkv. l. nr. 1 frá 1952, um almannatryggingar, mundi þetta skerðingarákvæði falla úr gildi, ef það er ekki framlengt núna fyrir áramótin. Meginhluti þessarar grg. gengur út á það að skýra þá möguleika, sem væru fyrir hendi, ef að því ráði væri horfið að fella niður skerðingarákvæðið. Og þegar búið var að leggja niður fyrir sér bæði í félmrn. og hjá tryggingaráði þá möguleika, sem fyrir hendi eru, hefur niðurstaðan orðið sú, að það hefur þótt of viðurhlutamikið að ráðast í það nú á næsta ári að nema skerðinguna úr gildi að hluta eða öllu leyti, eins og talað er um hér í þessum skjölum, þannig að það er gert ráð fyrir, að það fari mjög ýtarleg rannsókn fram á tryggingakerfinu öllu, og gert ráð fyrir, að þeirri rannsókn verði lokið fyrir árslok 1954. Þess vegna er líka lagt til, að þetta bráðabirgðaákvæði skuli vera í gildi til ársloka 1954, en það hefur verið reiknað út, að það mundi kosta um 10 millj. kr. að afnema skerðingarákvæðið með öllu. Hins vegar hefur verið rætt um þann möguleika að afnema það smátt og smátt. En vegna þeirrar endurskoðunar, sem fyrir liggur, og ýmislegs annars, þá er þó lagt til að halda því nú um sinn.

Þetta eru aðalákvæði frv. þess, sem hér liggur fyrir. Þrátt fyrir það þó að það sé borið fram af n., þá er það borið fram með þeim hætti, að rétt mun vera, að málinu sé vísað til n. aftur, og mun hún þá skila áliti um það. En ég vil beina því til hæstv. forseta, að það mun vera óhætt að taka málið á dagskrá á næsta fundi d., vegna þess að n. mun hraða störfum mjög með þetta, þar sem það þolir enga bið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Í byrjun grg. segir: „Frv. þetta er flutt að beiðni fors.- og félmrh., og hafa nm. óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess.“ Þegar svo hefur staðið á um flutning mála, hefur verið venja að vísa málinu til n., þó að það sé flutt af n., en það þýðir, að það ber að gefa út nál.

Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 469, 468).

Of skammt var liðið frá 1. umr., útbýtingu nál. og útbýtingu brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls í gær leyfði ég mér að rekja það nokkuð samkvæmt hinni skýru grg., sem fylgir því, og vísa til grg. og þess, sem ég sagði þá varðandi málið í heild. En um nál. á þskj. 469 vil ég taka það fram, sem raunar kemur fram í því, að aðeins 3 nm. voru á fundi, er málið var afgreitt, og hafði einn af þessum þremur, hv. 4. þm. Reykv., fyrirvara um afgreiðslu málsins, en meiri hl. af þeim, sem voru viðstaddir, vildi samþykkja frv. óbreytt.

Fyrirvari sá, sem hv. 4. þm. Reykv. áskildi sér, er varðandi tvær brtt., sem hann nú hefur borið fram á þskj. 468, og eru nú raunar þrjár, en sú þriðja er afleiðing af tveimur þeim fyrri. En eins og segir í nál. (**Forseti:** Þær eru nú fjórar.) Afsakið, þær eru fjórar, en tvær þær síðari eru afleiðing, hækkunarákvæði, sem leiðir af tveimur þeim fyrri. En eins og segir í nál., þá eru þessar till. um það, að hann vildi láta hækka tekjumarkið, sem skerðing lífeyris var miðuð við, um 50% frá því, sem nú er, en það mundi þýða hækkuð iðgjöld til tryggginganna og framlög til þeirra af opinberu fé um nálega 3%, og yrði hlutur ríkissjóðs af þeirri hækkun um 900 þús. kr. Önnur breyting, sem hv. 4. þm. Reykv. leggur til, er, að tekin verði inn ákvæði um mæðralaun, sem mundu nema 2% hækkun á tekjuliðum stofnunarinnar og kosta ríkissjóð um 600 þús. kr. Heildarhækkun sú, sem þessar breytingar mundu hafa í för með sér, mundi nema 5% á öllum iðgjöldum, sem greidd eru til tryggginganna, og sömuleiðis á öllum framlögum til þeirra, og mundi kostnaður ríkissjóðs af þessu nema um 1½ millj. kr.

Það var nú hvort tveggja, að meiri hl. taldi, að ekki mundi heppilegt að gera slíkar hækkanir nú, hvorki að því er varðar iðgjöldin né heldur að því er varðar framlög hins opinbera til tryggginganna og ekki heldur þá hækkun á hluta ríkissjóðs. Enn fremur er það, að það kemur fram í grg. þeirri, sem hér liggur fyrir, og umsögn um frv., að það er gert ráð fyrir, að innan tveggja ára fari fram heildarendurskoðun á tryggingalögunum. Töldum við í meiri hl. rétt að fresta þessum miklu breytingum þangað til slík endurskoðun hefði farið fram. Sá meiri hl., sem var til staðar á þessum nefndarfundi, leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 454.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er sammála meðmn. mínum um að mæla með því, að frv., eins og það liggur fyrir, verði samþ., að undantekinni 4. gr., um óbreytta framlengingu bráðabirgðaákvæðis laganna, sem mælir svo fyrir, að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur skuli skertar hjá þeim mönnum, sem hafa tekjur umfram visst lágmark. En auk þess vil ég bæta inn í frv. nokkrum fleiri atriðum, eins og brtt. mínar á þskj. 468 bera með sér. Að því er 4. gr. frv. snertir, vil ég taka það fram, að með tilliti til ummæla, sem hæstv. fors.- og félmrh. viðhafði hér í þessari hv. d., þegar framlenging bráðabirgðaákvæðisins var til umr. á síðasta þingi, þá leyfði ég mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. mundi bera fram á þessu þingi till. um annaðhvort afnám skerðingarákvæðisins eða verulega linkun á þeim ákvæðum. Og allt fram undir síðustu daga hef ég búizt við því, að frá hæstv. ríkisstj. mundu koma till. um þetta efni, eins og líka ljóst verður á þeirri grg., sem fylgdi frv. frá hæstv. ríkisstj., því að þar er frá því skýrt, að ýmsar ábendingar hafi verið athugaðar í þessu sambandi og fengin áætlun um kostnað við þær breyt., sem þar hefur verið drepið á. Nú hefur, mér til mikilla vonbrigða, ekki neitt af þessu orðið, og flyt ég því þessar brtt., sem hér eru prentaðar á þskj. 468. Eru þær allar, að undantekinni 2. brtt., um mæðralaun, við það miðaðar, að ákvæðinu um skerðingu lífeyris sé breytt sem næst í það form, sem ég taldi mig hafa ástæðu til að ætla að hæstv. ríkisstj. mundi leggja til, þó að ekki hafi nú af því orðið.

Ég skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en víkja að brtt.

Fyrsta brtt. fjallar um breyt. á 2. málsgr. 13. gr. í lögunum frá 1946 og er þess efnis, að þeir, sem njóta eftirlauna af opinberu fé, sem eru lægri en nemur hálfum öðrum lífeyri, skuli fá ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnuninni allt að því að fylla upp í þá upphæð, hálfan annan lífeyri. Lífeyrisgreiðslan nemur nú á fyrsta verðlagssvæði 6120 kr., þannig að þeir menn, sem njóta eftirlauna samkv. 18. gr. eða eftirlauna frá sérstökum lífeyrissjóðum og hafa lægri eftirlaun en 9180 kr., ættu að fá viðbót frá Tryggingastofnuninni allt að þeirri upphæð. Það er 50% hækkun á því skerðingarmarki, sem núna er miðað við, þ. e. a. s. úr 6120 kr. upp í 9180 kr. Því hefur margsinnis verið hreyft hér á hv. Alþ., að þessir menn hafi að vissu leyti orðið hart úti, þegar tryggingalögin voru sett, þannig að þeir, sem höfðu ekki hærri lífeyrisgreiðslur eða eftirlaun heldur en lífeyrir frá Tryggingastofnuninni nemur, höfðu ekki bætt sín kjör neitt frá því, sem áður var. Þeir einir, sem höfðu lægri upphæð í eftirlaun heldur en lífeyrisgreiðslur námu, fengu einhverjar bætur frá Tryggingastofnuninni, þ. e. a. s. fyllt upp í sem svaraði einföldum lífeyri. Hér er gert ráð fyrir að ganga til móts við þessar réttmætu kvartanir með því að hækka það mark, sem miðað er við að lífeyrir og eftirlaun samtals megi nema, upp í hálfan annan lífeyri, eða sem svarar 9180 kr. fyrir einstakling á 1. verðlagssvæði.

Önnur brtt. er um að taka upp nýjan bótaflokk, mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa 2 börn eða fleiri á sínu framfæri. Frv. um þetta efni hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir þingið á undanförnum árum, og nú liggur fyrir hv. Nd. frv. um þetta sama efni, og eru meginatriði þess tekin upp í brtt. mína. Samkv. henni er gert ráð fyrir því, að einstæð móðir, sem hefur fyrir 2 börnum að sjá, skuli fá árlega sem svarar ⅓ úr lífeyrisupphæð, eða 1360 kr. í grunn. Það eru liðlega 2 þús. kr. með núverandi vísitölu. Ef börnin eru 3, er ætlazt til að hún fái sem svarar ⅔ úr lífeyrisupphæð, en séu börnin 4, þá fái hún fulla lífeyrisupphæð fyrir sig, auk þess barnalífeyris að sjálfsögðu, sem greiddur er með börnunum.

Í þessari till. er miðað við það, að einstæð móðir, sem er sæmilega hraust og vinnufær, eigi að geta séð fyrir barni, ef það er ekki nema eitt, með þeim barnalífeyri, sem Tryggingastofnunin greiðir henni. Séu börnin 2, leiðir að sjálfsögðu af því, að hún á óhægara með að vinna sér inn tekjur. Séu börnin fleiri, þá fer þeim mun meira af hennar tíma til að sjá um börnin, og þeim mun minni möguleikar eru fyrir hana til að afla sér tekna. Séu börnin orðin 4, verður að telja, að undir flestum kringumstæðum sé fullkomið verk fyrir konuna að annast um þau, og það er því gert ráð fyrir því, að hún fái þá greitt sem svarar fullum lífeyri.

Það skal tekið fram, af því að ýmsir hafa fundið að þessari till., að það mundi sérstaklega falla í hlut ógiftra mæðra, að skýrslur sýna, að meginþorrinn af óskilgetnum börnum eru einbirni, en tiltölulega lítill hluti af mæðrum óskilgetinna barna á fleiri en eitt barn og mjög fáar fleiri en tvö.

Þá vík ég að 4. till., sem í sjálfu sér er meginefni minna brtt., en það er, að skerðingarmarkið fyrir þá, sem hafa aðrar tekjur en lífeyrinn, verði hækkað um 50% frá því, sem nú er. Samkv. gildandi reglum eiga menn rétt á óskertum lífeyri, þó að aðrar tekjur nemi jafnhárri upphæð eins og lífeyririnn nemur samkv. lögunum, en það er fyrir einstaklinga á 1. verðlagssvæði nú 6120 kr. Ef tekjurnar fara fram úr því marki, þá lækkar lífeyririnn um 1 kr. fyrir hverjar 2, sem tekjurnar nema, og fellur síðan niður með öllu fyrir einhleypinga á 1. verðlagssvæði, ef tekjurnar ná 18360 kr. Eftir brtt. minum er gert ráð fyrir því, að þó að maðurinn hafi 9180 kr. í tekjur á 1. verðlagssvæði, þá fái hann fyrir því óskertan lífeyri, þannig að lífeyrir og tekjur

megi þá nema samtals nokkuð yfir 15 þús. kr. án nokkurrar skerðingar á lífeyri. Séu tekjurnar meiri, þá á lífeyririnn að lækka eftir þeim reglum, sem ég gat um áðan, og falla niður, þegar tekjurnar eru komnar í liðlega 21 þús. kr. Tilsvarandi breyt. verður svo á 2. verðlagssvæði og eins tilsvarandi breyt. á greiðslu lífeyris til hjóna.

Ég verð að telja, að þessi breyt. á skerðingarákvæðunum sé alveg sjálfsögð. Það var ekki tilætlunin, þegar lögin voru sett, að skerðing vegna tekna almennt gilti lengur en fyrstu 5 árin eftir að lögin tækju gildi. Nú hefur þetta verið framlengt um eitt ár, og það verður að játa, að það er býsna hart að fara strax að skerða lífeyri manns, sem ekki hefur nema 6 þús. kr. tekjur, t. d. hér í Rvík, ef hann kemur eitthvað upp fyrir það mark. Hér er því lagt til, eins og ég gerði grein fyrir áðan, að skerðingarmarkið verði hækkað um 50%, upp í liðlega 9 þús. kr., en skerðingarreglurnar að öðru leyti látnar haldast óbreyttar.

Þriðja brtt. er svo bein afleiðing af hinum, sem ég hef nefnt. Þar er gert ráð fyrir því, að iðgjöld og framlög verði hækkuð eins og í gr. segir, þ. e. a. s., iðgjöld kvænts manns á 1. verðlagssvæði hækki úr 390 kr. upp í 410 kr., eða um 20 kr. á ári í grunn, — ég tala hér alls staðar um grunnupphæðir. Fyrir kvæntan mann á 2. verðlagssvæði nemur hækkunin 15 kr., og fyrir aðra iðgjaldsgreiðendur nemur hún 15 kr. á ári, einnig miðað við grunnupphæðir. Iðgjöld atvinnurekenda er gert ráð fyrir að hækki á 1. verðlagssvæði um 25 aura á viku, en á 2. verðlagssvæði um 20 aura á viku. Þá er gert ráð fyrir, að framlag sveitarfélaganna hækki um hér um bil 500 þús., úr 10.8 upp í 11.3 millj., og að framlag ríkissjóðs hækki úr 17.4 upp í 18.3 millj., eða um 900 þús. kr. í grunn. Þessar hækkanir nema rétt í kringum 5% til uppjafnaðar. Aukinn kostnaður Tryggingastofnunarinnar vegna breyt. á skerðingarmarkinu er áætlað að nemi nokkuð yfir 2 millj. kr. og kostnaðaraukinn vegna mæðralaunanna nálægt 2 millj., eða samtals nokkuð yfir 4 millj. kr. á ári alls, sem útgjöld Tryggingastofnunarinnar mundu aukast af þessum sökum. En sú upphæð nemur rétt í kringum 5% af þeim tekjuliðum, sem stofnunin nú hefur samkv. lögum. Eru þessar till. um breyt. á 24. gr. laganna frá 1952 við það miðaðar, að þessi tekjuauki fáist. Af þessu mundu grunnupphæðir framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða hækka, eins og ég hef gert grein fyrir, um 500 þús. kr. í grunn, eða samtals útgjaldaauki þessara aðila verða nokkuð yfir 2 millj. kr. ári. Þessi hækkun, sem hér er um að ræða, er að minni hyggju ekki það mikil, að neinum sérstökum erfiðleikum valdi, enda var mér kunnugt um það, að ríkisstj. var allt fram undir það síðasta mjög að hugsa um það að taka upp og gera að sínum till. þær breyt. á skerðingarmarkinu, sem hér eru bornar fram, hvað sem því nú veldur, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að bera þessar till. fram. Ég álít, að þessar breyt. séu aðkallandi, — ég vil segja alveg sjálfsagðar, — og ég álít, að sá kostnaðarauki, sem af þessu stafar, 5% aukning á framlögum til tryggingganna, sé ekki það mikill, að það valdi sérstökum erfiðleikum og að af þeim sökum ætti ekki að vera hægt að gera þessar breyt. nú þegar. Meðnm. mínir telja rétt að láta þessar breyt. bíða, þar til heildarendurskoðun laganna fari fram, sem væntanlega verður fyrir árslok 1954, og er ég þeim sammála um, að nauðsynlegt verði að endurskoða lögin fyrir þann tíma, vegna þess að ýmis ákvæði í þeim eru miðuð við þau áramót. Hins vegar held ég, að það væri mjög gott að vera þá búinn að fá nokkra reynslu af þessum breyt., sem hér er gert ráð fyrir og áreiðanlega verða kröfur uppi um að gerðar verði á lögunum, þannig að hægt sé að sjá fyrir með fullri vissu þá, hver kostnaður fylgdi þessu og hvort ekki væri þá bætt úr þeim stærstu ágöllum, sem nú eru á lögunum, eins og ég hygg að margir mundu telja að gert væri, ef þessar till. fengjust samþykktar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þótt hv. frsm. meiri hl. hafi nú gert ýtarlega grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 454, og ég hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara, þá vildi ég þó gera hér nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég er sammála þeim breyt., sem lagt er til að gerðar séu á löggjöfinni með því frv., sem hér er til umr.

Eins og hv. frsm. tók fram, þá er 1. gr. frv. vegna breyt. á framlagi til sjúkrasamlaganna. Það þótti nauðsynlegt að hækka framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga, þegar hækkuð voru daggjöldin á ríkisspítölunum úr 60 kr. upp í 70 kr., eins og nú er gert ráð fyrir á fjárlögum. Þess vegna er þessi brtt. borin fram, eins og hv. frsm. hefur lýst, og mun sú breyt. hafa í för með sér um 1100 þús. kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Nú er þetta ekki nema áætlunarupphæð, en samkomulag hefur orðið um það milli ríkisstj. og fjvn. að taka inn á fjárl. 1 millj. kr. hærra framlag til þess að mæta þessum útgjöldum, í trausti þess, að það muni nægja á árinu. Um þetta atriði er enginn ágreiningur, hvorki í n. né hjá hæstv. ríkisstj. Hins vegar er það rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að það var gefið um það nokkurs konar fyrirheit af hæstv. heilbr.- og félmrh. hér í fyrra, að þeim ákvæðum, sem ákveða um greiðslu ellilauna, skyldi aðeins verða frestað um eitt ár. Hafði hæstv. ráðh. látið fara fram mjög nákvæma athugun á því, hvað það mundi kosta ríkissjóðinn að nema viðmiðunina alveg í burtu. Eftir því sem upplýst er, mundi þetta kosta tryggingarnar um 10 millj. kr., ef viðmiðunin væri afnumin, þannig að hver aðili, sem væri 67 ára, fengi fullar ellibætur, hvort sem hann hefði miklar eða litlar tekjur. Það var einnig athugað þá, hver kostnaðarhliðin yrði, ef aðeins væri miðað við 75 ára aldur og eldri. Ég hygg, að ég fari rétt með, og leiðréttir hv. 4. þm. Reykv. mig, ef svo er ekki, að það mundi kosta um 6 millj. fyrir tryggingarnar, ef greiddar yrðu bætur til allra, sem væru 75 ára og eldri.

Ég verð nú að segja, að við vorum nokkuð undrandi yfir því, að þessi upphæð skyldi vera svo há, þegar takmarkið væri sett upp í 75 ár, en það mun ekki þýða að deila við dómarann um það atriði. Þær skýrslur, sem hafa fengizt um þetta atriði, munu sanna það, að þetta mun kosta þá upphæð, sem hér um ræðir, ef það hefði átt að færa takmarkið upp í 75 ár og greiða síðan

öllum þeim, sem voru það gamlir eða eldri, full ellilaun. Ég verð að segja fyrir mína parta, að mér hefði þótt það ákaflega æskilegt, að slíkt hefði verið gert. En ég hef því miður ekki getað fallizt á það á þessu stigi og skal koma að því síðar.

Þá hafði einnig verið rætt um það og það athugað, hvað það mundi kosta, ef hækkuð yrði viðmiðunin um 50%, eins og lagt er til í brtt. á þskj. 468, og eftir því sem upplýst er, mun það kosta 960 þús., ef sú breyt. væri gerð á löggjöfinni. Ég skal viðurkenna, að það hefði einnig verið mjög æskilegt að fara inn á þá tilhögun nú, en með því að bæði ber að stefna að því, að viðmiðunin verði afnumin að fullu annars vegar og hins vegar að endurskoðun fari fram á löggjöfinni, ekki einasta á þessu atriði, heldur svo mörgum öðrum atriðum, eins fljótt og verða má, og helzt ekki síðar en innan tveggja ára, þá þótti mér rétt að fylgja því ráði að gera ekki þær breyt. á löggjöfinni, sem hér hefur verið rætt um, þ. e. a. s. að hækka viðmiðunina eða nema hana alveg í burtu.

Þegar tryggingalöggjöfin var samþ. hér á hv. Alþ., féll það í hlut minn fyrir hönd Sjálfstfl. að hafa með þessi mál að gera í hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. og hafa þar samvinnu við hv. 4. þm. Reykv. Hefur sú samvinna haldizt öll þessi ár, því að við höfum báðir átt sæti í n. síðan. Lagði ég á það megináherzlu í sambandi við afgreiðslu málsins, að ekki yrði gengið lengra í sambandi við bætur til nokkurs aðila en svo, að hægt væri að standa við þær óbreyttar í framtíðinni. Frá mínu sjónarmiði hefur það alltaf verið meginatriði, að tryggingarnar þyrftu ekki að bregðast þeim aðilum, sem bætur hafa fengið samkv. lögum, hvort heldur það hafa verið fjölskyldubætur, barnalífeyrir, ekkjubætur eða ellilaun, og stend ég ákaflega fast á því enn þann dag í dag. Ég teldi það vera stórkostlegt áfall fyrir tryggingarnar, ef það kæmi nokkru sinni fyrir, að það þyrfti að fara að fresta greiðslu bóta eða draga úr þeim frá því, sem ákveðið er með lögunum. Það mundi skapa vonbrigði hjá mönnum, sem byggt hafa afkomu sína m. a. á bótum úr tryggingunum, enda er mér kunnugt um það, að tryggingarnar eru orðnar slíkur liður í framfærslu hjá fjöldamörgum mönnum, að vitað er, að það eru til sveitir í þessu landi, þar sem hvert eitt einasta heimili hefur einhverjar bætur frá tryggingunum. Þetta er mitt sjónarmið í sambandi við tryggingamálin, og þess vegna vil ég ekki leggja til, að farið sé lengra í bótum en ríkissjóður getur og treystir sér til að uppfylla annars vegar og skynsamlegt þykir að leggja hins vegar bæði á atvinnuvegina og einstaklingana sjálfa í sambandi við iðgjöldin, fyrr en búið er að koma þeim málum í það horf, sem ég hef ávallt frá upphafi óskað eftir, að tryggingunum yrðu tryggðir ákveðnir tekjustofnar, sem ekki væru háðir afkomu ríkissjóðsins á hverjum tíma. Það tel ég ákaflega nauðsynlegt mál, og ég vildi beina því til hv. 4. þm. Reykv., sem er forstjóri tryggginganna og sjálfsagt verður með í að athuga og endurskoða lögin, hvort ekki sé mögulegt að finna slíkan tekjustofn fyrir tryggingarnar, þar sem slíkar tekjur gætu að minnsta kosti tekið við áföllum í erfiðum árum. Hefur nokkuð verið byrjað á þessu í sambandi við erfðafjárskattinn, þar sem það hefur nú verið ákveðið, að hann skuli renna til þess að standa undir ákveðnu verkefni í sambandi við tryggingarnar, en ég tel, að það þurfi að fara miklu lengra inn á þá braut og að búa verði miklu betur um tekjustofna fyrir tryggingarnar heldur en gert hefur verið, ef það á að vera unnt að uppfylla þau loforð, sem gefin hafa verið í sambandi við lögin, þ. e. að minnka ekki bæturnar eða draga þær saman á einn eða annan hátt, en þar til þeim málum er komið í það horf, sem ég hef lýst, á ég ákaflega erfitt með að fylgja því að leggja þyngri byrðar á tryggingarnar, þar sem ég hef ekki neitt öryggi fyrir því, að þær geti þá staðið við sínar skuldbindingar. Þetta er ástæðan fyrir því, að ég hef ekki viljað fallast á, hvorki nú né fyrr, að bæta útgjöldum á tryggingarnar, nema því aðeins að hægt sé að tryggja á annan hátt tekjur á móti en þann, sem gert er ráð fyrir í lögunum, þ. e. a. s. beint úr ríkissjóði.

Ég skal enn fremur taka það fram hér í sambandi við mæðralaunin, að ég tel, að sú brtt., sem hér er borin fram og er nú ekki neitt nýtt atriði, þar sem hún hefur verið borin fram hér á hverju ári, ætti jafnvel meiri rétt á sér heldur en nokkrar aðrar þær till., sem bornar eru fram á þskj. 468, og hefði ég ákaflega mikla tilhneigingu til þess að geta fylgt henni, að vísu kannske eitthvað breyttri, en því miður get ég ekki á þessu stigi málsins heldur lagt til, að hún verði samþykkt, og hygg ég, að þar fari saman áhugi minn annars vegar og áhugi hv. 8. þm. Reykv., þó að hann hafi af sömu ástæðu lagt til, að þessi till. verði ekki samþ. nú. Við munum bæði hafa þá skoðun, að það væri æskilegt, ef það væri hægt að taka þá till. inn, en hún kostar ríkissjóðinn 600 þús. kr., og mun ekki þykja ástæða til þess að bæta þeim útgjöldum á fjárlögin í ár eins og nú standa sakir. Ég vil hins vegar segja það, að ef það verður endanleg niðurstaða í þessari hv. deild að láta 500 þús. kr. í bókaútgáfu, þá geymi ég mér allan rétt til að athuga afstöðu mína í þessu máli, því að þá tel ég, að þeir hinir sömu menn séu svo bjartsýnir í fjármálum, að þeir ættu ekki að standa á móti 600 þús. kr. framlagi til þess að geta mætt þessum þörfum og óskum fjöldamargra manna í landinu.

Ég mun því greiða atkvæði með frv. eins og það er og greiði á þessu stigi málsins atkvæði á móti brtt. á þskj. 469. Ef þetta mál þyldi bið, hefði ég óskað eftir því, að það yrði ekki afgreitt fyrr en séð væri endanlega fyrir um það mál, sem var hér til umræðu áðan, en ég sé ekki, að það sé mögulegt að draga málið svo lengi, enda er þá möguleiki til þess að taka upp í hv. Nd. þessar till. aftur, ef ske kynni, að hv. Ed. yrði svo bjartsýn á fjárhagsafkomu ríkisins, að það sé óhætt að bæta þar ofan á 500 þús. kr. í öðrum lið, sem ekki er eins aðkallandi að mínu áliti eins og sá, sem hér um ræðir.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mjög, enda sízt ástæða til að deila við hv. þm. Barð. um þetta

efni, því að mér er kunnugt um, að hann segir það rétt, að hann hefur í sínum flokki verið sá maður, sem bezt hefur unnið að framgangi tryggingal. hér á Alþ., sem ég kann honum þökk fyrir.

En út af þeim orðum, sem hann lét falla um athugun ríkisstj. á því, hvað það mundi kosta að fella með öllu niður takmarkanir á lífeyrisgreiðslum samkv. bráðabirgðaákvæðinu, og sérstaklega því, sem hann sagði um að greiða að fullu þeim mönnum, sem orðnir eru 75 ára og eldri, þykir mér ástæða til að benda á nokkur atriði.

Það voru mjög athuguð eftir beiðni ríkisstj. ýmis atriði eða ýmsar hliðar á því að fella niður skerðinguna á lífeyrisgreiðslum og þá sérstaklega fyrir menn, sem hefðu náð vissum aldri. En við þá athugun kom það í ljós, að það var allmikill meiningarmunur milli mín og tryggingaráðs annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar um það, hvernig skyldi afla fjár til þessa. Þeir menn, sem orðnir eru nú 75 ára, hafa engan eyri greitt til almannatrygginganna og aðeins greitt tvö ár lítils háttar til alþýðutrygginganna, sem voru í gildi áður en almannatryggingalögin komu, þannig að í raun og veru hafa þeir menn, sem þessum aldri hafa náð, ekkert borgað til trygginganna. Ef nú væri ákveðið að borga þeim fullan lífeyri í viðbót við lífvænlegar tekjur, segjum 20—30 þús. kr., þá er það í sjálfu sér gott og fallegt. En er það réttlátt og sanngjarnt að leggja iðgjöld á þá, sem nú bera uppi kostnaðinn við tryggingarnar, til þess að greiða þessum mönnum lífeyri í viðbót við lífvænlegar tekjur, þegar þeir hafa engin iðgjöld greitt til stofnunarinnar frá fyrstu tíð? Það er annað atriði. Þetta var ástæðan til þess, að tryggingaráð gat ekki mælt með fyrstu ábendingunni, sem greint var frá í fylgiskjalinu með frv. hér áðan. Tryggingaráð lítur svo á, að það sé ekki réttlátt eða eðlilegt að hækka iðgjöld á almenningi, sem nú stendur undir tryggingunum, til þess að borga lífeyri þeim, sem hafa lífvænlegar tekjur — segjum 20—30 þús. kr. — og ekkert hafa greitt til trygginganna, þó að þeir hafi náð þeim aldri, sem hér var nefndur áðan. Það er mín skoðun, að það sé mjög vafasamt að gera það. Þess vegna hefur tryggingaráð bent á aðra leið í þessu efni, sem það fyrir sitt leyti telur líklegasta, sem sé þá, að athugað verði, hvort ekki sé rétt að breyta ákvæðum l. í það horf, að réttur til ellilífeyris sé ekki eingöngu bundinn við ákveðinn aldur, 67 ár, heldur jafnframt það, að hlutaðeigandi maður hafi látið af störfum.

Markmið og tilgangur trygginganna er ekki út af fyrir sig að greiða lífeyri þegar vissum aldri er náð, heldur að tryggja menn fyrir því, að þegar þeir eru óvinnufærir fyrir aldurssakir, þá skuli þeir hafa rétt á ákveðnum lágmarkstekjum, eða þegar tekjur þeirra falla niður vegna þess, að þeir hafa látið af störfum og ekki getað unnið lengur. Þessi grundvallarregla er líka notuð í tryggingum, sem við höfum sjálfir hér á landi, og það er í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þar er ekki ákveðið, að menn skuli fá eftirlaun eða lífeyri þegar þeir eru orðnir 65 ára og mega hætta störfum, heldur þegar þeir eru orðnir að minnsta kosti 65 ára, ef þeir þá hafa látið af störfum, en meðan þeir halda áfram sínum störfum njóta þeir að sjálfsögðu ekki eftirlauna í viðbót við sín laun. Ég álít, að það sé fullkomlega athugandi, hvort ekki sé vert að færa þessa reglu, sem gildir um tryggingarnar úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, yfir á almannatryggingarnar almennt. Og það er einmitt sú ábending, sem kom frá tryggingaráði til ríkisstj. og hún telur, að mér skilst, að vert sé að athuga í sambandi við endurskoðun á tryggingalögunum fyrir árslok 1954. En það breytir ekki því, að menn, sem eru á tekjubilinu frá 6—9 þús. kr., eiga að minni hyggju að fá rétt til fulls og óskerts lífeyris engu að síður, hvað sem ræðst að því er framtíðina varðar með hina, sem hafa hærri tekjur, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði nokkru sinni gengið svo langt niður í þessu efni, að maður, sem hefur 9000 kr. tekjur og ekki meira, verði talinn halda áfram störfum. Það getur ekki verið nema lítill hluti af hans starfi, sem svarar til slíkra tekna.

Þetta vildi ég nú láta fylgja til skýringar út af þeim orðum, sem hv. þm. Barð. lét hér falla um þetta efni áðan. Ég er honum sammála um þýðingu trygginganna, þær séu orðnar núna svo mikill þáttur í afkomu alls almennings í landinu, að ég hygg, að það komi ekki til mála, að það séu bornar fram í alvöru till. um að skerða þær. Ég skal t. d. benda á það hér í Reykjavík, að þar nema bótagreiðslur Tryggingastofnunarinnar einnar saman nokkuð yfir 3 millj. kr. á hverjum einasta mánuði og það einmitt til þess fólks, sem hefur engar, sáralitlar eða litlar aðrar tekjur heldur en þær bætur, sem úr tryggingunum koma, auk þess sem sjúkrasamlögin greiða fyrir læknishjálp, sjúkrahússvist og annað þess háttar nokkuð yfir eina millj. kr. á hverjum mánuði. Það þarf engum getum að því að leiða, hversu miklu það mundi breyta hjá fólki, ef þessar tryggingar yrðu skertar verulega, að ég ekki tali um, ef þær yrðu felldar niður.

Mér þykir vænt um þau viðurkenningarorð, sem hv. þm. Barð. — og enda líka hv. frsm. — lét falla um nauðsyn mæðralauna. Og ef von væri til þess, að hann gæti fylgt þessari till. með því að fresta afgreiðslu málsins um einn til tvo daga, þá mundi ég að sjálfsögðu ekki vilja missa af þeim líkum. En ekki get ég látið vera að benda á, að þessi áhugi hefur nú komið fram hér fyrr. Ég held, að þetta sé í fjórða skiptið, sem þessar till. eru bornar fram hér á þinginu síðan almannatryggingalögin voru samþykkt, og alltaf hefur þeim verið tekið vel, en aldrei hefur verið svo ástatt með fjármálin eða annað, að hægt væri að samþykkja þær. Ég verð að segja, að þó að mér sé vel kunnugt um það, að erfitt sé að koma saman fjárlögum, þá hygg ég nú, að með samvizkusamlegri leit mætti finna einhverjar fjárveitingar þar, sem jafnvel væru heldur minna aðkallandi en þær 500—600 þús. kr., sem það mundi kosta ríkissjóðinn að samþykkja till. um mæðralaun. Og ég vildi vona, að við nánari athugun á því gætu nú bæði frsm. nefndarinnar og hv. þm. Barð., formaður fjvn., komið auga á eitthvað slíkt, ef ekki væri þá fært að hækka einhverja tekjuliði sem því svaraði, sem ekki er nú óhugsandi heldur.

Að því er snertir ummæli hv. þm. Barð. um nauðsyn þess að finna sérstakan tekjustofn fyrir tryggingarnar, þá er ég honum sammála um það, að það væri mjög æskilegt. Í sjálfu sér er ekki erfitt að benda á einhvern tekjustofn í því efni, heldur liggja erfiðleikarnir sennilega í því, að það er talið, að það séu önnur útgjöld, sem kalli að til þess að verja fénu til. En ég skal aðeins minna á, að tiltölulega nýr skattur eins og söluskatturinn, sem var lagður á í ákveðnu augnamiði, til þess að standast uppbótagreiðslur á útflutningsafurðir og niðurgreiðslur hér innanlands, og nú er áætlað að muni gefa í tekjur á næsta ári í kringum 90 millj. kr., er enn í lögum og enn í fjárlögum, þrátt fyrir það þó að útflutningsuppbætur séu niður felldar og uppbótagreiðslur hafi mjög verið skertar. — Allur kostnaður ríkis og sveitarfélaga samanlagt á öllu landinu vegna tryggingana mun vera í kringum 60 millj. kr. Það eru áætlaðar um 35 millj. kr. í fjárlögum af hálfu ríkissjóðs, og mun vera eitthvað milli 24 og 25 millj. kr. frá sveitarsjóðunum eftir sömu áætlun. Þessar 60 millj. kr. eru þó ekki nema um ⅔ hlutar af því, sem söluskatturinn er áætlaður í frv. hæstv. fjmrh. nú. Nú verð ég að segja það um söluskattinn, að hann er nú einn af þeim sköttum, sem mér er nú verst við af þeim tollum og sköttum, sem nú eru á lagðir. Að sjálfsögðu mætti nokkuð lagfæra það með því að bæta úr verstu smíðagöllunum á honum, þannig að hann sé ekki marglagður á. En ef hann er tekinn á annað borð, þá sýnist mér, að það lægi ekki fjarri að nota hann einmitt í þessu augnamiði. Þetta er aðeins ábending, sem ég legg hérna fram, án þess að mér detti í hug, að á þessu þingi verði nokkru slíku ráðið til lykta. Ég geri mér sem sagt enn vonir um, að við afgreiðslu málsins hér í d. komist menn á þá skoðun, að sú hækkun, sem gert er ráð fyrir að muni leiða af mínum brtt. og nemur fyrir ríkissjóðinn ekki nema eitthvað nálægt 1½ millj. kr., sé ekki svo mikil, að erfiðleikum valdi, og sú hækkun á iðgjöldum, sem gert er ráð fyrir að komi á iðgjaldagreiðendur, 15—20 kr. í grunn á hvern, sé ekki svo mikil, að ekki sé beinn vinningur að því að fá fyrir það þau auknu fríðindi og þær auknu bætur, sem þetta mundi gera tryggingunum fært að greiða af hendi.

ATKVGR.
Brtt. 468,1 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, BrB, HG, JJós.
nei: KK, LJóh, RÞ, SÓÓ, ÞÞ, GJ, BSt.
6 þm. (PZ, VH, BBen, FRV, GÍG, HermJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 468,2 felld með 7:4 atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 468,3 tekin aftur.
— 468,4 felld með 7:4 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 502).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var til 1. umr. í þessari hv. d. á fundi í gær og var þá vísað til heilbr.- og félmn. Nefndin hélt fund og tók málið til afgreiðslu í morgun. Nál. mun vera á leiðinni, en er nú ekki komið fram. N. varð ásátt um að leggja til, að frv. yrði samþ. Þrír nm. tóku þó fram á fundi í n., að þeir hefðu fyrir sitt leyti kosið, að gerðar yrðu meiri breyt. á lögum um almannatryggingar heldur en þær, sem felast í þessu frv. En með tilliti til þess, að ætla má, að síðar á þessu þingi verði lagt fram annað frv. um breyt. á almannatryggingalögunum, þá falla þessir nm. frá því að flytja brtt. um mæðralaun og fleiri atriði, sem snerta þessa löggjöf. Á hinn bóginn hafa 3 nm. áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við eina grein þessa frv. eða fylgja brtt., ef fram kæmu um það atriði. — En ég ítreka það að lokum, að nefndin mælir með því, að frv. þetta verði samþ. hér í hv. d.

Kristín Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég er hérna með skriflega brtt., sem hljóðar á þá leið, að 2. gr. frv. orðist svo:

„Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. jan. 1947. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan."

Við höfum flutt þessa till. hv. 3. landsk., hv. 10. landsk. og ég. — Þessi smábreyt. við 2. gr. frv. er í stuttu máli fólgin í því, að lögin verka nokkuð aftur fyrir sig, svo að þær ekkjur og fráskildar konur, sem um er talað í 2. gr. frv.,

fá bæturnar greiddar frá þeim tíma, er þær urðu einar að sjá um framfærslu barna sinna. Vitanlega hafa flestar þessar konur átt í ákaflegum fjárhagslegum erfiðleikum og basli, og væri að mínum dómi sanngjarnt og eðlilegt að bæta þeim það að einhverju leyti. Samkv. útreikningi frá hr. Ólafi Sveinbjörnssyni framfærslufulltrúa Reykjavíkurbæjar nemur þetta ekki hárri upphæð, sennilega aðeins um 20—30 þús. kr. Till. er samin í samráði við hr. Ólaf Sveinbjörnsson og Hallgrím Dalberg fulltrúa í félmrn., sem telur sig vera þessu fylgjandi. Vona ég, að hv. d. geti fallizt á þetta sjónarmið og samþykki þessa till.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hv. 9. landsk., hv. 3. landsk. og hv. 10. landsk. Brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 505) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég skal ekki tala hér langt mál. Frsm. heilbr.- og félmn. gat þess, að á framhaldsþinginu eftir áramót mundi þurfa að gera breytingar á þessari löggjöf í sambandi við það samkomulag, sem orðið hefur í vinnudeilunni nú, og vil ég þá staðfesta það og lýsa því yfir, að það verður undirbúið frv. um breyt. á almannatryggingalögunum í samræmi við það samkomulag, sem orðið hefur varðandi þau ákvæði. Hins vegar er nauðsynlegt að samþ. nú þetta frv., sem fyrir liggur, vegna ákvæðanna um það, sem í frv. eru, að enn skuli framlengd ákvæðin um skerðingu. En þar sem nú er fyrirhugað, að Alþingi verði frestað í dag, ef unnt er, þá vildi ég leyfa mér að leggja hina mestu áherzlu á það, að þetta frv. yrði nú samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir, því að það er þá hægt að taka upp breytingar, sem hv. þdm. hafa áhuga fyrir, þegar þingið kemur saman aftur til framhaldsfunda eftir áramótin.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér efnishlið þeirrar till., sem hér var lýst áðan af hv. 9. landsk. í þessu atriði, en vil bara benda á það, að það gefst tækifæri síðar til þess að koma að þeim till. til breytinga á almannatryggingalöggjöfinni, sem menn hafa áhuga fyrir, þó að þetta frv. nú yrði samþ. Hefði ekki verið í frv. þetta ákvæði um skerðingu ellilífeyris, sem annars kemur til framkvæmda að öllu leyti um áramótin, þá hefði ekki verið ástæða til þess að ljúka afgreiðslu þessa máls nú, en eins og ástatt er, þá er talið nauðsynlegt að gera það. Ég vildi því leyfa mér að beina því til hv. flm. þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, hvort þeir gætu ekki sætt sig við að draga hana til baka að þessu sinni og taka þá málið upp aftur á framhaldsþinginu.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): 2. gr. þessa frv. fjallar um það, að nýtt ákvæði komi inn í lögin um almannatryggingar, — ákvæði, sem felur í sér það, að þær íslenzkar konur, sem gifzt hafa erlendum mönnum, njóti sama réttar og ekkjur og fráskildar konur hafa nú samkv. löggjöfinni, ef þessir erlendu menn hafi skilið við konur sínar eða yfirgefið þær, en konurnar dvelji á Íslandi og börn þeirra. Í grg. þessa frv. er sú skýring gefin á þessu ákvæði, að samkv. framfærslulögum og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna hafi konum, sem höfðu átt óskilgetin börn með erlendum mönnum, sem verið höfðu hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, verið veittur skilyrtur réttur til þess, að valdsmaður úrskurðaði þeim lífeyri og kostnað með börnum þeirra á hendur Tryggingastofnun ríkisins, sem síðan greiddi út lífeyrinn mánaðarlega, en að óbreyttri löggjöfinni hafi konur, sem hafi átt óskilgetin börn með hinum erlendu hermönnum, verið betur settar hvað snertir greiðslu lífeyris heldur en þær konur, sem gifzt hafi hermönnum og átt börn með þeim í lögmætu hjónabandi, hafi hjónabandið síðan slitnað. 2. gr. þessa frv. miðar að því að brúa þetta bil, jafna þann mismun, sem þarna er á milli. Eins og frv. er nú, þá er gert ráð fyrir, að þessi mismunur jafnist um leið og lögin öðlast gildi, þ. e. a. s. frá og með 1. jan. 1953. — En í brtt. þeirri, sem lögð hefur verið fram og hv. 9. landsk. þm. mælti fyrir, er sú efnisbreyting, að gert er ráð fyrir, að þetta ákvæði verki aftur fyrir sig um 5 ára skeið, þ. e. a. s., að miðað verði við 1. jan. 1947. Þetta er sú efnisbreyt., sem í till. þeirri felst, sem hv. 9. landsk. gerði hér grein fyrir. Þetta atriði var nokkuð rætt í n. við afgreiðslu málsins, og vildi n. í heild ekki taka upp þessa brtt. Ég fyrir mitt leyti teldi eðlilegast að hafa nú þann hátt á, sem hæstv. forsrh. drap á að bezt væri, að samþ. nú þetta frv. óbreytt, en taka síðan til athugunar aðrar breytingar í sambandi við endurskoðun á þessu máli, sem mun verða óhjákvæmilegt að fram fari síðar á þessu þingi.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vildi aðeins mæla örfá orð til stuðnings þeirri brtt., sem meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur flutt hér varðandi 2. gr. Stafar það af því, að ég hef orðið í starfi mínu margsinnis var við það herfilega misrétti, sem þær konur, sem giftar hafa verið erlendum mönnum, en þeir yfirgefið þær, hafa verið beittar í þessum efnum. Síðan tryggingalögin voru sett, 1946, hefur ástandið verið þannig hér á landi, að íslenzkar konur, sem áttu óskilgetin börn með erlendum mönnum, fengu meðlag með þeim, en íslenzkar konur, sem voru giftar erlendum mönnum og átt höfðu með þeim skilgetin börn, en mennirnir yfirgefið þær, skilið við þær, voru skör lægra settar og fengu engin meðlög. Nú hefur það hvað eftir annað komið fyrir og verið mælzt til þess við félmrn., að þetta yrði lagfært. Og þó að það hafi nú dregizt, verð ég að fagna, að 2. gr. þessa frv. er lagfæring á þessu. Hins vegar nær hún allt of skammt, því að það er sjálfsögð réttlætiskrafa, að þetta misrétti, sem þessar íslenzku konur, tiltölulega fáar, hafa orðið fyrir, verði leiðrétt alla leið frá gildistöku tryggingalaganna, eða sem sagt frá og með árinu 1947. Annað væri mikið misrétti og í rauninni ekki sæmandi Alþ. að setja þannig þær konur, sem átt hafa óskilgetin börn með erlendum

mönnum, framar um styrk eða meðlög þeim konum, sem hafa verið giftar erlendum mönnum og átt með þeim börn. Það er þetta misrétti, sem mér virðist að till. meiri hl. heilbr.- og félmn. fari fram á að leiðrétta, eins og er alveg sjálfsagt. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að það stafi aðeins af vangá í félmrn., — það væri gott, ef hæstv. félmrh. hefði tíma til að hlusta á þessar umr., — ég vil taka það fram aftur, að ég hef ástæðu til að ætla, að það stafi af hreinni vangá í félmrn., að frv. er ekki þannig úr garði gert eins og meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til. Sá fulltrúi í rn., sem hefur haft með undirbúning þessa máls að gera, hefur tjáð mér það, að það hafi verið tilætlunin, að frv. yrði eins og meiri hl. n. leggur til, en hér sé sem sagt um misgáning að ræða. Hér er um mjög smávægilega upphæð að ræða, eins og hv. 9. landsk. tók fram, líklega milli 20 og 30 þúsund, og sýnist mér sjálfsagt, að Alþ. færi þetta í sæmilegt horf og láti þessar konur njóta jafnréttis.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil aðeins út af þessari till., sem hér er rætt um og hv. 7. þm. Reykv. minntist nú á, og út af því, sem hann sagði síðast í sinni ræðu um það, að hér væri aðeins um mjög smávægileg útgjöld að ræða, taka það fram, að forstjóri almannatryggingarnna hefur sagt mér, að um það hafi enginn útreikningur farið fram og það viti enginn, hvað þetta kosti. Þess vegna vil ég enn endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er miklu réttara að mínum dómi að fresta þessu um sinn fram yfir áramótin og láta athuga, eins og alltaf er gert, þegar um breyt. á almannatryggingalögunum er að ræða, hvað breyt. kosta o. s. frv., en fara ekki að samþ. þetta nú hér í síðari deildinni við 2. umr., eins og nú er gert ráð fyrir. Það getur líka orðið til þess, að erfiðara verði að afgr. málið áður en Alþ. er frestað. Virðist mér það óþarfastifni af hv. flutningsmönnum till. að geta ekki frestað þessu máli, úr því að það er gefin yfirlýsing um það, að frv. um breyt. á almannatryggingalöggjöfinni verði lagt fram á framhaldsþinginu eftir nýár. En ef þessi till. verður ekki dregin til baka, þá vil ég leyfa mér að mælast til þess við hv. þdm., að þeir felli till.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 505 felld með 15:8 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 506).

---

55. Bráðabirgðafjárgreiðslur 1953.

Á 42. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953 [189. mál] (þmfrv., A. 490).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði nú búizt við því, að það mundu fylgja nokkur orð úr garði, annaðhvort frá hæstv. fjmrh. eða frá fjhn., um þetta frv., sem við í fjhn. höfum flutt hér eftir beiðni ríkisstj., en höfum hins vegar óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Eins og hv. þm. sjá, þá fer þetta frv. fram á, að ríkisstj. sé heimilað að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir þetta ár gjöld, sem þyrfti að greiða á fyrsta mánuði næsta árs. Ég hafði nú haldið, að hæstv. fjmrh. eftir hans mjög svo miklu yfirlýsingar og hans mikla lof um hans eigin fjármálastjórn mundi reyna að sjá til þess, að fjárlög yrðu afgreidd á þessu þingi, og mér finnst satt að segja lítið leggjast fyrir kappann, að hann skuli nú fara fram á það, sem hæstv. ráðh. hefur fordæmt mest hjá öðrum ríkisstjórnum, að biðja nú þingið um að veita sér bráðabirgðafjárgreiðsluheimildir í janúarmánuði næsta árs, en treysta sér ekki til þess að ljúka fjárlögunum áður en þetta þing tekur jólaleyfi. Ég þykist vita, af hvaða ástæðum hæstv. ríkisstj. muni ekki treysta sér til þess að ljúka fjárlögum. En sannleikurinn er, að þær ástæður, sem ég veit að hún muni færa fram, er ekki hægt að taka gildar. Ég þykist vita, að hún muni bera því við, að vegna þess verkfalls, sem nú sé búið að standa í 18 daga í landinu, sjái hún ekki, hvernig hún eigi að afgr. fjárlög, meðan ekki sé vitað, hvernig það leysist. Hæstv. ríkisstj. var það kunnugt mánuði áður en verkfallið skall á, að það verkfall var í undirbúningi. Og henni hlaut að vera það því kunnugra sem að nokkru leyti hennar eigin stuðningsflokkar á meðal verkalýðsfélaganna standa að ákvörðuninni um verkfallið. Hún vissi þess vegna, að það var algert samkomulag milli verkamanna af öllum flokkum í landinu um þetta verkfall 1. desember. Og hæstv. ríkisstj. vissi, að það var á hennar valdi fyrst og fremst og á hennar ábyrgð að sjá um að gera atvinnulífinu í landinu mögulegt að leysa þetta verkfall, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ýmist tekið sér eða notað áfram gamlar heimildir til þess að hafa allt vald í sínum höndum yfir öllu atvinnulífi okkar lands. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess að slaka nokkurn skapaðan hlut á þeirri kló. Hún hefur látið sína flokka hér í þinginu leggjast á móti hvaða till. sem fram hefur komið um að gefa atvinnulífinu eitthvert frjálsræði, til þess að það gæti sjálft svo að segja fengið að standa undir sér og gæti sjálft samið við verkamenn um þá kauphækkun, sem meira að segja atvinnurekendur viðurkenna að þeir þurfi að fá.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekki látið svo lítið allan þennan tíma, í þessa 18 daga, að ræða þetta verk-

fall við Alþingi. Aðeins í þeim umr., sem fram fara svo að segja utan við þær daglegu afgreiðslur, sem sé eldhúsdagsumræðunum, hefur verkfallið raunverulega verið rætt. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki látið svo lítið sem að gefa neinar skýrslur um neinar hugmyndir, sem hún hefði í þessu efni, né að ræða við Alþingi, því síður að leita nokkurra tillagna. Það er sami einræðishátturinn í meðferð hæstv. ríkisstj. á þessu máli eins og er í allri afstöðu hennar gagnvart Alþ. Þetta er raunverulega því harðvítugra sem með núgildandi lögum hæstv. ríkisstj. og hennar fjárhagsráði er lagt á herðar alveg skýrt og skorinort að sjá um, að verkamenn á Íslandi hafi réttlátar tekjur og hafi næga og örugga atvinnu. Hæstv. ríkisstj. er beinlínis að brjóta bein lagafyrirmæli, þegar hún skeytir ekki meira um ástandið hjá þjóðinni heldur en hún hefur gert núna. Ef hæstv. ríkisstj. skyldi vera búin að gleyma því, þá skal ég lesa upp fyrirmælin um, við hvað fjárhagsráð hennar skuli miða sín störf, þegar það stjórnar raunverulega öllu okkar atvinnulífi. Þar er tekið fram í fyrsta lagi, að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna. Í öðru lagi, að öllum vinnandi mönnum og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku. „Séu tryggðar réttlátar tekjur“, er sagt í lögum, sem hæstv. ríkisstj. er bundin af, lögum frá 1947. Og það er engum efa bundið, að það, sem þá vakir fyrir löggjafanum, er, að tekjur verkalýðsins þá séu ef til vill ekki að öllu leyti réttlátar, að þær mættu gjarnan ef til vill vera nokkru hærri og ríkisstj. eigi að stuðla að því með því að auka afkastagetu landsmanna og með öðrum þeim ráðstöfunum, sem henni er falið að gera. Engum þeim þm., sem samþykkti þessi lög 1947, hefði dottið í hug að skilja þau á þann hátt, að það ætti að fara kerfisbundið að rýra lífskjör vinnandi manna frá því, sem þá var. Og þó er svo komið nú, og því er ekki neitað af hæstv. ríkisstj., að þær tekjur, sem verkamenn hafa nú, eru hvað raunverulegan kaupmátt snertir, ef tillit er tekið bæði til rýrnunar á kaupgildi tímakaupsins og til atvinnuleysisins, varla meira en helmingur eða lítið meira en helmingur á við það, sem var 1947. Svona hefur hæstv. ríkisstj. staðið sig í því að tryggja réttlátar tekjur. Hafi eitthvað skort á, að það væri fullt réttlæti þá, þá er búið að skapa stórkostlegt ranglæti núna, og hæstv. ríkisstj. er beinlínis að brjóta lög með sínu algera sinnuleysi og skeytingarleysi um öll okkar atvinnumál, en halda jafnharðvítuglega eins og hún hefur gert á öllu því einokunarvaldi, sem hún hefur.

Hins vegar, þó að hæstv. fjmrh. hirði lítið um, hvernig lög séu framkvæmd og hvort lög séu látin vera í gildi, að svo miklu leyti sem kemur til afkomu og tekna verkamanna, þá skiptir dálítið öðru máli, þegar um er að ræða að rukka inn tekjur ríkissjóðs. Ég hef skýrt hérna frá því, þegar hér hefur verið fjallað um einn aðaltekjustofn ríkisins, söluskattinn, hve harðvítuglega hafi verið gengið að, þannig að á ábyrgð hæstv. fjmrh. hefur verið lokað iðnaðarfyrirtækjum og söluskatturinn krafinn af þeim með slíkri harðýðgi, að þau hafa farið út í það að brjóta þau lög, sem fyrirskipa þeim að borga verkamönnum út vikulega, og ekki gert það. Og nú síðast býst ég við, að það hafi skeð, sem gjarnan má vafalaust vitnast hér, að lokað hafi verið hjá Ríkisskip vegna söluskattsinnheimtu, eða a. m. k. hótað með klukkutíma fyrirvara að gera það. Máske gæti hæstv. fjmrh. gefið upplýsingar um það, hvort lögreglan hafi ekki verið í þann veginn að loka hjá Ríkisskip eða jafnvel lokað þar út af vangreiðslu á söluskatti og hvort Ríkisskip til þess að greiða söluskattinn til hæstv. fjmrh. hafi gripið til þess að svíkjast um að borga út laun, hafi ekki borgað út full laun eins og því ber. M. ö. o., söluskatturinn til ríkisins, skattur heimtur af vörum, sem ekki eru seldar, sem atvinnurekendur t. d. verða að greiða fyrir fram, er innheimtur með þannig harðýðgi, að fjölmargir atvinnurekendur hér í Reykjavík, t. d. iðnrekendur, hafa greitt söluskattinn til þess að forðast lokun fyrirtækjanna hjá sér, en látið það ganga út yfir verkafólkið, þannig að þeir hafa ekki greitt verkafólkinu kaupið vikulega, heldur verið með smápíring í það hægt og hægt. Og núna, þegar fjöldi manna er búinn að standa 18 daga í verkfalli hérna í Reykjavík, eiga þeir kaup inni hjá atvinnurekendum fyrir nóvembermánuð enn þá, einmitt fyrst og fremst vegna þess, hvernig hæstv. fjmrh. lætur fógetavaldið ríða húsum í atvinnulífi þjóðarinnar. Og nú er þetta komið svo, að meira að segja fyrirtæki ríkisins sjálfs, þ. e. Ríkisskip, er lokað eða hótað að loka því, nema því aðeins að gripið sé til þess að taka kaup, sem á að borga verkamönnum út og starfsmönnum, og fresta útborgun launa og brjóta þar með lög. Það er rétt að vekja athygli á því, hvernig ástatt er í þessum efnum.

Ef hæstv. ríkisstj. hins vegar gefst upp við að afgreiða fjárlög, þá er náttúrlega ákaflega erfitt að neita henni um fjárgreiðslur í janúarmánuði næsta árs. Það sér náttúrlega hver maður. Það er ákaflega erfiður hlutur. — Þær ríkisstjórnir, sem áður sátu hér að völdum, voru nú ekki með nein mjög harðvítug loforð um að afgr. endilega fjárlög fyrir nýár. Það er fyrst núverandi hæstv. ríkisstj., sem hefur byrjað hvert þing með því að hæla sér af því, að það sé nú einhver munur á henni eða þessum dæmalausu amlóðum, sem hafi alltaf verið hérna á undan. T. d. Framsfl. hefur nú verið óspar á að segja: Ja, þegar Sjálfstfl. fór með fjármálastjórn, það var nú hrottalegt ástand. Það er nú eitthvað annað, þegar Framsfl. er tekinn við fjármálastjórn. — Þess vegna skil ég nú náttúrlega að sumu leyti feimnina hjá hæstv. fjmrh. og hans fulltrúa í fjhn., að þeir kjósi ekki að segja neitt sérstaklega mikið með þessu litla frv. En mér hefði fundizt, að það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað gert, hefði verið að ræða hér, þótt stutt væri, við Alþ. um það ástand, sem væri í landinu, um þau vandkvæði, sem hún sæi að skapazt hefðu út frá því ástandi, um hennar till. til lausnar á þessu ástandi, — það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað gert, áður en hún fór fram á þá heimild, sem nú er ætlazt til að við gefum henni. Þetta vildi ég láta koma fram út af þessu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við ræddum þetta mál nokkuð hér áðan, en það vantaði þó á, að hæstv. ríkisstj. léti í ljós sína skoðun viðvíkjandi afgreiðslu fjárlaganna og lausn þeirra mála, sem ég þar kom inn á.

Við 1. umr. þessa máls hafði ég sýnt fram á, að hæstv. ríkisstj. bæri lagaleg skylda til að tryggja öllum Íslendingum, sem unnið gætu, örugga og nægа vinnu og réttlátar tekjur fyrir sína vinnu, og ég hef sýnt fram á, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur notað þetta vald, sem hún hefur haft, til þess að rýra stórum afkomu almennings frá því 1947, er l. eru sett, og þar til nú. Á sama tíma hins vegar sem þessi þróun hefur átt sér stað viðvíkjandi afkomu almennings, hefur hæstv. ríkisstj. haft meiri möguleika en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. hefur haft áður til þess að bæta kjör almennings og viðtækara vald. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur á þessum árum fengið yfir 400 millj. kr. í gjöf erlendis frá, og í staðinn fyrir að nota þetta fé að einhverju leyti til þess, að alþýðu manna gæti liðið betur hér á Íslandi, þá hefur hún notað þetta fé til þess að rýra í krafti þess valds, sem hún hafði yfir peningum og auði, lífskjör almennings þess, sem bágast á. *Engin ríkisstj., sem hefur haft önnur eins fjárráð eins og þessi hæstv. ríkisstj.*, hefur notað þau eins illa gagnvart almenningi eins og hún hefur gert. Og nú situr hæstv. ríkisstj. uppi með gildari sjóði en nokkur ríkisstj. áður hefur haft hér á Íslandi. Hún situr uppi með sjóði, þar sem í eru enn þá milli 2 og 3 hundruð millj. kr. eins og í mótvirðissjóðnum. Ísland hefur aldrei verið eins ríkt eins og það er núna. En ekkert af þessu er notað til þess að gera almenningi mögulegt að lifa betur í landinu.

Á sama tíma hins vegar sem hæstv. ríkisstj. þannig hefur meiri umráð yfir fé heldur en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. hefur haft fyrr, þá gengur hún harðvítugar fram í því að raka fé af almenningi. Ég ræddi um það við 1. umr. þessa máls, hvernig farið hefði verið að viðvíkjandi innheimtu söluskattsins og hvað hart hefði verið gengið þar fram og hvernig það hefði verið látið bitna á verkamönnum og starfsmönnum, m. a. hér í Reykjavíkurbæ, þannig að ríkisstj. hefði bókstaflega pískað atvinnurekendur til lögbrota og brotið þannig 50 ára gömul l. um að greiða kaup vikulega og greiða það út í peningum. En það er ekki nóg með, að hæstv. ríkisstj. hafi gengið svona hart að. Ríkisstj. hefur á sama tíma reytt fé af almenningi án þess að hafa til þess nokkra lagaheimild.

Á síðasta ári lætur ríkisstj. taka af almenningi um 60 millj. kr. í bátagjaldeyri; á þessu ári býst ég við, að hún sé búin að láta taka af almenningi yfir 40 millj. kr. í bátagjaldeyri; til samans, frá því að það fyrirkomulag var tekið upp, vafalaust yfir 100 millj. kr. Hún hefur jafnframt pínt almenning til þess að borga út — líklega svona 40 millj. kr. sem þóknun til einstakra aðila fyrir að rukka inn þennan ólöglega bátagjaldeyri. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. tekið fé af almenningi án lagaheimildar, sem nemur margföldu því verðmæti, sem deilt er um milli verkamanna og atvinnurekenda í núverandi kaupdeilu.

Hæstv. ríkisstj. hefur sem sé bæði tekið fé — og það með ólöglegu móti — af almenningi, sem nemur meiri upphæðum en þeim, sem almenningur nú krefst að fá í kjarabætur, og þar að auki situr ríkisstj. sjálf yfir sjóðum upp á hundruð millj. kr., sem menn héldu að ættu að vera m. a. til þess að bæta að einhverju leyti kjör manna hér á Íslandi, en ekki bara til þess að skapa hér harðvítugra auðvald en menn nokkurn tíma áður höfðu kynnzt. Svo er það eina, sem við höfum heyrt frá hæstv. ríkisstj. af hennar till. í sambandi við launadeiluna, sem yfir stendur, að hún muni gefa ýmis loforð um einhverjar niðurborganir og lækkanir á verði á vörum. En á sama tíma virðist hún áskilja sér áfram að hafa það einræðisvald, sem hún hefur tekið sér ólöglega, til að leggja bátagjaldeyrinn á, — hún vill hafa það vald áfram til að geta lagt bátagjaldeyri á fleiri vörur en nú er gert, sem þýðir, að hún getur lagt bátagjaldeyri á vörur, sem ekki koma inn í vísitöluna, aukið þannig dýrtíðina á öllum þeim vörum, sem ekki koma inn í vísitöluna, og gert þannig kjör almennings mun lakari en áður.

Ég held, að það hefði verið viðkunnanlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að ræða öll þessi mál nokkuð við Alþingi, áður en hún reynir annaðhvort að *gera mislukkaðar tilraunir* til þess að leysa þau sjálf eða lætur allt atvinnulífið stöðvast, þegar sú ábyrgð hvílir á hennar herðum að halda því gangandi. Að vísu er það ekki neitt nýtt um ríkisstj., sem Sjálfstfl. og Framsfl. mynda. Það lá nákvæmlega sama við hér 1944, í september, þegar verkföll stóðu hér yfir þá og þáverandi ríkisstj., sem m. a. hæstv. viðskmrh. átti sæti í, sá engan möguleika til að verða við því að hækka kaup verkalýðsins. Hæstv. viðskmrh. man það vafalaust, að hann lagði þá fram hér ásamt öðrum meðráðherrum sínum stjórnarfrv. fyrir Alþingi, þar sem fyrirskipað var með lögum að lækka kaup um 10%. Þá, í september 1944, sáu hann og framsóknarmennirnir, sem með honum voru í stjórn, ekki neina aðra möguleika og ekki neitt annað svar við verkföllum verkalýðsins. Þá voru þó málin rædd í Alþ. og rædd á milli stjórnmálaflokka. Og þá var það Framsfl., sem skarst úr leik í þeim umr. og hætti öllu samstarfi stjórnmálaflokkanna til þess að reyna að leysa verkfallsmálin, sem þá stóðu yfir. Og hvað gerði Framsfl. þá? Hann skoraði á Sjálfstfl. með bréfi, sem hann sendi í októberbyrjun 1944, að mynda stjórn með sér. Og Tíminn, svo lengi sem hann þá kom út, — það var m. a. prentaraverkfall þá, sem stoppaði blöðin, — lét það í ljós, að það væri um að gera, að atvinnurekendur stæðu sem allra harðvítugast á móti verkamönnum og létu ekki undan kaupkröfum þeirra. Það væri það skaðlegasta af öllu, ef atvinnurekendur yrðu við kröfum verkamanna til kauphækkunar. Það væri betra, að allt atvinnulíf stöðvaðist. Framsfl. sýndi þar sinn hug til atvinnulífsins. Hann

reyndi að stappa stálinu í atvinnurekendur til að leggja út í mánaðalöng verkföll, standa í mánaðalöngum verkföllum, eyðileggja atvinnulíf þjóðarinnar mánuðum saman frekar en láta undan. Þá átti þjóðin um 500 millj. kr. í inneignum erlendis, og stór auður var samansafnaður hér innanlands. Engu að síður mátti ekki eiga sér stað að láta verkalýðinn fá nokkurn hluta af þessu. Og Framsfl. skoraði þá á Sjálfstfl. að hætta öllum þessum umr. við verkalýðsflokkana og mynda stjórn með sér, stjórn, sem léti hart mæta hörðu, hvað sem það kostaði fyrir atvinnulífið.

Framsfl. tókst ekki þá að fá slíkar till. fram. Honum tókst ekki þá að stöðva atvinnulíf þjóðarinnar mánuðum saman. Sjálfstfl. tók þá höndum saman við aðra stjórnmálaflokka hér á Alþingi og myndaði ríkisstj. til hagnýtingar á þeim innstæðum, sem þjóðin átti erlendis, og það sýndi sig, að það var hægt að hækka kaup verkalýðsins. Það var hægt að tryggja honum góð kjör. Það var hægt að leiða yfir íslenzka alþýðu mesta blómatímabil, sem hún hefur upplifað efnahagslega séð, þótt Framsfl. sæi enga möguleika til þess og Sjálfstfl. væri tvístígandi, sérstaklega sá hluti hans, sem hæstv. viðskmrh. er fulltrúi fyrir. Og ég vil aðeins taka það fram út af því, að ég veit, að hæstv. ríkisstj. fæst ekki til að ræða um þetta öngþveiti, það öngþveiti, sem hún hefur komið þjóðfélaginu í, að það eru sömu möguleikarnir nú til þess að leysa þessi mál eins og voru þá. Það stendur ekki á því, að atvinnurekendur og verkamenn geti komið sér saman, ef þeir fengju að vera frjálsir og lausir við öll afskipti ríkisstj. og ef ríkisstj. léti svo lítið að koma hvergi nokkurs staðar nærri atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar.

Það var hér áðan verið að fella frv. um sölu og útflutning á vörum, um að gefa Íslendingum frjálst að mega selja vörur út úr landinu, eftir margendurteknar yfirlýsingar um það, að svo framarlega sem Íslendingar hefðu þetta frelsi, þá gætu atvinnurekendur og verkamenn sjálfir komið sér saman um sín mál. En hæstv. ríkisstj. veit, hvað hún mundi missa við það. Einokunarklíkan, sem ræður í okkar landi, veit, hvað hún mundi missa. Hún mundi missa tökin á útflutningnum og innflutningnum og á því að geta rakað til sín fé í skjóli þessa. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram í sambandi við umr. um þetta mál.

Hæstv. ríkisstj. hefur haft næga möguleika til þess að ræða þessi mál hér á Alþingi. Það hefur sýnt sig hér áður, þegar þjóðin hefur verið í svipaðri aðstöðu eins og nú, að ef málin hafa verið rædd hérna og ef flokkarnir hafa óháðir fengið að ganga að samningaborðinu, þá hefur verið hægt að finna góðar leiðir út úr vandræðum þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Stjórnin á það samkv. l. og samkv. því valdi, sem hún hefur, en fyrst hæstv. stjórn ekki treystir sér til þess að stjórna landinu þannig, að verkamenn hafi réttlátar tekjur og næga og örugga atvinnu, þá á hún að segja af sér. Henni ber lögum samkv. að stjórna landinu þannig, og því hefur hún brugðizt. Og hefði hún einhverja sómatilfinningu, þá ætti hún að vera búin að segja af sér. Ég sagði þetta í eldhúsumr., og það hefði hæstv. ríkisstj. átt að vera búin að taka sér til inntekta og segja af sér síðan; það var nógur tími. (**Viðskmrh.**: Hv. þm. hefur þá bara skipt um skoðun.) Síðan. Nei, nei, ég sagði, að hún ætti að gera þetta þá, og nú hefur hún ekki reynzt fær um að gera það, eins og ég raunar bjóst nú við fyrir fram. Ég var bara hins vegar að taka fram við hæstv. ríkisstj., hvað það væri, sem henni bæri að gera samkv. l., vegna þess að henni er venjulega ákaflega óljóst, hvað hún á að gera samkv. lögum, og hæstv. viðskmrh. allra manna mest, því eins og hann man sjálfur, þá var það hann, sem gataði í fjárhagsráðslögunum um bátaútvegsgjaldeyrinn. Hann hélt, að hann gæti stuðzt þar við 11. og 12. gr. og seinast við 13. gr., og þær brotnuðu allar saman undan honum, svo að hæstv. viðskmrh. á nú ekki að fara of langt í að reyna að sítera l., því að hæstv. ríkisstj. styðst yfirleitt ekki svo sérstaklega mikið við lög. Hins vegar, eins og ég tók fram áðan, svo framarlega sem stjórnarfl. væru óháðir, þá hefði verið ákaflega auðvelt að leysa þessi mál, en það, sem gerir gæfumuninn frá því 1944, þegar þjóðin stóð í svipaðri aðstöðu, er, að báðir þessir flokkar, sem núna ráða landinu, Framsfl. og Sjálfstfl., hlýða erlendum fyrirskipunum, eru báðir háðir erlendu valdi um, hvernig þeir eigi að stjórna efnahagsmálum Íslands. Það er búið að binda þá þannig á klafa í gegnum þær gjafir, sem þeir hafa fengið erlendis frá, að þeir treysta sér ekki til að stjórna atvinnulífi Íslendinga eins og væri heppilegast fyrir þjóðina. Það hefði verið hægt til þess að leysa yfirstandandi deilu að lækka vextina stórkostlega. En ár frá ári hafa vextirnir verið hækkaðir til þess að gera atvinnurekstrinum sem þyngst fyrir, en til þess að safna því stærri sjóðum hjá þeim, sem hafa ekkert að tapa, bæði bönkunum og okrurunum. Og það hefur verið gert í samráði við þann alþjóðabanka, sem hæstv. ríkisstj. er búin að gera okkar þjóðbanka háðan. Það hefði verið hægt að lækka olíuverðið og það miklu meira en um þær 40 krónur, sem hæstv. ríkisstj. var að stinga upp á. Það lá nýlega hérna fyrir, að 120 krónur var vel hægt að gefa eftir, þegar olíuhringarnir hafa verið að semja við innkaupastofnun ríkisins, þannig að það er tiltölulega lítið að tala um það, á sama tíma og olían er að lækka í Bretlandi, að það væri eitthvert stórt framlag hér að lækka olíutonnið um 40 krónur til bátanna. Það hefði verið hægt að minnka stórkostlega þann gróða, sem einokunarhringarnir hér á Íslandi hafa haft. Og það var hægt að gera það áður en núverandi verkfall hófst, svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. hefði haft áhuga fyrir að lina dýrtíðina, sem almenningur býr við, á kostnað þeirra auðugustu í þessu landi og erlendis. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert það. Hún hefur haft alla möguleika til þess, en hún hefur ekki gert það, ef til vill vegna þess, að hún tekur meira tillit til þess, sem hennar Benjamín og hans útlendu yfirboðarar segja, heldur en til þarfa íslenzks almennings.

Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við þetta mál, sem við ræðum hérna, ekki sízt vegna þess, að ég veit, að hæstv. ríkisstj. treystir sér jafnlítið til þess að standa fyrir sínu máli hér á Alþingi eins og hún treystir sér til þess frammi

fyrir fólkinu í landinu. Hún lætur birta blekkingarkenndar áróðurstillögur frá sjálfri sér, útilokar meira eða minna helming landsbúa, sem meira eða minna stendur að því verkfalli, sem núna er háð, frá því að koma fram með sínar skýringar og sínar kröfur í ríkisútvarpinu.

Ég álít allt þetta framferði ríkisstj. í sambandi við verkfallsmálin vera hreinustu hneisu, og það er á ábyrgð ríkisstj., hvernig nú er komið efnahagsmálunum í okkar þjóðfélagi. Það var á hennar valdi að leysa þessa deilu áður en hún hófst. Það hefur verið á hennar valdi að leysa hana allan þennan tíma. Og það er uppgjöf hjá hæstv. ríkisstj., þegar hún núna treystir sér ekki til þess að afgr. fjárlög og neyðist nú til þess, eftir öll þau stóru orð fjmrh., að fara fram á það við Alþingi að gefa sér bráðabirgðafjárgreiðsluheimildir, eins og fyrir liggur í þessu frv.

Ég vildi sem sé aðeins ítreka þetta við þessa 2. umr. málsins, til þess að hæstv. ríkisstj. hefði nægilega oft tækifæri til þess að koma fram með sínar skoðanir hér á Alþingi í þessum málum, að ræða þessi mál við Alþingi Íslendinga og grípa ekki bara til þess einræðisvalds, sem hún hefur sölsað undir sig á ólöglegan hátt yfir okkar efnahagslífi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er eitt, sem mig langar til að spyrja hæstv. ríkisstj. að í sambandi við þessi lög, sem við nú erum að afgr. til hennar, án þess að ég ætli nú nokkuð að fara að lengja málið. Mig langaði til þess að spyrja hana að því, hvort hún mundi brjóta þau á nákvæmlega sama hátt eins og hún brýtur flest önnur l. núna. Það er þarna um að ræða, að hún eigi að sjá um að greiða fé úr ríkissjóði í samræmi við núgildandi fjárlög.

Ég benti á það hér áðan, að hæstv. ríkisstj. væri farin að brjóta lög viðvíkjandi greiðslum á launum til starfsmanna. Og ég benti á, að hún hefði gert það m. a. vegna þess, að það hefði verið gengið svo hart að ríkisfyrirtækjum, og nefndi þar Ríkisskip, að þeim hefði verið lokað vegna vangreiðslu á söluskatti eða það hefði verið hótað að loka þeim, og lögreglan sem sé verið að spyrja fjmrn. um slíkt, en til þess að koma í veg fyrir lokun á þeim, þá hefðu þessi fyrirtæki gripið til þess að taka fé, sem átti að greiðast til starfsmannanna, og greiða þeim út aðeins lítið af því, sem þeir áttu að fá, til þess að geta greitt í söluskattinn til ríkisins.

Þetta dæmi nefndi ég hér í umr. um þetta mál við 1. umr. þess. Og hæstv. ríkisstj. — fjmrh. var þá hér inni — fann ekki neina ástæðu til að gefa neina skýringu né neina athugasemd í þessu máli, þannig að ég skil, að hann hefur staðfest þetta algerlega, enda veit ég, að fjmrh. veit um þetta. Og það er nú orðið anzi langt gengið, ef fjmrh. lokar ríkisfyrirtækjunum vegna innheimtu á söluskattinum eða hótar að loka þeim eða kúskar þá, sem stjórna þessum fyrirtækjum, til þess að taka kaupgjaldið, sem á að vera komið í umslögin til starfsmannanna, og borga það í ríkissjóðinn. Ég veit, að hæstv. fjmrh. kippir sér ekki mikið upp, þegar hann hagar sér svona gagnvart atvinnurekendum og verkamönnum þeirra, eins og ég hef bent á áðan að hann hefur gert. Og eins og ég benti á hér við fyrri umr. þessa máls, eru hundruð verkamanna í Reykjavík, sem nú hafa staðið í verkfalli í 18 daga og hafa ekki fengið enn þá kaup greitt í nóv. frá fyrirtækjum, sem alltaf vofði yfir að loka vegna söluskattsgreiðslu þá. M. ö. o.: Ríkisstj. hefur gengið svo harðvítuglega að atvinnurekendum, að þeir hafa brotið lög á verkamönnum um kaupgreiðslur til þeirra. Og það er satt að segja skörin farin að færast upp á bekkinn, þegar farið er svo að hóta að loka sjálfum ríkisfyrirtækjunum, þegar ríkissjóður hótar að loka Ríkisskip, svo framarlega sem sé ekki tekið af kaupgreiðslum mannanna til þess að greiða til hæstv. fjmrh. Er ríkissjóður í svona miklu öngþveiti? Er hann svona peningalaus í dag, að hann geti yfirleitt ekki borgað út? Og með hverju ætlar hann eiginlega þá að borga í janúarmánuði, svo framarlega sem þetta á að ganga svona til áfram? Áfengisverzlunin er lokuð. Ég býst við, að hún verði lokuð áfram, meðan verkfallið stendur. Ég gæti trúað, að það hefði nú munað einhverju og mundi ekki sízt muna nú fyrir jólin. Tollafgreiðslurnar í desember hafa venjulega verið nokkuð miklar. Ég gæti trúað, að það mundi líka muna kannske einhverju núna með þessar fjárgreiðslur, sem hæstv. ríkisstj. er að fara fram á í janúar, — eða hefur hún það í sjóðnum hjá sér? Er hún örugg með að geta greitt þetta út, eða á að fara að eins og núna hefur verið gert, loka og loka hjá ríkisfyrirtækjunum? Ég veit, að það eru ríkisfyrirtæki, sem skulda hæstv. fjmrh. allmikið fé. Ég veit ekki, hvort hann mundi nú voga sér að fara að á sama hátt gagnvart þeim eins og hann ætlaði að gera við Ríkisskip. Ég veit t. d., að Sogsvirkjunin skuldar ríkissjóði, kannske líka söluskatt. Kannske það vofi yfir einhvern daginn, að hæstv. ríkisstj. loki Sogsvirkjuninni með lögregluvaldi, ef hún ekki greiðir söluskatt? Ég vil bara rétt minnast á þetta til þess að benda á, hvernig komið er með harðýðgina í innheimtunni annars vegar og með skeytingarleysið um hag almennings hins vegar hjá hæstv. ríkisstj.

Ég rakti áðan við 2. umr. þessa máls, hvernig hæstv. ríkisstj. hefði komið fram viðvíkjandi því, sem snertir bátagjaldeyrinn og allt það, sem hún hefði rukkað inn ólöglega og hefði enga heimild til, yfir 100 millj. kr., og greitt út til sinna gæðinga og skjólstæðinga tugi millj. króna fyrir að rukka inn þetta ólöglega gjald, og hvernig sú fjárupphæð, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið af almenningi með ófrjálsu móti, er margfalt meiri en allt, sem deilt er um í núverandi vinnudeilu. En ég sem sé vildi aðeins af virðingu fyrir hæstv. ríkisstj. gefa henni tækifæri til þess að ræða við Alþingi um þessi mál, um leið og þessi uppgjöf

hæstv. fjmrh. — að gefast upp við að afgr. fjárlögin fyrir nýár — liggur nú hér fyrir lýðum ljós og hann fer fram á þessar bráðabirgðafjárgreiðsluheimildir hjá okkur. Ég vildi aðeins hafa gefið ríkisstj. þetta tækifæri. Ég býst ekki við, að hún vilji nota það. Ég býst við, að henni finnist sinn eigin málstaður í þessu öllu saman orðinn það lélegur, að hann verði ekki varinn, hvorki hér á Alþingi né utan þess.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nú augljóst orðið, að ekki verður hægt að ganga frá fjárlögum fyrir áramót. Er þá nauðsynlegt að heimila stj. að greiða óhjákvæmileg útgjöld, þótt fjárl. séu ekki samþ. Er farið fram á það í þessu frv. Það er samhljóða frv., sem hér hafa verið flutt, eða réttara sagt samhljóða löggjöf, sem hér hefur verið sett áður á Alþ. um sams konar efni.
Ég veit ekki, hvort það á að gera till. um, að þetta fari til n. Ég hafði nú ekki hugsað mér það, því að það fór nú í gegnum hv. Nd. án þess, og vildi nú frekast fara fram á það, að menn afgreiddu það án nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Það liggur engin till. fyrir um það að vísa frv. til n., og málið er þess eðlis, að ég fyrir mitt leyti sé enga þörf á því. Verður það ekki borið upp, ef engin till. kemur fram um það.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fer fram á að fresta afgreiðslu fjárlaganna, eins og stjórnarskráin mælir fyrir um, og heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1952.
Ég harma mjög, að það skuli hafa verið nauðsynlegt að hverfa að þessu ráði. Fjvn. skilaði nál. 25. nóv. og var að öllu leyti tilbúin til þess að afgr. fjárlögin. Síðan komu óviðráðanleg atvik, sem hafa gert það að verkum, að hæstv. ríkisstj. hefur verið neydd til þess að fresta afgreiðslunni. Ég tel, að það verði að vinna að því jafnan, að stjórnarskráratriði sé haldið, en skil hins vegar vel þær ástæður, sem liggja hér fyrir, og mun þar af leiðandi greiða atkvæði með frv., en vænti þess hins vegar, að hæstv. ríkisstj. geri allt til þess, að þessu verði hraðað eins mikið og hægt er eftir áramótin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 507).

---

56. Skemmtanaskattur (frv. menntmn. Nd.).

Á 46. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953 [191. mál] (þmfrv., A. 497).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir þinginu frv. til l. um breyt. á skemmtanaskattslögunum, en þar sem ekki er útlit fyrir eða a. m. k. litlar líkur til, að það frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þá er nauðsynlegt fyrir stjórnina að fá framlengingu á þeim ákvæðum í núgildandi skemmtanaskattslögum, sem tímabundin eru. Þar á meðal eru þau ákvæði, sem tekin eru fram í 1. gr. þessa frv. Gildir þessi framlenging, eins og verið hefur, um eitt ár, eða fyrir árið 1953. Ég vil leggja til, að frv. verði látið ganga til 2. umr. án þess að því verði vísað til n., og ég vil æskja þess af hæstv. forseta, að hann reyni að afgr. frv. út úr deildinni í dag vegna frestunar á þingstörfum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 510).

---

57. Hundahald.

Á 19. fundi í Nd., 3. nóv., var *útbýtt*:
Frv. til l. um hundahald og varnir gegn sullaveiki [118. mál] (þmfrv., A. 169).

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 169, flytur landbn. eftir beiðni félmrn., sem hefur látið semja það. Frv. er flutt óbreytt, eins og venja er til, og raunar lítur landbn. svo á, að þetta mál falli frekar undir verksvið hv. heilbr.- og félmn.

Það er kunnugt mál, að hér fyrr á árum var sullaveiki mjög útbreiddur og hættulegur sjúkdómur, sem gerði mikið tjón víðs vegar hér á landi. En sem betur fer hefur það nú tekizt fyrir langvarandi atbeina ýmissa merkra manna, að þessum sjúkdómi er að mestu útrýmt, alveg útrýmt í mörgum héruðum og víðast um landið að mestu.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé ég nú ekki að sé nema eitt nýmæli. Og það er að hækka hundaskattinn. Sem sagt, það er að hækka þennan litla skatt, sem á hundum er. Og ég verð nú að segja það, að frá mínu sjónarmiði er þetta frv. mjög klúðurslega samið og þarf áreiðanlega breyt., ef það á að geta gengið hér í gegnum hv. Alþingi. Um þetta aðalatriði, sem í frv. er, að hækka hundaskattinn, sem um langan aldur hefur verið 2 kr. á þörfum hundum, sem álitið er, en 10 kr. á óþarfahundum, þá segir hér í frv. í 3. gr., að greiða eigi af hverjum hundi búanda eða annarra, sem búfé eiga, 25—100 kr. og af öðrum hundum 100—200 kr. Ég man nú ekki eftir að hafa séð svona til orða tekið í skattalögum, því að í raun og veru er þetta ekki annað en skattur, að það sé frá og til, því að slíkur skattur sem þessi, hvort sem hann er hækkaður og hvað mikið sem hann er hækkaður, verður auðvitað að vera ákveðin upphæð án þess að vera frá eða til.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta frv. Ég legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr., en legg það í vald hæstv. forseta, hvort hann vill vísa því til n. og þá hvaða n.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða um þetta mál, enda ástæðulaust. En bara út af ummælum frsm. hv. landbn. vil ég taka það fram, að það var ekki að öllu leyti rétt eins og hann skýrði þetta, vegna þess að hér er bara um heimild að ræða. Þetta hefur verið 2 kr. skattur til ríkisins á hvern hund áður, en hér með er þetta gert að heimild og lagt í hendur sveitarfélaga að mega innheimta skatt af hundum, en það er alveg í þeirra vald lagt, og það er í raun og veru meginbreyt., sem er hér í frv. Þessi 2 kr. innheimta af hundum er náttúrlega orðin svo hlægileg, að það tekur því varla að hafa það í l., og af þeim ástæðum var nú, að þetta var tekið upp á þennan hátt, að þau sveitarfélög, sem kærðu sig um, gætu skattlagt hundana. Og þá er heldur ekkert athugavert við það, þó að einhver lágmörk og hámörk séu sett í sambandi við slíka heimild.

Það var ekkert annað, sem ég vildi taka fram, af því að mér virtist þetta ekki koma alveg rétt fram hjá hv. frsm., hvað væri meginatriði frv. eins og það er lagt fyrir. En öll þessi gömlu ákvæði um þetta eru orðin löngu úrelt, eins og ekki er nú í raun og veru undarlegt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 21. og 26. fundi í Nd., 6. og 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 169, n. 221).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Landbn. hefur farið gegnum þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem hún hefur

lagt fram á þskj. 221. Eins og ég vék að við 1. umr. þessa máls, þá er aðalatriði þess það að hækka skatt á hundum. Nú er það í frv. þannig, að þetta skuli vera heimild og hlaupandi tala með nokkuð miklum mismun, en n. leggur til, að það sé ákveðið gjald, sem sé sett inn í l., til þess að það þurfi ekki að vera neitt deilumál í hverju héraði að rífast um það, hvað þessi skattur þurfi að vera hár. Að öðru leyti leggur n. það til, að frv. sé snúið í það horf, að það séu sýslunefndirnar og bæjarstjórnirnar, sem setji reglugerðir með samþykki heilbrmrn. um þau atriði, sem þarna koma til greina, og þá skuli það að sjálfsögðu vera aðalreglan, að sýslunefnd og bæjarstjórn hafi umsjón með þeim ráðstöfunum, sem gera þarf í þessu sambandi til varnar sullaveiki og alkunnar eru, en þó sé hins vegar heimilt, ef það þykir henta betur, að setja inn í reglugerðina, að hverri hreppsnefnd sé falið að annast þetta innan síns svæðis.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar brtt. n. Þær skýra sig allar sjálfar, og ég þykist vita, að hv. þm. hafi þær við höndina og sjái, hvað um er að ræða. En fyrir n. hönd legg ég til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem á þskj. eru.

ATKVGR.

Brtt. 221,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 221,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 221,3 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 221,4—5 (4.—5. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 221,6 samþ. með 19 shlj. atkv.

6. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 221,7—8 samþ. án atkvgr.

7.—8. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 248).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, n. 423, 424).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hv. Nd. flutti þetta frv. að beiðni félmrn. Hundahald og sullaveiki voru fyrr á tímum mjög alvarlegt vandamál á Íslandi, heilbrigðislegs efnis. Nú er öld snúin hvað þetta snertir sem betur fer. Er þó sjálfsagt enn þörf að hafa þau mál í lagi. Núgildandi löggjöf um þetta er að nokkru frá 1890 og að nokkru frá 1924 og er þess vegna orðin úrelt fyrir löngu og nauðsynlegt að gera á henni ýmsar breytingar.

Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. eins og það liggur fyrir hér, komið frá Nd., og leggur til, að gerðar verði á því ýmsar breyt.

Helztu efnisbreyt. eru í rauninni aðeins tvær: Fyrst, að í stað þess, sem gert er ráð fyrir í frv. eins og það er nú, að setja reglugerð í hverri sýslu og kaupstað um þessi mál, þá er lagt til, að sett verði ein heildarreglugerð fyrir landið allt. Annað atriðið er það að hækka nokkuð skattinn af seppunum, sérstaklega af svo kölluðum óþarfahundum.

Það má segja, að efni þessa frv. sé í rauninni tvíþætt. Fyrstu 3 gr. eru um hundahaldið. Þar er hreppsn. og bæjarstjórnum heimilað að banna eða takmarka hundahaldið á sínu svæði, þar er ákvæði um framtöl í þessu sambandi og loks um skatt. Síðari hlutinn er svo um heilbrigðisráðstafanir þær, sem nauðsynlegt er talið að gera enn í dag til varnar sullaveikinni, þ. e. um meðferð sulla úr sláturfé, um það, hverjir skuli framkvæma hreinsun hunda vegna bandorma, og svo ákvæði um heildarreglugerð, eins og ég hef áður minnzt á.

Ég vil aðeins geta þess, að það hefur fallið niður í 2. brtt., þar sem segir: „og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta í aprílmánuði ár hvert.“ Hérna vantar innskot. Það er enginn bæjarfógeti í Reykjavík, og þarf því að skjóta inn orðunum: „í Reykjavík tollstjóra“. Þetta verður væntanlega leiðrétt sem prentvilla, en ef það þykir ekki fært, þá verður lögð fram um þetta brtt. við 3. umr. málsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram. Landbn. leggur fram sínar till. á þskj. 424 og leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem þar greinir.

Forseti (BSt): Ef brtt. verða hér samþ. á annað borð, þá þarf málið að ganga aftur til hv. Nd., og sé ég þá ekkert á móti því og er það jafnvel betra og tvímælalausara, að það komi fram brtt. (Gripið fram í.) Ég segi það, að ef brtt. verða á annað borð samþ., þá sé ég ekkert á móti því, að það komi fram brtt. um leiðréttingu við 3. umr., í stað þess að skoða það sem leiðréttingu, þar sem það tefur ekki málið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem hér er verið með brtt. við 2. umr. og ekki líkindi til að þurfi að koma fram brtt. við 3. umr., neinar sérstakar brtt., hefði ég viljað bera undir hæstv. forseta, hvort það væri ekki hægt að koma því fyrir hér í 2. gr., að bætt væri inn í fyrir aftan „bæjarfógeta“ þessum sjálfsögðu orðum: „í

Reykjavík tollstjóra", þannig að það þyrfti þá ekki að fara að umprenta frv. aftur við 3. umr. Það verður að sjálfsögðu umprentað eftir 2. umr., og með því að hafa þessa sjálfsögðu breyt. losnar maður þannig við nýja prentun á frv.

Ég held, að þetta sé ekki annað en sjálfsögð leiðrétting sem prentvilla, og ætti með góðfúsum vilja hæstv. forseta að vera hægt að koma þessu þannig fyrir.

Forseti (BSt): Ég tel, að þetta mætti vel gera, því að tollstjóri eða eitthvert yfirvald í Reykjavík a. m. k. er þarna hliðstætt bæjarfógetum, og komi ekki fram brtt., þá mun þetta verða leiðrétt í prentun, úr því að þessu er hreyft hér, ef enginn hreyfir þá andmælum gegn því. En á hinn bóginn sé ég ekkert á móti því, eins og ég sagði áðan, þar sem líkur eru til, að frv. taki breyt. hvort sem er, að til þess að taka af öll tvímæli sé borin fram um þetta brtt. við 3. umr. Það tefur ekki málið neitt.

Þessu hefur verið hreyft hér, og ef enginn mælir gegn því, þá mun ég skoða þetta sem leiðréttingu.

ATKVGR.

Brtt. 424,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
— 424,2 (ný 2. gr.). samþ. með 11 shlj. atkv.
— 424,3 (ný 3. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
— 424,4 (3 nýjar gr., verða 4.—6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—6. gr. (verða 7.—9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er ekki af því, að það sé eiginlega nokkur þörf, að ég beiddi um orðið, heldur var það af því, að mig langaði til að gefa ýmsar upplýsingar í málinu. Og ég vil gjarnan, að þær komi fram.

Ég vil þá fyrst benda á það, að þessi heilbrigðisráðstöfun, sem gerð var á sínum tíma, hreinsun hunda fyrir bandormum, hefur verið framkvæmd ákaflega misjafnt. Hér í höfuðstað landsins hefur t. d. ekki hundur verið hreinsaður af hálfu þess opinbera síðan Sigurður sál. Gíslason lögregluþjónn dó. Og þegar fjárskiptin voru gerð og allt fé í Reykjavík drepið, voru hvergi meiri sullir í sauðfénu heldur en í sjálfum höfuðstaðnum. Það var tiltölulega langflest sauðfé úr höfuðstaðnum, sem var með sullum, meira en úr nokkru öðru lögsagnarumdæmi, sem fjárskipti hafa farið fram í. En í sambandi við fjárskiptin hafa verið rannsakaðir sullir í sauðfé um land allt. Í öðru lagi virðist svo sem sullurinn, sem orsakar sullaveiki í mönnum, hafi útrýmzt töluvert mikið. Hans hefur a. m. k. gætt afar lítið í sauðfénu, sem rannsakað hefur verið við fjárskiptin. Lítur út fyrir, að aukinn þrifnaður á heimilunum hafi gert það að verkum, að þetta sníkjudýr, sem lifir til skiptis í hundum og mönnum, er mikið til horfið. Og ég vil segja, að það líti út fyrir, að það sé vegna aukins hreinlætis frekar en hreinsunar hundanna, af því að það lítur ekki út fyrir, að sullinum tenia solium, sem lifir til skiptis í netjunni og innyflum í sauðfé sem sullur, en bandormur í hundum, hafi fækkað að sama skapi. En honum ætti að fækka alveg eins, ef það væri bara hreinsuninni að þakka. Sömuleiðis er sullur, sem lifir til skiptis sem sullur í hundunum, en sem bandormur í sauðfénu. Hann er við enn. Þess vegna lítur út fyrir, að eftirlitið með hundahreinsununum og rannsóknir á því, hvað af þeim hafi leitt, hafi ekki komið að þeim notum, sem ætlazt hafi verið til, af því að þær hafi verið vanræktar meira og minna. Þetta er höfuðástæðan til þess, að við í n., eins og kom fram í ræðu frsm., göngum inn á þá braut að láta sýslunefndina hafa yfirumsjón með þessu í hverri sýslu, en ekki eins og var í frv., þegar það kom til okkar, hægt að leggja það í hendur hreppsnefndanna, sem eru miklu fleiri, og þess vegna meiri hætta á, að þar gætu fallið göt í og ekki verið framkvæmt eins vel og skyldi.

Það er þetta, sem ég vildi láta koma fram, og það er nauðsynlegt, að yfirdýralæknirinn og landlæknir hafi meira eftirlit og umsjón með þessu heldur en hefur verið, að þetta sé framkvæmt og verði framkvæmt. Það er líka ætlazt til þess, að sú reglugerð, sem ríkisstj. setur í sambandi við þetta, sé sett með samþykki þeirra og þeim sé falin þar yfirumsjón með því, að sýslunefndirnar framkvæmi þetta sæmilega.

Þetta var það, sem ég vildi gjarnan láta koma fram, svo að það sæist a. m. k. í þingtíðindunum greinilega, hvað fyrir okkur vakir í þessu máli, vegna þess að það er ágreiningur á milli nefndanna um þetta, þar sem það lítur út fyrir, að Nd.-nefndin líti svo á, að það sé hægt að leggja þetta í vald hvaða hreppsnefndar sem vera skal og læknanna í héruðunum, sem eru algerlega ófróðir um þetta, svo ófróðir um það, að það er dæmi frá s. l. hausti, að ungur héraðslæknir vissi ekki, hvaða lyf átti að nota við hreinsunina.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 432, 475).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þessu frv., sem hafði gengið í gegnum hv. Nd., hefur nú verið breytt allverulega í hv. Ed. Hins vegar eru þær breytingar flestar þannig, að landbn. sér ekki ástæðu til að gera þær að neinu þrætumáli. En varðandi skattinn, sem hér er um að ræða, þá þykir landbn. þessarar deildar hann vera fullhár og hefur því leyft sér að flytja brtt. á þskj. 475 um að færa hann aftur í svipað horf

eins og gengið var frá í frv. hér, og vænti ég, að hv. deild geti á það fallizt. Þar að auki var mér bent á, að það hefur verið tekin upp aftur grein í þetta frv. í hv. Ed., sem hafði verið felld niður hér í þessari deild og lagt til, að yrði reglugerðarákvæði á hverjum stað. Það er um meðferð á sollnu slátri úr skepnum. Vill landbn. leggja til breytingu á einu orði, sem er ákaflega ljótt orð og er hér í þessari gr., en það er „sullamengað". Leggur n. til í skrifl. brtt., sem ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir, að í staðinn fyrir „sullamengað" *komi: sollið.*

Að öðru leyti skal ég ekki fyrir hönd n. fjölyrða um þetta mál.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hina fram komnu brtt. frá landbn. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 480) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 42. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 475 samþ. með 18:1 atkv.
— 480 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 492).
Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er aðeins til að rekja þetta ágreiningsatriði, sem er á milli deildanna, svo að mönnum sé það ljóst, sem ég kvaddi mér hljóðs. Eins og frv. kom frá heilbr.- og félmrn., þá var ætlazt til þess, að gjaldið af hundunum væri misjafnt. Af þörfu hundunum átti að ákveða þetta með reglugerð heima í sýslum og vera 25—100 kr. og af óþarfahundunum 100—200 kr. Nd. breytti þessu og frv. í heild mikið og færði þá gjaldið í 15 kr. af þörfu hundunum og 100 kr. af þeim óþörfu. Í þessari d. tók svo frv. mjög miklum breytingum, sem Nd. hefur sætt sig við nema hæð hundaskattsins. Í staðinn fyrir, að í Nd. var ætlazt til, að það væri sérstök reglugerð fyrir hverja einstaka sýslu og allar saman samþykktar þar heima fyrir, þá er nú ætlazt til, þar sem hér er um eina allsherjar ráðstöfun að ræða, er gildir um allt landið, hundahreinsunina, og heyrir undir heilbrigðisyfirvöld landsins, að ein reglugerð komi fyrir landið í heild og að yfirdýralæknirinn og landlæknir hafi yfirumsjón með þessu. Þetta hefur nú Nd. fallizt á, og það eina, sem hún hefur ekki fallizt á, er gjaldið af hundunum, sem hún nú aftur færir niður í 15 kr. af þarfahundunum, en lætur vera 150 kr. af þeim óþörfu. Þetta er breytingin, sem hefur orðið á frv. síðan það fór frá nefndinni.

Þegar við vorum með 20 krónurnar og 200 krónurnar, þá höfðum við það í huga, að þetta gjald gæti staðið undir kostnaði við hundahreinsunina, hvar sem væri í landinu. En fjöldi hundanna er ákaflega mismikill í sýslunum. Í þeim sýslum, þar sem þeir eru tiltölulega fæstir, standa þessar 15 kr. ekki undir því. Þar verður þess vegna sýslusjóður að borga til viðbótar, ef við samþykkjum frv. eins og það er núna. En ef við förum að láta málið fara í Sþ., sem það mundi gera, ef við færum að breyta þessu aftur, þá hygg ég, að það sé sameiginlegt álit n. allrar, — það hefur nú ekki verið rætt í henni samt, — en ég hygg, að það sé sameiginlegt álit nefndarinnar allrar að sætta sig við þessa samþykkt Nd. (**ÞÞ:** Nei.) Nú, er það ekki? Og láta það ekki fara í Sþ. Það er a. m. k. álit mitt. (Gripið fram í.) Já, það er síðasta umr. þetta, og frv. fer svo í Sþ., ef við ekki samþykkjum það. Ég legg þess vegna til, að það sé samþykkt, þó að einstakar sýslur verði þá að leggja úr sýslusjóðnum til viðbótar. Ég veit, að það getur orðið upp undir 200 kr. mest úr sýslusjóði, og þó að mér þyki það verra, þá *legg ég til, að frv. verði samþ. eins og það* nú er.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er óvenjulegt, að mál sé tekið fyrir eða frv., þó að þau hafi áður verið í deildum, þegar þau koma breytt frá hinni deildinni, án þess að þau séu borin undir nefndirnar aftur til athugunar. Og ég tel það sem einn af landbn.-mönnum ríða mikið á því, að maður geti talað um það á fundi sínum, og tel það gerræði af formanni okkar, að við fáum ekki að ræða það á fundi, heldur talar hann nú fyrir allra okkar munn hér, eins og hann eigi bæði talfæri okkar og sannfæringuna. Þess vegna verð ég að lýsa því yfir, að ég verð að greiða atkv. á móti þessu frv. núna, fái ég ekki tíma til þess á fundi að athuga það, en óska þess, — þó að það sé kannske gengið lengra en umræða um atkvgr., — enn þá einu sinni við forseta, að hann vildi fresta málinu um skeið.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 562).

---

58. Menntaskólar.

Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla [127. mál] (þmfrv., A. 181).

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég tel ekki þörf á því að halda langa framsöguræðu með þessu frv. Það er í meginatriðum kunnugt hv. þdm. og því ekki þörf á að rekja hér í löngu máli þær röksemdir, sem það byggist á. Ég vil þó taka það fram, að frv. er þó að nokkru leyti breytt frá því, er það var lagt hér fram á síðasta þingi. Þá var, svo sem mönnum mun kunnugt, þetta mál afgr. frá þinginu í því formi, að menntmrh. var heimilt að veita menntaskólanum á Akureyri rétt til þess að starfrækja miðskóladeild í ákveðinn tíma. Þessi lög hefur hæstv. menntmrh. framkvæmt á þann veg, að hann hefur takmarkað heimild menntaskólans á Akureyri til þess að hafa þessa deild við s. l. haust, þ. e. a. s. haustið 1952. Ég skal ekki um það deila hér, hversu réttmætur sá skilningur hefur verið á þessari heimild. Það var að vísu skoðun stuðningsmanna málsins þá, að annað fælist í lagaákvæðinu heldur en framkvæmdin hefur reynzt, en um það tjáir ekki að deila. Ástandið er því þannig hvað varðar þennan skóla nú, að 1. bekkur þessarar deildar er ekki starfræktur í vetur.

Samkv. viðtölum við hæstv. menntmrh. hefur þetta frv. nú verið formað á þann veg, að fræðslumálastjórn er heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana. Þetta frv. á því við alla menntaskólana jafnt, — ég segi alla, vegna þess að þeir eru í rauninni fjórir; það eru tveir menntaskólar hér í Reykjavík, þ. e. a. s. menntaskólinn og verzlunarskólinn, sem hefur rétt til að útskrifa stúdenta, menntaskólinn á Akureyri og menntaskóli, sem væntanlega rís nú upp á Laugarvatni. Svo sem hv. þdm. er ljóst af orðalagi þessa heimildarákvæðis, þá er það hvorki bundið við neinn skóla né heldur gert ráð fyrir, að í því felist nein breyt. á gildandi fræðslulöggjöf, þ. e. a. s., það er ekki gert ráð fyrir, að breytt verði tilhögun miðskólanámsins. Í frv. eins og það hefur legið fyrir þinginu að undanförnu og eins og það var samþ. síðast var gert ráð fyrir, að það væri starfrækt miðskóladeild við Akureyrarskóla, tveggja vetra deild. Í þessu frv. nú er ekkert slíkt ákvæði, heldur gengið út frá því, að fræðslumálastjórn ákveði það. Og má þá gera ráð fyrir, að miðskólakennslunni við menntaskólana verði hagað á sama hátt og við gagnfræðaskóla er gert nú, þannig að í þessu frv. er ekki um að ræða neina breyt. á skólakerfinu að þessu leyti hvað tilhögun námsins snertir. Ég vænti því þess, að þeir hv. þdm., sem í fyrra voru andvígir þessu máli á þeim grundvelli aðallega, að hér væri um að ræða breyt. frá tilhögun miðskólanáms, sem væru óheppilegar vegna styttingar tímans, sem í það ætti að fara, telji sér nú fært að ljá þessu máli stuðning í þessu formi. Sú breyt. hefur einnig orðið frá því að þetta mál var síðast rætt hér í hv. deild, að gera má ráð fyrir því, að menntaskóli verði starfræktur á Laugarvatni. Og þá verður væntanlega einnig þar miðskóladeild, hvort sem hún verður talin sérstakur skóli eða miðskóladeild tilheyrandi menntaskólanum í því formi, sem hér er gert ráð fyrir. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. Það mun naumast þykja heppilegt að fella niður það miðskólanám, sem þar hefur verið haldið uppi, enda tel ég, að það væri fráleitt, heldur mun því verða haldið áfram, annaðhvort sem sérstökum skóla eða þá sem miðskóladeild við væntanlegan menntaskóla þar.

Það eru því mörg rök, sem að því hníga nú, og enn sterkari en síðast, að þessi tilhögun verði lögleidd, þannig að í þeim tilfellum, þar sem það væri talið skynsamlegt, verði skólunum heimilað að hafa þessa deild. Verði stofnsettur menntaskóli á Laugarvatni, þá er það einnig ljóst, að það minnkar verkefni menntadeildar menntaskólans á Akureyri. Og þá er mjög hætt við því — og reyndar nokkurn veginn víst, miðað við það húsrými, sem þar er, að það verður ekki nægilegt verkefni fyrir menntaskólann á Akureyri, nema honum verði heimilað að starfrækja miðskóladeild. Eins og sakir standa nú, er ekki hægt að gera ráð fyrir því í náinni framtíð, býst ég við, að slík deild yrði starfrækt hér í Reykjavík, þótt hins vegar sé eðlilegt og sjálfsagt að láta þessa heimild einnig ná til þess skóla, ef aðstæður breytast. En það virðist í alla staði óeðlilegt, þegar ekki er um að ræða neina breyt. á kennslutilhögun frá því, sem ákveðið er í fræðslulögum, að ekki skuli vera sköpuð skilyrði til þess að hagnýta það húsrými og þá kennslukrafta, sem til eru við núverandi menntaskóla.

Það er sameiginlegt álit forustumanna beggja menntaskólanna hér, bæði Reykjavíkurskóla og Akureyrarskóla, sem þetta mál einkum snertir, að það sé mjög æskilegt og heppilegt að hafa starfandi miðskóladeild við skólana. Ég hirði ekki um að rekja nánar þær röksemdir hér, nema tilefni gefist til þess, enda eru þær röksemdir hv. þdm. mjög vel kunnar frá umr. um þetta mál hér að undanförnu. En ég hygg, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að það sé í alla staði heppilegt, ef því verður við komið, að veita menntaskólunum heimild til að starfrækja slíka deild. Það kynnir þeim betur, hvernig miðskólanáminu er háttað. Þeir vita betur, á hvaða stigi nemendurnir eru, þegar þeir koma til menntaskólanáms, og það verður til þess að tengja betur saman þessa tvo þætti framhaldsskólanámsins. Á þessum sjónarmiðum og einnig og ekki hvað síst vegna þeirra atvika varðandi menntaskólann á Akureyri, sem einnig hv. þdm. eru kunnug, að þar er um mikið húsrými að ræða og stóra heimavist, sem nauðsynlegt er að geta hagnýtt til hins ýtrasta, þá vildi ég mega vænta þess, að þetta mál fengi nú góðar undirtektir hér á hinu háa Alþingi.

Það er ekki hvað síst mikil þörf á því nú, eins og hefur verið rætt hér, bæði í sambandi við síðasta mál, sem var hér á dagskrá, og einnig oftar, að svo sem málum er háttað varðandi aðstöðu nemenda til náms, þá er ekki svo lítið atriði fyrir nemendur að eiga kost á heimavist við skóla. Það er að minnsta kosti mikil nauðsyn á því, að þar sem slíkir möguleikar eru fyrir hendi, séu þeir hagnýttir og það húsrými notað til fulls, sem þar er fyrir hendi. En þessu er einmitt þannig háttað á Akureyri, að það eru slíkir möguleikar þar, að það er ekki aðeins hægt að veita þeim nemendum, sem eru í menntadeild, möguleika til heimavistardvalar, öllum þeim, sem þess hafa óskað nú á þessu hausti, heldur hafa þar einnig verið teknir inn milli 20 og 30 nem-

endur úr þeirri miðskóladeild, sem enn er þar starfandi. Vegna þeirra vandræða, sem eru víða um land varðandi skólabyggingar, og mikið er talað um fjárskort í því sambandi og ýmiss konar erfiðleika, þá er að sjálfsögðu augljóst mál, að það ber að hagnýta möguleikana til þess að nýta skólarúmið þar, sem það er. Og þar sem, eins og ég tók fram áðan, með þessu frv. eins og það nú liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu á tilhögun miðskólanámsins, þá vildi ég mega vona það og við flutningsmenn þessa máls, að hið háa Alþ. nú geti almennt fallizt á að heimila þá undanþágu, sem hér er gert ráð fyrir, ef ástæður eru þannig við menntaskólana, að eðlilegt verður talið og sjálfsagt að veita þeim möguleika til þess að hafa slíka deild starfandi. — Ég orðlengi svo ekki frekar um þetta á þessu stigi málsins, en vildi leggja til, að frv. yrði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál er búið að ganga aftur þrisvar sinnum, og því ætlar að verða erfitt um að deyja endanlega. Það er alltaf vakið upp á hverju þingi, og það lítur út fyrir, að það sé ætlunin að gera það framvegis, þó að sýnilegt sé, að það sé móti, — ja, sennilega þingvilja, að þessi breyting sé gerð varanlega á skólakerfinu. Það hefur á undanförnum árum marizt í gegnum þingið, þó aðeins með því, að það væru gefnar yfirlýsingar um það, að þetta væri ekki breyting á skólakerfinu, heldur eingöngu bráðabirgðabreyting. Þegar málið var flutt í fyrsta skipti fyrir þremur árum, var því lýst yfir, að þetta væri einungis breyting, sem ekki yrði beðið um aftur af flutningsmönnum, og þetta stafaði eingöngu af því, að það vekti fyrir flm. að nota húsrými í menntaskólanum á Akureyri. Síðan hefur það verið framlengt tvisvar, alltaf til nefndra bráðabirgða, og seinast þegar þetta marðist gegnum Ed. og við skildumst við málið á síðasta þingi, þá lýsti hæstv. menntmrh., Björn Ólafsson, yfir því, að þetta yrði ekki framkvæmt nema þannig, að þær deildir, sem þá væru komnar inn í miðskólann við menntaskólann á Akureyri, fengju að halda áfram námi upp úr, en það yrðu ekki teknir nýir nemendur. Við þetta mun nú hafa verið staðið, svo að ef þetta frv. yrði samþ., þá yrði þarna eyða á milli, af því að nú er horfið enn frá því að standa við þessa yfirlýsingu hæstv. menntmrh.

Það fyrsta, sem er að þessu sinni furðulegt við búning þessa frv. og hefur alltaf verið, er það, að það er lagt til, að það komi sú breyting á l. um menntaskóla, að fræðslumálastjórnin geti heimilað, ef ástæða sé til, að halda uppi miðskóladeild við menntaskóla. Nú er skólakerfið þannig upp byggt, að það eru í fyrsta lagi l. um fræðsluskyldu, annars staðar eru svo l. um gagnfræðanámið, í þriðja lagi l. um menntaskóla og miðskóladeildirnar, þær eru hluti af gagnfræðastiginu. Ef það væri nokkur heil brú í formi frv., þá hefði þetta átt að vera breyting á l. um gagnfræðaskóla í landinu, en ekki á l. um menntaskóla. Það á að fara að setja ákvæði um viss atriði í gagnfræðanáminu inn í l. um menntaskóla, og þarna hafa hv. flm., þó að þeir séu 6 eða 7 talsins, farið alveg húsavillt og gert brtt. við vitlaus l. og eru að gera það núna í annað eða þriðja sinn, og er alveg furðulegt. Þetta hefur þeim þó verið bent á áður af ekki ómerkari aðilum en mþn. í skólamálum, sem samdi menntamálalöggjöfina, af tveimum menntmrh. og af þm. undir umræðum málsins í þrjú skipti. En aldrei geta þeir lært þetta, að þeir eiga að gera brtt. við l. um gagnfræðaskóla, en ekki við l. um menntaskóla, þegar þeir eru að fjalla um atriði um miðskólakennsluna. Þetta er nú út af fyrir sig. Það má vel vera, að hv. flm. að þessu sinni fáist til þess að breyta frv. á þann veg undir meðförum þess, ef það fer mjög langt gegnum þingið, þannig að þegar þeir vilja fá breytta lagasetningu um miðskólanám, þá láti þeir það vera breytingu á þeim l., sem fjalla um miðskólanám, en það eru l. um gagnfræðaskóla, en ekki um menntaskóla.

Þegar mþn. í skólamálum lagði til, að gagnfræðadeildir yrðu lagðar niður við menntaskólana í landinu, þ. e. a. s. menntaskólann í Reykjavík og menntaskólann á Akureyri, þá vakti það fyrir mþn. að skapa aukið jafnrétti fyrir æskulýð landsins, hvar sem hann væri búsettur, með því að menntaskólarnir yrðu beinlínis fjögurra ára skólar og engin gagnfræðadeild við þá starfandi, vegna þess að það var orðin margföld reynsla, að þegar gagnfræðadeildir voru við báða menntaskólana, þá fylltust skólarnir af nemendum neðan frá. Gagnfræðadeildirnar voru fullskipaðar nemendum, fyrst og fremst menntaskólinn í Reykjavík af ungu fólki úr Reykjavík, og menntaskólinn á Akureyri fullskipaði gagnfræðadeildina af nemendum úr Akureyrarkaupstað og nágrenninu þar. Þegar nemendur vestan af landi eða austan af landi eða af fjarlægari byggðum við þessa skólastaði sóttu svo um skólavist, þá var sagt: Ja, það er vafasamt, að það geti gengið, lærdómsdeildir skólanna fyllast af nemendunum úr gagnfræðadeildunum okkar. Og það er því aðeins hægt að fullnægja þessum umsóknum, að það verði eitthvað autt pláss, að það hætti einhverjir við námið úr gagnfræðadeildunum. — Og það tókst stundum að koma nemendum inn náttúrlega, en sumum var líka synjað, af því að það var ekki pláss, skólarnir voru fylltir neðan frá af fólkinu úr viðkomandi bæjum og næsta nágrenni við skólana.

Mþn. segir: Ráðið við þessu er það, að menntaskólarnir séu skólar út af fyrir sig, séu ekki með undirbúningsskóla, sem leggur þeim til nemendafjölda upp úr, og loki þannig leiðinni fyrir öðrum. — Þá er gerð sú breyting á löggjöfinni jafnframt, að stofnaðir skuli miðskólar um allt land og lokaprófið úr miðskólunum skuli vera fullgilt inntökupróf jafnframt í 1. bekk menntaskólanna. Þar með gat ungur sveinn eða stúlka úr hvaða héraði landsins, þar sem aðgangur var að miðskóla, lokið undirbúningsnáminu heima í sínu héraði og gengið undir landspróf, sem er eins alls staðar um landið og veitir fullan rétt til náms í menntaskóla. Þar með sátu allir við sama rétt og sömu aðstöðu um inngöngu í menntaskólana. Þar voru engir nemendur fyrir, sem tóku upp sætin og útilokuðu eins og áður var, og það er öllum auðsýnilegt, að þetta var til stórkostlega aukins jafnréttis, sem nú sýnist vera ein af höfuðhug-

sjónum flm. þessa frv. ár eftir ár að gera að engu aftur. Skil ég ekkert, hvað fyrir þeim vakir um það að koma fram með hégómaástæðu eins og þá, að það sé gott, að nemendur séu 6—7 ár í sama skólanum, og sé eitthvert sáluhjálparatriði; það held ég að engum uppeldisfræðingi takist nokkurn tíma að leiða nokkur rök að. Það er miklu fleira, sem mælir gegn því að hafa nemendur á svo ólíku þroskastigi í sama skóla, eins og gerist þegar nemendur koma 12 ára inn í skóla og eru þar fram undir tvítugt. Þeir eiga enga samleið, 12 og 13 ára piltarnir og stúlkurnar, í félagslífinu með hinum fullorðnu mönnum, og hygg ég þó, að þeir eigi að notfæra sér sama rétt og bera sömu skyldur í skólanum eins og þeir. Það hentar annað 12 og 13 ára unglingum í ýmsum þáttum í skemmtanalífi og félagslífi heldur en hinum 20 ára gamla námssveini. Leiðir af því margs konar erfiðleika fyrir stjórnendur skóla að hafa fólk á svo ólíku þroskastigi undir sömu stjórn og þátttakandi í skólalífi hlið við hlið. Ég hygg, að það sé miklu betra að hafa fólk í þrjú eða fjögur ár saman, eins og nú gerist samkvæmt hinni nýju skólalöggjöf, í miðskólunum og gangfræðaskólunum og svo aftur unglingana frá 16 ára til tvítugs í menntaskólunum út af fyrir sig. Þá er hvor tveggja hópurinn þannig settur, að hann á miklu betur samleið, sá yngsti og sá elzti í viðkomandi skóla, en með því að hafa unglinga saman frá 12 ára og upp að tvítugu. Sem skólamaður þori ég að fullyrða, að það væri líka spor aftur á bak að taka upp hið eldra fyrirkomulag að því er þetta snertir, að ætla unglingum frá 12 ára og upp til tvítugs að eiga samleið í sama skóla.

Þegar verið er að segja manni það, að í þessu frv. felist því ekki breyting á gildandi fræðslulöggjöf, þá er það auðvitað sagt annaðhvort af ókunnugleika ellegar vísvitandi til þess að blekkja. Þetta er vitanlega gagnger breyting á núverandi fræðslulöggjöf og er það alveg jafnt fyrir það, þó að hún sé gerð á þann afkáralega hátt að setja ákvæðin um framkvæmd kennslu á miðskólastiginu inn í menntaskólalögin. Það er algerlega í framkvæmdinni jafnþýðingarmikil og gagnger breyting á fræðslulöggjöfinni, þó að forminu sé hagað á þennan hátt.

Þá sagði hv. frsm., að ef þessi breyting fengist ekki fram, þá yrði ekki nægilegt verkefni fyrir menntaskólann á Akureyri. Hvílík fásinna! Norðlendingar rökstuddu það mjög vel á sínum tíma, að þeir hefðu mikið verkefni fyrir menntaskóla Norðurlands, og það verkefni hefur síður en svo minnkað; það hefur aukizt og vaxið. Menntaskólinn á Akureyri er nú skóli með hátt á annað hundrað nemendum í lærdómsdeildunum, eða kannske um tvö hundruð. Það er alveg nægilega stór unglingaskóli. Það er alls ekki keppandi að því að gera menntaskólann á Akureyri eða neinn skóla að skólabákni með 300—400 nemendum. Við það verður hver skóli verri skóli. Það verður miklu sterkari, nánari og persónulegri uppeldismótun, sem á sér stað í skóla, sem ekki er með yfir 200 nemendum. Munu flestir skólamenn vera sammála um það, hvar sem er í heiminum, að það sé æskilegt, að skólastofnanir séu ekki stærri stofnanir en það. Þegar menntaskólinn í Reykjavík er kominn með 400—500 nemendur, þá fullyrði ég það, að að óbreyttu kennaraliði, að óbreyttri stjórn skólans, er hann orðinn verri skóli en hann mundi vera, ef hann væri með ekki yfir 200—300 nemendum. Og það væri því sízt af öllu ávinningur í því að fara að reyna að búa til svipað skólabákn úr menntaskólanum á Akureyri með því að tengja við hann 200—300 nemenda gagnfræðadeild.

Það er líka óþarfi að ræða um þetta mál. Undirtektirnar hafa sýnt það, að málið á ekki rétt á sér. Þegar málið var flutt fyrst, þá hygg ég, að þáverandi menntmrh. hafi beitt sér á móti málinu. Síðan kom Björn Ólafsson í sæti menntmrh. Hann snerist einnig á móti málinu. Og hann tók það skýrt fram, þegar hann lét þó til leiðast að beita sér ekki gegn því í því bráðabirgðaformi, sem það var afgr. seinast, að hann væri jafnandvígur málinu eftir sem áður, en vildi þó lofa því að fara í gegn þannig, en með því skilyrði, að nýir nemendur yrðu ekki teknir framvegis í skólann og aðeins þeim, sem þá voru komnir inn í skólann, leyft að ljúka þar miðskólanáminu. Hafa nokkrir fleiri verið á móti þessari breytingu en tveir menntmrh. í röð? Jú, fræðslumálastjóri hefur frá öndverðu verið algerlega á móti málinu og hefur lagt höfuðkapp á, að það yrði ekki látið ná fram að ganga, ekki einu sinni sem bráðabirgðabreyting. Hafa fleiri andmælt, sem hafa verið dómbærir um skólamál? Jú, mþn. í skólamálum hefur verið spurð í hvert skipti, og í hvert skipti hefur hún beitt sér af alefli á móti málinu. Frá öllum þessum aðilum hafa komið ýtarlegar grg. gegn málinu, en ekkert hefur hrokkið fyrir samtökum um það að reyna að knýja það fram í einhverri mynd. Flutningsmannahópurinn að þessu máli hefur borið svip af undirskriftasmölun í þinginu, sem er eiginlega algerlega óþingleg aðferð við flutning mála. Sjái maður 6 eða 7 flm. að einhverju máli, þá sjá menn og skilja, að menn eru að rotta sig saman um eitthvert mál, sem þeir vita að hefur ekki lífsgildi út af fyrir sig. Og þessi sönnun er prentuð ár eftir ár efst á blaði á þessu frv. Þeir vita það þess vegna ósköp vel, þessir menn, að þeir koma málinu ekki fram með því að spyrða saman tvo og tvo menn bara úr einum flokki. Það verður að ná í spyrðuband úr hverjum flokki þingsins, til þess að þeir hafi nokkra möguleika til þess að koma því í gegn, og er þó hæpið, að þeim takist það. Ég er sjálfur úr skólanum á Akureyri, gekk þar að námi í þrjú ár og þykir ekki vænna um neinn annan skóla á Íslandi heldur en Akureyrarskólann. Ég hefði aldrei látið mér detta í hug að beita mér á móti þessari breytingu, sem þarna er verið að þrástagast á, af annarri ástæðu en þeirri, að ég veit, að skólanum sjálfum sem uppeldisstofnun verður spillt með þessari breytingu, að það er gengið á jafnréttið, sem átti að tryggja og var tryggt með skólalöggjöfinni frá 1946, og þessu jafnrétti er spillt með þessu frv. Það er enn fremur verið að spilla menntaskólanum í Reykjavík með þessu. Hann var í yfirfylltum húsakynnum, hann er í yfirfylltum húsakynnum, hann er svo yfirfylltur núna, að hann sennilega stæðist alls ekki neitt

heilbrigðiseftirlit. Samt á að vera að rogast með að skapa honum heimildir til að hafa líka miðskóladeild, og þar að auki er hann orðinn allt of stórt skólabákn, þegar í viðbót við fjögurra ára menntaskóla þar er komin þriggja ára miðskóladeild neðan við, eða þó að ekki væri nema tveggja. Hann er þá orðinn 500—600 nemenda skóli í einu vetfangi, og það er allt of stór ungmennaskóli. Það er svo stór skóli, að í Reykjavíkurborg fer stjórn slíks skóla meira og minna úr böndunum og verður allt annað en uppeldisstofnun á ýmsum sviðum. Það er einhvers konar blind keppni um það, að hægt sé að státa af hárri hausatölu í menntaskólanum á Akureyri, sem knýr þetta frv. fram, og það er algerlega ósæmilegt að láta það vera grundvöllinn undir frv., sem á þó að heita frv. um skólamál.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það væri nú synd að segja, að ást hv. þm. Ísaf. til menntaskólans á Akureyri lýsti sér ekki hér í miklum ákafa, því að ég satt að segja skildi ekki til hlítar, hvað það var í þessu máli, sem olli því, að þessi hv. þm. þurfti að byrsta sig og æsa svo mjög eins og raun bar hér vitni um. Hann sagði hér margt í sinni ræðu, sem ástæða væri til að gera að umtalsefni og ræða ýtarlega. Ég mun ekki hirða um að minnast þar á nema nokkur atriði, sem máli skipta.

Ég vil þá fyrst víkja að því, að hv. þm. Ísaf. sagði, að þetta frv., sem hér er fram borið, væri ranglega uppbyggt að því leyti, að það væri breyt. á öðrum l. en það ætti að vera. Þetta er ekki rétt. Það er eðlilegt, að þetta frv. sé breyting við l. um menntaskólanám, af þeirri ástæðu, að hér er ekki um það að ræða í þessu frv., svo sem hv. þingmenn sjá, að verið sé að setja neinar reglur um miðskólanám, — það er gert í l. um gagnfræðanám. Hér er aðeins um það að ræða að heimila öðrum skólum að halda uppi kennslu samkv. l. um miðskólanám, þannig að það er í alla staði eðlilegt og rökrétt uppbygging þessa frv., að það sé breyt. á l. um menntaskólana. Hann hélt því fram einnig, að ég hefði sagt, að hér væri ekki um að ræða neina breytingu á fræðslukerfinu. Ég hélt því fram, að hér væri ekki um að ræða breytingu á fræðslukerfinu að því leyti til, að það væri ekki breytt formi miðskólanámsins. Það er gert ráð fyrir, að það sé jafnlangt eins og er í gagnfræðaskólunum eða miðskólunum og kennslutilhögun sé nákvæmlega á sama hátt. Munurinn er aðeins sá, að þarna er um að ræða að veita heimild til þess, að hvort tveggja þetta nám sé í sama skóla, en það séu ekki tveir aðskildir skólar. Það tel ég ekki breytingu á náminu sjálfu að uppbyggingu til á nokkurn hátt. Náminu er hagað á nákvæmlega sama hátt í báðum tilfellum.

Hv. þm. hneykslaðist mjög yfir því, að það hefðu verið allsterk samtök hér á hinu háa Alþ. um að veita menntaskólanum á Akureyri þau réttindi að halda áfram starfsemi miðskóladeildar. En ég held, að það sé ekki til vansa, heldur fremur til sóma hv. þm., sem að því máli hafa staðið að koma í veg fyrir, að þessi ágæta menntastofnun, menntaskóli Norðurlands, væri á margan hátt eyðilögð, vil ég segja, með þeim tilætlunum, sem uppi voru í sambandi við fræðslulögin.

Hv. þm. sagði, að það væri skoðun ýmissa ágætra manna, menntamanna, sem hann nefndi skólamenn, að það væri ekki heppileg tilhögun, sem hér væri farið fram á. Hann vildi jafnframt halda því fram sem unnandi menntaskólans á Akureyri, að það væri ekki heppileg tilhögun þar. Ég vil nú leyfa mér að halda því fram, og má hver lá mér það sem vill, að það sé ekki síður að marka, heldur miklu fremur, orð og ummæli þeirra manna, sem hafa staðið að því fremstir manna að byggja upp þessa skóla. Þessir menn eru ekki síður skólamenn en aðrir, og þeim er nákunnugast um það, hvert er heppilegt kerfi í þeirra skóla. Þeir hafa reynsluna, og það er sameiginleg skoðun forustumanna og kennara beggja menntaskólanna, að óæskileg sé sú leið, sem gert er ráð fyrir í fræðslulögunum, að útiloka það, að þessir skólar geti haft miðskólakennslu innan sinna veggja. Það má stæla um það endalaust, hvor skoðunin sé réttari, hvorir séu meiri skólamenn, hv. þm. Ísaf. og aðrir ágætir menn eða forustumenn menntaskólanna. Það verður auðvitað aldrei endanlega kveðinn upp úrskurður um það; það verður alltaf matsatriði. En ég held, að það sé ekki óeðlilegt og það sé ekki órökrétt að halda því fram, að það sé a. m. k. ekki síður ástæða til að álíta, að forustumenn þessara skóla viti sínu viti og viti, hvað þeir eru að gera með þeim till., sem þeir hafa lagt áherzlu á að fá samþ. hér hvað eftir annað á hinu háa Alþ., um að komið væri í veg fyrir, að miðskóladeildirnar yrðu lagðar niður algerlega við menntaskólana.

Hv. þm. sagði, að hér væri verið að vekja upp draug. Því hefði verið lofað og yfir lýst á síðasta þingi, að þetta mál yrði ekki tekið upp aftur. Því hefur nú auðvitað aldrei verið yfir lýst þá. Því hefur verið yfir lýst ef til vill áður um það, að það væri tímabundin heimild, sem væri fengin til handa menntaskólanum á Akureyri, að starfrækja tveggja ára miðskóladeild. Ég benti á það hér í minni frumræðu, að eins og þetta mál er nú byggt upp, þá er ekki gert ráð fyrir, að menntaskólinn á Akureyri hafi neina undanþáguheimild frá því að starfrækja miðskóla í samræmi við gildandi lög. Og það var sú undanþága, sem mest hefur verið á deilt, að það væri veitt þarna sérstök undanþága einum skóla til þess að starfrækja miðskólakennslu á annan veg en gert væri ráð fyrir í fræðslulögunum.

Varðandi það atriði, að það sé óheppilegt að hafa saman unga nemendur og hina eldri og þeir eigi ekki samleið í félagslífi, — ég verð nú algerlega að mótmæla þeirri skoðun hv. þm. Ég hef stundað nám við menntaskólann á Akureyri og setið þar bæði í gagnfræðadeild og menntadeild, og ég held, að það sé almennt skoðun nemenda frá menntaskólunum báðum, bæði fyrr og síðar, sem farið hafa í gegnum stúdentspróf þar og setið í báðum deildum þeirra, að það hafi aldrei á nokkurn hátt háð þeim, heldur miklu fremur verið þeim til stuðnings, að þeir hafa komið ungir í þessa skóla og haldið þar áfram um lengri árabil, — það hafi aldrei háð þeim á nokkurn hátt, að það hafi verið það mikill ald-

ursmunur milli hinna elztu og yngstu í skólanum, að þeir hafi ekki getað átt samleið í félagsmálum. Það hef ég aldrei orðið var við, þannig að það eru ákaflega veigalítil rök í þessu máli. — Hin rökin eru veigameiri hjá hv. þm. Ísaf., ef það væri rétt, að með því að veita þessa heimild, sem hér er farið fram á, væri verið að skapa eitthvert óréttlæti eða ójafnrétti varðandi möguleika nemenda úr gagnfræðaskólum til þess að nema við menntaskólana. Það væru veigamikil rök, ef rétt væri. En nú ber þess fyrst að gæta, að þó að sumir kynnu að halda því fram, að það væru sköpuð betri skilyrði fyrir þá, sem innan skólans eru, og þeim muni vera frekar greiddur aðgangur til framhaldsnáms í menntaskólunum, þar sem þeir eru kunnugir kennurum og líkur til, að þeir, eins og stundum hefur verið haldið fram og var haldið fram hér við menntaskólann í Reykjavík, slyppu betur varðandi próf og utanskólamenn yrðu erfiðar úti, þá vitum við allir, að á þessu er orðin sú mikla breyting, að menntaskólarnir engu fremur en gagnfræðaskólarnir hafa aðstöðu til þess að ráða um þessi próf. Þeir fá send verkefni, og það eru allt aðrir aðilar, sem ráða einkunnunum, þannig að þeir hafa engin tök á að hafa áhrif á það, hvorki til né frá, hvort þeirra nemendur innan skóla eða utanskólamenn verða þar verr úti. Auk þess er þess að gæta, að samkv. l. er gert ráð fyrir því, að þeir, sem ljúka miðskólaprófi, eigi rétt til þess að setjast í menntaskólana án prófs þaðan. Og það er augljóst mál, að ef svo yrði málum háttað, að fleiri nemendur sæktu um framhaldsskólanám í menntaskólunum heldur en hægt væri að veita þar viðtöku, þá auðvitað gefur að skilja, að fræðslumálastjórnin mundi alls ekki veita undanþágu eins og þá, sem hér greinir. Ef t. d. sækja fleiri nemendur um menntadeild menntaskólans á Akureyri heldur en hægt er í hana að taka, meðan miðskóladeildin er starfandi, þá mundi það að sjálfsögðu valda því annaðhvort, að miðskóladeildin yrði afnumin, eða þá a. m. k., að aðsókn að henni yrði stórlega takmörkuð. Eins og frá þessu frv. er gengið, þá er einnig auðvitað opinn hvaða möguleiki sem er fyrir fræðslumálastjórn til þess að setja takmarkanir á starfsemi miðskóladeildarinnar til tryggingar því, að það komi ekki á nokkurn hátt niður á þeim, sem framhaldsnámið stunda. Af þeim sökum vil ég leggja á það meginácherzlu, að þetta frv. gerir á engan hátt erfiðara um vik neinum þeim nemendum, sem óska að stunda framhaldsnám í framhaldsdeildum menntaskólanna. Mér er ekki kunnugt um, að menntaskólinn á Akureyri, sem þetta mál hefur aðallega snúizt um, hafi synjað nemendum inngöngu í menntadeild, og það mun að sjálfsögðu ekki verða heldur þolað af fræðslumálastjórn á hverjum tíma, að það verði starfrækt þar miðskóladeild, sem verði þess valdandi, að skólinn geti ekki veitt nemendum viðtöku í menntadeild, þannig að hvernig sem á þetta mál er litið, þá er ekki með nokkrum rökum hægt að halda því fram, að hér sé verið að mismuna nemendum og skapa misjafna aðstöðu fyrir æskumenn úr miðskóladeildum til þess að njóta framhaldsnáms. Það eru engin rök fyrir því frambærileg.

Hv. þm. sagði í sinni ræðu, að þetta mál ætti erfitt með að deyja hér í þinginu, og ég vona sannarlega, að það eigi erfitt með að gera það, vegna þess að ég álít, að það væri þinginu til lítils sóma, ef það mundi verða þess valdandi, að ekki yrði hægt að halda áfram því skipulagi, sem tíðkazt hefur við þá skóla, sem einkum telja kost að því fyrir uppeldi skólanna, að það skipulag haldist. Það er bjargföst trú forustumanna menntaskólans á Akureyri, sem aðallega hafa barizt fyrir þessu máli, og sú skoðun er styrkt af forustumönnum menntaskólans í Reykjavík, að þetta skipulag sé hentugt og heppilegt, og ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til að útiloka, að heimild sé til þess fyrir fræðslumálastjórnina og menntmrh. Allra sízt ef það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að menntmrh. hver eftir öðrum hefðu verið andvígir þessari heimild, þá virðist mér, að það mundi ekki vera hætta á því að veita þessum mönnum möguleikana til að nota hana, því að hún mundi þá ekki verða misnotuð, ef það er rétt, að andstaða þeirra gegn málinu sé slík sem hann segir. Það er þá því frekar trygging fyrir því, að engin hætta sé á því, að þessi heimild, þó að samþykkt yrði, yrði misnotuð á nokkurn hátt, þannig að misrétti skapaðist meðal nemenda úr hinum ýmsu skólum. Ég vil því mjög mega vænta þess, að hv. þd. sjái sér fært að ljá þessu máli stuðning og afgr. það á þann eðlilega hátt, sem við teljum að felist í þessu frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú rætt aftur um þetta frv., en ekki gat ég heyrt, að hann hefði nein rök fram að færa gegn því, sem ég fyrst og fremst tel mæla gegn þessu frv. frá uppeldislegu sjónarmiði — frá sjónarmiði skólamannsins. Í fyrsta lagi tel ég, að það raski þeirri hugsun mþn. í skólamálum, sem flokkaði skólakerfið niður í 6 ára barnaskóla, 4 ára gagnfræðaskóla, þ. e. a. s. unglingaskóla, miðskóla og gagnfræðaskóla, og 4 ára menntaskóla, og með þessu móti skapaði aukið jafnrétti öllum unglingum til handa, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Ég tel, að það liggi í augum uppi, að þegar búið væri að fylla neðstu bekki menntaskólans á Akureyri og menntaskólans í Reykjavík með nemendum fyrst og fremst úr þessum kaupstöðum, þá yrðu smugurnar færri handa nemendum, sem hefðu þó miðskólapróf í höndunum frá hinum ýmsu miðskólum víðs vegar um landið. Þá væri aftur farið að ráða húsnæði eða ekki húsnæði um það, hvort ungt fólk víðs vegar um landið fengi að mennta sig eða ekki, og það er að þessu, sem þetta frv. vissulega stefnir. Því verður ekki neitað. Hv. frsm. var hins vegar svo sanngjarn, að hann viðurkenndi, að ef þetta sjónarmið mitt hefði við rök að styðjast, þá væri það mikilvægt, og það er óneitanlega mikilvægt. Það voru margir skólamenn búnir að reka sig á þennan annmarka við gömlu fræðslulöggjöfina, að gagnfræðadeildirnar við menntaskólana voru yfirfullar, þegar sótt var eftir skólavist við þessa skóla, og nemendur þá — tugum og hundruðum saman — fengu ekki skólavist í menntaskólunum, meðan hið gamla skipulag ríkti. Þess vegna sá mþn. í skólamálum

nauðsyn bera til að fella niður gagnfræðadeildina við menntaskólana, svo að allir hefðu aðgang að óskipuðum 1. bekk menntaskólanna beggja. Jafnframt var svo tekið upp landsprófskerfið, þar sem tekið er próf, sem gildir sem inntökupróf í 1. bekk menntaskóla við hvern héraðs- eða gagnfræðaskóla, og þar var gefinn lykillinn, lykilaðstaðan var ekki bara í Reykjavík og á Akureyri lengur, heldur um allt land, þar sem gagnfræðaskóli eða héraðsskóli var til, og þá lykilaðstöðu á ekki að taka af unga fólkinu, þótt það búi fjarlægt Akureyri og fjarlægt Reykjavík. Ég tel, að þeir menn, annaðhvort vitandi eða óafvitandi, vinni illt verk, sem reyna til þess að setja lykilinn eingöngu í hendur Akureyringa og Reykvíkinga.

Hinu reyndi hv. frsm. ekki heldur að mótmæla, að þegar skóli er orðinn það stór, að hann telur meira en 200—300 nemendur, þá missi hann á því sem uppeldisstofnun, en það er almennt viðurkennt af skólamönnum; það þori ég að fullyrða. Skóli með 500—600 nemendum er of stór, þó að hin beztu skilyrði séu fyrir hendi, sem ekki er nú til að dreifa hérna í menntaskólanum í Reykjavík, því að hann hefur hin hörmulegustu ytri skilyrði upp á að bjóða og er þar að auki orðinn allt of fjölmennur skóli til þess, að stjórn hans geti verið í fullu lagi, en samt er streitzt við að gera Akureyrarskólann líka að svo stórum skóla, eins og hann yrði sennilega, þegar hann væri með fullskipaða gagnfræðadeild, kannske margskipta. Í brbl. var í tvö fyrstu skiptin haft ákvæði um það, að ekki mættu vera nema einskiptar ársdeildir. Nú er það fallið í burt. Nú mega þær vera tví-, þrí- eða fjórskiptar, þannig að það gætu verið 10—20 gagnfræðabekkir þarna við þennan skóla í viðbót við lærdómsdeildina, sem líka getur verið með margskiptar ársdeildir. Það er sem sé verið að skapa að því rammann, að skólinn fyrir norðan geti orðið skólabákn, sem ekki hefði eins góð uppeldisskilyrði eins og skólinn hefði um langa framtíð, ef hann væri eingöngu 4 ára menntaskóli.

Ég fór ekki nánar út í að skýra það fyrir mönnum, hvernig á því stendur, að 12—13 ára unglingar eiga ekki að öllu leyti í félagslífinu samleið með tvítuga fólkinu. En það er þó alkunn staðreynd, svo að maður nefni eitt dæmi, að það er margur unglingurinn 18—20 ára byrjaður bæði að reykja og drekka. Skyldi það vera verulega hollt fyrir 12—13 ára unglinginn að telja sig vera í sömu stofnun með sömu réttindi og mega þó ekki, umfram allt ekki þroska síns vegna a. m. k., fara út á þessa braut með eldri félaganum? Mörg fleiri dæmi er hægt að nefna, en þetta er nægilegt til þess, að það eitt ætti að mæla móti því að hafa unglinga saman í skóla frá 12 og 13 ára og upp að tvítugu, og eldri félaginn í skóla verður alveg óumdeilanlega fyrirmynd fyrir þeim yngri í neðstu bekkjunum.

Ein höfuðröksemdin fyrir því, að stjórnendur menntaskólans á Akureyri fengu því framgengt, að árlega var tekið allmikið fé sem framlag til heimavistarhúss á Akureyri, var sú röksemd, sem var góð og gild, að aðalskólahúsið á Akureyri er timburhús — mikið timburhús — og heimavistirnar allar voru þar uppi á 2. og 3. hæð. Af eldhættu var því talið alveg óverjandi að hafa heimavistirnar í hinu gamla skólahúsi, og Alþ. lagði fram árum saman háar upphæðir, til þess að hægt væri að byggja mikið og veglegt heimavistarhús við menntaskólann á Akureyri. Nú er það aftur á móti notað sem röksemd fyrir nauðsyninni að taka upp miðskóladeildir við menntaskólann, að heimavistarhúsið á Akureyri sé og verði svo stórt og rúmmikið, þegar því sé lokið, að það komi til með að standa autt, ef ekki sé prjónað neðan við skólann með miðskóladeildum. M. ö. o., það er verið að segja hv. Alþ. það nú, að það hafi verið beðið um hluti, sem ekki hafi verið við hæfi menntaskólans á Akureyri og ekki að þörfum. Ég tel, að þetta séu í raun og veru villurök til þess að knýja þetta fremur ómerkilega mál fram. Það er alveg áreiðanlegt, að menntaskólinn á Akureyri er í vexti sem menntaskóli, og forráðamenn hans áttu að leggja kapp á að efla hann og stækka sem menntaskóla. Þá er sennilegt, að ekki hefði verið talin þörf fyrir að stofna þriðja menntaskólann í landinu, ef þeir hefðu beint áhuga sínum að þessu, en ekki sífellt einblínt á það, að þeir vildu prjóna við skólann að neðan, en á það hafa þeir, sem stjórna skólanum, lagt höfuðkapp nú í mörg ár. Svo hefur af þessu sprottið upp menntaskóli á Laugarvatni, sem vafasamt er að hefði haft nokkru hlutverki að gegna, ef menntaskólinn á Akureyri hefði verið efldur sem menntaskóli. — En er þá eitthvert laust heimavistarpláss í heimavistarhúsinu nýja fyrir norðan? Nei, ekki eitt einasta. Skólameistarinn var hér á dögunum til þess að ýta þessu máli enn þá úr vör, því að þessum 7 flm. er ekki trúað fyrir að gera það einum núna, þó að það sé verið að fara af stað með málið í þriðja sinn. Skólameistari menntaskólans á Akureyri er alltaf að koma hér til þess að ýta málinu úr vör. Það er meira að segja svo þungt undir fæti, að hann verður að dveljast hér um lengri tíma til þess, og hann verður meira að segja að ganga milli andstæðinga málsins og biðja þá að beita sér nú ekki móti málinu. Alltaf hittir hann mig að máli til þess að biðja mig að beita mér ekki á móti málinu. En hann sagði mér einmitt núna, þegar hann var að tala við mig seinast: „Það stóðst alveg á í haust, að við þurftum engum að neita um heimavist, en það er líka hvert heimavistarpláss skipað.“ „Er þá búið að leggja niður heimavistirnar í timburhúsinu, skólahúsinu gamla?“ sagði ég. Nei, það er enn þá fólk í heimavistunum, búandi þar við alla eldhættuna, sem ekki var talið forsvaranlegt að láta hið unga heimavistarfólk búa við, þegar fyrir mörgum árum var beðið um fjárveitingar til heimavistarhússins. Það er sem sé full þörf á að geta lokið heimavistarhúsinu fyrir norðan, til þess að hægt sé að ná því marki, sem stefnt var að með byggingu hússins, að hætta að hafa heimavistir í timburhúsinu. Og það er markið, sem við ætluðum að stefna að fyrst og fremst.

Ég býst við, að það gefist tækifæri til þess að ræða þetta mál nánar á þessu þingi. Það kemur sjálfsagt frá n., — þótt að mínu áliti ætti það að deyja hægum og rólegum dauða, sofna í n., — og þá koma vafalaust í ljós undirtektir mennt-

mrh. einu sinni enn, fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum. Og vafalaust verður séð svo um, að n. taki ekkert tillit til samróma álits allra þessara aðila, sem ættu þó að vera réttdæmir um skólamál og óhlutdrægir aðilar, og málið knúið út úr n. og reynt að koma því í gegnum hv. d. enn þá einu sinni.

Ég gat þess ekki áðan, að málið hefur líka frá öndverðu fengið þung ámæli frá skólastjóra gagnfræðaskólans á Akureyri, Þorsteini M. Jónssyni. Hann sýndi fram á það strax, að sínum skóla væri mikill miski gerður með framgangi þessa frv. Það mundi verða lagt höfuðkapp á það af íbúum Akureyrarkaupstaðar að koma sínum nemendum strax inn í gagnfræðadeild við menntaskólann til þess að tryggja þeim þar örugglega leið upp í gegnum þann skóla, en láta þá ekki fara í gagnfræðaskólann á Akureyri og eiga svo á hættu, að þeir kæmust ekki vegna nemendanna í gagnfræðadeildinni við sjálfan menntaskólann inn í lærdómsbekkina, því að þá er búið að fylla skólann upp úr. Og þessi hefur orðið reynslan. Nemendurnir hafa lagt meira kapp á að komast inn í 1. bekk gagnfræðadeildar við menntaskólann heldur en í hinn gagnfræðaskólann á Akureyri, og þó er viðurkennt, að gagnfræðaskólinn á Akureyri er líka hin ágætasta stofnun. Sá skóli stendur því uppi með hið minna námshæfa fólk yfirgnæfandi, og þeirri stofnun er þannig spillt fyrir það, að hún nýtur ekki þeirra eðlilegu skilyrða, sem henni var ætlað að búa við samkv. skólalöggjöfinni. Unga fólkið þarna á ekki alveg frjálst val um þetta. Það er talinn kostur að láta þá fara strax inn í skólann, sem tryggir þeim beina braut upp úr. Þó að þessir skólar standi hlið við hlið í sama kaupstað, þá sér fólk, að ekki er fullt jafnrétti milli þeirra, sem fara inn í 1. bekk gagnfræðaskólans á Akureyri og í gagnfræðadeild menntaskólans. Það er fyllri réttur þeirra, betur fyrir honum séð, ef þeir fara beint inn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar við menntaskólann. Þar með er augljóst mál, að það er gengið á rétt allra þeirra nemenda, sem byrja nám sitt og verða að stunda það í öðrum gagnfræðaskólum landsins. Mótmæli Þorsteins M. Jónssonar gegn frv. hafa ekki heldur haft neina þýðingu, og verð ég þó að segja, að fáir hafa rökstutt andstöðuna við frv. betur en hann í fylgiskjölum, sem fylgdu því, að ég hygg, þegar það var flutt hérna fyrst.

Þá skal ég aðeins víkja að því, sem ég hélt fram í fyrri ræðu minni. Það var um það, að miklu eðlilegra væri, að þetta frv. væri breyt. á l. um gagnfræðaskóla, því að á því skólastigi eru miðskólarnir og þetta er að öllu leyti viðvíkjandi framkvæmd á kennslu á miðskólastiginu. En þetta er aftur flutt, eins og ég áðan sagði, sem breyt. l. um menntaskóla. 3. gr. l. um menntaskóla er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Í skólanum eru 4 ársbekkir. Greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir, máladeild og stærðfræðideild.“ — Þessi grein er sem sé um lærdómsdeildirnar gömlu og skiptingu þeirra í máladeild og stærðfræðideild. Í þessu frv. segir svo, að aftan við 3. gr. l. um menntaskóla komi ný mgr., svo hljóðandi: „Fræðslumálastjórn er heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana.“ Á þetta þarna við? Ég held ekki. Ég held, að það hefði nú farið betur á því að hafa þetta sem sérstaka grein heldur en neðanþrjóning við grein um, hvernig fjögurra ára menntaskóli greinist í máladeild og stærðfræðideild. Ég get ekki látið vera að vekja athygli á því. Þetta er algerlega út í hött og algerlega við skökk lög. Vitanlega er þetta meginbreyting á framkvæmdinni á l. um gagnfræðaskóla, þann kafla, sem þar fjallar um miðskóla.

Ég skal láta útrætt um þetta mál að sinni. Ég er alveg sannfærður um það, að þetta er til engra bóta fyrir menntaskólann á Akureyri og til stórtjóns fyrir námsaðstöðu fólks víða um land, ungs fólks, sem ekkert hefur af sér gert þannig, að 6 eða 7 þm. þurfi að bindast samtökum um það á hverju þingi að skerða rétt þess. En það er gert með þessu frv. Ég mæli þess vegna á móti þessu frv. og læt að lokum í ljós þá ósk, að hv. flm. gætu séð sér fært að taka frv. aftur eða a. m. k. að sækja í sig veðrið, að það sofnaði í nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 386).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á nokkrum þingum undanförnum hefur verið flutt frv. um heimild til þess fyrir menntaskóla að halda uppi miðskólakennslu. Stundum hefur það mál verið miðað við menntaskólann á Akureyri einan. Nú er málið flutt í því formi, að fræðslumálastjórn sé heimilt að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana. Menntmn. þessarar deildar, sem fengið hefur málið til meðferðar, hefur rætt það á nokkrum fundum og m. a. fengið á fund sinn fræðslumálastjóra, skólameistara menntaskólans á Akureyri og skólastjóra gagnfræðaskóla Akureyrar. En milli hinna tveggja síðar nefndu hafði verið allmikill ágreiningur um þetta mál, að því er Akureyri varðar. Nú er hins vegar milli skólameistara og skólastjóra komið fullt samkomulag um það, hvernig haga skuli kennslu og skiptingu nemenda á Akureyri, ef þessi heimild verður notuð fyrir menntaskólann á Akureyri. Samkomulag þeirra er prentað sem fylgiskjal með nál. Eftir þessar viðræður og athugun nm. sjálfra hefur n. orðið á einu máli um að mæla með samþykkt þessa frv., þó með þeirri breyt., að heimildin sé bundin við óskiptar bekkjardeildir. Ætla ég, að um það þurfi ekki að verða ágreiningur, og leyfi mér að mæla með því fyrir n. hönd, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 386 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 394).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 394, n. 533).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa langa framsögu um mál þetta. Þetta er gamall gestur hér í deildinni, og hefur þetta mál satt að segja ekki reynzt neinn aufúsugestur, heldur með leiðinlegri gestum, sem hingað hafa komið. Eins og nál. ber með sér, þá var n. frekar óljúft að staðfesta þetta frv. og leggja til um samþykki þess. En að athuguðum öllum aðstæðum og eins og hér var komið, að samningar voru á bak við hjá skólastjórum um þetta norðanlands, og einnig það, að áður, tvisvar til þrisvar hér á s. l. þingum, hefur sams konar mál verið samþykkt hér, þá sá hún ekki ástæðu til þess að bregða fæti fyrir það nú í þetta skipti. Þannig skrifaði meiri hl. n. undir þetta álit sitt. Aftur á móti voru tveir af nm., sem lítið vilja leggja til málanna og ég vænti að snúist ekki gegn því, eftir því sem þeir hafa áður sagt, og kemur það flatt upp á mig, ef þeir gera það. Annar þeirra er ekki maður, sem segir eitt í dag, en annað á morgun, sbr. áfengislögin. Hygg ég því, að n. eða þessi meiri hl. n. megi hér vera óáreittur með sitt álit í þessu. En ég segi frá mínum bæjardyrum, — og við segjum allir, — að við viljum og óskum þess og getum þess í nál., að það fyrirkomulag verði sett á um þetta, að það þurfi ekki að vera að þvælast með þetta leiðindafrv. lengur hér í n. og það verði lögfest, en ekki látin vera hangandi heimild fyrir stjórnina til þess að gera það, sem henni sýnist í þessu máli, og vera svo að álasa henni annað veifið fyrir það, sem hún kann að hafa gert, og kannske álasað fyrir vanrækslusyndir. Þess vegna verð ég að taka það fram, að það er nauðsynlegt, að þetta mál verði fullkomlega lögfest, en verði ekki lafandi lengur sem heimild hér að liðnu næsta skólaári.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég hef, herra forseti, lesið nál. með athygli og hlustað á hina ágætu framsöguræðu hv. frsm. og játa, að ég er ekki miklu nær eftir en áður um rök, þó að ég hafi heyrt nokkrar niðurstöður, og skal ekki furða mig á því, þótt n. gengi illa að komast að ákveðinni niðurstöðu og finna glögg rök, þar sem hinn fjölfróðasti og skeleggasti nm. hefur neitað að taka afstöðu til málsins. Nú vil ég skora á hann, okkur til leiðbeiningar, hv. 1. þm. N-M., að herða upp hugann og kveða upp úr, hver skoðun hans er í málinu. Enn fremur vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort það sé ekki skylda nm., sem kosnir eru til þess að leiðbeina þingmönnum og athuga mál — og sitja hér í rauninni á launum ríkisins til þess að taka þátt í þingstörfum, — hvort það sé ekki skylda þeirra að láta uppi álit um þau mál, sem send eru til þeirrar nefndar, sem þeir eiga sæti í, og vil þess vegna fara þess á leit, að hæstv. forseti hlutist til um það, ef hv. þm. fæst ekki til þess ótilneyddur, að hv. þm. N-M. gefi út nál.

Forseti (BSt): Út af ummælum hæstv. ráðh. vil ég taka það fram, að það er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að nefndarmenn taki afstöðu til þeirra mála, sem vísað er til þeirra n., sem þeir eiga sæti í. Hins vegar þekki ég engin ákvæðin ákvæði þingskapa, sem heimili forseta að beita þvingunarráðstöfunum við þessa menn, t. d. að setja þá í fangelsi upp á vatn og brauð eða eitthvað slíkt (Gripið fram í.) — að forseti geti komið því fram, ef nm. alls ekki vilja skrifa undir neitt nál., hvorki á einn eða annan veg.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. mátti vera það ljóst eftir umr. um þetta mál hér á undanförnum þingum og atkvgr., að ég hef yfirleitt staðið ákveðið á móti þessu máli. Ég skal ekki nú fara að endurtaka neitt af þeim ummælum, sem ég hef þá haft. Nú kemur þetta mál í nýju ljósi á þann hátt, að skólarnir, sem þarna er um að ræða, gagnfræðaskólinn, sem er á Akureyri og á að vera og kenndur er við Þorstein M. Jónsson, og gagnfræðaskólinn, sem á ekki að vera og kenndur er við menntaskólann, eru búnir að gera með sér samkomulag og fyrir fram að ákveða, hvernig nemendur á Akureyri skuli skiptast á milli þessara skóla eftir prófum og því, hvar þeir búa í bænum. Þegar nú eitt bæjarfélag og tveir skólar eru búnir að koma sér saman um þetta, þá hef ég sagt formanni menntmn., Þorsteini Þorsteinssyni, á fundi þar, að ég mundi ekki skipta mér af málinu, ég mundi láta það hlutlaust, hvorki mæla með því né á móti því, að þeir gerðu þetta samkomulag og reyndu það. En mér mundi sjálfum, ef ég ætti heima á Akureyri, þykja fjandi hart að vera ekki frjáls að því, í hvaða skóla ég setti mín börn. Og hvað lengi þetta samkomulag stendur hjá Akureyringum sjálfum, það skal ég láta ósagt.

Ég mun þess vegna, eins og ég hef sagt við hv. form. n., láta málið afskiptalaust og lofa þeim að sjá, hvernig þetta samkomulag, sem skólarnir innbyrðis — og bæjarfélag Akureyrar sjálfsagt líka — virðast hafa komið sér saman um, reynist, og því ekki skipta mér af málinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er einungis til þess að afla mér frekari fræðslu. Er það þá ekki rétt skilið, að hv. þm. N-M. vilji láta málið afskiptalaust vegna þess, að hann telji, að með frv. sé verið að beita slíkri kúgun við borgara Akureyrar, að hann mundi telja það alveg óviðunandi, ef hann byggi þar sjálfur? (Gripið fram í.) Já, hv. þm. lýsti því yfir, að hann teldi það — ja, „fjandi hart", sem er nú mjög óþinglegt orðbragð, ef hann væri Akureyringur, að vera þannig leikinn, en hann vill þó una því með afskiptaleysi sínu, að borgarar Akureyrar séu „fjandi hart" leiknir. (Gripið fram í.) Er það ekki rétt skilið, að rökfærslan hjá þingmanninum sé þessi? (Gripið fram í.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Ed., 19. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, HG, KK, BSt.
nei: StgrA, FRV.
RÞ, VH, PZ greiddu ekki atkv.
5 þm. (BrB, GÍG, HermJ, JJós, LJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

---

59. Greiðslubandalag Evrópu.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:

Frv. til l. um framlengingu á heimild ríkisstj. til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu [177. mál] (þmfrv., A. 366).

Á 35., 36. og 37. fundi í Nd., 5., 8. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefði nú verið viðkunnanlegra vil ég segja við mína hv. meðnm. í fjhn., að einhver af fulltrúum ríkisstj. þar hefði mælt nokkur orð með þessu frv. Það er þó ekki alveg svona einskisvert mál, að ríkissjóður taki að sér að ábyrgjast og leyfa ríkisstj. að stofna til skulda, sem nema allt að 64 millj. kr. Ég verð nú að segja það, að það hefði einhvern tíma þótt undarlegt, ef það ætti að ganga í gegn alveg umræðulaust.

Þetta mál er flutt eftir beiðni viðskmrh., m. ö. o., það er ekki einu sinni stjfrv., og einstakir nm. fjhn., sem alltaf álíta það auðvitað eðlilega sína skyldu að flytja svona frv., — við álítum það alltaf okkar skyldu að bera fram svona mál, þegar ráðh. óskar eftir því, það er ekki nema kurteisi, — áskilja sér óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Það hefur áður verið heimild til svipaðrar skuldasöfnunar eins og þessarar, svipuð lánsheimild, en hún hefur ekki verið notuð nema að litlu leyti, minna en helmingur, og það var á árum, þegar mun betur leit út um fjárhagslega afkomu landsins en nú er. Ég held, að það sé þess vegna rétt, að hv. d. geri sér ljóst, að með því að veita hæstv. ríkisstj. heimild til að stofna til skulda, sem geta numið allt að 4 millj. dollara, eða 64 millj. ísl. króna, á tímum, þegar okkar verzlunarjöfnuður verður erfiðari, þegar t. d. Marshallaðstoðinni er lokið, þá erum við að leiða ríkisstj. í meiri freistni. Hæstv. ríkisstj. segir t. d. nú sem stendur: Það er erfitt að selja íslenzkar afurðir, — og að svo miklu leyti, sem það er auðvelt að selja íslenzkar afurðir, vill íslenzka ríkisstj. ekki leyfa að selja þær. Ef hún nú á sama tíma fær heimild til þess að geta tekið 64 millj. kr. lán erlendis, þá er hún leidd í þá freistni að nota svo og svo mikið af þessu láni, ef hún er í örðugleikum út af sinni pólitík hér heima um að koma íslenzkum vörum í verð. En ef hún tekur þetta lán, hvers konar skuldbindingar fylgja því? Það held ég, að hv. fulltrúar ríkisstj. í fjhn. hefðu átt að upplýsa. Ég er því miður ekki nægilega vel kunnugur því. En einhvern veginn rámar mig í það, að skuldbindingarnar viðvíkjandi Greiðslubandalaginu séu þannig, að lítinn hluta af því fyrsta, sem við getum fengið að láni, 15% eða hvað það er, getum við borgað sama sem í íslenzkum krónum, en því meiri hluta sem við notum af þeim möguleika, sem við höfum til að fá lán þar, því harðvítugri eru greiðsluskilmálarnir, og ég vil bera fram þá fyrirspurn: Er það ekki rétt, að svo framarlega t. d. sem við notuðum þessa heimild hjá Greiðslubandalaginu fram úr t. d. 25—30%, þá værum við skyldir til að greiða í dollurum eða gulli? — Jafnvel þó að við tækjum t. d. lánið bæði óbeint vegna — við skulum segja — óhagstæðs verzlunarjafnaðar við Holland, England eða Danmörku, þá yrðum við, þegar komið væri fram yfir ákveðna prósentutölu af þeirri ýtrustu lánsheimild, sem við höfum, að greiða í dollurum eða gulli. Og við vitum, hvað það þýðir. Það þýðir, að það geta orðið ógurlegir erfiðleikar á því fyrir okkur að greiða þessar skuldir.

Ég vil benda á, einmitt út frá því máli, sem við vorum að ræða hérna áðan viðvíkjandi jafnvirðiskaupum frá löndum, sem verzla við okkur á þeim grundvelli, að það er um tvennt ólíkt að ræða. Við getum gert samninga við lönd, sem við verzlum við á jafnvirðisgrundvelli, þannig að við segjum við þau: Við semjum við ykkur, við látum ykkur hafa fiskafurðir, og ef þið eigið inni hjá okkur, af því að við höfum tekið of mik-

ið af nauðsynjavörum frá ykkur, þá eruð þið skuldbundin til að taka það smám saman út í fiski. Ef við seljum ykkur það mikinn fisk, að þið eruð ekki búin að borga hann um áramótin í vörum, þá eigum við inni hjá ykkur tilkall til meira af vörum. — Þetta er í fyrsta lagi hættulegt fyrir hvorugan aðilann; í öðru lagi er það beinlínis þægilegt fyrir okkur, sem höfum áhuga fyrir því að koma okkar fiski út. Ef við hins vegar höfum samninga við Greiðslubandalag Evrópu, höfum notað okkur svona lánsheimild, erum komnir það hátt með þetta lán, að við erum orðnir skuldbundnir til að greiða t. d. í dollurum eða gulli, þá þýðir það, að við verðum að skaffa okkur dollara, og hvernig er útlitið fyrir okkur með að skaffa okkur dollara? Það er þannig núna, að við verðum þá að selja vörur í Bandaríkjunum, en í Bandaríkjunum fer verðið fallandi á okkar vörum, og í öðru lagi íslenzkar vörur, sem við seljum í Bandaríkjunum núna, seljum við að nokkru leyti 30% undir framleiðsluverði, m. ö. o., við borgum 30% með þessum vörum eða raunverulega meira. Við borgum með þessum vörum. Við borgum sem sé dollarana, sem við kaupum þannig, á okurverði og yfirverði. Á sama tíma seljum við til landanna, sem við sömdum um jafnvirðiskaup við, fyrir framleiðsluverð, stundum yfir því, stundum kannske rétt undir því. Ég skal bara taka Bretland sem dæmi. Ég er því miður ekki nógu kunnugur markaðinum í Ameríku, en ég er hræddur um, að sumt af freðfiskinum seljist til Ameríku fyrir svipað verð og til Bretlands, — ég veit a. m. k. að til Bretlands er hraðfrysti fiskurinn seldur fyrir 80 sterlingspund tonnið, sem sé 30—40% undir framleiðslukostnaði. Þessi sami freðfiskur er seldur til Austur-Þýzkalands, Tékkóslóvakíu og þessara landa fyrir 130—145 sterlingspund. Það sér hver maður, hvað þetta þýðir, og ég vil taka það fram um leið, að við kaupum oft ódýrari vörur frá þessum löndum en frá Bretlandi. Ég vil bara t. d. kasta fram þeirri spurningu, þótt hæstv. ríkisstj. vilji aldrei upplýsa neitt, hvort það sé rétt, að það hafi verið stöðvaður meira eða minna innflutningur á girðingarefni til landsins, eftir að Samband ísl. samvinnufélaga var búið að kaupa girðingarefni á mjög háu verði frá Bretlandi, af því að þá lágu fyrir tilboð um miklu lægra verð frá Tékkóslóvakíu og Sambandið vildi ekki fá inn girðingarefni til þess að keppa við það. Á sama tíma seljum við hraðfrysta fiskinn til Bretlands fyrir 80 sterlingspund tonnið, en fáum fyrir hann 130—145 sterlingspund í Tékkóslóvakíu. Þannig eru öll verzlunarviðskipti við þessi lönd sama hneykslið frá upphafi til enda. Þess vegna álít ég, þó að ég viðurkenni, að það geti verið mjög þægilegt að hafa þessa heimild, sem hér um ræðir, ákaflega varhugavert að gefa hæstv. ríkisstj. hana, á meðan hún gefur ekki meiri skýringar á því, hvernig hún ætli að nota hana, heldur en hún hefur gert.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram og vil benda á, hvað dýr þessi afstaða er, hvað skatturinn er, sem við Íslendingar borgum núna fyrir viðskiptin við þessi lönd. Það er verið að pína og plága fólkið í landinu. Það er verið að stela af því yfir 100 millj. kr. nú á tveim árum með bátagjaldeyrinum, 60 millj. kr. var hann í fyrra, hann er áreiðanlega kominn yfir 40 millj. í ár, og þessari fúlgu er hent í Bretland og Bandaríkin sem skatti til einokunarhringa, sem láta núverandi ríkisstjórn Íslands selja sér íslenzkan fisk undir framleiðsluverði og gefa því með honum. Síðan selja svo þessir hringar, eins og Unileverhringurinn í Bretlandi, sá hringur sem núna stendur fyrir öllum aðgerðunum gegn Íslendingum, — síðan selur hann svo og svo mikið af freðfiskinum til viðskiptalanda Íslands og leggur sín 40—50 £ á tonnið, vegna þess að það er verðmismunurinn á fiskinum, sem seldur er til Bretlands og til landanna í Austur-Evrópu.

Ég vil taka það fram, af því að ég veit, að þm., sérstaklega hv. Framsóknarþm., eru kannske farnir að gleyma því, sem stóð í Samvinnunni hér á árunum, þegar verið var að afhjúpa feitmetishringinn brezka, Unileverhringinn, — ég vil minna þá á, að þeir gætu líka þar, ef þeir væru ekki farnir að ruglast of mikið í sínum fræðum, lesið um, hvernig sá hringur á stærsta togaraflotann í Bretlandi, stærstu fiskgeymsluhúsin í Bretlandi, ræður megininu af fisksölubúðunum í Bretlandi, á meginið af öllum kælivögnum og öllum þeim vögnum, sem flytja fiskinn í Bretlandi, á stærsta þýzka togarafélagið, sem nú nýtur þeirra sérréttinda að leggja upp í Bretlandi, þegar Íslendingum er bannað það, og þessi hringur er studdur og finanseraður meðfram af íslenzku ríkisstj., sem gefur honum stórfé á hverju ári, borgar honum 40—50 £ af hverju tonni freðfisks, sem til Bretlands er seldur. Ríkisstj. getur selt þennan fisk á 130 £ tonnið og hærra til annarra landa, en selur hann til Bretlands á 80 £ tonnið til Bemast, þessarar deildar úr Unileverhringnum, sem síðan skipuleggur fjandskapinn gegn Íslandi. Það er vert, ef þm. hafa ekki gert sér það ljóst, að þeir geri sér ljóst, að það er talað um fjandskap, fyrirlitningu og allt saman slíkt af hálfu hæstv. atvmrh. í útvarpinu frá brezkum útgerðarmönnum, og það er fyrst og fremst þessi hringur, sem er brezkir útgerðarmenn, því að það er hann, sem stjórnar þeirra aðgerðum, og það er einn af hans samninganefndarmönnum, sem er kominn hingað heim og hefur staðið fyrir einna mestum fjandskapnum þar úti. Það er bezt, að menn geri sér það alveg hreint ljóst, að íslenzk ríkisstjórn kúskar Íslendinga með ólöglegum aðferðum til að borga skatt til þessa hrings. Bátagjaldeyririnn er tekinn af Íslendingum til að borga tapið af því að selja þessum hring undir framleiðsluverði. Þannig eru þeir einokunarhringar launaðir, sem erlendis fjandskapast mest við Ísland, og á sama tíma gerir hæstv. ríkisstj. allt sem hún getur til þess að hindra, að Íslendingar geti selt sinn fisk til annarra landa, þar sem nóg er hægt að selja af honum.

Greiðslubandalag Evrópu er einn þáttur í efnahagssamvinnu Evrópu. Efnahagssamvinna Evrópu kemur fram í því gagnvart Íslandi, að Bretland útilokar okkur frá því að selja fisk, neitar að kaupa fisk af okkur, að Holland er hætt að kaupa fisk af okkur, að Frakkland er hætt að kaupa fisk af okkur, að þýzku togararnir fá einkaréttindi til að leggja á land í Bretlandi, en

Íslendingum er svo að segja neitað um að selja nokkuð sem heitir af fiski í Þýzkalandi. Og hvernig er með fiskmarkaðinn og efnahagssamvinnuna við Norðurlönd? Það vitum við. Þetta er ástandið í efnahagssamvinnunni, m. ö. o., það er fjandskapur í öllum þessum löndum. Það er þó ekkert undarlegt, þegar maður sér og það liggur deginum ljósara fyrir, hvernig allt, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert á þessu sviði, hefur snúizt upp í það öfuga. Efnahagsfjandskapur Vestur-Evrópuþjóðanna við Ísland í því, sem kallað er efnahagssamvinna, er staðreynd, og þess vegna vildi ég óska, að þegar þetta mál er afgreitt, gæti hæstv. ríkisstj. þess, að Greiðslubandalag Evrópu, sem henni með þessu yrði gefin heimild til að fá sérstakt lán hjá, yrði ekki að hengingarsnöru á íslenzkan fjárhag. Mér lízt ekkert á þá pólitík að taka svo og svo mikil lán hjá Greiðslubandalaginu með þeirri skuldbindingu, að það eigi að greiða með dollurum, ef það ætti svo á eftir að fara að taka vörurnar frá Íslandi og fleygja þeim til Ameríku 50% undir framleiðsluverði, en banna mönnum á meðan að selja þær þar, sem þeir gætu fengið fullt verð, en þetta er ástandið í þessum málum. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst. M. ö. o., það hefði verið viðkunnanlegt, þegar hæstv. ríkisstj. fer fram á, á þeim erfiðu tímum sem hún segir að séu, að fá lánsheimild upp á 64 millj. kr., að hún hefði sagt, hvernig hún ætti að borga þetta til baka, með hvaða skilmálum; e. t. v. kýs hæstv. ríkisstj. heldur að dylja það fyrir hv. þm. En þetta eru aftur þær upplýsingar, sem ég held að séu réttar og væri þá gott að væru leiðréttar, ef þær eru það ekki. Meðan tekið er lítið af þessu láni, sem sé 15% eða eitthvað þar um kring, — ég man það nú því miður ekki svo vel, — þá er hægt að borga það jafnvel í okkar eigin gjaldeyri — eða ekki miklir erfiðleikar á, en því meira sem við göngum á þetta lán, því harðari eru skilmálarnir um að greiða það tiltölulega fljótt og það í hörðum gjaldeyri, í dollurum eða jafnvel gulli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 542).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. mælir með því, að frv. þetta verði samþ., svo sem fram kemur í áliti n. á þskj. 542. Einn nm., hv. 1. landsk., tók þó enga afstöðu til málsins.

Greiðslubandalag Evrópu var stofnað í september 1950, og í því eru átján ríki. Greiðslubandalagið annast m. a. yfirfærslur meðal aðildarríkjanna þannig, að þegar t. d. Ísland selur saltfisk sinn á Ítalíu, getur það lagt andvirði hans í lírum inn á reikning sinn hjá bandalaginu, en tekið út vörur t. d. í Frakklandi og fengið þær greiddar af innistæðum í reikningnum eftir reglum, sem þar um gilda. Þetta léttir mjög vöruskiptaverzlunina og setur hana á breiðara svið. Enn fremur hafa aðildarríki bandalagsins rétt til yfirdráttarlána úr þessum hlaupareikningi sínum hjá bandalaginu að vissu marki og eftir vissum reglum hvert, en þó þurfa ráðuneyti landanna hvers um sig löggjafarheimildir til þess að nota þennan rétt til yfirdráttarlána. Alþ. veitti 1951 ríkisstjórn Íslands heimild til allt að fjögurra millj. dollara yfirdráttarheimildar hjá Greiðslubandalaginu viðvarandi um tveggja ára skeið. Nú gerir frv., sem hér liggur fyrir, ráð fyrir framlengingu eða endurnýjun slíkrar heimildar jafnhárrar til yfirdráttar um annað tveggja ára tímabil, eða til júlíloka 1954, því að þá endar fjárhagsár bandalagsins 1953—54.

Í frv. er svo fyrir mælt, að um leið og yfirdráttarlánið sé tekið hjá bandalaginu, skuli jafnvirði þess í íslenzkum krónum lagt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar gjaldeyrisástæður leyfa, til greiðslu á yfirdráttarláninu og til einskis annars. Þessari reglu hefur verið stranglega fylgt að undanförnu, og hún er þess vegna ekkert nýmæli. Þegar frv. var samið, var skuldin á reikningnum við Greiðslubandalagið, eins og grg. frv. ber með sér, 1,886 millj. dollara. Fyrir síðustu helgi var hún komin ofan í eina og hálfa millj. dollara. Þannig hreyfist hún eftir viðskipta- og gjaldeyrisástæðum, en innan hinnar heimiluðu fjárhæðar, fjögurra milljóna. Auðskilið er, að þessi yfirdráttarlán eru Íslandi mikil fyrirgreiðsla, af því að út-

flutningur landsins er ójafn og getur oft og einatt ekki fallið til samhliða innflutningsþörfinni. Þess vegna tel ég einboðið fyrir Alþ. að veita heimildina og samþykkja frv., svo sem og n. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, FRV, GJ, BSt.
StgrA, BrB greiddu ekki atkv.
6 þm. (LJóh, PZ, GÍG, HG, HermJ, JJós) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 575).

---

60. Sýsluvegasjóðir.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði [109. mál] (þmfrv., A. 145).

Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. ætti ekki að þurfa langra skýringa. Sýsluvegasjóðirnir hafa ærin verkefni fram undan á næstunni. Fyrir vegalagabreyt., sem gerð var á hv. Alþ. í fyrra, var lengd þeirra vega, sem sýsluvegir kölluðust, eitthvað á 3. þúsund km. Þessi vegalengd styttist um nokkur hundruð km við vegalagabreyt., en ég hef upplýsingar um það frá vegamálaskrifstofunni, að á sýslufundum í vor var gert töluvert að því að lengja sýsluvegina að nýju. Nákvæmar tölur um það eru þó ekki fyrir hendi sem stendur. Ekki eru heldur til öruggar tölur um það, hvað akfært er og hvað ekki af þeim vegum, sem sýsluvegir nefnast, en það er þó vitað, að óakfært er æði mikið, og einnig hitt, að það, sem akfært er kallað, er mjög víða ákaflega ófullkomin vegagerð, verður dýr í viðhaldi og þarf endurbóta. Sem sagt, fjárþörf sýsluvegasjóðanna á næstu missirum er vissulega mikil. Tekjur sýsluvegasjóðanna miðast við ákveðið hundraðsgjald af fasteignum í viðkomandi sveitarfélögum. Sýslunefndir ákveða upphæð þess árlega, þó með þeim takmörkunum, sem l. segja til um, eins og segir í grg. frv. Síðan l. voru sett um tekjuöflun sýsluvegasjóðanna, hefur svo kostnaður við vegagerð hækkað mikið, en möguleikar til tekjuauka hjá þeim ekki verið fyrir hendi. Með þessu frv. er í rauninni aðeins lagt til, að löggjafinn viðurkenni þessar staðreyndir í verki.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 145, n. 462).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er um breyt. á l. um sýsluvegasjóði. Hefur samgmn. þessarar hv. d. haft þetta frv. til athugunar og sent það vegamálastjóra til umsagnar og fengið svar frá honum.

Sýsluvegasjóðir eru stofnaðir með lögum nr. 102 19. júní 1933 í þeim tilgangi að standa undir nýbyggingu og viðhaldi á sýsluvegum landsins. Fjár til sjóðanna er aflað á þann hátt, að sýslunefndir leggja skatt á fasteignir í viðkomandi sýslu, hundraðsgjald eftir fasteignamati eignanna, og leggur ríkissjóður fé á móti þannig fengnum heimatekjum að vissu hámarki og eftir þeim reglum, sem lögin ákveða. Vilji sýslunefndir hækka heimatekjur sjóðanna fram yfir það hámark, sem nú gildir, leggur ríkissjóður ekkert á móti því, sem fram yfir hámarkið er. Að þessu leyti eru tekjumöguleikar sýsluvegasjóðanna bundnir, svo að í mörgum sýslum hrekkur fé þeirra ekki nærri til að svara fjárkröfum þeim, sem til þeirra eru gerðar. Kemur þar til, að kostnaður við vegalagningar hefur vaxið ár frá ári, en mat fasteigna er óbreytt um lengri tíma, og þar af leiðandi standa tekjur sjóðanna í stað þrátt fyrir auknar þarfir. Vegunum er illa haldið við og nýbyggingar af skornum skammti. Þeir, sem við ófullnægjandi samgöngur búa, eiga við margfalda erfiðleika að stríða á móti starfsbræðrum sínum, sem betur eru settir hvað þetta snertir, og kallar þetta allt á örari framkvæmdir en mögulegt er að standa undir eins og er.

Þetta frv. á þskj. 145 fer fram á að þrefalda álagningarheimild sýslunefndanna. Í svari sínu til nefndarinnar upplýsir vegamálastjóri, að hluti ríkissjóðs til sýsluvega muni á þessu ári, þ. e. síðast liðnu ári, verða um 1 millj. kr. Hann mælir á móti því, að frv. verði samþ. óbreytt, en viðurkennir aukna fjárþörf sýsluvegasjóðanna og leggur til, að lögfest verði að heimila sýslunefndum að innheimta vegaskatt fyrir eitt ár í senn með allt að 50% álagi. Mundi þessi hækkun hafa það í för með sér, að vegaskatturinn hækkaði heima fyrir um allt að 300 þús. kr., en framlag ríkissjóðs gæti hækkað um allt að 500 þús. kr., hvort tveggja miðað við, að allar sýslur, þar sem nú eru sýsluvegasjóðir, notuðu heimildina að fullu.

Eftir að samgmn. hafði athugað frv. þetta og fengið svar og umsögn vegamálastjóra, varð hún sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. með þeirri breyt., sem segir á þskj. 462. Hún er á þá

leið, að í stað þess, að í 1. gr. frv., eins og það er upphaflega, segir, að „í stað orðanna „12 af þúsundi“ í niðurlagi 1. gr. laganna komi: 36 af þúsundi“, komi bráðabirgðaákvæði, sem verður 1. gr., sem orðast þannig:

„Aftan við lögin komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði: Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.“

Nefndin væntir þess, að hv. dm. geti fallizt á þetta sjónarmið og þannig hjálpað hinum ýmsu héruðum til að bæta samgöngurnar. Og um leið og þetta er framlag úr ríkissjóði, þá fylgir framlag heima fyrir, sem viðkomandi aðilar leggja á sig sjálfir.

ATKVGR.
Brtt. 462 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 535).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 535, n. 576).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er fram komið í hv. Ed., og samgmn. þeirrar d. athugaði það og breytti því til samræmis við þær till., sem vegamálastjóri kom með varðandi það, er hann fékk frv. til umsagnar. Ef frv., eins og það var lagt fyrir hv. Alþ., hefði náð fram að ganga óbreytt, mundu fjárframlög ríkisins til sýsluvegasjóða þrefaldast frá því, sem þau voru árið sem leið, en þá voru þau um 1 millj. kr. Fyrir um það bil einu ári voru teknir nýir vegir í þjóðvegatölu um það bil 900 km, og þessir vegir voru að mestu leyti sýsluvegir áður, svo að það er ekki ástæða nú til að auka framlög til sýsluvegasjóða að miklum mun fram yfir það, sem nýbyggingarfé þjóðvega er aukið. En það hefur engan veginn verið aukið nú til samræmis við þá aukningu, sem varð á lengd þjóðvega árið sem leið.

Samgmn. lítur svo á, að þetta frv., eins og það nú er, sé sanngjarnt, og mælir hún með samþykkt þess. En frv., eins og það ber með sér, er um heimild fyrir sýslunefndir að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi, og skal framlag ríkissjóðs hækka í sömu hlutföllum, en verði fasteignamat hækkað, þá fellur þessi heimild niður, svo að þetta er aðeins bráðabirgðaákvæði. Það er því sjálfsagður hlutur að veita þeim, er þurfa og vilja, þessa heimild, því að allir vilja góða, akfæra vegi, hvar sem þeir eru annars búsettir í landinu. — Ég vil aðeins geta þess, að einn nm., hv. 2. landsk. þm., var ekki viðlátinn, þegar n. hélt fundinn, en aðrir nm., eins og ég hef áður um getið, mæla einróma með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 636).

---

61. Eyðing svartbaks.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks [205. mál] (þmfrv., A. 541).

Á 51. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er ekki langt eða margbrotið. Það er aðeins breyting á þeim lögum, sem nú gilda um eyðingu svartbaks. Þau lög, sem nú eru í gildi, eru frá 1941, og er sú upphæð, sem þar er veitt fyrir unninn svartbak, ákveðin í þeim lögum ein króna. Nú er það upplýst, að eitt skot kostar nú nær tvær krónur, og á því sést, að það verður heldur lítið arðsöm atvinna að veiða svartbak með skotum, þegar verðlaunin, sem skotmennirnir fá, eru tæplega hálft það verð, er þeir verða að gefa fyrir skotið sjálft. Þess vegna hefur það verið athugað hjá landbn. í samráði við hæstv. landbrh. að hækka nú þessi verðlaun í samræmi við það, sem er um annað hliðstætt þessu, eins og til að mynda laun fyrir refadráp og minka, sem hafa verið margföldu miklu meira en þetta. En hér er farið svo lágt í sakir sem auðið er.

Það er athugavert við þetta frv., að það er þó nokkur hækkun, eins og flest eða öll þess konar frv. eru, fyrir ríkissjóð, og mun sú hækkun nema, ef svipað er drepið af svartbak eins og áður, 4—5 þús. kr. á ári fyrir ríkissjóð. Það sýnist ekki geysimikil hækkun, þegar hér er líka í húfi, — ég vil ekki segja sú arðsamasta, en a. m. k. sú skemmtilegasta og að mörgu leyti mjög arðvænleg atvinnugrein fyrir þjóðina, sem er skylda hennar og nauðsyn að efla sem mest hún getur, því að þessari atvinnugrein er þannig varið, að í staðinn fyrir að margar af okkar atvinnugreinum, aðrar en iðnaður, ganga mest upp í því að drepa dýr og fiska, er hér aðeins um það að ræða að hlúa sem mest og hlýja að hinum arðsömu og skemmtilegu fuglum, æðarfuglinum, en aftur á móti er hér nauðsyn til að vernda þá fyrir ágangi vargfugls eins og þessa. Annars sýnist það vera svo margt, sem stefnir að æðarfuglinum eða eyðingu hans, eins og minkurinn og fleira, að rík nauðsyn er að snúast gegn vargfuglinum, eftir því sem efni leyfa.

Ég ætla ekki að orðlengja miklu meira um þetta mál, sé enga ástæðu til þess. Það liggur í hlutarins eðli, að ef menn á annað borð vilja vernda æðarvarp og þá atvinnugrein, þá sé sjálfsagt að samþ. þetta frv. Það er um það eitt, að hækkuð eru verðlaunin til þeirra manna, sem vinna að eyðingu vargfuglsins. Og ég tek það fram, að ég tel enga ástæðu til þess, þar sem mál þetta er flutt af n., að fara að vísa því aftur til nefndar, því að n. var sammála um þessa breyt., og kom ekkert nýtt fram í þessu máli sérstaklega. Tel ég það tilgangslaust og ekki nema aðeins skriffinnsku eina að fara að krefjast nál. um ekki stærra eða margbrotnara atriði en hér er um að ræða. Óska ég svo, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 541, n. 592).

Frsm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 541, um breyt. á l. um eyðingu svartbaks, er komið frá Ed. Þessi breyt., sem hér er farið fram á í frv., er sú, að þar sem áður hefur verið samkv. eldri lögum veitt 1 kr. til verðlauna fyrir eyddan svartbak, þá verði þau verðlaun nú hækkuð í 3 kr. Þetta frv. var flutt af landbn. Ed. í samráði við landbrh. Þetta einnar krónu verðlaunaákvæði í l. er orðið gamalt og virðist vera orðið allmikið úrelt nú, því að tilfellið mun vera það, að skot, sem hæfilegt er að skjóta á svartbak, muni nú orðið kosta hátt á aðra krónu.

Svartbakur er allmikill skaðvaldur í varplöndum, og enda víða er það svo, að hann er hættulegur sauðfé um sauðburð, og er töluverð ástæða til að gera eitthvað að því að minnsta kosti að hræða hann á þeim stöðum, sem hann gerir tjón, þótt ekki sé nú líklegt, að hann verði skotinn svo, að það verði til þess að eyða honum. En hann er styggur og hræðist mjög skot. Til þess að ýta heldur undir það, að menn sinntu því eitthvað að fæla hann frá varplöndum og öðrum þeim stöðum, sem hann gerir skaða á, er þessi lagabreyting gerð. Annars er ekkert meira um þetta að segja. Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 643).

---

62. Löggilding verzlunarstaðar í Vogum.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu [179. mál] (þmfrv., A. 404).

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Pétur Ottesen: Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, þm. G-K., sem nú er fjarverandi, hefur beðið mig að fylgja þessu frv. úr garði með nokkrum orðum.

Þetta frv., um breytingu á l. um löggildingu verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu, er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi. Með l. frá 1893 var Vogavík á Vatnsleysuströnd gerð að löggiltum verzlunarstað, en þar var þá aðeins um litla vík að ræða og mjög lítið land, sem þessi ákvörðun tók til. Nú hefur byggðin á þessu svæði aukizt allverulega og er komin langt út yfir það landsvæði, sem ákvæðin um löggildingu verzlunarstaðar tóku til. Þarna hefur risið upp allmikil útgerð, og unnið hefur verið þar að hafnargerð nú undanfarin ár, hafnargerð, sem komin er að allverulegum notum. Þess vegna ber til þess brýna nauðsyn, að ný ákvörðun verði gerð um stærð verzlunarlóðarinnar, og verður það gert með þeim hætti, sem í 2. gr. þessa frv. felst, að lög þessi öðlist gildi, þegar atvmrn. hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt l. nr. 61 10. nóv. 1905 og birt það í B-deild stjórnartíðindanna.

Það voru aðeins þessi fáu orð, sem ég vildi láta fylgja þessu frv. Ég legg svo til, að þessu máli verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 404, n. 532).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 404, n. 593).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er hingað komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ. óbreytt eins og það var lagt fram, en frv. er raunverulega um það að stækka svæði verzlunarstaðar í Vogum, en Vogavík á Vatnsleysuströnd hefur árið 1893 verið gerð að löggiltum verzlunarstað. Er þessi staður svo takmarkaður og byggðin hefur aukizt svo verulega, að það þykir nauðsyn bera til að stækka svæði verzlunarstaðarins, og felur frv. það í sér.

Allshn. hefur haft frv. til athugunar og mælir einróma með því, að það sé samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 404.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég verð nú fyrst að biðja afsökunar á því, að ég hef mælt með þessu frv. og þar gert annað en ég tel rétt vera, þegar ég hef athugað frv. Ég finn mér skylt að gera grein fyrir, hvernig ég lít á málið.

Ég vil þá fyrst benda á það, að þegar verzlunarstaður er löggiltur, þá geta legið til þess þrjár ástæður, aðallega að minnsta kosti. Fyrsta ástæðan er sú, að það mun ekki vera hægt að fá skip til að koma — eða að minnsta kosti ekki hægt að fá tryggðar vörur á aðra staði en þá, sem löggiltir eru. Þessi ástæða mun varla vera þarna til staðar. — Önnur ástæðan er sú, að það þarf ekki meðmæli hreppsnefndar til þess að fá verzlunarleyfi á þeim stöðum, sem eru löggiltir verzlunarstaðir. En ef það er um leyfi til sveitaverzlana að ræða, þá þarf þess. Það er þess vegna rýmra um að koma af stað verzlun þar, sem eru löggiltir verzlunarstaðir, heldur en þar, sem þeir eru ekki. — Og þriðja ástæðan er sú, að það er yfirleitt ekki hægt að fá veðdeildarlán hjá veðdeild Landsbankans út á hús, sem eru ekki byggð á verzlunarlóðum. Það er þriðja ástæðan.

Nú hagar svo til hér í þessum hreppi, að það er löggiltur verzlunarstaður í þessum Vogum, sem heitir Vogavík, en mér er sagt, að sýslunefnd Gullbringusýslu — og hér er inni oddviti hennar, svo að hann getur leiðrétt, ef ekki er rétt farið með — hafi aldrei fengið ákveðið verzlunarsvæði í Vogavík. Mér er sagt þetta. Aðrir segja mér, að það hafi verið ákveðið svo lítið verzlunarsvæði 1894 eða 1895, þegar það var ákveðið, að nú sé byggðin komin langt út fyrir það og það fáist ekki veðdeildarlán út á þau hús, sem standa utan þessa litla verzlunarsvæðis, sem ákveðið var fyrir aldamót. Nú sé ég ekki, að það hafi nokkra minnstu þýðingu að fara að löggilda á ný verzlunarstað á sama stað og Alþingi

ákvað 1893. Ég hef tvisvar sinnum komizt í einmitt alveg nákvæmlega sömu aðstöðu og mér skilst að þetta frv. sé sprottið upp af. Ég hef komizt í þá aðstöðu, að ég hef þurft að útvega veðdeildarlán út á hús í kaupstöðum. Verzlunarlóðin hafði verið ákveðin í öðru tilfellinu um miðja 18. öldina, en svo lítil, að það var ekki orðið innan hennar nema pínulítill hluti af húsunum í kaupstaðnum. Og veðdeildin neitaði að lána veðdeildarlán. Þá var höfð sú einfalda leið, sem liggur beint fyrir og er beint ákveðin í l. frá 1905, þar sem stendur:

„Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ákveða eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda takmörk verzlunarlóðar í löggiltum verzlunarstöðum, svo og til að breyta takmörkum verzlunarlóðar þar, nema ákveðin hafi verið með lögum.“

Það, sem hér liggur þess vegna alveg beint fyrir, er, að ef verzlunarlóðin hefur aldrei verið samþykkt, þá á að ákveða hana af sýslunefndinni og fá hana staðfesta af stjórnarráðinu, en ef hún hefur verið samþ. og er orðin of lítil, þá á að ákveða hana stærri af sýslunefndinni og fá hana svo samþykkta í stjórnarráðinu. En að það þurfi að setja ný lög um það, til þess að fá samþ. áður löggilta verzlunarlóð, það skil ég ekki.

Með þessu vildi ég gera þm. og hv. d. grein fyrir minni afstöðu til málsins. Ég tel lögin alveg óþörf og að það sé eftir l. nr. 61 10. nóv. 1905 hægt að ná þessu alveg með sýslunefndarsamþykkt og svo stjórnarráðsúrskurði á eftir. 1. gr. ákveður það, að sýslunefndin geti breytt þessu, og 2. gr., að stjórnarráðið skuli fara eftir till. sýslunefndarinnar í þessu. Þess vegna tel ég, að frv. sé óþarft. Það getur vel verið, að það geri ekki neitt til, þótt það sé aftur samþ. að löggilda þennan verzlunarstað, en ég skil ekki, að það sé þörf á því, og mér skilst að ástæðan fyrir þessu sé þessi, að það séu komin hús, sem ekki fást lán út á hjá veðdeildinni, af því að þau standa utan við það svæði, sem hefur verið ákveðin verzlunarlóð, og þá er sýslunefndarinnar að nota 1. gr. l. frá 1905 til þess að stækka hana og svo stjórnarráðsins að staðfesta hana. Það er leið, sem hefur verið farin í fjöldamörgum löggiltum verzlunarstöðum hér á landi.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég ætla ekki að biðjast neinnar afsökunar á afgreiðslu þessa máls. Mér skilst, að það sé fram borið af ríkri nauðsyn, sökum þess að ekki hefur verið hægt um margra ára skeið og jafnvel áratuga skeið að fá lán út á eignir við þennan stað, sem hér er til umr.

Mér skilst, að málið liggi þannig fyrir, að verzlunarstaðurinn hafi verið takmarkaður við þessa litlu Vogavík og það sé enginn annar möguleiki en að löggilda verzlunarstað að nýju með rýmra svæði. Þetta er gert fyrir tilmæli oddvita þar á staðnum. Frv. var undirbúið í stjórnarráðinu, og ég tel víst, að þeir starfsmenn, sem að því hafa unnið, hafi gert sér það ljóst, að þetta mundi vera einasta mögulega leiðin. Hér er um það að ræða að fá form, sem geri mögulegt að starfa þarna með eðlilegum hætti, og tel ég sjálfsagt, að hv. d. samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta litla frv. þarf nú ekki að gefa tilefni til langra umr., og ætti engum að vera kappsmál, að því verði vísað frá eða það verði fellt. Ég fellst að öllu leyti á þau rök, sem hv. frsm. hefur hér fram fært, og hef litlu við það að bæta.

Það er rétt, að þetta frv. er samið af þar til hæfustum mönnum og talið öruggasta leiðin til, að fram megi ná að ganga þær óskir, sem bornar hafa verið fram af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps. Hv. 1. þm. N-M. mun hafa lesið hér upp grein úr l. um verzlunarlóðir og talið þá grein örugga sönnun fyrir því, að þetta frv. væri að minnsta kosti óþarft. Við skulum láta liggja milli hluta, hvort það væri skaði að samþ. það, þótt ekki ræki nauður til. Ég hygg hins vegar, að rök hans fái tæplega staðizt. Hann vitnar hér í 1. gr. viðkomandi laga frá 1905, sem hljóðar þannig:

„Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ákveða eftir till. hlutaðeigandi sýslunefnda takmörk verzlunarlóðar í löggiltum verzlunarstöðum.“

Það, sem um er spurt í þessu tilfelli, er, hvað er löggiltur verzlunarstaður hér. Ég, sem frv. flyt samkv. óskum hreppsnefndarinnar, tel, að það þurfi að stækka þennan löggilta verzlunarstað, vegna þess að sá verzlunarstaður, sem er nú löggiltur, nægir ekki þeim þörfum, sem fyrir hendi eru, og að heimild sýslunefndar sé, eins og lögin greinilega bera með sér, bundin við þær lóðir, sem eru innan hins ákveðna verzlunarstaðar. Spurningin er þess vegna: Hvað er í dag löggiltur verzlunarstaður, og hvað á að verða löggiltur verzlunarstaður? Hreppsnefndin telur — og hefur orðið vör við hjá bönkum landsins að þeir telja einnig, að það standi íbúum hreppsins fyrir eðlilegum lántökum, að þau hús, sem þarf að lána út á, og önnur mannvirki séu að skilningi bankanna ekki innan þeirra takmarka, sem nú eru löggilt sem verzlunarstaður. Ég skal ekki leggja dóm á, hvort þetta er endilega rétt hjá þeim eða ekki. Þetta er bara staðreynd, og ef menn vilja taka af þennan misskilning, þá er það öllum útlátalaust að samþ. þetta frv.

Ég legg þess vegna eindregið með því, að frv. verði samþ., og árétta enn sem áður, að einmitt greinin, sem hv. 1. þm. N-M. vísar til, tekur af tvímæli um það, að sýslunefndin og stjórnarráðið hafi ekki heimildir nema innan þeirra lóðartakmarka, sem eru löggilt sem verzlunarstaður. Og það er dómur bankanna og dómur hreppsnefndarinnar, að úr þessu þurfi að bæta með því að stækka á þann hátt, sem frv. greinir frá, þessa löggiltu verzlunarlóð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara leiðrétta misskilning hjá hæstv. atvmrh. Þegar verzlunarstaður er löggiltur, þá er aldrei að ræða um nein takmörk á verzlunarsvæðinu í lögunum sjálfum. Það gerir sýslunefndin og svo stjórnarráðið eftir till. sýslunefndar. Það er samþykktur verzlunarstaður, löggiltur verzlunarstaður á þessum og þessum stað. Þarna heitir það Vogavík, það er ákveðin vík í Vogunum, ákveðinn sjávarhluti, vík í sjónum, sem er svo ákveðin sem verzlunarstaður, og svo ákveður sýslunefndin, hvað stórt

svæði er löggiltur verzlunarstaður við víkina í landi. Nú sagði ég áðan og endurtek það aftur, að mér er ekki ljóst, hvort þetta svæði hefur nokkurn tíma verið ákveðið. Sumir segja mér, að það hafi aldrei verið ákveðið; aðrir segja mér, að það hafi verið ákveðið, en svo lítið, að það sé núna orðið ónóg, af því að svo mörg hús standi þar utan við, sem ekki fáist þess vegna lán út á hjá veðdeildinni. Hvort heldur sem er, — og mér er alveg sama hvort heldur er, — þá er upplagt mál fyrir hreppsnefndina að óska eftir, að þetta löggilta verzlunarsvæði sé stækkað, og sýslunefnd geri síðan sínar tillögur til stjórnarinnar um að stækka það. Það þarf ekki að fara að ákveða á ný, að það sé löggiltur verzlunarstaður þarna. Það er búið að gera það. Hér í gömlu lögunum stendur að vísu „Vogavík", en hér er „Vogum", en það verður eðlilega aldrei ákveðinn verzlunarstaður í heilu plássi. Það er á einhverjum einum stað á sjónum, sem skipum er ætlað að koma inn á þá löggiltu höfn, sem verzlunarstaðurinn byggist utan um, en ekki allri ströndinni. Þess vegna eru l. óþörf undir öllum kringumstæðum, og þessu vildi ég gera grein fyrir, svo að það a. m. k. kæmi fram, að einhver hefði eftir þessu tekið, því að það verður áreiðanlega talið skrýtið af seinni tíma mönnum, að það séu löggiltir verzlunarstaðir hvað ofan í annað á sama stað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 645).

63. Eftirlit með opinberum sjóðum.

Á 19. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum [171. mál] (þmfrv., A. 321).

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, þarf ekki mikillar skýringar við, vegna þess að það var samþ. hér í hv. d. á síðasta þingi og er hér borið fram óbreytt eins og hv. d. gekk frá því. Í fyrstunni hafði ríkisstj. borið þetta frv. fram og taldi ástæðu þess, að hún bar það fram, einkum þá, að breyttar aðstæður í þjóðfélaginu væru þess valdandi, að skipulagsskrár ýmissa sjóða væru orðnar úreltar, þó að góðar og réttmætar hefðu verið á sínum tíma, þegar þær voru settar. Það væri því þörf breytinga á ýmsum skipulagsskrám slíkra opinberra sjóða, en ótvíræð heimild til þess að breyta skipulagsskránum væri ekki fyrir hendi eða væri mjög vafasöm. Mun öllum hv. þdm. kunnugt um ýmsa sjóði, sem svo er ástatt um, að skipulagsskrár þeirra eru orðnar úreltar með öllu, þannig að sjóðirnir njóta sín ekki og fullnægja alls ekki því hlutverki, sem þeim var í upphafi ætlað. Þegar þetta frv. kom svo til hv. Nd., þá afgreiddi hún það með rökst. dagskrá, sem er svo hljóðandi:

„Með því að eðlilegt virðist, að nákvæmar upplýsingar um þá opinberu sjóði, sem talið er að þurfi að breyta skipulagsskrám fyrir, liggi fyrir Alþ., áður en það tekur ákvarðanir um, hvort setja skuli lög um breytingar á skipulagsskránum, ákveður d. að fresta ákvörðunum um þetta mál, þar til slíkar upplýsingar liggja fyrir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þar með var málið úr sögunni á því þingi. En í sambandi við þetta er vert að geta þess, að á Alþ. 1950 var samþ. þál. um að skora á ríkisstj. að afla upplýsinga um kristfjárjarðir og aðrar jarðir og eignir hliðstæðar og leggja skýrslu um það fyrir Alþ. Nú hefur þessi athugun á kristfjárjörðum og jörðum opinberra sjóða farið fram, og það hefur verið lögð mjög ýtarleg skýrsla um það fyrir Alþ. Það virðist því, að þær upplýsingar, sem hv. Nd. taldi í fyrra að þyrftu að liggja fyrir, áður en slíkt mál sem þetta væri afgr., liggi nú að miklu leyti fyrir, því að alkunnugt er, að það eru jarðeignir opinberra sjóða og meðferð þeirra og ráðstöfunarréttur, sem einkum veldur því, að nú þykir og hefur þótt nauðsynlegt að breyta ýmsum skipulagsskrám. Og ég leyni því ekki, að ástæðan til þess, að ég tjáði mig mjög fylgjandi þessu máli á síðasta þingi og ber það fram nú aftur, er sú, að í mínu kjördæmi er sjóður, sem ætlaður var til opinberra þarfa og samanstóð af jarðeignum, en svo er orðið ástatt um, að það má segja, að hann sé óvirkur, og með því fyrirkomulagi, sem nú er, sé hann þess alls ófær að inna sitt upprunalega hlutverk af hendi, því að eignirnar voru í fyrstu eingöngu jarðir, sem þessum sjóði voru gefnar. Hann var stofnaður með því að gefa jarðir til hans. Þessi sjóður er legatssjóður Jóns Sigurðssonar frá Böggvisstöðum, sem átti að vera til þess að afstýra hallæri í Eyjafjarðarsýslu, en vitanlega hefur aldrei gert neitt í þá átt og hefur enga möguleika til þess. Þó að það sé tekinn hér upp í grg. kafli úr bréfi frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu út af þessum sjóði, þá þykir mér rétt að hafa hann hér yfir. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu segir svo í bréfi til félmrn.:

„Eins og stofnfé gjafasjóðsins ber með sér, er sjóður þessi eins konar bjargráðasjóður fyrir sýsluna. Hins vegar hefur það verið svo um langa hríð, að jarðeignir sjóðsins hafa staðið honum stórlega fyrir þrifum og sjóðurinn hefur ekki haft tök á að fullnægja þeim kvöðum, sem á honum hvíla um endurbyggingu o. fl. á jörðum þessum. Má því með sanni segja, að sjóðurinn hefur engan veginn getað svarað upphaflegum tilgangi sínum vegna þess, að hann hefur átt jarðir þessar."

Það er ekki nóg með það, að þessi sjóður hafi ekki getað fullnægt þeim tilgangi, sem honum var ætlað, heldur eru þessar jarðeignir hans að ýmsu leyti til hreinna vandræða í héraðinu, því að eins og í bréfi sýslumannsins segir, þá hefur sjóðurinn ekki getað fullnægt þeim kvöðum, sem landsdrottni ber að inna af hendi á leigujörðum

sínum, og það hafa orðið árekstrar og leiðindi út af þessu milli sjóðsstjórnarinnar og sumra ábúenda þessara jarða. Nú mun það vera svo með flesta ábúendur þessara jarða, að þeir vilja gjarnan kaupa jarðirnar, og þá væri málið leyst. Býst ég við, að það sé miklu nær, að sjóðurinn gæti fullnægt sínum upprunalega tilgangi með því að breyta eignum sínum í peninga heldur en með því að eiga þessar jarðir.

Ég skal ekki fjölyrða þetta frekar, vegna þess að þessi hv. d. sýndi fullan skilning á þessu máli í fyrra og ég efast ekki um, að hún hafi sama skilning á því eins og þá, þar sem flestir sömu þm. eiga hér sæti eins og þá var. En út af því, að ýmsir líta svo á, að nú muni skammt eftir þingtímans og ekki muni vera vænlegt að koma fram málum, sem nú eru á byrjunarstigi, þá vil ég aðeins benda á það, að þetta frv. snertir ekki á neinn hátt hag ríkissjóðs. Og ég skil ekki í, að um slíkt mál sem þetta sé nokkur minnsti ágreiningur milli flokka eða nokkur flokkur geri þetta mál að flokksmáli, hvorki til fylgis né andstöðu. Þess vegna finnst mér, að þetta mál ætti að geta gengið fljótt og greiðlega gegnum Alþ. í þetta sinn, þar sem jafngóðar upplýsingar liggja nú fyrir um jarðeignir allra opinberra sjóða eins og nú er. Ég skal taka það fram, að ég álít aðalatriðið það, að slíkir sjóðir séu ekki bundnir við það, þó að þeim hafi upprunalega verið gefnar jarðar, að eiga þessar jarðir áfram, og gæti ég fallizt á þá breyt. á frv., að þetta væri aðeins heimilað, ef mönnum þætti varhugavert að heimila almenna breyt. á skipulagsskrám.

Í fyrra, þegar þetta mál var til meðferðar í hv. Alþ., var því í annarri d. vísað til fjhn., en í hinni d. til hv. allshn. Eins og ég hef nú tekið fram, þá álít ég aðalatriðið í þessu máli jarðeignir þessara opinberu sjóða, þar með taldar kristfjárjarðirnar, sem áreiðanlega er nauðsynlegt að setja einhver ákvæði um. Mér finnst því, að sú n., sem ætti að fjalla um þetta mál, væri landbn. Það kann nú að virðast í fljótu bragði einkennilegt að vísa frv., sem heitir „frv. um eftirlit með opinberum sjóðum“, til hv. landbn. En tilgangur frv. og efni þess er slíkt, að ég tel, að það eigi þar heima, og geri það að till. minni, að frv. verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10:1 atkv.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, n. 408, 409).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál er nú gamalkunnugt hér í d. í raun og veru. Fyrst og fremst er það gamalkunnugt af því, að fyrir nokkrum árum, þegar hér var verið að ræða um sölu þjóðjarða og flutt um það frv., þá bætti ég við einni jörð, sem var kristfjárjörð, og tók fram, að ég gerði það nú til prófs og til að heyra álit manna um það, hvort leyfilegt væri að selja þær jarðir. Það kom þá í ljós, að menn höfðu dálítið skiptar skoðanir um þetta og ýmsir töldu, að það væri að minnsta kosti mjög varhugavert að breyta skipulagsskrám þeirra sjóða, sem ættu jarðir, sem ætti að verja leigunni af í einhverju ákveðnu augnamiði.

Þær umr., sem þá spunnust um þetta mál, urðu svo til þess, að samþ. var till. um það, að rn. léti athuga, hvernig þessum jarðeignum, sem kallaðar eru kristfjárjarðir sumar og sjóðajarðir aðrar, væri varið og hvernig stæði með skipulagsskrár eða gjafabréf, er þeim fylgdu. Sú rannsókn hefur nú tekið nokkuð langan tíma, og meðan á henni stóð varð hæstv. dómsmrh. fyrir því að komast í vandræði með nokkrar jarðir, sem voru gjafasjóðsjarðir norður í Eyjafirði af gjöf Jóns Sigurðssonar, og fékk óskir um það frá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, að það yrði eitthvað gert í þessu, því að það væri ekki hægt að hafa ástandið eins og það væri, sjóðurinn næði ekki sínu hlutverki og því yrði að breyta þessu eitthvað. Hann lagði þá fram frv., sem kom hér fyrir Alþ., og í svipuðu formi var nú frv. það, sem við 1. þm. Eyf. fluttum nú. Og nú var orðin sú breyt. á, að fyrir lá skýrsla frá félmrn. um þessar jarðir. Nú vil ég þó segja það um þá skýrslu, að hún er ekki rétt. Það vantar bæði inn í hana jarðir, sem þar ættu að vera, og það eru gefnar rangar upplýsingar um aðrar jarðir, sem þar eru, ekki að því leyti, að þær séu ekki eign þessa og þessa sjóðs, heldur rangar upplýsingar hvað snertir byggingu þeirra, hýsingu og það ástand, sem þær núna eru í. Ég skal ekki fara út í að leiðrétta það, það kemur ekki beint þessu máli við. Mennirnir, sem þetta hafa gert í stjórnarráðinu, hafa ekki gengið nógu rikt fram í því að fá þær upplýsingar réttar, og þess vegna eru þær það ekki. En það kemur þó fram í þeirri skýrslu greinilega, að það eru ýmsar af þessum sjóðajörðum, sem þannig er ástatt um, að það er algerlega óviðunandi. Á einni sjóðjörðinni, sem er t. d. byggð til 10 ára, svo að ég nefni dæmi, var leyft að taka lán til að byggja upp íbúðarhúsið, gamlan torfbæ, sem var algerlega fallinn. Það lán var tekið. Nú neitar ábúandinn að borga annað en vexti af þessu láni, því að hann búi ekki að þessu nema í 10 ár, og sjóðurinn hefur ekki fé til að borga afborganirnar, og liggur eiginlega nánast fyrir, að sjóðjörðin verði tekin og seld á opinberu uppboði eftir kröfu lánsfjárstofnunar, sem lánið veitti. Aðrir jarðir er þannig ástatt með, að það er ómögulegt að sjá, hvernig ábúðarspursmálið á þeim á að leysast, þegar þeir menn, sem nú búa á jörðunum, falla frá, og á einni þeirra t. d. býr gömul ekkja, sem enga erfingja á. Þar er búið að leggja í byggingar og ræktun geysilega mikið fé. Eftir ábúðarlögunum er jarðareigandinn skyldugur til að kaupa þessar umbætur því verði, sem úttektarmenn hreppsins meta þær, þegar þessi ekkja deyr. Jarðareigandinn er jörðin. Það er jörðin, sem á að kaupa, og hún á ekki einn eyri. Hún getur ekkert keypt. Hvernig á að fara með það? Það hefur enginn getað svarað mér enn, og þar liggur ekkert annað fyrir en að selja jörðina, og í þessu tilfelli á afgjaldið af jörðinni að renna til styrktar fátæku barni í einhverjum af nokkrum hreppum, sem tilteknir eru í gjafabréfinu. Yrði jörðin seld, sem ég tel rétt, gætu náttúrlega runnið til barnsins vextir af

þeim höfuðstól, sem jörðin selst fyrir. Afgjaldið af þessari jörð er sáralitið, það er innan við 100 kr. Hvað hún selst fyrir núna, veit ég ekki, en hún selst fyrir töluvert miklu meira en höfuðstól, sem svarar til eftirgjaldsins. Það er alveg víst, eins og núna er. Svona er það með þær fleiri. Þess vegna höfum við flutt þetta frv. upprunalega.

Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé sjálfsagt að mæla með frv., en hún breytir því nokkuð. Hún ætlast til þess, að það hvíli undir ráðherra að taka ákvarðanir um það, hvort aðstæður í þjóðfélaginu séu orðnar það breyttar, að nauðsyn krefji, að þessar jarðir séu seldar. Ef þeim, sem hefur umráð viðkomandi sjóðs, virðist ástæðurnar vera það breyttar, að nauðsyn sé til þess, þá getur hann sótt um það til ráðherra, að gerð sé breyting á skipulagsskránni, og þá er ætlazt til þess, að ráðherra leiti til eftirlitsmanna opinberra sjóða, sem eru 3 og eiga að hafa þekkingu og kunnugleika á þessu, fái umsögn þeirra um málið og að henni fenginni breyti þá skipulagsskránni eftir því, sem honum þykir nauðsyn bera til. En frv. gerir ráð fyrir því, að alltaf sé skipulagsskránni breytt eins lítið eins og hægt er og ekki nema því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé til.

Nú hagar þannig til með sumar af þessum sjóðajörðum eða kristfjárjörðum, að umráðamaðurinn yfir þeim er bara einn. Það er t. d. prófasturinn í Borgarfjarðarsýslu, sem er yfir einni, sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu yfir annarri o. s. frv., og þessir menn hafa vissan hluta af afgjaldi jarðarinnar fyrir að sjá um byggingu jarðarinnar, fjórða part t. d. í Borgarfirðinum o. s. frv. Þess vegna er n. alls ekki viss um það, að þessi eini maður, — ég á þar hvorki sérstaklega við prófastinn í Borgarfjarðarsýslu, sem nú er, né sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu, — þessi eini maður, hver sem hann er, sem hefur umráð jarðarinnar og alltaf fær á þurru landi fjórða partinn af afgjaldinu fyrir að sjá um byggingu jarðarinnar, sem reyndar ekkert þarf að sjá um, því að þær eru byggðar til lífstíðar, báðar þessar jarðir, sem hér er um að ræða, — við erum ekki vissir um, að hann — hver sem hann er — finni ástæðu til þess að fara að breyta þessari skipulagsskrá, sem þá leiðir til þess, að hann mundi afsala sér þessum tekjum, þó að þær séu ekki miklar, en tekjur, sem hann fær á þurru landi — fyrirhafnarlaust. Þess vegna höfum við sett inn í frv. ákvæði, að ef hreppsnefnd í þeim hreppi, sem jörðin liggur í, eða sýslunefnd eða hreppsnefnd í þeim hreppum, sem eiga að njóta vaxtanna af sjóðnum, finnst ástæða til að breyta skipulagsskránni, þá geti þær líka tekið upp beiðni um það. Það getur þess vegna komið til ráðuneytisins bæði frá sjóðsstjórninni og líka frá hreppsnefndum eða sýslunefndum ósk um að breyta skipulagsskránni, og í báðum tilfellum er ætlazt til, að þá séu eftirlitsmenn opinberra sjóða að spurðir og leitað álits þeirra og ef hæstv. ráðh. þá finnur ástæðu til að breyta skipulagsskránum, þá sé þeim breytt.

Það er meira að segja dálítil spurning, hvort það er ekki ástæða til að leyfa að breyta skipulagsskránum frekar en hér er gert ráð fyrir. Hér er nú aðallega gert ráð fyrir því, að þeim sé breytt að því leyti, að eignunum sé öðruvísi komið fyrir — öðruvísi ávaxtaðar, en það er dálítil spurning, hvort ekki getur stundum verið ástæða til þess að breyta þeim beinlínis með tilliti til þess, til hvers á að nota vextina af sjóðnum. Út í það höfum við nú ekki farið. Þó vil ég nú ekki segja nema þannig megi skýra, að sú breyt. geti legið í því líka, orðalagið „vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa", þó að við höfum ekki beint hugsað það svo. Það er náttúrlega engin ástæða, þegar tryggingarnar eru komnar og þegar eftirlaunin koma til allra gamalmenna, til að hafa sérstakan sjóð, sem tekur eitt gamalmenni upp á sínar herðar. Ríkið er búið að gera hlutverk þess sjóðs óþarft í raun og veru. Svoleiðis er það með suma af þeim, en það spursmál er þó látið liggja að öðru leyti en því, að það mætti ef til vill heimfæra það undir síðustu ákvæði greinarinnar eins og við orðum hana, þó með dálitlum teygingi, — þegar það er ákaflega áberandi, að þörfin fyrir sjóðinn sé orðin lítil eða engin, þá mætti teygja það á þann hátt. Það er t. d. sjóður í Eyjafirðinum, sem er nokkuð stór, nokkuð margar jarðir, gjafasjóður Jóns Sigurðssonar frá Böggvisstöðum, sem á að verja til þess að afstýra harðindum, hlaupa undir bagga, þegar allsherjar harðindi eru. Þó að sjóður gefi af sér t. d. 2000—3000 kr., sem voru miklir peningar þegar gjöfin var gefin, og þó að ætti nú að nota hann til þess að afstýra almennum harðindum í Eyjafirði, þá náttúrlega hrekkur hann ekki nokkurn skapaðan hlut, ef harðindi eru. Það má kaupa fyrir það 20 heyhesta. Það má náttúrlega deila um það, hvort hann getur uppfyllt sitt hlutverk núna og hvort ekki sé ástæða til að breyta skipulagsskránni hvað þetta snertir. Svipað má segja um marga sjóði. Hitt er miklu síður hægt að deila um, þegar um er að ræða sjóði, sem eiga að taka að sér forsorgun gamalmenna og barna, sem hið opinbera er búið að taka að sér að verulegu leyti. Skipulagsskrám þeirra ætti að breyta.

Við leggjum til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er á þskj. 409 og ég nú hef útskýrt.

ATKVGR.
Brtt. 409 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 433, 437).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 437. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þótt seint sé nú við 3. umr., þá vil ég leyfa mér að færa hv. landbn. þakkir fyrir það, hvað hún afgreiddi þetta mál fljótt og vel að mínu viti. Ég hef samt leyft mér að bera fram ofur litla brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir, eftir að till. n. var samþ. við 2. umr. Þessi brtt. mín er á þskj. 437,

og er þar ekki um annað að ræða að nokkru ráði en orðabreytingu. Það má þó ef til vill segja, að í þessari brtt. minni felist tvær ofur litlar efnisbreytingar, sem þó ættu ekki að geta valdið ágreiningi. Þó að menn hafi till. fyrir framan sig, þá mun ég nú lesa hana:

„Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs, svo og kristfjárjarða), er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, að breyta henni, þar á meðal að koma eignum sjóðsins í aðrar arðbærar eignir, og getur þá forseti staðfest breytingu á skipulagsskránni, enda hafi eftirlitsmenn opinberra sjóða mælt með breytingunni."

Fyrir utan nokkuð annað orðalag, sem kannske er nú hvorki hægt að færa rök með né á móti, þá má segja, að það séu tvær ofur litlar efnisbreytingar í þessu. Í fyrsta lagi, þar sem hér er talað um í greininni innan sviga, að ekki sé eingöngu átt við sjóði, heldur stendur: „eða jarða, sem eru eign sjóðs", þá hef ég bætt við: „svo og kristfjárjarða". Það er oft þannig, að gefin hefur verið ein einasta jörð sem kristfjárjörð, og það er ekki hægt að kalla slíka jörð sjóð. Þess vegna fannst mér, að það gæti verið vafasamt eins og frv. er nú, að heimilt væri að ráðstafa kristfjárjörðum, að minnsta kosti sumum þeirra, þó að frv. væri samþ. óbreytt, og það væri að minnsta kosti öruggara að taka það beinlínis fram, að einnig væri átt við kristfjárjarðir, en hv. frsm. n. í þessu máli hefur allra manna mest skýrt það, hvílík nauðsyn er á því að gera aðra skipun á um kristfjárjarðir heldur en nú er eða heimila að minnsta kosti aðra skipun. Hin breytingin er það, að ég legg til að fella niður þau ákvæði í 1. málsgr. 1. gr. frv., sem lúta að staðfestingu ráðherra á breytingu skipulagsskrár. Hér stendur í greininni: „og getur þá forseti eða ráðherra, eftir því hvor þeirra hefur staðfest skipulagsskrána, að fengnum meðmælum eftirlitsmanna opinberra sjóða, staðfest breytingu á skipulagsskránni. Ég hef dálítið rannsakað það, og ég hygg, að skipulagsskrár hafi aldrei verið staðfestar af öðrum en konungi eða ráðherra í hans fulla umboði, þar með talin gjafabréf fyrir kristfjárjörðum. Ég hef blaðað t. d. í fyrri heftum af „Lovsamling for Island", og þar eru mörg gjafabréf, þar sem jarðir eru gefnar sem kristfé, staðfest af konungi, en væri nú svo, að einhverjar skipulagsskrár sjóða hefðu ekki verið staðfestar af konungi eða í hans fulla umboði, þá álít ég samt sem áður, að þetta ákvæði sé óþarft þarna í 1. málsgr. frv., því að síðasta málsgr. 1. gr. tekur af öll tvímæli um það, að ráðherra getur staðfest allar breytingar í umboði forseta Íslands, og þá mundi hann að sjálfsögðu eins geta staðfest einhverjar breytingar, þótt ekki hefðu hlotið konunglega staðfestingu eða staðfestingu forseta, því að slíkar skipulagsskrár, ef einhverjar eru til, sem ég efa, hafa þá ekki heldur þá helgi á sér, að það megi ekki breyta þeim af yfirvöldunum og réttum hlutaðeigendum, því að til þess hefur einmitt verið leitað staðfestingar konungs á skipulagsskrá áður fyrr, að þær fái þá helgi, sem þykir á þeim vera. Það er vitanlega ekki út í bláinn eða að ófyrirsynju, að maður, sem hefur gefið eina jörð í guðsþakkarskyni, hefur í flestum tilfellum a. m. k., ef ekki öllum, leitað staðfestingar konungs á gjafabréfinu.

Ég verð að nokkru leyti að biðja hv. n. afsökunar. Ég fór ekki verulega að hugsa út í þetta fyrr en seinni partinn í gær, og þá voru nm. farnir héðan úr húsinu, en til þess að málið gæti gengið fram í dag, sem ég áleit nauðsyn, ef líkur eiga að vera til þess, að það fái samþykki Alþingis, þá fannst mér liggja á að bera fram þessa till., og ég gat því ekki haft samráð við hv. n. um þetta. Að sjálfsögðu hef ég ekki á móti því, ef hv. n. vill fá einhvern frest til þess að athuga brtt. mína, sem ég vona þó að ekki sé, því að ég held, að hún sé tvímælalaust til bóta, þó að segja megi, að hún sé kannske ekki ákaflega þýðingarmikil eða bráðnauðsynleg.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Flm. brtt. og 1. flm. frv. þarf náttúrlega ekki að biðja afsökunar á því, þótt hann komi með brtt. Það er nú öðru nær. Það er það, sem öllum ber að gera, ef þeir telja, að það sé til bóta. Hitt er annað mál, að ég er ekki alveg viss um, að sú brtt., sem hann kemur hér með, geti að öllu leyti gengið og náð því takmarki, sem við báðir viljum láta ná með frv. Hann heldur að vísu, að það séu ekki sjóðir aðrir en þeir, sem konungur hafi staðfest, en því fer víðs fjarri. Því fer víðs fjarri, að konungur hafi staðfest skipulagsskrár jarða, sem mynda sjóð og gefnar voru á 13. öld í ákveðnu skyni til þessa eða hins hér á landi og skipulagsskrárnar eru ekki til fyrir og ekki eiginlega til annað en munnmæli um það, hvernig skipulagsskrárnar hafi verið, — munnmæli, sem styðjast við reynslu um það, hvernig sjóðunum hefur verið stjórnað síðan, og meira að segja frá nýrri tíma munu vera til skipulagsskrár sjóða, sem ekki hafa verið staðfestar af konungi. Ég held þess vegna, að brtt., eins og hann orðar hana, þurfi meiri athugunar við, því að ég vil alls ekki láta detta upp fyrir, að það megi breyta þeim kristfjárjörðum eða sjóðaeignum, sem til eru og óumflýjanlega þarf að breyta fyrir breytta staðhætti, þó að konungur hafi ekki staðfest það upprunalega, en það virðist mér það helzt gera eftir hans till. Þess vegna vildi ég mjög mælast til þess, að við í n. fengjum þessa till. til athugunar og málinu yrði frestað nú, enda þótt það þá dragist. Ég veit ekki, hvort það verður haldinn fundur á morgun, en við skyldum reyna að vera búnir að athuga það fyrir morgundaginn, ef fundur yrði á morgun, sem ekki er nú að vísu venja á laugardögum, en annars þá alltaf fyrir mánudaginn. Þess vegna vænti ég þess, að málinu verði frestað núna og það tekið út af dagskrá og við fáum að athuga þessa till. nánar, sérstaklega með tilliti til þess að ganga úr skugga um það, að þær eignir, sem hér um ræðir og ekki eru með konungsstaðfestingu eða a. m. k. mjög vafasamt, hvort eru með konungsstaðfestingu, geti heyrt þarna undir líka.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég held, að það sé nú alveg misskilningur hjá hv. frsm. n., að mín till. breyti nokkru um það atriði, sem hann talaði mest um, að það kynnu að vera sjóðir

eða einstakar jarðir í almennri eigu, sem engin skipulagsskrá hefði verið staðfest af konungi fyrir, því að frv., eins og það liggur fyrir samkv. till. hv. n., fjallar eingöngu um sjóði og jarðir sjóða, sem hlotið hafa staðfestingu konungs eða ráðherra á skipulagsskrá sinni, og nú held ég að megi fullyrða, að það er engin skipulagsskrá til, sem hefur hlotið staðfestingu ráðherra nema í umboði konungs. Þar af leiðandi, ef þetta er galli á minni till., að ekki er rætt hér um sjóði eða eignir, sem ekki hafa hlotið konunglega staðfestingu á skipulagsskrá sinni, þá hefur frv. eins og það liggur fyrir alveg sama galla og min till. Munurinn er sá einn, að ég felli niður úr frvgr. ákvæðin um staðfestingu ráðherra, en slík staðfesting ráðherra, eins og ég sagði áður, nema sem umboðsmanns konungs mun ekki vera til. Ég held líka, að það sé engin þörf á því að fresta málinu af þeim ástæðum, sem hv. frsm. talaði um, sökum þess, eins og ég reyndar vék að í minni fyrri ræðu, að ef um jarðir eða gamla sjóði er að ræða, sem enga skipulagsskrá hafa, eða þá einhverjar skipulagsskrár, sem ekki hafa hlotið staðfestingu, þá hygg ég, að það sé engin slík helgi yfir þeim skipulagsskrám, að löglegir forráðamenn sjóðanna geti ekki breytt þeim. Ég er vitanlega ekki lögfræðingur og skal ekki fullyrða mikið um þetta, en mér skilst, að konungleg staðfesting á skipulagsskrám hafi verið fengin einmitt til þess að gefa skipulagsskránum helgi, og þess vegna er það nú skoðun mín, að það sé alveg óþarft að fresta málinu til nánari athugunar á þessu. Að sjálfsögðu mun ég ekki neita hv. n. um frestun á málinu, ef hún óskar þess, en vitanlega minnka líkurnar til þess, að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi, ef málinu er frestað. Þar sem búizt er við, að þingið standi ekki lengi hér eftir, þá má alltaf búast við hvoru tveggja um þingmannafrv., sem eru í fyrri deild, og vildi ég nú helzt, að hv. frsm. endurskoðaði þessa ósk sína.

Forseti (ÞÞ): Hv. frsm. hefur horfið úr deildinni, en þar sem það var hans ákveðin ósk sem formanns og frsm. n. að fá frestun á umræðunni um þetta mál og þar sem brtt. hefur nú fyrst komið n. fyrir sjónir hér á fundinum, þá sé ég ekki ástæðu til annars en að verða við ósk hv. formanns og frsm. landbn. og fresta nú umræðum, og er málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 433, 437, 449).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað till. á þskj. 437, sem var orsök til þess, að málið var tekið út af dagskrá á síðasta fundi og okkur gefið tækifæri til þess að athuga það frekar. Við höfum í stað hennar leyft okkur að leggja fram till., sem er á þskj. 449. Það er í öllum aðalatriðum sama efni í báðum. Orðalagið er dálítið annað, og auk þess er okkar till. að því leyti frábrugðin, að hún nær líka til sjóða, sem ekki hafa verið staðfestir af konungi, sem eru nokkrir, að því er eftirlitsmenn opinberra sjóða hafa upplýst. — Enn fremur höfum við lagt til, að 1. og 2. málsl. í b-lið frv. eða 8. gr. falli niður. Það, sem er í 1. málsl., er áður upp tekið í 7. gr. og óþarfi að hafa það þarna, og þó að það væri rétt að hafa þetta í frv., þegar dómsmrh. lagði það fyrir hér á sínum tíma, þá hefur það verk, sem þar er ætlað að vinna af eftirlitsmönnum opinberra sjóða, verið unnið af félmrn. og liggur nú fyrir framkvæmt hér í d., svo að það er óþarfi að hafa þá grein, þó að það sé hins vegar sjálfsagt, eins og tekið er fram í 7. gr., að bera ævinlega undir eftirlit hinna opinberu sjóða, þegar breyta þarf reglugerðinni. — Mér hefur skilizt á 1. þm. Eyf., hæstv. forseta, að hann mundi geta verið með okkur að þessari breyt. og mundi þess vegna taka aftur brtt. á þskj. 437, en annars gerir hann að sjálfsögðu grein fyrir því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Úr því að hv. alþm. hafa séð ástæðu til þess að bera fram brtt. við frv. eins og það er á þskj. 321, frá Bernharð Stefánssyni og Páli Zóphóníassyni, og hv. landbn. hefur fallizt á, að það væri rétt og eðlilegt að breyta þessum l., þá vildi ég skjóta því hæði til hv. flm. og til hv. landbn., hvort ekki sé ástæða um leið til að breyta því ákvæði l., að Alþ. skuli kjósa 3 menn til þessara starfa. Reynslan hefur sýnt, að þetta starf er ekki meira en svo, að það sé hægt að fela það einum manni, enda mun það sanna vera, að starfið hafi hvílt aðallega á einum manni, og þess vegna eðlilegt, úr því að l. eru nú til athugunar, að þessu verði breytt þannig, að ákveðið verði framvegis, að Alþ. kjósi aðeins einn mann í staðinn fyrir 3, eins og nú er ákveðið í l. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, úr því að þessir ágætu hv. þm. hafa svona mikinn áhuga fyrir að breyta þessum l., sem hér er verið að ræða um.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það var út af því, sem hv. þm. Barð. skaut hér fram um það, að eftirlit sjóðanna hvíldi aðallega á einum manni af þremur. Það er í raun og veru rétt, að formaðurinn hefur framkvæmd þessara starfa aðallega, en aftur á móti höfum við tveir, sem nú höfum einnig verið eftirlitsmenn sjóðanna um skeið, líka unnið með honum og höfum haldið fundi saman og höfum athugað um ýmis mál og tekið ákvörðun um það, hvernig leita skuli gagna til að vinna úr og safna skýrslum, og yfirleitt hafa störfin verið borin undir okkur nm., en ég játa það, að við höfum ekki verið taldir nema hálfir menn á móti formanninum, a. m. k. ekki hvað laun snertir. Við höfum haft að launum, ef ég man rétt, 400 kr. grunnlaun á ári, svo að yfirleitt eru þetta ekki stórar fúlgur, en það þótti, þegar sett voru á stofn þessi lög, rétt, að það væru fleiri til eftirlits um að athuga um þessa sjóði og gera ákvörðun um þá, því að það gæti farið svo, eins og víða er, að betur sjá augu en auga, og þar sem fúlga sú, sem veitt var þá, var ekki nema örlitill hluti af launum eins manns, — öll fúlgan til okkar þriggja, þá var ekki talin ástæða til annars en meginflokkarnir gætu yfirleitt fylgzt með málunum og látið sína menn vera að þessu starfi hver um sig. Ég held, sannast að segja, að það

fyrirkomulag sé heppilegt. Ég get búizt við því, að ég fari hvort eð er úr þessari sjóðsstjórn núna, en mér er ekki ósárt um það, að þetta fari sæmilega úr hendi, og þess vegna vildi ég telja það, að það væri ekki heppilega til stofnað, þegar ekki er meira í húfi hvað fé snertir, að fara að fækka þessum mönnum. Þetta hefur gengið vel sameinað og verið reynt að vinna samvizkusamlega og unnið þar í fullkominni sameiningu, og ég er í vafa um, hvort það yrði breytt til batnaðar að fara á annan hátt í þetta mál. En annars skal ég ekki meira segja um þetta efni.

Forseti (BSt): Mér virðist, að þessi tilmæli hv. þm. Barð. séu nú fullseint á ferðinni, þar sem þetta er 3. umr. og ekki einasta 3. umr., heldur framhald 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 437 tekin aftur.
— 449,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 449,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 459).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var á síðasta ári til umr. hjá okkur í fjhn. þessarar hv. d. frv. — ef ég man rétt — frá hæstv. ríkisstj., einmitt viðvíkjandi breytingum á meðferð jarða eins og kristfjárjarðanna, og varð samkomulag þá í fjhn. um að afgreiða ekki þessi mál, heldur vísa til ríkisstj. um þetta, vegna þess að okkur þótti það nokkuð viðurhlutamikið, að hægt væri að gera breytingar á þessum aldagömlu venjum og fyrirmælum, sem gilt hafa sérstaklega um kristfjárjarðirnar, án þess að jafnvel Alþ. í hvert sinni yrði að fjalla um það sem lög.

Ég verð að segja það, að mér finnst í þessu frv., eins og það liggur fyrir frá Ed., farið gáleysislega að. Ég veit, að því er haldið fram nú, að með breyt. náist betur tilgangurinn, sem hafi vakað fyrir gefendum, sem gáfu t. d. kristfjárjarðirnar og voru á ýmsan hátt að reyna að hlynna þannig að fátækum í þeirra byggðarlögum, að sjúkum eða gömlum eða jafnvel að hjálpa fátækum börnum til mennta eða annað slíkt. Það er að vísu svo sem stendur í þjóðfélaginu, að það eru til lög og fyrirmæli, sem á vissan hátt eiga að bæta þetta upp, en við vitum, að þessi lög og þessi fyrirmæli geta breytzt. Það, sem alþýðutryggingarnar veita núna, er hægt aftur að afnema með lögum, þó að maður vonist til þess, að það verði ekki gert, en það er þó hlutur, sem alþýða manna á í sífellu undir vilja Alþ. eftir því, hvernig það er skipað. Hér er hins vegar um að ræða ákvæði, sem eru búin að standa öldum saman með okkar þjóð, — ákvæði, sem í fyrsta lagi hafa haft yfirleitt mjög góðan tilgang og í öðru lagi verið fjárhagslega svo skynsamlega hugsuð frá hendi gefandans, að í þeim fólst trygging, sem staðizt hefur aldirnar út í gegn. Við skulum muna það, að verðið á jörðunum hefur haldizt og jafnvel upp á síðkastið sums staðar hækkað, þó að verð á mynt eða verðgildi peninga hafi stórkostlega breytzt, og þróunin í öllum þjóðfélögum er sú, að peningar og það verðmæti, sem jafngildir peningum, skuldabréf og annað slíkt, fer forgörðum, — það er afskrifað, eftir því sem aldirnar líða, en jarðirnar og slíkir hlutir halda sínu verði. Þeir, sem upprunalega gáfu þessar jarðir í góðum tilgangi, hugsuðu ekki aðeins vel, heldur líka skynsamlega frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Nú er með þessu frv. verið að gefa rétt til þess að breyta jörðunum í aðrar arðbærar eignir, ef eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því og forseti staðfestir. Hvað eru aðrar arðbærar eignir? Jú, það mundi vera litið þannig á núna jafnvel, að það væru skuldabréf eða peningar eða eitthvað annað slíkt. En það er bara alveg tvennt ólíkt, því að við vitum, að ef þessum kristfjárjörðum hefði verið breytt árið 1900, — við skulum bara segja t. d., ef Landakotseignin hérna hefði verið kristfjárjörð eða eitthvað slíkt og hefði verið breytt í peninga árið 1900, hvað væri það núna? Ég held, að við höfum ekkert móralskt leyfi til þess að breyta þessu svona. Ákvæðin um kristfjárjarðirnar eru búin að standa öldum saman og standa af sér allar verðbreytingar viðvíkjandi öllum þeim peningamyntum, sem hér hafa verið uppi, og ég held, að það sé móralskt rangt af Alþ. að grípa þarna inn í og ætla með lagasetningu þannig að gefa almennt vald til þess að breyta þessum fyrirmælum, sem fylgja kristfjárjörðunum og öðru slíku, og hafa náttúrlega ekki beint neina skipulagsskrá. Ég hygg, að það sé alveg rangt. Ég held, að ef íhaldssemi eigi nokkurs staðar við, þá sé það í svona hlutum, þegar um er að ræða fyrirmæli löngu liðinna manna, sem manni ber að virða. Ég vildi þess vegna mjög eindregið mælast til þess við hverja þá n., sem nú fær þetta mál til meðferðar, að þessum fyrirmælum sé breytt frá því, sem nú er í frv. Ég viðurkenni fyllilega, hvaða erfiðleikar eru fyrir ábúendur kristfjárjarðanna núna um þessa hluti, en það er áreiðanlega hægt að finna aðferðir til þess að gera þeim mögulegt bæði að byggja á jörðinni og ákveða veðsetningu með þeim mannvirkjum, sem þar eru gerð, og annað slíkt, og það er miklu auðveldara að breyta öllum l. viðvíkjandi veðum og öllu slíku heldur en að fara að breyta þessu.

Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess, að sú n., sem athugaði þetta, afgreiði þetta mál á þeim grundvelli, að það væri ekki hægt að breyta t. d. neinu viðvíkjandi kristfjárjörðunum öðruvísi en að það væru þá lög frá Alþ. í hvert skipti um hverja jörð, alveg eins og það eru lög viðvíkjandi sölunni á þjóðjörðunum. Það væri þá þannig, að það þyrfti lög í hvert skipti um hverja jörð, og ég sé það ekkert eftir okkur að verða að meðhöndla það í hvert skipti. Hérna mundi þetta sem sé aðeins vera á valdi forráðamanna sjóðanna, dómsmrh. og forseta, en ekki Alþ.

Ég sé, að þetta mál hefur verið í landbn. Ed. Mig eiginlega hálfundrar, hvernig það sé þangað komið. Þó að jarðir eigi þarna í hlut, þá er þetta

mál um eftirlit með opinberum sjóðum, og það er um að ræða ákaflega þýðingarmikið mál „principielt", — mál, sem almennt mundi vera álitið snerta beinlínis stjskr., einhver réttarákvæði eða fyrirmæli í henni. En hvort sem þetta fer nú í landbn. eða einhverja aðra n., þá vildi ég eindregið mælast til þess, að sú n. athugaði þetta mál frá þessu sjónarmiði, sem ég hef hér minnzt á.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög mæla með framgangi þessa frv. Það er fram komið af beinni nauðsyn, sem skapazt hefur á síðari árum í sambandi við kristfjárjarðir meðal annars. Þar hafa orðið á víða þær breytingar hvað þessar jarðir snertir, að það er ekki með nokkru móti hægt að samrýma framkvæmd gjafabréfanna við núverandi kringumstæður. Þessar jarðir hafa margar tekið gerbreytingum, sem liggja í því, að ábúendur þeirra sumir hverjir — og mér er kunnugt um eitt dæmi í því efni — hafa bundið um árabil allar eignir sínar í umbótum á þessum jörðum, og annaðhvort er, að leyfi sé til þess fengið, að hægt verði að selja ábúandanum slíka jörð, eða þá að hann verði í verulegum atriðum að sjá af afrakstri lífsstarfs síns, sem hann hefur bundið í jörðinni, því að ég býst við því, að það mundi verða miklum erfiðleikum háð að finna leið til þess að tryggja slíkum ábúanda það mikla fé og þær miklu eignir, sem hann er búinn að binda í þessari jörð, með öðrum hætti en að hann eigi þess kost að fá jörðina keypta. Ég held, að það yrði mjög erfitt og það yrði þá að koma þar fram aðili, sem nú er ekki fyrir hendi til þess að inna þessa skyldu af hendi við ábúandann, því að í gjafabréfi fyrir þeirri jörð, er ég hef hér sérstaklega í huga, er svo ákveðið, að öllu afgjaldi jarðarinnar eigi að verja í alveg ákveðnum tilgangi. Ég held þess vegna, að þar sem svona stendur á, og svo mun víða vera, eftir því sem ég hef aflað mér upplýsinga um, þá sé sú ein leið út úr þessu fyrir hendi, að sú breyting verði gerð á, að ábúendur eigi þess kost að fá þessar jarðir keyptar, og ég sé ekki, að það mundi neitt við það vinnast, þó að þau kaup færu fram með þeim hætti, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á, að það þyrfti að samþ. um þetta lög á Alþ. í hvert skipti. Hér verður að sjálfsögðu vel um búið, þannig að tryggt sé með mati óvilhallra manna, að sala á jörðinni fari fram með eðlilegum hætti, miðað við þau verðmæti, sem eru fyrir hendi í jörðinni og eigi eru eign ábúanda. Mér þykir miklu frekar, að það gæti verið álitamál, hvort ástæða væri til að leita samþykkis eftirlitsmanna með opinberum sjóðum í þessu efni, eins og gert er ráð fyrir í a-lið 1. gr. þessa frv. Þeir menn, sem þar um ræðir, hafa náttúrlega ekki neina aðstöðu til þess að dæma um aðstæðurnar á hverjum stað. Þar verða þeir trúnaðarmenn að koma til, sem falið er að meta verðgildi þessara jarða. En sem sagt, það er víða orðin svo aðkallandi nauðsyn á því, að hægt sé að breyta til um þessar jarðir, að eiginlega er ekki hægt lengur að komast hjá því, að opnuð verði leið til þess, að svo megi verða.

Ég vil þess vegna mjög mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga, og þó að nú sé orðið mjög áliðið þings, þá er þess að vænta, að frv. verði gerð þau skil hér í Nd., — það hefur þegar gengið í gegnum Ed., — að það geti hlotið afgreiðslu Alþingis.

Magnús Jónsson: Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál, sem ég vildi láta koma hér fram, af því að mér er að nokkru leyti kunn sú ástæða, sem liggur hér að baki, að þetta frv. er fram komið.

Á það hefur verið bent af hv. þm. Borgf., að frá sjónarmiði ábúenda ýmissa sjóðjarða væri mikil nauðsyn, að sú heimild yrði lögfest, sem hér um ræðir. Það er einnig annað atriði í sambandi við þetta mál, sem ég vildi að kæmi hér fram og ýmsum hv. þdm. mun vafalaust einnig kunnugt vera.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að því hér áðan, að það hefði verið í flestum tilfellum mjög tryggilega um það búið af stofnendum hinna ýmsu sjóða, sem jarðir ættu, að á þann hátt væri tryggilega séð fyrir hagsmunum sjóðanna og varðveitt verðgildi peninganna. Þetta er að vissu leyti rétt, en hins vegar er þó þannig málum komið varðandi ýmsa sjóði, að það er í rauninni brýn nauðsyn fyrir þá, ef þeir eiga að geta haldið áfram sinni starfsemi, að þeim verði heimilað að breyta eignum sínum og selja þær jarðir sumar, sem sjóðirnir eiga. Mér er kunnugt um ákveðin tilfelli í þessu sambandi, sem m. a. eiga sinn þátt í því, að þetta frv. er fram komið, þar sem svo er ástatt með sjóð, að það er ekki annað sýnna en að honum verði það algerlega um megn að standa undir skyldum sínum sem jarðeiganda, ef honum verður ekki heimilað að selja jarðir sjóðsins eða sumar þeirra a. m. k.

Svo sem hv. þdm. er kunnugt, þá hvíla samkvæmt ábúðal. mjög ríkar skyldur á jarðeiganda um uppbyggingu á jörðum og ýmiss konar framlög í því sambandi. Nú standa þannig sakir, og ég geri ráð fyrir, að það eigi við fleiri sjóði, að það eru gerðar mjög háværar kröfur um það, að á viðkomandi jörðum verði byggt upp og í það lagt mikið fé. Þetta er í því tilfelli, sem mér er kunnugt um, algerlega ofviða þeim sjóði, sem þar á hlut að máli, og það er því beinlínis til þess að hann geti sinnt sínu hlutverki, sem honum er mikil nauðsyn að hafa aðstöðu til að selja eitthvað af sínum jörðum ábúendum þeirra, sem gjarnan vilja kaupa jarðirnar, en mundu ella gera kröfu til þess, að sinnt yrði þeirri skyldu að byggja upp á jörðunum.

Ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið einnig koma hér fram, vegna þess að auðvitað hefur það ekki verið ætlun gefenda eða þeirra, sem sjóði hafa stofnað, að það væri algerlega hindrað, að sjóðirnir gætu sinnt hlutverki sínu, vegna þess að þessar eignir þeirra yrðu þeim svo mikill baggi. Það er vitanlegt, að þó að jarðir séu auðvitað góð eign, þá er eftirgjald eftir jarðir ekki ýkjamikið, þannig að það eru auðvitað margar aðrar leiðir, sem eru jafnvel líklegri til að varðveita fé sjóðanna heldur en að halda því endilega bundnu í tilteknum jarðeignum.

Ég vildi því mjög mæla með því, að þetta frv. yrði samþ. Það kann vel að vera, að það megi á því breyt. gera og að það sé ekki ástæða til að

hafa heimildina jafnvíðtæka og hér er, um það skal ég ekki segja. En ég held, að það væri í alla staði óeðlilegt og óþarfa fyrirhöfn, ef ætti í hverju einstöku tilfelli að fara að leita heimildar Alþ., þegar gera þyrfti þær ráðstafanir, sem þetta frv. fjallar um.

Einar Olgeirsson: Hv. þm. Borgf. talaði um, að eignaraðstaðan viðvíkjandi kristfjárjörðunum væri ekki samrýmanleg núverandi kringumstæðum, og það er á vissan hátt rétt. Sú eignarhugmynd, sem gengið er út frá við ákvæðin um kristfjárjarðir, er í algerðu ósamræmi við núverandi aðferðir um kaup og sölu á jarðeignum. En það, að þetta, sem búið er að standa margar aldir, sé ósamrýmanlegt því ástandi, sem er í augnablikinu, réttlætir ekki, að við höfum siðferðislegt vald til þess að breyta þessu, sem þarna er fyrir. Þetta getur orðið samrýmanlegt því ástandi, sem seinna meir kann að verða, og hefur verið í margar aldir heppilegt fyrirkomulag. Ég held, að það sé a. m. k. mjög óleyfilegt af okkur að fara að breyta þessu án þess að geta þá fært fyrir því miklu sterkari rök en þau, að það samrýmist ekki vilja og löngun þeirra manna, sem nú búa á þessum jörðum, og þess vegna eigi nú eftir margar aldir að kippa þeim út úr þeirri raunverulegu almenningseign, sem þessar jarðir eru í, og gera þær að markaðsvöru, selja þær og láta þær þar með algerlega glata þeim tilgangi, sem upprunalega var með þeim. Ég held, að við höfum ekkert leyfi til þess gagnvart þeim, sem þetta hafa gefið.

Ég viðurkenni fyllilega þá slæmu aðstöðu núverandi búenda á þessum jörðum. En það er hægt að finna aðferðir til þess að fullnægja þeirra kröfum. Það er hægt að breyta hvað þá snertir og hafa alveg sérstaka veðrétti með sérstökum ábyrgðum ríkisins. Það stendur allt í okkar valdi. Núverandi veðfyrirkomulag er fyrirkomulag, sem er ekki nema nokkurra áratuga gamalt raunverulega, eins og það er nú praktíserað, þó að það sé sjálft nokkurra alda. Það er alveg eins hægt að breyta því og miklu auðveldara og á okkar valdi en að fara að taka þessar jarðir úr þeirri eign, sem þær raunverulega eru í.

Það er alveg gefið, hvað fyrir vakir með breytingunum á þessu. Það vakir fyrir að selja smám saman allar þessar jarðir án þess að þurfa að spyrja Alþ. nokkurn tíma um nokkra einstaka þeirra. Það vakir það fyrir að selja núverandi ábúendum þær, og það á að heita, að eitthvað af því andvirði fari í einhvern sjóð, sem eigi að fullnægja einhverjum af þessum tilgangi, og síðan er sá sjóður eyðilagður á örskömmum tíma. Ég vil bara minna hv. þingmenn á, að ef tekið hefðu þessa ákvörðun þeir, sem sátu hér á Alþ. t. d. árið 1900, að breyta þessum kristfjárjörðum svona og þær hefðu verið seldar þá og það hefðu verið búnir til sjóðir þá, hvað þeir sjóðir væru í dag. Þeir væru að vísu ofur lítið meira en 1% af því, sem þeir voru þá, — þeir væru milli 1 og 2%. M. ö. o., það að gefa heimild til að selja þessar kristfjárjarðir þýðir sama sem að eyðileggja allan þann tilgang, sem í þessu er. Við höfum enga ástæðu til þess að ætla, að krónurnar, sem þetta yrði yfirsett í, héldu eitthvað betur sínu verðgildi það sem eftir er af þessari öld heldur en þær hefðu haldið það sem af er þessari öld. Það þýðir sem sé, að nú á miðri 20. öldinni yrði tekin sú ákvörðun að taka jarðir, sem búnar eru að vera raunverulega í almenningseign, í sérstöku góðgerðaskyni, taka þær úr eign þessa almennings, úr eign fátækra, eins og þær heita sumar, — fátækrajarðir — og selja þær, og peningarnir verða smám saman einskis virði, og þar með er þetta strikað út. Við skulum alveg gera okkur ljóst, að það er þetta, sem verið er að gera.

Ég held, að við ættum að leggja okkur í líma að finna heldur út að fullnægja þeim nauðsynlegu kröfum, sem ábúendurnir þarna verða að gera, á annan hátt. Ég álít, að ríkið væri ekkert of gott til að taka meira að segja hér einhverja sérstaka ábyrgð gagnvart þeim ábúendum. Það er á okkar valdi, að gagnvart öllum ábúendum kristfjárjarða skuli ríkið veita þeim alveg sérstaka ábyrgð, sem kemur í staðinn fyrir þann veðrétt, sem þeir ættu að fá í jörðinni. Það er fyllilega hægt. Það er algerlega á okkar valdi. Ríkið gengur í eins konar ábyrgð gagnvart öllum þessum aðilum, sem kemur þeim alveg fyllilega í staðinn fyrir að geta veðsett sína jörð, sem þeir ættu sem eign. En eignarrétturinn á jörðinni héldist áfram í höndum þessara aðila. Og ég skil það satt að segja ekki, af hverju barizt er fyrir þessu af þeim hv. þm., sem segjast nú vilja halda mjög í margt af því, sem gamalt sé, — og það er nú ekki svo mikið af gömlum minjum, sem við höfum í þessum efnum hér á Íslandi, að meira að segja bara sjálft nafnið á þessum jörðum og eignarréttarákvæði viðvíkjandi þeim eru hlutir, sem miklu frekar á að varðveita og hafa heldur en að láta þann kapitalistiska eignarrétt núna eyðileggja þetta allt saman.

Það er búið að fara nógu illa með allar þjóðjarðirnar, þó að það sé nú ekki farið að taka þetta sama taki. Ég held þess vegna, að það minnsta, sem við getum gert í þessu, sé að láta gilda þau sömu lög um þetta eins og um þjóðjarðirnar. Þjóðjörðunum gátum við ráðið á Alþ. Þar höfðum við ákveðinn rétt, því að það var eign þjóðarinnar. Það var hægt að ráðstafa því. En hér er um allt annan hlut að gera. Ef menn hafa einhverja virðingu fyrir vilja þeirra manna, sem hugsað hafa vel og hugsað hafa fjárhagslega skynsamlega upprunalega, þegar þeir gáfu þetta, þá eiga menn að respektera hann. Um þjóðjarðirnar eru lög, og það er ekkert talið eftir hér á þingi að samþykkja lög í hvert skipti sem þarf að selja eina þjóðjörð. Hví í ósköpunum er þá a. m. k. ekki hægt að hafa það þannig með þessar jarðir? Þær eru nú ekki svo margar orðnar eftir, eins og menn sjá á skránni, sem með fylgir. Það eru ekki nema 20 jarðir 1952, og jarðir í fátækraeign 1952 eru ekki nema 13, sem þar eru taldar upp. Það er ekki það mikið eftir af því, að það væri ekki fyllilega hægt að taka þá lög fyrir í hvert einasta skipti. En ég sé það alveg greinilega fyrir, að svo framarlega sem þetta verður samþ. eins og þetta frv. liggur fyrir núna, þá er þessu ruslað út, þá verða þessir hlutir þurrkaðir burt. Og ég álít það ákaflega óvið-

felldið, svo ég taki ekki sterkara til orða, og ég efast um, að við höfum nokkra heimild til þess að gera það. En svo verð ég að segja eitt. Mér finnst ákaflega einkennilegt að setja þetta fyrst og fremst til landbn. Ég held, að þetta ætti nú alveg eins heima í fjhn. eða allshn., ef farið væri að ræða um, í hvaða n. þetta ætti að vera. En í hvaða nefnd sem það fer, þá vildi ég eindregið mælast til, að þessar jarðir væru gerðar a. m. k. jafnréttháar þjóðjörðunum, því að við höfum áreiðanlega minni siðferðislegan rétt til þess að ráðstafa þessum jörðum heldur en þjóðjörðunum.

Pétur Ottesen: Hv. 2. þm. Reykv. er áhyggjufullur yfir því, að gagnsemi þessara sjóða muni verða skert fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta, með því að selja jarðirnar. Þessi skoðun hans getur mjög orkað tvímælis, því að það er vitað, að til þess að hægt sé að halda byggð á jörð hér hjá okkur nú, þarf að gera á henni umbætur. Þær jarðir, sem engar umbætur eru gerðar á, stefna ört að því, að þær fari í eyði. Nú er svo ákveðið í l. um úttekt og ábúð jarða, að lagðar eru allríkar skyldur á herðar jarðareiganda um þátttöku í þeim umbótum, sem gerðar eru á jörðinni, hvort sem ábúandinn hefur frumkvæði að því ellegar ekki. En í gjafabréfum þessara jarða er svo um búið, að þar er ekki einn eyrir tiltækur til þess að mæta neinum slíkum óskum frá ábúandanum eða til þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í l. um afstöðu jarðareiganda til ábúanda. Þess vegna er það, að yfir þeim jörðum, sem nú eru í kristfjáreign og máske litlar eða engar umbætur hafa fengið, vofir það, að þær fari í eyði, og þannig er vitanlega alveg kippt grundvellinum undan þeim tilgangi, að jarðirnar geti svarað eftirgjaldi, sem svo á að verja samkvæmt því, sem gjafabréfin ákveða.

Nú er það svo um sumar þessara kristfjárjarða, að ábúendurnir hafa tekið sig fram um það, þrátt fyrir það að þeir hafi ekki fengið neinn fjárstyrk frá jarðareigendum, að gera þar miklar umbætur, og á sumum jörðunum mjög miklar umbætur, t. d. eins og á þeirri jörð, sem ég minntist hér á í minni fyrri ræðu. Þar er búið að byggja upp öll hús, íbúðarhús og peningshús. Það er búið að rækta þar geysilega mikið. Það er búið að þurrka mikið af landi jarðarinnar, girða landið og yfirleitt að gera þær umbætur, sem fyllstar eru nú í sveitum þessa lands. Auk þess er búið að leggja veg alllanga leið heim að þessari jörð, þar er kominn sími, þar er komið rafmagn og yfirleitt allt í fyllsta standi. Nú er af hálfu jarðareiganda ekki neitt til þess að svara ábúandanum, ef hann fer af jörðinni, verður að yfirgefa hana, eða þá erfingjum hans að honum látnum. Það er ekki neitt til neins til þess að inna af hendi neinar greiðslur fyrir ævistarf þessa manns. Og þó að hv. 2. þm. Reykv. bendi á hér, að e. t. v. megi finna einhverja leið til þess, þá held ég, að það mundu verða nokkrir erfiðleikar á þeirri leið, hitt liggi augljóslegar og eðlilegar fyrir, að þessi jörð verði seld og af andvirði jarðarinnar verði myndaður sjóður, sem svo standi undir því hlutverki, sem gjafabréfið ákveður. Með þessum hætti er tryggt, að tilgangi gefandans sé náð. Ef umbætur hefðu ekki verið gerðar, þá hefðu forlögin orðið þau, að tilganginum hefði ekki verið náð, af því að jörðin hefði þá farið í eyði og engar tekjur gefið. Ég held þess vegna, að það sé eina leiðin út úr þessu að selja ábúanda jörðina, og ég álít það ekki vera neina vandræðaleið, því að við megum vera þakklátir þeim mönnum, sem hafa varið fé sínu og starfi í það að byggja upp þessar jarðir, eins og öðrum, sem helga slíku starfi krafta sína úti um hinar dreifðu byggðir þessa lands, því að enn sem komið er eygjum við ekki, að ég ætla, annað meira framtíðarinnar traust heldur en það, sem í því er fólgið að rækta og byggja upp sveitir þessa lands.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um það, að ekki mætti selja neina þjóðjörð öðruvísi en það yrði að samþ. lög hverju sinni, þá er þetta náttúrlega engan veginn rétt. Þau ákvæði gilda um meginhluta af öllum þjóðjörðum, að það er hægt að selja þær, án þess að það þurfi að leita til þess lagasamþykkis hverju sinni, því að hverja þá þjóðjörð, sem fer í erfðaábúð, hefur ábúandinn, eftir að hann hefur setið þar í þrjú ár, óskoraðan rétt á að fá keypta með þeim skilyrðum, sem um það eru sett í lögum.

Ég vildi aðeins taka þetta fram hér til viðbótar því, sem ég hef áður um þetta sagt. Ég tel sem sagt, eins og nú er komið, mjög brýna nauðsyn, að það sé leyst úr þeim erfiðleikum, sem við mætum víða nú, eins og komið er um ábúð á þessum jörðum. Jafnframt felur þetta í sér þýðingarmikið atriði, sem sé að girða fyrir, að svo geti farið, að þessar jarðir fari í eyði og þar með verði glatað þeim góða tilgangi, sem gefandinn hefur haft í huga, þegar hann gaf út gjafabréf fyrir þessum eignum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. Borgf. á, að það mundi vera hægt að leysa þessi vandamál ábúendanna með því einfaldlega t. d. að leiða í l., að ríkissjóður skuli vera ábyrgur gagnvart landsetum kristfjárjarða um þær skyldur, sem samkvæmt l. hvíli á jarðeigendum. Slík l. getum við vel sett. Við getum ákveðið, að ríkissjóður sjái um þær skuldbindingar, sem jarðeigandi í þessu tilfelli ætti að hafa gagnvart landseta. Við getum alveg leyst spursmálið þannig. Ég er honum fyllilega sammála um, að við þurfum að breyta til um aðbúnað þessara landseta. Við þurfum að sjá um, að þessar jarðir séu í rækt áfram, við þær unnið og á þeim búið og þær fari ekki í eyði. En ég held, að það sé bara hægt með þessu móti, að ríkissjóður komi þarna alveg í staðinn fyrir jarðeigandann. Og það mætti nú gjarnan setja ákveðnari ákvæði þannig, að ríkissjóður rækti betur sínar skyldur en hann gerir þar, sem hann er landsdrottinn nú, sem ég veit að er vissulega mjög ábótavant. En þetta finnst mér vera á okkar valdi og rétt að gera.

Hv. þm. Borgf. talaði um, að það væri langbezt að koma þessu í sjóð. Ég vil aftur minna á, að þessi hugmynd var uppi á fyrri hluta þessarar aldar, að setja jarðeignirnar í peninga. Það eru vafalaust til mörg dæmi um, að jarðir eða hús og lóðir, sem gefnar hafa verið til góðra stofn-

ana, hafa verið settar í peninga. Mér hefur verið sagt frá slíkri eign, sem sett var í peninga 1914, 100 þús. kr. þá. Þið getið nærri, hvað er orðið úr því nú. Það er alveg sama, hvað við tökum. Ef breytt hefur verið eignum, sem voru stóreignir í byrjun þessarar aldar eða í lok síðustu aldar, í peninga, þá er það orðið svo að segja ekki neitt nú. Ef það fær að halda sér sem jarðir, sem hús, sem lóðir, þá er það stórfé. Og ég vona, að við trúum því allir, að okkar land eigi eftir að byggjast miklu, miklu meira en það hefur verið byggt núna, að fólkinu eigi eftir að fjölga það mikið í því, að fjöldinn af þeim jörðum, sem nú eru í eyði, eigi eftir að byggjast aftur, þéttbýli eigi eftir að vaxa ákaflega mikið hér í okkar landi. En það þýðir um leið, að allt hlutfall um jarðaverð breytist. Og ég álít, að það sé rétt af okkur að gera þær ráðstafanir, að við björgum þessum fáu jörðum, sem eftir eru og hafa nú staðið af sér allar tilhneigingar á þeim fimm, sex, sjö öldum, síðan þær urðu til, — að við reynum að bjarga þeim út úr þessari löngun til að breyta þeim í peninga núna, sem glata sínu verðmæti tiltölulega fljótt.

Ég mundi svo fyrir mitt leyti vilja gera það að minni tillögu, að þetta frv. færi til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17:1 atkv.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 16. og 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 459, n. 530, 550).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Allshn. mælir með samþykkt þessa frv. Eins og efni þess ber með sér, er ætlazt til, ef þurfa þykir að breyta stofnskrám sjóða, að leitað verði álits eftirlitsmanna sjóðanna, og eiga þeir þá að segja til, hvort þeir telja ástæðu til þess að breyta stofnskránni eða ekki. Að áliti þeirra fengnu getur svo ráðherra, sem hefur umsjón með sjóðunum, er yfirmaður þeirra, gert breytinguna eða synjað um breytingar á stofnskránni, eftir því sem hann álítur réttmætt. Mundi þá oftast vera farið eftir áliti eftirlitsmannanna, geri ég ráð fyrir. Ef nú breyting er gerð á stofnskránni, er ætlazt til, að farið verði þó eins nærri með breytinguna og unnt er því, sem til var ætlazt með stofnun sjóðsins.

Við 1. umr. þessa máls ræddi hv. 2. þm. Reykv. nokkuð um þetta efni og vildi, að ekki væri gert meira að því en brýna nauðsyn bæri til að breyta þessum fyrirmælum. Ég tek undir það með honum, að æskilegt hefði verið að geta látið þessi fyrirmæli standa alveg óhreyfð og hafa þau fullkomlega í heiðri, eftir því sem til var ætlazt af gefendunum. En það er engin von til þess, að menn sjái svo fram í tímann, þegar stofnskrá er samin, að menn geti séð það fyrir, hvað mikið kann að breytast ástand í þjóðfélaginu og aðstæður um starfsemi sjóðanna í framtíðinni. Það geta þess vegna verið þær aðstæður orðnar, að óhjákvæmilegt er að breyta þeim, ef eignin á annars að njóta síns tilgangs. Ég get búizt við því, að breyttir tímar kunni að hafa einna mest áhrif á þessar eignir, þegar t. d. um jarðeign er að ræða.

Eins og ástatt er, þá er kostnaður svo mikill við byggingu húsa á jörðum, að það er enginn möguleiki á því, að sjóðir, sem hafa lítið fé undir höndum, geti risið undir þeim kostnaði, sem af því hlýzt að byggja jörðina upp. Eigi að síður, ef á að nytja hana, er það óhjákvæmilegt. Og þannig hefur farið með sumar þessar eignir. Það hefur verið byggt á þeim. Vafalaust þarf að endurbyggja eða byggja betur á öðrum aftur. Ég hef ekki þann kunnugleika á því, að ég geti um það borið, hvernig ástatt kann að vera með hinar einstöku jarðeignir, t. d. í þessu efni, en ég veit til þess, að það eru til eignir, sem er þannig ástatt um, að sjóðirnir ráða ekki við að hýsa jarðirnar. Og það er ekki hægt, þar sem búið er að byggja upp á slíkum eignum, að fara þannig með þá, sem hafa lagt í þann kostnað, að gera efni þeirra að engu. Einhverra úrræða verður því að leita. Fyrir þessar sakir hefur nefndin fallizt á að gera þessa breytingu.

Það hefur verið haft á orði við mig, að heppilegra mundi hafa verið, þar sem var alveg óhjákvæmilegt að gera breyt. á skipulagsskrám, t. d. eins og undir þessum kringumstæðum, sem ég hef nú rætt um, að gera það á þann hátt að flytja frumvarp um það í hverju einstöku tilfelli, þegar það var álitið óhjákvæmilegt, en ekki gefa svona rúma heimild til breytinga með einni löggjöf. Það má vel vera. Þetta er vitaskuld þær ástæður og það afbrigði, sem vel er hægt að ræða um og menn geta litið mismunandi á. Þm. mundu þurfa hverju sinni, þegar breyting er gerð, að taka þær upplýsingar trúanlegar, sem gefnar væru af þeim, sem hana bæru fram, því að ekki hefðu þeir þann kunnugleika á hverjum stað, að þeir gætu af eigin raun dæmt um það, hvort ástæða væri til þess að breyta eða ekki. Það yrði þess vegna að byggja á þeim upplýsingum, sem fyrir lægju og fengnar væru hjá góðum og skilríkum mönnum, og úrslit málsins mundu að jafnaði verða eftir því.

Ég geri ráð fyrir, að þótt heimildin sé gefin á þennan hátt, þá gildi hið sama um breytinguna, þegar hún er gerð á skipulagsskrám sjóðanna. Það mundu verða fengnar upplýsingar hjá góðum og trúverðugum mönnum um, hvernig ástatt væri með eignina og ástæðurnar fyrir því, að breytingar væri óskað. Eftirlitsmenn sjóðanna ættu að hafa í gegnum sitt starf góðan kunnugleika á því og geta verið dómbærir um það, hvort ástæða væri til að breyta eða ekki. Og ég tel alveg víst, að dómsmrn., sem að lokum á svo að úrskurða, hvort breytt verður eða ekki, mundi fara eftir þeim till., sem kæmu frá eftirlitsmönnum sjóðanna, fyrst og fremst.

Hv. 2. þm. Skagf. hefur borið hér fram brtt. við 1. gr., þar sem hann leggur til, að ákvæði bætist við greinina. Þessi brtt. er á þskj. 550 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er með breytingu á skipulagsskrá, sem gerð er samkv. heimild í lögum þessum, heimilað að selja fasteign, sem gefin hefur verið sjóði

eða stofnun, er starfar í þágu almennings, og setja andvirði fasteignarinnar á vöxtu, og ber ríkissjóður þá ábyrgð á, að þessi höfuðstóll rýrni ekki að verðgildi, eftir að salan fer fram. Nú rýrnar höfuðstóllinn að verðgildi samkv. mati hagstofustjóra, og skal ríkissjóður þá bæta tjónið.“

Fljótt á litið virðist þetta ekki ósanngjarnt, að ábyrgð væri borin af hálfu þess opinbera, því að það stæði fyrir breytingunni á verðmætinu, ef hún yrði gerð. En ég er ekki alveg viss um, hvort þetta væri samt sem áður heppileg leið. Að vísu mun hér tæpast verða um mjög mikið fé að ræða, því að líklega eru það ekki svo margar eignir, sem kæmu til með að falla undir þetta ákvæði. En ég óttast, að það kynni að geta dregið dilk á eftir sér og mönnum þætti þetta ekki svo miklu réttlátara en aðrar eignir, að með þessu móti ætti að tryggja það.

Þess ber líka að gæta, að ef það er óhjákvæmilegt að gera breytingu á skipulagsskránni, — og það geta nú ekki aðrir en það opinbera, — en það væri látið ógert, þá er hæpið, hvernig færi um ávöxtun eignarinnar, hvort hún tapaði nokkuð í við það, þótt breytt væri úr fasteign t. d. í peninga. Vitaskuld geta peningarnir tapað gildi sínu, rýrnað, eftir að slík breyting væri gerð. Það þekkjum við ósköp vel. En þá er spurningin: Ef breytingin hefði ekki verið gerð á skipulagsskrá sjóðsins, hefði eignin þá orðið arðbærari? Það gæti því vel komið til álita, þó að gildi peningaeignarinnar að einhverju leyti rýrnaði, hvort það næmi meiru eða jafnvel eins miklu og ef ekki hefði verið skipt um eignina og fyrirmælum fyrir henni ekki verið breytt.

Ég geri þessa till. hv. þm. að umtalsefni fyrir fram, því að ég veit, að hann afsakar það, þótt ég aðeins minnist á hana. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þreyti miklar umræður um þetta mál. Það er þess eðlis, að menn verða að gera það upp við sig; það er ofur einfalt. Ég get lýst því yfir af minni hálfu, að ég hefði helzt af öllu kosið að hreyfa ekki við fyrirmælum um svona eignir, sem gefnar eru, en mér hafa verið færð ljós rök fyrir því, að undir vissum kringumstæðum sé það alveg óhjákvæmilegt, ef það á ekki að verða að stórtjóni bæði á eigninni og fyrir einstaklinga. Þess vegna hefur nefndin fallizt einmitt á og samþ. af sinni hálfu að leggja til, að þetta frv. væri samþykkt. Hvort menn svo velja þessa leið eða einhverja aðra að sama marki, það getur menn vitaskuld greint á um og það verða menn að gera upp við sig. En atvik, sem að því liggja, að þetta frv. er borið fram, eru þess eðlis, og það, sem fyrst og fremst hefur vakað fyrir þeim, sem það flytja, eru þannig lagaðar ástæður, að mér finnst óhjákvæmilegt, að þeim skipulagsskrám, sem að þeim eignum lúta, verði breytt.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér, eins og þið hafið heyrt, brtt. við frv., sem hér liggur fyrir. Samkv. frv. er heimilt að breyta skipulagsskrám sjóða og stofnana, þ. á m. að selja fasteignir, sem þessum sjóðum og stofnunum hafa verið lagðar til til ævarandi eignar, og fleira í þessu sambandi. Að mínu áliti eins og fleiri er hér um mikið vandamál að ræða, og það hlýtur ávallt að vera talsverður ábyrgðarhluti að breyta hvort það er dánargjöfum eða ákvæðum löngu liðinna manna, nema því aðeins að þess sé mikil og brýn þörf. Ég þykist líka sjá ýmsa vankanta á þessu, og þó tel ég engu að síður, að tæplega verði hægt að komast hjá breyt. eins og nú er komið og þá eitthvað á þá lund, sem frv. gerir ráð fyrir, enda þótt ég hefði kosið, að það hefði verið nokkuð á annan veg.

Þær ástæður, sem knýja mig til þessarar afstöðu, — í raun og veru á móti vilja mínum, — eru, að sum gjafabréfin eru orðin jafnvel mörg hundruð ára gömul, og það á öllum að vera ljóst, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan ákvæðin voru sett, hafa orðið stórkostlegar breytingar á marga vegu, bæði breytingar á þeim verkefnum, sem þessum sjóðum voru ætluð, og aðstöðunni til þess að leysa þau verkefni af hendi, sem þessum sjóðum var ætlað að vinna. Sömuleiðis eru nú notaðar allt aðrar leiðir til að geyma og ávaxta fé en þá var. Þetta gerir það að verkum, eins og þegar hefur verið bent á hér í umr., að varla er hægt annað en gera hér á nokkrar breyt. En jafnframt þessu tel ég það skyldu Alþ., því að ég tel, að Alþ. taki á sig nokkrar skyldur með því að hafa forgöngu um slíka lagasetningu, að ganga þannig frá þessum málum, að sem bezt verði fullnægt óskum gefendanna og tilgangi þeirra. Þetta hygg ég að ætti að vera sæmilega auðvelt að því er verkefnin snertir, en öðru máli gegnir um þann höfuðstól, sem hefur verið geymdur í fasteignum. Hann hefur í mörgum tilfellum varðveitzt mikið til í sínu fulla gildi, síðan gjöfin eða eignin var afhent. Fasteignir, sem seldar eru nú á frjálsum markaði og sæmilega eru í sveit settar, halda mikið til sínu gamla verðgildi, og ég efast ekki um það með sjálfum mér, að ef gefendurnir væru spurðir nú og ef þeir gætu svarað, þá mundu þeir út af fyrir sig samþ. söluna eins og nú er komið. En ég er jafnsannfærður um það, að þeir vildu eða mundu óska eftir, að nokkur trygging væri sett fyrir því, að sú krónuupphæð, sem fengist fyrir þessar eignir, yrði ekki verðlaus eða hyrfi, ef svo mætti segja, er fram liðu stundir.

Þess vegna hef ég lagt til, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir því, að þessir sjóðir rýrni ekki að verðgildi. Þetta tekur eingöngu til þess fjár, sem er andvirði þeirra fasteigna, sem seldar eru eftir að þessar breyt. fara fram. Í mínum augum er þetta nánast drengskaparatriði gagnvart þeim sæmdarmönnum, sem á sínum tíma gáfu þetta og áreiðanlega í góðum tilgangi. Það er í mínum augum drengskaparatriði og skiptir í raun og veru sáralitlu fyrir ríkissjóð, því að hér er í raun og veru um svo nauðalítið að ræða.

Eins og frsm. n. sagði, þá verður hver að hafa sína skoðun um þetta. Ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli. Ég vil aðeins bera þetta fram, af því að ég tel, að þetta sé rétt gagnvart þeim mönnum, sem upphaflega gáfu þessar gjafir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um viðauka við l. um eftirlit með opinberum sjóðum. Hv. allshn. d.

fékk frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþ. Frv. um sama efni lá líka fyrir síðasta þingi. Þá var málinu vísað til fjhn. í þessari hv. d. Samkv. till. hennar var það afgr. með rökst. dagskrá. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp dagskrártill., sem samþ. var. Hún var svo hljóðandi:

„Með því að eðlilegt virðist, að nákvæmar upplýsingar um þá opinberu sjóði, sem talið er að þurfi að breyta skipulagsskrám fyrir, liggi fyrir Alþ., áður en það tekur ákvarðanir um, hvort setja skuli l. um breyt. á skipulagsskránum, ákveður d. að fresta ákvörðun um þetta mál, þar til slíkar upplýsingar liggja fyrir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þannig var afgreiðsla þessarar d. á málinu í fyrra, og með samþykkt þessarar dagskrártill. á síðasta þingi tel ég, að þd. hafi alveg ótvírætt lýst yfir þeim vilja sínum, að því aðeins yrðu sett l. um breyt. á skipulagsskrám sjóða, að fram væru lagðar till. um breyt. varðandi einstaka ákveðna sjóði ásamt nákvæmum upplýsingum og rökstuðningi viðkomandi þörf breytinga á núgildandi fyrirmælum. Slíkar till. hafa ekki verið bornar fram á þinginu, en hér liggur hins vegar fyrir frv. á þskj. 459, komið frá hv. Ed., um almenna heimild til breyt. á skipulagsskrám og gjafafyrirmælum um sjóði. Málið hefur þannig verið flutt aftur á þessu þingi með sama hætti og á þinginu í fyrra, og það tel ég óheppilegt.

Í grg., sem fylgdi frv. þessu, þegar það var lagt fram í hv. Ed., er skýrt frá þeirri rökst. dagskrá, sem samþ. var hér í d. í fyrra og ég hef áður minnzt á. Segir síðan í grg., að nú virðist svo sem þær upplýsingar, er um ræðir í dagskrártill., liggi fyrir að miklu leyti. Er þar bent á þá grg. félmrn. um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir, sem birt hefur verið á þskj. 258 og útbýtt á þessu þingi. Þessi skýrsla félmrn. hefur verið samin í tilefni af þál., sem samþ. var á Alþ. 1950, eins og segir í upphafi skýrslunnar. Er þetta fróðleg grg. um kristfjárjarðir og jarðeignir ýmissa opinberra sjóða, en þó að þessi skýrsla sé fróðleg og að henni nokkur fengur, þá verða alls ekki af henni einni saman dregnar ályktanir um það, í hvaða tilfellum sé nauðsynlegt að breyta skipulagsskrám sjóða, sem þar eru nefndir, og enn síður er hægt að byggja á þeirri skýrslu till. um heimild til að gera breyt. á fyrirmælum um opinbera sjóði yfirleitt, því að það verða menn að athuga, að slíkir sjóðir sem frv. mundi ná til, ef að l. verður, eru ekki allir bundnir í jarðeignum og fasteignum. Þar er um að ræða sjóði líka, sem eru í lausu fé. — Í grg. frv. er sagt frá bréfi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu til félmrn., en þar nefnir sá sýslumaður sérstakan sjóð, legatssjóð Jóns Sigurðssonar. Virðist það koma fram í bréfi sýslumanns, að hann telji nauðsynlegt, að breyt. verði gerðar á fyrirmælum um þann sjóð, og ef til vill er það fyrst og fremst vegna þessa sjóðs, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur gerzt 1. flm. frv., en þá tel ég, að hv. þm. hefði átt að einskorða ákvæði frv. við þann sérstaka sjóð eða aðra nafngreinda sjóði, ef hann telur nauðsynlegt að fá breytt fyrirmælum um fleiri en þennan eina sjóð. Þannig tel ég eðlilegast að slík mál séu flutt á Alþ. Hitt tel ég varhugavert, að veita rn. almenna heimild til að breyta skipulagsskrám sjóða, enda verður ekki séð, að þess sé nokkur þörf.

Ég tel því ekki rétt að samþ. frv. þetta eins og það liggur hér fyrir. Það kann vel að vera rétt, að þörf sé að gera breyt. á gömlum ákvæðum í skipulagsskrám um einstaka sjóði, eins og t. d. um þann eyfirzka sjóð, sem um getur í grg. frv. Ég vildi nú gjarnan fá möguleika til þess að ræða um það við flm. frv., hvort ekki væri unnt að koma málinu inn á þann grundvöll, að ákvæði þess væru aðeins látin gilda um þann sjóð eða fáa nafngreinda sjóði, ef flm. frv. telja og færa rök fyrir, að ekki megi fresta að gera breyt. viðkomandi þeim sjóðum. Það er um það rætt, að það séu erfiðleikar með byggingu þeirra jarða, sem slíkir sjóðir eiga, í vissum tilfellum, og því gæti verið nauðsynlegt að heimila sölu á þeim jarðeignum. Ég vil út af þessu benda á það, að áður en til þess væri gripið að selja jarðir, þar sem svo er fyrir mælt í gjafabréfum, að jarðirnar skuli ekki selja, þá ætti að athuga þann möguleika að gefa mönnum kost á því að fá þessar jarðir á erfðaleigu, eins og um ríkiseign væri að ræða, gegn því að þeir kaupi eignir leiguliða, sem þar eru fyrir í húsum eða öðrum mannvirkjum. Mér þykir ekki ólíklegt, að í mörgum tilfellum væri hægt að leysa málið þannig án þess að rifta fyrirmælum hinna upphaflegu stofnenda sjóðanna um það t. d., að ekki megi selja jarðeignir þeirra.

Ég vildi út af þessu og eins í sambandi við þá brtt., sem hér liggur fyrir, leyfa mér að bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. nú að þessu sinni og taki málið út af dagskrá þessa fundar, svo að möguleikar séu á að athuga það nánar, ef það þyrfti ekki að tefja lengi afgreiðslu þess, þó að þetta væri gert.

Forseti (SB): Það eru nú nokkrir hv. þm. á mælendaskrá, brtt. komnar fram við frv. og boðaðar. Komin er fram ósk um það, að umr. um málið verði frestað. Það mun verða orðið við þeirri ósk.

Umr. frestað.

Á 54. og 55. fundi í Nd., 21. og 22. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 459, n. 530, 550, 561, 570).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., sem eru á þskj. 561. Innihald þeirra er raunverulega það, að í staðinn fyrir að afgreiða þessi mál með heimild til handa ráðh. og eftirlitsmönnum sjóðanna í eitt skipti fyrir öll til að geta ráðstafað þessum eignum, sem hér er um að ræða, þá þurfi í hvert skipti, sem gerð er breyting á skipulagsskrá viðkomandi sjóðs eða stofnana, að fara fram ákveðin lagabreyting um það á Alþ.

Ég býst ekki við, að ég þurfi sérstaklega mikið að gera grein fyrir afstöðu minni. Þessar brtt. eru í beinu samræmi við það, sem ég áður hef haldið fram um afgreiðslu þessa máls og um okkar rétt nú á tímum til þess að breyta þessum

hlutum, sem hafa staðið hér svo margar aldir. Það er ekki vegna þess, að ég skilji ekki fyllilega rök þeirra hv. þm., sem benda á þau óþægindi, sem ýmsum ábúendum stafa af því að geta ekki fengið ýmislegt, vegi og annað, sem samrýmist efnahagsskilyrðum nútímans. Ég álít, að við verðum að reyna að koma því svo fyrir, að ríkið gangi svo að segja inn í þessi mál hvað það snertir að taka á sínar herðar þær skyldur, sem eiganda sjóðsins eða stofnunarinnar eru lagðar á herðar með nútímalöggjöfinni. Allur tilgangurinn með þeim sjóðum og stofnunum, sem hér er um að ræða, er að einhverju leyti almannaheill, og það er ekki nema eðlilegt þess vegna, að svo miklu leyti sem skyldur lentu á herðar þessum sjóðum og stofnunum, sem óeðlilegt væri að geta gengið út frá að þær stæðu undir, að ríkið taki að sér að hlaupa þar undir bagga. Hins aftur á móti, að breyta alveg almennt öllum þeim aðstæðum, sem þessar stofnanir og þessir sjóðir starfa undir, álít ég, að við höfum ekki rétt til. Við skulum muna það, að með þessum stundum margra alda gömlu gjafabréfum er eigandinn, sem upprunalega var, að gefa þessar jarðir eða sjóði til ákveðinna almenningsheilla, og sá, sem er sá raunverulegi eigandi þessara sjóða nú, sem sé sú stofnun, sem á að vinna að ákveðinni almenningsheill í þessu sambandi, hefur raunverulega sinn rétt alveg hreint eins og hverjir aðrir aðilar samkv. stjskr. um, að hennar eignarréttur sé verndaður. Það er alls ekki hægt að svipta þessar aldagömlu stofnanir, sem þarna er um að ræða, þeim eignarrétti, sem þarna á í hlut, án þess að fara um það að öllu leyti eftir stjskr. Hér er verið að gera allt aðrar ráðstafanir, sem raunverulega mundu jafngilda því, að það væri meira eða minna verið að taka þessar jarðir raunverulega úr eins konar almenningseign, vegna þess að þetta er á vissan hátt til almenningsnota, almenningsheilla, stundum takmarkað við einstaka hreppa og sýslur, stundum víðara, og það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að þessar stofnanir fái að njóta þess öryggis, sem almennt þykir rétt að taka tillit til, þegar aðrir eiga í hlut.

Hv. þm. Borgf. hefur hér við þessar umr. alveg sérstaklega kvartað undan þeim óþægindum, sem af þessu stafi fyrir einstaka ábúendur eins og nú sé háttað á þessum áratugum. Ég veit, að hann mun ekki sízt hugsa þar um eina af frægustu kristfjárjörðum landsins, Reyni, og ég verð nú að segja það, að ég held, að menn verði, þegar menn athuga svona mál, að reyna að venja sig á að hugsa ekki í árum en öldum, — taka tillit til þess, hvort sá gefandi, sem gefið hefur þetta í góðum tilgangi upphaflega, mundi nú raunverulega hafa kært sig um það og hvort það mundi samrýmast tilgangi þessarar stofnunar, að jarðirnar væru núna teknar úr eign þessara stofnana, seldar nú fyrir peninga og svo yrðu kannske slíkar jarðir — við skulum segja eftir einn eða tvo áratugi — orðnar máske með dýrmætustu jörðum á landinu. Við þurfum ekki langt að leita. Á þessari hálfu öld, sem við höfum lifað, hefur breytingin á því, sem voru tiltölulega verðlitlar jarðir hérna t. d. í Reykjavík, orðið slík, að það eru nú margra milljóna verðmæti, sem áður var máske gefið. Það er ekki langt síðan hver maður gat hér í Reykjavík fengið útmælda lóð gefins af ákveðinni stærð. Ýmsar af þessum jörðum, sem hér er um að ræða, geta eftir nokkra áratugi verið orðnar slíkar lóðir. Ég hef a. m. k. þá trú á byggingu Íslands, að það sé vel hægt að hugsa sér, að jarðir, sem nú er verið að ráðstafa svona og fleygja fyrir svo að segja ekkert, taka meira að segja frá stofnunum, sem við höfum ekki rétt til að taka þær frá, verði eftir nokkurn tíma, nokkra áratugi, orðnar ákaflega dýrmætar, og þá væri betur, að þær væru í eigu þessara stofnana, sem hvort sem er eru búnar að eiga þær í fjórar, fimm, sex aldir. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess, að við gerum breytingu á þessum hlutum, nema þá í hverju einstöku tilfelli, sem þetta kemur fyrir, og þá að vel íhuguðu máli út frá því sérstaka tilfelli, sem um er að ræða.

Ég sé, að hér hafa komið fram, eftir að minar till. komu fram, brtt., sem eftir er að mæla fyrir, á þskj. 570, og eru á ýmsan hátt þannig, að ég gæti fellt mig við a. m. k. aðra þeirra, og ég vildi mega mælast til þess við hæstv. forseta, að þegar þessar brtt. yrðu bornar undir atkv., þá yrðu minar till. bornar upp fyrst, þannig að mér gæfist tækifæri til að greiða annars atkv. með hinum. Ég held, að það eigi ekki að vera neitt sérstakt í veginum fyrir því í innihaldi þessara till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur gengið í gegnum hv. Ed., og hv. allshn. þessarar d. mælir með samþykkt þess einróma. Síðan hafa borizt brtt. við frv. á þrem þskj., í fyrsta lagi frá hv. 2. þm. Skagf. á þskj. 550, í öðru lagi frá hv. þm. V-Húnv. og 2. þm. Skagf. á þskj. 570 og í þriðja lagi frá hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 561.

Ég er nú dálítið undrandi yfir því, hvað menn virðast vera ákaflega hræddir við að samþ. þetta frv. Hér eru sannarlega verulegar hömlur á, og ætti ekki að vera flanað út í þá breyt., sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., að óathuguðu eða lítt athuguðu máli. Þetta er um heimild til þess að breyta skipulagsskrá sjóða, ef forráðamenn viðkomandi sjóðs óska og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því eða þá hlutaðeigandi sveitarstjórn óskar eftir, að svo verði gert.

Ástæðan til þess, að það er farið fram á þetta, er fyrst og fremst sú, að ýmsar jarðir, sem eru eign þessara sjóða og hefur verið andmælt að selja, eru í ábúð einstakra manna, og það eru á því mjög miklir örðugleikar, að þeir fái að gera á þeim umbætur eða hafi aðstöðu til þess að gera á þeim þær umbætur, sem nauðsynlegar eru. Ég skal taka það fram í þessu sambandi, að í mínu héraði eru tvær jarðir, sem svona stendur á um og sýslunefnd héraðsins hefur umráð með, og hún hefur einróma samþykkt að óska eftir því, að það megi selja þessar jarðir. Ég fyrir mitt leyti gæti gjarnan samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 550, en þá finnst mér líka alveg nægilega langt gengið og ekki ástæða til þess að samþ. aðrar brtt. hér við, en ef farið er að hrófla meira við þessu frv., þá má ætla, svo langt sem nú er liðið á þingtíma, að það þýði það, að það verði ekki samþ. á þessu þingi. Þess vegna vil ég mæla með því, að það verði samþ.

annaðhvort óbreytt eða þá einungis með þeirri brtt., sem hér er lögð fram á þskj. 550 frá hv. 2. þm. Skagf.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það liggja hér fyrir brtt. við frv. þetta á þskj. 570 frá mér og hv. 2. þm. Skagf. — Ég hef áður getið þess, að ég telji ekki fært að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir. Hins vegar má vel vera, að þörf sé að gera breyt. á skipulagsskrám eða fyrirmælum frá gömlum tímum um einstaka sjóði eða gjafir. Í grg. félmrn. um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir eru t. d. nefnd dæmi um það, að ákveðið var í gjafabréfum fyrir jörðum, að landskuld þeirra skuli ganga til framfærslu fátæku fólki eða munaðarleysingjum í vissum sveitum og héruðum. Með breyttum tímum og þeirri almennu tryggingastarfsemi, sem nú hefur verið komið á fót, má ef til vill líta svo á, að nú sé þannig séð fyrir þörfum þeirra, sem slíkir sjóðir áttu að styrkja, að ástæða geti verið til að gera þar á nokkrar breytingar. Till. um breyt. á fyrirmælum um einstaka sjóði geta því átt rétt á sér, og í fyrri lið brtt. okkar á þskj. 570 er því lagt til, að þeir forráðamenn sérstakra sjóða eða eigna, sem telja þörf breytinga á skipulagsskrám eða ákvæðum gjafabréfa, skuli senda till. um þær breytingar, er þeir vilja gera, til félmrn. fyrir 1. júlí í ár. Er svo til ætlazt samkv. till., að rn. leiti umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um till., og telji rn. þörf breyt. og eftirlitsmenn sjóða mæli með þeim, þá skal leggja frv. um breyt. fyrir Alþ. hið fyrsta, enda verði þar lagðar fyrir till. um hvern einstakan sjóð eða stofnun, þar sem breytingar eru fyrirhugaðar. Við gerum ráð fyrir því, flm., að þannig verði þessu hagað. Þetta teljum við flm. brtt. eðlilegustu aðferðina við að fá fram þær breyt. á skipulagsskránum, sem nauðsynlegar kunna að vera. Hitt teljum við mjög varhugavert, um leið og það er óþarft, að veita rn. almenna og ótímabundna heimild til slíkra breyt., eins og lagt er til í frv. Það ætti líka að vera auðvelt að koma fram nauðsynlegum breyt. í þessum efnum eftir þeirri leið, sem við leggjum til í brtt. okkar, að farin verði.

2. liður í brtt. okkar er um tímabundna heimild til sölu á jörðum einstakra sjóða, ef ekki er unnt með öðru móti að afstýra því, að þær fari í eyði. Í allmörgum skipulagsskrám eða gjafabréfum, þar sem jarðir hafa verið gefnar til almennra þarfa, eru ákvæði um það, að jarðirnar megi aldrei selja. Við flm. brtt. teljum, að skylt sé og sjálfsagt að fylgja þessum og öðrum fyrirmælum gefendanna, meðan þess er kostur. Því er þó ekki að neita, að þær ástæður geta verið fyrir hendi, að ekki verði hjá því komizt að heimila með l. frávik frá sölubanninu, t. d. ef því verður ekki með öðru móti forðað, að jörð leggist í eyði, en því aðeins á að leyfa slíkar undanþágur frá fyrirmælunum, að það liggi ljóst fyrir, að ekki sé hægt að leigja jarðirnar, svo að sjóðirnir geti átt þær áfram, en þær þó haldizt í byggð, eins og gefendur jarðanna hafa vitanlega ætlazt til. Raddir hafa heyrzt um það, að í einstökum tilfellum kunni að vera óhjákvæmilegt að leyfa nú þegar eða bráðlega sölu á jörðum þrátt fyrir bann við því í gjafabréfum. Við þetta er önnur brtt. okkar miðuð. Er þar lagt til, að söluheimild sé veitt, sé jörð laus úr ábúð, en enginn vilji taka hana á leigu, en tekið er fram í brtt., að ekki megi auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vilja fá jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð, enda sé þá jarðareigandi ekki skylt að leggja fram fé til húsabygginga á jörðinni og ábúandinn taki á sig þá kvöð, sem hvílir á jarðareigandi samkv. ábúðarl. að kaupa hús, sem fráfarandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna. — Þá er fram tekið í till., að ef einhver óskar að fá jörðina leigða, eftir að hún hefur verið auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, þá skuli leigja, en ekki selja jörðina, og enn fremur, að áður en jörð er seld, skuli gefa nýbýlastjórn kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar, hafi enginn annar óskað að fá jörðina leigða, loks, að þessi söluheimild skuli gilda til ársloka 1954. Þessi ákvæði í till. okkar eru sett til þess að tryggja það svo vel sem mögulegt er, að jörð verði ekki seld gegn fyrirmælum þess, er gaf jörðina forðum, nema það liggi fyrir, að enginn vilji nytja jörðina sem leiguliði.

Till. okkar hv. 2. þm. Skagf. eru þannig miðaðar við það, að því aðeins verði gerðar breyt. á skipulagsskrá með öðrum fyrirmælum um sjóði, að fyrir liggi rökstuddar till. um breyt. varðandi hvern einstakan sjóð eða stofnun og að Alþ. lögfesti breytingarnar. Við teljum skylt að virða fyrirmæli gefenda og stofnenda sjóða um ráðstöfun á eignum þeirra og breyta því aðeins þar út frá, að rík nauðsyn sé til. Við teljum því óviðeigandi að veita almenna heimild til breytinga á fyrirmælunum, en jafnframt höfum við í brtt. okkar komið svo til móts við till. þeirra, sem telja breytingar nauðsynlegar, að afgreiðsla málsins á þann hátt, sem við leggjum til, ætti vel að nægja þeim að svo stöddu.

Hv. þm. A-Húnv. gerði hér að umtalsefni í ræðu áðan þetta mál, og m. a. gat hann þess, að í Húnavatnssýslu væru 2 jarðir, sem sýslurnar ættu í raun og veru eða hefðu verið þeim gefnar í sérstökum tilgangi, og sýslunefndir hefðu ráðstafað þessum jörðum. Hann gat þess einnig, að sýslunefndirnar í Húnavatnssýslum hefðu óskað eftir því að fá að selja þessar jarðir. Mér er kunnugt um það, því að það mun hafa komið einhvern tíma málaleitun til okkar þm. Húnv. um að beita okkur fyrir því. Ég hef ekki viljað taka þátt í því að leita hér heimildar til að selja þessar tvær jarðir. Þessar jarðir, Hamar og Meðalheimur á Ásum í Húnavatnssýslu, voru upphaflega gefnar af tveim sýslumönnum, Guðmundi Hákonarsyni og Bjarna Halldórssyni sýslumanni á Þingeyrum. Ég tel ekki rétt að heimila sölu á þessum jörðum. Það mun nú vera fram tekið í gjafabréfum sýslumannanna, að tekjur af þessum jörðum eigi að skiptast milli allra hreppa í Húnavatnssýslu, og liggur þá í augum uppi, að það er lítils um það vert, það eru litlar fjárhæðir, sem hver hreppur fær í afgjald af þessum jörðum. En þá má líka benda á það, að þó að jarðirnar væru seldar og andvirð-

inu skipt með einhverju móti, þá hefur það litla þýðingu fyrir svo stórt hérað, og ég tel því, að það sé rétt, að þessar jarðir verði áfram eign þessara sjóða, sem þar voru stofnaðir af þessum tveim merku sýslumönnum fyrr á öldum, og þannig eigi að fara með þessi mál, að jarðir þessar, sem eru víst báðar vel byggilegar, geti verið að sjálfsögðu nytjaðar áfram og að ábúendur þeirra fái þær leigðar með þeim kjörum, að þeir og niðjar þeirra geti gert þar umbætur, og jarðirnar verði áfram eign þessara gjafasjóða í framtíðinni til minningar um þessa merku sýslumenn Húnvetninga, sem gáfu þær forðum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef áður rætt þetta mál nokkuð og sé því ekki ástæðu til að flytja um það langt mál nú, en vegna þeirra brtt., sem fram hafa komið síðan það var síðast til umr. hér í hv. d., þá vil ég þó segja nokkur orð.

Hv. þm. V-Húnv. mælti hér fyrir till., sem hann og hv. 2. þm. Skagf. flytja á þskj. 570, þar sem um er að ræða mjög mikla og má segja í grundvallaratriðum meginbreytingu á því frv., sem fyrir liggur, eins og það hefur komið frá Ed., og byggði hann röksemdir þeirra fyrir þessum breytingum á því, að í frv. væri gert ráð fyrir of auðveldum aðferðum til þess að breyta skipulagsskrám sjóða og þess vegna þyrfti að setja frekari hömlur en þar væri gert á þær breytingar og þó sérstaklega hvað snertir það, að auðið væri að selja jarðir sjóðanna. Með hliðsjón af þeim rökum, sem liggja til grundvallar því frv., sem upphaflega var flutt í hv. Ed., er það að segja, að brtt. þeirra hv. þm. V-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf. útiloka að minnsta kosti að miklu leyti möguleikana til að ná þeim tilgangi, sem gert var ráð fyrir með flutningi frv. í Ed. Og þar sem ég var samþykkur því frv., eins og það kom frá hv. Ed., þá vildi ég taka það fram hér, að ég er andvígur þeim brtt., sem fluttar hafa verið á þskj. 570.

Brtt. eru rökstuddar með því, að í frv. séu of litlar hömlur settar varðandi breytingu á stofnskrám sjóða. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér, að ég sé ekki betur en nægilega tryggilega sé þar frá því gengið, að ekki verði hrapað að breytingu á stofnskrám sjóða án þess, að full nauðsyn sé fyrir hendi, og þar er beinlínis tekið fram, að skipulagsskrá megi alls ekki breyta, nema knýjandi nauðsyn sé til breytinganna vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa, og þá er að sjálfsögðu gengið út frá því, að fyrir þurfi að liggja glögg og ótvíræð rök fyrir því, að skipulagsskráin miði í þá átt, að frekar sé náð þeim tilgangi, sem upphaflega var til stofnað, eða þá að hagkvæmari ráðstafanir verði gerðar og skynsamlegar með ráðstöfun eignanna, vegna þess að niður séu fallnar að verulegu leyti þær röksemdir og forsendur, sem lágu fyrir ákvörðuninni um ráðstöfun eignanna í upphafi. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda, að ástæða sé til að tortryggja, að þeir menn, sem hafa með höndum stjórn þessara sjóða og eiga að sjá um, að gjafabréfum þeirra sé hlýtt, muni gæta þess svo sem verða má, að tilgangi gefendanna verði náð sem bezt eða ef sá tilgangur er ekki lengur til staðar, þá verði farið um ráðstöfun eignanna sem næst því, sem ætla má að til mála hefði komið, ef á sínum tíma hefði verið vitað um, hvernig aðstæður mundu breytast. Og það er ekki aðeins, að það eru stjórnendur sjóðanna, sem hér þurfa að meta þetta mál, heldur er svo fyrir mælt, að eftirlitsmenn opinberra sjóða verði þar að auki að hafa mælt með þessari breytingu, til þess að hún nái að taka gildi.

Ég sé ekki betur en að á þennan hátt sé fullkomlega nægilega vel frá því gengið, að gætt verði allra þeirra atvika, sem taka þarf tillit til hverju sinni varðandi breytingar á stofnskrám sjóðanna, þannig að ekki verði að breytingu hrapað, nema ótvíræð rök séu þar fyrir hendi. Fljótt á litið kynni að mega segja sem svo, að það ætti ekki að saka, þótt brtt. á þskj. 570 yrðu samþ., og hv. frsm., þm. V-Húnv., skýrði hér frá því, að það væri einmitt höfuðtilgangurinn með þeim breytingum að reyna að fara þarna bil beggja og án þess að skapaðar yrðu of auðveldar leiðir til breytinga, þá væri þó tryggt, að það kæmi ekki til vandræða vegna þess, að ekki mætti breyta stofnskrám sjóðanna. En þetta er þó ekki nema að nokkru leyti rétt, og þótt þessi breyting yrði að lögum, þá útilokar hún ekki nema að nokkru leyti þau vandkvæði, sem hér er við að fást, auk þess sem þess er að gæta, sem að hefur verið vikið, að breyt. sem þessi mundi mjög torvelda möguleikana á því, að frv. þetta næði fram að ganga á þessu þingi, sem ég tel mjög mikla nauðsyn til að verði.

Það er gert ráð fyrir því í brtt. þessum á þskj. 570, að heimilt sé að selja jarðir, ef ekki er hægt að byggja þær. Nú er því þar til að svara, að þar sem mér er kunnugt um, þá hagar svo til, að þetta mundi ekki gefa fullnægjandi tryggingu. Það má að vísu segja, að það mundi að nokkru leyti tryggja sjóðinn sem slíkan, en ég álít, að það beri einnig að líta á fleiri sjónarmið, sjónarmið, sem ég tel jafnvel nokkurn veginn víst að stofnendur sjóða hefðu haft í huga og viljað taka tillit til, hefðu þeir mátt ráða, og það er um það, hvort þetta leiði til þess, að ábúandi jarðar verður að hrökklast af jörð, hún kynni að vísu að lenda í ábúð einhvers og einhvers, það kynni eins vel að vera einhver kaupstaðarmaður, sem keypti þá jörð, án þess að hugsa sér að búa á henni, og það væri að minnsta kosti á engan hátt tryggilega frá því gengið og jafnvel útilokað, að viðkomandi ábúandi gæti áfram búið á jörðinni. Ég skal taka til alveg ákveðið dæmi í því sambandi. Þannig er ástatt með eina slíka þjóðjörð, sem er eign legats Jóns Sigurðssonar, að ábúandi hennar hefur byggt upp á jörðinni og hefur lagt í mikinn tilkostnað. Honum hefur að vísu verið veitt veðleyfi, sem að vísu má segja að sé hæpið, að heimilt sé að veita, og hann hefur tekið lán út á jörðina, en mjög óhagstæð lán, sem hann hefur fengið. Nú standa sakir þannig, að hann telur sér ekki fært að standa undir þessum lánum og leggja á sig það erfiði, sem því fylgir, nema því aðeins að hann geti þá fengið jörðina keypta og fullan ráðstöfunarrétt yfir henni að því leyti sem eigandi. En verði svo ekki, þá standa sakir þannig, að það er ekki um annað að ræða en að jörð þessi verði

seld nauðungarsölu. Þá er auðvitað mjög undir hælinn lagt, að þessi ábúandi jarðarinnar geti fengið hana keypta, vegna þess að á nauðungaruppboði kynni að mega segja, að tryggðist fullt verð fyrir jörðina, en það yrðu miklum mun óhagstæðari greiðsluskilmálar en auðið kynni að vera að veita ábúandanum, ef selja mætti jörðina á venjulegan hátt, jafnvel þótt hagsmuna sjóðsins væri fyllilega gætt í því sambandi. Ég nefni nú þetta aðeins sem dæmi, að þarna er um að ræða jörð, sem búið er að byggja upp á, þannig að það leysir ekki þann vanda, sem um er að ræða í brtt. á þskj. 570, að losaðar séu kvaðir af sjóðunum að byggja upp. Og það gefur að sjálfsögðu að skilja, að ef menn hafa lagt í miklar framkvæmdir á jörðum, sem þeir eiga ekki og alger óvissa er um þeirra umráðarétt yfir eða hvort þeir nokkurn tíma fá að eignast, þá geta oft skapazt mikil vandkvæði í þessu sambandi. Það má ef til vill segja sem svo, að það eigi ekki að taka tillit til hagsmuna ábúenda jarðanna, það eigi fyrst og fremst að líta á hagsmuni sjóðanna, og það má til sanns vegar færa. En ég held nú samt, að þegar er hægt að sameina það tvennt að taka tillit til hagsmuna ábúenda og hagsmuna sjóðanna, þá sé sjálfsagt að gera það, og það er hægt í þessu sambandi, því að ef ekki tekst t. d. í sambandi við þetta mál, sem ég gat um, að leysa þann vanda, sem þar er við að stríða, þá verður jörðin seld á nauðungaruppboði, hvaða ráðstafanir sem annars verða gerðar í því sambandi, ekki sízt vegna þess, að sjóður sá, sem um er að ræða, hefur ekki yfir neinu fé að ráða til þess að leysa jörðina úr þeim böndum, sem á henni hvíla.

Í sambandi við þetta mál almennt er enn fremur það að segja, — ég tek undir það, að það á ekki að breyta stofnskrám sjóða, nema fullkomin nauðsyn sé fyrir hendi, — að því er ekki að leyna, að aðstæður hafa svo stórlega breytzt í okkar þjóðfélagi á mörgum sviðum, að það getur verið komið allt annað ástand en var, þegar sjóðirnir voru stofnaðir og ákveðið var um, hvernig arði af jörðum skyldi ráðstafa, og tilgangurinn, sem hugsað var að ná með gjafabréfinu, er ekki lengur fyrir hendi. Og þegar svo er ástatt, er að sjálfsögðu engin skynsemi í öðru en að breyta til og reyna að ná einhverju skynsamlegu markmiði, sem má telja að sé þó nánast því, sem ætla mætti að gefendur hefðu hugsað sér, ef þeir hefðu mátt um það segja, þótt það verði náttúrlega aldrei nema getgátur. En þá er það að sjálfsögðu ekki nema eðlileg og skynsamleg ráðstöfun að breyta til, þegar svo háttar málum. Og svo sem ég áðan gat um, þá tel ég ekki vera ástæðu til að álíta, að þá aðila, sem veitt hefur verið forráð sjóðanna, þurfi að tortryggja um það, að þeir muni gáleysislega fara með það vald, sem þeim kynni að verða veitt eða þeir kynnu að fá í hendur, ef frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, enda, eins og ég gat um áðan, eru þar enn frekari skilyrði sett, að það má ekki staðfesta þá breytingu, nema fyrir liggi fullkomin rök um það, að hennar sé nauðsyn, að hún sé eðlileg og enn fremur að trúnaðarmenn ríkisins, sem til þess eru settir að fylgjast með opinberum sjóðum, hafi léð samþykki sitt til þess.

Með hliðsjón af því, sem ég hef sagt, vil ég því ítreka það, að ég mæli mjög eindregið á móti brtt. þeirri, sem fyrir liggur á þskj. 570, og þá eigi síður þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 561 frá hv. 2. þm. Reykv., því að þar er ekki um annað að ræða en það, að það skuli safna vissum upplýsingum og síðan á grundvelli þeirra upplýsinga leggja frv. fyrir Alþingi, ef ástæða þykir til, og það hefur nánast sagt litla þörf, virðist manni, að vera að samþ. sérstök lög um það, að það skuli undirbúa frv. til þess að leggja fyrir Alþingi. Það er þó nokkuð öðru máli að gegna um brtt. á þskj. 570, því að þar er gert ráð fyrir efnislegri breytingu í málinu. Varðandi brtt. þá, sem um er að ræða á þskj. 550, frá hv. 2. þm. Skagf., þá tek ég undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér, að ég gæti nánast fallizt á þá till., ef þingið að öðru leyti teldi sér fært að samþ. hana, um það, að nokkur trygging væri sett fyrir því, að sjóðirnir héldu sínu fulla gildi og rýrnuðu ekki að verði frá því, sem nú er, enda þótt jarðeignirnar yrðu seldar og fé þeirra ávaxtað í peningum. En ég vil að síðustu leggja á það áherzlu, að ég tel mjög æskilegt og nauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga í því formi, sem það hefur komið í frá hv. Ed.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 570 (ný 1. gr.) samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GÞG, HV, JS, JÁ, LJós, PÞ, SÁ, SG, SkG, StJSt, ÁB, ÁS, EOl, EmJ, EystJ.

nei: HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JR, JörB, MJ, PO, EirÞ, SB.

IngJ, KS greiddu ekki atkv.

7 þm. (GTh, JóhH, ÓTh, StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:4 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 633, 639).

Afbrigði um brtt. 639, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Eins og frv. liggur fyrir nú, þá er það, má segja, gerbreytt frá því það var upphaflega flutt í hv. Ed., og svo sem ég gat um við 2. umr. málsins, þá hefur þessi breyt. það í för með sér, að frv. getur ekki náð þeim tilgangi, sem til var ætlazt með flutningi málsins upphaflega í Ed. Af þeim sökum höfum við hv. þm. Borgf. leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 639, þar sem sérstaklega eru tilteknar þær jarðir eða þeir sjóðir, sem við áttum sérstaklega við, er við ræddum þetta mál hér í þessari hv. d. Þar sem, svo sem við gerðum glögga grein fyrir við 2. umr. málsins, frv.

eins og það er nú getur ekki náð þeim tilgangi, sem uppfylla þarf varðandi þessa tvo sjóði, þá vildum við leyfa okkur að mega vænta þess, þar sem okkur skildist, að tilgangur þeirra hv. þm., sem réðu breyt. frv., hafi ekki verið sá út af fyrir sig að torvelda þessum sjóðum að selja þær jarðir, sem um ræddi, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þá viðaukatill., sem um ræðir á þskj. 639 og er eingöngu tengd við legatssjóð Jóns Sigurðssonar og sjóð þann, sem á kristfjárjörðina Reyni í Innri-Akraneshreppi. — Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, nema tilefni gefist til. Það hefur verið rætt af okkur báðum, okkur hv. þm. Borgf., og gerð grein fyrir því, hversu háttað er um jarðir þessara sjóða, og ég tel því ekki ástæðu til að skýra það mál nánar hér, en endurtek það aðeins, að náist ekki fram sú brtt., sem ég hef hér á minnzt, þá mun frv., eins og það er nú, valda miklum vandkvæðum fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli.

ATKVGR.

Brtt. 639 samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JR, JörB, KS, MJ, PÞ, PO, SÁ, ÁB, SB.

nei: SG, EOl.

JS, LJós, SkG, ÁS, EmJ, GG, GÞG, HV greiddu ekki atkv.

12 þm. (IngJ, JÁ, ÓTh, StJSt, StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ, EirÞ, EystJ, GTh, HÁ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., 30. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 669).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið mjög miklum breytingum í Nd., og n. hefur nú ekki haft rækilegan tíma til að athuga það, vill heldur ekki koma með brtt. við það, sem stefni málinu í tvísýnu. Þó höfum við nm., sem saman höfum náð, ég, hv. 11. landsk. þm., 2. þm. Árn. og 2. þm. S-M., við 4, komið með brtt. við það, sem eru þess eðlis, að við hyggjum, að þó að þær verði samþ., þá verði frv. samt sem áður samþ. í Nd., þegar það kemur aftur til hennar.

Brtt., sem við leggjum fram, verðum við að hafa skriflegar, og ég skal reyna að gera grein fyrir þeim í mjög stuttu máli til að lengja ekki tímann um of.

Það er fyrst og fremst við a-liðinn, sem verður 7. gr. í l. Þar leggjum við til, að á eftir orðunum „Reynis í Innri-Akraneshreppi heimilt að selja þá jörð" bætist: svo og hreppsnefnd Fljótsdalshrepps, að selja kristfjárjarðir hreppsins. — Þá væri í frv. ekki heimild til að leysa nauð þessara kristfjárjarða, sem við höfum talað hér um, og sjóðajarða, nema legats Jóns Sigurðssonar, Reynis og þá Fljótsdalshrepps. Ég hefði nú viljað koma þarna fleiru inn í. En úr því að þeir menn í Nd., sem þekkja mjög vel þessar jarðir, sem um er að ræða, eins og bæði Vallholt, Utanverðunes o. fl. o. fl., hafa ekki komið með þær, þá vil ég ekki vera að taka þær upp, en tek bara þær, sem eru í þeirri sýslu, sem ég er umboðsmaður fyrir, og ég þá þekki kannske bezt, hver nauðsyn er á, að séu leystar úr þeim viðjum, sem sjóðirnir halda þeim í, enda þótt ég viti nú, að hinar eru það líka.

Enn fremur leggjum við til, að aftan við fyrri gr., a-liðinn, alveg aftast, verði bætt við: „og samþykki söluverð jarðanna". Það er ákvæði um, að sjóðanefnd skuli mæla með sölunni og líka að hún samþ. söluverðið, svo að ekki geti myndazt nein klíka af einum eða öðrum, sem selji jarðirnar óeðlilega lágu verði.

Í bein áframhaldi af þessari brtt. er svo önnur brtt., sem er við b-liðinn, að á eftir orðunum: „ákvæði í skipulagsskrá og gjafabréfi" komi: enda samþykki eftirlitsmenn opinberra sjóða söluverðið.

Þessar þrjár breytingar eru það, sem við leggjum til, þessir fjórir menn, að gerðar séu á frv., en ég skal viðurkenna það, að ef við hefðum haft meiri tíma en núna á fundinum og hefðum getað farið betur í það, þá hefðum við sjálfsagt breytt því miklu meira. Og ég hygg, að þó að þessar breytingar væru gerðar við frv. núna, sem hér er lagt til, — og Nd. mun samþykkja það með þessum breytingum, þær eru svo litlar, — þá hugsa ég samt sem áður, að það verði óumflýjanlegt mjög fljótt að breyta þessu aftur, því að það eru margar jarðir eftir, sem kemur meira eða minna í strand með á næstu árum.

Ég skal svo afhenda forseta þessar till. frá okkur fjórmenningunum. Við náðum ekki í einn nm., þegar við vorum með þær.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi brtt. við frv.: [Sjá þskj. 691].

Till. eru skriflegar og of seint fram komnar og þurfa tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 691) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vildi nú geta þess, og þarf ekki að kveðja mér hljóðs út af því, að ég álít, að það hefði verið alveg nóg, að það hefði verið gerð till. um jarðirnar í Fljótsdalshreppi, því að ég hygg, að hitt liggi í síðustu orðum 7. gr. l. eins og hún verður, því að þar er áskilið, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með sölunni, og þar náttúrlega er innifalið söluverðið, en þetta sjálfsagt skaðar ekki.

ATKVGR.

Brtt. 691 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 692).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

64. Málflytjendur.

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur [151. mál] (þmfrv., A. 240).

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hálfu meiri hl. allshn. eftir ósk nokkurra lögmanna.

Það mun vera svo, að það er nokkrum vandkvæðum bundið að uppfylla skilyrði laga um rétt til þess að flytja mál fyrir hæstarétti nú orðið. Í seinni tíð hafa þau skilyrði verið nokkuð þrengd frá því, sem áður var, og er erfitt að uppfylla þau fyrir málfærslumenn, svo að þeir geti öðlazt rétt til að flytja mál fyrir hæstarétti. Hæstiréttur hefur sem sé sett það að skilyrði, að þau ein mál verði tekin gild sem prófmál, að þau séu vandasöm í flutningi og veigamikil og að málfærslumaðurinn flytji einnig málið fyrir undirrétti, m. ö. o., að hann flytji málið fyrir báðum réttum, bæði undirrétti og hæstarétti. Þar sem það er líka skilyrði, að málin þurfi að vera vandasöm í flutningi og veigamikil, þá má fara nærri um það, að þeir, sem þurfa að fá flutning slíkra mála, tryggi sér það þegar fyrir undirrétti, að sá maður, sem flytur það þar, flytji málið einnig fyrir hæstarétti. Verður þess vegna fyrir þá menn, sem ekki hafa öðlazt þessi réttindi, mjög erfitt og vandasamt að uppfylla þetta óhjákvæmilega skilyrði hæstaréttar til þess að geta orðið málfærslumenn við hæstarétt.

Ég hygg, að það þurfi ekki að óttast það, að þó að þetta skilyrði sé nokkuð rýmkað og það sé ekki svona miklum takmörkunum háð, þá verði þeir einir menn málfærslumenn fyrir hæstarétti, sem uppfylla önnur skilyrði og hafa mikla möguleika til að láta til sín taka við flutning mála þar. Þess vegna held ég, að það sé á allan hátt bæði sanngjarnt og réttmætt að sýna frjálslyndi í þessum efnum, en ekki binda það svo mjög í viðjar eins og vel getur orðið, ef á að fullnægja þessum skilyrðum réttarins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en vil vænta þess, að hv. deild geti á þetta fallizt og afgr. það sem fyrst.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi að gömlum og góðum sið hér á Alþ. gera grein fyrir atkvæði mínu um þetta mál, sem er þess eðlis, að að sjálfsögðu skiptir það ekki flokkum með venjulegum hætti. En ég treysti mér ekki til þess að fylgja því frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og nokkuð er rakið í grg. fyrir frv., voru upprunalega þau ákvæði í hæstaréttarl., að þeir einir skyldu eiga rétt til þess að flytja mál fyrir hæstarétti, er fengið hefðu I. einkunn við fullnaðarpróf í lögfræði, auk þess hefðu þeir starfað að lögfræðistörfum ákveðnum, sem nánar eru tilgreind, í 3 ár og loks, að þeir flyttu svo fjögur mál fyrir hæstarétti, þar af a. m. k. eitt opinbert mál, og eftir þá prófraun ætti hæstiréttur að úrskurða, hvort hlutaðeigandi málflutningsmaður hefði öðlazt rétt til þess að flytja mál fyrir hæstarétti.

Þessi ákvæði hafa nú verið nokkuð rýmkuð frá því, sem var upprunalega, með því móti að setja engin ákvæði eða tilskilnað um ákveðna einkunn við fullnaðarpróf í lögfræði til þess að mega þreyta prófraun fyrir hæstarétti. Þetta var gert fyrir æðimörgum árum og var nokkuð lengi hér á leiðinni í Alþ., en náði fram að ganga.

Nú er farið fram á að afnema prófraunina með öllu, en í stað þess á að vera tiltekið árabil, sem lögfræðingar hafi starfað að ákveðnum lögfræðilegum málefnum, og eftir þann tíma skuli þeir öðlast sama rétt eins og aðrir til þess að flytja mál fyrir hæstarétti.

Ég tel talsvert vafasamt að rýmka þetta nú enn meira en þegar hefur verið gert. Og ég tel vafasamt að fella niður þá prófraun, sem verið hefur í l. og menn þurfa að þreyta til þess að fá þau réttindi að flytja mál fyrir hæstarétti.

Það verður að athuga á vissan hátt, að hér er um nokkra sérstöðu að ræða, því að vörn og sókn opinberra mála fyrir hæstarétti er talsverður þáttur í störfum hæstaréttarmálaflutningsmanna, og eru þeir að því leyti vissir opinberir sýslunarmenn. Er því ástæða til þess, að settar séu nokkru strangari kröfur um þekkingu þeirra og reynslu í þessum efnum heldur en venjulegra og almennra lögfræðinga. Þar að auki held ég, að það sé reynsla hér í nágrannalöndunum, að það sé sízt til hagsbóta fyrir allan almenning, að það hrúgist of mikið af mönnum til flutnings mála fyrir hæstarétti. Það verða miklu færri mál, sem hver flutningsmaður fær þá með að gera, og jafnvel geta verið dæmi þess, að lögfræðistörf stundi um 10 ára skeið tiltölulega slakir lögfræðingar, sem almennt tekið, eftir því sem var hugsað í upphafi um rétt manna til að flytja mál fyrir hæstarétti, uppfylla ekki þau skilyrði, sem þar þurfa að vera.

Ég tel því réttarörygginu í landinu engan greiða gerðan með þessu móti, og ég tel ekki heldur, að almenningi sé gerður neinn greiði með því móti að gera það að verkum, að stórlega fjölgi af sjálfu sér þeim lögfræðingum, sem eigi rétt til þess að flytja mál fyrir hæstarétti.

Í Danmörku, þar sem gilda mjög svipuð ákvæði eins og voru upprunalega í hæstaréttarl., er hópur hæstaréttarmálaflutningsmanna mjög takmarkaður, kannske fulltakmarkaður. Reynslan hefur orðið hér á Íslandi sú, að það eru nú milli

20 og 30 lögfræðingar, sem eiga að hafa rétt til að flytja mál fyrir hæstarétti. Tel ég það vera fullkomlega nægilegt fyrir almenning í landinu til þess að eiga þess kost að velja úr nokkuð stórum hóp manna til þess að fara með mál sín fyrir hæstarétti þjóðarinnar og að það sé lítill fengur í því að auka þar við.

En ég tel líka, að prófið sé nokkuð þýðingarmikið fyrir hæstarétti, því að þá kemur í ljós við meðferð fjögurra mála fyrir réttinum talsvert mikið um hæfni manna til þess að flytja mál fyrir hæstarétti. En úr því fæst á engan hátt skorið, þó að tiltekinn lögfræðingur hafi stundað ákveðin lögfræðistörf, eftir að hann lauk prófi, í 10 ár, hvort hann hefði nokkra hæfni, sem nauðsynleg væri til þess að flytja mál fyrir hæstarétti.

Ég vil af þessum ástæðum gera grein fyrir þeirri skoðun minni, að ég treysti mér ekki til þess að fylgja þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Vegna ræðu hv. 8. landsk. þm. vil ég leyfa mér að segja hér nokkur orð út af þessu máli, ef það mætti vera til nokkurra skýringa fyrir þá hv. þm., sem e. t. v. ekki þekkja þetta mál, sem vonlegt er, út í æsar.

Það kann að vísu að virðast svo í fljótu bragði, að það líti mjög eðlilega út, eins og hv. 8. landsk. hélt hér fram, að það væru til nægilega margir hæstaréttarlögmenn til þess að fara með þau mál, sem almenningur þyrfti að sækja fyrir þeim rétti. En þetta er að sjálfsögðu ekki nema önnur hlið málsins. Það er einnig annað atriði, sem verður að taka til greina, og það er réttur þeirra manna, sem hafa búið sig undir það með fullri heimild að geta rækt einnig þessi störf.

Ég vil leyfa mér að benda á það, að eins og málum er háttað nú með laganám, þá er venjulegt nám í lagadeild háskólans 6 ár. Að því námi loknu hafa lögfræðingar þó engin réttindi til málflutnings. Þeir verða að byrja á því að ljúka fjórum prófmálum svo kölluðum fyrir undirrétti. Þau prófmál verða þeir að sækja í hendur starfandi héraðsdómslögmanna eða hæstaréttarlögmanna og eiga það algerlega undir þeirra vinsemd, hvort þeir vilja láta þá hafa prófmálin eða ekki. En þarna er þó ekki nema hálfnaður sigurinn, því að engu að síður, þó að menn hafi leyst þessa prófraun af hendi, þá hafa þeir engan rétt til þess að sækja eða verja mál fyrir aðaldómstóli landsins, hæstarétti. Og þar verður þrautin enn þá þyngri, vegna þess að í flestum tilfellum gengur lögfræðingum sæmilega að fá prófmál fyrir undirrétti, en eins og sakir standa nú, þá má segja, að það sé að verða algerlega útilokaður sá möguleiki, að nýir menn bætist í stétt hæstaréttarlögmanna.

Ég skil það ósköp vel út af fyrir sig, að hæstaréttarlögmenn telji, að það sé engin ástæða til þess að vera að fjölga mönnum í þeirri stétt. En það verður nú einnig að horfa á sanngirnis- og réttlætisatriðin í þessu máli.

Hv. 8. landsk. sagði, að það væri eðlilegt að hafa prófraun fyrir hæstarétti, vegna þess að það sannaði hæfni manna til málflutnings. Þetta er ekki nema að mjög litlu leyti rétt, vegna þess að meginatriðin, sem fram koma í málflutningi, og meginreglurnar, sem um það gilda, eru að verulegu leyti þær sömu fyrir hæstarétti og undirrétti. Og ef menn hafa lokið prófraun sinni fyrir undirrétti og ef menn þar að auki hafa flutt jafnmikinn fjölda mála og hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. 30 mál, þá er það áreiðanlegt, að þeir menn hafa fullkomlega þekkingu á öllum málflutningsvenjum, sem vita þarf til þess að geta flutt mál fyrir hæstarétti.

Sannleikur málsins er líka sá, sem hv. þm. er e. t. v. ekki kunnur, að það eru ýmsir hæstaréttarlögmenn, sem hafa fengið þau réttindi, sem alls ekki stunda venjulegan málflutning. Þeir hafa fengið þessi réttindi með flutningi fjögurra mála að vísu, en þeir hafa mjög lítinn annan praksis. Það hefur einhvern veginn viljað þannig til, meira og minna af tilviljun, að þessir menn hafa komizt yfir veigamikil mál, e. t. v. aðstöðu sinnar vegna á ýmsan hátt, hæstiréttur hefur viðurkennt þau sem prófmál, þessir menn hafa fengið sína hæstaréttarlögmannsgráðu. En svo eru aftur aðrir menn, sem hafa stundað lögfræðistörf fyrir undirrétti í fjöldamörg ár, en hafa aldrei fengið mál, sem hæstiréttur hefur viðurkennt það veigamikil, að þau væru hæf til þess, að þau væru þreytt sem prófraun fyrir hæstarétti.

Það er ekki langt síðan hæstiréttur setti þá reglu, að enginn fengi að nota sem prófmál fyrir hæstarétti annað mál en það, sem hann hefði sjálfur flutt fyrir undirrétti. Það var bent á það hér af hv. frsm. allshn., að þetta skilyrði stefndi í raun og veru að því að útiloka, að neinn héraðsdómslögmaður gæti fengið hæstaréttarlögmannsréttindi, vegna þess að staðreyndin er sú, og það er ekkert undarlegt, að sá aðili, sem þarf að láta flytja fyrir sig veigamikið og vandasamt mál, sem líklegt væri til þess, að hæstiréttur mundi meta það gilt til prófraunar þar, vill oftast nær, að sami málflutningsmaður flytji málið fyrir bæði undirrétti og hæstarétti. Og ef það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir frá byrjun, að málið muni fara fyrir hæstarétt, þá fer viðkomandi aðili í svo að segja öllum eða í öllum tilfellum með þetta mál til starfandi hæstaréttarlögmanns. Með þessari reglu hæstaréttar er því í rauninni búið að loka algerlega stétt hæstaréttarlögmanna. Þetta er kjarni málsins. Og það er þetta, sem er orsök þess, að þetta frv. er hér flutt.

Héraðsdómslögmenn eru ekki að mæla sig undan eðlilegum prófraunum, en þeir mæla sig undan þeim órétti, úr því að þeir hafa farið í gegnum sitt lögfræðipróf, leyst þau verkefni, sem þeir þurfa að leysa til þess að fá lögmannsréttindi, að þá séu þeir um alla framtíð útilokaðir frá því að fá að flytja mál fyrir æðsta dómstóli landsins, því að það eru yfirleitt þau mál, sem mestu máli skipta.

Hv. 8. landsk. sagði, og það er rétt, að þessi próf voru fyrst í stað höfð og hafa verið höfð til þessa, en það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að eftir því sem hópur hæstaréttarlögmanna verður stærri, eftir því verður erfiðara að fá mál, sem hæf séu til flutnings. Það voru engir

erfiðleikar fyrir fyrstu hæstaréttarlögmennina að fá prófmál. Það voru engir menn til þess aðrir að flytja þessi mál, og þeir fengu auðveldlega prófmál í hendur. Nú hins vegar, eins og ég sagði, er þessi möguleiki algerlega að verða úr sögunni.

Hv. 8. landsk. sagði, að það væri ekki til að auka réttaröryggið í landinu að fjölga málflutningsmönnum fyrir hæstarétti. Ég er honum alveg sammála um það, að það getur verið full ástæða með hliðsjón af þeim mikilvægu störfum, sem lögmenn þurfa að sinna og það engu síður héraðsdómslögmenn en hæstaréttarlögmenn, — það er ekkert minna atriði fyrir réttaröryggið, að hagsmuna fólks sé gætt fyrir undirrétti, — að setja jafnvel strangari kröfur en nú er um lögmenn og að haft verði strangara eftirlit með því, að þeir ræki sín störf sómasamlega, en það á ekki að fara þá leið að útiloka menn, sem gætu verið mjög vel færir til þessara starfa, en vernda hins vegar áfram hóp manna, sem réttindin hefur fengið, enda þótt sumir þeirra séu miklu síður hæfir til þess að hafa þessi réttindi með höndum. Það er til að skapa hættu fyrir réttaröryggið í landinu. Það mælist enginn lögmaður undan því, að það séu settar einhverjar hömlur og reglur um eftirlit með stéttinni í heild til að tryggja það, að í henni væru jafnan starfandi hæfir menn, en það á ekki að einoka aðstöðu örfárra manna alveg burtséð frá því, hvort þeir hafa betri hæfni en aðrir, en útiloka svo aðra, hversu góðir hæfileikamenn sem þeir annars eru.

Sú breyting, sem hér er farið fram á, á að vera fullkomin trygging fyrir því, að ekki veljist í stétt héraðsdómslögmanna nema menn, sem hafa fulla þekkingu á málflutningi og hafa góðan praksis. Það mætti auðvitað hugsa sér prófraun bæði fyrir undirrétti og hæstarétti, en það yrði þá bara að framkvæma það á annan hátt. Það mætti hugsa sér, að hæstaréttarlögmenn yrðu látnir þreyta próf, en það yrði þá að vera á þann hátt, að annaðhvort útvegaði hæstiréttur þeim mál eða þá beinlínis væru tilbúin mál, eins og er á lögfræðiprófi, sem útbúin væru fyrir lögmennina til þess að kanna það, hvort þeir hefðu fullkomna þekkingu á málflutningi. Ef hæstiréttur hefði farið þá leið, þá var ekki svo mikil hætta á því, að um slíka einokun yrði að ræða eins og nú er reyndin á orðin með þeim aðferðum, sem hæstiréttur hefur haft og hann hefur að vísu á sett án þess, að beinlínis sé nokkur lagaheimild fyrir hæstarétt til að gera slíkt.

Ég tel nú ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta að sinni. Ég vildi aðeins láta þessar skýringar koma fram til þess að vekja athygli hv. þdm. á því, hvað raunverulega hefur gerzt í sambandi við þær reglur, sem fylgt hefur verið um val hæstaréttarlögmanna. Það er áreiðanlegt, að þær reglur tryggja ekkert hæfari menn til málflutnings fyrir hæstarétti. Þær geta að vísu lokað stéttinni, en þær eru beinlínis ranglæti, vegna þess að þær útiloka unga lögfræðinga, sem hafa farið út í þetta nám með fullum áhuga og fullri ábyrgðartilfinningu á þeirri skyldu, sem þeir taka sér á herðar síðar, eftir að þeir hafa hlotið sín eðlilegu réttindi. En að það skuli ekki vera nóg fyrir þá að ljúka sínu 6 ára námi, ljúka sinni prófraun til almennra lögmannsstarfa, heldur skuli þeir vera hálfa ævina að berjast við að fá réttindi til þess að flytja mál fyrir æðsta dómstóli landsins, er ranglæti, sem ég tel, að ekki sé með nokkru móti hægt að halda í, og þess vegna vil ég mjög vænta þess, að þessi hv. deild sjái sér fært að stuðla að því, að þetta ranglæti verði leiðrétt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, því að ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði áðan, og sé ekki ástæðu til þess að leggja út í neinar langar eða harðar deilur við hv. 2. þm. Eyf. út af þessu máli. Þó vildi ég segja það, að það er mín reynsla út af því, sem hann sagði varðandi hæstaréttarlögmennina, að það eru yfirleitt þeir málflutningsmenn hér í Reykjavík, sem hafa bæði á undan og eftir að þeir tóku próf fyrir hæstarétti haft einna mest með málflutning allra lögfræðinga að gera hér í bænum. Og ég hygg, að það séu ekki margir, þó að þeir finnist, sem tekið hafa próf fyrir hæstarétti og hafa þá lagt málflutninginn á hilluna, ekki stundað hann nema að litlu leyti, nema þeir menn, sem kunna að hafa breytt um og hætt alveg við málflutning.

En ég vil bara að lokum til viðbótar því, sem ég sagði áðan, benda á það, hvort hv. allshn. vildi nú ekki og teldi nú ekki rétt að senda hæstarétti þetta mál til umsagnar, því að ég hygg, að hæstiréttur væri dómbærastur til þess að segja álit sitt um þetta, og það mætti treysta því, að álit hans væri út frá því sjónarmiði eingöngu, að það veldust sem beztir og öruggastir menn til þess að flytja mál fyrir réttinum. Og þótt nú sé komin 2. umr. málsins, þá vildi ég skjóta því til hv. allshn., hvort hún vildi ekki leita umsagnar hæstaréttar um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. og 57. fundi í Ed., 27. og 28. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 30. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 240, n. 598).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Eftir að Ísland hafði hlotið viðurkenningu á fullveldi sínu með sambandslögunum frá 1918, var það eitt af fyrstu verkum Alþingis að flytja æðsta dómsvaldið inn í landið. Fram að þeim tíma hafði hæstiréttur Dana verið æðsti dómstóll í íslenzkum málum, frá því að hann var stofnaður árið 1660. Í fyrstu þurfti sérstakt leyfi til þess, að íslenzk mál yrðu flutt fyrir hæstarétti Dana, en þegar stundir liðu fram, varð hann að reglulegu æðsta dómstigi landsins. Hæstiréttur Dana er mjög mikils metinn dómstóll, ekki einungis þar í landi, heldur af lögfræðingum úti um víða veröld, enda ákaflega vel vandað til hans, bæði að því er snertir val hæstaréttardómara og hæstaréttarlögmanna. Það var því í upphafi ákveðið, þegar lögin um íslenzkan hæstarétt voru sett, að taka, eftir því sem fært þótti, dönsku hæstaréttarlögin til fyrirmyndar. Í samræmi við það var svo ákveðið, að enginn gæti orðið hæstaréttarlögmaður, nema hann hefði lokið lögfræðiprófi með 1. einkunn og tekið, eftir að hafa stundað málfærslu eða önnur lögfræðistörf að minnsta kosti í 3 ár, próf fyrir hæstarétti í málflutningi með því að flytja þar fjögur prófmál, þar af að minnsta kosti eitt opinbert mál. Þá þótti — og ég hygg, að flestum þyki það enn — eðlilegt og sjálfsagt, að hæstiréttur landsins kvæði sjálfur á um það, hverja hann teldi hæfa til þess að flytja mál fyrir réttinum.

Með því að taka menn gilda sem hæstaréttarlögmenn að afloknu prófmáli lýsir hæstiréttur því í raun og veru yfir, að maðurinn sé fær um að flytja mál, og á það að vera trygging þess fyrir almenning, að honum sé óhætt að trúa þeim manni fyrir flutningi mála sinna, enda skiptir það að sjálfsögðu ekki litlu máli fyrir almenning, hvers konar menn veljast til þess að flytja mál hans fyrir úrslitadómstiginu.

Þegar hæstiréttur var stofnaður á Íslandi, var skrifleg málfærsla fyrir undirrétti, en strax tekin upp munnleg málfærsla fyrir hæstarétti. Þessu var breytt með lögum nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði, þannig að aðalreglan varð sú, að málflutningur yrði einnig munnlegur fyrir undirrétti. Ég er fyrir mitt leyti efins um, hvort það hefur verið rétt gert að gera munnlegan málflutning fyrir undirrétti að aðalreglu. Mér finnst reynslan hafa sýnt, að það hafi seinkað úrslitum mála í stað þess, að það átti að flýta fyrir þeim. Það hefur vafalaust gert málflutninginn dýrari fyrir ríkið, því að í Rvík að minnsta kosti eru tveir löglærðir menn dómarar og dómsritari við munnlegan málflutning. Og munnlegur málflutningur hefur það í för með sér, að það er miklu meiri vandi á höndum dómarans við samningu dóma heldur en þegar málflutningurinn er skriflegur. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að skriflegur málflutningur fyrir undirrétti sé tryggari fyrir rétt úrslit mála en munnlegur málflutningur, en út í það skal ég ekki fara nánar hér. Hitt er aftur á móti ekkert vafamál, að vandi málflutningsmannsins hefur aukizt stórlega við hinn munnlega málflutning.

Á öllum sviðum, hvort heldur er meðal iðnaðarmanna, sjómanna eða annars staðar, er alltaf verið að gera meiri og meiri kröfur til þeirra manna, sem öðlast vilja ákveðin atvinnuréttindi. Það er ein einasta undantekning, sem ég þekki frá þessu, og hún er frá mínum augum furðuleg, sem sé, að ár eftir ár hefur Alþingi samþ. lög, þar sem slakað hefur verið á kröfum til héraðsdómslögmanna, þannig að nú geta ýmsir starfsflokkar lögfræðinga, sem aldrei hafa mál flutt, orðið héraðsdómslögmenn án þess að leysa nokkra prófraun af höndum fyrir héraðsdómi. Ég tel þetta miður farið, en ég skal játa, að ég hef ekki beitt mér gegn því, meðan ég hef átt sæti hér á þingi, vegna þess að ég taldi mestu máli skipta, að örugglega væri búið um, að ekki veldust aðrir menn til flutnings mála í hæstarétti, æðsta dómstiginu, en þeir, sem rétturinn teldi hæfa til þess að lokinni lögáskilinni prófraun. Það hefur verið talað mikið um það meðal lögfræðinga, að erfitt væri að fá prófmál fyrir hæstarétti, einkum eftir að rétturinn ákvað að ekki yrðu tekin gild sem prófmál önnur mál en þau, sem sá, er próf ætlaði að þreyta, hefði flutt frá upphafi. Ég skal játa, að það geta verið nokkrir erfiðleikar fyrir menn að fá mál til flutnings, sem talin eru hæf prófmál fyrir hæstarétti, því að þau verða að vera nokkuð vandasöm. En hitt er í alla staði eðlilegt, að rétturinn krefjist þess, að menn hafi flutt málin frá upphafi, því að það er auðvitað ekkert próf, sem heitið getur, þótt menn flytji mál, sem hæstaréttarmálaflutningsmaður hefur flutt fyrir undirréttinum og ef til vill skrifað aðalræðuna fyrir hæstarétti. Á meðan skriflegur málflutningur var, var aftur á móti hægt að sjá, hvað kom frá þeim sjálfum, sem þreyttu prófraunina, og hvað var aðfengið. Aftur á móti er það ákveðin skoðun mín, að hæstiréttur hafi ekki tekið óeðlilega þungum tökum á þeim, sem reynt hafa að taka próf, og verður því ekki neitað, að stéttin ber þess nokkur merki. Auk þess hefur rétturinn notað heimild sína til þess að fækka prófmálum og látið menn sleppa með 1 eða 2 prófmál, þegar honum hefur verið kunnugt um frá fyrri starfsemi þeirra, að þeir væru hæfir til málflutnings fyrir hæstarétti.

Hæstaréttarlögmenn hér á landi voru lengi vel 11. Svo fjölgaði þeim smátt og smátt og eru nú 25, auk 5 manna, sem réttindi hafa til þess að vera hæstaréttarmálaflutningsmenn hvenær sem er, þótt þeir gegni nú öðrum störfum, og 5 manna, sem eru að taka prófið eins og nú stendur. Miðað við fólkstölu og málafjölda samanborið við önnur lönd er þessi tala yfirdrifin og það svo, eins og kemur fram í nál., að ekki voru fleiri en 9 hæstaréttarlögmenn árið 1951, sem fluttu 10 mál eða fleiri fyrir réttinum. Hinir höfðu allir flutt færri mál. Tala fluttra mála er auðvitað enginn mælikvarði á hæstaréttarlögmenn eða aðra málflutningsmenn, því að sumir leggja mest upp úr því að sætta mál og hafa því litinn málafjölda fyrir dómstólunum, en aðrir eru meira gefnir fyrir að láta dómstólana skera

úr ágreiningi. En hinu ber ekki að neita, að æskilegt er, að málflutningsmenn séu í stöðugri æfingu. Ég hef því hvað eftir annað stungið upp á því í hópi okkar málflutningsmanna, að við tækjum okkur saman af fúsum vilja um það að láta ekki nema svo sem 8—10 úr okkar hópi stunda reglulegan málflutning fyrir hæstarétti og að þeir stunduðu þá ekki önnur störf, til þess að þeir fengju hæfilega æfingu í málflutningi.

Ég vil ekki neita því, að ég varð hissa, þegar ég sá frv. það, sem hér liggur fyrir, og alveg steinhissa þegar það flaug gegnum Nd. algerlega ómelt og með svo miklu offorsi, að það var ekki einu sinni sent til umsagnar lagadeildinni og sérstaklega hæstarétti. Það kom líka fljótlega í ljós, að þeir menn, sem aðallega börðust fyrir þessu frv. í þeirri mynd, sem það er, voru ekki menn, sem ætluðu sér að stunda eða hafa stundað málfærslu sem aðalstarf, heldur lögfræðingar, sem vildu fá hæstaréttarlögmannstitilinn sem fyrirhafnarlausa nafnbót. Ef frv. yrði samþ. í því formi, sem það hefur komið í frá Nd., yrðum við okkur bókstaflega til athlægis gagnvart útlöndum, og enginn mundi leggja neitt upp úr því að vera kallaður hæstaréttarlögmaður, því að það þýddi í raun og veru ekki annað en það, að maðurinn væri lögfræðingur, sem útskrifaður væri fyrir 10 árum eða meira.

Óskum þeirra manna, sem barizt hafa fyrir að fá frv. þetta samþ. til að afla sér nafnbótar, hefur allshn. verið sammála um, að ekki komi til greina að fullnægja. Aftur á móti er n. sammála um að vilja uppfylla allar sanngjarnar óskir þeirra manna, sem vilja gera sér að aðalstarfi að stunda málfærslu, innan þeirra takmarka, sem viðunanleg mega teljast og hæstiréttur getur fallizt á. Að þessu öllu athuguðu hefur n. eftir mikla vinnu komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með því, að prófmálum hæstaréttarmálflutningsmanna verði fækkað úr 4 og niður í 3. Til þess að gera ungum mönnum ekki ókleift að afla sér prófmála, hefur n. einnig lagt til, að þeim mönnum, sem starfað hafa að málflutningi í 10 ár og á þeim tíma flutt a. m. k. 40 mál munnlega eða fyrir milligöngu fulltrúa þeirra, sé gefinn kostur á að fylgja málum sínum eftir í hæstarétti, ef rétturinn telur þá hæfa til þess, án þess þó að fá heitið hæstaréttarlögmaður. Ef þeir óska eftir að verða hæstaréttarlögmenn, verða þeir að þreyta þá prófraun, sem til þess þarf.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að vara hið háa Alþ. mjög við því að slaka til á kröfum um menntun og æfingu málflutningsmanna. Úr lagadeildinni útskrifast nú tvisvar á ári eins margir menn og voru í henni þegar ég var við nám í háskólanum. Það er að verða fullkomin offjölgun málflutningsmanna og lögfræðinga, ef mikill meiri hluti þeirra leggur ekki fyrir sig venjuleg viðskiptastörf. Það verður að tryggja það, að málflutningsmenn verði ekki fleiri en svo, að þeir geti haft sæmilega afkomumöguleika. Mér er kunnugt um, að það eru þegar að verða brögð að því, að einstaka málflutningsmenn geti ekki staðið skil á innheimtu fé, og það eru líka að verða brögð að því, sem leiðir af offramleiðslu innan stéttar, að málum fjölgar mjög og sum sýnast vera aðallega hafin til þess að tryggja málflutningsþóknun.

Að svo mæltu leyfi ég mér fyrir hönd allshn., sem er sammála, að leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til á þskj. 598.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tek mjög undir það með hv. frsm., hv. þm. Seyðf., að það er mjög undir því komið í okkar þjóðfélagi, að málflutningsmannastétt sé heilbrigð og örugg, hafi þekkingu á þeim efnum, sem henni ber að fjalla um, og leiðist ekki vegna ákvæða löggjafarinnar í freistingu um að misfara með þann trúnað, sem henni er fenginn. Ég skil þess vegna mætavel, að allshn., sem hefur haft þetta mál til athugunar, skuli hafa athugað það vel og rækilega eins og hún hefur gert, en mér finnst þó í meðferð hennar á málinu gæta nokkurs ósamræmis eða hún ekki vera svo samkvæm sjálfri sér eða skýr sem æskilegt væri í svo vandasömu máli.

Fyrst vildi ég segja það út frá orðum hv. frsm., að hann sagði, að hann hefði að vísu talið það horfa í ranga átt, sem gert hefði verið síðustu ár, að lina kröfurnar til málflutningsmanna, en hann taldi það ekki skipta svo miklu máli, meðan það væri aðeins gert um héraðsdómslögmenn, en hins vegar vera miklu skaðsamlegra um hæstaréttarlögmennina. Á þetta get ég fallizt, en þó auðvitað ekki nema að nokkru leyti. Við vitum það glögglega, að héraðsdómslögmenn leggja oft undirstöðu málanna, og það hlýtur að verða ákaflega mikið eftir þeirra meðferð, sem framvinda málsins síðar verður, þannig að ef þeir eru ekki vaxnir sínu starfi, þá getur það haft óbætanlegt tjón fyrir alla meðferð málsins. Mér finnst þess vegna, að hv. frsm., sem einnig er formaður lögmannafélagsins og mikilsvirtur hæstaréttarlögmaður, verði að gera nokkru nánari grein fyrir því, hvort hann telur núgildandi ákvæði um héraðsdómslögmennina vera fullnægjandi eða ekki, því að vitanlega er þeirra starf slíkt trúnaðarstarf, að ef hann telur í raun og veru, eins og fólst í orðum hans, að of langt hafi verið gengið til að slaka þar á frá réttum reglum, þá er það vissulega atriði, sem verður að íhuga, og þess vegna tel ég, að honum beri sem forustumanni í þessum efnum að skýra frá því, hvar hann telur annmarkana helzt vera, þannig að þá sé hægt að leiðrétta það.

Um þetta mál, sem hér liggur fyrir, hef ég talið, að eðlilegast væri, að það færi mjög eftir áliti annars vegar lögmannanna, hins vegar hæstaréttar og lagadeildar, og ef sérstök atriði mjög varhugaverð kæmu fram, þá einnig dómsmrn. Þetta eru þeir aðilar, sem mest fjalla um þessi efni. Nú veit ég, að dómsmrn. var sent þetta frv. til umsagnar. Það hefur ekki séð ástæðu til þess að skrifa um það, vegna þess að vitað var, að brtt. svipuð þeirri, sem hér er borin fram, mundi koma fram við frv., og sá rn. þá ekki ástæðu til þess af sinni hálfu að gera athugasemd við það á þessu stigi málsins.

En einmitt í því sambandi vil ég benda á, að hæstarétti og lagadeild háskólans var sent til umsagnar upphaflega frv. Nú hefur því verið gersamlega breytt með samhljóða brtt. n. — eða

verður breytt, réttara sagt, nái hún samþykki, sem líklegt er, úr því að n. er óklofin um þá till.

En mér finnst eðlilegt, að áður en menn taka afstöðu til breytingarinnar, eða réttara sagt, áður en menn taka afstöðu til þess, hvort þeir telja rétt að samþ. frv. endanlega svo breytt eins og n. leggur til, þá sé eðlilegt, að menn heyri einnig álit hæstaréttar og lagadeildar um frv. þannig úr garði gert, því að þá er það orðið allt annað mál en undir þessa aðila var borið í fyrstu. Og ef ástæða var til að bera það undir þessa aðila í upphafi, þá er ekki síður ástæða til þess að láta þá sjá frv. í þeirri mynd, sem líklegt er að það hljóti við þessa umr. Ég legg áherzlu á það því fremur, þar sem það kom fram hjá hv. frsm., að n. gengur í raun og veru lengra en rök hennar eða a. m. k. hv. frsm. standa til. Hv. frsm. skýrði frá því hér, að n. vildi líta á sanngjarnar óskir hinna yngri lögfræðinga og þar með gefa héraðsdómslögmönnum færi á því að afla sér prófmála fyrir hæstarétti. En jafnvel þó að menn fallist á þessa hugsun, og ég tel hana vissulega vera heilbrigða og rétta, þá þarf ekki að leiða þar af að ganga svo langt sem n. gerir að veita þessum aðilum ótakmarkaða heimild til að flytja öll þau mál, er þeir sjálfir og meira að segja löggiltir fulltrúar þeirra hafa flutt í héraði. Þarna er farið inn á miklu víðtækari heimild heldur en leiðir af forsendunni, sem hv. frsm. gerði okkur grein fyrir, og þess vegna finnst mér, að það þurfi nánari skýringar af hans hálfu, af hverju heimildin er höfð þetta víðari en forsendurnar segja til um.

Þá segir hér í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Sanngjarnar óskir þessara manna vill n. taka til greina á líkan hátt og gert er í Danmörku."

Ég spyr um það fyrir fróðleikssakir, vegna þess að ég er því ókunnugur, hver háttur er hafður á um þetta í Danmörku: Er það sami háttur inn og n. hér leggur til? Orðalag n. virðist benda til þess, að svo sé ekki, en þá er fróðlegt, úr því að í hið danska fordæmi er vitnað, að gefa okkur skýrslu um það, í hverju mismunurinn liggur, því að vafalaust mundi það verða til frekari upplýsingar málinu.

Það má vel vera, að svipað því sem hv. frsm. hafði haft visst samráð við mig um brtt. og sýnt mér hana og ég út af fyrir sig ekkert haft við hana að athuga, þá hafi hann haft samráð við hæstarétt og háskólann um brtt. einnig, þannig að þessir aðilar hafi nú þegar a. m. k. óformlega fengið málið til álita, og það kann að vera, að hann hafi sagt frá þessu í sinni ræðu áðan, þó að ég tæki ekki eftir því. Ég varð fyrir nokkrum truflunum, svo að ég get ekki ábyrgzt, að ég hafi fylgt máli hans alveg til hlítar. En þessi atriði finnst mér nauðsynlegt að fá vitneskju um.

Þá sagði hv. frsm. einnig, að það hefði nokkuð komið fram, að því er mér skildist stéttinni til baga, að hæstiréttur hefði um of verið strangur í kröfum sínum um prófmál. Hv. frsm. sagði eitthvað á þá leið, að merki þess sæjust hjá stéttinni. Það væri fróðlegt að heyra til glöggvunar, í hverju þau merki kæmu fram og að hve miklu leyti hægt væri að segja, að þetta hefði raunverulega orðið til baga. Hér er um tvö alveg ólík atriði að ræða: annars vegar það, hvort menn vilja gera leiðréttingu á reglunum um hæstaréttarlögmenn, vegna þess að það sé nauðsyn fyrir góða dómgæzlu í landinu að fá fleiri lögmenn, eða hvort menn vilja einungis gera breytingu sem atvinnubótavinnu fyrir unga lögfræðinga. Ég játa, að hvort tveggja tillitið kunni að hafa nokkuð til síns máls, og ég tala hér alls ekki á móti rýmkuninni sem slíkri, en mér þykir skemmtilegra að gera mér þó grein fyrir, hvaða ástæður liggja til breytingarinnar, og það fannst mér ekki koma alveg nógu glögglega fram í hinni annars mjög skilmerkilegu og fróðlegu ræðu hv. frsm.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Það hefur sennilega ekki komið nægilega glöggt fram hjá mér í framsöguræðu minni, að frv. var borið undir hæstaréttardómarana í þeirri mynd, sem nefndin leggur til að það verði samþykkt. Ég sagði að vísu, að n. vildi ganga inn á það, sem hæstiréttur gæti fallizt á, og brtt. nefndarinnar var send til hæstaréttar, og fékk ég skilaboð um það frá réttinum, að hann gerði ekki athugasemdir við hana í því formi, sem hún væri. Aftur á móti hefur það ekki verið formlega lagt fyrir lagadeildina að nýju.

Út af því, hvaða reglur gilda um þetta efni í Danmörku, skal ég taka það fram, að þar eru nú gerð þau skilyrði, sem voru upprunalega í frv., að hæstaréttarlögmenn hefðu 1. einkunn í lögfræði. En í 127. gr. dönsku réttarfarslaganna er svo um mælt, að landsréttarlögmenn, Landsretsagförere, sem starfað hafi í 8 ár, hafi leyfi til þess að flytja fyrir hæstarétti Dana bæði einkamál og opinber mál, sem þeir persónulega eða fulltrúar þeirra hafa flutt á fyrra dómstigi, ef þeir uppfylla að öðru leyti skilyrði l. til þess að vera hæstaréttarmálaflutningsmenn, en þó er þar eins og hér í till. n. það gert að skilyrði, að hæstiréttur telji manninn hæfan til að flytja málin. Það álit sitt getur hæstiréttur myndað sér bæði á flutningi málanna, en hann getur líka myndað sér það án málflutnings, ef hann sér, að maður ætlar að fara að áfrýja máli, sem alls ekki er þannig lagað, að það beri að áfrýja því. En það er einmitt eitt af störfum málflutningsmanna, sem ekki hvað minnst er um vert, eins og kemur fram í áliti hæstaréttar, að segja til um, hvort eigi yfir höfuð að tala að fara með málin fyrir hæstarétt eða ekki, valda þeim aukna kostnaði, sem það hefur í för með sér. Hér á landi er þetta mat náttúrlega talsvert vandasamara en í Danmörku, vegna þess að þar eru svo miklu strangari skilyrði sett fyrir, að máli verði yfir höfuð að tala áfrýjað til hæstaréttar, heldur en hér.

Út af því, sem ég sagði viðvíkjandi héraðsdómslögmönnunum, þá neita ég ekki því, að ég fyrir mitt leyti tel réttast, að menn verði alls ekki héraðsdómslögmenn próflaust. Yfir höfuð að tala ættu allir héraðsdómslögmenn að taka próf, en sama heimild að vera eins og hér gildir að lögum um hæstaréttarlögmenn, að rétturinn geti að afloknum flutningi eins eða tveggja mála sleppt þeim við frekari prófmál, ef augljóst er, að þeir eru þar til hæfir. En menn hafa álitið

það óviðeigandi t. d., að menn, sem hafa verið tækir sem dómarar, — það eru nú lítil skilyrði sett til þess að verða dómari, — og hafa verið dómarar í mörg ár o. s. frv., þyrftu að taka héraðsdómslögmannspróf. Ég get skilið þessi sjónarmið, en svo hefur hverja breytinguna leitt af annarri til að rýmka á þessu sviði.

Ég skal ekki fara nánar út í það, sem ég sagði, að stéttin bæri þess nokkur merki, að hæstiréttur hefði ekki verið of strangur í prófkröfum sínum. Mér er það alveg ljóst, að það er svo langt frá, að sömu kröfur séu gerðar til málflutningsmanna hér eins og t. d. eru gerðar í Danmörku, og það er varla hægt að gera það. Og ég efast um, að margir af okkur, sem nú erum hæstaréttarlögmenn, værum það, ef við ættum að uppfylla þau skilyrði, sem Danir gera til sinna hæstaréttarlögmanna. En hitt skal aftur á móti játað, að þar eru gerðar hvað mestar kröfur til hæstaréttarmálaflutningsmanna af þeim löndum, sem ég þekki réttarfarið í.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. En ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, að hæstiréttur getur fellt sig við þessa breytingu eins og n. leggur hana fram, og það finnst mér skipta mestu máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir glögg og greið svör, sem ég tel miklu máli skipta, og lýsi ánægju minni yfir því, að málið skyldi, eins og það nú verður, vera borið undir hæstarétt. En ég vildi þá spyrja í framhaldi af því til þess að fá vitneskju um, hvort líklegt sé, að þetta mál muni leysast með þessu móti, hvort þeir lögmenn, sem hafa beitt sér fyrir breytingu og með áhlaupadugnaði fengu hv. Nd. til þess að samþ. frv., muni þá vera ásáttir með þessa breytingu eða hvort líklegt sé, að þetta verði deilumál á milli deilda nú eða e. t. v. að lögmennirnir fari að halda uppi áframhaldandi ófriði um málið. Þetta hlýtur að hafa nokkra þýðingu fyrir ákvörðun manna um það, hvort þeir telja það þess vert, að málið ná nú fram að ganga eða ekki.

Út af því, sem hv. frsm. sagði um prófraun hæstaréttarlögmanna, þá sé ég, að ég hef alveg misskilið hann. Ég skildi hann áðan svo sem hann hefði sagt, að prófraun hæstaréttar fram að þessu hefði verið nokkuð erfið og í þyngra lagi. En nú kemur það fram, að hann hefur talið, að hún hafi verið of væg. En ég spyr nú: Ef það er álit manna, að hæstiréttur hafi fram að þessu farið of vægilega í sakirnar í þessum efnum, er þá ástæða til þess að opna gáttina enn þá meira?

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur löngum verið talsvert átakamál á meðal lögfræðinga, hvaða skilyrðum þyrfti að fullnægja til þess að öðlast rétt til málflutnings fyrir hæstarétti og jafnvel fyrir undirrétti líka. Þetta er gamalt átaka- og deilumál milli málfærslumanna, sem þeir þekkja mjög vel, sem við málfærslustörf hafa fengizt.

Þeir, sem hafa öðlazt rétt til málfærslu fyrir hæstarétti, hafa allajafna haft til þess ákaflega mikla tilhneigingu að reyna að halda dyrunum sem allra mest lokuðum fyrir þeim, sem hafa viljað fá þessi réttindi líka, en ekki verið búnir að öðlast þau. Hins vegar hafa aðrir lögfræðingar, sem ekki hafa verið orðnir málfærslumenn við hæstarétt, sótt mjög stíft á um að fá skilyrðin til málfærslunnar alltaf rýmkuð meira og meira, til þess að þeir gætu öðlazt málfærsluréttinn sem allra fyrst. Þessi átök málfærslumannanna hafa út af fyrir sig verið að langmestu leyti atvinnusjónarmið þeirra, sem mjög auðvelt er að skilja. En þegar hv. Alþ. og löggjafarvaldið eru að gera upp fyrir sér, hvaða reglur eigi að gilda um það, að menn öðlist rétt til málfærslu við hæstarétt og fyrir undirrétti, þá er að sjálfsögðu ekki hægt að byggja á þessum sjónarmiðum, a. m. k. ekki nema að hverfandi litlu leyti.

Ég hef oft orðið þess var, að menn virðast standa í þeirri trú, að það skipti ekki verulegu máli fyrir allan almenning, hvernig málfærslumennirnir, sem málin eiga að flytja fyrir réttinum, séu menntaðir og undirbúnir til sinna starfa. En þetta er hinn mesti misskilningur. Þeir, sem við málfærslu og dómarastörf hafa fengizt, þekkja það mjög vel, að það er ákaflega þýðingarmikið atriði fyrir allan almenning, sem til málfærslumanna þarf að leita, að þeir séu vel hæfir, vel menntaðir og hafi góða reynslu til brunns að bera til málfærslustarfanna. Sá, sem til málfærslumanns þarf að leita og verður að treysta á hann svo til algerlega í blindni, á miklu meira í húfi um það, hvernig málfærslumaðurinn heldur á því máli, sem honum er trúað fyrir, heldur en allur almenningur í raun og veru gerir sér grein fyrir. Og maður hefur því miður horft á það hvað eftir annað, að tjón hefur verið unnið og óhapp hefur skeð vegna þess, að ekki hefur verið haldið þannig á réttum málstað sem skyldi.

Það er þess vegna raunverulega ákaflega þýðingarmikið, að löggjafarvaldið og það opinbera tryggi það vel og örugglega, að almenningi sé ekki vísað á menn til málfærslustarfa og réttargæzlu, sem almennt séð er ekki hægt að treysta að hafi þá þekkingu og þá reynslu til brunns að bera, sem nauðsynleg er til þess, að þeim sé fyrir málum trúandi.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, var upphaflega, eins og það kom fram í Nd. og eins og það kom til þessarar hv. d., að mínu viti gengið allt of langt í þá átt að opna fyrir réttindi manna til málfærslu. Í frv. var upphaflega raunverulega ekki farið fram á annað en það, að maður hefði flutt mál um vissan tíma og vissa tölu mála til þess að geta öðlazt réttindi til málfærslu fyrir hæstarétti.

Nú vita þeir, sem þessum málum eru kunnugir, ákaflega vel, að fjöldi mála, sem einn málfærslumaður hefur flutt, segir nákvæmlega ekkert um hæfni mannsins. Það er hægt að flytja 60—70 mál á einum degi, án þess að sá, sem hefur flutt þau mál, geti með nokkru móti haft tækifæri til þess að sýna hæfni sína til þess að vera málfærslumaður og fara með vandasöm mál. Þetta þekkir maður ákaflega vel, þannig að fjöldi málanna einn út af fyrir sig er ekki neinn mælikvarði á þekkingu og hæfni þess manns, sem leitar eftir því að fá réttindi til málfærslu fyrir hæstarétti. Þar þarf að koma annað og meira til.

Hv. allshn. þessarar d. hefur þess vegna tekið þetta atriði til endurskoðunar, og hún hefur dregið úr því mjög verulega, þannig að fjöldi málanna og tíminn er ekki einn fullnægjandi til þess, að maður geti öðlazt rétt til málfærslu við hæstarétt. Heimildin, þegar þannig stendur á, er eingöngu bundin við það, að viðkomandi hafi flutt málið sjálfir fyrir undirrétti. Þetta út af fyrir sig er ekki heldur að mínu viti fullnægjandi mælikvarði. Það eina, sem mér finnst liggja nægilega til grundvallar því, að hægt sé að ganga inn á þessa rýmkun, er það, að hæstiréttur hefur fullt vald til þess að svipta menn rétti til málflutnings í framtíðinni, þó að þeir hafi flutt þennan ákveðna málafjölda fyrir undirrétti og þó að um eigin mál sé eingöngu að ræða, ef viðkomandi maður sýnir það í málfærslu fyrir hæstarétti, að hann er þess ekki umkominn að fara þar með mál. Það er eingöngu þetta ákvæði, þessi varnagli, sem þarna er í frv., sem hefur komið mér fyrir mitt leyti til þess að fallast á þessa breytingu eins og hún liggur hér fyrir. — Þetta vildi ég mjög greinilega láta koma hér fram.

En það er ekki fullnægjandi, að sett séu ákvæði um það, með hverjum hætti menn geti öðlazt réttindi til málfærslu fyrir hæstarétti. Það er ekki fullnægjandi, að það séu sett skilyrði um þetta í upphafi. Það þarf líka að gæta þess vandlega, að málfærslumaðurinn, eftir að hann hefur öðlazt þessi réttindi, fyrirgeri þeim ekki. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á, að í 12. gr. l. um hæstarétt er svo ákveðið, að hæstaréttarlögmenn þurfi að hafa opna skrifstofu í Reykjavík. Það er eftir því gengið, þegar menn fá leyfi til málfærslunnar, að þeir hafi þessa skrifstofu opna. Það á að vera eftirlit með því, að þeir hafi þessa skrifstofu opna áfram, og ef þeir ekki gera það, þá eiga þeir að hafa fyrirgert rétti til málfærslu fyrir hæstarétti. Þetta ákvæði var upphaflega tekið upp í l. til þess að tryggja það, að öruggt væri, að sá, sem ætti að hafa rétt til málfærslu fyrir hæstarétti, væri raunverulega í starfi og í æfingu við starfið, en legði það ekki til hliðar og þetta væri bara að nafninu til í framtíðinni. Þetta er líka tekið upp til þess, að almenningur geti haft aðgang að þeim málfærslumönnum, sem við réttinn eiga að starfa.

Nú er mér ekki fullkomlega ljóst samkvæmt þessum l., hvort það er hæstiréttur eða dómsmrn., sem á að hafa eftirlit með því, að þeir menn, sem eru starfandi málfærslumenn við hæstarétt, hafi raunverulega opnar skrifstofur sem málfærslumenn. Og ég hafði hugsað mér, og til þess tók ég aðallega til máls hér, að bera fram þá fyrirspurn við hæstv. dómsmrh., hvort hann líti svo á, að það væri hlutverk hæstaréttar eða dómsmrn. að líta eftir því, að þessir málfærslumenn, sem eru starfandi eða eiga að heita starfandi við hæstarétt, hafi raunverulega opna skrifstofu eða ekki. Og ef hæstv. ráðh. skyldi líta svo á, að það sé dómsmálaráðuneytisins að fylgjast með þessu, þá vildi ég einnig spyrja hæstv. ráðh., með hverjum hætti þetta eftirlit sé og hvort eftir því sé gengið, að ef málfærslumennirnir hafi ekki raunverulega opna skrifstofu, þá sé málfærsluleyfið af þeim tekið. Ég hef orðið þess var, að það er nokkur vafi á því, að ýmsir þeir, sem teljast nú hæstaréttarmálafærslumenn og eru nú starfandi við réttinn, hafi raunverulega opna skrifstofu í skilningi ákvæðis 12. gr. hæstaréttarl.

Um þetta atriði vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh. og gjarnan fá greinilega fram hér, hvernig hann lítur á þetta mál, því að það er, eins og ég sagði áðan, að sjálfsögðu ekki aðeins þýðingarmikið að hafa ákveðin ströng skilyrði, sem menn þurfi að uppfylla, áður en þeir öðlist rétt til þess að vera málfærslumenn við hæstarétt, heldur þarf líka að fylgjast með því eftir á, að öllum þessum skilyrðum sé vendilega fullnægt. — Ég vil því leyfa mér að beina þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., ef hann skyldi vera viðbúinn að svara henni. Vera má, að hann þurfi e. t. v. að athuga málið nokkuð, áður en hann getur svarað.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af fyrirspurn hæstv. dómsmrh.

Hann spurði um það, hvort frv., eins og n. leggur til að það verði samþykkt, hefði verið borið undir lögmenn, þannig að ástæða væri til að ætla, að þeir yrðu ánægðir með það og ekki yrði áframhald á ásókn frá þeirra hendi um, að slakað sé til á þessum skilyrðum. Það hefur ekki verið haldinn, eftir að till. n. kom fram, fundur í Lögmannafélaginu. Ástæðan er sú, að Lögmannafélagið er dálítið einkennilegt félag. Samkvæmt lögum eiga málfærslumenn að vera í félagi til þess aðallega, að því er mér skilst, að verja hagsmuni stéttarinnar og halda uppi aga innan hennar. En þegar frá fornu fari hefur Lögmannafélagið verið þannig, að það hefur verið opið félag fyrir alla lögfræðinga, vegna þess að það hefur ekki verið til á því sviði almennt félag lögfræðinga. Af þessu er það eðlilega allsundurleitur hópur, þar sem hagsmunir rekast á. Þetta hefur aldrei komið að sök, en það getur verið, að það sé ástæða til þess að endurskoða samþykktir Lögmannafélagsins og Lögmannafélagið sjálft, hvort það ætti ekki framvegis að vera starfsmannafélag og þá þeir einir í því, sem hafa málflutning að aðalstarfi. Um þetta skal ég ekkert rökræða hér, en af þessum ástæðum höfum við haft þá aðferð, að ég hef snúið mér til ýmissa úr hópi hæstaréttarlögmanna, sem hafa látið sig þetta mál mestu skipta, og hv. 8. þm. Reykv. (RÞ), formaður allshn., hefur talað við menn úr hópi héraðsdómslögmanna. Eftir því sem ég veit bezt, þá getur allur þorri þeirra manna, sem gera sér málfærslu að aðalatvinnu, fallizt á þetta í þeirri mynd, sem það er. Þó verð ég að segja það, að ýmsum úr hópi okkar hæstaréttarlögmanna þykir fulllangt gengið, þó að þeir láti við svo búið standa.

Viðvíkjandi því, hvernig afdrifum þetta frv. muni sæta í Nd., vil ég geta þess, að við höfum átt tal við þá menn, sem aðallega hafa verið forgöngumenn málsins í Nd., skipt þeim á milli okkar og látið þá fylgjast með störfunum, og ég get ekki betur séð en að þeir eftir atvikum eða flestir þeirra sætti sig við þessar málalyktir.

Viðvíkjandi því, að það sé ekki ástæða til þess að opna gáttina, eins og hæstv. dómsmrh. sagði,

úr því að ég álít, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, að prófin hefðu ekki verið of ströng, þá verður að taka það fram, að þarna eru náttúrlega og verða að koma til greina fleiri en eitt sjónarmið. Eins og dómarar hæstaréttar tóku fram í umr. eða samtölum, sem við í allshn. áttum við þá uppi í réttinum, þá eru frá sjónarmiði réttarins nægilega margir hæstaréttarmálaflutningsmenn, svo að það vantar ekki hæstaréttarlögmenn frá hans sjónarmiði. En það verður náttúrlega líka að taka tillit til þeirra yngri manna, sem vilja gera sér málfærslu að atvinnu, og gera þeim ekki ómögulegt að velja það lífsstarf, sem þar til eru hæfir, ef í stéttinni fjölgar ekki algerlega úr hófi fram.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er vegna fyrirspurnar hv. 6. landsk. þm., sem ég vil segja örfá orð, þó að ég geti ekki svarað þeim skýlaust eins og nú er, enda hygg ég, að hér sé um allmikið vafamál að ræða.

Það stendur í 12. gr., að hæstaréttarlögmenn skuli hafa skrifstofu í Reykjavík og vera búsettir þar eða í grennd við borgina. Svo stendur í 6. gr., að ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um skrifstofu eða búsetu, þá hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Síðan er tekið fram, í beinu framhaldi af þessu: „Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar samkv. 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða ef stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmrh. tekið af honum leyfi til málflutnings um stundarsakir eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli."

Það er eftirtektarvert, að þarna er aðeins gert ráð fyrir afskiptum dómsmrh. í seinni málsliðnum, en ekki þeim fyrri, þannig að það er ekki ráðgert, að eiginleg leyfissvipting eigi sér stað samkv. 1. málslið 6. gr., heldur einungis seinni málsliðnum, og þar sem dómsmrn. gefur leyfi til hæstaréttarmálflutningsmanns án þess fyrir fram að hafa fullvissað sig um, að hann hafi skrifstofu, og skrifstofan sýnist ekki vera skilyrði fyrir slíkri leyfisútgáfu samkv. ákvæðum laganna, þá liggur ákaflega nærri að líta þannig á, að það sé annar aðili en dómsmrn., sem þarna eigi hlut að, og þá virðist eðlilegast, að það sé í þessu tilfelli hæstiréttur, sem með þessu eigi að fylgjast og ekki láta leyfið gilda, nema því aðeins að skrifstofuskyldunni sé fullnægt. Enn fremur kemur það til álita, að í 8. gr. laganna segir, að stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna beri að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfi sínu og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samvizkusemi. Þarna virðist mega telja sett ákvæði um það, að stjórn lögmannafélagsins eigi að fylgjast með þessu og a. m. k. eigi hún þá að benda annaðhvort hæstarétti eða dómsmrn. á, ef stjórnin telur, að þarna sé öðruvísi farið að en vera ber. Ég verð þó að segja, að ákvæði laganna um þetta eru ekki skýlaus og engan veginn öruggt, hvernig með þetta eigi að fara, og þetta þarfnast sjálfsagt frekari athugunar heldur en enn hefur átt sér stað. Mér er ekki kunnugt um, hvorki þann tíma, sem ég hef verið dómsmrh., né áður, að á þetta hafi reynt, þ. e. að dómsmrn. hafi séð ástæðu til þess að hefjast handa um þetta né heldur hafi verið til þess leitað um aðgerðir í þessum efnum. En eðlilegast virðist, hver sem endanlega úrskurðarvaldið hefur í þessu, að ef félagsskapur málflutningsmanna eða lögmanna telur, að menn fullnægi ekki búsetuskilyrðinu, þá snúi hann sér eftir atvikum annaðhvort til hæstaréttar eða dómsmrn. eða ef til vill hvors tveggja með ábendingu um þetta, því að það er alveg greinilegt, að ætlazt er til þess, að menn hafi skrifstofu í Reykjavík. Hitt má svo kannske deila um, hvað sé skrifstofa í þessu sambandi, hvort tiltekinn embættismaður sem slíkur hefur skrifstofu, hvort það nægi sem skrifstofa í þessu efni eða hvort hann þarf að hafa sérstaka opna málflutningsskrifstofu, og endanlega mundi það geta legið undir mati dómstólanna, ef ágreiningur yrði um þetta. En það er einmitt fróðlegt, úr því að þetta hefur borið á góma, að heyra álit fulltrúa lögmannastéttarinnar, sem hér eru á þingi, um þetta efni, einmitt dómsmrn. til leiðbeiningar.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans við þeim fyrirspurnum, sem ég bar fram hér áðan.

Mér kom það alls ekki á óvart, þó að það væri talsvert erfitt fyrir hæstv. ráðh. að svara þessum spurningum, vegna þess að þetta er einmitt atriði, sem mjög hefur verið rætt á meðal málfærslumanna á undanförnum árum, án þess að menn væru raunverulega fullkomlega á einu máli um, hver ætti að hafa þarna úrskurðarvaldið og eftirlitið. Ég vildi því einmitt í framhaldi af þessu, sem hér hefur fram komið, fara fram á það við hæstv. dómsmrh., að hann athugi þetta atriði nánar og reyni að sjá til þess, að það komist alveg á hreint og verði gert ótvírætt, hverjum ber að hafa eftirlitið, og síðan verði séð um, þegar því hefur verið slegið föstu, hver á að hafa eftirlitið og með hverjum hætti það skuli framkvæmt, að fengnar verði ákveðnar reglur og hreinar línur verði dregnar um það, hvað teljist að hafa opna skrifstofu.

Ég vil alveg sérstaklega vara við þeirri hugmynd, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að velta því algerlega yfir á félag málfærslumannanna sjálfra, hvort hafizt verður handa um að taka rétt af mönnum eða ekki, vegna þess að þeir hafi ekki raunverulega opna skrifstofu. Ég held, að félag málfærslumannanna sé einmitt sá aðilinn, sem langhæpnast er að treysta á um aðgerðir í þessum efnum. Það er af ótalmörgum ástæðum mjög óþægilegt fyrir málfærslumannafélagið og málfærslumennina sjálfa að þurfa að standa í þessu, getur valdið leiðindum og öðru slíku, sem þeir gjarnan vilja vera lausir við. Það er alveg tvímælalaust, að það er annaðhvort dómsmrn. eða hæstiréttur, sem á að

hafa eftirlitið og sjá um framkvæmd á þessu, og það verður að ætlazt til þess, að þessir aðilar ótilkvaddir hefjist handa um framkvæmd, ef þeir sjá ástæðu til, án þess að nokkrir þurfi að koma þar utan að.

Það er þá ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram í þessu sambandi, en ég vil eins og áður mæla með þeirri till., sem allshn. hefur borið hér fram.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get nú ekki verið sammála því, sem hv. 6. landsk. þm. (GÍG) sagði um þetta efni nú síðast, vegna þess að það er alveg berum orðum tekið fram í 8. gr. lögmannalaganna frá 1942, eins og ég vitnaði til áðan, með leyfi hæstv. forseta, að „stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfi sínu og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samvizkusemi". Og ég veit ekki, hvað kemur undir þetta ákvæði frekar en það atriði, sem hér um ræðir. Auk þess verður ekki um það deilt, að það atriði, hvort lögmaður hafi skrifstofu eða ekki, er auðvitað fyrst og fremst sett til þess að tryggja sjálfstæða lögmannastétt. Við vitum það, að áður fyrr, meðan ekki var til hér lögmannastétt, þá voru það ýmsir embættismenn, stundum jafnvel skólakennarar og slíkir menn, sem voru málflutningsmenn fyrir yfirréttinum í gamla daga, og þetta ákvæði um, að hæstaréttarlögmaður skuli hafa opna skrifstofu, er auðvitað sett til þess að tryggja það, að menn, sem gegna annarlegum störfum, séu ekki einnig hæstaréttarlögmenn og taki þannig eðlilegt lífsuppeldi frá lögmönnunum. Það er þess vegna sett beinlínis þeim til hags og til tryggingar fyrir þeirra stétt. Það er einnig vitað, að engir eiga betra með að fylgjast með í þessum efnum heldur en einmitt hæstaréttarlögmennirnir. Þeir vita það glögglega vegna síns félagsskapar og náins samstarfs við þá, sem starfa að málflutningi, hvernig þeirra starfsskilyrðum er háttað. Dómsmrn. eða hæstiréttur hafa alls ekki sömu skilyrði í þeim efnum og þó allra sízt dómsmrn., sem lítið beint samband hefur við þessa aðila.

Mér er það að vísu ljóst, að hæstaréttarlögmennirnir eða Lögmannafélagið getur ekki og á ekki samkv. lögunum að hafa um þetta endanlegt úrskurðarvald. Úrskurðarvaldið liggur annaðhvort hjá dómsmrn. eða hæstarétti og þá eftir atvikum með þeim hætti, að hægt sé að skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. En þó að lögmenn mundu lenda í nokkrum vandræðum og leiðindum með því að bera fram slíkar umkvartanir gegn öðrum, sem við þessi störf fást, þá verður ekki undan því komizt. Vandi fylgir vegsemd hverri. Þeim er einmitt í þessum lögmannalögum — og á sínum tíma var það nýjungin, þegar slík lög voru sett — fengið nokkurt sjálfræði og jafnvel úrskurðarvald í tilteknum málum. Slíku sjálfræði fylgir ábyrgð og óþægindi. Ef þeir vilja losna við óþægindin, þá er eðlilegt, að af þeim sé tekið sjálfræðið líka og þeir séu sviptir þeirri aðstöðu, sem þeir hafa í þessu efni. En ég vil ítreka það, að það er einmitt ekki eðlilegra um neitt atriði annað frekar en þetta, að þeir bendi á, hvað þeir telja aflaga fara, vegna þess að ákvæðið er sett beinlínis þeim til fjárhagslegs framdráttar og þeir eiga þar að auki auðveldast með að fylgjast með því, hvort þessu skilyrði er fullnægt eða ekki. Nú tek ég það fram, að ég hef ekki skoðað þetta mál til hlítar, hafði sannast sagt ekki komið auga á þann vanda, sem í þessu efni er, fyrr en hv. 6. landsk. þm. vakti athygli á því hér við umr., og það er sjálfsagt, að dómsmrn. láti athuga þetta frekar í samráði við alla aðila. En ég vil ítreka það, að mér finnst mjög eðlilegt, að lögmennirnir eigi þar sinn þátt í, jafnvel þó að það komi ekki til greina, að þeir eigi að hafa hið endanlega úrskurðarvald.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. dómsmrh. nú síðast langar mig til að benda á atriði, sem mér virðist að ekki hafi komið nógu skýrt fram í þessum umr., en það er ákvæði einkamálalaganna um það, hverjir skuli hafa réttindi sem héraðsdómslögmenn. Það er gengið út frá því samkv. málflutningsmannalögunum, að menn öðlist réttindi sem héraðsdómslögmenn eftir að hafa flutt vissa tölu prófmála, en svo samkv. einkamálalögunum er fjöldi annarra manna, sem einnig öðlast slík réttindi, og er það samkv. 7. tölul. 32. gr. laga nr. 85 frá 1936, og hefur nú einmitt á síðari árum mjög mikið verið bætt við þá flokka manna, sem þessi réttindi geta öðlazt. En þó að þetta sé nú hér að finna á þingskjali 598, þá ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp: Þessi réttindi öðlast alþingismaður, skrifstofustjóri Alþ., fulltrúi í skrifstofu Alþ., skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, fulltrúi lögreglustjóra í Reykjavík, lögreglustjóri, bæjarstjóri, ritari forseta Íslands, bankastjóri, sendiherra, fulltrúi sendiherra, lagakennari í Háskóla Íslands, málflutningsmaður að staðaldri, settur héraðsdómari og opinber starfsmaður, sem lagaprófs eða hagfræðiprófs er krafizt af.

Samkvæmt lögunum um málflytjendur er Lögmannafélag Íslands aðili, þegar kemur til um réttindi eða þegar menn hafa fyrirgert rétti sínum sem málflytjendur, en samkv. vissum reglum eru allir þeir, sem hafa öðlazt réttindi með þessum hætti, jafnframt félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands og hljóta þess vegna að hafa áhrif á gerðir þess, og þeir aðilar, sem hér eru nefndir, hafa töluvert annarra hagsmuna að gæta heldur en þeir, sem hafa lögfræðistörf að aðalatvinnu. Það er greinilegt, ef það er gert ljóst, að t. d. þeir menn, sem hafa sína aðalatvinnu af öðru en lögfræðistörfum, stunda lögfræðistörfin í hjáverkum og rýra þar með atvinnumöguleika þeirra, sem hafa þetta að aðalstarfi. Þess vegna vil ég taka undir það, sem hv. 6. landsk. þm. sagði, að ég vil vara við því, eins og Lögmannafélagið hlýtur að vera byggt upp samkv. einkamálalögunum, að það sé lögð of mikil ábyrgð á herðar þess eða meiri ábyrgð en lögin um málflytjendur raunverulega gera í þessu efni, vegna þess að eins og það er upp byggt og nú er, þá getur það raunverulega engin áhrif haft í þessa átt, sökum þess að mikill meiri hluti félagsmanna eru

menn, sem ekki hafa málflutning að aðalatvinnu. Það eru menn, sem hafa öðlazt þau réttindi með öðrum hætti, hafa leyst út sitt bréf eftir bara ákveðinn starfstíma, og þess vegna hljóta afskipti Lögmannafélagsins að stefna að öðru en að tryggja það, að menn hafi opna skrifstofu á venjulegum skrifstofutíma o. s. frv.

Ég vil svo segja það, að ég er á öðru máli en hæstv. dómsmrh. um það, að ákvæði um, að skrifstofa skuli vera opin, sé sett lögmönnum til fjárhagslegs framdráttar. Ég álít, að það ákvæði hljóti líka að horfa til almennra nota þeirra, sem ætla að hafa not af störfum lögmanna og þeirra skrifstofu, því að það er náttúrlega óeðlilegur hlutur, að menn, sem samkv. lögum er ætlað að hafa svo mikil áhrif á gang mála eins og lögmenn hafa, hafi ekki opna skrifstofu. Það veldur óþægindum fyrir þá, sem þurfa á þeirra hjálp að halda. Þess vegna vil ég halda því fram, að þetta ákvæði sé jafnvel fremur sett til þess að tryggja góða þjónustu í þessum efnum og að það, sem framvegis yrði gert í þessum málum, þyrfti að stefna að því að tryggja góða þjónustu, þ. e., að það yrði ekki haldið áfram á þeirri braut, sem nú virðist vera svo opin, að það sé fjöldi manna, sem hefur lögmannsstarfið að aukaatvinnu, þannig að það er nú svo komið, að það eru ekki nema örfáir menn, sem treysta sér til þess að hafa það að aðalatvinnu og neyðast þess vegna til þess, þótt þeir hefðu vilja til annars, að taka önnur störf með og munu því aldrei sjá fram á það að ná þeim þroska í starfi sínu, sem nauðsynlegur er til þess að geta uppfyllt sínar skyldur.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða, fyrst ég vakti þessar umr. um skrifstofur hæstaréttarmálafærslumannanna, að andmæla tveim atriðum, sem komu fram í ræðu hæstv. dómsmrh. hér áðan. Hann vildi halda því fram, að það væri skylda félags málfærslumannanna að hafa eftirlit með því, að málfærslumenn við hæstarétt hefðu raunverulega opna skrifstofu. Frá mínu sjónarmiði er þetta alger misskilningur. Ég get ekki á þessa skoðun fallizt. Það er berum orðum fram tekið í hæstaréttarlögunum, að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eigi að hafa með sér félag, og það er hlutverk þessa félags að koma fram fyrir hönd félagsmannanna og hafa eftirlit með því, að félagsmenn fari að lögum í starfi sínu og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samvizkusemi. Þetta ákvæði í hæstaréttarlögunum eða málfærslumannalögunum verður aldrei skilið á þann veg, að það feli málfærslumannafélögunum að hafa eftirlit með því, að hæstaréttarmálaflutningsmennirnir hafi raunverulega opna skrifstofu. Það, sem hér er verið að leggja í hendur félaganna, er eingöngu að fylgjast með því og taka í taumana, ef félagarnir ræki ekki störf sín af trúmennsku. En meðan þeir ræki störf sín, þá er eingöngu átt við starf þeirra sem málfærslumanna og lögfræðilegra ráðunauta. Það er alveg rétt, að það eru málfærslumennirnir sjálfir, sem öllum öðrum betur fylgjast með því og geta fylgzt með því, hvernig hver einstakur leysir störf sín af hendi. Og það er mjög eðlileg ráðstöfun, að einmitt þeim og þeirra félagssamtökum sé falið að hafa eftirlit með því, að hver einstakur geri skyldu sína og vinni af trúmennsku og samvizkusemi.

Það kann að vísu að hljóma dálítið undarlega, að málfærslumennirnir séu svona settir sem eftirlitsmenn hver á annan og hver öðrum til höfuðs, en þegar nánar er að gáð, þá er það einmitt mjög eðlilegt og sjálfsagt, að þetta sé þannig upp byggt. Málfærslumennirnir sem slíkir og þeirra stétt á óendanlega mikið undir því, að í stéttinni séu hæfir menn og menn, sem vinni störf sín af trúmennsku og samvizkusemi. Það þarf ekki nema einn eða fáa og lítið út af að bera til þess, að allir séu undir þá sök seldir, að þeim sé ekki treystandi til málfærslustarfa, og það er einmitt út frá þessu sjónarmiði, það er einmitt sjálfsvörn stéttarinnar fyrir það traust og það álit, sem hún þarf á að halda hjá almenningi, sem er grundvöllurinn undir þessu ákvæði í málfærslumannalögunum, en alls ekki það, að félaginu hafi með því verið falið að líta eftir því, að hinum almennu málfærsluskilyrðum væri fullnægt hjá hverjum einstökum félagsmanni.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að andmæla því, sem kom fram frá hæstv. dómsmrh. áðan, að málfærslumannsskilyrðin og takmarkanirnar, sem eru á því, að menn geti öðlazt rétt til málfærslu fyrir hæstarétti, hafi verið sett í lögin til hagsbóta fyrir málfærslumennina. Þetta er frá mínu sjónarmiði og að mínum dómi alger misskilningur. Ég veit að vísu, eins og ég tók fram í minni fyrstu ræðu hér í dag, að það hafa verið mjög hörð átök um það innan málfærslumannastéttarinnar, hvaða ákvæði skyldu gilda og hvaða skilyrði skyldu sett fyrir því, að menn öðluðust rétt til málfærslu við hæstarétt. Um þetta hafa verið hörð átök, og þeir, sem hafa öðlazt réttinn, hafa alltaf haft tilhneigingu til að hafa þessi skilyrði sem allra strangust og þrengst til þess að geta lokað stéttinni sem mest til hagsbóta fyrir þá, sem inn væru komnir, en hinir, sem ekki hafa öðlazt réttinn, hafa sótt á um, að skilyrðin yrðu rýmkuð. Þetta er sjónarmið málfærslumannanna, og þetta er það sjónarmið, sem átökunum hefur valdið hjá þeim. En þetta er alls ekki sjónarmið, sem Alþ. getur haft, má hafa eða hefur haft, þegar það setur lög um málfærslumennina og hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja til þess að hafa rétt til málfærslu. Þá eru allt önnur sjónarmið, sem til greina koma, og allt aðrar viðmiðanir, sem á að hafa í huga og eru hafðar í huga. Þar er það eingöngu tillitið til alls almennings og þeirra, sem við málfærslumennina þurfa að skipta, sem á að ráða, hvaða skilyrði eru sett. Og það er fyrir almenning, sem við málfærslumennina þarf að skipta og að þeirra störfum á að búa, sem þessi skilyrði hafa verið sett inn í lögin. Að halda því fram, að þessi skilyrði um málfærsluréttindin séu sett til verndar málfærslumönnunum, er nákvæmlega eins og því væri haldið fram, að það væri gert fyrir læknastéttina að hafa það að skilyrði, að læknar þurfi að hafa vissa menntun, vissa þekkingu, vissan starfsferil til að geta öðlazt réttindi til að mega stunda lækningar. Það væri nákvæmlega sama og því væri haldið fram, að það væri gert fyrir ákveðinn hóp manna, iðnaðar-

mennina t. d., þegar sagt er og ákveðið, að þeir þurfi að hafa viss próf, vissan starfsferil, starfstíma og annað slíkt, til þess að þeir megi stunda sína iðn sem fullgildir menn. Slíkt á sér alls ekki stað, og slíkt er alger misskilningur. Öll þessi skilyrði eru sett ekki til verndar þeim, sem skilyrðunum þurfa að fullnægja, heldur til öryggis og verndar þeim fyrst og fremst, sem við starf þessara manna eiga að búa, og það er einmitt þetta, sem á við um málfærslumennina ekki síður en aðra. Að halda því fram, að þetta sé sett málfærslumönnunum til fjárhagslegs framdráttar, er því alger fjarstæða að mínum dómi, *sem missir gersamlega marks.*

Ég vil leyfa mér að lokum að vekja alveg sérstaklega athygli hæstv. dómsmrh. á því, að það er vitað, að þó nokkrir menn eru hér, sem hafa réttindi til málfærslu við hæstarétt og öðru hvoru koma þangað til þess að flytja mál, en þó mjög sjaldan. Það er vitað, að það er ekki hægt að segja, að þessir menn hafi opna skrifstofu í þeim *skilningi, sem lögin um málfærslumenn gera ráð* fyrir. Þetta er mjög óheppilegt og óhagkvæmt ástand. (**Forseti**: Þetta átti að vera athugasemd.) Ég er rétt að ljúka máli mínu. Ég skal ekki þreyta forseta nema rétt nokkur augnablik. — Þetta er mjög óheppilegt og skaðlegt ástand, og ég vildi mælast til þess við hæstv. dómsmrh., að þessar umr. mættu verða til þess, að því yrði komið á algerlega hreinan grundvöll, hver á að hafa eftirlit með þessu, og síðan, þegar það hefur verið fengið, þá verði í það gengið, að um raunverulegt og raunhæft eftirlit sé að ræða, þannig að almenningur sé ekki blekktur með því, að menn hafi réttindi til málfærslu, kalli sig málfærslumenn, enda þótt þeir raunverulega fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem lögin setja fram, og geti því ekki verið þeim starfa vaxnir, sem þeir auglýsa sig hæfa til að taka að sér. — Ég bið svo forseta að afsaka.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég bið nú forseta d. afsökunar á því, hve oft ég þarf að tala, en hér er um mikils háttar mál að ræða, og þar sem langar ræður eru fluttar, þar sem mér þykir allmikils misskilnings gæta, verður ekki komizt hjá því að fara um þær nokkrum orðum.

Hv. 6. landsk. hafði sannarlega misskilið mín orð. Hann talaði um, að ég hefði sagt, að skilyrðin, sem sett eru fyrir því, að málflutningsmenn fái leyfi, væru sett stéttinni til hags, en ekki almenningi. Þetta sagði ég alls ekki almennt um skilyrðin. Ég talaði einungis þar um skrifstofuhaldið, og það verður ljóst og kom raunar berlega fram af orðum hv. 8. þm. Reykv., sem þó vildi mótmæla því, sem ég sagði, að sá virðulegi og ágæti þm. var mér sammála að efni til. Hv. 8. þm. Reykv. benti einmitt á þá staðreynd, að fjöldi manna hefur tekið að sér meiri og minni málflutning, þótt þeir hafi öðrum störfum að gegna og hafi jafnvel ekki opnað sérstakar lögmannsskrifstofur. Þetta sagði þessi ágæti þingbróðir okkar, hv. 8. þm. Reykv., að leiddi svo til þess, að aðrir fengju of lítið að gera, hefðu ekki efni á því að gefa sig eingöngu að málflutningsstörfum og yrðu að taka að sér önnur störf. Sem sagt, ef þessir menn fengjust ekki við málflutninginn, mundu hinir hafa betri fjárhagsaðstöðu og þess vegna hafa hægara með að gefa sig eingöngu að sínum störfum. Vitanlega er þessum mönnum ekki fengin þessi aðstaða í lögunum vegna þess, að menn vilji endilega, að þetta fólk græði mikla peninga. Það er ekki sú ástæða, heldur vegna þess, að það er talið nauðsynlegt fyrir góða málfærslu í landinu, að það séu til menn, sem geti haft ofan af fyrir sér með málflutningsstörfum einum, öðlazt þá sérþekkingu og æfingu, sem þarf til þess að geta leyst þessi störf skaplega af hendi. Þess vegna má segja, að í víðari skilningi er það auðvitað rétt, að ákvæðið er sett vegna almennra hagsmuna. Það er sett vegna þeirra almennu hagsmuna, að það er nauðsynlegt, að vissir lögmenn geti staðið fjárhagslega á svo öruggum fótum, að þeir þurfi ekki að vera á snöpum eftir annarlegum störfum. En það breytir ekki því, að þessir menn hafa sjálfir beinan fjárhagslegan hag af því, að ekki séu *menn, sem koma úr annarlegum störfum og taka* bitann frá þeirra eigin munni, eins og mér skilst að þessir góðu lögfræðingar, sem hér hafa talað, telji nú að hætta sé á varðandi þá, er hafa leyfi, en ekki hafa opnar skrifstofur. Þess vegna hygg ég, að það sé alveg óhagganlegt, sem ég sagði, að þarna er um beinan fjárhagslegan hag lögmannanna að ræða, og mjög eðlilegt, að þeir sjálfir annist um það að því leyti, að þeir bendi stjórnarvöldunum á, ef þeir telja, að að þessu leyti sé á sig hallað og grafið undan möguleikum sínum til sæmilegrar afkomu, vegna þess að vitanlega getur maður verið góður málflutningsmaður, þó að hann gegni einhverju opinberu starfi og hafi þess vegna ekki sérstaklega opna skrifstofu. Það getur hitzt þannig á í einstökum tilfellum og þess vegna hart aðgöngu fyrir almannavaldið að grípa í taumana, ef þeir lögmenn, sem hafa eingöngu uppihald sitt af lögmannsstörfum, telja enga ástæðu til þess að benda á, að þarna sé ranglega að farið.

Hv. 8. þm. Reykv. hélt því fram, að Lögmannafélagið væri í raun og veru ótæk stofnun að þessu leyti, vegna þess að þar væri svo margt af fólki, sem alls ekki ætti þar heima, fengist í raun og veru við allt önnur störf. En ég vil einmitt benda á það, og það var tilætlun mín með þeim orðum, sem ég hef mælt hér, að samkvæmt lögunum, eins og þau nú eru, hafa þessir menn ekki rétt samkvæmt sínu málflutningsleyfi, ef þeir hafa ekki opnar sérstakar lögmannsskrifstofur, og þess vegna skilst mér, að þeir geti ekki verið löggiltir meðlimir í Lögmannafélaginu, ef rétt er að farið, meðan svo stendur, þeir einir eigi rétt á því að vera í Lögmannafélaginu, sem hafa opnar skrifstofur, að svo miklu leyti sem skrifstofa er skilyrði fyrir því, að þeir njóti síns lögmannsréttar, þannig að þegar að því leyti komi það fram, að einmitt Lögmannafélagið eigi að fylgjast með þessu. En eins og ég segi, þetta mál er ekki athugað til hlítar, og ég tel það mjög vel farið, að þessar umræður hafa hér átt sér stað, og ef ég held áfram að vera dómsmrh., þá mun ég leita samráðs við hæstarétt og Lögmannafélagið um það, hvaða háttur sé hæfilegastur í þessum efnum. En ég get þó ekki varizt því, að

mér þætti fróðlegt til leiðbeiningar að heyra álit formanns Lögmannafélagsins, sem hér situr þegjandi undir þessum umræðum, um það, hvað hann teldi rétt vera.

ATKVGR.
Brtt. 598 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 689).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 735).

---

65. Klakstöðvar.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstj. til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni [203. mál] (þmfrv., A. 529).

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. var sammála um að flytja frv. þetta, sem hér liggur fyrir, samkvæmt ósk hæstv. landbrh., en hafa þó óbundnar hendur um málið og þar af leiðandi geta fylgt brtt., sem koma fram, og komið fram með brtt. í þessu máli.

Eftir því, sem mér er frekast kunnugt um mál þetta, og eftir þeim gögnum, sem hér liggja fyrir frá veiðimálanefnd á þskj. 529 og einnig frá veiðimálastjóra á sama þskj., þá sýnist þess allmikil þörf, að frv. þetta nái fram að ganga. Það vita allir, að það er hin mesta nauðsyn á því að rækja og koma upp klakstöðvum til fiskiauka, sérstaklega lax og svo einnig silungs. Er von um það, að fjársterkur aðili eða aðilar fáist til þess í sameiningu við ríkisstj. að koma upp þess háttar klakstöð, og hef ég heyrt tilnefnda hér rafveitustöðina hér við Elliðaárnar. En samt sem áður vil ég benda á það núna hér við 1. umr., að ég tel það rétt — og n. mun gera það í samráði við landbrn. eða hæstv. landbrh. — að athuga um, hvort ekki sé rétt að koma fram með breytingar á frv. þessu. Fyrst og fremst geri ég ráð fyrir, að frv. þurfi umorðunar við og sé réttara, að 1. gr. frv. sé orðuð um, þó að efni sé ekki breytt. En samt sem áður er ein efnisbreyting, sem ég tel alveg nauðsynlega, þar sem ég held, að sé ekki, og hef ekki orðið var við, að væri heimild í klaklögunum til að hafa klakstöðvar fyrir silung, þar eð eingöngu virðist hafa verið miðað við laxaseiði og laxaklak í klaklögunum, og því þarf að breyta því. Eftir því, sem ég hef heyrt á landbrh. og hann mun sennilega gera hér frekar grein fyrir, þá er murtan í Þingvallavatni mjög líklegur klakfiskur eða réttara sagt mjög seljanleg vara og þá er ekki síður með regnbogasilunginn, þennan nýja fisk, sem verið er að gera tilraun á hér, svo að þess vegna held ég að væri rétt, svo að ekki geti misskilizt, að hafa hér silungaklak líka samhliða. (Gripið fram í.) Kem að því á eftir og geri þá frekar grein fyrir því.

En þá er það annað, sem hér er um að ræða, og það er það, að verðið á hinum seldu laxaseiðum, sem lögboðið er eftir klaklögunum, er 8 krónur á þúsund. Má ekki fara hærra, og er sjálfsagt að hækka það verð, og kemur þar einn tekjuauki. Tekjur af þessu og til þessara framkvæmda hafa verið lögboðnar í l. um klaksjóð og eru 3 aurar af veiddum laxi og seldum á innlendum markaði. Það er og einnig gert ráð fyrir þar, að 16 þús. séu lagðar fram úr ríkissjóði til þessarar stofnunar, og mun það, eftir því sem mér hefur skilizt, vera tiltækt hjá ríkissjóði og ekki þurfa þar að koma veitingar til, en ég veit það, að hinir höfðinglegu fjárveitingamenn hér munu ekki hika við það, þegar þeir sjá, að hér er um jafnnauðsynlegt fyrirtæki að ræða og þar sem sannast að segja, eftir því sem þeir sjálfir segja, blæs ekki svo byrlega með sölu á öðrum fiski hér, að leggja eitthvað fram til að koma upp slíkri fiskrækt sem hér ræðir um og vitandi vits um, að það væri seljanlegur fiskur, sem ekki þyrfti að sitja með árum saman í íshúsum, áður en honum er komið á útlendan eða innlendan markað. Ég verð að segja það, að það er ekki svo margt hér um feita drætti að afla sér markaðsvöru, sem er vel seljanleg og útgengileg og lítur út fyrir að verði til ágóða fyrir ríki og þjóð, að það sé rétt að setja þar fót fyrir, þó að nokkrar þúsundir kosti.

En þá vil ég taka eitt fram. Hér er mál ekki útkljáð enn um það, hvað einstaklingar vilji leggja fram, og getur vel komið til mála, að þeir verði ekki ófúsir á að leggja fram einmitt til þessara framkvæmda með ríkinu til þess að fá sinn hlut, af því að þeir sennilega sjá þar betri leik á borði en að dunda við sumar sjávarfiskveiðarnar, sem ekki virðast gefa háa vexti af þeirra innstæðum. Þess vegna held ég, að mjög sé varhugavert að synja ríkisstj. um þessa heimild, og ég býst við því, að hæstv. landbrh. muni ekki flana svo að málum, að hann sjái ekki fótum ríkisins í þessu efni nokkuð forráð, og ég hygg það, ef hann leggur sig vel fram í þessum málum, að honum sé ekki ósýnna um það en hverjum öðrum borgara að halda sér og ríkinu þar á þurru og ganga ekki of djúpt í vatnið.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég sé, að það gætir kannske nokkurs misskiln-

ings um það, hvað farið er fram á með þessu frv., því að það var spurt um það, hvað þetta mundi kosta, og mér virtist liggja í því, að þar væri gengið út frá, að hér væri um algert nýmæli að ræða, en það er það ekki nema að litlu leyti.

Í 3. gr. l. nr. 36 frá 1937, um klaksjóð og heimild fyrir ríkisstj. til þess að reka klakstöðvar og til leigunáms í því skyni, stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. skal heimilt að reisa a. m. k. 2 klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2.5 millj. laxaseiða. Skal minnst 10% af árlegri seiðaframleiðslu“ o. s. frv. Þessi heimild hefur þess vegna alltaf verið í l. og gert ráð fyrir því, að það fé, sem safnast í klaksjóðinn, verði notað til þess að reisa þessar stöðvar, að minnsta kosti tvær eða fleiri. En ég hef nú satt að segja verið það íhaldssamur, skulum við segja, í þessu máli, að ég hef ekkert viljað við þessi klakstöðvamál fást núna undanfarin ár, vegna þess að það hefur enginn sérfróður maður starfað hjá ríkinu í þessum málum lengst af, þegar ég hef verið ráðh. Á fyrsta árinu, sem ég var landbrh., voru fullgerðar teikningar af fremur lítilli klakstöð, sem veiðimálastjóri hafði gert till. um, eftir þeim nýjasta útbúnaði, sem á þeim stöðvum er, en það er nú stöðugt að breytast, því að menn eru einatt að læra í þeim efnum, og var þá gert ráð fyrir því, að reist yrði lítil stöð hér inni við Elliðaár í staðinn fyrir þá stöð, sem Rafveita Rvíkur rekur, og yrði hún nokkru fullkomnari en þessi stöð, sem nú er rekin. En eins og kunnugt er, hefur rafveitan rekið með mjög góðum árangri slíka klakstöð, og er fiskigengd í Elliðaánum haldið við í mörg ár, að því er álitið er, með þessari klakstöð. Má t. d. nefna það, að tvær ár, sem voru alveg laxlausar, Botnsá í Botnsdal hér inn af Hvalfirði og Brynjudalsá, sem er þar rétt hjá, hafa báðar fengið seiði úr klakstöðinni við Elliðaár, og í þessum ám báðum er mjög mikil laxgengd núna. Menn héldu, að það mundi nú ekki takast með Brynjudalsá, en það sýndi sig á síðasta ári og árinu þar á undan, að laxgengdin var þar mjög mikil. Þessi laxaseiði, sem eru alin upp þarna við Elliðaárnar, eru af þeirri laxategund, sem í Elliðaárnar gengur, frekar lítil tegund, sem fer sennilega heldur fyrr í sjó en aðrar tegundir og er minni þegar hún kemur aftur í árnar. Þessa tegund er gott að ala upp til þess að setja í vatnslitlar ár eins og þessar tvær, sem ég nefndi, Botnsá og Brynjudalsá. En það er álitið, að þessi stöð þarna við Elliðaárnar sé ekki á neinn hátt einhlít, vegna þess að þeir, sem sérfróðastir eru um þessi mál, eru allir sammála um það, að ekki megi ala upp þessa laxategund til þess að setja hana í stærri vatnsár, vegna þess að eftirtekjan eftir þessa laxategund er miklu minni, þar sem laxinn er svona smávaxinn, og þeir telja þess vegna, að koma þurfi upp fullkomnari laxastöð, þar sem alinn er upp bæði sá lax, sem er af þeirri tegund, sem gengur í Elliðaárnar, smærri lax og aðrar stærri tegundir, þar sem laxinn verður á svipuðum tíma og Elliðaárlaxinn þetta 14 og upp í 20 pund. Er þetta hverjum manni skiljanlegt. Þeir telja, að þessi lax sé orðinn þetta lítill vegna þess, að hann hefur gengið í lítil vatnsföll, og sé önnur tegund og það sé óheppilegt að útbreiða hann í vatnsföll, þar sem eru skilyrði til þess að gangi stórlax og alist upp stórlax, og þetta sé orðið að verulegu tjóni, að Elliðaárlaxinum hefur verið blandað í önnur vatnsföll, þar sem skilyrði væru til þess að hafa stórlax með miklu meiri eftirtekju en er eftir Elliðaárlaxinn.

Þess vegna var það, að fyrsta árið var búið að gera teikningu að lítilli klakstöð þarna við Elliðaárnar og leita sér upplýsinga um nýjustu gerð þessara stöðva, bæði frá Norðurlöndum og víðar að, frá Kanada og Bandaríkjunum, en í þeim svifum sagði núverandi veiðimálastjóri upp sínu starfi. Það er enginn sérfróður maður um þessi mál hér, og ég taldi, að það gæti ekki komið til mála að reisa þessa stöð, án þess að sérfróður maður væri í ráðum um það, hvernig stöðin yrði úr garði gerð, því að það væri mjög bagalegt, ef reist yrði slík stöð, þótt hún sé ekki stór og kosti ekki mikið, — ég kem inn á það aðeins síðar, — þannig, að það verk væri á eftir tímanum. En til þess að draga úr þeim kostnaði, sem ríkið þyrfti að hafa af slíkri stöð og starfrækslu hennar, var komið á samkomulagi milli rafveitunnar og ríkisstj. um það að reisa og reka stöðina í sameiningu, sameina litlu stöð rafveitunnar þessari fullkomnari stöð og reka stöðina í sameiningu, einnig með tilliti til þess, að það er álitið, án þess að vera að fara langt inn á það mál, að hægt sé að stytta uppeldistíma seiðanna með því að nota heita vatnið, því að eins og sennilega flestir vita hér, þá vaxa seiðin ekki nema fram á haustið, þangað til vatnið fer ofan í 4 gráður. Þá hættir vöxturinn og seiðið tekur ekki neina fæðu, þarf enga fæðu og vex ekki neitt yfir vetrartímann, en byrjar svo vöxt sinn aftur, þegar hitinn vex í vatninu á vorin. En þeir álíta, að það mætti stytta þennan tíma — og telja það fullreynt — með því að veita heitu vatni í kerin, þar sem laxaseiðin eru alin upp, og láta þau taka fæðu allan veturinn og halda áfram að vaxa, þangað til þeim er sleppt, nota þannig vetrartímann eins og sumartímann til vaxtar með því að hafa vatnið hæfilega volgt.

Úr framkvæmd þessa samkomulags við rafveituna varð síðan ekki neitt, þegar maðurinn fór og við biðum eftir sérfræðingi, sem átti að taka, pilti, sem var að stunda nám erlendis og bjóst við að taka próf þá og þegar, en því miður hefur ekki lokið sínu prófi enn, og um aðra sérfróða íslenzka menn hefur ekki verið að ræða. Varð það síðan niðurstaðan, að veiðimálastjóri, sem hafði sagt upp starfi, tók við því aftur og kom þá að nýju með þessa samninga við rafveituna, sem ef til vill geta einnig orðið samningar við Stangaveiðifélag Rvíkur, sem á tiltölulega mikið fé í sjóði og kannske væri heppilegt að væri þarna aðili, með því að þeir mundu kaupa mikið af seiðum. Þeir gætu fyrst og fremst lagt fjármagn í þetta, þeirra dugnaður mundi koma þarna til að reka þessa stöð sem mest og þeir mundu verða stórir kaupendur á seiðum, vegna þess að þeir hafa nokkuð margar ár í takinu. En þegar við fórum að athuga í rn. um þessa framkvæmd, þá rákum við okkur á 3. gr., þar sem stendur: „Ríkisstjórninni skal heimilt að

reisa“ o. s. frv. Og við töldum ekki heimilt að skýra greinina þannig, að við megum gera þetta í samfélagi við aðra, hvorki rafveituna, Stangaveiðifélagið né aðra, í 3. gr. sé aðeins heimild fyrir rn. til þess að reisa þessa stöð eða þessar stöðvar, að minnsta kosti tvær, ef fé er fyrir hendi, en við höfum ekki heimild til þess að taka aðra í félag við okkur, nema sérstök lagaheimild frá Alþingi komi til, og það er ekki annað, sem farið er fram á hér.

Það má svo sem benda á það, að það er alveg rétt, sem hér hefur verið tekið fram í framsögu, að það væri ef til vill eðlilegt að breyta um leið, — ég get fallizt á það, að þarna mætti ala upp fleira en laxaseiði, þarna mætti ala upp silungaseiði og gera aðrar tilraunir. Það mundum við nú sennilega telja okkur heimilt að gera, þótt ekki stæði sérstaklega í lögum, en viðkunnanlegast er að hafa það þar einnig.

Þótt ég sé ekki fróður um þessi atriði, þá veit ég þó svo mikið um þau, að það mætti gefa um þau ýmsar eftirtektarverðar upplýsingar. T. d. má það varla fara fram hjá okkur, að Danir, sem ekki hafa neitt betri skilyrði til þess að ala upp nytjafiska en við, seldu fyrir 3 árum fyrir 2 millj. til Bandaríkjanna og selja núna fyrir 30 millj. silung, sem er alinn upp á búgörðum, sem hafa þá atvinnu eina að ala upp silung, en þetta mál allt saman er órannsakað hjá okkur. Þetta er mikið svo kallaður regnbogasilungur, sem þeir ala upp. Við vitum ekkert um það, hvaða fiskur það kann að vera hér hjá okkur, sem er eins hentugur fiskur til fóðrunar, uppeldis og sölu og regnbogasilungurinn. Við vitum t. d., að það er geysilegur markaður fyrir murtu, hefur alltaf verið nægilegur markaður fyrir murtu í Frakklandi og núna aftur í Bandaríkjunum. Við vitum ekkert um, hvað tekur mörg ár að ala hana upp, hvað hún er hentugur silungur til uppeldis. Við vitum ekkert um þær mörgu urriðategundir, sem eru hér í vötnum, hvað þær eru hentugar til uppeldis. Við vitum ekkert með Íshafsbleikjuna, hvort hægt er að taka hana og ala hana upp. Við vitum bara, að Svíar hafa komizt svo langt í þessu uppeldi, að þeir ala upp laxinn og sleppa honum aldrei í sjó, og hefur tekizt að fá af honum sama keim eins og hann kæmi úr sjó, en þeir nota mikið sérstakar tegundir, sem þeir hafa komizt að, hvað nota sem fæðu í sjó, m. a. rækjur. Þetta mál er allt órannsakað, og ég vil bara benda á, að það, sem við erum hér að fara fram á, er eiginlega að draga úr þeim útgjöldum, sem gert er ráð fyrir í lögunum um klaksjóð að ríkið hafi af þessum málum, og reyna að fá áhuga rafveitunnar, sem hefur reynslu í þessu máli, sameina það sérþekkingu veiðimálastjóra og áhuga þeirra veiðimanna, sem ef til vill vilja taka þátt í því að reisa slíka klakstöð og reyna að hrinda þessu máli lengra áleiðis.

Það er margt, sem er órannsakað í þessu. Til dæmis heldur veiðimálastjóri því fram, að það hafi ákaflega litla þýðingu að setja þessi seiði í ár, þar sem lax sé fyrir, það sé bezt að friða laxinn, þar sem hann er fyrir, og láta hann sjá sjálfan fyrir fjölguninni. Hins vegar sjáum við það á þeim dæmum, sem ég nefndi um Botnsá og Brynjudalsá, að þar eru tvö dæmi, sem skera alveg úr og enginn fræðimaður leyfir sér að mótmæla, að þar er geysileg laxagengd. Það er mikil laxagengd í báðum þessum ám, þar sem enginn lax var áður og eingöngu voru sett seiði, sem alin voru upp og sleppt þangað sem pokaseiðum. En nú er sú nýja aðferð að ryðja sér til rúms einnig að ala laxinn upp, þangað til seiðin eru 12 cm löng. Það er miklu dýrara að vísu, en þá er talið að farist miklu minna af þeim en þegar seiðunum er sleppt sem pokaseiðum. Allt þetta er órannsakað mál, og þessi stöð, sem á að reisa þarna við Elliðaárnar og gera ríkinu eins fjárhagslega auðvelt og hægt er, er fyrsta sporið í þá átt að geta unnið í þessum málum eitthvað svipað því, sem aðrar þjóðir hafa unnið, og er þó alveg vafalaust, að við höfum hér betri skilyrði en næstum nokkur önnur þjóð í þessum efnum. Meðal annars eigum við veiðivötn uppi um heiðar, sem eru alveg ósambærileg við nokkur önnur veiðivötn í heiminum. Fiskisældin er það mikil. Og þetta er allt óplægður akur, vandamál, sem að vísu þessi stöð leysir ekki nema að litlu leyti, en það er þó að minnsta kosti fyrsta sporið í áttina.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð til að láta í ljós ánægju mína yfir því, að skriður kemst á þetta mál á þann veg, sem hér er til stofnað. Við, sem höfum setið nokkuð lengi hér á Alþingi, munum eftir því, þegar Þórður heitinn Flóventsson frá Svartárkoti fræddi þm. og aðra hér meðal okkar þjóðar um möguleikana á laxayrkju. Síðan er alllangt um liðið, og því miður hefur langur tími liðið, sem ekki hefur verið hagnýttur sem skyldi í þessu efni. Þórður Flóventsson var mikill áhugamaður og sérfræðingur í þessum efnum, líklega ekki skólalærður, en sérfræðingur af guðs náð. Ég tel það alveg tvímælalaust stórt áhugamál fyrir íslenzku þjóðina, að gaumur sé gefinn að þeim möguleikum, sem í því eru fólgnir að ala upp nytjafiska, hverju nafni sem þeir nefnast, í vötnum landsins. Get ég af eigin reynslu staðfest það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. um eina fisktegundina, það fyrirbrigði, sem ég hef haft talsverð afskipti af og niðursuðuverksmiðja Sölusamlagsins hefur haft til sölu, murtuna, að hún þykir svo merkilegur og góður fiskur í Bandaríkjunum, að ég hef það fyrir satt, að henni hafi verið hleypt þar inn til sölu þrátt fyrir það, þó að almennt sé litið hornauga til innflutnings á ýmsum vatnafisktegundum og þær tegundir jafnvel útilokaðar frá því að seljast á amerískum markaði. En murtan hefur þótt það hnossgæti, að þeir hafa aldrei fengið af henni nóg og tæpast hægt að segja, að þeir hafi spurt um verðið. Þannig getur það vel verið með fleiri vatnafiska. Ég játa fyrir mitt leyti, að ég er ófróður í þeim efnum, en ég tel víst, að hér sé mikið og veglegt verkefni fyrir framtíð þessarar atvinnugreinar og að einmitt það að koma þessu máli nú í nýjan farveg sé rétt spor, og í því sambandi vildi ég benda þeim, sem með málið fara, á það, sem í rauninni segir sig þó sjálft, að sérþekkingu á þessum efnum hefur okkur lengi skort. Og þó að ég dragi ekki í neinn efa,

að veiðimálastjórinn, sem var og er kannske nú orðinn aftur, hafi góða þekkingu á þessu sviði, þá mun það borga sig vel að spara ekki allt of mikið í því efni, en styðjast við hina beztu sérfræði í þessu efni og afla þannig landinu hinnar beztu þekkingar á þessu sviði, hvort sem hún er útlend eða innlend.

Ég vildi segja þessi orð til þess að láta í ljós fyrir mitt leyti ánægju yfir því, að þessu — í mínum augum — stórmáli er hér að nýju hleypt á flot og á þann veg, að því er virðist, að líkindi geta orðið til þess, að meiri framkvæmdir og gerhugsaðri í þessu efni geti átt sér stað framvegis en verið hefur. Ég hygg, að það sé síður, að okkur hafi skort fjármuni til þess arna, en hitt, að okkur hafi skort allt of mikið þekkingu á málinu. Það er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, alveg órannsakað mál, í hvað mörgum greinum hægt er í þessu landi að koma upp og auka viðgang nytjafiska í vötnum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Þetta frv. er flutt af n. að beiðni landbrh., en nm. áskilja sér að nokkru leyti óbundnar hendur, og þykir mér því rétt samkvæmt venju hér, að frv. sé vísað til nefndarinnar.

Frv. vísað til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 529, n. 548, 547).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel það í raun og veru óþarft hér að ræða um þá brtt., sem n. hefur lagt nú fram við þetta frv., því að það var þegar við 1. umr. rætt um allar þær brtt., sem hér liggja fyrir, nema lauslega um eina brtt., þá að færa tölu laxaseiðanna upp í 3 millj. úr hálfri þriðju millj., og er það gert vegna þess, að bætt var þarna inn í, að í staðinn fyrir laxaseiði er sett lax- og silungsseiði. Við það verður klakið yfirgripsmeira, og því þótti rétt að hafa fjöldann heldur meiri en annars hefði verið.

Í 2. brtt. er því breytt þannig, að það verði kostnaðarverð, sem seiðin verða seld á, í staðinn fyrir að áður var ákveðið hámark á því, sem var 8 kr. þúsundið, sem sýnist vera nú langt fyrir neðan sannvirði, og við vitum ekki heldur um það, hvað kann enn að hækka verð á framleiðslu þessara fiskseiða. Því þótti rétt að binda það ekki við neinn ákveðinn krónufjölda, heldur hafa það þannig laust og óbundið, að það væri sanngjarnt kostnaðarverð, sem væri sett.

Af því að þetta mál var rætt hér allrækilega við 1. umr., sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar að ræða um það nú hér. Og þessar brtt., sem hér liggja fyrir, voru áður ræddar allmjög.

ATKVGR.
Brtt. 547,a (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 547,b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 560).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 560, n. 703).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.*

Frsm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 560, er komið frá Ed. og er um breyt. á l. nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð og heimild fyrir ríkisstj. til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni. Þetta frv. var lagt fram í Ed. og er þaðan komið, flutt þar af landbn. eftir óskum landbrh.

Frv. þetta felur aðallega í sér breyt. á 3. gr. l. frá 1937, um klakstöðvar, og eru breyt. á þeirri gr. eiginlega þrenns konar. — Það er fyrst og fremst það, að ríkisstj. er heimilað að byggja þessar stöðvar stærri, að þær geti framleitt 3 millj. seiða í staðinn fyrir 2½ millj., sem er í l. — Enn fremur er sú breyt. í þessari gr. frv., að í l. frá 1937 er eingöngu átt við laxaklak, en í þessari breytingargr., sem nú er til umr., er silungsklak tekið inn í líka. — Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir því, að í sambandi við þessar klakstöðvar sé ríkisstj. heimilt að setja upp uppeldisstöðvar. — Og í fjórða lagi er sú breyt., að það er sagt í gr., að ríkisstj. megi setja þessar stöðvar upp og reka í samvinnu við aðra aðila.

Það eru nokkrar ástæður fyrir hendi til þess að hafa samvinnu um þessi mál við áhugamenn á þessu sviði, og ég tel nú fyrir mitt leyti, að það geti verið ąllheppilegt, að einmitt áhugamenn um þessi mál hafi þarna hagsmuna að gæta líka. Ég er þeirrar skoðunar, að skynsamlega rekin fiskirækt í ám og vötnum hér á landi geti, ef vel er á haldið, gefið arð og orðið til þess að skapa aukin verðmæti í framleiðslu. En eins og ég talaði um áðan, tel ég, að til þess að slíkt megi takast, þá sé þörf á því, að við þetta starf fáist áhugamenn, og einmitt þá heimild í gr. að mega láta reka klakstöðvar og uppeldisstöðvar í samvinnu við aðra aðila tel ég beztu breytinguna.

Þá er í þessu frv. líka breyt. í 2. gr., sem er breyt. á 7. gr. l. frá 1937, þar sem í þeirri 7. gr. l. er ákveðið söluverð 8 kr. fyrir hvert þúsund af seiðum frá þessum stöðvum. Síðan l. 1937 voru sett, hefur náttúrlega verðgildi peninga ákaflega mikið breytzt, og er alveg augljóst mál, að 8 kr. verð er nú orðið úrelt í þeim sökum. Í þessari 2. gr. frv., sem er breyt. á 7. gr. l., er gert ráð fyrir, að seiðin verði seld kostnaðarverði.

Um þetta hef ég ekki meira að segja. Landbn. Nd., sem hefur haft þetta til athugunar, hefur rætt málið við veiðimálastjóra og talað um það allýtarlega á fundum sínum. Leggur hún til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Pétur Ottesen: Eins og hv. frsm. landbn. gat um, þá er aðalbreyting þessa frv. frá núgildandi l. fólgin í því, að ríkisstj. er heimilað að reisa klakstöðvar í samvinnu við aðra aðila, og er ég hv. frsm. og landbn. alveg sammála um, að þessi breyting er til bóta og á að geta verið nokkurt öryggi fyrir því, að ráðizt verði í framkvæmdir í þessu efni, þannig að betur verði á málum haldið en reynslan sýndi að var hér fyrir allnokkru, þegar ríkið hófst handa um þessar framkvæmdir.

En ég vil í sambandi við þetta frv. benda á það, að á s. l. ári hófst maður, Skúli Pálsson að nafni, handa um það hér uppi í Mosfellssveit að setja á stofn silungauppeldi, svo kallað regnbogasilungsuppeldi, í tjörnum, sem hann hefur komið upp þar. Þetta er gert að fyrirmynd nágrannaþjóða okkar, sem reka þetta í allstórum stíl, og hefur tekizt að ala þar upp með hagkvæmum hætti silung, þannig að stór verðmæti hafa orðið úr og ekki einasta til heimanotkunar, heldur hefur sumum tekizt að gera þetta að mjög verðmætri og eftirsóttri útflutningsvöru. Hér er þess vegna vissulega farið af stað með einn þátt þessara okkar mála, sem ætti að geta haft mikla þýðingu fyrir Íslendinga í framtíðinni. Jafnframt þessari starfsemi hefur þessi sami maður, Skúli Pálsson, komið upp hjá sér klakstöðvum, og hyggst hann reka þetta að því leyti til með öðrum hætti en gert hefur verið hjá okkur að undanförnu að ala seiðin nokkru lengur en venja hefur verið til. En við það að geta alið seiðin lengur og gert þau þroskameiri, áður en þeim er sleppt í árnar, þá hafa þau meiri mótstöðukraft til þess að sigra þær hættur, sem eru í byrjun á leið þeirra í ám og lækjum. Notar hann í þessu efni heitt vatn, sem flýtir mjög fyrir þroska silungsins á hæfilegu stigi, og hefur þannig tök á því að gera þetta með hagkvæmum hætti.

Ég vildi nota þetta tækifæri hér til að benda á það, að heppilegt mundi vera, að ríkisstj. gerði einmitt samning við þennan mann um klakstarfsemina og einmitt á þeim grundvelli, sem heimilað er í 1. gr. þessa frv. Ég geri ráð fyrir því, að af því gæti gott leitt fyrir okkur og að það gæti orðið sterkur liður í því, sem nauðsynlegt er, að leggja stund á fiskiklak í vötnum hér á landi og halda þar með betur við og auka silunga- og laxastofninn í landinu. Það er ekki vafamál, að laxveiði- og silungsveiðiárnar hér á Íslandi eru þegar orðnar okkur allmjög verðmætar, og það verðmæti á að geta aukizt í verulegum mæli, ef skynsamlega er þar á haldið, og einn þátturinn er vitanlega í því fólginn að taka föstum tökum á silunga- og laxaklakinu.

Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að þegar frv. þetta er orðið að l., sem það nú verður bráðlega, áður en þessu þingi lýkur, þá vildi ríkisstj. eða sá ráðh., sem fer með þessi mál, athuga þann möguleika, sem þarna er fyrir hendi, að hafið yrði samstarf við Skúla Pálsson á grundvelli þess klakstöðvarstarfs, sem hann hefur þegar komið á fót.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 736).

---

66. Sjúkrahús o. fl. (frv. HelgJ).

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. [121. mál] (þmfrv., A. 175).

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 175, sem ég hef hér leyft mér að flytja, um breyt. á l. um sjúkrahús, fjallar um það, að í 1. gr. laga nr. 33 1945 verði bætt við þá upptalningu, sem fyrir er, einu sjúkrahúsi á Suðurlandsundirlendinu. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um frv. þetta. Það er öllum auðskilið. Eins og nú standa sakir, er ekkert sjúkrahús starfandi á Suðurlandsundirlendinu, en í þeim þremur sýslum, sem þar eiga hlut að máli, búa nú yfir 10 þús. manns, og fer fólki þar fjölgandi nú hin síðustu ár, svo að það er ekki að ófyrirsynju, þótt hafizt verði handa um byggingu sjúkrahúss austan fjalls, enda er það svo, að nú er að verða almennur áhugi hjá fólkinu í þessum héruðum um, að nú verði hafizt handa um byggingu á slíku húsi. Um þörfina á því þarf ég ekki mikið að ræða, hún er öllum augljós. Það hefur oft reynzt illkleift að flytja sjúkt

fólk þessa löngu leið yfir fjallvegi til Reykjavíkur og iðulega reynzt erfitt að fá inni á sjúkrahúsum hér fyrr en þá eftir langa bið. — Ég vænti, að hv. Alþ. finni lausn þessa máls og fylgi því hér eftir. Ég vil svo mælast til þess, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 175, n. 371).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. á þskj. 175 og sent það til umsagnar landlæknis, sem mælir með því, að frv. verði samþykkt. N. var einnig sammála um að mæla með samþykkt frv. og væntir, að það fái hér góða afgreiðslu í þessari hv. deild áfram.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt, að sjúkrahúsmál Suðurlandsundirlendisins komist á dagskrá. Eins og kunnugt er, þá eru í þeim þremur sýslum, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ekkert sjúkrahús, en íbúar þar eru samtals um 12 þúsund. Fyrir nokkuð mörgum árum, þegar Guðmundur heitinn Guðfinnsson var læknir á Stórólfshvoli, þá var þar allmyndarlegt sjúkrahús og rekið með miklum myndarskap miðað við þann tíma, en þetta sjúkrahús hefur nú verið lagt niður, og hafa Rangæingar síðan ekkert sjúkrahús. Á Eyrarbakka var byggt hús með það fyrir augum að hafa þar sjúkrahús, tiltölulega stórt hús og hefði getað orðið gott sjúkrahús fyrir það hérað, ef því máli hefði verið fylgt fram eins og vonir stóðu til, en þar er ekki sjúkrahús, heldur vinnuhæli, og hefur verið um mörg ár.

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að íbúar nefndra sýslna séu sammála um, að það verði eitthvað að gera í þessum málum. Á s. l. hausti var samþykkt á aðalfundi Sjálfstæðisfélags Rangæinga að beita sér fyrir því, að byggt yrði fjórðungssjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu. Að það var orðað „fjórðungssjúkrahús“ kom til af því, að þeir, sem fundinn sátu, töldu víst, að orðið „fjórðungssjúkrahús“ þýddi það, að meiri hlunnindi væru veitt þeim sjúkrahúsum heldur en venjulegum sjúkrahúsum. Og ég verð að segja það, að áður en ég kynnti mér þessi lög, þá taldi ég, að það væri eitthvað unnið við það að hafa þetta fjórðungssjúkrahús og nefna það því nafni. Þegar ég kom til Reykjavíkur, átti ég tal við 2. þm. Árn. um þetta mál, og kom okkur saman um að athuga m. a., hvað í þessu fælist. Við athugun laganna kom í ljós, að byggingarstyrkur til fjórðungssjúkrahúsa er lægri en til annarra sjúkrahúsa, sem byggð eru í sveit. Eftir að hafa athugað þetta kom okkur saman um að bíða átekta, enda hafði verið ákveðið, að fundur skyldi haldinn enn austan fjalls um málið til viðræðna og athugunar á því yfirleitt.

Það liggur svo einkennilega fyrir með lög um sjúkrahús, að byggingarstyrkur til fjórðungssjúkrahúsa er ⅗, en til héraðssjúkrahúsa utan kaupstaða ⅖. Ég sé hér á fylgiskjali, sem prentað er með nál. hv. heilbr.- og félmn., að landlæknir segir, að þessir ⅗ eigi aðeins við læknisbústaði og sjúkraskýli í sveitum, en þetta er ekki þannig orðað í lögunum. Þetta á við öll sjúkrahús utan kaupstaða, önnur en fjórðungssjúkrahús. Það er alveg tvímælalaust í lögunum, og skil ég þess vegna ekki, hvernig landlæknir hefur dregið þá meiningu út úr þessu, að hér væri aðeins um sjúkraskýli og læknisbústaði að ræða. M. a. vegna þess, að þetta kemur fram í áliti landlæknis, get ég ekki á mér setið að mótmæla þessu, vegna þess að ég hef kynnt mér lögin, ég hef borið þau undir lögfræðinga, og skilningur minn á þessu máli er að öllu leyti réttur. Eða hver skyldi vilja segja, að sjúkrahúsið, sem verið er að byggja á Blönduósi, sé sjúkraskýli, sjúkrahús með 30 rúmum, en það nýtur lögum samkvæmt í styrk ⅗ af byggingarkostnaði?

Ég tel rétt, að þetta komi fram, vegna þess að m. a. út af því hefur ekki fyrr á þessu þingi verið borið fram frv. um fjórðungssjúkrahús, svo sem mér var óbeinlínis falið á aðalfundi þeim, sem ég áðan nefndi.

Fundur sá, sem ég minntist á á Selfossi, var haldinn með þm. Sunnlendinga, héraðslæknum og sýslumönnum. Þar var eining um að beita sér fyrir samstarfi í þessu máli á Suðurlandsundirlendinu og koma sjúkrahúsmáli Sunnlendinga heilu í höfn, eftir því sem bezt þætti henta. Ágreiningur var á fundinum um það, hversu mikið mætti leggja upp úr því frv. um fjórðungssjúkrahús fyrir Suðurland, sem fram var komið á þinginu. Vildu sumir halda því fram, að það væri vinningur í því, að þetta frv. væri samþ., aðrir töldu það hæpið, vegna þess að byggingarstyrkur til sjúkrahússins yrði lægri, ef húsið væri byggt og rekið eins og fjórðungssjúkrahús. En aðalatriðið í þessu máli er það, að allir eru sammála um að vinna fyrir þetta mál eins og bezt má henta.

Nú mun einhver segja: Það er vinningur í því að hafa þetta sem fjórðungssjúkrahús, enda þótt byggingarstyrkurinn sé lægri, vegna þess að það eru sérstök hlunnindi, sem fjórðungssjúkrahúsin njóta í sambandi við rekstur húsanna. — Það er rétt, fjórðungssjúkrahús fá dálitinn rekstrarstyrk, en landlæknir segir rétt frá í áliti sínu hér á þskj. 371, að fram að þessu hefur rekstrarstyrkur til fjórðungssjúkrahúsa verið nauðalítill og ómerkilegur, það lítill, að það tekur naumast um það að ræða. Hitt er svo annað mál, að tímarnir geta breytzt þannig, að sá styrkur verði hækkaður og að í framtíðinni verði það styrkur og hlunnindi að láta sjúkrahúsið heita fjórðungssjúkrahús.

Ég vil segja það, að enda þótt mér hafi ekki fundizt tímabært í haust að flytja frv. um þetta efni, þá vil ég, úr því að frv. er fram komið, fylgja því fram á þinginu, m. a. vegna þess, að allt er í óvissu um það, hvernig þessum málum verður

háttað í framtíðinni. E. t. v. verður styrkur til fjórðungssjúkrahúsa aukinn, en verði það ekki, þá er sýslunefndunum í þessum þrem sýslum fyrir austan og stjórn væntanlegs fjórðungssjúkrahúss í sjálfsvald sett, hvort þau reka sjúkrahúsið samkvæmt þessum lögum eða hvort húsið verður byggt eins og venjulegt héraðssjúkrahús og styrkurinn þá afþakkaður, sem fjórðungssjúkrahús gæti tekið. Og vegna þess að þetta gæti verið á valdi sýslunefndarmanna og stjórnar sjúkrahússins, þá tel ég, af því að þetta frv. er fram komið, sjálfsagt, að það verði samþykkt, m. a. vegna þess, að ég vil undirstrika það, að við erum í aðalatriðum sammála um að láta verða úr framkvæmdum um sjúkrahúsbyggingu á Suðurlandi. Ég ætla ekki hér á þinginu að fara að auglýsa einhverja sundrungu í þessu máli eða tefja fyrir því, vegna þess að það getur orðið vinningur að því í framtíðinni, ef rekstrarstyrkur til fjórðungssjúkrahúsa verður hækkaður, og það getur aldrei orðið skaði að því, vegna þess að sýslunefndirnar og stjórn sjúkrahússins hljóta að geta ráðið því, hvort þessi lög verða notuð eða ekki, og út af þessu fylgi ég frv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Ég verð líklega að byrja á því að þakka hv. samþingismanni mínum fyrir það, að hann ætlar að vera með frv., og finnst manni það ekki beint þakkarvert í sjálfu sér; mér finnst það alveg sjálfsagt af honum sem slíkum. — Það, sem deilt hefur verið um af honum, hefur ekki komið fram nema hjá honum, — sú rödd, að það væri heppilegra að hafa það ekki undir lögunum um fjórðungssjúkrahús, af því að byggingarstyrkurinn væri ⅝ miðað við almenn sjúkrahús. Þetta er misskilningur, sem m. a. landlæknir bendir hér á í því fylgiskjali, sem fylgir með nál. Það var hugsað þannig árið 1949, þegar þessu var bætt inn í lögin um sjúkrahús, að það yrði aðeins til læknisbústaða og sjúkraskýla og húsa í einstökum héruðum, og ef þrjú sýslufélög standa saman um að reisa eitt sjúkrahús, þá er ekki lengur hægt að tala um sjúkrahús í einstökum héruðum. Það nær yfir heilan landsfjórðung og gæti því ekki fallið undir það ákvæði. Með lögunum um fjórðungssjúkrahús var gert ráð fyrir því, að þau hús nytu frekari hlunninda af því opinbera heldur en önnur hús. Það var gert til þess að reyna út af þeim vandræðum, sem þá voru orðin með rekstur sjúkrahúsa, að stuðla að því, að hver fjórðungur hefði sitt sjúkrahús út af fyrir sig, eitt gott hús, sem alltaf væri hægt að reka. Það var meiningin með fjórðungssjúkrahúsalögunum. Og ég held, að það sé alveg sjálfsagt fyrir Sunnlendinga, þegar þeir hefjast handa um byggingu á sínu sjúkrahúsi, að hafa það undir þessum lögum um fjórðungssjúkrahús. Um það held ég að sé ekki mikill ágreiningur, enda var sú eina rödd, sem kom á móti því á fundinum á Selfossi, frá hv. 2. þm. Rang., samþm. mínum, og að vísu að nokkru leyti frá hv. 2. þm. Árn. Allir aðrir á fundinum hölluðust frekar að því, að það væri betra að hafa fjórðungssjúkrahús undir þeim lögum, þ. á m. læknarnir allir. Og ég skil ósköp vel þá afstöðu.

Ég get nú ekki séð, að þetta frv. sé of fljótt fram borið. Ég vil segja, að það sé of seint fram komið. Þetta átti að vera skeð fyrir þó nokkuð löngu. Og það stafar meðal annars af því, að undanfarandi ár hef ég rætt þetta mál mikið við landlækni. Hann hefur ekki viljað fram að þessu fallast á þá skoðun mína, að fjórðungurinn ætti að fá fjórðungssjúkrahús, því að hann hélt því fram, að Landsspítalinn ætti að vera fjórðungssjúkrahús okkar Sunnlendinga. En nú, þegar svo er komið, að Landsspítalinn er orðinn yfirfullur af sjúklingum með vissa veiki, aðallega krabbamein og slíkt, — hann er svo að segja lokaður fyrir öllum öðrum sjúklingum, — þá féllst landlæknir fyrst í haust á það, að við Sunnlendingar ættum sömu kröfu á því eins og aðrir landsfjórðungar, enda sést það hér á hans umsögn, að hann er nú fyllilega orðinn samþykkur því, að svona verði farið að. Og ég þakka honum fyrir það.

Ég kæri mig ekki um að karpa um þetta meira. Við erum orðnir allir sammála um það, vona ég, Sunnlendingar, að okkur vanti sjúkrahús og þurfum það að fá. Og jafnvel, eins og hv. 2. þm. Rang. tók fram, þó að þetta verði að lögum, þá geta viðkomandi ráðamenn í héruðunum austan fjalls ráðið því, hvort það verður breytt eftir þessum lögum eða ekki. Það er á þeirra valdi, hvort þeir vilja heldur hafa sjúkrahús undir öðrum ákvæðum laga eða þessum. Þess vegna held ég, að það sé gott, að þetta verði samþ., svo að það sé til, ef þeir vilja nota þá aðferð, sem ég tel víst að muni verða. Ég hirði svo ekki að ræða um það frekar.

Þeim myndarbrag, sem var á sjúkrahúsi Rangæinga, meðan fyrirrennari minn var þar, skal ég ekki draga úr, ég er fyllilega sammála því. En ég hef verið þar líka yfir 20 ár, — kannske ekki með eins miklum myndarbrag, — ég ætla ekki að dæma um það sjálfur. En ég hef verið læknir við sjúkrahúsið á Stórólfshvoli í yfir 20 ár. Nú er húsið orðið ónýtt, og hefur orðið að rífa það, og allar aðstæður eru breyttar frá því, sem áður var. Það er komið svo nú, að úti um land er ekki hægt að reka sjúkrahús nema nokkuð stór, sem hægt er að hafa vissan mannfjölda við, hjúkrunarlið. Það fæst ekki orðið hjúkrunarlið á þessa smáu staði og fáu nema hafa vaktaskipti, og það mundi ekki standa undir þeim kostnaði. Þess vegna er nú svo, að svo að segja öll sjúkrahús úti um land standa auð og tóm út af því, að það er ekki hægt að reka þau með því fyrirkomulagi, sem nú er á vinnu þess fólks, sem við þau þarf að vinna. Þess vegna var húsið á Stórólfshvoli rifið, sem var orðið lélegt, ónýtt, — það var rifið og ekki hugsað um að koma upp öðru í staðinn, vegna þess að svona smásjúkrahús er ekki hægt að reka lengur. Það tilheyrir gamla tímanum að reka þessi hús og er ekki hægt að gera það mögulegt. Þau verða að vera nokkuð stór, þannig að hægt sé að hafa vaktaskipti og fólk eftir þeim kröfum, sem nú eru gerðar bæði til sjúkrahúsa og fólks, sem þar vinnur.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af lagaskýringu hv. síðasta

ræðumanns. Ég er hérna með lögin með mér, og það stendur hérna alveg skýrum stöfum, eins og lagagreinin hljóðar:

„Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að ⅔ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að ⅔ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús“ — það er ekki sagt einstökum sveitarfélögum, heldur sveitarfélögum, og auk þess „sjúkraskýli eða læknisbústaði.“ — En landlæknir nefnir ekki nema sjúkraskýli og læknisbústaði.

Það er óþarfi fyrir okkur að vera að deila um þetta, af því að við erum sammála um, að frv. megi fram ganga, jafnvel þó að það væri ef til vill verra, að húsið væri rekið eins og fjórðungssjúkrahús heldur en almennt sjúkrahús, vegna þess að það er á valdi stjórnar sjúkrahússins og sýslunefndanna, hvor kosturinn verður valinn. Þess vegna getur það aldrei skaðað, en eins og ég sagði áðan, þá gæti orðið þót að því, ef rekstrarstyrkur til fjórðungssjúkrahúsa yrði aukinn. Ég man ekki betur en að á fundinum á Selfossi hafi hv. 2. þm. Árn. og Lúðvík Norðdal læknir talið miklar líkur til þess, að það væri betra fyrir héruðin að byggja sjúkrahúsið eins og venjulegt héraðssjúkrahús.

Ég talaði ekki um, að frv. væri of fljótt fram komið. Ég sagði ástæðuna fyrir því, hvers vegna ég hefði ekki flutt frv. í haust, eins og mér var beinlínis falið með samþykkt fundarins, sem ég nefndi. Það var út af því, að lögin voru þannig eftir minni vitund og lögfræðinga, sem ég talaði við, að byggingarstyrkurinn yrði lægri með því fyrirkomulagi, að það væri fjórðungssjúkrahús. Og þetta vil ég undirstrika, vegna þess að landlæknir nefnir aðeins sjúkraskýli og læknisbústaði, en gleymir að nefna almenn sjúkrahús, eins og stendur í lögunum. Hann veit, hvað hann segir, ef til vill, en hann getur aldrei kallað sjúkrahúsið á Blönduósi með 30 rúmum sjúkraskýli. Það er almennt sjúkrahús. Og það er viðurkennt af öllum, að öll sjúkrahús utan kaupstaða eru styrkt í byggingu að ⅔. Það er ekki hægt að mótmæla því með rökum, sem stendur skýrt í lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 59. og 60. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 31. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 175, n. 651, 695).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Frv. þetta er hingað komið frá hv. Nd. og er um það að bæta við í tölu þeirra sjúkrahúsa, sem viðurkennd eru sem fjórðungssjúkrahús, einu sjúkrahúsi fyrir Suðurlandsundirlendið. Munu vera samtök um það í byggðum Suðurlandsundirlendisins að standa að byggingu þessa sjúkrahúss. Í bréfi frá landlækni, sem heilbr.- og félmn. Nd. birti með áliti sínu, skýrir hann viðhorf sitt til þessa máls, og er hann mjög samþykkur því, að málið nái fram að ganga. Samkv. þessu var málið afgr. hingað til þessarar hv. d.

Meiri hl. heilbr.- og félmn. þessarar d. mælir með því, að frv. sé samþ. óbreytt, en minni hl., þ. e. hv. þm. Barð., er því andvígur. Ég vil taka það fram, að mér er kunnugt um það og hef þær upplýsingar frá hv. 2. þm. Árn., sem á sæti í þessari deild, að við umræður um málið á svæðinu, sem hér um ræðir, var það athugað, að það eru til möguleikar, sem eru aðeins ætlaðir að vísu smærri sjúkrahúsum, til þess að fá greidda ⅔ kostnaðar við byggingar, og þeim, sem að þessum málum standa, er þetta mjög ljóst, en hafa fylkt sér um þá ósk, að þetta væntanlega sjúkrahús Suðurlandsundirlendisins verði viðurkennt sem fjórðungssjúkrahús og hljóti styrk samkv. því. Er sá styrkur að vísu nokkru minni en ætlaður er sjúkrahúsum eða sjúkraskýlum í sveitum, en þetta er vitað og viðurkennt. Leit meiri hl. n. svo á, að eðlilegt væri að koma til móts við óskir þeirra manna, sem vilja stofna þarna til fjórðungssjúkrahúss.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú alveg nýtt, að hér á Alþingi séu borin fram frv. um að þiggja minni greiðslur úr ríkissjóði til þess að koma upp ákveðnum byggingum eða sinna ákveðnum verkefnum en lög mæla fyrir um, en þannig er það nú um það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég gat ekki verið sammála hv. meiri hl. um að afgr. þetta mál, m. a. af því, að fyrir mér liggja ekki nægilega miklar sannanir um, að meiri hl. þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, vilji þessa réttarskerðingu, en að því atriði skal ég koma nokkuð síðar.

Það hefur verið reynt að túlka það þannig, þótt hv. form. n. gerði það nú ekki, að lögin nr. 24 frá 1949, um breyt. á þeim lögum, sem hér um ræðir, muni ekki vera nægilega skýr og ákveðin til þess að tryggja það, að sjúkrahús af þeirri stærð og gerð, sem ætlazt er til að reisa á Selfossi eða á Suðurlandsundirlendinu, hefði fullan rétt til þess að fá ⅔ af byggingarkostnaði úr ríkissjóði. Og vegna þess

að þetta hefur verið vefengt og það er m. a. skoðun hv. flm., að það sé ekki svo, þá vildi ég hér, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp þessa grein. Hún er þannig:

„Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að ⅔ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að ⅔ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkv. ákvæðum laga þessara, enda fallist þá ráðh. á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.“

Og það er einmitt vegna þessara fyrirmæla, að einn hv. þm., sem hefur umboð fyrir svo og svo mikinn hluta af þeim íbúum, sem búa á þessu svæði, hefur raunverulega mótmælt þessu frv., hv. 2. þm. Rang. Honum er það fullkomlega ljóst, að þessi ákvæði laganna eru alveg skýr og óvefengjanleg. Nú er það svo, að hv. þm. Seyðf., sem einnig er í heilbr.- og félmn., hefur talið, að samkv. lögskýringum væri á því mjög mikill vafi, að þetta gilti um jafnstórt sjúkrahús og hér er átt við, en þegar litið er á þetta mál og meðferð þess hér á þingi, þá er sýnilegt, að sú skoðun hv. þm. er ekki á rökum reist, enda hefur hann viðurkennt, að hann hafi ekki sett sig svo inn í þetta mál, að hann geti kveðið þar upp neinn sérstakan dóm, sem sé óhrekjanlegur. En þegar frv. er fyrst borið fram, þá hljóðar það svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Læknishéruð utan bæja með yfir 2000 íbúa, sem reisa sjúkrahús og læknisbústað, skulu njóta styrks úr ríkissjóði til byggingarinnar, allt að ⅔ kostnaðar, enda sé staður þeirra og starfssvæði samþykkt af heilbrigðisstjórninni.“

Þannig var frv. borið fram upphaflega. Síðan er frv. breytt — kemur brtt. einmitt frá einum af þeim hv. þm., sem hér á að gæta hagsmuna þessara aðila. Það er frá hv. þm. V-Sk. Hann kemur hér með brtt. þá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með ⅓ kostnaðarverðs.“ Hann vildi þá á því stigi málsins skerða þennan rétt við 850 íbúa, sem flm. vildu fyrst skerða við 2 þús. íbúa, en hvort tveggja þetta er fellt. Þessi skerðing við 850 íbúa og skerðingin við 2 þús. íbúa er hvort tveggja fellt út úr frv. og það er samþ. hér samkv. nál., sem einnig hv. flm. þessa frv. undirritar. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„N. ræddi frv. á allmörgum fundum. Nm. voru fylgjandi efni frv., en ákvæði 1. gr. voru nokkuð óljós og gátu valdið misskilningi. Auk þess þótti n. ekki rétt að binda ákvæðið um aukið framlag til byggingarframkvæmda við ákveðna fólkstölu í héruðunum. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingu“ — og það er sú breyting, sem ég þegar hef lesið.

Hér skrifar Helgi Jónasson, fundaskrifari og frsm. að þessari breytingu, undir, svo að það er alveg sýnilegt, að hann á því stigi málsins hefur einmitt ætlað að tryggja það, að þó að byggt yrði svo stórt hús sem hér um ræðir á Suðurlandsundirlendinu, þá fengi það ⅔ parta úr ríkissjóði, sem og er fullkomlega tryggt með þeim l., sem samþ. voru. Þetta þótti mér rétt að láta koma hér fram.

Hver er þá ástæðan fyrir því, að hv. flm. ber þetta frv. fram nú og vill með þessu frv. skerða rétt þeirra íbúa allra, sem hér eiga hlut að máli? Það er alveg sýnilegt og hefur komið alveg ljóslega fram í sambandi við umr. um málið í heilbr.- og félmn. Hún er sú, að hann vill með þessu móti reyna að tryggja þessu húsi einhverja sérstaka aðstöðu í rekstri. Fyrir það fyrsta hefði það nú verið miklu drengilegra og manndómsmeira að setja það strax inn í l. sér, annaðhvort í þetta frv. eða í sambandi við annað mál, að það sé sjálfsagt að gefa einhver forréttindi til sjúkrahúsa, sem viðurkennd eru sem fjórðungssjúkrahús, og láta það standa í l., en það er ekki gert, heldur er verið að svíkjast að Alþ. á þennan hátt, sem hér er gert. Það er verið að innleiða það hér að reyna að koma þessu inn sem fjórðungssjúkrahúsi til þess síðar meir að fá meiri og sterkari aðstöðu til þess að krefjast meira fjárframlags árlega í rekstur til þess sjúkrahúss, og það er unnið til þess að fórna hér allt að 700—800 þús. kr. úr vasa þessara manna til þess að reyna að tryggja þau sérréttindi. Nú er það svo, að það veit enginn, hvort það tekst síðar að fá nokkur sérréttindi fyrir rekstur fjórðungssjúkrahúsa, auk þess sem það var a. m. k. nægilegur tími til þess að taka upp þá baráttu, þegar búið var að stinga fyrstu skóflustunguna á Suðurlandsundirlendinu fyrir þetta mikla hús, sem þar á að koma. Ég get hins vegar upplýst það í sambandi við þetta mál, að það var mjög mikið rætt í fjvn. á þessu þingi að tryggja hinu nýja sjúkrahúsi á Akureyri einhver sérréttindi í rekstri, og það var komið svo langt, að það var hugsað að láta allt að 300 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til rekstrar, en það strandaði allt á því, að þá komu aðrir þm., sem áttu að gæta hagsmuna sinna kjósenda, og kröfðust þess, að það væri einnig látinn sami réttur ganga yfir þá þegna, sem þar byggju, því að það er sjáanlega óstandandi á þeirri kröfu, að einhver ákveðinn hluti þjóðarinnar skuli fá meira framlag til byggingar sjúkrahúsa og alveg sérstaklega til rekstrar sjúkrahúsa heldur en annar. Það er alveg ótækt að standa á því, enda hefur það aldrei verið lögtekið hvað snertir rekstrinn. Því er nú þannig komið fyrir, að það er fjárhagsatriði í hvert skipti, hvað mikið er látið til fjórðungssjúkrahúsa, og þau hafa fengið um 100 kr. á hvert rúm hingað til, en það hafa sí og æ vaxið kröfurnar frá öðrum sjúkrahúsum um, að þau fengju einnig þennan sama rétt. Hér skýtur hv. flm. því alveg yfir markið að halda, að hann geti með þessu móti tryggt sjúkrahúsi á Suðurlandsundirlendinu nokkuð betri aðstöðu í sambandi við rekstur í framtíðinni, og er alveg óþarft fyrir hann að fórna 7—8 hundruð þús. kr., meðan á byggingunni stendur, sem teknar eru úr vasa hans ágætu kjósenda og annarra, sem að þessu standa, því að um það verður ekkert sagt, hvernig þeim málum verður skipað, undir neinum kringumstæðum.

Ég vildi þá aðeins koma að því, hvort það sé eðlilegt út af fyrir sig, ef einhver sérréttindi eru gefin til fjórðungssjúkrahúsa, að einmitt þetta sjúkrahús kæmi undir þann lið. Og ég verð að segja það, að mér finnst það vera mjög vafasamt.

Þegar upp hefur verið komið fjórðungssjúkrahúsum, þá hefur það grundvallazt alveg sérstaklega á því, að ekki einasta aðilar úr þeim landsfjórðungum stæðu að sjúkrahúsinu, heldur að þessi sjúkrahús tækju við svo og svo miklu af fólki, sem flytur til þessara ákveðnu staða í sambandi við vertíðir og ýmsar framkvæmdir á sjó og landi, sem fara fram á vissum tímum, m. a. eins og t. d. á Siglufirði, sem að vísu er ekki tekið inn sem fjórðungssjúkrahús, en nýtur sömu réttinda eins og fjórðungssjúkrahús, vegna þess að svo og svo mikill fjöldi landsmanna flytur sig þangað að sumri til til þess að hafa þar atvinnu, og það er talið, að það sé skylt fyrir ríkið að sjá um, að þeir menn, sem þar eru, njóti þess vegna sömu réttinda í sambandi við sjúkrahúsmálin eða sjúkdóma eins og aðrir staðir, þar sem komið er upp fjórðungssjúkrahúsum. Hið sama má segja um Ísafjörð. Þar nýtur Ísafjörður þessarar sérstöðu vegna þess, að þangað koma óhemjumargir sjómenn, bæði héðan úr Reykjavík og víðs vegar af landinu, og einkum og sér í lagi á veturna. Það sama er að ske og hefur raunverulega skeð um sjúkrahúsið, sem er á Patreksfirði. Þó að aldrei hafi það fengið að njóta þessara hlunninda, þá er sjúkrahúsið á Patreksfirði að hálfu leyti byggt upp fyrir þá aðila, sem stunda sjó fyrir Vestfjörðum allan veturinn, og m. a. fyrir fjölda manna héðan úr Reykjavík, og bezta sönnunin fyrir því, að ég fer hér með rétt mál, er það, að togaraútgerðarmannafélagið greiddi ákveðna upphæð til byggingar þessu húsi, vegna þess að þeir viðurkenndu, að það væri svo stórkostlegt atriði fyrir togaraflotann hér og fyrir þá menn, sem á honum vinna, að hafa sjúkrahús á Patreksfirði til þess að taka við veikum eða slösuðum mönnum. Þetta hefur verið gert hér í mörg ár, án þess að sjúkrahúsið hafi enn fengið nokkurn styrk frá Alþ. í sambandi við rekstur. Og ég get upplýst, að þetta sjúkrahús, sem er aðeins fyrir hálfa Barðastrandarsýslu, hefur orðið að standa undir á annað hundrað þús. kr. rekstrarhalla á hverju ári nú seinni árin, og það mun ekki verða liðið undir neinum kringumstæðum, hvað sem líður framlagi til byggingarkostnaðarins, að það verði verið að gefa einhver sérréttindi til rekstrar sjúkrahúsi á Suðurlandsundirlendinu, ef einmitt ekki verða tekin upp sömu réttindin fyrir þau önnur hús, sem líkt stendur á með.

Í sambandi við það sjúkrahús, sem hér er hugsað að reisa, þá er alveg útilokað, að nokkur maður, sem stundar sjó, komi á þetta sjúkrahús, — ja, það er helzt, ef hann yrði þá settur í land á Eyrarbakka, sem eru engin líkindi til, kannske í Þorlákshöfn síðar, þegar þar er komin höfn, gæti hugsazt, — en eins og sakir standa núna er húsið fyrst og fremst fyrir héruðin sjálf, en ekki fyrir neina aðra aðila utan að komandi, og þess vegna er alveg sýnilegt, að það þarf ekki að fórna neinum 7—8 hundruð þús. kr. til þess að tryggja sérstök fríðindi í sambandi við rekstrinn, því að þau munu aldrei fást, svo lengi sem nokkurt réttlæti gildir hér á Alþ. um það, að nokkur sérstök fríðindi verði gefin í rekstri til þess húss. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram.

Það er sjálfsagt ekki mitt hlutverk hér, á meðan ég er formaður fjvn., að standa og vera á móti því, að þessir menn fái leyfi til þess að taka á sig þennan bagga. Það er m. a. þess vegna, sem ég hef ekki gefið út sérstakt nál., því að hvers vegna ætti ég, sem veit, að ríkissjóður þarf að halda á hverri krónu, sem hægt væri að spara, að berjast hér gegn því, að ríkissjóður geti sparað þessa nærri 1 millj. og lagt það á herðar þeirra manna, sem eru óðfúsir og vilja endilega hlaupa til og fá leyfi til þess að borga það sjálfir? Þess vegna hef ég ekki heldur gefið út nál. Mér þykir samt sem áður rétt að benda á þetta, vegna þess að það liggja engin gögn fyrir, að um þetta mál sé samkomulag nema innan mjög þröngs hrings, og það er hjá þeim mönnum, sem hafa allra hagsmuna að gæta um það, að sjúkrahúsið komi upp, og þéna svo og svo mikið á því í sambandi við atvinnu og verzlun, að húsið komi þar upp á ákveðnum stað. Það eru engin ummæli frá t. d. Vestur-Skaftfellingum um það, að þeir vilji fórna þessu og borga sjálfir þennan hluta, og það er ekki nema, eins og ég segi, samkomulag við annan hv. þm. Rang., en hinn hins vegar á allt annarri skoðun og litur alveg réttilega á þetta mál, að ekki sé ástæða fyrir þá að taka að sér að greiða þetta, sem vitað er að ríkissjóður verður að greiða samkv. lögum.

Ég skal svo ekki ræða meira um það atriði. En ég vil hins vegar leyfa mér að bera fram hér brtt. við frv., og hefur hún verið prentuð hér á þskj. 695, þ. e., að framan við 1. málsgr. bætist stafliður, svo hljóðandi:

„Aftan við 1. efnismálsgr. 1. gr. l. bætist nýr málsliður: Í kostnaði við að reisa sjúkrahús eða sjúkraskýli er innifalið andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja.“

Þetta er baráttumál, sem hvert eitt einasta hérað á landinu stendur að og svo að segja hver einn og einasti þegn í þjóðfélaginu vill að sett sé inn í l., og satt að segja á ég ákaflega erfitt með að skilja, hvers vegna þetta er ekki löngu síðan lögtekið, því að það er alveg sýnilegt, að húsið eitt gerir læknaþjónustunni og heilsugæzlunni í landinu ekkert gagn, ef ekki er hægt að útbúa það með þeim húsbúnaði, áhöldum og lækningatækjum, sem nauðsynleg eru, og að það er svo stór liður í byggingu hússins og útbúnaði, að það er ómögulegt fyrir fátæk héruð að standa undir þeim kostnaði. Þetta gildir um svo að segja öll sjúkrahús á landinu. Þetta er náttúrlega mismunandi upphæð eftir því, hvað sjúkrahúsin eru stór, en öll sjúkrahús þurfa undir öllum kringumstæðum eitthvað af þessum tækjum. Mér er m. a. kunnugt um það nú, að það hafa verið hafin víðtæk samskot í Barðastrandarsýslu til að afla nægilegs fjár til þess að geta keypt þessi tæki, og heilsugæzlan líður stórkostlega fyrir það, að ekki hefur verið hægt að kaupa þau. Ég vildi því vænta þess, að hvað sem meginatrið-

inu líður, þá fylgi hv. þm. þessu máli hér, og ef ríkissjóður getur með samþykkt frv. á öðrum sviðum sparað sér upp undir 1 millj. kr., eins og til er ætlazt, þá er því ríkari ástæða til þess að nota það fé, sem hann lagalega væri skyldugur til að greiða af hendi, og nota þá það fé til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af þessu leiðir nú, að héruðin verða að kaupa þau tæki, sem hér um ræðir. Ég vil því mælast til þess mjög, að þessi till. verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Ég skal viðurkenna það, herra forseti, að ég hef ekki sett mig sérstaklega inn í þetta mál, en mér finnst gæta svo mikils misskilnings hjá þm. Barð. á málinu í heild, að ég held ég verði að segja nokkur orð til þess að reyna að túlka það sjónarmið, sem ég hygg að hér liggi á bak við og ég hygg að þm. Barð. sé líka með, þegar hann athugar málið nánar.

Menn hafa verið sammála um það hér á Alþ. margir — ekki allir, að það bæri að stefna að því að hafa sjúkrahús á nokkrum stöðum á landinu og að það væri óumflýjanlega nauðsynlegt, að við sjúkrahúsið væru tveir læknar. Ég hygg, að þm. Barð. hafi verið sammála mér og öðrum um þetta.

Hér er um stórt og víðlent hérað að ræða, sem eru í, ef ég man rétt, sex læknishéruð. Í staðinn fyrir að fara fram á að reisa hvert um sig eitt lítið sjúkrahús, sem fái hærri styrkinn, sem þm. Barð. var að tala um, þá ætla þau öll að sameina sig um að reisa eitt stórt, gott, fullkomið sjúkrahús og sætta sig við að fá lægri styrkinn til þess að hafa það tryggt, að það þurfi ekki að stofna mannslífum í hættu með því, að það sé einn læknir við þau sjúkrahús, sem reist yrðu í Vík eða niðri á Eyrarbakka eða í Hveragerði eða uppi í Grímsnesi eða austur á Síðu, — það sé einn læknir við það og hann sé að skera upp og þá sé komið að sækja 20, 30, 50, upp í 100 km veg til konu í barnsnauð. Hvað á hann að gera? Á hann að hlaupa frá uppskurðinum og fara til konunnar? Á hann að klára uppskurðinn og láta konuna deyja drottni sínum? Það þurfa að vera 2 læknar við hvert sjúkrahús, svo að slíkt tilfelli komi aldrei fyrir, og þess vegna er það, að Sunnlendingar sjá þetta og vilja þess vegna koma upp einu góðu sjúkrahúsi, þar sem hægt sé að hafa fullkomna og góða aðbúð og alltaf lækni við, þó að annar sé sóttur. Þetta er það, sem Húnvetningar sjá ekki, sem vilja láta koma nýtt læknishérað 20 km veg frá Blönduósi og hafa svo annan lækninn á Blönduósi og að hann hafi sitt stóra hérað, sem hann áður hefur, og eigi svo að hendast af spítalanum út um hvippinn og hvappinn, nema hann ætli sér á eftir að koma með kröfu um nýjan lækni á Blönduósi — þriðja lækninn þá í því læknishéraði. Það er þetta sjónarmið, sem Sunnlendingarnir eru með, og ég tel þetta sjónarmið alveg rétt. Ég tel, — eins og reyndar þm. Barð. sagði áðan, þegar hann var að ræða um frv. um breyt. á læknaskipuninni, sem síðan var drepið, — að það mál allt saman þurfi að fá miklu betri undirbúning en það hefur fengið. Gunnar Thoroddsen var skipaður af Alþ., landlæknir af ríkisstj. og Magnús Pétursson eftir ábendingu Læknafélags Íslands til að undirbúa þetta mál allt saman fyrir mörgum árum og hafa aldrei gert neitt í því. Ég tel það vanrækslusynd. Og ríkisstj. hefur verið ónýt að ganga á eftir, að þeir gerðu það, og það vil ég að hæstv. dómsmrh. heyri, sem hér er, — þetta heyrir að vísu ekki undir hann, en hann er þó einn í ríkisstj., og þetta átti hún að vera búin að gera fyrir löngu.

Þá þarf að taka til athugunar, hvort það sé nokkur ástæða til þess að hafa lækni niðri á Eyrarbakka og lækni í Hveragerði, þegar það kemur stórt sjúkrahús með tveim læknum eða kannske þrem læknum á Selfossi. Hvor skipunin á að vera? Eigum við að bora læknunum út um allt, svo að fólkið þurfi að fara sem styztzt til að ná til þeirra? Það var gert, eftir því sem hægt var, á meðan ekki voru vegir, ekki voru brýr og ekki voru samgöngutæki í því lagi, sem nú er. Eða eigum við að sameina þá á færri stöðum og láta þá þar fá möguleika til þess að geta stundað sín störf miklu betur en á hinn háttinn? Það er það, sem ég vil, og ég veit, að þm. Barð. vill það líka. Ég veit, að hann vildi miklu heldur, að sjúkrahúsið á Patreksfirði væri enn þá fullkomnara og betra en það er og að því stæðu Flateyjar-, Reykhóla- og Bíldudalshérað og vegasamgöngurnar væru komnar í það lag, að hægt væri að koma sjúklingunum úr allri sýslunni, úr öllum þessum fjórum héruðum, í þetta eina sjúkrahús, heldur en að fara að baksa í að koma upp nýju sjúkrahúsi á Reykhólum, enn þá einu á Bíldudal o. s. frv. og láta svo allt búa við þröngan kost fjárhagslega og enn þá þrengri kost læknislega séð, þannig að það geti orsakað heilsutjón manns, að ekki er hægt að hafa nema einn lækni við sjúkrahúsin, eigi þau að koma alls staðar.

Þess vegna held ég nú, þó að ég ætli ekki að gera till. um það, að það væri langréttast, — ja, það má ákveða að vísu að koma þarna upp sjúkrahúsi núna, það er hægt að gera það, ef vill, ég tel það ekki neina höfuðnauðsyn, — en ég tel höfuðnauðsyn, að stjórnin láti rannsaka öll þessi mál, hvar þurfi að hafa stór, góð sjúkrahús og tvo lækna eða fleiri við þau og um leið fækka læknum annars staðar. Það á að vera stefnan að mínum dómi. Það hafa ekki verið umr. á Alþ. öllu harðari en voru um þetta á sínum tíma. Þá varð samkomulag um að setja nefnd, sem átti að finna leið í málinu. Hún hefur sem sagt aldrei gert neitt annað en að hirða sín laun, sem hún gerði fyrst til að byrja með, og nú er hún víst hætt að hirða þau og líklega líka hætt að hugsa nokkuð um málið. Ég tel, að Alþingi eigi að heimta það af ríkisstj., að hún láti rannsaka þetta mál í heild, og þá er ég viss um það, að þm. Barð. fellur inn á sömu hugsun og ég, að hann mundi heldur vilja hafa eitt gott sjúkrahús á þessu svæði, þar sem þessi 6 læknishéruð eru, heldur en 6 sjúkrahús sitt með hverjum lækni og öll af vanefnum gerð og öll af enn þá meiri vanefnum til að rækja þær læknislegu skyldur, sem hvíla á læknunum, sem þá verða hvort tveggja fyrir héraðið og fyrir sjúkrahúsið. Og það er einmitt það, sem þetta frv. fer fram á. Það fer fram á, að það sé byggt eitt sjúkrahús,

sem sé nægilegt fyrir sex læknishéruð, í staðinn fyrir að byggja sex sjúkrahús með að vísu hærri styrk til að byrja með fyrir sex læknishéruðin, sem á svæðinu eru, en þetta eina, sem hér er gert ráð fyrir að reisa.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, urðu töluverðar umræður við fyrri hluta þessarar umr. á laugardaginn var.

Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál, vegna þess að það snertir hérað mitt og er um sjúkrahúsbyggingu á Suðurlandsundirlendinu.

Undirbúningur undir sjúkrahús er ekki neitt nýtt mál austan fjalls. Það var laust eftir aldamótin síðustu, sem töluvert mikil hreyfing kom um það eystra að safna til sjúkrahúss og reisa það austan fjalls. Og þetta komst svo langt, að byrjað var í kringum 1920 eða skömmu fyrir 1920 að byggja spítala á Eyrarbakka. Þetta mál fór þannig, að húsið var byggt upp fyrir samskotafé og lánsfé. En þegar það er komið það langt, að húsið er komið upp, en vantar í það áhöld og annað slíkt til þess að gera það að spítala, þá er svo komið, að undirbúningsnefnd ber upp á sker með þetta mál, og endirinn er sá, að húsið er tekið úr höndum þeirra manna, sem þarna stóðu að, og gert að fangahúsi, og það er það enn í dag. Þetta er nú ef til vill útúrdúr frá þessu máli, sem hér liggur fyrir, en mér finnst þetta vera svo skylt, að það sé rétt að nota þetta tækifæri til að minna á þennan þátt sjúkrahússmálsins á Suðurlandi.

Nú hefur verið um nokkurt árabil töluvert mikil hreyfing uppi í héruðunum fyrir austan að undirbúa byggingu sjúkrahúss á þessu svæði. Og núna tvö s. l. ár hefur verið starfandi nefnd, sem hefur verið skipuð af sýslunefnd Árnesinga, í þessu máli. Það hefur nú ekki mjög mikið gerzt í því enn þá annað en að ýmis félagasamtök eru þarna starfandi eystra, sem hafa það m. a. á stefnuskrá sinni að safna fé í væntanlegt sjúkrahús. Hvað þetta fé er orðið mikið núna, veit ég ekki, vegna þess að enginn aðili er yfirleitt til þess að hafa um það heildaryfirsýn, hvað féð er mikið á hverjum stað og samtals, en vitað er, að það er orðið þó nokkuð og áframhald á söfnun og mikill hugur í íbúum héraðanna. Nokkuð hefur það háð þessu máli, að ekki hefur verið vitað, hvað sjúkrahúsið yrði reist á breiðum grundvelli eða hverjir það yrðu, sem teldust eigendur þess og vildu bindast samtökum um að koma því upp. En á s. l. hausti kom hreyfing á málið í Rangárvallasýslu, og eftir að sú hreyfing komst á stað og var komin á opinberan vettvang, þá varð það til þess, að nefndin, sem starfaði í Árnessýslu með þetta að starfssviði, kallaði saman fund, sem var svo haldinn á Selfossi í nóvember í haust. Á þeim fundi voru mættir þm. Árn., Rang. og þm. V-Sk., sýslumenn Árnesinga og Rangárvallasýslu og héraðslæknar á þessu svæði, eftir því sem til þeirra náðist. Þeir voru eitthvað um fjórir eða fimm, sem voru mættir. Þar var þetta rætt, og það merkilegasta, sem gerðist á þessum fundi, að mínu áliti, er það, að þá kom fram alveg hiklaus skoðun þeirra fulltrúa, sem þarna voru mættir frá Rangárvallasýslu, að sýslurnar ættu að vera allar saman um þetta mál, að standa saman um byggingu sjúkrahússins. Þetta álít ég vera langmesta atriðið, sem fram kom á þeim fundi. Þar var því slegið föstu, sem sagt, af þessum fulltrúum, sem þarna mættu, að sjúkrahúsið yrði byggt að minnsta kosti af Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Vissa var ekki fengin fyrir því hjá fulltrúum Vestur-Skaftafellssýslu, hvort hún mundi verða með, og liggur ekki fyrir enn. En það má telja öruggt, að þegar þetta mál fer af stað fyrir alvöru, þá séu báðar sýslurnar, Rangárvallasýsla og Árnessýsla, með þessu.

Þá kem ég að því frv., sem hér liggur fyrir. Á þessum fundi, sem ég hef nú verið að skýra frá, var staddur flm. þessa frv., sem er bæði 1. þm. Rang. og héraðslæknir í Rangárhéraði, og sat hann bæði sem héraðslæknir og sem þingmaður á þessum fundi. Þá var þetta frv. nýkomið fram í Nd., og það kom vitanlega til umræðu á þessum fundi. Var mönnum ljóst, að með því að gera þetta væntanlega sjúkrahús að fjórðungssjúkrahúsi, mundi byggingarstyrkurinn verða minni en á sjúkrahúsi, sem væri byggt af héraðinu, eins og venjulegir spítalar í kaupstöðum eru. Þetta var fundarmönnum ljóst; ég vil taka það fram vegna þeirra umræðna, sem komu fram hérna á laugardaginn var um þetta mál. En eins og kunnugt er, þá njóta fjórðungssjúkrahúsin rekstrarstyrks, þótt í óverulegum mæli sé, en þó var það þannig, að álit meiri hluta fundarmanna var það, að öryggið um það að fá rekstrarstyrk á húsið, þegar það væri komið upp, réði meiru um það en þó að byggingin fengi aðeins hærri byggingarstyrk. Þetta sjónarmið, að öryggi um rekstur, þegar húsið væri komið upp, væri betra, heilbrigðara en heldur hærri byggingarstyrkur, var orsökin til þess, að fundurinn féllst á að mæla með frv. þrátt fyrir mismuninn á byggingarstyrknum.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp afrit af fundargerð af þessum fundi, þar sem var einmitt talað um þetta frv.:

„Umræður snerust að nokkru um nýlega fram komið frv. á Alþingi um fjórðungssjúkrahús á Suðurlandi, og var meiningarmunur um þýðingu þess. Meiri hl. fundarmanna taldi ávinning að frv., ef að lögum yrði."

Þannig liggur þetta fyrir frá þessum mönnum, sem þarna höfðu tækifæri til þess að koma saman og tala um þetta mál. Ég vil í þessu sambandi minna á ummæli hv. þm. Barð., að hann lét orð falla í ræðu sinni um þetta mál eitthvað á þá leið, að hann væri ekki viss um, hvort héraðsbúar mundu verða þakklátir fyrir það, að þm. Suðurlands beittu sér fyrir því að samþ. þetta frv., þar sem ekki mundi liggja fyrir álit þeirra um það og menn yfirleitt væru ekki kunnugir þýðingu frv., þeir álitu, að það hefði eitthvað miklu meira að segja að öðru leyti í sambandi við þetta mál. Og þá féllu ummæli hv.

þm. á þá leið, að þarna hefðu ef til vill verið að verki menn, sem hefðu persónulegan hag af því, að húsið væri byggt. Ég veit nú ekki, hvað hv. þm. hefur átt við með þessum ummælum, en ég þykist með þessu hafa skýrt rétt og nákvæmlega frá, hvernig málin standa um þetta mál heima í héraði og hvernig á því stendur, að fallizt er á það að samþ. frv., þótt það hafi trúlega það í för með sér, að byggingarstyrkurinn minnki heldur. Þá vil ég enn minna á það í sambandi við þetta, að héraðsbúum sé þetta ókunnugt, viti ekki um þetta, að á síðasta þingi íþróttasambandsins Skarphéðins, þar sem eru mættir fulltrúar úr þessum þremur sýslum, var einmitt samþykkt áskorun um að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og þarna eru menn úr ýmsum félagasamtökum í héraðinu, sem hefur verið kunnugt um málið. Og ég vil endurtaka, að það er mikill áhugi um framgang málsins heima í héraði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú, eins og ég sagði um daginn, engan sérstakan áhuga fyrir því, að ríkissjóður sé að greiða þær 800 þús., sem hann væri skyldur til að greiða samkv. gildandi lögum, ef viðkomandi aðilar vilja ekki taka við því, heldur sækja það fast að afsala sér þeim réttindum. En ég vil leyfa mér að benda á, að málið hefur verið borið undir þá fundarmenn, sem hér um ræðir, á skökkum forsendum. Það liggur engin trygging fyrir því, að fjórðungssjúkrahús fái nokkurn meiri rekstrarstyrk en önnur sjúkrahús. Ég tók það skýrt fram hér um daginn, að um það eru engin lagaákvæði. Það er aðeins fjárlagaákvæði á hverjum tíma, og það er alveg sýnilegt, að ef á að fara að setja fleiri og fleiri fjórðungssjúkrahús upp í landinu, bara með það fyrir augum að tryggja þeim betri aðstöðu í rekstri, þá verða aðrir aðilar í landinu, sem koma og heimta sömu réttindi fyrir sín sjúkrahús, þótt ekki séu þau gerð að fjórðungssjúkrahúsum, svo að allar þær samþykktir, sem hafa verið gerðar í sambandi við þetta mál, byggjast á gersamlega röngum forsendum, hafi hv. flm. og hv. 2. þm. Árn. lagt málið fyrir á fundinum án þessarar skýringar.

Ég vil hins vegar leyfa mér að benda hv. d. á, að hv. 2. þm. Árn. gaf hér mjög merkilegar upplýsingar í sambandi við sjúkrahússbygginguna fyrr á tímum, þar sem hann sagði, að þegar húsið hefði verið tilbúið að öðru leyti en því, að þá vantaði öll áhöldin í húsið, gafst byggingarnefndin upp og héruðin samtímis. Ég vil biðja menn um að athuga þessi ummæli, þegar þeir eiga að greiða atkvæði um mína till., sem er einmitt um það, að ríkissjóður taki þátt í greiðslu fyrir þessi áhöld, svo að viðkomandi aðilar þurfi ekki af þeim ástæðum að gefast upp eins og Árnesingar á sínum tíma. Og það var aðallega vegna þess, að ég stóð hér upp og talaði í þetta skipti. — Skal ég svo ekki ræða málið, því að ég hef gert grein fyrir minni afstöðu, og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það nánar.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það er bara vegna þess, að ég hafði ekki hjá mér þskj. 695, sem er brtt. frá hv. þm. Barð. um það, að aftan við 1. efnismálslið 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, þannig hljóðandi: „Í kostnaði við að reisa sjúkrahús eða sjúkraskýli er innifalið andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja.“ — Ég vil vitanlega mjög taka undir það, að þessi till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 695 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, SÓÓ, StgrA, BrB, FRV, GJ, HG.
nei: KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, HermJ, BSt.
GÍG greiddi ekki atkv.
1 þm. (LJóh) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 175, 724).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. var till. mín um, að í byggingarkostnaði skyldu teljast öll áhöld, röntgentæki og húsbúnaður til sjúkrahúsa og sjúkraskýla og þannig greiðast af ríkissjóði sami hluti af þeim kostnaði eins og hann greiðir til sjúkrahúsanna samkv. gildandi lögum. Nú er það svo, að það er mismunandi stór hluti, sem ríkissjóður greiðir, hvort heldur húsið er byggt í kaupstað sem almennt sjúkrahús eða það er byggt í sveitum sem almennt sjúkrahús eða sjúkraskýli eða byggt sem fjórðungssjúkrahús, og hefði því þátttaka ríkissjóðs í kaupum á húsbúnaði, áhöldum og lækningatækjum orðið mismunandi eftir því, í hvaða hús þessi áhöld hefðu farið. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi valdið raunverulega mjög miklu um afstöðu hv. þm., að hér var ekki sami styrkur veittur öllum sjúkrahúsum, að málið náði ekki fram að ganga, enda féll sú till. hér með eins atkvæðis mun. Okkur hefur því þótt rétt, mér og hv. 2. þm. Árn., að bera fram hér á ný till. á þskj. 724, svo hljóðandi:

„Aftan við 1. efnismálsgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður: Enn fremur greiðir ríkissjóður 40% af andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.“ — En 40% er lágmarkið, sem ríkissjóður greiðir hverju sjúkrahúsi í byggingarstyrk.

Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. geti fallizt á, að hér sé fullt réttlætismál og engum gert misjafnt undir höfði. Hitt veit ég, að hv. þm. eru sammála um, að nauðsynin til þess að koma þessum tækjum í sjúkrahúsin er svo mikil, að það er raunverulega mjög einkennilegt, að það skuli ekki hafa fyrir löngu verið ákveðið, að ríkissjóður stuðlaði að kaupum á þeim engu síður en að byggingu húsanna. Meðal annars í baráttunni gegn berklaveikinni er það stórkostlegur þáttur að geta haft í hverju sjúkraskýli ljóslækningatæki eða lýsingatæki til þess á frumstiginu að geta jafnan fylgzt með því, hvaða sjúklingar eru í hverju héraði og hvort þeir eru smitberar eða ekki. Ég vil því vænta þess, að þessi till. verði samþ. nú við þessa umr.

ATKVGR.
Brtt. 724 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, StgrA, BrB, FRV, GJ, GÍG, JJós, LJóh.
nei: VH, ÞÞ, BBen, HermJ, KK, PZ, RÞ, BSt.
HG greiddi ekki atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 739).

67. Leigubifreiðar í kaupstöðum.

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum [66. mál] (þmfrv., A. 66).

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er flutt eftir tilmælum stjórna bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík. En auk þess hafa komið fram tilmæli frá fleiri bifreiðarstjórafélögum úti á landi í þessa sömu átt.

Það er tvennt, sem frv. miðar að. Annað er að lögfesta, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum skuli hafa afgreiðslu á viðurkenndri bifreiðastöð. Í öðru lagi sé heimild veitt til þess að takmarka hámarkstölu leigubifreiða á hverjum stað, og er þá ætlazt til, að bæjarstjórnir hafi þá heimild að fengnu samþykki dómsmrn.

Tilefni þessa frv. er það, að í bifreiðarstjórastéttinni hefur borið á atvinnuleysi og því verulegu, og á það sérstaklega við stétt vörubílstjóra. Á styrjaldarárunum og fyrstu árunum eftir styrjaldarlok jókst mjög tala vörubifreiða og vörubifreiðarstjóra. En þegar vinna fyrir þessar bifreiðar dróst saman, eins og verið hefur nú síðustu 5 til 6 ár, getum við sagt, þá hefur borið á töluverðu atvinnuleysi í þessari stétt. Það er örðugleikum bundið fyrir menn, þegar þeir hafa aflað sér þessara dýru tækja, að losna við þau með góðu móti, sérstaklega þegar eftirspurnin eftir þeim fer minnkandi. Af þeim ástæðum þykir rétt að heimila takmarkanir gegn offjölgun í stéttinni, og má segja, að það sé hagsmunamál ekki aðeins þessarar umræddu stéttar, heldur einnig viðkomandi bæjarfélaga og þjóðfélagsins í heild, að ekki fari það margir inn í þessa stétt, að þar sé verulegt atvinnuleysi og þar sé bundið vinnuafl, sem æskilegra væri að beina að öðrum starfsgreinum.

Um rökstuðning fyrir þessu frv. að öðru leyti vil ég vísa til grg., sem fylgdi frá stjórnum þessara bifreiðarstjórafélaga, og vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir á Alþ. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Á 29. og 30. fundi í Nd., 20. og 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 66, n. 252 og 269, 264).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hefur ekki getað orðið sammála um frv. það til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum, sem liggur fyrir.

Nefndin hefur rætt málið allýtarlega, og leggur meiri hl. hennar til, að það verði samþ. með nokkurri breytingu á 1. gr. þess. Leggur nefndin til, að gr. verði umorðuð þannig, að fyrri málsgrein hennar skuli einnig færð í heimildarform. Nefndin taldi ekki rétt, að þau skýlausu fyrirmæli, sem í frv. eru, í 1. málsgr. þess, næðu til allra kaupstaða án tillits til þess, hvort óskir hefðu komið fram um það frá hlutaðeigandi samtökum bifreiðarstjóra á hverjum stað. Hún hefur því lagt til, að 1. málsgr. yrði færð í heimildarform og orðaðist þannig, að bæjarstjórn væri heimilt, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Hv. 2. landsk. þm., sem tók þátt í afgreiðslu meiri hlutans, áskildi sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. og hefur flutt brtt. á þskj. 264, sem hann mun hér á eftir að sjálfsögðu gera grein fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál. Því fylgdi upphaflega grg., þar sem samtök bifreiðarstjóra hér í Reykjavík gera grein fyrir afstöðu sinni til þess. En málið er flutt samkv. þeirra ósk. Benda þau fyrst og fremst á, að fjöldi leigubifreiða, bæði til fólksflutninga og vöruflutninga, sé orðinn svo mikill hér í Reykjavík, að auðsætt sé, að miklu fleira fólk sé komið inn í þessar atvinnugreinar en þörf sé fyrir, og beri þess vegna nauðsyn til þess að setja nokkrar takmarkanir á. Þeir benda enn fremur á það, að í öðrum löndum hafi slíkar reglur og takmarkanir verið settar. Meiri hluti n. féllst í aðalatriðum á þessi rök, enda þótt nokkurrar tregðu yrði vart í n. gagnvart þeirri stefnu að setja ríkar takmarkanir um aðgang einstaklinga að einstökum atvinnugreinum. En þar sem ýmsar takmarkanir hafa verið settar í þessum efnum hér á landi á öðrum sviðum samgöngumála og hins vegar ekki óeðlilegt, að aukið skipulag yrði sett og reglur um þá atvinnugrein, sem hér ræðir um, þá féllst meiri hl. n. á það, að rétt væri að samþ. þetta frv. í aðalatriðum. Sérstaklega taldi meiri hl. n. eðlilegt, að atvinnubifreiðarstjórar fengju aukna vernd gegn hinum svo kölluðu hörkurum, þ. e. a. s. mönnum, sem ekki tilheyra bifreiðarstjórastéttinni raunverulega, en stunda bifreiðaakstur í hjáverkum. Það er auðsætt, að í því er ekki fullkomin sanngirni, að menn, sem hafa aðalatvinnu sína af öðrum störfum, geti í hjáverkum sínum gripið inn í þessi störf og rýrt þar með atvinnumöguleika margra þeirra manna, sem hafa bifreiðaakstur að aðalatvinnu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð fyrir hönd meiri hl. n. í þessu máli, en

endurtek, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hann hefur flutt á þskj. 252.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég hélt upphaflega, að það væri til meiri hluti fyrir þeim till., sem hv. meiri hluti, sem kallar sig, ber fram, en eftir að ég sá brtt. hv. 2. landsk. þm., þá skilst mér, að það sé enginn meiri hluti til fyrir þessu frv. innan nefndarinnar, því að hv. 2. landsk. þm. leggur til, að 1. gr. frv., eins og það er lagt fyrir þingið, verði samþ. óbreytt, en hinar tvær greinarnar verði felldar niður. Mér skilst því, að í aðalatriðum sé hann ekki sammála því þskj., sem hann skrifaði undir, en aftur á móti er hann að meira leyti sammála minni hl., sem vill fella frv.

Það kann að vera, að það virðist í fljótu bragði réttlátt að takmarka tölu leigubifreiða í kaupstöðum. En mér skilst, að þegar um er að ræða hjá einni atvinnustétt að takmarka starfsmannafjölda, þá sé spursmál, hvar skuli nema staðar, því að hér er að skapast fordæmi. Að vísu er þetta, eins og frv. liggur fyrir nú með brtt., aðeins í heimildarformi og spursmál, hvort það kæmi nokkurn tíma til framkvæmda. En það getur alltaf skeð, þegar heimildarl. eru til, að til þeirra verði gripið, og álít ég, að slíkt yrði ekki til bóta, ef svo yrði, m. a. vegna þess, að það er dálítið erfitt að gera upp á milli, þegar á að fækka starfsmönnum innan einnar stéttar, hverjir eigi að sitja í fyrirrúmi og hverjir ekki, en ég tel, að innan allra stétta sé heppilegast, að það sé viss samkeppni, til þess að það fáist, sem bezt er hjá hverjum einstaklingi. Strax og takmarkanir eiga sér stað, er aðstaðan til einokunar ekki langt undan, en þess óska fáir. Sá flokkur, sem hefur talið frjálsa samkeppni efst á sinni stefnuskrá, virðist að þessu leyti ekki leggja mjög mikið upp úr henni, og er það gagnstætt hans meginhugsun á öðrum sviðum. En við tveir þm., sem höfum skipað okkur í minni hl., leggjum til, að í þessu sem og á mörgum öðrum sviðum ríki frjálsræði og að frv. verði fellt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef fallizt á það að vilja samþ. þetta frv., sem hér er flutt samkv. beiðni bifreiðarstjórasamtakanna, en þau telja, að hér sé um talsvert hagsmunamál fyrir sig að ræða. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að ekki verði komizt hjá því að fara tiltölulega mjög varlega í heimildir, a. m. k. hvað viðkemur lagasetningu um þá takmörkun á mönnum í þessari stétt, sem óskir bifreiðarstjóranna eru nú um.

Ég hef af þeim ástæðum leyft mér að flytja brtt. við frv. á þskj. 264, og meginatriði þeirra brtt. er, að 2. mgr. í 1. gr. frv. verði felld niður, en í þeirri mgr. segir:

„Bæjarstjórnir skulu, að fengnu samþykki dómsmrn., hafa heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. mgr."

Það er mín skoðun, að það sé of langt gengið í þessum efnum að veita með l. bæjarstjórnum og dómsmrn. heimild til þess að takmarka tölu leigubifreiða eins og þessi mgr. gerir ráð fyrir. Með því að samþ. 1. mgr. þessarar gr., þar sem sett eru ákvæði um það, að allar leigubifreiðar í kaupstöðunum skuli reknar á sérstökum bifreiðastöðvum, sem bæjarstjórn þarf að hafa viðurkennt, þá hefur viðkomandi stéttarfélag bílstjóra að minum dómi nægilega aðstöðu til þess að tryggja með sínum samningum við bifreiðastöðvarnar, að ekki verði óeðlilega margar bifreiðar teknar inn á stöð hverju sinni, og hafa með því móti nokkurn hemil á fjölda þeirra bifreiða, sem reknar eru í hverjum bæ á hverjum tíma.

Ég tel því, að sú takmörkunarheimild, sem raunverulega mundi felast í l. samkv. 1. mgr. 1. gr., sé nægilega mikil, en mér þykir ekki ástæða til þess að bæta við þeirri sérstöku takmörkun, sem bæjarstjórnum yrði fengin í hendur og dómsmrn. samkv. 2. mgr. En af þessari brtt. minni leiðir svo aftur það, að 2. gr. frv. er óþörf, og legg ég því líka til, að hún verði felld niður.

Nú er það svo, að eins og brtt. meiri hl. n. liggja fyrir, þá falla þessar till. ekki alls kostar vel saman, og mun ég því kjósa að draga mína brtt. til baka til 3. umr. og greiða atkv. með brtt. meiri hl. hér við 2. umr., en freista þess hins vegar að fá fram þær breyt. á frv. við 3. umr., sem mín brtt. gerir ráð fyrir og ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 252 (ný 1. gr.) samþ. með 13:7 atkv.

— 264 tekin aftur til 3. umr.

2.—3. gr. samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SÁ, StJSt, SB, EmJ, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, KS, LJós, MJ.

nei: SkG, StgrSt, ÁB, EOl, EirÞ, GG, HÁ, HelgJ, JörB, PÞ, JG.

ÁS, BÓ, JÁ greiddu ekki atkv.

8 þm. (SG, AE, ÁkJ, EystJ, HV, JS, JR, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:8 atkv.

Á 32. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 284, 264).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 264,1 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SkG, ÁkJ, ÁB, ÁS, EOl, EirÞ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, LJós, PÞ.

nei: StJSt, BÓ, EmJ, EystJ, GÞG, HV, JóhH, JPálm, JR, KS, MJ, PO, SB.

StgrSt, JS, JörB greiddu ekki atkv.

5 þm. (AE, GTh, IngJ, ÓTh, SÁ) fjarstaddir.

Brtt. 264,2 samþ. með 18:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GÞG, HV, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, KS, LJós, MJ, PO, SÁ, SG, StJSt, ÁS, EOl, SB.
nei: GG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, PÞ, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁS.
EystJ, BÓ, EirÞ greiddu ekki atkv.
4 þm. (GTh, IngJ, ÓTh, AE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Herra forseti. Í trausti þess, að lagfærðar fáist þær breyt., sem nú hafa verið gerðar á frv., við síðari umr., þá segi ég já.

Sigurður Bjarnason: Ég tel þetta frv. að vísu orðið gersamlega þýðingarlaust og gagnslaust, en í trausti þess, að lagfæringar kunni að fást á því í hv. Ed., segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 372, n. 438, 452).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var flutt í hv. Nd. eftir beiðni frá formönnum tveggja bifreiðarstjórafélaga hér í bænum, bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og vörubifreiðarstjórafélagsins Þróttar. Þegar það var flutt, þá hafði það inni að halda tvö meginákvæði, annars vegar það, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum skyldu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefði viðurkenningu bæjarstjórnar, og hins vegar, að bæjarstjórnum skyldi heimilt, ef þær fengju til þess samþykki dómsmrn., að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, sem áður var rætt um að skyldu vera á bifreiðastöðvum.

Í Nd. var frv. breytt á þann veg, að ákvæðin um takmörkun á tölu bifreiða voru felld niður úr frv., þannig að eins og það nú liggur fyrir, þá hefur það inni að halda aðeins ákvæði um það, og það í heimildarformi, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Undanþegnir þessu eru þó bæði strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar, sem ekki er ætlazt til að falli undir lögin.

Þegar samgmn. þessarar hv. deildar hafði málið til meðferðar, kom í ljós, að n. var ekki á einu máli um þetta. Meiri hl. n. taldi frv. betra eftir þá breytingu, sem hafði verið gerð á því í Nd., en minni hl. taldi það hins vegar lakara og hefur nú flutt brtt. hér á þskj. 452 um það, að aftur verði tekin upp í frv. þau ákvæði, sem felld voru úr því í Nd. N. í heild mælti þó með því, að frv. yrði samþ., en einstakir nm. áskildu sér sem sagt rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og árangur af því er þegar sá, sem ég nefndi áðan, að fram eru komnar þessar brtt. á þskj. 452.

Ég var í þeim hl. n., þ. e. meiri hl., sem taldi frv. betra í því formi, sem það nú er, og ég fyrir mitt leyti mæli þess vegna með því, að það verði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Að sjálfsögðu munu svo flm. till. á þskj. 452 mæla fyrir þeirri brtt. og flytja þau rök, sem þeir telja fyrir því, að heppilegra sé að hafa frv. þannig. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að þó að þessi ákvæði að vísu, þ. e. ákvæðin um takmörkun á tölu leigubifreiða væru í frv. þegar það var flutt og inn í það komin eftir beiðni þeirra félaga, eða formanna þeirra félaga, sem óskuðu eftir því, að frv. yrði flutt, þá tel ég nú samt sem áður, að of langt sé gengið í því efni að fara að binda slíka takmörkun leigubifreiða í lögum, og ef stéttarfélögin telja þörf á því að takmarka tölu bifreiðanna í þessari starfsgrein, þá álít ég, að það verði frekar að gera með samningum milli stéttarfélaganna og þeirra aðila, sem þar er við að semja, þ. e. a. s. bifreiðastöðvanna, á svipaðan hátt eins og nú er gert, en það sé ekki rétt að fara að setja slík bindingarákvæði í lög, vegna þess að það atriði hlýtur að vera háð ástandinu á hverjum tíma og getur verið mjög breytilegt og þess vegna óheppilegt að mínu áliti að hafa það í lögum, auk þess sem vafasamt er, hvort fara eigi svo langt inn á þá braut að svo að segja loka atvinnugreinum með lagasetningu. Hins vegar tel ég nauðsynlegt ákvæðið, sem nú stendur eftir í frv., að leigubifreiðar skuli vera skyldugar til þess að hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, vegna þess að ekki sízt með því ástandi, sem nú er í þessari atvinnugrein, er nauðsynlegt, að þeir menn, sem stunda þetta sem aðalvinnu, sitji að þeirri takmörkuðu atvinnu, sem nú er í starfsgreininni, en aðrir menn, sem nú eru í fastri atvinnu annars staðar og hafa að sjálfsögðu fyrir það full laun, geti ekki, þó að þeir eigi bifreið, sem hægt er að nota til þess, troðið sér inn í þessa atvinnu þegar það hentar fyrir þá að loknum vinnutíma í sínu aðalstarfi og þannig orðið til þess að draga úr hinum takmörkuðu tekjum þeirra manna, sem annars stunda þetta sem aðalatvinnu. Ég tel réttmætt og nauðsynlegt að vernda á þann hátt, sem hér er gert, aðstöðu þeirra manna, sem hafa þetta sem aðalatvinnu, þótt ég hins vegar álíti ekki rétt að ganga lengra eða eins langt og farið er með hinum ákvæðunum um takmarkanir á bifreiðafjölda.

N. hefur sem sagt í heild lagt til, að frv. verði samþ., en ágreiningur er hins vegar um það, hvort taka skuli aftur ákvæði þau upp í frv., sem felld voru úr því í hv. Nd. Ég fyrir mitt leyti legg það til, að það verði ekki gert, en að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 372.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Hv. frsm. samgmn. hefur nú lýst þessu frv., hvernig það er til komið og hvaða breytingum það tók í hv. Nd.
Við meðferð frv. í samgmn. kom það fram,

eins og hv. frsm. tók fram, að það var ekki fullt samkomulag um afgreiðslu þess eins og það lá fyrir og liggur nú fyrir eftir 3. umr. í Nd. á þskj. 372. Ég og hv. 11. landsk. höfum borið fram brtt. við frv., sem er prentuð á þskj. 452 og hefur það inni að halda að taka aftur upp í frv. þau ákvæði, sem felld voru úr því við meðferð þess í Nd.

Eins og hv. frsm. tók fram, þá er þetta frv. flutt að tilmælum stjórnar bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og vörubílstjórafélagsins Þróttar hér í bænum, og það er flutt, eins og segir í grg., sem fylgir frv. frá formönnum stjórna þessara félaga, eftir að þeir hafa athugað, hvort nauðsyn beri til þess að skipuleggja akstur leigubifreiða hér í bæ og annars staðar að því er snertir leigubifreiðar til fólksflutninga, sem taka allt að 8 farþega, svo og vörubifreiðar, sem leigðar eru almenningi og hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, aðallega með það fyrir augum, hvort nauðsynlegt væri að setja löggjöf um takmörkun þeirra. Þetta segir meðal annars í grg., og þeir segja enn fremur, að eftir að þessi athugun hafi farið fram, þá hafi þeir sannfærzt um það, að atvinnumöguleikar fyrir leigubifreiðar væru mjög takmarkaðir eins og nú er, miðað við þann fjölda bifreiða, sem notaðar eru nú í Reykjavík eða eru í gangi á bifreiðastöðvunum.

Leigubifreiðar til fólksflutninga, þ. e. a. s. þær bifreiðar, sem taka allt að 8 farþegum í Reykjavík, eru, eftir því sem þessir menn segja, 450, en vörubifreiðar 250, og segja þeir, að svo virðist, að það séu mun fleiri bifreiðar en nokkur þörf sé fyrir. Einnig segja þeir, að því sé fyrirsjáanlegt, að brýn nauðsyn sé til þess að takmarka fjölda leigubifreiða, ef eigi að vera nokkur möguleiki fyrir þá menn, sem stunda þessa atvinnu að aðalatvinnu, til þess að lifa af henni. Þess vegna sé nauðsynlegt að setja þessi ákvæði eða lögfesta þetta, að í fyrsta lagi allar leigubifreiðar, eins og segir í 1. gr. frv. eins og það kemur frá Nd., skuli vera á viðurkenndum bifreiðastöðvum, og einnig að heimila bæjarstjórnum að fengnu samþykki dómsmrn. að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. mgr. Þeir benda á í þessu sambandi einnig, að með því að í þessum greinum séu starfandi miklu fleiri bifreiðar en nauðsynlegt er, þá sé verið að binda vinnuafl, sem óþarfi sé að binda, og einnig, að eftir því sem bifreiðarnar séu fleiri, eftir því verði að koma til innflutningur á meiri rekstrarvörum til bifreiðanna. Þeir benda á það að lokum, að fjöldi manna hafi lagt mikið fé í að kaupa sér dýrar bifreiðar í þeirri von, að akstur vöru- og fólksflutningabifreiða sé mjög arðvænleg atvinnugrein, en margir þessara manna hafi komizt síðar í miklar fjárkröggur, vegna þess að atvinnan hefur brugðizt að töluverðu leyti, vegna þess að of margir voru fyrir í atvinnugreininni, en þetta hafi einmitt meðal annars orðið til þess, að ýmiss konar spilling hafi komizt að þarna, og þarf ég ekki að minnast á það, hvað þeir eiga þarna við, en þeir segja þetta. — Við getum t. d. bent á það atriði, sem mikið er um talað, og það er einmitt fjáröflunarleið bifreiðarstjóra með leynivínsölu. Þetta er opinbert og hefur komið mikið til umr. einmitt hér í hv. Alþ. og ekki ólíklegt, að einmitt þetta, sem þessir menn benda á hér í grg. með spillingu, eigi við þetta meðal annars. Með tilvísun til þess, sem ég hef nú nokkuð rakið hér í þessari grg., eru þessir menn sammála um, að nauðsyn beri til þess, að sett verði löggjöf um heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða til vöru- og mannflutninga í kaupstöðum landsins og það sem fyrst.

Þessi rök bifreiðarstjóranna virðast vera nokkuð sterk og benda á þá leið, að heppilegt sé að heimila bæjarstjórnum með löggjöf að takmarka fjölda leigubifreiðanna innan viðkomandi kaupstaða. Vegna þessa og með þessi sjónarmið fyrir augum meðal annars er brtt. okkar hv. 11. landsk. á þskj. 452 fram komin.

Enn má benda á það, að ekki virðist hætta á, þó að þetta yrði lögfest, að hrapað yrði að órannsökuðu máli að þessu, vegna þess að það er gert ráð fyrir í 1. gr., að hlutaðeigandi stéttarfélög bifreiðarstjóra geri till. til bæjarstjórnar um þetta, að allar bifreiðar t. d. skuli vera á viðurkenndri bifreiðastöð í viðkomandi kaupstað, síðan verði dómsmrn. að leyfa og þá loks sé heimild fyrir bæjarstjórnina fyrir hendi. Þetta er þannig ekki einföld og bein heimild til bæjarstjórnanna, að þær geti framkvæmt þetta, án þess að athugun hafi áður fram farið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri, en þykist með þeim hafa gert grein fyrir, hvers vegna við hv. 11. landsk. fluttum brtt., sem fyrir liggur á þskj. 452.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. þm. Árn. var að segja hér í ræðu sinni.

Ég fellst alveg á þau rök, sem hann var að flytja hér og tók upp úr grg. fyrir þessu frv., — grg., sem samin er af formönnum þeirra félaga, sem hafa beitt sér fyrir, að þetta frv. yrði flutt, — um það, að atvinnuástandið í þessari atvinnugrein sé þannig, að það sé nokkur þörf á því að takmarka tölu þeirra bifreiða, sem að þessu starfa eins og sakir standa, og að það að binda í þessu starfi fleiri menn en nauðsyn krefur á hverjum tíma verði til þess, að vinnuafl fari til ónýtis, og önnur slík rök, sem hann tók hér upp úr þessari grg. Þó dregur það nokkuð úr gildi þessara raka hvað vinnuaflið snertir, að það er í fleiri atvinnugreinum svo ástatt nú, að frekar lítið er að gera, og þegar er allverulegt atvinnuleysi í landinu, þannig að það er síður en svo, að það væri nokkur trygging fyrir því, þó að fækkað yrði í þessari starfsgrein, að þeir menn hefðu greiðan aðgang að atvinnu annars staðar, þannig að vinnuafl þeirra nýttist nokkuð betur. En samt sem áður er það ekki þetta, sem okkur greinir fyrst og fremst á um, heldur hitt, að ég vil ekki láta binda þessa takmörkun í lög, heldur vil ég, eins og ég gat um áðan, þegar atvinnuástandið í þessari atvinnugrein er þannig, að þá verði reynt að koma fram takmörkuninni með samningum á milli viðkomandi stéttarfélaga og bifreiðastöðvanna, eins og gert hefur verið undanfarið. Og ég vil til stuðnings því, að þessi leið sé bæði heppileg og vel fær, benda á það, að þó að í þessari grg. sé talað um, að 450 bifreiðar séu hér starfandi að fólksflutningum, þá er það nú ekki eins og sakir

standa. Þessi grg. var með frv. þegar það var flutt á síðasta þingi, en síðan hefur þessum bifreiðum fækkað niður í 401, og það hefur verið gert án þess að nokkur löggjöf væri fyrir hendi um þetta atriði, aðeins með samningum á milli bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og bifreiðastöðvanna hér í Reykjavík. Þetta álít ég að sé sú eðlilega leið, sem eigi að fara, og hana sé auðvelt að fara, án þess að nokkur ákvæði séu um það í lögum, og það sé aðeins til hins verra, vegna þess, eins og ég gat um áðan, að þetta ástand er að sjálfsögðu svo breytilegt og miklu auðveldara að miða aðgerðirnar við ástandið á hverjum tíma, ef það er aðeins samningsatriði á milli viðkomandi aðila, en ekki sett um það löggjöf. Þetta er aðeins það, sem okkur greinir á um, en ekki hitt, að atvinnuástandið, eins og það er nú í dag, gefi ekki tilefni til þess að takmarka nokkuð þá tölu bifreiða, sem að þessu starfa. En þó að frv. yrði nú samþ. aðeins eins og það liggur nú fyrir, þá mundi bætast við nokkur takmörkun frá því, sem nú er, vegna þess að þá yrðu útilokaðir frá þessu starfi þeir menn, sem stunda allt aðra atvinnu, en hafa hlaupið í þetta með bifreiðar sínar til samkeppni við hina, sem hafa þetta að aðalatvinnuvegi, og það tel ég meira virði en að fara að setja löggjöf um hina takmörkunina.

Þá vil ég aðeins drepa á það, að það er ofur lítill misskilningur hjá hv. 2. þm. Árn., þegar hann var að tala um, að þessi takmörkun yrði ekki gerð nema í fyrsta lagi að frumkvæði stéttarfélaganna og síðan með samþykki bæjarstjórnar og dómsmrn. Mér skilst, að í tillögu hans, og eins og það var líka í frv. upphaflega, sé það aðeins komið undir ákvörðun bæjarstjórnar og dómsmrn. án allrar íhlutunar eða tillöguréttar frá viðkomandi stéttarfélögum, og það tel ég líka óheppilegt og eiginlega fráleitt, að stéttarfélögin ættu ekki fyrst og fremst að eiga þá frumkvæðið að því, ef um slíkt væri að ræða. En sem sagt, ég vil helzt, að frv. sé samþ. óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mér er illa við einokun í hverri mynd, sem hún kemur fram, og þegar þetta mál kom fram í hv. Nd., þá var það með glöggum einkennum viðleitni til einokunar, og þótt það fengi þar lagfæringu allmikla, þá finnst mér enn ekki laust við það, að finna megi af því keim einokunar. Þó vildi ég ekki sem nm. bregða fyrir það fæti í þeirri mynd, sem það er, en hefði samt fundizt réttara í sjálfu sér, að það hefði verið sniðið til þannig, að það hefði verið heimild handa þeim stöðum einum, sem þeir menn eru frá, sem fluttu málið inn í Alþ., nefnilega þeim stóru stöðunum: Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði. Mér virðist, að það, sem getur átt við á þeim stöðum, geti stundum verið óheppilegt fyrir aðra staði, þó að staðirnir hafi það samnafn að vera kaupstaðir. Mér virðist, að það geti vel svo farið, að í fámennum kaupstöðum geti það verið á margan hátt til óþæginda, þar sem atvinnustarfsemin er nokkuð mikið blönduð, að knýja það fram, að allar þær bifreiðar, sem einhvern tíma eru til leigu, séu skyldaðar til að vera á bifreiðastöð. Þannig háttar til, að ýmsir eiga bifreiðar vegna síns sérstaka atvinnurekstrar, sem gott þykir að grípa til á stundum, t. d. um helgar, til þess að fullnægja óskum almennings um hópferðir, og þá væri það ekki sérstaklega mikið í þágu bifreiðastöðvar, að neitað væri um slíkt, en það væri til óþæginda fyrir almenning. En hins vegar kynnu bifreiðastöðvar að nota sér þetta, þar sem þannig hagar til, og heimta það, að slíkar bifreiðar, sem hjálpa upp á sakir á stundum, væru skyldaðar til þess að hafa afgreiðslu á stöð hjá sér til þess að bera uppi kostnað við stöðina, þó að það væri í raun og veru ekki nema hjálparstarfsemi og ígrip til þess að fullnægja þörfum almennings og óskum, sem þessar bifreiðar inntu af höndum.

Nú hafa komið fram brtt. við þetta frv. eins og það liggur hér fyrir um að færa það í hið upphaflega einokunarform, og á móti þeim er ég algerlega og hlýt að vera á móti frv., ef þær till. ná fram að ganga. Mér finnst það fjarstæða, ef á að fara að setja lög um það, hvað margir megi stunda vissa atvinnu í hverjum kaupstað. Ég er sömu skoðunar og hv. frsm. n., að ef um takmörkun á að vera að ræða, þá á hún að fást eftir öðrum leiðum en löggjafarleiðinni. Ef ætti að takmarka leigubifreiðarekstur, hví ekki þá að setja löggjöf um, hvað smiðir mega vera margir o. s. frv.? Inn á þessar brautir vil ég alls ekki ganga. Ég vil ekki gefa neinum atvinnuhóp tækifæri til þess að geta útilokað menn frá ákveðnu starfi á þennan hátt.

Önnur brtt. er um það, að dómsmrn. skuli með reglugerð ákveða um takmörkunina samkv. 1. gr. Mér er spurn: Hvers vegna á dómsmrn. að fara með slík mál sem þessi, ef til kemur? Ég sé ekki, að hér sé um dómsmál að ræða, og eftir verkaskiptingu í stjórnarráðinu fyndist mér sjálfsagt, að hvert mál heyrði undir þá deild, sem hefur með þær starfsgreinar að gera, sem henni eru skyldastar, og þar sem til er samgmrn., þá fyndist mér alveg sjálfsagður hlutur, ef um svona ákvæði væri að ræða í löggjöf, þá heyrði það undir samgmrn. að meta þarna ástæður, því að hér er hreint samgöngumál og þeir, sem stunda leigubifreiðaakstur, vinna fyrir samgöngumálin, en ekki dómsmálin.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. hefur nú að nokkru tekið af mér ómakið að tala, því að margt af því, sem hann sagði, vildi ég sagt hafa og undirstrika.

Mig undraði það satt að segja, þegar ég sá frv. á þskj. 66 lagt fyrir Alþ., — frv., sem flutt var af þrem hv. sjálfstæðismönnum í Nd. og tveim jafnaðarmönnum og gengur inn á þá braut — skýlausu braut — að skerða athafnafrelsi manna. Það er flutt af mönnunum, sem hafa talið sig forgangsmenn þess hér á landi, að persónufrelsi manna ætti að vera í hávegum haft og athafnafrelsi ekki síður. Og ég vil nú spyrja þá tvo hv. þm., sem hafa tekið upp baráttu fyrir þessu sama hér í d. og ég satt að segja hélt að væru ekki neinir einvaldssinnar hvað það snertir að vilja láta fyrirskipa ofan frá, hverju hver einstakur maður ynni að, en það á hér að gera með bílstjórana, — ég vil spyrja þá að því, hvort þetta boði það, að orðin sé stefnubreyting í flokknum,

þannig að það sé hætt að hugsa um það, að hver maður fái að gera það, sem hann vill í lífinu, heldur eigi að fyrirskipa ofan frá, hvað hver og einn skuli aðhafast. Þetta skalt þú gera, góði, og þetta skalt þú gera. Það mega ekki vera fleiri lögfræðingar í landinu heldur en hundrað og eitthvað, — ekki fleiri læknar í Reykjavík heldur en eitthvað og eitthvað, — ekki fleiri bílstjórar í Reykjavík heldur en þetta eða þetta, — ekki fleiri kaupmenn í Reykjavík heldur en þetta eða þetta. Það eru núna 12% af þjóðinni, sem lifa á því að verzla við hina. Boðar þetta það, að þeir ætli að ganga inn á þessa braut? Og hvað þá um skólana? Hví að láta fleiri læra til t. d. læknis en leyfa á að verða það? Við eigum kannske næst von á því, að í Reykjavík megi ekki vera fleiri kaupmenn heldur en þetta, og þar næst ekki fleiri hjúkrunarkonur en þetta o. s. frv., o. s. frv.? Er það þetta, sem koma skal? Er hér orðin stefnubreyting þannig lagað, að það eigi að fara að segja ofan frá, hvað margir menn í þjóðfélaginu megi vinna að þessu eða þessu og menn eigi ekki sjálfir að ráða því, að hverju þeir starfi? Þetta langaði mig til að fá að vita. Mér skilst, að þetta sé andinn í brtt., sem liggur fyrir á þskj. 452, og þetta var andinn í frv. upprunalega — alveg ótvírætt.

Nú geri ég ráð fyrir því, að það sé þörf á því í Reykjavík að láta þá bílstjóra, sem hér vinna og lifa á sínum akstri, vera á ákveðinni stöð, svo að fólkið geti náð í þá og haft greiðari aðgang að þeim, en þurfi ekki að elta þá í einstök hús, þar sem þeir eiga heima. En eins nauðsynlegt og þetta er í eins stórum bæ og Reykjavík og reyndar fleiri bæjum, eins fráleitt er t. d. á Sauðárkróki eða Ólafsfirði að skylda þannig einstaka menn. Það eru líklega þrír menn á Sauðárkróki eða eitthvað svoleiðis, sem lifa á því að keyra bíla, þeir eru í húsum sínum, þeir hafa síma í þeim — og að fara að skylda þá til þess að taka sér heila stöð á leigu úti í bæ og vera allir þar alltaf til staðar til að keyra, það er fráleitt. Þetta er komið frá mönnum, sem lifað hafa í dreifbýlinu og eiga þess vegna að þekkja þar til. Þess vegna tel ég, að fráleitt sé að samþ. frv. eins og það er núna eftir 3. umr. í Nd. og liggur fyrir hérna, áður en brtt. komu. Það getur vel verið, að það sé þörf á því hér í Reykjavík, og þá á að breyta því í það horf að láta það ná til þeirra staða, sem þörf er á, en hinna ekki. Við skulum taka til dæmis Reyðarfjörð, þar er nú bílstöð hjá kaupfélaginu. Þar eru privatbílstjórar nokkrir, sem hafa bíla og líka keyra fólk. Á að fara að skylda þá alla til að byggja sér einhverja sérstaka stöð til að keyra frá? Hvers vegna mega þeir ekki keyra heiman að frá sér? Hvers vegna mega menn ekki hringja í hvern þeirra sem þeir vilja, þegar þeir vilja ná sér í bíl? Eða eiga þeir allir að fara á kaupfélagsstöðina og vera þar? Það er eina stöðin, sem er í þorpinu. Ég skil mennina, sem flytja frv. Það eru þrír þm. héðan úr Reykjavík og þm. úr Hafnarfirði og þm. af Akureyri. Þeir þekkja þessa kaupstaði. Þar er sjálfsagt þörf á því að hafa stöð. En þegar það koma svo tveir hv. þm. hér, annar austan úr Árnessýslu og hinn vestan úr Dalasýslu, heimilisfastur, þó að hann sé nú fyrir allt landið, þá skil ég ekki, að þeir þurfi að negla sig þannig á sjónarmið stóru staðanna að fara að binda sig við, að ýmsir staðir komi upp bílstöðvum, sem engin þörf er á. Ég skil þá ekki. Mér er þetta alveg óskiljanlegt. Og ég held, að þeir hafi bara gert þetta án þess að athuga það verulega vel, hvað þeir voru að gera með því að flytja þessa brtt.

Ekki skil ég heldur, hvers vegna dómsmrn. á að veita þetta. Hvers vegna er það í samgmn. hér í d.? Hví var það ekki í allshn.? Var það af því, að okkur fyndist það vera dómsmál, sem ætti að heyra undir allshn.? Nei, það var af því, að okkur fannst öllum, að það væri samgöngumál, og þess vegna settum við það þangað. Ef það á að fara inn á það að skerða svona frelsi manna til að keyra bíla, þá á það vitanlega að heyra undir samgmrn.

Ég skal nú ekki hafa þetta lengra, en mig langar til að fá svör við því alveg skýrt og ákveðið: Er hér að ræða um stefnubreytingu hjá — í þessu tilfelli Sjálfstfl., þeir geta ekki svarað fyrir hinn flokkinn? Á að fara að ganga inn á það að takmarka, hvað margir menn í þjóðfélaginu megi vinna í hverri stétt út af fyrir sig? Er þetta byrjunin á því? Hvað kemur næst? Koma lögfræðingarnir næst, læknarnir, eða hver kemur næst? Eða kaupmennirnir? Þeir eru sjálfsagt tiltölulega langflestir, því að það er enginn vafi á því, að það er ekki nokkur minnsta þörf á því, að 12% af þjóðinni lifi á því að verzla við hina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst út af fsp. frá hv. 1. þm. N-M., þar sem hann spurði um það, hvort hér væri um að ræða stefnubreytingu hjá Sjálfstfl. að hætta samkeppni og fyrirskipa skipulagningu í ýmsum atvinnugreinum, svara því til, að mér er ókunnugt um, að Sjálfstfl. sem slíkur hafi fyrirskipað nokkuð um þetta atriði. Hér er borið fram frv. á þskj. 66 af tveim sjálfstæðismönnum. Og svo mikið frelsi hefur ávallt ríkt og ríkir enn þá í Sjálfstfl., að mönnum er ekki fyrirskipað þar, hvað þeir megi gera og hvað þeir megi ekki gera í sambandi við afgreiðslu mála. Ég hygg, að ég geti því sagt það hér, að hér er ekki um neitt flokksmál að ræða, heldur mál einstakra þm., m. a. þm. Reykv., sem — eins og hv. þm. sagði — hljóta að hafa sérstakt sjónarmið í þessu máli. Sú venja hefur aldrei ríkt í Sjálfstfl., enda engin tilhneiging til að koma henni á, að þótt menn hafi einhverja aðra skoðun í ákveðnum málum en meiri hluti flokksins, séu þeir í atkvgr. á Alþ. kúgaðir til þess að hafa þar einhverja aðra skoðun heldur en þeir hafa látið í ljós í umræðum og á þskj., sbr. afgreiðslu hér núna nýlega á áfengislöggjöfinni, þar sem ekki verður séð annað en að Framsfl. hafi kúgað hv. 1. þm. N-M. til þess að falla frá sínum ágætu till. í sambandi við áfengislöggjöfina. Slíkt á sér ekki stað í Sjálfstfl., og það er þess vegna, sem þetta frv. er fram komið, en ekki af því, að það hafi átt sér stað nein stefnubreyting í Sjálfstfl. Ég vildi óska þess, að Sjálfstfl. kæmist aldrei inn á þá braut, að hann reyndi þannig að kúga þm. sína, svo að þeir mættu ekki hafa sjálfstæða skoðun og greiða

atkv. í sínum málum eins og þeim sýndist eða ræða þau hér á þingi frjálst og óháð.

Ég skal þá koma að málinu sjálfu. Ég fyrir mitt leyti mun ekki greiða atkv. með frv. Ég er andstæður þeirri stefnu, sem hér er tekin upp, og mun greiða atkv. á móti frv. eins og það er á þskj. 372.

Mér er nokkuð kunnugt um, hvernig þetta hefur verkað í Englandi. Þar eru slík ákvæði, að það er gefið einstökum mönnum sérleyfi til þess að hafa akstur bifreiða í ýmsum stöðum. Mér er m. a. kunnugt um, að í York situr einn maður, sem um mörg ár hefur fengið leyfi til þess að hafa allan bifreiðaakstur í Selby og hefur haft þar af gott lífsviðurværi án þess nokkurn tíma að koma upp í bíl. Hann leigir sín réttindi til annarra. Og vegna þess að hann er verndaður með löggjöf, getur hann haft af því það miklar tekjur án þess að koma nálægt starfseminni sjálfur. Ég óska ekki eftir slíku ástandi hér í þessu landi, hvorki í Reykjavík, Sauðárkróki, Búðardal né öðrum ágætum stöðum.

Ég mun því greiða atkv. móti frv. eins og það liggur nú fyrir. Ég mun einnig greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 452 af sömu ástæðum sem ég þegar hef nefnt og svo á móti málinu í heild, þó að þær verði samþ.

Út af því, sem hefur verið spurt um hér, hvers vegna þetta mál eigi að heyra undir dómsmrn., og út af því, sem fram kom í framsögu hv. 2. þm. Árn., þar sem hann sagði, að að áliti þessara manna, sem stæðu fyrir þessum félagsskap, þá væri nú komið í það horf hér, að þeir geti ekki lifað á sjálfu starfinu, en yrðu að hafa ólöglega vínsölu með, eftir því sem hann upplýsti hér áðan, vildi ég mega spyrja: Var það aðalsjónarmið hjá hv. 4. landsk., þegar hann fylgdi Framsfl. um að fella allar umbæturnar á áfengislöggjöfinni, að viðhalda því ástandi? Var það það sjónarmið hans að tryggja, að það væri hægt að halda áfram slíkri atvinnu í sambandi við vöruflutninga eða fólksflutninga hér í þessum bæ? Og ef því væri þannig varið, þá held ég, að væri ástæða fyrir hv. frsm. og form. allshn. að endurskoða fylgi sitt og það, sem á bak við það hefur legið, frá því að málið var afgr. hér fyrir nokkrum dögum. En það verð ég að segja, að þá er illa farið, ef það á að ráða afgreiðslu jafnmerkra mála, að annars vegar beitir stór stjórnmálafl., sem situr í stjórn, valdi sínu til þess að kúga sína flokksmenn, og hins vegar annar stjórnmálaflokkur til þess að afgreiða málið fyrir allt aðrar ástæður en gefið er upp í þingskjölum. En það voru mjög athyglisverðar upplýsingar, sem hv. 2. þm. Árn. gaf um þetta mál í sambandi við þetta. Sé ég ekki, að nein önnur ástæða sé fyrir því, að dómsmrn. er komið inn, en það, að hér sé full vissa fyrir því, að þannig sé málum komið hér, og þá er ekki óeðlilegt, að dómsmrn. hafi eitthvað um það að segja, hverjir fái leyfi til þess að aka og hverjir ekki, þegar svo er komið, að það er ekki orðið aðalverkefnið að flytja fólk eða vörur, heldur hitt, að hafa vinnu af því að selja óleyfileg vínföng. Þá get ég vel skilið, að málið sé látið heyra undir dómsmrn. og það hafi vakað fyrir þeim, sem sömdu frv., að fyrirbyggja þetta á þann hátt, sem reynt er að gera hér á þskj. 66. En þrátt fyrir það get ég ekki fallizt á að fylgja því. Ég álít, að þau mál eigi að taka allt öðrum tökum en hér er gert í þessu frv., og ég mun því hvorki greiða atkv. með frv. sjálfu né brtt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég kom hér í ræðustólinn aðallega af þeim ástæðum, að ég vildi geta þess, að við tillögumenn að brtt. á þskj. 452 vildum láta það koma fram, að við óskum eftir og munum koma með brtt. við þá till., sem — með leyfi hæstv. forseta — mundi hljóða þannig:

„Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum stéttarfélaga bifreiðarstjóra og samþykki dómsmrn., heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. málsgr.“

Ég veit ekki almennilega, hvort hæstv. forseti hefur haft frið til að hlusta á það, sem ég var að lesa upp hér núna, fyrir öðru masi, en ég vil taka það fram og tel heppilegast nú að fresta umr., svo að hægt sé að koma þessari brtt. að núna við þessa umr. eins og ég hef lýst henni.

Annars þótti mér hér ýmislegt í ræðu hv. þm. S-Þ. vera dálítið kyndugt. Ég veit ekki betur en að hv. þm. S-Þ. hafi verið með hinum mesta bægslagangi og einnig með hvíslingum og áróðri að reyna að koma upp einni stofnun, sem kölluð er bæjarstjórn í Húsavíkurkaupstað, og eru ekki nema 2 ár — held ég — síðan það var, en nú er svo komið um þetta afkvæmi hans, að hann hefur ekki meira traust á því heldur en það, að hann vill ekki einu sinni gefa þessari blessaðri bæjarstjórn heimild til að ákveða um tölu bifreiða eða hvernig skuli skipa niður á bifreiðastöðvar, ef fleiri en ein er í kaupstaðnum. (**Gripið fram í:** Það er um allt annað.) Þetta er aðeins heimild, en ekki skipun um að gera þetta, og ég held sannast að segja, að bæjarstjórnin hljóti að vera sæmileg, eftir þeirri kynningu, sem ég hef af þeim Húsvíkingum, sem ég hef kynnzt áður, — auðvitað fyrir utan Húsavíkur-Jón, en hann hef ég ekki hitt að máli. En að öðru leyti hygg ég bæjarstjórnir það sæmilegar stofnanir, að það mætti gjarnan treysta þeim til þess að fara þolanlega með þessa heimild.

Þá minntist hv. 1. þm. N-M. á ýmsa hluti hér, en að nokkru leyti svaraði hv. þm. Barð. honum, en hann spurði áfjáður um það, hvernig stæði á þeirri breytingu og hvaða fyrirskipun hefði komið í flokkinn, að áður hefði hver maður fengið að gera það, sem hann vildi í lífinu, eftir því sem hann orðaði það. Ég held sannast að segja, að Sjálfstfl. hafi verið á móti því, að menn fengju að gera allt það, sem þeir vildu í lífinu. Þó að það sé langheiðarlegasti flokkurinn, Sjálfstfl., þá eru þó alltaf innan um menn með ýmsar tilhneigingar til umbrota. En yfirleitt hefur það ekki verið stefnan að gera þá hluti. En það hefur oft verið, að í „handjárnaflokknum“ hefur ekki komið til mála, að menn hafi fengið að gera hér á þinginu í atkvgr. eða ræðum það, sem þeir vildu. (Gripið fram í.) Ég hélt, að hann væri það gamall í hettunni, hv. þm. Barð., að hann vissi, hver flokkur það væri, sem hefði hlotið það nafn, og mundi þar ekki leika á tveimur tungum, enda hefur það sýnt sig síðan, að annaðhvort hefur

flokksstjórnin kúgað hv. þm. N-M. eða þá hann hefur verið kúgaður af konu einni, eins og nú nýlega, og er hvorugur hluturinn góður. (Gripið fram í.) Já, það þarf ekkert að grípa fram í það, ég sagði það.

Annars hneykslast menn mjög á því, að því skyldi verða skotið undir dómsmrn. að gera ákvarðanir um þessa hluti, eins og er í till. okkar, að það fengi samþykki dómsmrn. Það er vitanlegt, að dómsmrn. er það rn., sem ræður yfirleitt yfir bílum. Án þess að nokkurt brennivín hefði komið í hug okkar eða hjarta, þá töldum við alveg sjálfsagt, flm., að dómsmrn. réði yfir þessum málefnum. Ég veit ekki betur en það aðallega réði yfir bílaeftirlitinu hér og undir það heyri ótal atvik, sem snerta bílamálin hér á landi, og fannst mér það því rétt og sjálfsagt og okkur báðum, að það væri dómsmrn., sem skærist þarna í leikinn. Ef bæjarstjórnin þarna — Karlsdóttir — færi að gera einhverja vitleysu, þá er þó þarna mjög mikið aðhald, að hún verður þó að gæta sín í málinu. Og enn fremur það, sem hér á að bætast inn í og ég tók fram, að leitað væri um þetta tillagna stéttarfélags bílstjóra á staðnum. Ég held, að með því verði þetta ekki svo ógurlegt mál og væri rétt og sjálfsagt að samþ. þessar brtt., ef menn á annað borð vilja nokkuð fyrir þetta frv. gera, því að það í raun og veru skaðar aldrei.

Það hefur verið sagt, að sumar bæjarstjórnir, þessar litlu, nýfæddu, hafi ekkert með þetta að gera. En öðrum er það nauðsynlegt, að mínu áliti. Og þegar það er aðeins heimild, þá er þetta í raun og veru engin hætta með það. Þeir, sem þörfina hafa fyrir það, gera þessa ráðstöfun, — þær bæjarstjórnir, en þó undir eftirliti frá dómsmrn. og eftir till. frá bílstjórafélögum, og þá er það ekki orðið voðalegt. En ég vildi sem sagt óska þess, af því líka að atkvgr. getur varla farið fram, að það væri nú frestað umr., til þess að hægt væri að koma að þessari brtt., sem ég hef boðað núna í þessari umr., ef hæstv. forseti vildi gera svo vel. Og sem sagt vonast ég til þess, að við munum ekki lengja þær umr. mikið með málflutningi, svo að það gæti tekið heldur skemmri tíma en að fara að koma þeirri brtt. inn við 3. umr. Ef menn á annað borð ætla ekki að ráða frv. bana núna, sem mér þó ekki skilst á öllum, þá held ég þetta væri heppilegasta aðferðin og vildi óska þess, að hæstv. forseti tæki þetta til athugunar.

Umr. frestað.

Á 41., 50. og 51. fundi í Ed., 16. des., 16. og 19. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 372, n. 438, 452, 472).

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs vegna þess, að við hv. 11. landsk. flytjum brtt. við frv. þetta, sem ekki var búið að lýsa áður við fyrri umr. málsins. Auk brtt., sem við flytjum og þegar hefur verið lýst, á þskj. 452, höfum við flutt brtt., sem er á þskj. 472, og henni hefur ekki verið lýst áður. Hinni till. var lýst, þegar fyrri hluti þessarar umr. fór fram núna fyrir hér um bil einum mánuði. Þessar till., sem við flytjum, hafa það inni að halda, að það sé tekið aftur upp í frv. ákvæði, sem niður var fellt úr því í Nd. Með þessum breyt. leggjum við til, að það sé fært í sama horf og það var, það hafi sem sagt inni að halda þau tvö meginatriði viðvíkjandi akstri leigubifreiða í kaupstöðum, sem stjórnir bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og vörubílstjórafélagsins Þróttar fóru fram á, en að beiðni þessara aðila er frv. flutt í byrjun, um að bæjarstjórnum verði heimilað með vissum skilyrðum að skipa svo fyrir, að allar leigubifreiðar skuli hafa afgreiðslu á viðurkenndri bifreiðastöð og að einnig megi takmarka fjölda bifreiðanna að fengnum vissum skilyrðum. Frv., eins og það liggur fyrir nú eftir 3. umr. í Nd., er aðeins um það, að bæjarstjórn er heimilt, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. En verði till. okkar hv. 11. landsk. samþykktar, þá bætist nýr málsliður við 1. gr., sem hljóðar svo:

„Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum till. stéttarfélaga bifreiðarstjóra og samþykki dómsmrn., heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. mgr.“

Og svo er annað, sem er afleiðing, að á eftir 1. gr. komi svo hljóðandi ný gr., og breytist greinatalan samkv. því:

„Dómsmrn. skal með reglugerð kveða nánar á um takmörkun samkv. 1. gr.“

Við flm. þessara brtt., hv. 11. landsk. og ég, lítum svo á, að taka eigi aftur upp í frv. ákvæði um takmörkun bifreiðafjöldans. Rök fyrir því áliti okkar komu fram við fyrri hluta þessarar umr., og sé ég ekki ástæðu til þess að lengja umr. nú með því að endurtaka það aftur. Það urðu töluverðar umr. um þetta frv. við fyrri hluta þessarar umr., og komu andmæli fram á móti því að samþ. frv. í neinni mynd frá sumum, og aðrir voru á móti því að taka upp þessi ákvæði, sem við leggjum til. En ég ætla ekki að fara núna út í þær umr., nema sérstakt tilefni gefist til að nýju.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú svo langt síðan fyrri hluti þessarar umr. fór fram, að það hafði fallið mér úr minni, að ég hafði kvatt mér hljóðs. En svo hefur það rifjazt upp fyrir mér, að það síðasta, sem fram fór við þessar umr., var það, að hv. 11. landsk. var að víkja nokkrum ónotaorðum að mér og fleirum, sem höfðu gert athugasemdir við frv. þetta, er hér liggur fyrir, og þó sérstaklega við þær brtt. við frv., sem hann og hv. 2. þm. Árn. flytja hér og nú hefur verið minnzt á af hv. 2. þm. Árn. Ég hafði gefið í skyn, að þó að ég teldi vafasamt, að frv. eins og það kom frá Nd. væri æskilegt fyrir alla kaupstaði landsins og sérstaklega fyrir þá, sem smáir eru, þá mundi ég þó greiða því atkv., vegna þess að ég liti svo á, að það mundi vera borið fram af ríkri þörf fyrir Reykjavík eða a. m. k. að álitinni ríkri þörf fyrir Reykjavík og mundi ekki verða beitt á hinum smærri stöðum.

En ég er hins vegar algerlega andvígur þeim brtt., sem komið hafa fram við frv., og mér fannst satt að segja hv. 11. landsk., þegar hann var að reka hnýfla í mig og aðra, sem höfðum mælt gegn till., minna mig dálítið á sjálfan sig eins og ég hugsa mér, að hann — þessi maður, sem er mjög skeleggur í því að bera fram tillögur um eyðingu svartbaks — mundi verða, ef honum væri fenginn til fósturs svartbaksungi. Þetta fósturbarn hans er honum, að mér sýndist, álíka ánægjulegt og honum mundi verða svartbaksungi. Ég lít einmitt svo á, að svo langt sé gengið í þessum till. að leggja til hæfis fyrir menn, að þeir geti skapað sér útilokunaraðstöðu, að það gangi vargi næst. Og þess vegna mun ég eindregið greiða atkv. á móti brtt. eða m. ö. o. vera með eyðingu þeirra. — Fleira sé ég ekki ástæðu til að segja.

Forseti (BSt): Með því að fáir eru á fundi og einn fjarstaddur þm. er nú á mælendaskrá, þá er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Ed., 22. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 472 samþ. með 8:3 atkv.

— 452,1, svo breytt, felld með 9:2 atkv.

1. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 452,2 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 55. og 56. fundi í Ed., 23. og 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 372, 589).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur sætt nokkrum ágreiningi og var breytt í Nd. frá því, sem það upphaflega var, því að þá var ætlazt til þess, að bifreiðastöðvar þyrftu ekki einungis sjálfar að fá viðurkenningu bæjarstjórnar, heldur væri einnig með vissum skilyrðum hægt að takmarka fjölda bifreiða, sem þar hefðu afgreiðslu. Nú var þetta takmörkunarákvæði á fjölda bifreiðanna fellt niður úr frv., og það hefur komið í ljós meðal annars við 2. umr. hér í hv. d., að menn vildu ekki taka slíkt ákvæði upp aftur, vegna þess að það væri of viðtækt og næði til staða, þar sem ekki er þörf á neinum slíkum takmörkunum. Brtt. mín, sú er ég flyt hér, er miðuð við þessa mótbáru. Hún er miðuð við það, að takmörkun á bifreiðafjölda verði einungis miðuð við Reykjavík, en ekki aðra staði. Og eftir orðanna hljóðan á hún einungis við um vörubifreiðar. En ég vil vekja athygli á því, að samkv. efni málsins er slík takmörkun nú þegar komin í lögin varðandi fólksbifreiðarnar, vegna þess að sá óliki háttur er á rekstri þessara tveggja atvinnugreina, að varðandi fólksbifreiðar eru það tilteknar stöðvar, sem annast afgreiðslu þeirra, og það er óumdeilt, að hver stöð getur ákveðið það með einhliða samþykkt, hversu margar bifreiðar skuli hafa afgreiðslu á þeirri stöð. Þegar því búið er að ákveða, að fjöldi stöðvanna sé háður samþykki yfirvalda, eins og nú er gert í frv., þá er þar komin inn takmörkun á fjölda fólksbifreiða, sem gera má út í þessu skyni, þ. e., þá er það í höndum stöðvanna og bæjarstjórnar, hvort þarna er takmarkað eða ekki.

Þetta horfir öðruvísi við varðandi vörubifreiðar hér í bænum, því að vörubifreiðarstjórafélagið er verkalýðsfélag, sem er skylt að taka við öllum þeim, sem þangað vilja sækja og fullnægja löggiltum skilyrðum. Það er að vísu aðeins rekin ein slík stöð hér í bænum nú, að því er ég hygg, en það er stöð, sem verkalýðsfélagið sjálft rekur og er hluti af starfrækslu þess, og það hefur verið litið þannig á, að það væri ekki hægt að stöðva aðstreymi í félagið, jafnvel þó að löggilding stöðvar kæmi. En brtt. mín á sem sagt að bæta úr þessu og láta vörubifreiðarstjórana fá að þessu leyti lagalega sama rétt eins og fólksbifreiðarstjórarnir hafa raunverulega samkv. ákvæðum frv. eins og það liggur fyrir. Hér er því einungis um að ræða að bæta úr raunverulegu misrétti, sem verður milli þessara tveggja atvinnugreina, ef frv. verður samþ. óbreytt.

Þar sem vitað er, að vörubifreiðarstjórar hér í bæ eru, að því er ég hygg, einhuga eða að yfirgnæfandi meiri hluta fylgjandi þessum ákvæðum, og þar sem ætlazt er til, að þetta verði háð samþykki bæjarstjórnar, þá vonast ég til þess, að þeir, sem hafa verið á móti ákvæðinu eins og það var í sinni viðtækari mynd áður, vegna þess að það snerti staði úti á landi, þar sem ekki er þörf á neinum slíkum ákvæðum, geti samþ. brtt. í því formi, sem hún nú er.

En annars verður að segja um þessa atvinnugrein, að hún er auðvitað allra atvinnugreina óvissust, og þó að menn geti ekki verið almennt samþykkir slíkum takmörkunum sem hér er um að ræða, þá er það þannig, að þessi tæki, vörubifreiðar, eru nú orðin mjög kostnaðarsöm og eru auðvitað ákaflega þungur baggi á mönnum, ef þeir hafa ekki atvinnu. Reynslan frá undanförnum árum hefur aftur á móti verið sú, að atvinnan hefur sveiflazt ákaflega mikið til. Á vissum tímum hafa menn haft mjög mikið að gera, og þá hafa margir menn komið inn í þessa stétt, en svo hafa aftur komið erfiðari tímar, atvinnan dottið niður og þá fjöldi manna staðið uppi allslaus með þessi dýru og þungu tæki sem bagga. Það er þess vegna sérstök ástæða til þess að heimila bæjarstjórninni með samþykki aðila, og raunar á nú dómsmrn. að koma einnig hér til, að heimila öllum þessum aðilum að setja slíkar takmarkanir, sem yrðu í raun og veru aðeins til þess að jafna atvinnuna í þessari óvenjulega áhættusömu atvinnugrein, og vitanlega yrði aldrei haldið svo þröngt á, að þarna yrði hægt að

tala um neina eiginlega einokun þeirra manna, sem að þessu vinna, heldur yrði að sjálfsögðu annazt um það, að eðlileg fjölgun gæti átt sér stað. Ég vonast því til, að þessi till. geti náð samþykki. Ég hef ekkert á móti því, ef hv. n. óskar að athuga málið nánar, að hún eigi þess kost.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég verð nú að viðurkenna það, að ég greip ekki almennilega, hvað hæstv. dómsmrh. var að fara. Hann var að tala um að flytja sína till. til þess að fara eins með vörubifreiðarnar og fólksbifreiðar. En í frv., eins og það er núna, stendur, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabílar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Það nær nákvæmlega hið sama yfir vörubílana eins og fólksbílana og sendiferðabílana, ef það eru leigubílar. En það nær ekki til neinna bíla, sem eru eign einstakra manna og ekki leigja þá út, heldur keyra bara fyrir sjálfa sig. Þess vegna er mér ekki ljós þessi mismunur, sem hann er að gera á því, þegar hann segir: Ja, eins og lögin eru núna, þá löggildir bæjarstjórnin bifreiðastöðvarnar, og þá er það í valdi bifreiðastöðvanna sjálfra, hve mörgum bílum þær leyfa að keyra frá stöð og vera á stöðinni. Þær geta þess vegna takmarkað fjöldann. Þetta gildir um fólksbifreiðar, segir hann, en ekki um vörubíla. Og þess vegna vill hann koma með sína till. til þess að láta nú bæjarstjórnina geta ákveðið þetta með vörubílana. En frv. segir alveg hreint, eins og það er núna, að þetta gildi, hvort heldur er um að ræða fólks-, vöru- eða sendiferðabíla. Þess vegna er mér ómögulegt að sjá þennan mismun, sem hann sér þarna. En hvað sem þessu líður, og um það vil ég ekki neitt vera að deila, þá er mér út af fyrir mig alveg sama, hvort frv. kemur aftur til n. eða ekki, en ég mun aldrei verða með því að gefa bæjarstjórn, ríkisstjórn eða neinum einstökum leyfi til þess að banna mönnum að vinna það, sem þeir helzt vilja vinna, banna mönnum að vera í þeirri atvinnugrein, sem þeir vilja vera í. Og hér er um það að ræða að gefa bæjarstjórninni vald til þess að banna svo og svo miklum hóp manna að eiga vörubíla og keyra þá í bænum. Ég mun aldrei verða með því. Ef þeir aftur sjálfir fá ekki pláss hjá sínum félögum á þeim stöðvum, sem fyrir eru, það er annað mál. Það er þá ekki það opinbera, sem grípur þar inn í, það er þá viðkomandi félag viðkomandi manns, sem hann er í, sem grípur þar inn í og takmarkar það. Það er annað mál en að það opinbera grípi inn í og segi: „Ja, þú færð nú, góði minn, ekki að keyra vörubíl“ — þó að maðurinn segi: „Það er nóg hér að gera. Ég hef minn bíl, og ég vil fá að keyra hann.“ Bæjarstjórninni þóknaðist ekki að gefa leyfi til þess, annaðhvort af því, að það væri engin þörf fyrir það, eða af því, að hún hafði af einhverjum ástæðum litið þannig á manninn, að einhver annar sé rétthærri til þess að keyra vörubíl heldur en hann. Ég fer aldrei inn á þá braut og vil ekki veita neinni bæjarstjórn það leyfi, hvort sem meiri hluti hennar er þessa flokks eða hins; það kemur málinu ekkert við. Það getur allt saman skipzt sitt á hvað, og ég vil aldrei láta neina bæjarstjórn hafa leyfi til þess að segja: „Við bönnum þér að vinna þessa vinnu. Þú vinnur hana ekki. Þú getur gert eitthvað annað.“ Það vald vil ég ekki gefa bæjarstjórn, og sízt situr það á flokki einkaframtaksins að flytja og fylgja slíkri tillögu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get nú verið mjög stuttorður, af því að ég svaraði athugasemdum hv. 1. þm. N-M. fyrir fram. Ég gerði sem sagt grein fyrir því fyllilega, að þó að hér væri á pappírnum um jafnrétti að ræða, eins og hv. þm. N-M. réttilega tók upp eftir mér, þá er hér raunverulega um fullkominn mun að ræða, vegna þess að eins og nú standa sakir gefur þetta frv., ef það verður samþ., aðilum færi á því að koma á sams konar útilokun á fólksbifreiðum eins og hv. þm. var að tala um að hann væri algerlega andvígur varðandi vörubifreiðarnar, þannig að ef hann vill hafa í þessu samræmi, þá ætti hann að snúast algerlega á móti frv., vegna þess að frv. leiðir einmitt varðandi fólksbifreiðarnar til þeirra — að hv. þm. áliti — óæskilegu afleiðinga, sem hann gerði grein fyrir. Ég held aftur á móti, að eins og til háttar, þá sé þarna um að ræða nauðsynlega nauðvörn af hálfu bifreiðarstjóra, og ég tel rétt, að vörubifreiðarstjórarnir njóti hennar ekki síður en hinir.

ATKVGR.

Brtt. 589 samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, BSt.

nei: PZ, StgrA, BrB, FRV.

HG, KK, RÞ, GÍG greiddu ekki atkv.

3 þm. (HermJ, JJós, VH) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Sþ., 29. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 646).

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 646, 657, 704).

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég gat þess hér við 2. umr. þessa máls, að hv. þm. V-Sk. og ég mundum bera fram brtt., ef þetta frv. næði fram að ganga hér í þessari hv. þd. — Þetta frv. er nú komið aftur til þessarar hv. d. og allmikið breytt frá því, sem það fór héðan úr d.

Sú brtt., sem ég ber hér fram ásamt hv. þm. V-Sk., er á þá leið, að það komi samgmrn. í staðinn fyrir dómsmrn. í 2. mgr. 1. gr. Ég tel, að þetta sé fyrst og fremst samgöngumál og þess vegna, ef frv. nær fram að ganga, þá eigi samgmrn. að fjalla um þessi lög, en ekki dómsmrn., að öðru leyti en því, sem það kann að koma til þess kasta á annan hátt.

Ég tel, að þetta frv. sé bæði mikil og óvenju-

leg skerðing á atvinnufrelsi manna, og legg því til eins og þegar í upphafi þessa máls, að það verði fellt. En þó tel ég til bóta, ef það nær fram að ganga, að verði samþ. þær brtt., sem við berum hérna fram og liggja fyrir á þskj. 704.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Hafnf. þá brtt. á þskj. 657 við frv. þetta, að í stað orðsins „Reykjavík“ í 2. málsgr. komi: kaupstöðum. — Þessi brtt. þarfnast út af fyrir sig ekki skýringar. Við flm. lítum svo á, að sé þörf á að takmarka fjölda vöruflutningabifreiða í Reykjavík, eftir að álits hlutaðeigandi stéttarfélags hafi verið leitað, þá sé ekki síður ástæða til þess að gera það í öðrum kaupstöðum landsins. Það er alkunna, að atvinna hefur verið mjög stopul hjá vörubílstjórum nú síðari árin, og ég held, að ástandið í þeim efnum sé enn þá verra í kaupstöðunum úti á landi heldur en hér í Reykjavík. Á stríðsárunum fjölgaði mjög í bifreiðarstjórastéttinni vegna aukinnar atvinnu á vegum setuliðsins. Tala vörubifreiðarstjóra hefur nokkurn veginn staðið í stað síðan, þrátt fyrir það að atvinnan hefur mjög mikið minnkað.

Brtt. þessari er stefnt að því, að ákvæði frv. um, að unnt sé að takmarka tölu vöruflutningabifreiðarstjóra að fullnægðum vissum skilyrðum, nái til allra kaupstaða landsins, en sé ekki eingöngu bundið við Reykjavík.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég held, að það skorti kannske nokkuð á, að menn geri sér rétta grein fyrir, hvað raunverulega felst í þessu máli eins og það nú er orðið.

Þegar frv. var upphaflega flutt í þessari d., þá var gert ráð fyrir, að heimilt skyldi undir vissum kringumstæðum að takmarka tölu bifreiða, hvort heldur sem væri fólksbifreiðar eða vörubifreiðar. Málið er hins vegar orðið þannig núna, að það tekur eingöngu til vörubifreiða — og eins og frv. er eingöngu vörubifreiða í Reykjavík. Það er *mjög mikill munur á aðstöðu fólksbifreiðaeigenda og vörubifreiðaeigenda* varðandi þetta mál, sem ég vildi mega vænta, að hv. þm. gerðu sér fulla grein fyrir. Í Reykjavík er það svo, að fólksbifreiðastöðvarnar eru reknar annaðhvort sem sameignarfélög eða hlutafélög. Og ef þetta frv. yrði samþ. eins og það fór héðan frá d. á sínum tíma og eins og það er nú, þá má segja, að fólksbifreiðastöðvarnar hér í Reykjavík hafi í hendi sér að takmarka aðstreymi í atvinnugreinina, þó að það sé búið að taka út úr frv. heimildina, sem var til takmarkana varðandi fólksbifreiðarnar. Þetta er vegna þess, að þessi viðkomandi félög fólksbifreiðaeigendanna eða bifreiðarstjóranna geta samið um þessa hluti og hafa gert það og gera það hér í Reykjavík, — gera samninga um það sín á milli, hversu marga bifreiðarstjóra hver stöð skuldbindur sig til þess að hafa hjá sér og fleiri ekki. Það er þess vegna, eins og frv. er, þegar skylt er að vera á stöð, eins og segir í frv.: „að þeir skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð“ — varðandi fólksbifreiðarnar raunverulega í framkvæmd takmörkun á leigubifreiðum til fólksflutninga, þar sem bifreiðastöðvarnar hafa sjálfar í hendi sér að takmarka aðganginn að stöðvunum. Þessu víkur allt öðruvísi við hér í Reykjavík varðandi vörubifreiðarnar, vegna þess að vörubifreiðastöðin Þróttur er eign stéttarfélagsins og verður þar af leiðandi að standa opin þeim, sem þangað vilja, eða m. ö. o., þeir hafa ekki aðstöðu til þess að meina neinum að gerast aðili að stöðinni. Af þessum sökum hygg ég einnig að það hafi verið, sem hv. Ed. féllst á að taka inn í frv. heimild til takmörkunar fyrir vörubifreiðarnar og samþ. þá breytingu á málinu, að vísu bara í Reykjavík, og það var af augljósum ástæðum gert, vegna þess að það var nokkur andúð hjá þm. að samþ. þetta frv. og það mátti ætla, að andúðin yrði þeim mun minni, sem frv. yrði takmarkaðra. Það hafði ekki legið fyrir beiðni frá neinum stað nema hér í Reykjavík um takmörkun á bifreiðunum. Þar af leiðandi var till. hæstv. dómsmrh. í Ed. takmörkuð við Reykjavík eina og náði þar samþykki.

Nú eru að vísu fluttar hér brtt. um, að þetta skuli ná til annarra kaupstaða, takmörkunin varðandi vörubifreiðarnar, og það er skiljanlegt. Það eru hv. flm. frv., sem vilja leggja til, að heimildin til þess að takmarka vörubifreiðar nái einnig til annarra kaupstaða en Reykjavíkur. Ég skil þeirra sjónarmið fyllilega. Það eina, sem ég vildi um það segja, er það, að ég óttast ef til vill, að það kunni að hafa einhver áhrif á afgreiðslu málsins, þannig að sumir vilji síður vera með frv., eftir því sem það er víðtækara, en þó er að vænta þess bezta í því efni.

Það er alveg augljóst mál, að þessari heimild mundi verða beitt varlega. Það eru þrír aðilar, sem eiga um hana að fjalla, áður en til takmörkunarinnar kemur. Það er stéttarfélag vörubifreiðaeigendanna, það er bæjarstjórn viðkomandi staðar og það er, eins og frv. er nú, dómsmrn. — eða samgmrn., ef sú brtt. yrði samþ. Hins vegar er það svo, og þeir vita það, sem eru nokkuð kunnugir þessu máli hér í Reykjavík, að akstur vörubifreiða er með mjög sérstökum hætti, og það hefur verið vissulega mjög varhugavert og skapað ótrúlega mikla erfiðleika, hversu atvinnan hefur verið skrykkjótt í þessari atvinnugrein — gengið upp og niður. Það hafa komið þau tímabil, þar sem atvinnan hefur verið ákaflega mikil, og menn hafa beinlínis þust að þessari atvinnugrein, sem svo á öðrum stundum hefur skapað tilsvarandi erfiðleika, þegar menn standa uppi með þessi dýru tæki og eyðslusömu. Þannig hefur það verið hér í Reykjavík að undanförnu, að það hefur eiginlega verið viðloðandi atvinnuleysi í atvinnugreininni og ýmsar ráðstafanir verið gerðar til þess á stundum að reyna að létta undir hjá mönnum með skiptivinnu og eins konar takmarkaðri atvinnubótavinnu, sem ef til vill hefði verið hægt að komast hjá, ef á þeim tíma, þegar betur horfði, hefðu verið settar nokkrar skorður við því, hversu menn komust inn í þessa atvinnugrein.

Þó að ég sem sagt geti alveg fallizt á sjónarmið þeirra manna, sem segja: Við eigum að hafa þetta frjálst og ekki að takmarka aðganginn í atvinnustéttirnar, — þá vil ég biðja menn að taka eftir því, að þessi heimild, sem hér er farið fram á, er á þann hátt þríþætt, að það kemur ekki til með, að henni verði beitt, nema allir

þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, séu því samþykkir, þ. e. a. s. stéttarfélagið, bæjaryfirvöldin og rn., dómsmrn. eða samgmrn. — Það er náttúrlega mesti misskilningur hjá hv. þm. Dal., að þetta mál sé fyrst og fremst samgöngumál. Það má kannske segja, að það hafi fremur verið samgöngumál meðan takmörkunin tók líka til fólksbifreiðanna, en um það er ekki deilt núna. Það er nú um það að ræða, hvort það eigi að heimila takmörkun á vörubifreiðunum. Hins vegar læt ég mér það algerlega í léttu rúmi liggja, hvort það er samgmrn. eða dómsmrn., sem á fyrir sitt leyti að taka ákvörðun um það, hvort það vill heimila takmörkunina eftir beiðni bæjarstjórnar og stéttarfélagsins. Þó er það mín skoðun, að það sé eðlilegri sá háttur, sem upphaflega var og er enn í frv., að um slíkar takmarkanir sem þessar sé fjallað af dómsmrn. fremur en samgmrn., jafnvel þó að málið væri í eðli sínu meira samgöngumál en það er nú að minni skoðun, enda heyrir framkvæmd bifreiðalöggjafarinnar undir dómsmrn.

Þetta mál er mjög fast sótt af þeim, sem mestra hagsmuna hafa af þessu að gæta, sjálfum vörubifreiðarstjórunum. Og reynsla þeirra manna, sem starfað hafa hér í bæjarstjórn á undanförnum árum, hefur orðið sú, að við hv. flm., borgarstjórinn og ég, sem báðir eigum sæti í bæjarstjórn og bæjarráði, höfum á grundvelli þeirrar reynslu, sem við höfum öðlazt í samskiptum við þessa atvinnugrein á undanförnum árum að því er tekur til bæjarfélagsins, komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að fallast á þá beiðni, sem fram kemur hjá bifreiðarstjórunum, enda þótt menn „principielt“ kynnu ef til vill að óska fremur, að slík mál væru frjáls og óbundin. En það má segja, og verður ekki hrakið, að varðandi vörubifreiðarstjórana sérstaklega stendur þannig á, að ég hygg, að það séu ekki margar atvinnugreinar, sem séu sambærilegar að því leyti, hversu atvinnan hefur gengið upp og niður á stundum, eins og ég sagði, þegar mjög mikil eftirspurn hefur verið eftir þessum atvinnutækjum og starfsemi þeirra, en því miður í annan tíma miklar breytingar og dalir í þessari atvinnu, sem hefur bæði skapað bifreiðarstjórunum mikla erfiðleika og leitt af sér óhóflegan kostnað í þjóðfélaginu vegna þess, hversu dýr tæki er hér um að ræða. Ég vil þess vegna eindregið mega mælast til þess við hv. þingmenn, þar sem frv. er nú orðið það þröngt, að það nær bara til Reykjavíkur, að þá fallist menn á að samþ. það og jafnvel einnig þó að það næði til kaupstaðanna annarra en Reykjavíkur, eins og lagt er til af hv. þm. Ak. og hv. þm. Hafnf.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Samgmn. þessarar hv. d. klofnaði um þetta mál, þegar það var hér upphaflega til meðferðar, og n. hefur ekki tekið málið til frekari athugunar, eftir að það kemur nú með nokkrum breyt. frá hv. Ed. En fyrir hönd okkar hv. 2. þm. Eyf. vil ég aðeins taka það fram, að við teljum óheppilegt, að nýjar breyt. verði nú gerðar hér við þessa umr. og afgreiðslu málsins stefnt þannig í nokkra hættu. Að vísu eru þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 657 og 704, ekki efnismiklar og breyta í sjálfu sér ekki mjög miklu. Fyrri till. er um það, að fyrir orðið „Reykjavík“ komi: kaupstöðum — eins og upprunalega mun hafa staðið í frv., en í þessu sambandi má benda á það, að það er fyrst og fremst héðan úr Reykjavík, sem hafa komið fram óskir um heimild til slíkrar takmörkunar. Þess vegna má segja, að ekki beri brýna nauðsyn til þess að víkka þessa heimild eins og gert er ráð fyrir í till., þó að hins vegar megi segja, að það sé ekkert óeðlilegt, að önnur byggðarlög, þar sem svipað kunni að standa á og hér gerir í þessum efnum, fái slíka heimild til þess að gera nokkrar takmarkanir á þessu sviði. — Varðandi brtt., sem hv. þm. Dal. mælti hér fyrir, þá er hún ekki heldur efnismikil, þar sem lagt er til, að í stað „dómsmrn.“ komi: samgmrn. — Ég er nú heldur mótfallinn þessari till., vegna þess að ég tel eðlilegt, að þessi mál heyri undir dómsmrn., sem hefur með framkvæmd bifreiðalaga að gera. Það má að vísu segja, að þetta sé að dálitlu leyti samgöngumál, þessi heimild til takmörkunar. En mér virðist þó, að frekar beri á hitt að líta, að dómsmrn. hefur yfirleitt með framkvæmd bifreiðalaganna að gera. Annars skipta hvorugar þessar till. meginmáli. Aðalatriðið er, að málinu sé ekki stefnt í hættu með því að samþ. nú brtt. við það og senda það á ný til Ed. í þann mund, sem þinginu er að ljúka.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, í sambandi við þá breyt., sem nú er orðin á þessu frv., láta það koma fram frá minni hálfu, að ég tel, að hér sé um allvarhugavert mál að ræða. Ég var á þeirri skoðun hér í þessari hv. d. við fyrri afgreiðslu málsins, að það yrði að hafa öll ákvæði um heimild til handa bifreiðarstjórum til þess að takmarka rétt manna við starfsemi í stéttinni í rauninni ákaflega mild og sem mest þannig, að það væri í hendi stéttarfélaganna sjálfra að setja reglur um það, að óeðlileg útþensla í starfsgreininni þyrfti ekki að koma til. En hins vegar hef ég verið á þeirri skoðun, að það sé mjög hæpið að veita bæði ráðuneytum og bæjarstjórnum rétt til þess, jafnvel þó að sá réttur sé bundinn við það að hafa þar samráð við stéttarfélögin, — að veita slíkum aðilum rétt til þess að loka að verulegu leyti viðkomandi starfsgrein; það sé mjög varhugavert.

Eins og frv. fór héðan frá þessari d. á sínum tíma til Ed., þá var það orðið í þeim búningi, að stéttarfélögin sjálf gátu nokkuð við þetta ráðið. Þau gátu t. d. með samningum sínum við bílastöðvarnar takmarkað nokkuð tölu þeirra bifreiða, sem starfandi eru á hverjum tíma. Þetta var þá alveg einkamál stéttarinnar sjálfrar við þær stöðvar, sem reka bíla. Þetta þótti mér í rauninni alveg nóg fyrir stéttina til þess að reyna að hafa nokkurn hemil á þessu. En nú þekkjum við það, og það er í rauninni ekkert nýtt fyrirbrigði, að mörg stéttarfélög hafa áhuga á því að vilja loka starfsgrein sinni, gera þannig atvinnugreinina fyrir þá fáu, sem eftir verða í

félögunum, mjög örugga og verka sem hemill að nokkru leyti á eðlilega starfrækslu viðkomandi greinar. Ég verð t. d. að segja það, að ég óttast það beinlínis, að verði þetta frv. lögfest í þeim búningi, sem það er orðið nú, þá mundi það koma fram í æði mörgum kaupstöðum, að viðkomandi stéttarfélag bifreiðaeigenda óskaði eftir því, að félaginu yrði lokað. Og þá yrði það ekki lengur réttur manna á þeim stað að taka upp þessa atvinnu fram yfir það, sem hið lokaða stéttarfélag hefur komið sér saman um. Það hefur síðan fengið rétt bæjarstjórnar og ráðuneytis til þess að loka viðkomandi félagi með öllu og fyrirbyggja það, að menn geti tekið upp þessa starfsemi. Þar sem ég á heima, þá óska ég fyrir mitt leyti sem einn af bæjarfulltrúum þar ekki eftir því að þurfa að standa í deilum við viðkomandi stéttarfélag á þeim stað um að loka þar t. d. vörubifreiðarstjórastéttinni.

Ég tel, að sú tilhneiging, sem að verulegu leyti kemur fram í þessu máli einmitt hér í Reykjavík, sé í sjálfu sér mjög varhugaverð, og spái því fyrir mitt leyti, að það sé ekki ótrúlegt, að bæði hv. þm. og reyndar bæjarfulltrúar í Reykjavík muni eiga eftir að verða varir við það, þótt síðar verði, að það muni koma allverulegur þrýstingur á þá frá ýmsum mönnum, sem telja það verulegar hömlur á atvinnurétti sínum að geta ekki með nokkru móti komizt inn í þessar starfsgreinar, vegna þess að með reglugerðum, staðfestum af viðkomandi ráðuneyti, er þar búið að loka starfsgreininni með öllu. Ég vil því fyrir mitt leyti halda mér við frv. í því formi, sem það var, þegar það var afgr. héðan frá þessari d. á sínum tíma, og get ekki samþ. frv. í þeim búningi, sem það kemur nú frá Ed. Ég tel, að það gangi of langt í því að loka þarna almennri atvinnugrein, sem ég sé ekki að sé bein þörf á eða eðlilegt að gera.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í sambandi við það, sem fram kom hjá hv. 2. landsk., langar mig til þess að gera örstutta aths.

Hv. þm. talaði um það, að það væri varhugavert að veita bæjarfélögum og ráðuneytum rétt til þess að loka stéttarfélögum. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. veitir þessum aðilum engan rétt, nema fyrir liggi ósk frá stéttarfélaginu sjálfu. Eins og segir í frv., þá er bæjarstjórninni heimilt o. s. frv. að „fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélags". Liggi þær ekki fyrir, þá er það hvorki á valdi bæjarstjórnarinnar né rn. að loka viðkomandi atvinnugrein, eins og hv. þm. talaði um. Hann sagði hins vegar, að stéttarfélögin hefðu tilhneigingu til þess að vilja taka upp lokanir hjá sér og það kynni að vera nokkuð varhugavert að heimila þeim það á þann hátt, sem hér er gert. En sannleikurinn er sá, að ef um óeðlilega tilhneigingu hjá stéttarfélaginu, sem kannske vill þrýsta á þarna, er að ræða, þá verður ekki heldur lokunin heimiluð eða gerð nema með samþykki hlutaðeigandi bæjaryfirvalda og rn., svo að í þessu ætti nú að vera nokkurt aðhald. Og spurningin er þá, hvort alveg án nokkurrar lagaheimildar kynni ekki að vera, að stéttarfélögin að öðrum leiðum gætu skapað sér einhverja tilsvarandi lokun eins og hv. þm. vék nú að, og mér skildist, að hann vildi nú helzt aðhyllast það að lofa stéttarfélögunum sjálfum að glíma við það að hrinda mönnum frá sér í atvinnugreininni. En ég skil það svo, að hér t. d., þegar um er að ræða vörubifreiðar í Reykjavík og þar er stéttarfélag vörubifreiðaeigenda, að stéttarfélagið geti ekki neitað mönnum að koma eða um starfsemi á vörubifreiðastöðinni, einmitt vegna þess að stöðin er eign stéttarfélags, sem á að vera opið fyrir alla.

Hv. 2. landsk. þm. sagði, að hann óskaði ekki eftir því að þurfa að standa í deilu við stéttarfélögin, vörubifreiðarstjóra á Norðfirði, um það, hvort ætti að loka starfsgreininni eða ekki. Þessi hv. þm. hefur ekki staðið í þeim erfiðleikum, sem aðrir bæjarfulltrúar hafa staðið í — og það hér í Reykjavík — og leitt hafa af offjölguninni í vörubílstjórastéttinni. Hann hefur ekki staðið í því að fá sendinefndir frá vörubifreiðarstjórum æ ofan í æ, þar sem þeir benda með rökum á það, að geigvænlegt atvinnuleysi eigi sér stað í stéttinni og sé þeim mun tilfinnanlegra fyrir þessa aðila vegna þess, hversu dýr og umfangsmikil tæki þessir menn hafa lagt sér til til þess að tryggja atvinnu sína.

Hversu mikil höft er nú verið að fara fram á hér, og hvað er verið að skerða frelsi manna mikið? Höfum við ekki sérleyfisferðir hér hjá okkur? Hver má keyra á sérleyfisleiðunum nema sá, sem hefur fengið leyfi til þess? Hefur ekki sérleyfisferðunum þannig verið lokað fyrir öðrum en þeim, sem hefur verið talið nauðsynlegt að veita það á hverjum tíma? Það hefur verið talið eðlilegt að taka upp takmarkanir á því, hvernig fólksflutningunum innanlands væri hagað, með því að veita tilteknum aðilum og takmörkuðum á hverjum tíma heimild til fólksflutninganna á hinum svo kölluðu sérleyfisleiðum. Þetta þótti nauðsynlegt til þess að stefna ekki út í ógöngur með það, að óeðlilega mikið af dýrum farartækjum væri notað í óeðlilegri samkeppni í fólksflutningunum. Það má segja, að það, sem hér er farið fram á, sé að vissu leyti hliðstætt og eðli málsins sé skylt og af þeim sökum sé í raun og veru ástæðulítið að tala hér um haftastefnu, sem sé verið að fara fram á, og „prinsipielt" sé skynsamlegra að hafa algert frjálsræði á því sviði, sem hér um ræðir. Ég hygg, að ef menn athuga þetta mál ofan í kjölinn, þá sjái þeir, að það sé ekki óeðlilegt, að það sé veitt nokkurt aðhald í þessari atvinnugrein, og eins og frv. er nú, þá er það vissulega með þeim hætti, að það er fullkomlega hægt að treysta því, að heimildum þeim, sem hér er talað um að veita, verði beitt varlega, eins og ég gerði grein fyrir í minni fyrri ræðu, þar sem það eru þrír aðilar, sem fjalla um þessi mál, í fyrsta lagi sjálf stéttarfélögin, svo bæjaryfirvöldin og loks ráðuneytið. Að þessu öllu athuguðu held ég, að það sé varla hægt að búast við því, að það yrði flanað hér út í einhverjar ógöngur, þó að þessi heimild yrði veitt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi benda á út frá því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Reykv., sagði, en það var um offjölgun í vörubifreiðarstjóra-

stéttinni. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það séu í augnablikinu í Reykjavík færri menn í bifreiðarstjórastéttinni heldur en voru fyrir nokkrum árum. Það er ekki rétt, að það sé um offjölgun að ræða og að það sé um of marga vörubílstjóra og um of marga vörubíla að ræða hérna. Það er allt annað, sem um er að ræða, og það er nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst. Það er um það að ræða, að mönnum hefur verið bannað að vinna við þá vinnu, sem vörubílstjórar m. a. alveg sérstaklega hafa atvinnu við. Það hefur verið minnkuð alveg stórkostlega öll byggingarvinna í Reykjavík. Það hefur verið dregið úr atvinnulífinu í landinu, og það er eitt af því, sem veldur því, að það er minna að gera fyrir vörubílstjórana heldur en var áður. Ég held, að menn megi ekki nota þessi hugtök svona. Samdrátturinn í atvinnulífinu kemur niður á vörubílstjórunum eins og ýmsum öðrum. Og spurningin er, á hvern hátt við eigum að bregðast við þessu. Eðlilegast er að bregðast við þessu með því að auka atvinnu, auka byggingarvinnuna, auka aðra þá vinnu, sem þarf að vinna og vörubílstjórarnir hafa sérstaklega atvinnu við, mjög nytsamlega og gagnlega vinnu, sem áreiðanlega er hægt að auka. Það er höfuðatriðið.

Þessi takmörkun, sem núna er lagt til að byrja þarna á, er afleiðing af þeim harðvítugu takmörkunum, sem beitt er í sambandi við t. d. byggingarleyfin og allar okkar framkvæmdir í landinu, líka í sambandi við minnkunina á atvinnurekstrinum í sjávarútveginum. Þegar farið er að draga úr því, að togararnir leggi eins mikið í land hérna eins og þeir gætu lagt, þegar farið er að draga úr jafnvel saltfiskverkun og freðfiskverkun frá því, sem hún gæti verið, ef öll okkar skip væru í fullum gangi miðað við veiði fyrir innanlandsmarkað, þá kemur þetta eðlilega fram í því, að það verður atvinnuleysi hjá t. d. mönnum eins og vörubílstjórunum. Ég held, að við hefðum nóg við alla okkar vörubílstjóra og allar okkar vörubifreiðar að gera, svo framarlega sem við notuðum alla okkar togara og öll okkar fiskiskip til þess að framleiða fyrir hraðfrystihúsin og fyrir saltfisk- og harðfiskútflutning. Þá held ég, að við hefðum nóg við alla okkar vörubifreiðarstjóra að gera, og ég tala nú ekki um, ef það væri fullur kraftur þar að auki á byggingarvinnunni. Þetta held ég, að sé nauðsynlegt að menn geri sér ljóst.

Svo kemur að hinu spursmálinu: Þegar almennt atvinnuleysi er byrjað, á hvern hátt á að bæta úr því? Á að bæta úr því á þann hátt að loka t. d. iðngreinunum, að loka vörubílstjórafélagi og setja alla aðra, sem vilja stunda vinnu í þjóðfélaginu, í það eitt að eiga að stunda vinnu við höfnina og auka þar með atvinnuleysingjafjöldann þar? Er það rétt ráðið af okkur? Ég held ekki. Ég held, að verkalýðsfélögin, hver sem þau eru, hvort það eru félög faglærðra manna, vörubílstjóra eða ófaglærðra verkamanna, verði sameiginlega að hjálpast að við að vinna bug á atvinnuleysisvandamálinu. Ég held, að það hljóti að vera það, sem á að gera í þessu.

Í Ed. var bætt hér inn í ákvæði um, að bæjarstjórnin mætti takmarka fjölda vörubifreiða með samþykki dómsmrn. Hvað þýðir það að takmarka þannig fjölda vörubifreiða af hálfu aðila, sem ekki er stéttarfélagið sjálft? Það þýðir, að utan að komandi vald eins og bæjarstjórn eða dómsmrh. neitar ákveðnum verkamanni um inngöngu í ákveðið vörubílstjórafélag, sem um leið hefur rekstur vörubílstjórastöðvar með höndum. Þetta er þvert ofan í öll ákvæði vinnulöggjafarinnar. Í vinnulöggjöfinni er mælt svo fyrir og það mjög stranglega, að hver maður hafi rétt til þess að vera í sínu verkalýðsfélagi. Það eru þess dæmi, ef átt hefur að svipta menn slíkum rétti, að verkamenn hafa með dómi fengið sig dæmda inn í verkalýðsfélögin. Mér er nú spurn: Væri ekki ákvæði um að gefa utan að komandi aðila rétt til þess að takmarka það á þennan hátt brot á öllum þeim réttindum, sem verkamönnum eru gefin í sambandi við vinnulöggjöfina? Hitt er mjög skiljanlegt, að verkalýðsfélög eins og vörubílstjórafélögin setji máske allþröngar skorður fyrir þessu, enda hafa þau á ýmsan hátt gert það með háu inntökugjaldi og öðru slíku. Það er ákaflega skiljanlegur hlutur, en beint bann við því er á móti núgildandi löggjöf og á móti þeim anda, sem verkalýðshreyfingin hefur byggzt á, og ég efast um, að það sé mögulegt fyrir okkur að samræma þetta tvennt.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði í þessu sambandi um sérleyfi. Ja, mér er spurn: Er það meiningin að fara út á þá braut hér á Íslandi, að til þess að stunda almenna atvinnu þurfi sérleyfi og það frá bæjarstjórn með samþykki dómsmrh.? Hann tók samanburð af sérleyfisferðum. Á það nú að vera næsta skrefið, að til þess að keyra vörubíl í Reykjavík þurfi menn sérleyfi frá bæjarstjórn með samþykki dómsmrh.? Og hvað er þá langt til þess, að menn til þess að stunda vinnu við höfnina þurfi samþykki frá bæjarstjórn og leyfi frá dómsmrh. og það ætti að hungra alla hina út, sem hvergi fá að vera? Ég vil aðeins benda á, hvert þetta getur leitt. Það er enginn efi á því, að af því vandræðaástandi, sem núverandi ríkisstj. hefur skapað í landinu, atvinnuleysinu og minnkandi vinnu fyrir vörubílstjóra og aðra, leiðir þetta ástand, sem hvert verkalýðsfélag út af fyrir sig er nú að glíma við, hvert stéttarfélag. En leiðin til þess að leysa þessi vandræði er bara ekki, að hver takmarki hjá sér, heldur að þau leggist sameiginlega á eitt um að knýja fram slíka breytingu á pólitíkinni í landinu, að það verði næg vinna líka fyrir alla vörubílstjóra. Það eru meiri en nóg not fyrir alla þá vörubílstjóra, sem nú eru á Íslandi, og allar þær vörubifreiðar, sem hér eru til. Og það mundi sýna sig, ef almennileg stjórn væri hér í landinu, að við værum í vandræðum með vörubifreiðar. Þess vegna held ég, að það, sem bætt var inn í þetta mál í Ed., eigi að falla burt. Gefum stéttarfélögunum rétt til þess að gera sínar ráðstafanir í sambandi við einkarétt á bifreiðastöðvum og bæjarstjórninni heimild til þess að ákveða í sambandi við það, eins og er í 1. málsgr., en ég held, að það sé rétt að fella út úr það, sem bætt var inn í í Ed. Og sérstaklega eftir ræðu hv. 5. þm. Reykv. sýnist mér þetta vera

að stefna alveg í ranga átt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég vildi ekki eiga að horfa upp á það, að bæjarstjórn Reykjavíkur og dómsmrh. eigi að þurfa að gefa hverjum einasta vörubílstjóra í Reykjavík sérleyfi til þess að hafa vörubíl. Og mér sýnist það vera næsta skrefið, ef svona ætti að fara að.

Ég vildi þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. um það, að 2. málsgr. falli burt, og ég verð að biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir þeirri till. Þá mundi frv. líta út eins og það leit út, þegar það fór hér frá okkur.

Forseti (JG): Það hefur komið fram skrifleg brtt. við 1. gr. frv., þannig: „Önnur málsgr. falli niður.“ — Þessi skriflega brtt. er of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 717) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 717 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JÁ, LJós, PÞ, SG, SkG, ÁB, ÁS, EOl, EirÞ, HÁ, HV, JG.

nei: IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SB, StJSt, BÓ, EmJ, EystJ, GTh, GÞG.

5 þm. (JörB, StgrSt, AE, ÁkJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 704 samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, PÞ, SG, SkG, ÁB, ÁS, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, JÁ, JG.

nei: JR, KS, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SB, StJSt, BÓ, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS.

5 þm. (JörB, StgrSt, AE, ÁkJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 657 felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, EmJ, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JS.

nei: LJós, PÞ, SkG, EOl, EirÞ, EystJ, HÁ, HV, HelgJ, JPálm, JÁ, JG.

MJ, SB, SG, ÁB, ÁS, BÓ greiddu ekki atkv.

5 þm. (JörB, StgrSt, AE, ÁkJ, GG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SB, BÓ, EmJ, EystJ, GTh, GÞG.

nei: HelgJ, LJós, PÞ, SG, ÁB, ÁS, HÁ, HV, JG.

JÁ, SkG, StJSt, EOl, EirÞ, GG greiddu ekki atkv.

4 þm. (JörB, StgrSt, AE, ÁkJ) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 718).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 740).

---

68. Erfðaleiga á hluta af prestssetursjörðum.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir kirkjumrh. til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum [201. mál] (þmfrv., A. 524).

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af landbn. eftir beiðni manna utan þings, sem eru dálitið kunnugir málum sitt á hvað um landið. Það kom hér fram í fyrra, þegar verið var að ræða um prestaköllin, að ýmsar prestssetursjarðirnar væru misjafnlega setnar. Það kom þá fram hér, að sumir prestarnir byggju ekki á jörðunum nema að litlu leyti, heldur leigðu þær út til annarra og þá oft fyrir töluvert hærra en þeim væru metnar þær, enda hefði hv. kirkjumrn. síðan 1920 ekki séð ástæðu til að láta fara fram nýtt mat á heimatekjum presta, þó að það eigi alltaf að gera það á 10 ára fresti, og af því væri þetta orðin þó nokkur féþúfa fyrir prestana. Þó er það fyrir sig, þó að þeir geti eitthvað grætt á því; hitt er verra, að með því að leigja jarðirnar svona frá ári til árs láta þeir níða jarðirnar.

Það er til prestssetranefnd, sem í mun vera skrifari biskups og skrifstofustjóri í kirkjumrn. og landnámsstjóri og mun eiga að gera till. um það, af hvaða prestssetrum þeir teldu rétt að taka land til að búa til á nýbýli. Þar sem samkomulag hefur um það náðst við prest og kirkjumálastjórn, hefur það verið gert á einstaka stað. Á öðrum stöðum hefur ekki náðst samkomulag um það. Það hefur setið þar prestur, sem hefur að vísu ekki nytjað jörðina, hefur viljað leigja hana út sjálfur, og hann hefur verið kosinn af prestakallinu upp á það að hafa prestssetursjörðina til umráða og því engu hægt að breyta.

Það, sem þetta frv. fer fram á, er að heimila kirkjumrh., ef bæði skipulagsnefnd prestssetranna og nýbýlanefnd telja æskilegt, að einhverri prestssetursjörð sé skipt, og ekki fæst um það samkomulag við prestinn, að taka hluta af jörðinni leigunámi af prestinum og setja hana á erfðaleigu. Það er sem sé varaskeifa til þess að geta látið skiptingu fara fram á þeim prestssetrum, ef prestarnir standa á móti því og ekki næst samkomulag um að gera það. Í þeim tilgangi er það flutt. Og það getur vel verið, að núna á stundinni grípi það ekki til nema svona 7—8 prestssetra, sem ekki næst samkomulag um og eru nídd af prestunum, sem á þeim sitja, og aðrir menn hafðir að féþúfu í gegnum þetta af prestunum.

Ég skal nú ekki, nema af sérstöku tilefni, fara að lýsa neinu af þeim prestssetrum, en ef á þarf að halda, er ég tilbúinn. Að vísu veit hver maður, hvernig með þau er farið. En ég geri það ekki, nema sérstakt tilefni gefist.

Það gæti líka vel verið, að við það, að þetta frv. kemur hér fram og er rætt, færi líkt og

með prestakallafrv.; það var rætt hér í fyrra, og það var verið að segja, að ég væri að skamma prestana, en það húsvitjuðu nærri 50 prestar á árinu, 3 árið áður og 4 í ár. Þessa þýðingu hafði það, að við vorum að víta þá hérna fyrir það, hvernig þeir ræktu sitt starf. Það gæti vel verið, að það færi eins með þetta. Það gæti orðið til þess, að þeir bættu ráð sitt, að þetta frv. kæmi hér fram og þeir heyrðu, að því væri gaumur gefinn, hvernig þeir færu með jarðirnar. Það gæti vel verið, að það hefði þá þýðingu, að einhverjir af þeim hættu að fara illa með jarðirnar, þó að það dagaði uppi.

Ég ætla svo ekki að hafa þetta lengra. Ég hygg, að það skipti engu, hvort því er vísað til nefndar eða ekki. Það er kannske rétt að gera það eftir þeirri venju, sem hér er komin á. (**Forseti**: Það er nú ekki beint venja. N. flytur þetta fyrirvaralaust.) — Við flytjum þetta fyrirvaralaust. Við munum athuga það milli umr., en ég býst ekki við, að við komum með miklar breyt. á því, og þó má vera, að við gerum það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki ræða mikið um þetta frv. hér, sem fyrir liggur. En vegna þess að hæstv. landbrh. er við, þá vildi ég ræða hér um mál, sem er mjög þessu skylt og raunverulega snertir það nokkuð. Er það í sambandi við, hvernig farið hefur verið með kirkjujörðina Brjánslæk. Þar hefur nú einmitt verið skipt hálfri jörðinni, samkv. l. geri ég ráð fyrir, og það hefur orðið til þess, að það er útilokað um aldur og ævi að fá nokkurn prest á jörðina. Það hefur verið margreynt síðan þetta var gert, en það hefur verið gengið svo frá þeim málum, að það er enginn prestur, sem vill koma nálægt því að búa á jörðinni, eftir að búið er að gera þessi skipti. Og ef nú á að stíga lengra það spor, þannig að fáist nú prestur til þess að búa á jörð og vilji vera þar áfram og jörðinni á svo að skipta og hann vill ekki gefa eftir sinn rétt, þá megi taka það af honum leigunámi, þá finnst mér nú gengið heldur langt í þessu máli. Og ég vildi mjög mega vænta þess, að hæstv. ráðh. léti fara fram gagngerða endurskoðun á því, hvernig hefur verið farið með þetta höfuðból og hvort ekki sé hægt að kippa því aftur í lag. (**Gripið fram í**: Hvenær var það gert?) Það var gert fyrir 2—3 árum. Ég er ekki að segja, að það sé gert undir stjórn þessa hæstv. landbrh., en það hefur verið gert af þessum aðilum, sem fara með þessi mál, m. a. nýbýlastjórninni. Það þarf að koma í veg fyrir, að prestssetrið eða prestssóknin sé algerlega lögð niður, því að eins og þetta er nú er ógerningur að búa við það. Ég vil segja hæstv. ráðh. það, að það er hvað eftir annað núna sótt á um, að viðkomandi bóndi fái svo að segja að gjöf einnig húsin. Hann er búinn að koma sér svo fyrir undir þessum samningum, að hann hefur þar tögl og hagldir. Og ef á að fara þannig með kirkjujarðir í framtíðinni, þá þarf sjálfsagt að athuga fullkomlega þessa löggjöf betur en gert er hér með þessu frv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það munu nú ekki hafa verið gerðar ráðstafanir viðkomandi prestssetrinu á Brjánslæk, meðan ég hef verið kirkjumrh., og ég er þess vegna ekki svo kunnugur, að ég geti gefið neinar upplýsingar, sem að gagni koma um það mál. En það kom þarna fram hjá hv. þm. Barð., að þessu mundi vera skipt samkv. till. nýbýlastjórnar. Ég geri líka ráð fyrir, að það sé rétt, að það hafi verið gert. Það er ekki ástæða til þess viðkomandi þessu máli að fara að lengja um þetta umr. Það er vitað mál, að sumir prestar hafa notað aðstöðu sína eða misnotað, hvort sem maður vill heldur segja, til þess að leigja prestssetrin fyrir allháa leigu og hafa af því verulegar tekjur. Og það hefur verið mjög illa séð, sem eðlilegt er.

Nú er það þannig, að n., sem á að gera till. um skipun prestssetra, á einnig að gera till., ef ég man rétt, um þetta atriði, hvaða prestssetrum megi skipta, hver séu nægilega stór til þess, og í þeirri n. er sá maður, sem mest hefur með þessi mál að gera, nýbýlastjórinn, Pálmi Einarsson, ásamt þeim tveimur mönnum, sem hv. 1. þm. N-M. nefndi hér, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu og ritari biskups.

Ég efast ekkert um það, að það er rétt, að einstaka prestar hafa notað þetta sem verulega tekjulind og það á ekki alveg viðkunnanlegan hátt. Hins vegar má gæta að sér, alveg eins og hv. þm. Barð. sagði, að ganga ekki of langt í þessu efni og skipa því í hóf, og mér virðist nú satt að segja, að ef þessar n. eiga að fjalla um það, sem þarna ræðir um, þá muni nú vera nokkur trygging fyrir því.

Það verður að segja það eins og er, að þess gætir miklu víðar en hjá prestum, að menn séu landsárir hér í þessu landi, þar sem hefur verið búskapur, sem hefur verið rekinn með rányrkju. Menn verða að skilja það, að það skilur eftir hjá þeim, sem búskap stunda, vissa tegund af eftirsókn, sem gengur úr hófi fram, eftir landi. Það vita flestir, sem þekkja íslenzka bændur. Það er ekkert við því að segja. Það hefur verið stunduð hér rányrkja. Þeir hafa orðið að gera það um aldir. Og síðan lifir það í þjóðinni, alveg eins í prestunum, að það sé ómögulegt að búa nema hafa svo og svo stórt land. Þetta veit nú hv. 1. þm. N-M. áreiðanlega eins vel og aðrir. Það verður að segja það eins og er, að þessi tilfinning, sem er kannske helzt til rík hjá prestunum, er ákaflega rík hjá mörgum öðrum, sem stunda búskap.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því, að þetta mál gangi fram. En það þarf að athuga það gaumgæfilega í n., og væri ástæða til þess að ræða það við þá n., sem fer með skipun prestssetra, hvað hún hefur í þessum málum gert og hvað ríka ástæðu hún sjái til þess að gera slíka skipun sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem þarna liggur fyrir. Mér finnst það alveg sjálfsagður hlutur, þar sem n. starfar í þessu máli, að ræða við hana um málið.

Það er ekki alveg eins einfalt og hv. 1. þm. N-M. talar um að taka á þessu máli. Ég get nefnt dæmi. Það er óánægja út af Brjánslæk. Það er t. d. ekki að leyna því, að það er dálítil óánægja út af Árnesi í Árneshreppi, sem er svo stór jörð, að prestur hefur litið með hana að

gera. Presturinn, sem kemur þangað núna, hefur skilning á þessum málum, og þess vegna getur þetta nú gengið eins og það er, en áður var mikil óánægja út af því. Og það er ekki að leyna því, að það stóð nokkuð í vegi fyrir því, að það fengist prestur til þess að koma þangað, að þar er búið að skipta landinu. Það verður að ganga að þessu með gát.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9:1 atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 524, n. 549).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv. á fundum sínum, og þar að auki hef ég rætt það við Pálma Einarsson, sem er bæði nýbýlastjóri og jafnframt formaður fyrir þeirri n., sem sér um skipulag prestssetra.

Þessar umr. hafa leitt til þess, að við höfum komið með eina brtt. um það, að í staðinn fyrir að láta afgjaldið eftir þann hluta af prestssetrum, sem kynni að verða leigður eftir þessum l., renna í kirkjujarðasjóð, þá skyldi það renna í fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs. En eins og mönnum er kunnugt, þá var tekin lág prósentutala af húsaverði jarðanna og lögð í fyrningarsjóð til að geta byggt prestssetrin upp fyrr, þegar þar að kemur, og okkur fannst þá eðlilegra, að það væri hlúð að fyrningarsjóðnum og það afgjald, sem þarna fengist, látið ganga til þess að hlúa að umbótum á sjálfu prestssetrinu með því að láta fyrningarsjóðinn aukast örara en hann ella mundi gera.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða frv., og við nm. leggjum til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, PZ, RÞ, SÓÓ, StgrSt, VH, ÞÞ, BSt.
nei: GJ.
BrB, GÍG, HG greiddu ekki atkv.
5 þm. (JJós, LJóh, BBen, FRV, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 549 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.
3. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 559).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 559, n. 705).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala um málið sjálft, heldur vildi ég aðeins geta þess, að nál. frá mér sem minni hl. í landbn. er komið í prent, og vildi ég óska eftir því, að málinu yrði frestað þangað til það liggur fyrir.

Forseti (JG): Það verður orðið við ósk hv. minni hl. landbn. um að fresta málinu, og er það því tekið af dagskrá.

Umr. frestað.
Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 559, n. 705 og 711).

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. til okkar hér í Nd., og landbn. hefur rætt það á allmörgum fundum og hefur kvatt til viðræðu við sig bæði herra biskupinn og sömuleiðis stjórn Prestafélags Íslands, biskupsritara og landnámsstjóra, svo að það hefur ekki skort á það, að n. hafi reynt að kynna sér málið nokkurn veginn eftir föngum.

Af viðræðum við þessa aðila kom það í ljós, að a. m. k. herra biskupinn og sömuleiðis meiri hluti þeirrar n., sem undirbjó frv. um skipun prestakalla, leit svo á, að það væri með öllu óheimilt að skipta prestssetursjörðum samkv. *þeim nýju prestakallal.*, *nema* því aðeins að *ný* lagafyrirmæli kæmu til. Þetta var nú þeirra álit. Enn fremur kom það í ljós við þessar umr., að þessir aðilar vel flestir upplýstu, að það væri nokkurn veginn fullundirbúin skipting á þrem prestssetursjörðum með fullu samþykki allra þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og þar væri ekki í raun og veru annað eftir en að staðfesta þetta. Loks viðurkenndu flestir þessara aðila, að enn væru nokkrar prestssetursjarðir, sem ástæða gæti verið til að skipta og það að skaðlausu fyrir búrekstur á þeim prestssetrum, sem þar er um að ræða, miðað við núverandi búskaparhætti hér á landi.

Þetta voru nú þau meginatriði, sem n. fékk út við þessar viðræður. Á grundvelli þessara upplýsinga og með sérstöku tilliti til þeirra staðhæfinga bæði herra biskupsins og eins n., sem undirbjó frv., að skipting prestssetursjarða sé nú óheimil að óbreyttum lögum, þá telur meiri hl. landbn. ríka ástæðu til þess, enda þótt hann vilji ekki kveða upp neinn dóm um þá fullyrðingu, að breyta l. á þann veg, að það taki af öll tvímæli um, að umrædd skipting sé heimil. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt að framkvæma t. d. þær skiptingar á prestssetursjörðum, sem þegar

eru undirbúnar, án þess að það séu nokkurn veginn örugg lagafyrirmæli um þau atriði, eða það er a. m. k. mjög hæpið, úr því að svo er, að þessir aðilar virðast vefengja það. Af þessum ástæðum telur meiri hl. n. sjálfsagt að setja nú þegar lagafyrirmæli um þetta, sem taki af öll tvímæli. Og þar sem meiri hl. n. er fylgjandi því, að stórum prestssetursjörðum, sem hafa mikið landrými, sem bersýnilegt er að verði ekki notað frá prestssetrinu, verði skipt, þá hefur hann lagt til þær breyt. á frv., sem hér eru fluttar af n. og allir hv. dm. geta lesið og kynnt sér og ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir frekar.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa vafalaust veitt athygli, þá hef ég ekki getað orðið samferða meiri hl. hv. landbn. um afgreiðslu þessa máls og legg því til á þskj. 711, að því verði vísað frá með þeirri rökst. dagskrá, sem þar er birt.

Ég verð að segja það, að ég er mjög undrandi yfir því, að slíkt frv. sem þetta skuli hafa getað gengið gegnum hv. Ed., því að það er svo að sjá samkv. 1. gr. frv., eins og það liggur hér fyrir, að það megi því aðeins skipta prestssetursjörðum, að það sé í andstöðu við prestinn sjálfan, en það megi ekki skipta þeim, ef presturinn samþykkir það. Sannleikurinn er sá, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að skilja ber l. svo, eftir að þau voru endurskoðuð í fyrra, að það sé því aðeins heimilt að skipta út úr prestssetursjörðum, að það sé í fullu samkomulagi við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Nú er það svo, að á bak við þetta frv. finnst mér í rauninni liggja ákaflega svipaður hugsunarháttur og er hjá þeim mönnum, sem vilja, að það sé hægt að setja leigjendur inn í hús manna, sem þeir eiga í kaupstöðum, og það jafnvel án þeirra leyfis, ef það er álitið, að húsið sé óþarflega stórt fyrir þá. Þetta hefur ekki gengið fram enn, og það er í mörgum tilfellum mjög hæpið að taka hluta af prestssetursjörðum, a. m. k. nema því aðeins, að það sé samþykkt af presti og sóknarnefnd viðkomandi safnaðar.

Nú er það svo, að hv. meiri hl. landbn. hefur breytt þessari fyrri gr. frv. nokkuð til bóta, þannig að hún gerir ráð fyrir því, að það þurfi að vera nánari till. og frekari skilyrði, sem þarna séu sett, og að það sé ekki eingöngu bundið við það, að það sé í andstöðu við prestinn. En þau fyrirmæli, sem eru í þessari gr., eins og hún kemur frá hv. meiri hl. landbn., eru þó þannig, að þau eru mjög ófullnægjandi. Þar segir, að það skuli gert „að fengnum till. nýbýlastjórnar". Í frv. er líka gert ráð fyrir því, að þetta sé að fengnum till. nýbýlastjórnar, en ekki eftir till. hennar. Kirkjumrh., hver sem hann er, hefur þess vegna, þó að nýbýlastjórn geri um þetta till., enga skyldu samkv. þessu frv. til að fara eftir þessum till., heldur þarf hann aðeins að fá þær. Þar að auki, þó að nú og jafnan síðan ég kom í nýbýlastjórn hafi verið þar gott samkomulag, er það alls ekki víst, að það verði alltaf svo, því að það getur þá verið þar til meiri og minni hl., sem greinir á um þau atriði, sem hér er um að ræða. Þá er í bæði brtt. hv. meiri hl. landbn. og í frv. sjálfu alveg gengið fram hjá því, að það þurfi að vera nokkurt samkomulag við sóknarnefnd og prest um þetta og því síður prófast eða biskup. En það er nú svo, að þó að í mörgum tilfellum sé svo, að prestar hafi minni áhuga fyrir búskap og stundi minna búskap en áður var, þá er það ákaflega hæpið mál af þeim orsökum að fara að sundra prestssetrunum frá því, sem þau hafa verið, því að það getur verið þannig ástatt, að það komi þar síðar prestur, sem hafi þörf fyrir alla þá jörð eða vilji nota hana alla. Ég þekki um það dæmi í mínu héraði, að það hefur verið gerð tilraun til þess að kljúfa sundur prestssetursjörð og fengið til þess samþykki prestsins, en safnaðarmenn allir snúizt gegn því, og það er ekki að fullu útkljáð enn, og ég veit ekki, hvernig um þann ágreining fer.

Annars er það ekki fyrst og fremst, að það sé svo mikill ágreiningur, — þó að hann sé nokkuð mikill um þetta atriði, sem í frv. er, — sem gerir það að verkum, að ég legg til, að því verði vísað frá, heldur er það svo, að ég lít svo á, að það þurfi þarna miklu viðtækari löggjöf um réttindi og skyldur presta yfir prestssetursjörðunum og skyldur og réttindi þeirra varðandi embættisbústaðina. Það eru dæmi til þess, að prestar, sem ekki búa sjálfir, leigja jarðirnar alla vega út og með mismunandi kostum, og ég álít, að það þurfi um það löggjöf, hvernig réttur slíkra manna er til þess að fara með jarðirnar. Þó að margar prestssetursjarðir séu vel setnar, þá eru þó dæmi til þess, að það eru sumar þeirra illa setnar og m. a. af þeim orsökum, hvað margir prestar hafa misst áhuga á því að stunda búskap frá því, sem áður var. — Ég legg eindregið til, að um þetta sé sett viðtækari löggjöf og hún undirbúin fyrir næsta þing, og við það er mín rökst. dagskrá á þskj. 711 miðuð.

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Minni hl., hv. þm. A-Húnv., hefur nú gert grein fyrir sinni till. Ég vil aðeins víkja að henni örfáum orðum. Um þá breytingu á frv., sem meiri hl. leggur til, virtist svo sem hann vildi beina athygli manna að því, að það skyldi aðeins leita till. nýbýlastjórnar. En í gr. er beinlínis tekið fram, að til þess að slík skipti fari fram, þá þurfi til þess samþykki skipulagsnefndar prestssetra, og í því sambandi er rétt að upplýsa það, að í þessari n. eru biskupsskrifari, landnámsstjóri og skrifstofustjórinn í kirkjumrn. Það sýnist þess vegna nokkuð vel um hnútana búið, að það verði ekki flanað að þessu og að þessir aðilar muni athuga sinn gang, áður en þeir gera nokkuð í þessu efni. Ég skildi nú raunar ræðumann svo, að hann viðurkenndi það, og það er yfirleitt viðurkennt, að það eru nokkrar prestssetursjarðir, sem eru þannig, að það eru engar minnstu líkur til, að prestur geti komizt yfir að nytja þær til fullnustu, og þá er alls óeðlilegt, að þeim megi ekki skipta, enda er það almennt viðurkennt og hefur líka verið svo í framkvæmd. En með brtt. okkar viljum við jafnframt því, að við teljum réttmætt að skipta einstökum jörðum, leggja áherzlu á það, að jörðunum verði ekki skipt svo, að þær eftir sem áður verði þó ekki ávallt það stórar jarðir, að á þeim megi reka gott bú. Ég hygg, að prestum

yfirleitt sé meiri greiði gerður með slíku en að sitja á stórum jarðarskrokkum, sem þeir hafa engin tök á að nytja til fullnustu og hver einasti vegfarandi eða hver, sem fer fram hjá, getur bent á: „Ja, sjáið þið nú, hvernig þetta prestssetur er.“ *Slíkt hefur viðgengizt og viðgengst* enn, að þessir prestar eru þannig settir, og ég veit um suma þeirra að minnsta kosti, að þeir telja, að það sé bezt farið, að prestinum sé ætluð hæfileg bújörð, sem víst má telja, að hann geti *komizt yfir að nytja. Þetta er það, sem* við *leggj*um til með okkar brtt. að sé jafnhliða tryggt.

Hitt atriðið, sem frsm. minni hl. gerir að aðalatriði, að mér skilst, er það, að það þurfi að taka ýmis önnur atriði til athugunar, eins og það, hvernig prestar fari með jarðir sínar, og margt annað. Það skal ég fyllilega játa, að það er fullkomlega ástæða til þess, en ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara að tengja það við þetta litla frv., sem er eingöngu ætlað að ráða bót á þessu atriði. Og ég vil benda á, að ef það væri rétt, sem þessir aðilar, sem mest hafa um þetta mál fjallað, halda fram, að það væri óheimilt að skipta prestssetursjörð hér eftir, þá þarf beinlínis löggjöf um það efni. Ég veit t. d., að það er nú undirbúið og er aðeins eftir að leggja síðustu hönd á skiptingu á Kálfafellsstað, sem er gerð með fullu samþykki allra aðila. Það munu líka vera tvö prestssetur, sem er líkt ástatt um, þó að það sé ekki komið alveg eins langt. Ef það er mjög mikill vafi á, að hægt sé að gera það lögum samkv., þá telur meiri hl., að það liggi beint fyrir og það sé skylda Alþ. að taka þá af öll tvímæli um það atriði. Það er þetta, sem ég vil sérstaklega benda hv. dm. á, að það er að minnsta kosti hæpið fyrir d. að skjóta sér undan að taka þessa ákvörðun, hvað sem hinum atriðunum líður, sem ég hef ekki út af fyrir sig og ég býst við enginn nm. hafi út af fyrir sig neitt á móti að verði tekin til meðferðar síðar.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Frsm. meiri hl. n. játaði það fyllilega hér í ræðu sinni nú, að það væri þörf á víðtækari löggjöf um þessi efni en er í þessu frv., og mér hefur skilizt það á mínum meðnm. öllum, að þeir játa það fullkomlega, að það sé þörf á að setja nánari ákvæði en nú eru um réttindi og skyldur presta, einkum varðandi jarðirnar. Og þá er um það að ræða, hvað það er, sem rekur svo mjög á eftir að afgreiða þennan eina þátt þessa máls á þessu þingi. *Ég fæ ekki séð, að það sé neitt, og* það er vegna þess, að eins og nú standa sakir, þá er að minnsta kosti svo ástatt hjá nýbýlastjórn, að það eru miklar umsóknir um nýbýli og endurbyggingu eyðijarða frá þeim mönnum, sem hafa nægilegt land að byggja á, en það eru ekki miklar líkur til þess, að það verði hægt að fullnægja þeirri lánsþörf á þessu yfirstandandi ári svo sem vera ber.

Nú er það svo, að á undanförnum árum og áratugum hefur prestssetrum hér á landi verið fækkað mjög mikið, og það er ekkert við því að segja, að það sé eðlilegur hlutur, að þeim hefur verið fækkað mjög mikið. En um leið og þeim hefur verið fækkað mjög mikið, þá er það ekki óeðlilegt, þótt það sé reynt að búa betur um hnútana að því leyti til, að prestssetrin séu gerð betur úr garði en verið hefur, og ákveða um það, að hve miklu leyti á að vera skylda prestsins og að hve miklu leyti ríkið á að aðstoða við þetta. Öll þau ákvæði eru mjög óljós, eins og nú standa sakir, og mikil nauðsyn að setja um það frekari löggjöf. Ég sé ekki, að það sé nokkur þörf að samþ. þetta frv., fyrr en þetta allt í heild sinni er undirbúið og komið í eitt fast kerfi.

Varðandi svo það, sem er að nokkru leyti ágreiningur varðandi þennan þátt málsins, sem hér liggur fyrir, þá tel ég, að það verði miklu fleiri aðilar að koma þar til greina til samþykkis heldur en gert er ráð fyrir samkv. till. n., að ég nú ekki tali um frv. eins og það kom frá hv. Ed., því að eins og ég tók fram áðan og hv. síðasti ræðumaður játaði, þá þarf ekki neitt að fara eftir till. nýbýlastjórnar, þó að það sé leitað eftir þeim. Samkv. frv. er heimilt að gera þetta að fengnum till. nýbýlastjórnar og þess vegna ekki neitt nauðsynlegt að fara eftir þeim, en það er skylt að miða við till. frá skipulagsnefnd prestssetra. Sú skipulagsnefnd er þannig skipuð eins og síðasti ræðumaður skýrði frá, og ég skal ekki neitt vantreysta þeim mönnum, sem í henni eru, en henni geta þó vissulega orðið mislagðar hendur eins og hverjum öðrum, og ég tel, að það sé ekki sanngjarnt t. d. að ganga fram hjá sóknarnefnd þess safnaðar, sem viðkomandi prestssetur er í, og þar að auki er það heldur óvenjulegt, að það sé gengið alveg fram hjá því að bera svona mál eins og þetta undir forstöðumenn þeirrar stéttar, sem hlut á að máli.

Ég skal svo ekki frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, þræta meira um þetta mál. Það skera atkv. úr um það, hvort mönnum sýnist nokkur þörf á að flýta þessu nú eða samþ. mína dagskrá.

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér þykir það leitt, að hv. þm. A-Húnv. *vill gera sig sljórri en ég hygg hann vera.* Hann spurði nefnilega að því, hvað ræki á eftir að afgr. þetta frv. Ég var búinn að gera grein fyrir því, hvað reki á eftir um þetta. Það rekur á eftir, að það liggur við borð, að þær framkvæmdir, sem eru ákveðnar og allir aðilar eru samþykkir, þ. á m. sóknarnefndir, stöðvist, af því að þær hafa vafasaman stuðning í lögum eða a. m. k. ekki þann stuðning í lögum, að það verði árætt að framkvæma þær á þennan veg. Það er þetta atriði, sem ég lagði í minni framsöguræðu áherzlu á og tel að reki sérstaklega á eftir um, að frv. verði samþ.

Hvað því viðvíkur, að það séu aðeins fengnar till. frá nýbýlastjórn, þá þarf ég ekki að útskýra það fyrir frsm., að vitanlega hefur nýbýlastjórn alveg fullkomið vald til þess að synja um allan stuðning jafnt til þessara nýbýla eins og annarra, ef þau fullnægja ekki þeim ákvæðum og þeim reglum, sem nýbýlastjórnin hefur sett. Að því leyti er það algerlega undir nýbýlastjórn einni komið, enda geri ég ekki ráð fyrir, að slíkt býli yrði nokkurn tíma stofnað á móti till. nýbýlastjórnar og þvert ofan í fyrirmæli laga, svo að það getur ekki verið stórt atriði í þessu efni. En hitt vil ég leggja áherzlu á, að það er þörf á

löggjöfinni til þess að tryggja þá skiptingu, sem hefur verið ákveðin og er gerð með í raun og veru allra samþykki.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð út af síðustu ræðu hv. frsm. og sérstaklega því atriði, sem rétt er, að það er ekki hægt að stofna nýbýli neins staðar nema með samþykki nýbýlastjórnar. En það er bara sú hlið þess máls, sem snýr að nýbýlastjórn. Hún á að skera úr um það, hvort það sé nægilegt land, sem viðkomandi maður hefur. Ef það er búið af öðrum að ákveða að taka einhvern part af prestssetursjörð út úr og það er nægilegt land til þess að stofna á því nýbýli, þá mundi náttúrlega hvaða nýbýlastjórn sem væri samþ. það. En þar með er ekki sagt, að það sé leitað álits hennar um það og hún hafi neitt vald til að ákveða um það, hvort það sé heppilegt vegna framtíðarinnar að skipta þeirri prestssetursjörð, sem um er að ræða. Það eru tveir ólíkir hlutir. — Og varðandi það, að það sé einhver sérstök þörf á því að samþ. þetta frv. hér nú, þá held ég, að það sé alls ekki neitt, sem gerir það að verkum, að það sé endilega nauðsynlegt að ákveða um heimild til skipta á prestssetursjörðum á þessu þingi.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 711 felld með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, KS.
nei: HÁ, HV, HelgJ, JS, JÁ, JR, JörB, LJós, MJ, PÞ, PO, SG, SkG, SB, ÁkJ, ÁB, ÁS, EirÞ, EmJ, GG, GÞG, JG.
11 þm. (IngJ, JóhH, ÓTh, SÁ, StJSt, StgrSt, AE, BÓ, EOl, EystJ, GTh) fjarstaddir.
Brtt. 705 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 737).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir og er komið hingað aftur úr Nd., er flutt af landbn. þessarar hv. d. Þegar þetta mál kom fyrir þá n., þá var það flutt ágreiningslaust, aðeins gerði n. smávegis breyt. á því. Ég vil taka það fram, að n. sendi þetta mál ekki til umsagnar t. d. til biskups eða þeirra aðila, sem helzt hefðu átt um þetta að fjalla, og ég vil lýsa því hér með, að ég sem einn nm. fór ekki fram á þá, að þetta væri gert. En við meðferð þessa máls í Nd. kemur í ljós, að það kemur til kasta bæði fyrir stjórn Prestafélags Íslands og það kemur einnig á biskupsskrifstofuna, og ég vil vekja athygli hv. d. á því, að það koma sterk mótmæli frá þessum aðilum núna, og ég vil leyfa mér að lesa upp mótmælin, sem koma frá Prestafélagi Íslands eða stjórn þess, með leyfi hæstv. forseta, og þau hljóða svo:

„Á fundi sínum í gær samþ. stjórn Prestafélagsins ályktun þá, er hér segir: Stjórn Prestafélags Íslands telur það ekki hæfa, að prestssetursjarðir séu skertar án samþykkis hlutaðeigandi prests og biskups, og mótmælir eindregið frv. því, er nú liggur fyrir Alþ. um heimild til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.“ Þetta bréf er dags. 26. jan. 1953, og undirritar það Ásmundur Guðmundsson, formaður Prestafélags Íslands.

Ég vil vekja athygli á einu enn í sambandi við þetta mál. Landbn. Nd. hefur klofnað í málinu. Minni hl. leggur til, að því sé vísað frá með rökstuddri dagskrá. En það, sem ég vildi vekja athygli á, eru ummæli í nál. meiri hl. n., sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum. Hafa þar mætt til viðræðu um frv. biskupinn yfir Íslandi, stjórn Prestafélags Íslands, biskupsritari og landnámsstjóri. Af viðræðum við þessa aðila varð n. ljóst, að biskupinn og meiri hl. þeirrar n., sem undirbjó lögin frá 1952 um skipun prestakalla, lítur svo á, að óheimilt sé að skipta þeim prestssetrum, sem þar eru ákveðin, nema ný lagafyrirmæli komi til.“ Þetta er dregið út úr viðræðum við þessa menn. — Enn segir: „Það var enn fremur upplýst, að verið er að undirbúa skiptingu á 3 prestssetursjörðum með fullu samþykki þeirra aðila, er um það eiga að fjalla.“ — Enn segir: „Loks viðurkenndu nokkrir þessara aðila, að enn væru nokkrar prestssetursjarðir, sem ástæða gæti verið til að skipta og að skaðlausu fyrir búrekstur á þeim prestssetrum, miðað við núverandi búskaparhætti hér á landi.“

Af þessum ummælum, sem tilfærð eru hér í nál., get ég ekki dregið aðra ályktun en þá, að þessir aðilar, stjórn Prestafélags Íslands, biskupsritari, landnámsstjóri og biskupinn yfir Íslandi, hafi látið það álit í ljós, að það væri ekki hægt að skipta þessum prestssetursjörðum, nema ný lagafyrirmæli komi fram, og það er ekki að sjá annað af þessari tilvitnun hérna í nál. en að þeir hafi verið samþykkir því, að þessi lög yrðu samþ., að lagafyrirmæli yrðu sett, til þess að hægt væri að skipta þessum jörðum. En nú vil ég bara spyrja: Hvernig stendur þá á þessum mótmælum, sem hér koma? Þar er frv. mótmælt harðlega af stjórn Prestafélagsins og álitið alveg óviðunandi, að þetta frv. sé samþ. Ég var að vísu ágreiningslaust flm. að þessu frv., og ég skal játa það, að ég stakk ekkert upp á því að láta þetta frv. fara til umsagnar hinna réttu aðila, sem ég álít að eigi að fjalla um það. Um leið og ég játa þetta, þá finnst mér það skylda mín, þegar það er komið á þennan vett-

vang eftir meðferð í hv. Nd. og þessi mótmæli liggja fyrir, um leið og það kemur hingað til einnar umr., að vekja athygli hv. dm. á því, og ég vil lýsa því yfir, að þó að það verði greidd atkv. um þetta frv. núna, þá mun ég greiða atkv. á móti því.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég stend nú ekki að flutningi þessa máls, en af því að ég hef með prestssetrin að gera, þá þykir mér rétt að segja örfá orð um þetta mál, að gefnu því tilefni, að hér hafa verið borin fram mótmæli gegn frv.

Ég held nú satt að segja, að hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) geti greitt rólegur áfram atkv. með þessu frv., og ég geri ráð fyrir því, ef hann vill taka eðlilegum rökum, að hann muni komast að þeirri niðurstöðu, eftir að ég hef gefið á þessu stuttar skýringar.

Það er þá fyrst, að það er orðinn siður í þessu landi, að svo að segja hver einasti maður, sem þykist til þess settur að vera fyrir einhverja stétt, telur sér það alveg skylt án tillits til málstaðar að standa eins og vissar dýrategundir standa á roði til þess að verja hvort sem er rétt eða rangt. Þetta er að verða siður, sem er ekkert skemmtilegur fyrir okkar þjóðfélag og kannske ekki heldur hættulaus.

Það er sagt, að það sé ekki samkv. lögum að skipta prestssetrum. Við ættum nú að vita það, að þau hlunnindi, sem prestar hafa af jörðum, eru sérstaklega metin og dregin frá tekjum þeirra, svo að það getur ekki verið neitt vafamál, að þeir geta engu við þetta tapað. Það er því ljóst, að það rekur sig ekki á neinn hátt á lög. Ef tekið er eitthvað af jörðinni, þá er tekið svo og svo mikið af heimatekjunum, sem verður metið, og presturinn fær hærri laun úr ríkissjóði. Þetta sagði Prestafélagið. En svo er talað um það af biskupi, að það megi ekki skipta jörðum, taka þetta af prestunum. Ég efast ekki um það, að biskup hafi betra vit á kirkjumálum en við höfum flestir eða allir kannske, en ég hef ekki haldið, að hann væri neinn yfirbúfræðingur í þessu landi og þekkti neitt yfirleitt til þess, hvað prestar þurfa af þessum jörðum. Við vitum það ósköp vel, að þetta er þannig til komið, því miður, að þó að ýmsir prestar sitji vel jarðir sínar og ágætlega, þá færist það í vöxt, að þeir nota ekki þessar jarðir, og enn fremur er annað: Jörðum hefur yfirleitt verið skipt, þeim sem stórar eru, og það er á flestra vitorði, að flestar langstærstu jarðirnar eru prestssetrin. Eftir nútímabúskap er alls ekki þörf fyrir þessa miklu jarðarskrokka, sem byggjast á því að rányrkja þær, heldur mætti skipta þeim með góðu móti í 2—3 jarðir, og er það áreiðanlega eins hagkvæmt fyrir þann, sem á jörðinni býr, eins og að hafa jörðina alla, oft og einatt. En ástæðan til þess, að farið er fram á þetta, er sú, að ýmsir prestar, án þess að nokkur nöfn verði nú nefnd, nýta alls ekki jarðirnar nema að sáralitlu leyti. En sleppum nú þessu.

Nú skulum við hugsa okkur, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, og hv. alþm., sem eiga að greiða um þetta atkv., vildu nú ekki trúa þessu, sem ég hér hef borið fram, eða vefengja á einhvern hátt, sem þó er nú ástæðulaust, því að það byggist á, að ég hygg, staðreyndum, bæði með það, hvernig heimatekjurnar eru metnar prestum og hvaða uppbætur þeir fá fyrir það á launin, ef eitthvað af jörðinni verður tekið, og í annan stað er það staðreynd, að margir prestar nýta ekki jarðirnar nema að litlu leyti. En það, sem sker úr, er nú það, að það er ekki hærra risið á þessu frv. en það, að sagt er, með leyfi hæstv. forseta: „Kirkjumrh. er heimilt.“ Segjum nú, að það sé engin hamla á þetta, því að ég sé nú hlynntur því, að jörðunum sé skipt. Síðan segir: „að fengnum till. nýbýlastjórnar“. Nýbýlastjórnin á að athuga þetta, og nýbýlastjórnin gerir ekki tillögur um skiptingu jarða, nema hún af faglegum ástæðum áliti það betur fara fyrir búskap á jörðinni, að jörðinni sé skipt, og þar er a. m. k. stór hemill á framkvæmdir ráðh. í þessu máli. Enn fremur segir: „og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra.“ Skipulagsnefnd prestssetra situr núna, og í henni eru nýbýlastjóri, skrifstofustjórinn í kirkjumrn. og skrifari biskups. Með því eina móti, að meiri hl. fáist hjá þessum mönnum, er hægt að skipta jörðunum. Og það er vitað mál af reynslunni af þessari n., sem hefur starfað og á að gera tillögur einmitt um það, hvernig prestssetrunum skuli fyrir komið á næstu árum, að hún hefur starfað þannig, — sem er kannske ekkert nema rétt, ég er ekkert að setja út á störf n., þetta eru ákaflega gegnir menn, sem þarna vinna, — hún hefur starfað svo „konservatívt“, að hún hefur verið ákaflega treg til að fást til þess að skipta jörðum. Það eru sem sagt skrifstofustjórinn í dómsmrn., nýbýlastjóri og ritari biskups, sem eiga að fjalla um málið, og má engri jörð skipta nema með samþykki þeirra. Ég held nú satt að segja, að ef við förum út í hér á Alþ. að gera eitthvað í því, að þessar prestsjarðir, sem núna eru ekki fullnýttar, og þær eru því miður nokkuð margar, verði nýttar betur framvegis en þær hafa verið notaðar hingað til, þá sé ekki hægt að taka vægar á þessu máli en gert er í þessu máli með tilliti til prestastéttarinnar, því að því miður er það þannig, að sumar jarðirnar eru næstum algerlega ónotaðar af sumum prestum. Það verður að segja það eins og er. Og með þessu móti fer þingið svo vægt í sakirnar, að það afhendir dómsvaldið í hendur þeim mönnum, sem hafa verið ákaflega íhaldssamir um alla skiptingu fram til þessa, svo að ég held satt að segja, að þeir menn, sem vilja fara varlega í þessu máli, geti alveg rólegir greitt atkv. með þessu frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), að ég hef orðið þess var, að forvígismönnum prestastéttarinnar er þetta mál mjög andsnúið, og þó að ég ætli ekki að hafa á móti þeim rökum, sem hæstv. landbrh. færði hér fram, þá veit ég ekki, hvort það er svo aðkallandi, að það sé nauðsynlegt að afgreiða það fyrr en frekari viðræður a. m. k. hafa átt sér stað á milli forvígismanna prestastéttarinnar og þeirra, sem telja sérstaka nauðsyn á því að samþ. þetta frv. Ég játa það, — það er ekkert nýtt í mínum huga og hefur komið fram í umr.

hér á Alþ. áður, — að ég tel prestastéttina setja ákaflega mikið ofan, ef prestar hætta almennt að búa sem bændur í sveit. Ég tel, að þeirra starf verði miklu áhrifaminna, ef þeir á þann veg dragast út úr þjóðlífinu og verða einungis embættismenn á launum, búlausir og rótlausir úti um sveitir landsins. Að svo miklu leyti sem þetta frv. kynni að stuðla að því, tel ég, að frv. sé varhugavert. Það virðist eitthvað hafa farið á milli mála um afstöðu þessarar æruverðugu stéttar til málsins, og mér finnst því a. m. k. rétt að hinkra við og gefa mönnum færi á því að athuga málið nokkru nánar.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh., hvort hann telji yfirleitt nokkra nauðsyn á því, að málið sé afgr. á þessu þingi, en ef svo yrði talið, hvort þá mætti a. m. k. ekki, þar sem þetta er síðasta umr. nú, fresta málinu í einn eða tvo daga, þannig að afgera það þá á síðasta degi þingsins, þegar þessum mönnum hefði betur gefizt færi á því að koma fram sínum sjónarmiðum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú óþarfi að þreyta mikið umr. um þetta mál, því að það liggur ákaflega ljóst fyrir, og ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði áðan. En það er alger misskilningur, að með þessu frv. sé stefnt að því að koma í veg fyrir það, að prestar búi á jörð í sveit, því að nýbýlastjóri hefur, eins og ég sagði áðan, miðað alla skiptingu jarða við það, að hver jörð, þótt skipt sé, sé ágæt bújörð, og ég get minnzt á það, að það hefur t. d. einn prestur staðið á móti því mjög, að jörð hans væri skipt. Nú er komið að því, að hann fari, og þá vill hann fá verulegan hluta af jörðinni. Það er alveg skaðlaust, og ég hygg, að skipulagsnefnd prestssetra fallist á það. Hann hefur staðið á móti þessu, hann hefur lánað slægjur og kannske fengið fyrir það hátt gjald. Ég álít þess vegna, að það, sem hæstv. dómsmrh. er hræddur við, að prestum sé bægt frá því að búa, sé áreiðanlega ástæðulaus hræðsla. Báðar nefndirnar sjá um það til hins ýtrasta, að það, sem prestur hefur eftir, sé góð bújörð. Hinu er ekki að leyna, að það skaðar oft prestinn og það meira en lítið að hafa miklu stærra land en hann þarf og verzla með það í leigum á ýmsan hátt, eins og stundum á sér stað. Það skaðar prestinn miklu meira — það fullyrði ég — heldur en það þótt landið sé af honum tekið og hann geti eftir sem áður verið þarna á þessum stað góður bóndi. Ég satt að segja álít, að það sé þarna svo vægt farið í sakirnar, að það sé ástæðulaust að hefta framgang þessa máls. Hitt er ekki annað en það, sem við erum vanir við hér á Alþ., hvað réttlátt sem mál er, að þá rýkur sú stétt upp, sem hlut á að máli, og mótmælir. Það er undantekningarlaust, — eða hver getur nefnt mér dæmi um það, að það hafi ekki verið gert?

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Mér fannst sú breyt., sem gerð var á þessu frv. í Nd., vera orðabreyting og engin efnisbreyting. Þess vegna sá ég ekki ástæðu til þess sem frsm. í málinu hér í d. áður að biðja um orðið og fara að lýsa breytingunni, því að það er ekki nein efnisbreyt. á frv. En úr því að farið er nú að ræða það, þá vildi ég gjarnan gera nánari grein fyrir, hvers vegna ég er með þessu frv. og hef staðið að því, að það kæmi hér fram, heldur en ég hef gert til þessa.

Ég vil þá fyrst og fremst gera grein fyrir því, að mér blæðir það í augum að hafa nú í þrjú ár séð mikinn hluta af túnunum á þremur prestssetrum standa í sinu, af því að þau eru ekki slegin upp. Menn sækjast eftir að fá að slá þau, sækjast eftir að fá að nytja þau, en prestarnir hafa staðið á móti — og ekki bara staðið á móti því, að aðrir gætu nytjað þau, heldur gert sjálfum sér þá mestu bölvun, sem hægt er að gera í embættinu, með því að af þessu eru þeir orðnir óvinsælir í sínum prestaköllum, kallaðir okrarar o. s. frv., ýmsum ljótum nöfnum. Hefur það áreiðanlega gert þá óvinsælli, þar sem þeir eiga að miðla fólkinu andlegum fróðleik, heldur en ef þeir hefðu staðið eins og menn í sinni stöðu sem bændur á jörðunum eða lofað öðrum að nytja þær og hafa gagn af þeim og haft minna um sig, svo að þeir gætu komizt yfir það sjálfir. Þetta er ein orsökin.

Önnur orsökin er sú, að mér blæðir það líka að láta kalla prestana okrara og missa allt álit og allt traust á þeim, af því að þeir okra á jörðunum, sem þeir hafa. Ég hef sagt það hér oft áður og ég get sagt það enn, að það hefur ekki farið fram mat á heimatekjum prestanna síðan 1920, og á þó að gera þetta á 10 ára fresti. Ég gæti tínt upp núna nokkra presta, sem eru metnar heimatekjurnar, sem kallað er, þ. e. afnot af landinu, á nokkur hundruð krónur, en leigja það út fyrir hér um bil eins margar þúsundir og þeir þurfa sjálfir að borga ríkissjóði mörg hundruð. Þetta eykur ekki virðingu eða traust þessara presta. Þeir munu vera fimm, sem svona er ástatt um, og þó fleiri en það á minni mælikvarða. Þetta eykur ekki álit þessara presta. Það eykur enga virðingu þeirra hjá söknarbörnunum, þó að þeir á þennan hátt græði dálítið meira fé en það opinbera í raun og veru ætlast til að þeir græði. Það bætir hvorki „standardinn“ í prestastétt landsins né not jarðanna, sem þeir eiga að hafa til ábúðar og nota.

Enn kemur það til, að yfirleitt er það svo, að fyrir þá menn, sem þurfa að sjá búskapinn meira og minna með annarra augum, — og það eru nú margir prestarnir, sem gera það, ekki allir, ekki nærri allir, sumir af þeim standa þar sjálfir sem ágætir bændur í sinni stöðu að öllu leyti, — en þeir, sem þurfa þess, hafa fæstir a. m. k. fjárhagslegan hag af því að búa stórt. Það eru líklega til tvö eða þrjú prestssetur á landinu, sem eru þannig sett, að þó að maðurinn, sem um allt á að sjá, gangi ekki beint að því sjálfur, þá er hægt samt sem áður að hafa mikið upp úr því með mörgu fólki. En það er yfirleitt alger undantekning, að prestssetrin séu þannig sett. Hitt er það venjulega, að þau eru þannig sett, að ekki er hugsað um að hafa stórbúskap á þeim, og það eru nú fæstir prestarnir, sem vilja það, að þeir sjálfir segja. Þegar launalög Alþingis voru sett, þá var hér nefnd frá þeim lengi, sem sat yfir hv. þingmönnum og hélt því fram, að presturinn yrði að hafa þau laun, að hann gæti lifað sóma-

samlegu lífi á því og þyrfti ekki að vera að hugsa um búskap eða annað við hliðina á því. Þeir fengu það, alveg eins og þeir báðu um. Og svo sér maður líka prest, sem núna á tvær kýr og eina kvígu, held ég, og einn jeppa og annað ekki. Hann slær túnið í sumar. Maður þekkir prest, sem þýr á jörð, sem fyrir svona 20 árum voru á í kringum 500 fjár og annað stórbú eftir því, og núna eru þar á milli 40 og 50 fjár og eitthvað tvær kýr. Hitt er allt ónytjað. Maður sér svona presta hingað og þangað um landið. Og hvaða ástæða er til þess að láta þá hafa jarðirnar svona lagað fyrir sama afgjald og var á jörðunum 1920? Það er alveg sjálfsagt að reyna að skapa möguleika til þess, að þessum jörðum geti orðið skipt. Alveg eins og prestarnir fóru að húsvitja í fyrra, þegar við vorum að ræða um þá hérna þá, og margir húsvitjuðu, sem aldrei höfðu gert það áður og því miður gera það ekki núna í ár, — ég veit af fjórum, sem höfðu ekki húsvitjað þangað til í fyrra og svo húsvitjuðu aftur núna í ár, en fjöldinn af þeim hefur ekki húsvitjað aftur, — þá getur vel verið að samþykkt þessa frv. verði til þess, að þeir fari að nytja jarðirnar skár en þeir gera, þessir, sem verst gera það. Og þá er nokkrum árangri náð, þó að frv. komist aldrei til framkvæmda úti hjá skipulagsn. prestssetra, ef samþykkt þess getur orðið til þess, að þeir nytji jarðirnar betur en þeir hafa gert. Þá er allt í lagi. Þá er tilganginum alveg náð frá minni hálfu, þó að aldrei verði neinu prestssetri skipt samkv. þessu frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér skilst samkv. rökstuðningi hv. 1. þm. N-M., að þetta frv. sé ekki sízt flutt vegna þess, að kirkjumálastjórnin hafi látið undan fallast að framkvæma lög núna í ein 20—30 ár varðandi mat á prestssetrum. Mér finnst sjálfsagt, að áður en lagabreyting slík sem þessi er gerð, sé gengið eftir því af hálfu Alþ., að gildandi lögum sé framfylgt, því að hvað þýðir að setja æ og æ ný lög, ef svo er látið undan fallast að framfylgja þeim lögum, sem eru í gildi og eiga eftir dómi hv. þm. að veita svipað aðhald og lögin sjálf?

Ég mundi nú leggja til, að þessu máli yrði vísað aftur til landbn., þannig að hún athugaði það í samráði við forustumenn prestastéttarinnar, kirkjumrn. og kirkjumálastj., kannske kirkjumrh., hvort ekki væri ráðlegra að breyta þessu í áskorun á kirkjumálastj. um að fylgja gildandi landsl. Ég leyfi mér með tilvísun til þessa, — það má vel vísa máli hvenær sem er til þingn., — að leggja til, að þessu máli sé aftur vísað til hv. landbn., og geri það að till. minni.

Forseti (BSt): Það er að vísu rétt, að það er hægt að gera till. um þetta, og d. sker þá úr því, en það er vitanlega fremur óvenjulegt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það, að það sé rétt og sjálfsagt að fara að meta hlunnindi prestssetranna. Þeir líklega borga ekki núna til ríkissjóðs eftir gamla matinu meira en svona 1/20—1/10 af því, sem þeir ættu að borga, ef kæmi til nýs mats hjá þeim, og ég býst jafnvel við, að Prestafélagið muni jafnvel mótmæla því, að það verði farið að gera það, og sendi myndarlegt skjal í þingið um það mál. — En ég vil taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að vísa þessu máli aftur til landbn. Það var búið að vera hér og athugað töluvert. Svo er það búið að vera lengi nokkuð í Nd. hjá landbn. Þeir taka þar alls konar pótentáta fyrir sig, rekja úr þeim það, sem þeir vita, og eru lengi að sjóða saman sína hluti, og svo fer það þannig í Nd., að ég heyri sagt, að það hafi verið 2 atkv. á móti frv., þegar það var samþ. Af öllum þessum ástæðum finnst mér satt að segja ekki koma til mála að fara að vísa þessu máli til landbn. aftur til að athuga það, þar sem hér er ekki um neina efnisbreytingu í raun og veru að ræða, aðeins orðabreytingu, sem þó má telja að sé klerkunum í vil heldur en hitt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil nú til vara leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 10:1 atkv.

Till. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 12:3 atkv.

Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 752).

69. Veð.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 18 4. nóv. 1887, um veð [209. mál] (þmfrv., A. 614).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og frv. þetta ber með sér, er það um heimild fyrir banka og sparisjóði til að taka að veði hópa búfjár og húsgögn hjá bændum upp í lán, sem þeir fá til búrekstrar. Veð þessi skulu vera forgangsveð fyrir síðari veðum þessara einstöku búshluta eða búfjár, ef veðsett kunna að verða. Þess skal getið, að hliðstæð veð eiga sér stað hjá útgerðarmönnum, þar sem þeir fá rekstrarlán út á aflann. Það er vitað mál, að mörgum bændum mundi koma sér mjög vel að geta fengið lán út á búfé og húsgögn, því að bæði er það, að einstaka bændur hafa ekki neitt að veðsetja nema bústofn sinn, og yfirleitt mundu þetta verða lán til skamms tíma, sem yrðu með venjulegum bankakjörum, þ. e. a. s. hvað vexti snertir.

Landbn. flytur frv. eftir beiðni landbrh., og áskilja nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Að lokinni þessari umr. óska ég þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 614, n. 698).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er komið hingað frá hv. Nd. Þar var það flutt af landbn. eftir ósk hæstv. ríkisstj. Það fór í gegnum þá d. óbreytt og umræðulítið. Þegar við fórum að athuga það hér í n., þá sáum við fljótt, eða okkur fannst a. m. k., að frv. gæti ekki náð fram að ganga óbreytt. Okkur fannst líka, að til þess að ná þeim tilgangi, sem okkur skildist að væri með frv., þá væri ekki þörf á því að hafa það í því formi, sem það kom til okkar frá Nd. Okkur skilst, að tilgangurinn með þessu frv. sé sá að skapa aðstöðu til þess, að bændur geti með tiltölulega hægu móti náð sér í rekstrarfé, sem sé skammvinn lán og þeir, eins og búskaparháttum er nú orðið fyrir komið, geta ekki án verið.

Það hefur verið svo yfirleitt hér á landi, að mikill hluti af bændunum, sem hefur ekki vörur að selja nema tvisvar sinnum á ári, ull að vorinu og kjöt eða sauðfjárafurðir að haustinu, hefur ekki haft aðra úrkosti heldur en annaðhvort af tvennu að eiga til höfuðstól, sem væri nógu mikill til þess að geta keypt sínar þarfir á milli þess, sem afurðirnar féllu til, ellegar að fá lán, taka út frá áramótum og til næsta hausts í reikning, sem svo er borgaður með afurðunum í sláturtíðinni að haustinu. Þetta er það, sem yfirleitt hefur átt sér stað. Kaupmenn og kaupfélög hringinn í kringum landið hafa þess vegna orðið nokkurs konar lánsstofnanir fyrir bændurna. Þau hafa lánað þeim allar þeirra þarfir frá hausti til hausts, og þarfirnar voru ekki margbreyttar né miklar. Nú hafa þær aukizt ákaflega mikið. Þær hafa aukizt bæði með áburðarkaupum og fóðurbætiskaupum og mörgu fleira. Afleiðingin af því er sú, að samhliða því, að þarfirnar hafa aukizt og um leið aukizt ákaflega mikið fjárfesting, er sá höfuðstóll, sem bændurnir áður höfðu sjálfir til þess að hafa í þessu og verzlanirnar höfðu líka frá innstæðum annarra manna og gátu þess vegna lánað, meira og minna orðinn fastur, og þess vegna er núna svo komið, að það verður ekki hjá því komizt að útvega á einhvern hátt möguleika til þess, að bændurnir geti átt aðgang að rekstrarlánum árlangt. Hins vegar er engin þörf á því að búa út frv. til þess á sama hátt og frv., sem kom frá hæstv. ríkisstj., þar sem ætlazt er til, að þessi lán, sem svona eru fengin, geti verið viðvarandi lán, og ekki stafur um það, hvort þau séu til hálfs árs, eins árs, 20 ára, 50 ára eða 100 ára. Þá er það bara heimild til þess að veðsetja, ekki bara búfé, heldur líka allt innbú og allt saman óákveðið, sem þar er upp talið, í einum hóp fyrir láni, sem getur verið svo eða svo lengi. Þetta fannst okkur gersamlega ómögulegt.

En til þess þó að geta skapað þann möguleika, sem í frv. átti að felast, þ. e. að útvega bændunum möguleika til rekstrarlána, þá breyttum við 1. gr. frv. og álitum, að með því að hafa hana eins og hún er þar, þá sé möguleiki til þess, að bændurnir geti árlangt í einu veðsett hópveð eða afurðir af búfénu banka eða sparisjóði til þess að geta fengið út á það lán, og á þann hátt álitum við nægilega greinilega frá þessu gengið. Eins og var í frv., þá var líka ætlazt til þess, að slík veð þyrftu ekki að færast á milli lögsagnarumdæma í veðmálabókum, þótt menn flyttu búferlum. Það var náttúrlega alveg nauðsynlegt að færa það á milli veðmálabókanna, þegar menn flytja búferlum, ef það átti að vera til langs tíma, en þegar við gerum það að eins árs rekstrarláni handa viðkomandi manni, þá er ekki þörf á því. Nefndin er öll sammála, bæði lögfræðingarnir þrír í n. og svo við ekki lögfræðingar í henni, og teljum, að með þessu náist sá tilgangur, sem okkur virtist vaka fyrir og varð ljóst að var tilgangurinn með því, þegar landbrh. kom á fund n. og talaði um þetta. Frv., eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. og Nd., var að okkar áliti alveg óalandi og óferjandi, en við teljum það vera orðið sæmilegt núna. Við erum öll með því, að frv. sé samþ., og skal ég svo ekki hafa þetta meira. — Þó vil ég aðeins bæta því við, að það er að því leyti frábrugðið frv., sem kom frá ríkisstj., að við látum vera núna annaðhvort bústofninn í hópveði eða loforð fyrir afurðum í hópveði. Afurðaloforðið var ekki í frv. stjórnarinnar, heldur bara sjálft búféð. Það skiptir ekki miklu máli, en ég held, að það sé rýmra og réttara að lofa þeim heldur að vera með afurðirnar í veði fyrir því. Það svarar til óveidda fisksins í sjónum, og sumir mundu kjósa það heldur en að láta búféð fara í hópveð.

Við leggjum þá til, að frv. sé samþykkt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins fá nokkrar frekari skýringar í sambandi við þessa till. hér, vegna þess að það eru nú tveir lögfræðingar í n., og mér skilst, eftir því sem ég hef fengið upplýst hér hjá hv. form. n., að þetta sé byggt nokkuð á misskilningi. Hér er sagt í till., að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna sé bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum sem sjálfsvörzluveð einu nafni tiltekna flokka búfjár síns og hæfilegan fóðurforða handa því. Og svo er síðar sagt hér: „svo og tilteknar búsafurðir sínar til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa svo og afurða þeirra."

Nú vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að spyrja, hvort þegar búið er að veðsetja samkvæmt þessari grein afurðir bús — tilteknar búsafurðir — svo sem mjólk, þá sé skylt fyrir eiganda að láta andvirði mjólkurinnar ganga til þess að greiða af láninu. Ég vildi gjarnan fá þetta upplýst, áður en málið gengur til atkvæða. Ég get skilið, að honum sé skylt að láta andvirði þess fjár, sem slátrað er, hvort heldur það eru nautgripir eða sauðfé, ganga til þess að greiða af láninu. En er ætlazt til þess, að hann á sama tíma láti hvern mjólkurdropa, sem fæst úr kú, eftir að hún hefur verið veðsett, og afurðirnar frá henni ganga til greiðslu á láninu og að honum sé ekki heimilt að selja þær og nota féð í búrekstur sinn? Sama gildir um fóðurforðann. Ef t. d. 600 hestar af heyi eru veðsettir, er honum þá leyfilegt eftir þá veðsetningu að nota þetta hey til þess að fóðra aðrar en hinar veðsettu skepnur með? Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst.

Hv. form. n. sagði mér, að þetta væri byggt á sömu lagafyrirmælum eins og þegar útgerðinni væri heimilt að veðsetja ófenginn afla, en það er ákaflega mikill eðlismunur hér á. Hér stendur í l. frá 1887: „svo er og útgerðarmönnum heimilt að setja banka og sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn." Hvenær sem viðkomandi útgerðarmaður selur þennan afla, er honum skylt að láta söluandvirðið ganga beint til þess að greiða skuldina, og hann getur ekki undir neinum kringumstæðum selt í soðið af þessum afla, sem veðsettur er, nema með leyfi veðhafa, og ef það er hugsunin hér með þessu, að bónda sé ekki heimilt að selja mjólkurafurðir, mjólk, rjóma og ost úr þeim skepnum, sem hafa verið veðsettar samkvæmt lagagreininni, og honum sé ekki heldur heimilt að nota fóðurforðann, sem hann veðsetur, nema setja nýja tryggingu fyrir hverjum töðumeis, sem hann gefur, eða greiða það af skuldinni, sem samsvarar andvirði gjafar á hverjum tíma, þá sé ég ekki, að það sé verið að gera bændum neinn greiða með þessu, sem hér er á ferðinni. Ég held, að þetta mál þurfi nú nokkru frekari athugunar við, áður en það er samþ., og vildi gjarnan heyra álit hv. n. um þessi atriði.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Eins og frv. þetta ber með sér, þá er það flutt í Nd. samkvæmt beiðni landbrh. Þegar frv. kom hingað til d., þá kom í ljós, að það hafði verið tekin svo að segja orðrétt grein upp úr lögunum um kreppulánasjóð. N. gat alls ekki fallizt á að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, vegna þess, hversu margar undantekningar voru gerðar frá almennum reglum um veðsetningu. Þegar leyfðar voru þessar undantekningar, sem höfðu verið gerðar á almennum veðreglum við kreppulánasjóð, þá var það gert með tilliti til þess, að þá var um leið gert hreint fyrir dyrum hjá þeim, sem fengu lán úr sjóðnum, skuldir þeirra greiddar upp og þeir skulduðu venjulega ekki öðrum en sjóðnum. Auk þess var þarna um tiltekið lán að ræða, sem ekki yrði veitt aftur, en færi minnkandi. Það var því alveg ljóst mál, að þær reglur, sem settar voru um þessi lán, gátu alls ekki gilt til frambúðar.

Þess vegna hefur n. sniðið allmest af þessu og reynt að búa til reglur, sem gefi bændum heimild til þess að fá rekstrarlán um stuttan tíma, ár eða minna. Þetta er gert með því að gera auðveldara fyrir með þinglýsingar og þess háttar, að það þurfi ekki að telja t. d. allt upp, svo að áður en væri löggilt veð t. d. í sauðfé, þá þyrfti að brennimerkja hverja kind, til þess að það væri hægt að ákveða hana, o. s. frv. Þetta er of þungt í vöfum, og þótti ekki gengið of mikið á snið við venjulegar veðsetningarreglur, þó að slakað væri nokkuð til á þessu fyrir stutt lán, sem ætlazt væri til að greidd væru upp ekki sjaldnar en á árs fresti.

Út af fyrirspurnum hv. þm. Barð. skal tekið fram, að það er sjálfsagt, ef maður veðsetur mjólk, að þá verður andvirði hennar að greiðast upp í lánið. Sé aftur á móti veðsett kýr, þá þarf mjólkin úr henni ekki að vera veðsett líka, en ef mjólkin er veðsett líka, þá verður náttúrlega að greiða það upp í lánið. En það er búizt við, að þeir bændur, sem selja mjólk að staðaldri til mjólkurbúa, þurfi miklu síður á svona lánum að halda heldur en fjárbændur úti um sveitir landsins, sem veðsetja þá dilka sína.

Það vafðist dálítið fyrir n., hvort ætti að leyfa veðsetningu á fóðurbirgðum, en niðurstaðan varð þó sú, að ef það væri ekki heimilt að veðsetja fóðurbirgðir með þeim skepnum, sem veðsettar væru, þá gæti það orðið til stórra óþæginda fyrir veðhafa, ef hann þyrfti t. d. að haustlagi að taka við gripunum án þess að hafa þá nokkurt fóður handa þeim. Að þessu athuguðu taldi n., að það væri ekki gengið of mikið á snið við venjulegar veðsetningarreglur, þó að þessi undantekning væri heimiluð.

Ég vil leggja áherzlu á það um þessa undantekningu frá almennum veðsetningarreglum, að n. hefur eingöngu séð sér fært að heimila hana fyrir lán til stutts tíma. Mér er alveg ljóst, að þetta getur verið tvíeggjað sverð fyrir bónda, því að það hlýtur að skerða lánstraust hans að öðru leyti verulega. En með frv. eins og það kom frá Nd. hefði hann verið bókstaflega gerður ómyndugur, ef svo má að orði kveða, í sínum fjármálum.

Þeir af nm., sem þekkja sérstaklega til búskapar, hafa talið, að frv. eins og það kemur frá n. nái þeim tilgangi, sem ætlazt var til með

því upprunalega frv. Ég hef reitt mig á álit þeirra í því efni og séð mér fært að leggja til, að þessar undantekningarreglur frá almennum veðsetningarreglum verði heimilaðar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. gerði grein fyrir því innan ríkisstj., að þörf væri á nýrri löggjöf í svipaða átt eins og hér hefur verið lögð fram, og skilst mér, að það sé út af fyrir sig enginn ágreiningur um það, vegna þess að búrekstur þarf nú meira lánsfé en hann áður þurfti og þá erfitt að veita aðrar tryggingar en þær, sem hér er um að ræða. Hins vegar hefur það komið fram í meðferð málsins, að hér er um mikið lögfræðilegt vandamál að ræða, hvernig þetta skuli orðað og hvernig þessu skuli fyrir komið. Það sést af því, að frv. hefur verið alveg umsteypt hér í hv. Ed.

Ég hreyfði því við einhverja nm. í allshn., þegar frv. var hér til 1. umr., hvort ekki væri rétt að senda þetta mál til umsagnar lagadeildar háskólans. Ég veit ekki, hvort það hefur verið gert, en ég veit hins vegar, að það eru mörg vafaatriði, sem rísa upp í sambandi við almennar veðsetningar og veðsetningarákvæði eru einhver flóknustu ákvæði í lögfræðinni yfirleitt og vandmeðförnustu. Þess vegna játa ég það, að ég sjálfur er dálítið hræddur við að taka afstöðu í þessu máli, um formið á því, þó að ég játi efnislega nauðsyn, nema ég hafi tryggingu fyrir því, að góðir fræðimenn í þessum efnum hafi gerskoðað málið. Ég vildi þess vegna sem sagt itreka þá fyrirspurn, hvort lagadeildarmennirnir hafi verið fengnir til þess að líta á þetta, en ef það er ekki, hvort menn teldu, að það væri svigrúm til þess að láta einhverja fræðimenn skoða málið, áður en það verður endanlega samþykkt. En við sjáum af þeirri gerbreytingu, sem hv. n. leggur til að gerð sé á frv., að það var rétt til getið hjá mér, að hér væri um töluvert vafamál að ræða, — ekki um það að ná tilganginum, heldur hvernig honum verður bezt náð.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég minntist á það, að þegar frv. kom til n., þá var það, eins og hæstv. ráðh. er ljóst, svo seint, að það var ekki nokkur leið að senda það neitt til umsagnar. Ef ég man rétt, þá fengum við það á föstudaginn seinni part og vorum í því á laugardaginn á nefndarfundi. Og þegar hugsað er að slíta þinginu á morgun eða á miðvikudaginn, þá sáum við, að var ekki til neins að fara að senda það til umsagnar. Hins vegar vorum við svo vel sett, að við höfðum þarna í n. þrjá lögfræðinga, sem ég held að allir séu taldir mjög sæmilegir lögfræðingar og sumir af þeim, eins og þm. Seyðf., með gróflega langa reynslu sem lögfræðingur, — og reyndar má segja sama um 6. landsk., að hann hafi líka langa reynslu. Einn þeirra hefur hana náttúrlega ekki langa.

Það kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðh., að málið þurfi enn þá að komast í nýjan búning til að gera það gagn, sem við erum sammála um, að það þurfi að gera. En ég held nú, að það sé komið í þann búning, að það geti farið að vappa með stokknum næsta ár og við þá fært það í betri föt að ári, ef þörf er á. Ég held, að það komi ekki að sök, þó að það fari að byrja að lalla svolítið með á þessu ári, sem nú fer í hönd, þangað til þing kemur saman aftur, og eins og ég áður hef lofað hæstv. ráðh., að ég skyldi vera með í því að athuga mál á næsta þingi, þá vil ég enn gera það með þetta mál og það mjög gjarnan. Ég vona þess vegna, að frá hans hálfu og annarra verði ekki neitt til trafala fyrir því, að málið fái nú að fara fram í þessari mynd. En það sýnir okkur bezt, hvernig góðir og glöggir menn, — eins og lögfræðingar í stjórnarráðinu eru sumir hverjir a. m. k., — sem um þetta mál voru látnir fjalla og semja, fara að, þegar það eru mál, sem þeir þekkja ekkert til eða skilja not þeirra í hinu praktíska lífi. Þá taka þeir bara þegjandi og hljóðalaust upp grein úr kreppulánalöggjöfinni, miðaða við allt annað og allt aðra staðhætti, og ætla að færa hana út í hið daglega líf undir allt öðrum aðstæðum. Það bendir aftur stjórnarráðinu á það almennt, að þegar það á að afgreiða einhver mál, sem eiga að hafa þýðingu fyrir hið praktíska líf, þá þýðir ekki að setja í það lögfræðinga, — hversu góðir sem þeir eru, — sem hafa aldrei út úr stofunni farið að heita má og skilja ekki neitt eða þekkja til atvinnulífsins í landinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú sýnilegt, eins og hæstv. dómsmrh. benti á, að þetta mál hefur ekki fengið nægilega athugun, enda er það svo, að málinu er útbýtt í hv. Nd. fyrst 26. jan., og síðan hefur það þotið í gegnum þá deild alveg athugasemdalaust. Ég held, að það væri því mjög eðlilegt, að þessari umræðu yrði frestað og málið yrði athugað betur af n. og hún gæti, þó að henni gæfist ekki tími til að senda það til umsagnar, fengið einhvern af hinum fróðu lögfræðingum, annaðhvort úr hæstarétti eða háskólanum, til þess að ræða við hann um þessi sérstöku atriði. Hér er, eins og hæstv. dómsmrh. benti á, ákaflega vandasamt mál á ferðinni. — Verði það ekki gert, þá vil ég nú biðja n. samt sem áður að athuga, hvort ekki þurfi að koma beint fram í l., að fóðurforði sá, sem hér er talað um að megi veðsetja, megi þó notast af eiganda fóðurforðans til þess beinlínis að fóðra það fé, sem veðsett er, eða þann bústofn. Ef einhver bóndi hefur gefið mér veð í ákveðinni hestatölu af heyi og ekkert er um það rætt, engir samningar liggja fyrir um það, að hann megi nota það til þess að fóðra með skepnur t. d., sem aðrir ættu veð í, sem vel getur komið fyrir, þá mundi ég ekki sem veðhafi taka það gilt, að þessu veði væri eytt, nema annað kæmi í staðinn. Ég held, að það sé því alveg nauðsynlegt, að tekin sé upp í lögin setning eitthvað sem líkust þessu: En þrátt fyrir veðsetningu er þó heimilt að nota fóðurforða til að fóðra hinn veðsetta bústofn. — Ég vildi biðja n. mjög að athuga, hvort það væri ekki hægt að koma því þannig fyrir. Einnig finnst mér, að orðin „svo og afurðir þeirra“ síðast í málsgreininni eigi að falla niður, því að ef tilteknar búsafurðir eru veðsettar, þá sé ég ekki

ástæðu til þess, að það sé verið að banna viðkomandi manni að veðsetja aðrar afurðir, sem ekki hafa verið veðsettar, þó að þær komi frá þeim skepnum, sem veðsettar eru sjálfar. Mér er kunnugt um það nú, að maður getur veðsett kú, en veðsetningu á kúnni fylgir sannarlega ekki veðsetning á þeirri mjólk, sem kemur frá henni. (Gripið fram í.) Hann getur veðsett þessar afurðir öðrum manni líka. (Gripið fram í.) Þess vegna finnst mér, að þetta eigi að falla héðan í burtu, og vildi ég biðja n. að athuga um þessar tvær breytingar.

ATKVGR.
Brtt. 698 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 719).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eftir það, sem fram kom hérna í gær, höfum við í n., sérstaklega þm. Seyðf., haft samband við prófessor Ólaf Lárusson og menn úr lagadeildinni og reynt að finna form, sem félli mönnum betur að skapi, en næði þó a. m. k. nokkurn veginn því, sem til væri ætlazt. Og eftir þær umr. og eftir þeirra ábendingu höfum við samið 1. gr. um. Þetta var nú gert fyrst í morgun. Því liggur hún hér fyrir bara skrifleg, en — með leyfi hæstv. forseta — hljóðar hún nú þannig:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öðrum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.“

Breytingin, sem er orðin á þessu frá því, sem það var í gær, er í fyrsta lagi sú, að fóðrinu er sleppt. Það er hugsað þannig, að þegar afurðirnar eru lagðar inn að haustinu, — og þetta er helzt fyrir sauðfjárbú, sem þarf á þessu að halda, — þá komi um leið greiðsla upp í lánið, og þó að það hafi verið tekið til lengri tíma, þá sé ekki þörf á að hafa veðsetningu í fóðurforða fyrir veturinn, þess vegna sé óhætt að sleppa því. Þar að auki verður að líta svo á, að sá hópur búfjárins, sem þeir hafa sett að veði, noti það fóður, sem til er á heimilinu, jafnt við hitt, sem ekki væri veðsett, svo að það gangi jafnt yfir, og væri varla hægt að banna að grípa til veðsetta fóðursins handa hinum, ef ekki væri nægt fóður á heimilinu handa öllu, sem þar væri, eftir þeim reglum, sem almennt gilda um forðagæzlu og að hreppsnefndirnar geti tekið hey af mönnum, sem hafa aflögu hey, handa öðrum, sem vantar það. Þessi breyt. er þess vegna ekki stórvægileg. Hin er stórvægilegri, og ég er meira í vafa með hana, en þó var fallizt á það núna að sleppa afurðum búfjárins, gangandi út frá því, að þegar búféð sjálft sé að tryggingu, þá séu það fyrst og fremst afurðirnar af því, sem ætlað er að koma og komi til að borga veðlánið, og þess vegna sé ekki þörf á því að hafa afurðirnar með. Ég hafði hugsað mér, að menn gætu valið um, hvort þeir vildu heldur veðsetja væntanlegar afurðir af búfénu fyrir láninu eða búféð sjálft. En þótt það fari svona á stað þetta fyrsta ár, þá er hægt að laga það á næsta þingi, og ég vil gjarnan leggja hönd að því með þeim, sem þá koma til með að eiga við það, — og vænti ég, að það vilji nú reyndar allir vinna að því. Við leggjum þess vegna til, að þessi brtt. okkar sé samþ., en þar sem hún er skrifleg, þá mun þurfa að fá fyrir henni tvöföld afbrigði, en ég held, að það sé svo ljóst, að um breytingarnar, sem við gerum með þessu, þurfi ekki meiri umr., til þess að menn skilji alveg, hvað um er að ræða.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt brtt. við frv. Hún hljóðar svo:

„1. gr. orðist svo: Aftan við lögin komi ný gr., svo hljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öðrum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.“

ATKVGR.
Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 733) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 733 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., 3. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Ed. (A. 734).

Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 766).

---

70. Iðnaðarbanki Íslands.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f [126. mál] (þmfrv., A. 180).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 7. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 180 hef ég flutt ásamt hv. þm. Ak. og hv.

2. þm. Rang. frv. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Síðasta Alþ. samþ. lög um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands, og sá banki hefur nú verið stofnaður í s. l. mánuði. Í lögum hans er svo fram tekið, að hlutverk hans sé að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu. Í þessum lögum er svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður leggi bankanum til í öndverðu 3 millj. kr. og öðrum 3 millj. sé safnað hjá meginsamtökum iðnaðarins, þ. e. a. s. fyrir forgöngu Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda, og loks sé aflað ½ millj. með almennri hlutafjársöfnun. Það er að sjálfsögðu ljóst, að bankinn þarf nú alveg á næstunni verulega aukið fé umfram hlutaféð, til þess að starfsemi hans megi koma að verulegu gagni.

Um lánsfjárþörf iðnaðarins í landinu þarf ekki að fjölyrða. Það er öllum ljóst, að bæði til stofnlána og rekstrar þarf iðnaðurinn mikið fé. En nú er svo komið, að iðnaður er orðinn ein af þremur aðalatvinnugreinum landsmanna. Iðnaðarbankinn er að sínu leyti hliðstæður Búnaðarbankanum, sem stofnaður var fyrir rúmum tveim áratugum. Sá banki hefur það hlutverk að styðja landbúnaðinn á ýmsa vegu og hefur orðið honum mikil lyftistöng. Alþ. og ríkisstjórnir hafa sýnt mikinn hug á því að efla þann banka fyrr og síðar. Vil ég nefna sem dæmi, að af gengishagnaði bankanna 1950 var ákveðið að Búnaðarbankinn skyldi fá 13.75 millj., af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1951 var ákveðið að Búnaðarbankinn skyldi fá 13.75 millj., þriðja lagi var 16 millj. kr. lán í Alþjóðabankanum tekið á þessu ári. Loks liggur nú fyrir frv. frá hæstv. ríkisstj. um að heimila henni 22 millj. kr. lántöku til handa Búnaðarbankanum. Eins og Alþ. og ríkisstjórnir hafa þannig sýnt mikinn hug á því að efla þessa nauðsynlegu lánsstofnun landbúnaðarins, eins væntum við flm. þessa frv., að það fái góðar undirtektir hjá Alþ. og ríkisstj., þegar fram er borin till. um eflingu Iðnaðarbankans. En þetta frv. fer fram á að heimila ríkisstj. að taka allt að 15 millj. kr. að láni, innanlands eða utan, og endurlána Iðnaðarbankanum það með sömu kjörum. — Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, en vænti góðra undirtekta og vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Emil Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. 1. flm. þessa frv., hv. 7. þm. Reykv., gat um, þá var það öllum ljóst, þegar lögin um Iðnaðarbankann voru sett, að hlutafjárframlagið eitt mundi ekki nægja til sómasamlegrar starfsemi fyrir þennan banka. Eins og hann gat um, þá er hlutafjárframlagið í lögunum ákveðið 6½ millj. kr. og ekki líklegt, að hægt verði að ná verulegum árangri í þeirri bankastarfsemi, sem hér er um að ræða, nema meira fé komi til. Þess vegna er það fullkomlega eðlilegt, að þetta frv., sem hér er lagt fram, komi fram. Og ég þarf ekki að hafa um það út af fyrir sig mörg orð, að ég er þessu frv. fyllilega sammála og mun greiða því atkv. En það eru tvö atriði í þessu sambandi, sem mig langar til að minnast á og snerta þetta mál og geta haft þýðingu fyrir afkomu þessarar væntanlegu lánsstofnunar, Iðnaðarbankans.

Í fyrsta lagi vildi ég minnast lítillega á það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að greiða sitt hlutafjárframlag til bankans. Ég hef heyrt það frá stofnfundi bankans, og ég ætla, að það hafi líka komið fram í blöðum, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að greiða ekki af höndum allt hlutafjárframlagið, þessar 3 millj., í einu lagi, heldur láta eingöngu sem hlutafjárframlag jafnmikið og einstaklingar leggja fram við bankastofnunina, en taka vexti af þeim hluta þessara 3 millj., sem ekki er lagður fram í upphafi sem hlutafé. Ég veit nú ekki, hver ber ábyrgð á þessari ráðstöfun, hvort það er hæstv. fjmrh. eða hæstv. iðnmrh., en hvorugur þeirra er hér í d. sem stendur. En ég hefði mikla tilhneigingu til þess að fá að vita, hver það er, sem þessa ákvörðun hefur tekið, eins frámunalega smásmuguleg og mér finnst hún vera. Það má kannske segja það, að í strangasta skilningi beri ekki hæstv. ríkisstj. að leggja fram meira hlutafé en aðrir gera hlutfallslega. En þar sem þetta hlutafjárframlag ríkisins er ekki lagt fram í gróðaskyni, heldur eingöngu til þess að styrkja þá stofnun, sem hér er um að ræða, og þá starfsemi, sem henni er ætlað að inna af höndum, þá finnst mér það, eins og ég sagði áðan, frámunalega smásmugulegt að hafa þennan hátt á. Og það er enginn vafi á því, að þessi ákvörðun muni há starfsemi bankans í upphafi mjög mikið. Við skulum gera ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram sem hlutafé þriðjung þessarar upphæðar, eða 1 millj., í upphafi, en láni 2 millj. með 5% vöxtum, eins og ég hef heyrt, að ríkissjóður ætli að taka. Þá munar það þessa ungu og fátæku stofnun hvorki meira né minna en 100 þús. kr. á ári í rekstri, ef hún á að gjalda vexti af þessum 2 millj., sem ekki eru lagðar fram sem hlutafé strax í byrjun. Og með þeim innlánsvöxtum, sem nú eru á peningum og ákveðnir voru á þessu ári, þar sem innlánsvextirnir fara upp í 6—7% í ársvexti, þá er það sýnilegt, að hagnaður á bankastarfseminni verður það lítill, að ég efast um, að hún geti staðið undir sér. M. ö. o.: Það er með þessari ráðstöfun verið að gera tilraun til þess að kyrkja stofnunina í fæðingunni. Þetta vildi ég óska, að yrði leiðrétt. Og þar sem málið fer nú til þeirrar n., sem ég á sæti í, þá mun ég taka upp í n., hvort ekki sé hægt í sambandi við þetta frv. að taka þetta mál upp, svo að lagfæring fáist á. Ég veit að vísu og hef séð það, að hv. þm. Siglf. hefur borið fram till. um það að fá þessu breytt, en sú till. er ekki komin til afgreiðslu enn, hefur ekki verið tekin á dagskrá, eftir því sem ég bezt veit, svo að ég teldi á allan hátt heppilegast að fá þetta mál afgreitt um leið og tekin verður ákvörðun um þetta frv.

Hitt atriðið, sem ég vildi aðeins minnast á, er það, að á síðasta þingi var gerð ályktun um það, að verulegur hluti af mótvirðissjóði gengi til þess að mæta lánsfjárþörf bændastéttarinnar í landinu eða landbúnaðarins. Og var sú ályktun samþ. Á þessu þingi hefur komið fram till. um að taka verulegan hluta af mótvirðissjóðnum í atvinnubótasjóð ríkisins, og hefur komið fram

um þetta lagafrv. Ég er fyrir mitt leyti ekki sérstaklega spenntur fyrir þessari ráðstöfun á mótvirðissjóði og teldi, eins og ég sagði í fyrra, þegar þetta mál var hér þá til umr., að heppilegra mundi að hafa annan hátt á ráðstöfun mótvirðissjóðs. En ef mótvirðissjóðurinn verður þrátt fyrir það að einhverju leyti tekinn til þeirrar ráðstöfunar, sem ég hef nú lýst, bæði til þess að mæta lánsfjárþörf landbúnaðarins og til þess að efla væntanlegan atvinnubótasjóð ríkisins, þá teldi ég alveg sjálfsagt, að athugað væri um leið, hvort ekki væri hægt og rétt að hjálpa Iðnaðarbankanum með því, að verulegur hluti mótvirðissjóðsins verði einnig tekinn til þessarar bankastofnunar og honum þannig auðveldað sitt starf, að mæta lánsfjárþörf iðnaðarins í landinu.

Þessi tvö atriði vildi ég leyfa mér að minnast á hér strax við þessa 1. umr., vegna þess að ég tel, að þau hafi ekki minni þýðingu fyrir þessa stofnun heldur en það frv., sem hér hefur verið lagt fram. En ef þessar ráðstafanir væru gerðar allar, þá mundu þær að verulegu leyti hjálpa bankanum yfir byrjunarörðugleikana og gera honum fært þegar í upphafi að hefja allmyndarlega starfsemi, sem ég sannast sagt efast um að hann geti, ef ekkert verður að gert annað en að láta til hans þetta takmarkaða hlutafé, sem ákveðið hefur verið, svo að ég nú ekki tali um, ef hlutafjárframlagið verður afgr. til hans á þann hátt, sem maður hefur heyrt að verði og ég nú hef lýst, en er ósamþykkur í fyllsta máta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki nema gott um þessa tillögu að segja og hennar tilgang að reyna að tryggja nokkurt fé til handa Iðnaðarbankanum. Hafa, eins og hv. þm. er ljóst, komið fram allmargar till. hér á þinginu nú viðvíkjandi auknu lánsfé til bankanna og yfirleitt ákaflega margar till. viðvíkjandi því, hvernig eigi að leysa úr lánsfjárþörfinni, sem hér sé allt að kyrkja. Ég tek eftir því, að allar þessar till. ganga út á það og sjá engan annan möguleika en að taka útlend lán. Það er vitanlega vegna þess, að það er ekki hægt að fá lán innanlands. Nú er það alveg vitanlegt, hvað þessi útlendu lán þýða stjórnarfarslega séð. Þau þýða svona eitthvað í kringum 5% vexti á ári, ef þau fást, — 5% vexti á ári í erlendum gjaldeyri út úr landinu, sem er þannig beinn skattur til auðugra manna erlendis, sem lifa af því og græða á því að lána fé til fátækra landa, sem eru að byggja sig upp, og þó að þörfin sé svona mikil fyrir fé hérna heima, þá er alveg nauðsynlegt, að hv. þm. samvizkusamlega gangi úr skugga um það, hvort þeir möguleikar, sem til eru hér innanlands til lánsfjárveltu, séu raunverulega fullhagnýttir, áður en farið er út á þá braut að taka í stórum stíl erlend lán. Ég vil benda á það, að fyrir þrem, fjórum árum þótti það dálítið varhugaverð leið að gera að minnsta kosti allt of mikið að því að taka erlend lán. En þó efast ég ekki um, að það er þó skárri leið að taka erlend lán til framkvæmda hér heima, t. d. eins og til virkjunar okkar fossa og annars slíks og til yfirleitt nýsköpunar í okkar atvinnulífi, heldur en að láta það vera. En ég vil aðeins minnast á í þessu sambandi, eins og ég hef raunar oft gert og mun ekki þreytast á að gera, hvort hv. þm. hafi gert sér það ljóst, þegar þeir eru að binda núverandi kynslóð og kannske komandi kynslóðum svo og svo þunga bagga með erlendum lánum, að þegar verið er að taka lán í pundum og dollurum og hv. flokkar ríkisstj. síðan eftir eitt eða tvö ár, þegar vel stendur á í sambandi við kosningar, lækka gengið, þá er þar með verið að þyngja skattinn, sem lagður er á herðar Íslendinga. Það er öllum vitanlegt, hvað þeir skattar, hvað þau afgjöld af Íslandi út á við voru þyngd, þegar gengið var fellt seinast. Þetta er náttúrlega ekki sízt athugavert, þegar það gengur máske ekki stundum allt of vel að skaffa markaði fyrir okkar vörur í þeim löndum, sem við eigum að greiða afgjaldið til, vexti og afborganir. Ég vil þess vegna alvarlega skora á hverja þá nefnd, sem fær þessi mál til meðferðar, hvort sem hún heitir iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, fjárhagsnefnd eða annað, og þm. yfirleitt að ganga fyllilega úr skugga um það með sjálfum sér, hvort þeir séu vissir um, að þeir lánsfjármöguleikar, sem þjóðin ræður sjálf yfir, séu fullhagnýttir, áður en þeir leggja á herðar þjóðinni að greiða svona og svona þunga skatta í erlendri mynt.

Því er oft fleygt framan í mig sérstaklega, að ég vilji fara að láta auka seðlaveltuna í landinu og auka lánsfjárveltuna. Ég vil nú skora á hv. þm. í sambandi við þetta mál að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvort þeir halda, að núverandi seðlavelta seðlabankans á Íslandi sé í samræmi við það, sem hún geti verið með eðlilegustum hætti, og hvort lánsfjárveltunni í landinu núna sem stendur sé stjórnað með þarfir þjóðfélagsins fyrir augum. Við skulum bara gera okkur ljóst, að okkar íslenzka þjóðfélag, þetta þjóðfélag 150 þús. manna hér, er þjóðfélag, sem stendur á ákaflega háu stigi tekniskt séð, hefur mikið af tækjum, veltir þess vegna ákaflega miklu, framleiðir ákaflega mikið hlutfallslega miðað við vinnuafl hvers einstaklings vegna þess, hve miklu vélaafli hver einstaklingur að meðaltali ræður yfir við sína vinnu hér á Íslandi. Enn fremur framleiðir okkar þjóðfélag vöru, sem venjulega þarf að liggja með frá 6 upp í 12 mánuði, frá því að hún er veidd, — frá því fiskurinn er veiddur í sjónum, — og þangað til varan er seld erlendis. Það þýðir, að þjóðfélagið þarf að liggja með í fé, sem það setur í þessa vöru, miklar fúlgur miklu, miklu lengur en flestallar aðrar þjóðir gera. Sem sé, bæði vegna þess tæknistigs, sem þjóðfélagið stendur á, og vegna þess sérstaka háttar, sem er á framleiðslu Íslands, þá þarf íslenzka þjóðfélagið eðlilega miklu meira veltufé en aðrar þjóðir — veltufé, sem við sjálfir getum skaffað. Og við skulum muna það í því sambandi, að við höfum meiri útflutningsverzlun en nokkur önnur þjóð veraldarinnar að tiltölu. Við miðum sem sé okkar framleiðslu meira við að framleiða vörur til að selja út úr landinu, sem líka krefst venjulega miklu lengri lánsfrests, miklu meiri lánveitinga heldur en hjá þeim þjóðum,

sem framleiða vörur til þess að selja innanlands og selja venjulega nokkuð fljótt. Ég hef t. d. verið að gera smávægilegan samanburð — og hef þó ekki getað alveg stuðzt við fullkomlega öruggan grundvöll í þessu — á seðlaveltu Íslands eins og hún var t. d. 1915 og eins og hún er nú, og ég efast ekki um, að hverjum einasta þingmanni sé ljóst, að Ísland þarf allt annað og miklu meira veltufé og miklu meiri seðlaveltu nú heldur en þurfti 1915. Við vitum allir, a. m. k. þeir, sem voru fæddir þá og eitthvað farnir að fylgjast með, eða þá hinir hafa þá lesið um það, hvernig okkar land var 1915 og hvernig það er nú, hve stórkostleg sú tæknilega breyting er og atvinnubylting, sem farið hefur fram í okkar þjóðfélagi með þessari kynslóð. Seðlavelta Íslands 1915 var eitthvað í kringum 36 krónur á mann. Ég býst við, að kaupgjaldið frá því 1915 sé eðlilegasti grundvöllurinn eða mælikvarðinn til þess að leggja til grundvallar, þegar maður ætlar að athuga, hvað seðlaveltan muni þurfa að vera meiri. Það er eitthvað í kringum 50 sinnum. Ef það hefur verið, sem mig minnir nú að það hafi verið á þeim árum, 25 aurar um tímann, en nú er það tæpar 14 krónur, þá er það 56 sinnum hærra en þá var. Það þyrfti þá um 2000 króna seðlaveltu á mann, ef hún hefur verið 36 krónur 1915. Sú seðlavelta ætti að þýða hér 300 millj. kr. núna eða í kringum það. Hún hefur verið, eins og þið vitið, í kringum 200 millj. En ég þori ekki að fullyrða, að þetta sé nákvæmlega réttur grundvöllur að öllu leyti, en hitt er að minnsta kosti gefið, að seðlaveltan er núna hlutfallslega minni en hún var t. d. 1915. Og það er alveg vitanlegt, hvernig á þessum hlutum stendur. Seðlaveltan og lánsfjárveltan hafa verið stöðvaðar á óeðlilegan hátt, eftir að gengislækkunin varð og hin svo kallaða frjálsa verzlun var innleidd í ársbyrjun 1951. Með sérstökum samningum var Ísland skuldbundið til þess að öllum líkindum, þó að það hafi aldrei fengizt opinberlega viðurkennt, að stöðva lánsfjárveltuna og seðlaveltuna hérna innanlands, til þess að eftirlit Ameríkana og Benjamíns Eiríkssonar með mótvirðissjóðnum væri fullkomlega öruggt. M. ö. o., út frá öllum eðlilegum forsendum í landinu, út frá tæknilegu stigi þess og atvinnulegum og fjárhagslegum þörfum þess og út frá auðæfum þess og ríkidómi, þá var fyllilega mögulegt að hafa miklu meiri seðlaveltu og lánsfjárveltu hér innanlands heldur en er, en af utanaðkomandi öflum er þetta stöðvað, og seðlaveltan og lánsfjárveltan er stöðvuð hérna á Íslandi á miklu lægra stigi heldur en hún eðlilega ætti að vera.

Ég hef aldrei fengið hv. þm. og því síður hæstv. ríkisstj. til þess að ræða þetta mál af alvöru, en hver einasti þingmaður hér er meira eða minna flutningsmaður að nýjum frv. eða þáltill. um að bæta úr lánsfjárþörfinni. En hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að vera að koma fram hér með hvert frv. á fætur öðru um að bæta úr lánsfjárþörfinni og þora aldrei nokkurn tíma að skyggnast fyrir orsakir þess lánsfjárskorts, sem nú ríkir, hvort þetta er með eðlilegum hætti eða ekki? Er það vegna þess, að hv. þm. stjórnarflokkanna sé ljóst, að þetta sé með óeðlilegum hætti og að þeir megi ekki hreyfa við því? Eða vilja þeir ekki fara að grafa fyrir rætur þessa meins? Allir viðurkenna, að þetta sé mein, þannig megi bókstaflega drepa þjóðfélagið, — það er að stöðva að miklu leyti útflutningsframleiðsluna, það er að draga úr atvinnunni um allt land, og það er að ræna menn eignum sínum í hundraðatali. Ísland er líklega það eina land, a. m. k. nokkurs staðar í nágrenni við okkur, þar sem t. d. ekki er hægt að fá lán út á 1. veðrétt í stóru húsi. Menn geta átt það á hættu, ef þeir hafa t. d. keypt íbúð og hafa unnið hana af sér og lenda í miklum sköttum seinna meir eða einhverju slíku, að íbúðir séu boðnar upp skuldlausar fyrir 2000 króna skatti, og það koma fyrir dæmi um, að heil hús eru boðin upp út af 900 kr. skuld. Þetta er algerlega brjáluð bankastarfsemi og lánsfjárstarfsemi, sem hér er rekin á Íslandi. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þótt fram komi hvert frv. á fætur öðru, sem byggir á réttum kröfum og frómum og góðum óskum og þjóðarnauðsyn, eins og það frv., sem hérna liggur fyrir. En ástandið er bara þannig, að meira að segja mennirnir, sem flytja þetta, eru allir saman dauðhræddir um, að það komist aldrei lengra en til nefndar, vegna þess að þar verði það stoppað af ríkisstj.

Ég verð að segja það, hvort sem það er fyrir Iðnaðarbanka, Búnaðarbanka eða hvaða banka sem er, að það er nú náttúrlega höfuðatriði, hvort menn fá peningana að láni að lokum, en það er líka mikill aðstöðumunur, hvort menn verða að borga 5% vexti af þeim eða hvort menn fá þá frá seðlabankanum og seðlabankinn reiknar þeim kannske 1% í vexti, eins og seðlabankinn náttúrlega ákaflega vel gæti, ef hann með eðlilegu móti og án þess að skapa verðbólgu og hækkun ætti og mætti gefa út meira af seðlum og veita meira lánsfé út í atvinnulífið heldur en nú er gert. Og hvað þýðir það, ef Iðnaðarbankinn verður að starfa með kapitali, sem hann verður að borga 5% vexti af? Það þýðir að leggja aukaskatt á allan iðnaðinn á Íslandi og reyna að gera hann ósamkeppnishæfan. Fyrsta skilyrðið til þess, að við getum rekið hér stóriðju og iðnað, er, að slík atvinnugrein geti unnið með ódýru rekstrarfé. Við skulum alveg gera okkur ljóst, hvað það þýðir, ef við segjum við Iðnaðarbankann hér: Þú færð 15 milljónir, þú færð 30 milljónir, þú borgar 5% vexti af þeim út úr landinu. — Það þýðir, að hann borgar til iðjuhöldanna erlendis, sem hann á að „konkurrera“ við, 5% vexti af því fé, sem hið útlenda auðvald lánar honum. Það þýðir að gera íslenzka iðnaðinn skattskyldan gagnvart þeim stóriðjuhringum, sem eru samfléttaðir bönkunum erlendis og hann á að „konkurrera“ við. Þegar við hugsum um, að það væri gott fyrir Iðnaðarbankann að fá lán, borga 5%, þá megum við ekki bera það saman við, að það þykir gott í Reykjavík í dag að fá lán og borga 10% og 20% á ári og að það þekkist í dag að borga upp í 80% á ári í vexti í Reykjavík, — að það þekkist í dag slíkur svartamarkaður, sem ríkisstj. hefur innleitt og skipulagt með sinni láns-

fjárpólitík, að annað eins hefur aldrei þekkzt á Íslandi fyrr. Við megum ekki bera saman við svona ástand. Við verðum að bera saman við það, sem drottnar erlendis í þessum málum, það, sem við ætlum okkar iðnaði að keppa við. Við vitum það ósköp vel, að Ísland þarf að verða iðnaðarþjóð. Og ef við ætlum að byggja á heilbrigðum grundvelli okkar raforku og okkar iðnað, þá er það víst, að það, sem við þurfum að fá í þessum málum, er ódýrt fjármagn. Ég veit, að það kostar ákaflega harða baráttu að fá slíkt gert. Ég veit, að það kostar harðvítuga baráttu, svo að það hriktir í öllum máttarviðunum í þjóðfélaginu, ef maður ætlar að knýja það fram að útvega atvinnulífinu á Íslandi ódýrt fjármagn. Ég hef staðið í slíkri baráttu sjálfur. Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð, þá kostaði það engan smáræðis slag að tryggja, að það væri hægt að lána út með 2% vöxtum. Það eru slíkar aðstæður, sem þarf að skapa og hefur að nokkru leyti verið gert gagnvart landbúnaðinum, á meðan Framsókn var og hét og þorði eitthvað í þeim efnum, og þarf að gera það gagnvart iðnaðinum núna.

Ég held þess vegna, að það væri ákaflega æskilegt, ef sú hv. n., iðnn., sem fær þetta mál til meðferðar, vildi íhuga þetta mál nokkuð frá þessu sjónarmiði líka. Það er vissulega númer eitt fyrir iðnaðinn að fá sitt fjármagn, en þar næst að tryggja iðnaðinum eins og sjávarútveginum og landbúnaðinum sitt fjármagn þannig, að hann sé sem allra samkeppnishæfastur og hann sé ekki gerður skattskyldur að óþörfu við útlent auðvald, sem hann á að keppa við, — að honum séu ekki að óþörfu lagðar byrðar á herðar. Ég skal fyllilega viðurkenna það, að svo framarlega sem það sýndi sig, að það væri ómögulegt frá hagfræðilegu sjónarmiði að skapa meira lánsfjármagn hér innanlands, setja meira fé í veltuna af þjóðfélaginu sjálfu, þá væri ekki önnur leið heldur en sú, sem hér er stungið upp á. En ég vil halda því fram, að það sé óhætt, að það sé eðlilegt og að það sé sjálfsagt að setja meira fé í veltuna heldur en hér er gert núna, og ég held, að ég hafi þar fyrir mér allar kenningar nútíma hagfræðinga um, að aukin seðlavelta og aukin lánsfjárvelta skapi ekki neina verðbólgutilhneigingu, þegar atvinnuleysi er fyrir í landinu. Hitt skal ég viðurkenna, að um leið og atvinnuleysið verður þurrkað upp, um leið og fullnægt væri þörf allra þeirra, sem nú eru atvinnulausir í landinu, þá yrði stöðvuð seðlaveltan og lánsfjárveltan. Þá er komið að því marki í þjóðfélaginu, þar sem aukin seðlavelta og aukin lánsfjárvelta mundu verða til þess að skapa verðbólgu. Hins vegar vita allir, hve fjarri því er, að Ísland hafi ekki yfirdrifið af vinnukrafti núna til þess að ráðstafa í sína framleiðslu. Þannig er engin hætta til sem stendur af aukinni innlendri seðla- og lánsfjárveltu, sízt af öllu þegar henni er einbeitt að því annars vegar að auka útflutningsframleiðslu landsins og skapa þannig gjaldeyri, gera íslenzka seðla að erlendum gjaldeyri og hins vegar þegar henni er einbeitt að því að framleiða íslenzkar iðnaðarvörur, sem við að öðrum kosti hefðum orðið að flytja inn.

Ég vil sem sé, um leið og ég mæli með þessu frv., eindregið mælast til þess við hv. iðnn., að hún íhugi þetta, þann almenna hluta úr þessu máli, sem ekki á frekar sérstaklega við og ég segi ekki frekar út frá þessu frv. um Iðnaðarbanka heldur en ég hef komið að því stundum áður í sambandi við aðrar tillögur um lánsfjáröflun. Ég vil mælast til þess við hv. iðnn., að hún íhugi alvarlega þennan þátt. Ég held, að það sé verið að gera okkur stórkostlegan skaða, öllu okkar atvinnulífi og öllu okkar fjárhagslífi, og verið að binda okkur óþarflega þunga bagga í útlendum gjaldeyri í óþörfum vaxtagreiðslum viðvíkjandi framtíðinni með hringlandi vitlausri fjármála- og flokkapólitík, sem nú er rekin.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir, að ég er samþykkur þessu frv., sem hér liggur fyrir, og mun veita því stuðning. Ég vil þó taka það fram, að ég tel dálítið varhugavert að fara inn á þá braut að leysa öll vandamál í sambandi við útlánastarfsemi og fé til lánastarfsemi í landinu með því að taka erlend lán. Það er dálítið hættuleg braut, og ég held, að það þurfi að athuga það mjög ýtarlega, ekki sérstaklega í sambandi við þetta mál, heldur bara almennt um lánamál okkar, hvort þörf sé á því að taka svo mikið af erlendum lánum eins og um er talað. Það er athugandi, að mikið af þessu fé, sem yrði endurlánað Iðnaðarbankanum, fer ekki til greiðslu á erlendum varningi, hráefni og slíku; verulegur hluti fer til greiðslu á vinnulaunum og alls konar öðrum framleiðslukostnaði hinna ýmsu iðnfyrirtækja, sem fengju þetta fé lánað, eftir að bankinn væri búinn að hefja starfsemi sína, og þess vegna virðist ekki vera sérstök þörf fyrir það, að allt fé yrði tekið í erlendu láni.

Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á það, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað sem mest, vegna þess að ég tel vera mikla nauðsyn á því að hrinda áfram Iðnaðarbankanum, koma honum í framkvæmd. Eins og hv. þdm. muna, þá voru sett lög um Iðnaðarbanka hér á síðasta þingi og samþ. á Alþ. 19. des. 1951. Að vísu var þingið ekki sammála í þessu atriði. Það var sérstaklega einn flokkur þingsins, sem skar sig þar úr og hafði ekki áhuga fyrir þessu máli, en að málinu stóð hins vegar mikill meiri hluti þm. í báðum þingdeildum, og þess vegna varð ég nokkuð hissa, þegar ég frétti það, eftir að haldnir voru stofnfundir Iðnaðarbankans, að þar hefði verið upplýst, að ríkissjóður væri ekki tilbúinn til þess að greiða sitt hlutafjárframlag eins og l. gerðu ráð fyrir. En í 3. gr. l., sem samþ. voru 19. des. í fyrra, er gert ráð fyrir því, að hlutafé bankans skuli vera 6½ millj. Ríkissjóður á að leggja fram 3 millj. kr. eða allt að 3 millj. kr., Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband íslenzkra iðnaðarmanna skulu safna og leggja til, hvort um sig, 1½ millj. í hlutafé, en ½ millj. á síðan að afla með hlutafjársöfnun innanlands samkv. opinberu útboði. Nú liggur það fyrir, að það er búið að safna þessu hlutafé, sem Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda hafa safnað, og það er bara meðal iðnaðarmanna; og það sýnir bezt, þegar tekið er

tillit til þeirra erfiðleika, sem atvinnulífið og iðnaðurinn á við að stríða núna, hvílíkur áhugi er á málinu, að það skuli vera nú búið að safna þessu hlutafé. Á stofnfundinum var upplýst, að ríkisstj. vildi ekki borga út nema fjórðung af sínu hlutafé eða 750 þús. kr. af þessum 3 millj. og mundi ekki leggja fram meira, nema því aðeins að hún fengi greidda af því vexti, eða sem nokkurs konar lán. Nú má segja sem svo, að ríkið eigi náttúrlega sem hluthafi að sitja við sama borð og aðrir hluthafar. En það er vitanlega hægt að leysa það með öðrum hætti en þeim, að ríkið taki vexti af sínu hlutafé. Eðlilegast er, að ríkið borgi út sitt hlutafé, en síðan verði samið við hina einstöku hluthafa, sem lagt hafa fram 3 millj. á móti, að þeir, sem þegar eru búnir að borga, og þeir munu allir vera búnir að borga sinn fjórðung, greiði venjulega bankavexti af því hlutafé, sem eftir er að greiða, og leggi bankanum fram tryggingar fyrir greiðslu þess hlutafjár. Þá sitja ríkið og þessir einstöku hluthafar, sem þessi tvö sambönd hafa safnað, við sama borð, og þá fæst það líka, að bankinn getur hafið starfsemi sína.

Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að þær undirtektir, sem komið hafa fram við stofnun bankans, sýna, að þessir fjölmörgu menn, sem að iðnaðinum standa í landinu, muni vilja leggja mikið á sig til þess að skaffa þessum banka rekstrarfé, og ég efast ekkert um það, að strax og bankinn væri búinn að hefja starfsemi sína, mundi honum áskotnast sem sparisjóðsinnstæður og á annan hátt ýmislegt fé til þess að starfa með fyrir hina mörgu aðila, sem þarna eiga hlut að máli og hagsmuna hafa að gæta í sambandi við það, að iðnaðurinn í landinu verði rekinn stöðugt og örugglega. Í Sþ. flyt ég till., sem ekki hefur enn þá komið til umr., um það, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að greiða nú þegar allt hlutafjárframlag ríkissjóðs til Iðnaðarbanka Íslands h/f. Þessi till. er ekki komin til umr. Ég vil aðeins minna á það hérna, að þessi tvö mál ganga í sömu átt að verulegu leyti, og virðist vaka fyrir bæði mér og flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, það sama: að koma bankanum á stað sem allra fyrst. Bankans bíða mikil verkefni, og menn bíða með óþreyju eftir því, að hann geti hafið starfsemi sína, og það er illt til þess að vita, að ríkisstj. skuli setja þannig fótinn fyrir þetta.

Ég vil alveg undirstrika það, að það tiltæki ríkisstj. að vilja ekki greiða út hlutafjárframlag sitt er í fullu ósamræmi við vilja meiri hluta þingsins, sem kom fram, þegar stofnun Iðnaðarbankans var ákveðin með lögum í fyrra. Og þess vegna taldi ég rétt, að þetta mál yrði borið fyrir þingið og þingið verði á ný látið skera úr um það, hvort það sé ekki vilji þess áfram eins og var í fyrra, að þessum banka verði hleypt af stokkunum. Hæstv. fjmrh., sem mun vera í fyrirsvari fyrir ríkisstj. í sambandi við allar greiðslur, er kannske vorkunn, vegna þess að hann og hans flokkur var einkum — meðal þingmanna — á móti því, að iðnaðarbanki væri stofnaður á sínum tíma. Og ég held, að þessi andstaða hans gegn því að greiða út hlutafjárframlagið sé ekki annað en framhald af andófi, sem flokkur hans beitti í þessu iðnaðarbankamáli á síðasta þingi.

Ég vildi sérstaklega mælast til þess við þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess sem mest, vegna þess að ég tel, að það liggi fyrir meirihlutavilji á Alþ. fyrir því, að þessi iðnaðarbanki geti hafið starfsemi sína sem allra fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Á 32., 33., 34. og 35. fundi í Nd., 25. nóv., 2., 4. og 5. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 180, n. 278 og 289).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er á þskj. 180 og er um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Í 1. gr. þess segir:

„Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta Iðnaðarbanka Íslands h/f með sömu kjörum og það er tekið."

Ég vil taka það strax fram vegna nokkurs misskilnings, sem gætti við 1. umr. þessa máls, að þetta frv. fjallar ekki um það eingöngu að taka lán þetta erlendis, heldur er gert ráð fyrir báðum þeim möguleikum, í fyrsta lagi lántöku innanlands og í öðru lagi, ef hún er ekki fær, þá lántöku erlendis. Þetta vil ég að liggi skýrt fyrir vegna nokkurs misskilnings, sem kom hér fram.

Þetta mál hefur verið til meðferðar í iðnn., og gat hún ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. vegna hinnar brýnu þarfar á að útvega iðnaðinum aukið starfsfé, eins og segir í nál. á þskj. 278. Minni hl. vill vísa frv. til stj.

Við 1. umr. þessa máls lagði ég áherzlu á það, og undir það var tekið af öðrum ræðumönnum, að brýn nauðsyn væri á því að efla hinn nýja Iðnaðarbanka. Ég þarf ekki að færa mörg rök fyrir þessari nauðsyn, en vil þó benda á það, að um 40% þjóðarinnar hafa nú lífsframfæri sitt af iðnaði. Ef við lítum á, hver þáttur iðnaðarins er í þjóðartekjunum, þá skiptast þjóðartekjurnar 1950, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, milli aðalatvinnuveganna á þessa lund: Landbúnaður 204 millj., sjávarútvegur 305 millj., iðnaður 392 millj. Hér er sem sagt um að ræða skiptingu þjóðarteknanna, en að sjálfsögðu gilda allt önnur hlutföll, þegar rætt er um útflutningsverðmæti. En þetta yfirlit um skiptingu þjóðarteknanna ætti þó að sýna mönnum greinilega, hversu stór þáttur iðnaðurinn er orðinn í þjóðlífinu og þjóðarbúinu. Ég vil einnig benda á annað. Atvinnuvegir okkar til lands og sjávar eru mjög óstöðugir og þó sérstaklega sjávarútvegurinn; veðráttan óstöðug. Þess vegna hefur jafnan verið svo um allan aldur Íslands

byggðar, að hér hefur verið svo kallað árstíðabundið atvinnuleysi. Það er enginn vafi á því, að iðnaðurinn er sá atvinnuvegur, sem flestir líta til með björtustu vonum, að hann geti úr þessu bætt. Til þess að vinna bug á þessu árstíðabundna atvinnuleysi, að jafna atvinnuna yfir árið, bæði til lands og sjávar, er iðnaðurinn sérstaklega vel fallinn, bæði verksmiðjuiðnaður og handiðnaður.

Síðasta Alþ. samþykkti l. um stofnun Iðnaðarbanka Íslands, og hefur formlega verið frá stofnun hans gengið. Sá banki er að sjálfsögðu mjög félítill í fyrstu. Þetta frv. fer fram á, að ríkisstj. sé heimilað að taka allt að 15 millj. kr. lán til að endurlána bankanum og útvega honum þannig nokkurt byrjunarstarfsfé.

Andmæli gegn þessu frv. eru helzt þau, að ekki sé rétt af Alþ. að samþ. lántökuheimildir, nema fyrir fram eða um leið sé öruggt um, að þau lán fáist. Ég vil benda á það, að Alþ. hefur ekki fylgt þessari reglu. Alþ. hefur á undanförnum árum hvað eftir annað samþykkt stórar lántökuheimildir fyrir ríkisstj. í ýmsu skyni, án þess að vissa væri fyrir um það þá, hvort þessi lán fengjust. Og í nál. minni hl. er greinilega á þetta bent. Þar eru taldar upp hvorki meira né minna en lánsheimildir að upphæð 262 millj. kr., sem samþ. hafa verið á síðustu þingum, en enn hefur ekki verið útvegað að láni. Minni hl., sem notar þó að nokkru leyti þessa röksemd, hefur í rauninni hrakið hana sjálfur í sínu nál., þar sem hann bendir á, hversu Alþ. hefur á undanförnum árum í stórum stíl samþ. lánsheimildir með það fyrir augum, að ríkisstj. gerði allt, sem í hennar valdi stæði til að útvega þessi lán, en Alþ. hefur afgr. lögin án þess, að fyrir fram væri öruggt um þessi lán.

„Hver er þá tilgangurinn með því að vera að samþ. slíkar lántökuheimildir?“ kunna menn að spyrja. Tilgangurinn er auðvitað sá, að Alþ. marki það skýrt og skorinort, hvaða mál það vill leggja áherzlu á. Alveg eins og Alþ. hefur samþ. heimildir til lántöku vegna Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar, áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju o. m. fl. til þess um leið að leggja áherzlu á, að þessum málum skuli hrinda fram sem fyrst, eins tel ég fulla nauðsyn, að Alþ. samþ. nú þetta lántökufrv. til þess að leggja áherzlu á, að það telur brýna nauðsyn á að efla bankastofnun iðnaðarins og færa þar með nýtt fjör í þennan þýðingarmikla atvinnuveg.

Út úr þessari d. hefur verið afgr. frv. um 22 millj. kr. lántökuheimild vegna Búnaðarbankans. Eins og ég minntist á við 1. umr., þá hefur Búnaðarbankinn svipuðu hlutverki að gegna fyrir landbúnaðinn eins og Iðnaðarbankinn fyrir iðnaðinn. Og Alþ. og ríkisstjórnir hafa vissulega stigið stórt skref í þá átt að stuðla að vexti og viðgangi Búnaðarbankans. Svo að ég nefni nokkur dæmi, þá hefur Alþ. ákveðið á síðustu 2—3 árum að verja 13.75 millj. kr. af gengishagnaði bankanna 1950 til þess að lána Búnaðarbankanum, í öðru lagi af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1951 15 millj. kr., í þriðja lagi lántökuheimild frá síðasta þingi um 16 millj. kr. lán frá alþjóðabanka, og loks í fjórða lagi hefur hæstv. ríkisstj. lagt fyrir þetta þing frv. um 22 millj. kr. lánsheimild til handa Búnaðarbankanum, sem þessi d. hefur þegar afgr. frá sér. Ég vil taka undir, að allar þessar ráðstafanir eru æskilegar og nauðsynlegar til eflingar þessum banka og þeim atvinnuvegi, sem hann á að þjóna. En á sama hátt verður Alþ. að sýna skilning á eflingu iðnaðarins. Þetta frv. fer þó ekki fram á nema lítið brot af því, sem þegar er búið og verið er að samþ. til handa landbúnaðinum.

Í grg. minni hl. á þskj. 289 er svo kveðið að orði af minni hl. n., — en það eru fulltrúar Framsfl. í n., — að minni hl. n. þyki ekki tímabært að gera upp á milli þeirra till., sem liggja fyrir Alþ. um lántökur. Ég vil segja, að ef lántökuheimildin handa Búnaðarbankanum verður samþ., sem ég vona að verði, en þessi lántökuheimild handa Iðnaðarbankanum nær ekki fram að ganga, þá væri verið að gera upp á milli þessara atvinnuvega og setja iðnaðinn skör lægra.

Ég skal ekki hafa orð þessi fleiri, en fyrir hönd meiri hl. mæli ég eindregið með því, að frv. þetta verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég get látið hjá líða að rekja hér efni þessa frv. Það hefur frsm. meiri hl. þegar gert. En í sambandi við slíkt mál og meðferð þess er fyllsta ástæða og reyndar nauðsynlegt að athuga, hverjar horfur séu á því, að unnt sé að framkvæma það, sem til er ætlazt samkv. frv. Þarf þá að íhuga, hvernig ástatt er yfirleitt um lántökumöguleika og hverjar ákvarðanir hafa áður verið teknar um lántökur af hálfu ríkisins, sem ekki er búið að framkvæma. Í nál. minni hl. iðnn. á þskj. 289 er birt nokkurt yfirlit um þetta.

Eins og kunnugt er, er nú verið að vinna að byggingu þriggja stórra mannvirkja hér. Það eru rafstöðvarnar við Sogið og Laxá og áburðarverksmiðjan. Það er talið, að enn þurfi að fá lán til þeirra framkvæmda um 70 millj. kr. Og hæstv. ríkisstj. vinnur vitanlega að því að útvega þetta lán, til þess að hægt sé að ljúka við byggingu þessara mannvirkja á þeim tíma, sem til var ætlazt. Þá hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir því, að sementsverksmiðjan, sem lög hafa verið sett um, verði byggð svo fljótt sem mögulegt er, og því mun ríkisstj. beita sér fyrir því samkv. heimild, sem hún hefur í lögum, að fá lán til þeirrar verksmiðju. Og það er talið, að til þess þurfi a. m. k. 75 millj. kr. Þá hefur hæstv. ríkisstj. lagt fyrir þetta þing frv. um lántökuheimildir vegna lánadeildar smáíbúða og vegna byggingarsjóðs Búnaðarbankans og ræktunarsjóðs, og nema þær lántökuheimildir alls 38 millj. kr. Ríkisstj. hafði, þegar þing kom saman, ákveðið að beita sér fyrir því, að þessi lán fáist á næsta ári handa þessum stofnunum, til þess að ekki stöðvist íbúðarhúsabyggingar og unnt sé að veita nokkur lán til ræktunarframkvæmda í sveitum samkv. gildandi l. um ræktunarsjóð. Þessi frumvörp verða vafalaust samþ. á þinginu nú. Alls nemur þá þetta, sem ég hef hér talið, 183 millj. kr., sem ríkisstj. nú er að vinna að að fá til þeirra hluta, sem ég hef nefnt. Þá má enn minna á það, að á tveim síðustu þingum hafa verið samþ. l. um

ný orkuver og nýjar rafveitur rafmagnsveitna ríkisins í nokkrum héruðum landsins, þar sem rafmagn vantar enn til heimilisnota og annarra þarfa. Og vitanlega er til þess ætlazt af því fólki, sem býr í þeim landshlutum, sem enn fara á mis við þau gæði, að farið verði að sinna þessum nauðsynjamálum þess, þegar lokið er við hinar stóru framkvæmdir á þessu sviði, sem nú er verið að vinna að, þ. e. a. s. rafstöðvarnar við Sogið og Laxá. Og eins og ég gat um, þá hafa verið veittar lántökuheimildir í því sambandi á síðustu tveim þingum, sem alls nema 79 millj. kr. Það er mjög mikið nauðsynjamál fyrir fjölda manna, að hafizt verði handa um þessar rafstöðvabyggingar strax þegar lokið er virkjununum við Sogið og Laxá, sem nú er unnið að. Sé þessum 79 millj. bætt við áður taldar 183 millj., þá koma út úr því alls 262 millj. kr. Allt þetta fé þarf ríkisstj. að útvega að láni innan skamms samkv. þeim l., sem nýlega hafa verið samþ. á Alþ., og samkv. stjórnarfrumvörpum, sem liggja fyrir þessu þingi og verða vafalaust að l. nú áður en þingi lýkur. Það er því ærið verkefni við útveganir fjármagns til ýmissa nauðsynjaframkvæmda, sem þegar liggur fyrir hæstv. ríkisstj., og má vissulega telja, að vel takist til, ef öllu því fé verður náð saman á skömmum tíma. Meðan svo stór viðfangsefni á þessu sviði eru enn óleyst, verður tæplega talið, að það sé tímabært að bæta enn stórum fjárhæðum við lántökuheimildirnar, því að það er vitanlega engum að gagni, hvorki iðnaðarmönnum né öðrum, að hér séu samþ. slíkar heimildir á þessu þingi, ef fyrirsjáanlegt er, að ekki er hægt að sinna þeim málum nú um sinn eða í næstu framtíð vegna þess, sem fyrir liggur og enn er óleyst af slíkum verkefnum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir 15 millj. kr. lántöku. En fleiri þmfrv. um ríkislántökur liggja nú fyrir þinginu. 72. mál þessa þings er frv. um byggingarsjóð kauptúna, flutt af þremur hv. þm. þessarar d. Þar er gert ráð fyrir 5 millj. kr. lántöku. Þá liggur einnig fyrir — það er 82. mál þingsins — frv. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna nýrra raforkuframkvæmda, flutt af fimm hv. þdm., þar sem lagt er til, að ríkisstj. verði veitt heimild til að taka allt að 15 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og verja þessu fé til nýrra rafmagnsveitna eftir nánari ákvörðun raforkumálastjórnar. Enn liggur hér fyrir frv. — 135. mál þingsins — um heimild handa stjórninni til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga og um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa. Þetta er einnig flutt af fimm hv. þdm. Þar er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 30 millj. kr. að láni eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og verja því til að kaupa bankavaxtabréf af veðdeild Landsbanka Íslands, svo að hún geti lánað til húsabygginga. Vitanlega er hér um nauðsynjamál að ræða, bæði nýjar raforkuframkvæmdir og íbúðabyggingar. Samtals eru þetta þá 65 millj. kr., sem þingmenn leggja til í þessum fjórum frv., sem ég hef hér nefnt, að ríkið taki að láni til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda. Ef til vill eru fleiri till. um ríkislántökur nú fyrir þinginu, þó að ég muni ekki eftir þeim í svipinn. Get ég búizt við, að þær séu fleiri. En það ætti að vera hv. þdm. ljóst, að þetta er ekki framkvæmanlegt nú um sinn til viðbótar því, sem fyrir er og ég hef áður nefnt. Það geta að sjálfsögðu eða sennilega verið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvað helzt eigi að sitja í fyrirrúmi af þeim framkvæmdum, sem þingmenn hafa hér gert till. um að styðja með ríkislántökum. Hitt hef ég ekki orðið var við, að neinn ágreiningur væri um, að rétt væri að láta það sitja í fyrirrúmi, sem ríkisstj. hefur þegar ákveðið að beita sér fyrir. En að því er varðar þessi þmfrv. um ríkislántökur til ýmissa hluta, þá virðist mér, að það sé ekki að svo komnu ástæða til að reyna að vega það og meta, hvað af því sé nauðsynlegast, og gera þannig upp á milli þeirra till. um þessi efni, sem fyrir liggja í þmfrv., þar sem, eins og ég hef áður sagt, ekki er sjáanlegt, að það hafi þýðingu að samþ. meiri lántökuheimildir til hæstv. ríkisstj. að svo stöddu, meðan svo mikið er af óleystum verkefnum á því sviði.

Við, sem erum í minni hl. iðnn., lítum einnig svo á, að það eigi fyrst og fremst að vera verk ríkisstj. á hverjum tíma að meta það og ákveða, í samráði við þann þingmeirihluta, sem stj. styðst við, í hvaða röð þau verkefni eru leyst, sem ríkisstj. þarf að hafa forgöngu um eða styðja með lánsfjáröflun. Þess vegna meðal annars teljum við það eðlilegustu meðferð þessa máls og annarra hliðstæðra, sem nú liggja fyrir þinginu um lántökuheimildir, að þeim verði vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar. Það er því okkar till. í þessu máli.

Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. gat um viðkomandi lántökum eða fjárútvegun að undanförnu til Búnaðarbankans, þá vil ég benda á það til þess að fyrirbyggja misskilning, að Búnaðarbankinn hefur ekki nú á þessum árum fengið neitt fé frá ríkinu eða fyrir þess milligöngu til rekstrarlána. Hér hefur aðeins verið um að ræða lánsútvegun handa tveim deildum bankans, þ. e. a. s. byggingarsjóði, sem veitir eftir fastákveðnum reglum lán til íbúðarhúsabygginga, og einnig til ræktunarsjóðs, sem veitir lán til ræktunarframkvæmda og annarra hliðstæðra framkvæmda í sveitum samkv. ákvæðum laga frá Alþ. En Búnaðarbankinn hefur að öðru leyti ekki fengið neitt fé fyrir milligöngu ríkisins, alls ekkert til rekstrarlána. Og sparisjóðsdeild bankans skuldar ríkissjóði ekki neitt þar af leiðandi. Þetta vildi ég aðeins benda á, ef vera kynni, að einhverjir hefðu skilið ummæli hv. 7. þm. Reykv. á þann veg, að bankinn sjálfur, þar á meðal sparisjóðsdeild hans, hefði undanfarið fengið eitthvert fé fyrir milligöngu ríkisins. Svo hefur ekki verið nú um mörg ár að minnsta kosti.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. Ég er einn af flm. þessa frv., sem hér er um að ræða, og vildi í fáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég er það.

Það er rétt, sem síðasti hv. ræðumaður sagði hér áðan, að það eru ýmsar lánsheimildir fyrir

og þær allháar, sem ekki hefur verið hægt að fullnægja, og æði mörg frv., sem liggja nú fyrir þessu hv. þingi um lánsheimildir til handa hæstv. ríkisstj. Og það er einnig rétt, að ekki eru miklar líkur til, að hæstv. stj. veitist mögulegt að útvega öll þau lán, sem hún þegar hefur fengið heimildir til og henni sennilega verða veittar á þessu þingi.

Hv. minni hl. segir, að það sé rétt, að ríkisstj. vegi það og meti í samráði við þann þingmeirihluta, sem hún styðst við á hverjum tíma, eftir hvaða röð lánin skuli tekin, ef ekki sé hægt að fullnægja öllum, sem heimildir eru fyrir eða beðið hefur verið um. Og af því að ég er samþykkur þessari skoðun hv. þm., þá finnst mér síður ástæða til að amast við því, að hæstv. stj. séu gefnar heimildir. Ég sé ekki, að það stafi nein hætta af því. Hæstv. stj. gerir ekki á hverjum tíma meira en mögulegt er, og það er eðlilegt, að hún ráðfæri sig á hverjum tíma við þann þingmeirihl., sem hún styðst við, hvað eigi að ganga fyrir, ef ekki er hægt að fullnægja því, sem fyrir liggur.

Hæstv. stj. hefur lagt fram tvö frv. nú á þessu þingi um heimild til lántöku, annað frv. vegna Búnaðarbankans, 22 millj., hitt frv. um 16 millj. kr. vegna smáíbúðabygginga. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um, að þessi frv. eigi að ganga fyrir þessu frv., sem við nú erum að ræða um, m. a. vegna þess, að hæstv. stj. var búin að koma sér saman um það að fá lánin fyrir þessa atvinnuvegi, og einnig vegna þess, að við munum margir vera sammála um, að Búnaðarbankinn og þær milljónir, sem eiga að fara í ræktunarsjóðinn og byggingarsjóðinn, séu hvað mest aðkallandi. Því verður ekki heldur neitað, að það er frumskilyrði, að fólk geti haft þak yfir höfuðið, og því mjög nauðsynlegt að ná lánum vegna smáíbúðabygginganna.

Í þessu landi hafa til skamms tíma verið aðeins tveir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, þ. e. landbúnaður og sjávarútvegur. Og er þó landbúnaðurinn sennilega eldri að því leyti að teljast aðalatvinnuvegur, því að lengst af lifði nú þjóðin á því að stunda landbúnað, en sjávarútvegurinn eða sjósóknin var þá aukaatvinnugrein. Og enn í dag er landbúnaðurinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. Enn í dag styðst þjóðin fyrst og fremst við landbúnaðinn. Þótt það sé ekki í samræmi við þær tölur, sem hv. frsm. meiri hl. n. nefndi hér áðan, þá er margt fleira, sem þar kemur til, og verður okkur það enn ljósara nú en áður á þessum umróta- og upplausnartímum, hversu landbúnaðurinn er mikils virði fyrir þessa þjóð, að landbúnaðurinn er sú kjölfesta, sem þetta þjóðfélag byggist á. Þess vegna er það alveg óumdeilanlegt, að lán og fjárútvegun til landbúnaðar er það, sem eðlilegt er að gangi fyrir öllu. Sjávarútvegurinn hefur til skamms tíma gefið þjóðinni mikið í aðra hönd, er nú eins og sakir standa á hverfanda hveli, og er auðséð á öllu, að þjóðin í heild líður fyrir það. Sjávarútvegurinn hefur fengið mikla styrki og mikil lán, svo sem eðlilegt er, og væri ekkert við því að segja, ef rekstrargrundvöllur væri fyrir hendi hjá sjávarútveginum. En vegna þess, hve margt fólk að undanförnu hefur haft atvinnu við sjávarútveg og hvað sjávarútvegurinn nú er ótryggur atvinnuvegur, er enn nauðsynlegra en nokkurn tíma áður, að hér í landi verði til þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, iðnaðurinn, til þess að taka við því fólki, sem gengur atvinnulaust og hefur ekkert til að bíta eða brenna. Og ef þessi þjóð ætlar að vera efnahagslega sjálfstæð í framtíðinni, þá er nauðsynlegt, að atvinnulífið verði fjölbreyttara en það hefur verið.

Ég geri nú ráð fyrir því, að jafnvel þótt Iðnaðarbankinn fengi þessar 15 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að hann fái með þessu frv., þá nái þær ekki langt til þess að skapa iðnaðinum þann sess í þessu þjóðfélagi, sem hann ætti að hafa og nauðsynlegt er að veita honum í framtíðinni. En 15 millj. kr., ef þær fengjust til handa hinum nýstofnaða banka, væru nokkuð til að byrja með. Ef vel væri á því haldið, þá gæti það ýtt undir ýmsar framkvæmdir á iðnaðarsviðinu. Það má vel vera, að hæstv. stj. veitist ómögulegt að útvega þetta fé til bankans, þótt hún fái heimildina, og þá munu margir segja, að það sé þýðingarlaust að vera að samþykkja þessi lög. En ég tel, að jafnvel þótt ríkisstj. takist ekki að útvega féð, þá hafi þessi l. töluverða þýðingu eigi að síður, vegna þess að ef hv. Alþ. samþykkir l. um þetta, þá liggur fyrir ótvíræður vilji Alþ. fyrir því, að iðnaðinum verði veittur sá stuðningur, sem unnt er hverju sinni. Ég hygg, að ef þetta yrði að lögum, þá gæti það orðið móralskur styrkur fyrir iðnaðinn í þeirri baráttu, sem hann á nú á þessum erfiðu tímum við að stríða, og þess vegna væru lög um þetta ekki einskis virði, jafnvel þótt peningarnir kæmu ekki. Það verður aldrei heimtað af hæstv. stj., að hún geri meira í þessu efni en unnt er hverju sinni.

Ég gerðist meðflm. að þessu frv. vegna þess, að ég vildi undirstrika það, að iðnaðurinn á að fá viðurkenningu í þessu landi og að það er vilji okkar, að hann megi eflast, án þess að dregið verði úr stuðningi við þær atvinnugreinar, sem hafa skipað hér áður öndvegissess og eiga að skipa hér áfram öndvegissess og njóta stuðnings í þjóðfélaginu eftir því sem unnt er, eins og t. d. landbúnaðurinn og Búnaðarbankinn.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég heyrði það á ræðu hv. 2. þm. Rang., að hann er mér að verulegu leyti sammála í þessu máli, sem hér er rætt um. Hann segir, að hann sé því samþykkur fyrir sitt leyti, að það sé ríkisstj., sem ákveði það, í hvaða röð þessi verkefni séu tekin, að sjálfsögðu í samráði við stjórnarstuðningsflokkana. Hann segist einnig telja, að stjórnarfrv. um lántökuheimildir, sem hér hafa verið lögð fram, eigi að sitja fyrir. Um þetta erum við alveg sammála.

Mér virtist nú á ræðu hv. þm., að honum væri það einnig ljóst, að þó að þetta frv., sem hér er til umr., og fleiri slík væru samþykkt, þá væru litlar líkur til þess, að það væri hægt að framkvæma það, sem þar er gert ráð fyrir, nú um sinn eða meðan verið er að ljúka því, sem komið er áður og við erum sammála um, að eigi að sitja fyrir, og því þýðingarlítið að bæta meiru við. En ef ætti að samþ. þetta frv., þá vantar a. m. k.

að setja í það ákvæði um það, hvað eigi að sitja fyrir af því, sem áður er búið að samþ. eða áður er búið að leggja fyrir þingið. Það yrði þá að taka það greinilega fram, um leið og Alþ. samþykkti slík lög, að þau kæmu þá fyrst til framkvæmda, þegar búið væri að útvega lán í annað, sem menn vilja láta sitja fyrir. Nú er það æði margt, eins og ég hef getið um áður, og ég skal ekki fara að rekja það. Ég veit ekki um það t. d., hvort hv. 2. þm. Rang. telur, að sú lánsútvegun, sem um ræðir í þessu frv., eigi að ganga fyrir því að útvega lánsfé til rafstöðvabygginga, sem þegar er fyrir löngu búið að setja lög um hér á Alþ. eða veita heimild fyrir og eiga að bæta úr brýnni raforkuþörf fólksins í ýmsum héruðum landsins, sem hefur farið á mis við þau þægindi enn sem komið er. — Ég geri fastlega ráð fyrir því, að við hv. 2. þm. Rang. séum sammála um það, þó að hann nefni það ekki, að það eigi þó að sitja fyrir að ljúka rafstöðvabyggingunum við Sog og Laxá. Stjórnin hefur nú fengið á þessu þingi viðbótarlántökuheimild til þess og til að ljúka áburðarverksmiðjunni. Ég geri ráð fyrir, að hann vilji láta það sitja fyrir, svo að þær framkvæmdir stöðvist ekki nú á því stigi, sem þær eru. Ég tel það alveg víst, að hann vilji láta þær sitja fyrir. En þetta þyrfti þá að koma greinilega fram, ef Alþ. gengur lengra í því að setja lög um lántökuheimildir, því að sé þess að engu getið í öllum þessum heimildum, þá má segja, að þetta eigi allt sama rétt á sér. Það er hægt fyrir þá, sem þarna eiga hlut að máli, að halda því fram, að þetta sé allt jafnrétthátt.

Hv. 2. þm. Rang. hefur gerzt meðflm. hér að tveim öðrum lántökufrv. en þessu um Iðnaðarbankann, þeim frv., sem ég gat um hér í fyrri ræðu minni, þ. e. frv. á þskj. 92, um heimild fyrir ríkisstj. til 15 millj. kr. lántöku til nýrra raforkuframkvæmda, og frv. á þskj. 192, um 30 millj. kr. lántökuheimild vegna íbúðabygginga, þ. e. a. s. vegna veðdeildar Landsbanka Íslands. Ég veit ekki um það, það kom ekki fram í ræðu hans, hann nefndi það ekki, hvort hann væri nú á þessari stundu reiðubúinn til að ákveða það, í hvaða röð hann vill láta framkvæma þetta, sem hann hefur hér ásamt fleiri þm. flutt till. um. En sennilega er það nú, að hann gengur fram hjá því, fyrir það, að hann veit alveg jafnvel og ég, að það er ekki hægt að framkvæma þetta nú að svo stöddu og því enginn skaði skeður, þó að ákvörðun um það, í hvaða röð þetta eigi að gerast, bíði til næsta þings. Það veldur engum tjóni, þótt það verði gert.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. vildi nú í seinni ræðu sinni eigna sér eiginlega hv. 2. þm. Rang. Ég tel nú mig og meiri hl. eiga meira í honum, því að það er sá munurinn, að hv. 2. þm. Rang. vill samþ. frv., en hv. þm. V-Húnv. vill fella það, vísa málinu frá eða til stjórnarinnar. (Gripið fram í.) Stjórnin er góð, segir hv. þm., og hann lýsir svo sinni stjórnhollustu hér í sínum ræðum, að ef ríkisstj. hefur borið frv. fram á þingi, þá sé í rauninni óþarft að ræða það, þá sé þar með skorið úr um, að málið eigi að ganga fram, og sé óþarft fyrir þm. að vera yfirleitt að ræða slíkt mál. Það er ákaflega gott fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa jafnstjórnholla menn og þennan hv. þm. Ég lít öðrum augum á þetta mál. Ég lít svo á, að Alþingi, sem er æðsta stofnun þjóðarinnar, eigi að marka stefnuna, það eigi að segja til um, hvaða mál eigi að ganga fyrir og hver ekki, og það sé Alþingis að ákveða, en stjórnarinnar að hlýða fyrirskipunum Alþingis.

Það er auðvitað ágætt að vera stjórnhollur eins og hv. þm. Við vitum það, að ráðh. eru misjafnir, og ég tel það ekki sem heilagt lögmál, sem ráðh. kunna að leggja fyrir þingið. Ja, stundum eru ráðherrar góðir og stundum illir, eins og gengur og gerist, ég býst við, að yfirleitt sé svipað um þá og um alþm. En fyrst og fremst vil ég leggja áherzlu á, að það er Alþingis að ákveða, í hvaða röð þessi mál eiga að koma.

Þessi sami hv. þm., þm. V-Húnv., segir, að Búnaðarbankinn hafi ekki fengið með lögum, sem hér hafa verið samþ., eða frv., sem liggja fyrir, rekstrarfé og í rauninni hafi Búnaðarbankinn ekki fengið neitt, það séu ræktunarsjóður og byggingarsjóður o. s. frv. Þetta er náttúrlega heldur ómerkilegur orðaleikur, því að vitaskuld er Búnaðarbankinn þessar deildir og fleiri. Það er auðvitað enginn munur á þessu, því að vitanlega má eins vera um þessar 15 millj., sem ætlazt er til að Iðnaðarbankinn fái, að þær gangi til stofnlána, og vissulega er brýn þörf á því, en um leið og Búnaðarbankinn fær þannig stofnfé til sinna deilda, þá skapast honum auðvitað meiri möguleikar til rekstrarfjár á öðrum sviðum.

Ég svaraði nú hér í fyrri ræðu minni meginröksemdum þeim, sem komu fram í nál. minni hl., og tel enga ástæðu til að endurtaka það, en vil aðeins taka það fram hér, að afstaða hv. minni hl. og sérstaklega þm. V-Húnv. er beint áframhald af þeirri starfsemi, sem hann hefur haft með höndum tvö undanfarin þing. Tvö undanfarin þing hefur legið fyrir frv. um stofnun Iðnaðarbanka. Hann hefur þá valið sér það hlutskipti í bæði skiptin sem fulltrúi síns flokks í iðnn. Nd. að beita sér gegn því frv. Honum tókst að fresta því á fyrra þinginu, en á síðara þinginu brást honum bogalistin, svo að frv. varð að lögum. Nú þegar kemur fram frv. um að reyna að efla Iðnaðarbankann, þótt í smáum stíl sé, og flutt um það frv., sem er alger hliðstæða við frv. um Búnaðarbankann, þá þarf einnig að leggjast á móti því til þess að reyna að koma í veg fyrir, að Iðnaðarbankinn fái þó þetta aukna starfsfé. Mig undrar ekkert afstaða hv. þm., því að hún er beint áframhald af þeirri iðju, sem hann hefur ástundað hér tvö undanfarin þing.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Rétt er það hjá hv. 7. þm. Reykv., að ráðh. eru misjafnir í þessari stjórn eins og öðrum. Hitt er rangt hjá honum, að ég sé með öllum stjórnarfrv., sem hér eru lögð fyrir, og fleira var athugavert við það, sem hann sagði í sinni seinni ræðu.

Hv. 7. þm. Reykv. segir, að það sé Alþingi, sem eigi að taka ákvarðanirnar. Alþingi á að segja til um það, hvað eigi að framkvæma á hverjum tíma, og stjórnin á að annast um fram-

kvæmdirnar samkv. ákvörðunum Alþingis. Jú, þetta getur verið gott og blessað. En það væri æskilegt að heyra það frá hv. 7. þm. Reykv., hvort hann telur, að ákvarðanir ríkisstj. í þessum lántökumálum hafi verið óheppilegar, það óheppilegar, að það sé nauðsynlegt fyrir Alþingi að grípa fram fyrir hendur stjórnarinnar og skipa fyrir um það, að nú skuli eitthvað annað sitja í fyrirrúmi heldur en það, sem ríkisstj. hefur ákveðið að skuli sitja fyrir. Vill hv. 7. þm. Reykv. t. d., að stjórnin setji þetta mál, sem hér er til umr. nú, fram fyrir það að útvega viðbótarlán í virkjanirnar við Sog og Laxá og áburðarverksmiðjuna? Vill hv. 7. þm. Reykv., í fyrsta, lagi þetta? Í öðru lagi: vill hann, að stjórnin meti þetta meira en að útvega fé í sementsverksmiðjuna? Vill hann, í þriðja lagi, að stjórnin láti þetta sitja fyrir því að útvega lán til smáíbúðabygginga, sem stjórnin hefur lagt frv. fyrir þingið um, og til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs Búnaðarbankans? Vill hann enn fremur, að þetta verði látið sitja fyrir því að útvega fé til áframhaldandi raforkuframkvæmda, þegar búið er að virkja Sog og Laxá, ef það verður nú gert, hvað sem kann að líða áliti hv. þm. um það, hvort það eigi að sitja fyrir eða ekki? Telur hv. 7. þm. Reykv. enn fremur, að þetta frv. sé rétthærra en tvö önnur frv., sem hv. flokksbræður hans hér í þessari þd. hafa nú lagt fram á þessu þingi um lántökur til nýrra raforkuframkvæmda og um öflun lánsfjár til íbúðabygginga gegnum lán frá veðdeild Landsbankans? Ef tekið er til greina þetta, sem hv. 7. þm. Reykv. heldur fram og getur verið rök í málinu, að það sé Alþingi, sem eigi að segja til um það, hvað eigi að framkvæmast, í hvaða röð framkvæmdirnar eigi að gerast, en stjórnin að fara eftir því að sjálfsögðu, sem þingið ákveður, þá verður hann einnig að gefa það upp, hvernig hann vill láta framkvæma þetta, hvort hann hefur einhverjar rökstuddar athugasemdir við það að gera, sem stjórnin hefur þegar ákveðið og beitt sér fyrir, hvort hann vill taka eitthvað annað og setja það fram fyrir þetta, sem stjórnin hefur þegar ákveðið, að sitja skuli í fyrirrúmi. Ég sé ekki ástæðu til að tala frekar við hann um þetta mál, fyrr en hann hefur gert grein fyrir skoðunum sínum á þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. og 38. fundi í Nd., 9. og 11. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 289 um að vísa málinu til ríkisstj. *felld* með 16:9 atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 180, 457).

Afbrigði um brtt. 457, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þess hefur orðið vart, að nokkuð eru skiptar skoðanir þm. um það, hvernig með þetta mál skuli fara. Á það hefur verið bent, að hæstv. ríkisstj. ætti svo mikið óunnið við útvegun lánsfjár til nauðsynlegra framkvæmda samkv. áður samþykktum lögum, að ekki væri bætandi við þau verkefni hennar að svo stöddu. Einnig hefur verið haldið fram þeirri skoðun, að eðlilegast mætti telja, að ríkisstj. ætti frumkvæði að útvegun lánsheimilda frá þinginu og að stjórnin tæki, í samráði við þá flokka, er hún styðst við, ákvörðun um það, í hvaða röð þau verkefni væru tekin til úrlausnar, sem ríkisstj. ætti að hafa með höndum eða útvega fjármagn til. Var því borin fram till. við 2. umr. frv. um að vísa málinu til ríkisstj. til athugunar. Sú till. var felld hér í hv. þd. Minni hl. iðnn., sem stóð að þeirri till., leyfir sér því að bera fram brtt. við frv., og liggur hún hér fyrir á þskj. 457.

Brtt. er um það, að við 1. gr. frv. verði bætt ákvæði um, að ríkisstj. skuli láta sitja í fyrirrúmi að útvega þau lán, sem þar eru talin og áður hafa verið samþ. l. um hér á Alþingi. Eru þar fyrst talin lán til áburðarverksmiðjunnar og stórvirkjananna, svo að takast megi að ljúka þeim framkvæmdum, einnig lán handa byggingarsjóði og ræktunarsjóði og til smáíbúðabygginganna, en stjórnarfrv. um þessar lántökur hafa nýlega verið afgr. sem lög frá þinginu. Þá er loks talið lán til byggingar sementsverksmiðju.

Hv. þdm. er það kunnugt, að ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir útvegun þeirra lána, sem talin eru í brtt. á þskj. 457, og þessi ákvörðun hæstv. ríkisstj. hefur ekki sætt gagnrýni, svo að vitað sé. En það liggur í augum uppi, að ef þingið samþ. nýjar lántökuheimildir til viðbótar þeim, sem fyrir eru, eins og lagt er til í því frv., sem hér liggur fyrir, þá þarf það um leið að ákveða, hvað af þessu eigi að sitja í fyrirrúmi. Það er nauðsynlegt vegna þess, að engar líkur eru til, að hægt sé að fá allt það lánsfé í einni svipan, sem lagaheimildir eru fyrir, ef enn verður við þær bætt. Þarf þá ríkisstj. að vita, hvað þingið vill leggja mesta áherzlu á og láta sitja fyrir, svo að hún geti hagað sér samkv. því við öflun lánsfjárins.

Eins og áður segir, eru talin í brtt. okkar þau lán, sem ríkisstj. hefur ákveðið að vinna að útvegun á og hún telur mest um vert að náist nú þegar eða mjög fljótlega. Við flm. till. lítum einnig svo á, að þær lántökur, sem þar eru taldar, eigi að sitja fyrir öðrum. Og við væntum þess, að aðrir hv. þdm. hafi svipaðar skoðanir á þeim málum og geti því á það fallizt að samþ. brtt. okkar á þskj. 457.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér sýnist, að það komi eiginlega úr hörðustu átt, þegar svo ákveðnir stuðningsmenn hæstv. fjmrh. eins og þeir, sem standa að þessari till., koma fram með till. um að ætla að fara að fyrirskrifa ríkisstj., í hvaða röð hún eigi að taka lán, og taka þar ekkert tillit til þess, hvernig hæstv. ríkisstj.

kunni að takast að fá lánin, með tilliti til þess, hve hentugt sé að útvega þau vegna þess, í hvað þau eigi að fara. Og svo verð ég að segja, að mér finnst hv. minni hl. iðnn. taka nokkuð lítið tillit til þeirra frv., sem hér liggja fyrir þinginu, m. a. frá hv. Framsfl., þegar hann ætlar nú að láta allt ganga fyrir, sem ríkisstj. sjálf er með, en man ekki eftir því, að það liggja fyrir frv. frá Framsóknar-þm. um að taka 3 millj. kr. lán og veita 3 millj. kr. til raforkusjóðs og gefa eftir lán og allt mögulegt annað upp á 72 millj. kr., sem Framsóknar-þm. hafa flutt hér fram, svo að maður taki nú ekki tillit til þess, sem hinn stjórnarflokkurinn hefur verið hérna með, upp á 74 millj., að veita á ýmsan hátt. Ég held þannig, að í öllum þessum milljónaaustri, þar sem það mun vafalaust vera tilgangurinn hjá hv. þm. stjórnarflokkanna að setja meginið af sínum frv. í gegn, þá mætti það nú æra óstöðugan, ef ætti að fara að raða því upp hérna og binda þannig hendur hæstv. ríkisstj. Ég held hún verði nú að fá að hafa svo lítið frjálsræði, að hún ráði því, í hvaða röð hún tekur lánin og hvernig heppilegast muni vera hægt að fá þau, eftir því, í hvað góða hluti þau fara. Ég sé þess vegna ekki, að það sé hægt að standa með þessari till. frá minni hl. iðnn., og mun greiða atkv. á móti henni.

ATKVGR.

Brtt. 457 felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SkG, ÁB, EirÞ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB.

nei: MJ, SÁ, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, GTh, GÞG, JPálm, JÁ, KS, LJós, SB.

JóhH, JR greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÓTh, StgrSt, AE, BÓ, EmJ, EystJ, HV) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Þar sem ég álít, að ríkisstj. verði sjálf að meta það, í hvaða röð hún notar þær heimildir til lántöku, sem samþ. eru á Alþ., sé ég ekki ástæðu til þess að setja það lagaákvæði, sem gert er ráð fyrir í þessari brtt., og segi því **nei.**

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég tel, að þessi till. sé alveg óþörf, vegna þess að varðandi þær lánsheimildir, sem eru taldar hér upp, er þegar búið að ákveða að taka lán til þeirra framkvæmda, svo framarlega sem þau kunna að fást, og tel ég því, að þau sitji fyrir, þótt engin lagaákvæði væru um þetta sett. En af því að till. er komin fram og ef hún væri felld, þá mætti líta svo á, að það væri ekki vilji Alþingis að taka lánin eftir þeirri röð, sem hér hefur verið minnzt á, segi ég **já.**

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41., 55. og 56. fundi í Ed., 16. des., 23. og 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 4. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 180, n. 746).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er búið að vera í Nd. og hefur verið samþ. þar óbreytt og er nú komið hingað til d. Fjhn. d. hefur á fundi sínum athugað þetta mál og var sammála um að leggja til, að það væri samþ. óbreytt.

Það hafa orðið örlög mín, sem var einna harðastur gegn stofnun iðnaðarbanka, — en hann var stofnaður hér á síðasta þingi, — að vera frsm. fyrir n. hönd. Og get ég lýst því yfir, að ég var knúinn til þess með samhljóða atkv. nm. En ég verð að játa það, að ég tel það frá mínu sjónarmiði ekki svo mjög þungan kross, úr því að komið var svo, að banki þessi var samþ. á Alþ. og gerður að l. og stofnað til hans og þar eð fyrirsjáanlegt var, að stofnað var til hans með ekki nægri fyrirhyggju. Fjármagn var lítið, sem hann hafði, eftir því sem l. segja, aðeins allt að hálfri sjöundu millj. kr., sem stofnféð átti að vera. En þar sem nú er þannig ástatt, að það er auðsjáanlegt, að það rekstrarfé nægir hvergi eins og komið er málum, og þar sem þessi stofnun er nú sama sem komin á laggirnar, þá þýðir ekki annað en taka málunum eins og þau liggja fyrir og gera það bezta úr hlutunum og styðja bankann, svo að honum geti vegnað sem skást að mögulegt er. Og ég segi það frá mínum bæjardyrum, að þar sem þetta eru heimildarlög og við treystum því, að sæmileg bankastjórn veljist nú fyrir bankann, þá verður eftir öllum atvikum og við athugun á því, hve mikil fjárþörf bankans er, að teljast rétt og nauðsynlegt að fylgja þessu frv.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, þannig að heimild væri fyrir ríkisstj. að taka allt að 15 millj. kr. að láni eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta Iðnaðarbanka Íslands h/f með sömu kjörum og það er tekið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við þetta mál aðeins til þess að benda á eftirfarandi nú við afgreiðslu þess, þar sem ég geri ráð fyrir, að frv. þetta verði nú að l., eftir því fylgi, sem fram hefur komið um málið í hv. fjhn.

Ríkisstj. á eftir að útvega 70—80 milljónir kr., til þess að hægt sé að ljúka virkjun Sogsins, virkjun Laxár og áburðarverksmiðjunni, og getur vel svo farið, að taka verði þetta fé að láni að einhverju eða öllu leyti. Þá hefur verið samþ. á þessu þingi heimild til þess að taka að láni

16 millj. vegna smáíbúða og 22 millj. vegna Búnaðarbankans. Enn fremur er gert ráð fyrir, að sementsverksmiðjan muni kosta um 85 millj. kr., og mun verða að taka það fé að láni mestallt, sennilega um 45 millj. erlendis og allt að 40 millj. innanlands. Eru þá taldar þær lántökur, sem núverandi ríkisstj. hefur ákveðið að sitji fyrir öðrum lánsútvegunum í framkvæmd. Enn fremur eru í lögum heimildir til þess að ábyrgjast fyrir Framkvæmdabankann allt að 80 millj. í lántökum og í l. eru einnig á ýmsum stöðum heimildir til þess að taka lán til raforkuframkvæmda, a. m. k. um 80 millj. samtals. En framkvæmdaröð þessara lántaka hefur ekki verið ákveðin af núverandi ríkisstjórn.

Af þessu stutta yfirliti, sem þó er ekki á nokkurn hátt tæmandi, því að vafalaust eru fleiri lántökuheimildir í gildi, sést greinilega, að hv. Alþ. er búið að samþ. meiri lántökur en horfur eru á að hægt sé að koma í framkvæmd á næstunni. Reynslan ein fær hins vegar úr því skorið, hversu til tekst um útvegun lánsfjárins. — Þessa vildi ég aðeins láta getið í sambandi við afgreiðslu málsins til þess að bregða upp heildarmynd af þessum lántökum öllum saman.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér skildist á yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh., að það væri ætlazt til þess, að þeir milljónatugir, sem hann taldi upp að þyrfti í ýmis fyrirtæki, svo sem áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna og til þess að ljúka ýmsum öðrum mannvirkjum, yrðu að sitja fyrir. Er það ekki rétt skilið? **(Fjmrh.:** Jú.) En hins vegar væri enn óákveðið, hvort þær 80 millj. til Framkvæmdabankans og þær 80 millj. til raforkuframkvæmda mundu verða látnar sitja fyrir þessu láni, sem hér um ræðir fyrir Iðnaðarbankann. Er það ekki líka rétt skilið, að það sé enn óákveðið? — Nú, hæstv. ráðh. vill ekki svara því. En ég vildi þá gjarnan spyrja um, ef bankaráð eða bankastjóri Iðnaðarbankans skyldu geta útvegað lán erlendis eða innanlands, hvort þá mundi ekki verða notuð þessi heimild hér um að ábyrgjast það lán, þó að ekki væri búið að fá þau lán, sem hæstv. ráðh. talaði um. Mér þykir nokkurs virði að fá yfirlýsingu um það. Eða á yfirlýsing hæstv. ráðh. að skiljast þannig, að það sé óheimilt að leita fyrir sér um lán, utanlands eða innan, fyrr en þau lán hafa fengizt, sem hæstv. ráðh. talaði hér um? Um það vildi ég gjarnan fá að heyra frá hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að hér er ekki um það að ræða að ábyrgjast fyrir Iðnaðarbankann lán, heldur heimild til þess, að ríkisstj. taki handa bankanum lán og láni aftur bankanum. Það leiðir af sjálfu sér, að allar framkvæmdir um slíka lántöku verða að gerast af ríkisstj. og hennar umboðsmönnum. Verður því að sjálfsögðu ekkert í sliku gert fyrr en stjórnin tekur málið til framkvæmda. Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég sagði áðan um fyrirætlanir núverandi ríkisstj.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst alveg sérstök ástæða til þess að óska hæstv. fjmrh. mjög til hamingju með það, hversu fjárhagur íslenzka ríkisins hlýtur að hafa stórkostlega breytzt núna síðustu mánuðina. Ég man það, að þegar hæstv. ráðh. lagði fjárlagafrv. sitt fyrir þingið í okt. s. l., þá taldi hann, að þar væri teflt á tæpasta vað, svo mikil óvissa væri með horfurnar, að ekki væri gerlegt að ætla tekjur ríkissjóðs meiri en þar var gert ráð fyrir. Gjöldin taldi hann þá að ekki væri hægt að minnka, og virðist það einnig hafa orðið ofan á hjá því Alþingi, sem nú situr, því að það hefur verið við þau bætt. Hæstv. ráðh. varaði einnig mjög við því að takast á hendur nýjar ábyrgðir og benti á, að það gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir ríkissjóð að taka slíkar skuldbindingar á sig.

Nú líður að þinglokum og styttist til kosninga. Í gærkvöld voru bornar hér fram í einu lagi till. um það að veita sem óendurkræf framlög að mestu til Búnaðarbankans og nokkuð til byggingarsjóðs verkamanna um 44 millj. kr. af lánum, sem ríkissjóður hefur veitt á seinustu tveimur árum, og enn fremur að taka lán handa Iðnaðarbankanum, 15 millj. kr. Við lokaafgreiðslu fjárlaganna voru útgjöldin þar, án þess að tekjurnar væru hækkaðar öðruvísi en á pappírnum, hækkuð um milli 20 og 30 millj. kr. Það er því augljóst, að álit hæstv. ráðh. á fjárhagsástæðum landsins og horfum hlýtur nú að vera allt annað en var í þingbyrjun. Finnst mér ástæða til þess að óska honum til hamingju með þær breytingar, sem á hafa orðið, þótt ég vilji ekki leyna því, að ég teldi æskilegt, að hann upplýsti þingið að nokkru um það, í hverju þessi breyting liggur, því að varla getur hún legið í því eingöngu, að kosningar eru nú svo mjög nálægt fram undan.

Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því, sem nú væri búið — áður en þetta seinasta kemur nú til, sem hæstv. ráðh. veik að hér í gærkvöld — að ákveða af ábyrgðum ríkissjóðs núna á næstunni og lántökum. Þær lántökur, sem gert er ráð fyrir, upplýsti hæstv. ráðh., væru 70—80 millj. kr. í virkjanirnar, 16 millj. í smáíbúðir og 22 millj. í Búnaðarbankann í viðbót við þau framlög, sem honum eru ætluð núna samkv. frv., sem hér liggur fyrir næst á dagskránni. Þetta eru samtals 108—118 millj. kr. Þá ræddi hæstv. ráðh. um framkvæmd, sem þegar sé byrjað á, að afla 80—85 millj. kr. til sementsverksmiðju og ýmsar ótilgreindar raforkumálaframkvæmdir upp á nálægt 80 millj. kr. Við síðustu umr. um fjárlagafrv. var samþykkt að veita einkafyrirtækjum ábyrgðir, þrem fyrirtækjum samtals 30 millj. kr., allt saman nauðsynlegum fyrirtækjum, en það er ný braut, sem Alþingi gekk hér inn á, að veita einkafyrirtækjum ríkisábyrgð í svo ríkum mæli sem þar um ræðir. Í lögum um Framkvæmdabanka er, eins og hæstv. ráðh. benti á, gert ráð fyrir ríkisábyrgð upp á 80 millj. kr. Og svo kemur nú það, sem hér er um að ræða, 15 millj. kr. lántaka til Iðnaðarbankans, — auk þess sem 44 millj. kr. af fyrri lánum eiga að gefast eftir með öllu.

Mér þótti rétt, af því að svo lítið hefur verið um þessi lán rætt hér, — enda komið nú að þinglokum, þegar þau koma til afgreiðslu, — að rifja þetta upp og draga þetta saman. Mér virðist allt benda til þess, að annaðhvort hafi, eins

og ég áður sagði, stórkostlega batnað fjárhagur og horfur hjá íslenzka ríkinu á seinustu mánuðum eða þá að hugarfarsbreyting hafi orðið hjá hæstv. ráðh. og væntanlega þá einnig þeim flokkum, sem standa að ríkisstj.

Ég þarf ekki að taka það fram, að eins og málum er komið, þá mun ég greiða atkvæði með þessu frv. um Iðnaðarbankann. Ég sé ekki, að það muni um það í þessum mikla mat, þótt hann sé látinn fljóta með. Ég verð að segja það alveg eins og er, því að það er engin ástæða til þess, ef svo rúmt er um hendur hjá hæstv. ríkisstj., að láta hann verða alveg útundan og láta hann ekki einhvers njóta af þeirri almennu hagsæld, sem bersýnilegt er að hér er nú til staðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil út af yfirlýsingu hæstv. ráðh. mega leyfa mér að benda á, að það getur vel komið til mála, að það þurfi að athuga nokkru nánar það frv., sem hér um ræðir, áður en það gengur hér út úr deildinni.

Ef það á að skiljast svo, að hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. ætli ekki að beita sér fyrir því að fá lán til Iðnaðarbankans, fyrr en búið sé að fá lán fyrir allt að 200 millj. kr., eins og hann las hér upp áðan, og jafnvel kannske ekki fyrr en búið sé að fán lán fyrir allt að 400 millj. kr., eins og raunverulega mátti skilja á orðum hæstv. ráðh., þá sé ég ekki, að það sé nein ástæða til þess að afgr. málið eins og það er hér á þskj., og þá sé alveg nauðsynlegt að breyta 1. gr. frv. Hæstv. ráðh. sagði alveg réttilega, að það væri ekki um, að ríkisstj. ábyrgðist fyrir bankann, heldur um það, að ríkisstj. væri heimilt að taka lánið. En ég vil spyrja alveg ákveðið um það, hvort hæstv. ríkisstj. mundi taka slíkt lán, ef aðrir aðilar gætu útvegað það. Það er mergurinn málsins. Hér hefur verið gerður samningur um það, að þessi mál skyldu bæði verða afgreidd, ekki til málamynda, heldur raunverulega afgr. til þess að verða þeim aðilum, sem eiga við þau að búa, til einhvers gagns. Annars vegar eru gefnir eftir tugir millj. króna af eigum ríkissjóðs til ákveðinna stofnana, sem ég hef ekkert á móti, nema síður sé, en ef ætti að leggja þá skyldu áfram á Búnaðarbankann að endurgreiða þessi lán, þá gæti það fé a. m. k. gengið til þess að styrkja Iðnaðarbankann. Hins vegar vildi ég gjarnan, að kæmi hér fram, hvort það er hugsunin að gefa eftir þetta fé til Búnaðarbankans, sem honum er alveg nauðsynlegt að fá til þess að vinna að þeim verkefnum, sem honum eru ætluð, en á sama tíma sé afgr. frv. á þskj. 180 aðeins til málamynda, þannig að ekki eigi að vinna að þeim málum, fyrr en búið sé að útvega lán upp á 200 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. sagði — og kannske upp á 400 milljónir — og aðrir megi ekki heldur vinna að því að útvega það lán, þannig, að ríkisstj. tæki það lán, ef aðrir gætu útvegað það, annaðhvort allt lánið eða einhvern hluta þess. Það er allt önnur aðstaða fyrir bankann að leita fyrir sér hér innanlands t. d. um einhvern hluta af láninu eða allt lánið og skapa áhuga hinna ýmsu manna, sem hafa hagsmuna að gæta af starfsemi bankans, fyrir því að bjóða fram fé, sem ríkisstj. tæki til þess að láta bankann hafa sem rekstrarfé. Og það er vel hugsanlegt, að það ástand gæti skapazt hér, að þeir menn vildu vinna til þess, á meðan ekki er hægt að fá allt það fé erlendis, sem þarf til annarra fyrirtækja. En þá er alveg nauðsynlegt, að það liggi fyrir hér annaðhvort yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, að tekið verði á móti slíkri aðstoð, en ekki farið með málið eins og mér skildist áðan á hæstv. ráðh., að það yrði eingöngu fyrir milligöngu hæstv. ríkisstj., að lánið yrði tekið, og að það, að mér skildist, yrði ekki tekið fyrr en búið væri að fá þau önnur lán, sem hann ræddi hér um. Sé það alveg ákveðið, þá er nauðsynlegt undir öllum kringumstæðum að breyta 1. gr. frv., til þess að þetta verði annað en pappírsgagn. Og ég tel, að ef málið er afgr. þannig út úr d., þá sé fullkomlega rofið samkomulag, sem gert var og lýst var í fjhn. í sambandi við afgreiðslu þessara mála.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sé enga ástæðu til þess að svara hv. 4. landsk. þm., sem talaði hér áðan. — Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, vil ég aðeins benda á það, að í framsöguræðu þeirri, sem ég flutti fyrir fjárlagafrv., þá lýsti ég því yfir f. h. ríkisstj., að þær lántökur, sem stjórnin yrði að láta sitja fyrir öllu öðru, væru nákvæmlega þessar sömu sem ég lýsti yfir hér áðan, þannig að hv. þm. hefur verið þetta ljóst allan þingtímann, auk þess sem þetta hefur verið margendurtekið í sambandi við umr. um önnur mál. Stjórnin er sem sé sammála um það, að fyrir öllu öðru verði að sitja að útvega fé til þess að ljúka virkjununum og áburðarverksmiðjunni og að útvega smáíbúðalánið, sem samþykkt hefur verið, og lánið til Búnaðarbankans og til sementsverksmiðjunnar. Þessu var lýst yfir af hendi stjórnarinnar í sambandi við framsögu fjárlaganna þegar í byrjun þingsins. Um aðrar lántökur, eins og ég sagði áðan, þá er óákveðið af þessari ríkisstj. um framkvæmdaröð þeirra. Það hafa ekki verið teknar aðrar ákvarðanir af ríkisstj. heldur en þessar varðandi lántökur. Það er sem sagt mál, sem stjórnin á eftir að gera upp við sig. Það eina, sem fyrir liggur, er það, að ég endurtek hér það, sem yfir var lýst í byrjun þingsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 768).

71. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [214. mál] (þmfrv., A. 730).

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Atvmrn. sendi sjútvn. þetta frv. og óskaði, að hún flytti málið, eins og hún hefur gert. Efni þess er að veita bátaútvegsmönnum gjaldfrest á afborgunum þeim af stofnlánum vélbáta, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1952, um eins árs skeið og að lánstíminn lengist í samræmi við það. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að sem afleiðing af þessu verði frestað endurgreiðslum stofnlánadeildarinnar, sem ákveðnar eru í 6. gr. l. um stofnlánadeildina, þ. e. a. s., það verði frestað endurgreiðslum til seðlabankans sem því svarar. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að sama gildi um lán úr fiskveiðasjóði og skuldaskilasjóði, og hyggst ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að koma því í kring, að samningar takist um að fresta innheimtu afborgana til eins árs til þessara sjóða. Ástæðunnar fyrir því, að farið er fram á þetta, er getið hér í grg., sem sé það mikla tap, sem bátaútvegsmenn urðu fyrir á síldveiðunum á s. l. sumri og talið er að hafi numið um 20 millj. kr., þegar búið er að draga frá þær bætur, sem þó fengust úr hlutatryggingasjóði.

Sjútvn. stendur, eins og ég sagði áður, öll að flutningi þessa frv. Hins vegar hafa nm. að sjálfsögðu óbundnar hendur um að flytja brtt. við þetta frv. á síðara stigi hér í d. og þá einnig til þess að vera með brtt., sem aðrir kynnu að flytja.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Ég veit, að það er full ástæða til að hjálpa þeim bátaútvegsmönnum, sem standa í vanskilum við stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands frá árinu 1952 um vaxta- og afborganagreiðslur, og tel, að einna auðveldast sé að leysa þennan vanda í bili með því að lengja lánstímann um eitt ár eins og hér er lagt til, en mér er kunnugt um, að nákvæmlega eins stendur á um nokkra vélbátaeigendur að því er snertir árið 1951. Mér er að minnsta kosti kunnugt um eina 4 slíka vélbáta, sem standa í vanskilum við stofnlánadeildina um lán, þ. e. a. s. vexti og afborganir af lánum, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1951. Ég mun því leyfa mér, þar sem nákvæmlega eins stendur á um þessa útgerðarmenn, sem nefnda báta eiga, eins og þá, sem frv. fjallar um, og þeirra vandi er óleystur að því er snertir bæði þessi ár, leyfa mér að bera fram brtt., sem yrði í fyrsta lagi á þá leið, að á eftir orðunum „féllu í gjalddaga“ komi: 1. nóv. 1951 og — og í stað orðanna „um eins árs skeið“ komi: til 1. nóv. 1953. — Greinin yrði þá á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnlánadeildin skal, ef nauðsyn krefur og ríkisstj. óskar þess, veita bátaútvegsmönnum gjaldfrest á afborgunum þeim af stofnlánum vélbáta, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1951 og 1. nóv. 1952, til 1. nóv. 1953, og lengist lánstíminn í samræmi við það.“

Þetta er sú breyting, sem ég vil leyfa mér að flytja, og nær þá frv. ekki aðeins til þess að leysa vanda þeirra vélbátaútvegsmanna, sem standa í vanskilum vegna lána í stofnlánadeildinni frá árinu 1952, heldur einnig að því er snertir árið 1951, en það munu vera tiltölulega mjög fáir útvegsmenn, sem þar eiga hlut að máli, en útvegsmenn, sem eru í öllu meiri vanda staddir en hinir, af því að þeir hafa orðið að búa við tilfinnanlegan aflabrest um langt skeið, sem hefur valdið því, að þeir hafa lent í vanskilum árinu áður en þeir útvegsmenn, sem þetta frv. fjallar um.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 730, 750, 754).

Brtt. 750 og 754 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég gerði hér í gær grein fyrir þessu frv. fyrir hönd sjútvn., sem hafði verið falinn flutningur þess. Sjútvn. mun ekki bera fram neina brtt. við þetta frv., en hins vegar hef ég leyft mér að bera hér fram brtt. við 1. gr. frv., sem þó er eingöngu breyting á fyrri málsgr. 1. gr. Og sú breyting er í því fólgin, að gjaldfrestur á afborgunum til stofnlánadeildar taki einnig til togaraeigenda, og hef ég breytt orðalagi till. í samræmi við það, að útvegsmönnum verði veittur þessi gjaldfrestur á afborgunum af stofnlánum til vélbáta- eða togarakaupa, sem féllu í gjalddaga o. s. frv.

Ástæðan til þess, að ég ber fram þessa till., er sú, að eins og kunnugt er hefur rekstur togaraútgerðarinnar gengið heldur illa á s. l. ári, og af því hefur leitt, að allmargir, sem að togaraútgerð standa, hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslur á lánum sínum og þar á meðal til stofnlánadeildarinnar. Það er kunnugt, að nokkur útgerðarfélög og þar á meðal bæjarfélög, sem að togaraútgerð standa, munu skulda allt að tveggja ára greiðslur af lánum sínum úr stofnlánadeildinni, auk þess sem sum þessara félaga eru einnig í nokkrum vanskilum með aðrar skuldir, sem á þeim hvíla. Til þess að koma í veg fyrir, að þetta yrði til þess að stöðva rekstur togaranna og að stofnlánadeildin gengi að og léti selja skipin á uppboði til lúkningar þessum greiðslum, þá hefur ríkisstj. skorizt í leikinn og fengið í nokkur skipti frest á þessum greiðslum, þannig að þrátt fyrir þessi vanskil, sem orðin eru allviðtæk, hefur stofnlánadeildin ekki enn gengið að neinu þessara togarafélaga. Þetta getur nú vitanlega ekki gengið svo til lengdar.

Nú hafa hér á Alþingi í sambandi við afgreiðslu fjárlaga verið gerðar ráðstafanir gagn-

vart nokkrum bæjarfélögum, sem að togaraútgerð standa, og ríkisstj. hefur þar verið heimilað að ábyrgjast lán allt að 500 þús. kr. á hvern togara, og er það m. a. gert til þess, að það sé hægt að inna af hendi þessi gjöld til stofnlánadeildarinnar. Nú er mér kunnugt um það, að svo er ástatt fyrir sumum af þessum bæjarfélögum, að þessi hjálp, sem ber að þakka, hrekkur hvergi nærri til þess, að þau geti staðið í skilum með áfallnar greiðslur, svo að með þessu næst engan veginn það, sem stefnt er að, að koma í veg fyrir, að stöðvun verði á útgerð togara hjá þessum félögum vegna áfallinna greiðslna.

Þess vegna er það, sem ég hef leyft mér hér að bera fram þessa brtt., sem nokkuð mundi verða til viðbótar þeim atbeina, sem Alþingi nú hefur samþykkt við afgreiðslu fjárlaganna til þess að greiða úr fyrir þessum bæjarfélögum. Það er sem sé, að gefinn yrði um eitt ár frestur á afborgunum af lánum í stofnlánadeildinni til togarakaupa, eins og hér á að gera gagnvart bátaútveginum, og að lánstíminn yrði lengdur sem því svarar. Þetta mundi hjálpa nokkuð til að greiða úr brýnustu þörfum. Þótt hins vegar sé ekkert hægt að segja um það, hvað þessi aðstoð til viðbótar því, sem þegar er búið að gera, kann að draga langt á götur fyrir þessi félög að geta haldið útgerðinni áfram, þá er þetta þó allmikils virði fyrir þessi félög og mundi skapa þeim bætta aðstöðu og nýja möguleika frá því, sem nú er.

Eftir því sem mér er kunnugt um togaraútgerð á s. l. ári, þá mun það hafa verið svo, að afkoma þeirra útgerðarfélaga mun vera bezt, sem hafa haft þann hátt á að afla eingöngu eða að mestu leyti fisks í salt og hafa selt þennan fisk á markaði í Danmörku. Á Akranesi eða í minu byggðarlagi hefur sá háttur verið hafður á í aðalatriðum að afla fisks til vinnslu í hraðfrystihúsunum þar heima. Þetta hefur verið ákaflega hagkvæmt að því leyti til, að þetta hefur veitt mjög mikla atvinnu á staðnum. Hins vegar hefur þetta gefið fyrir útgerðina allmiklu lakari raun heldur en saltfisksveiðarnar. Auk þess varð bæjarútgerðin á Akranesi fyrir því mikla fjárhagstjóni og áfalli, að báðir togararnir þar voru látnir sigla tvisvar sinnum á Þýzkalandsmarkað, meðan það stóð opið, og voru alveg sérstaklega óheppnir í báðum þessum ferðum, svo að það út af fyrir sig hefur valdið bæjarútgerðinni á Akranesi á s. l. ári geysilegu tjóni, sem mun nema upp undir ½ millj. á hvorn togara, að ég ætla. En þetta er nú sérstök óheppni, sem þetta útgerðarfélag varð fyrir. Þó að hins vegar sé kunnugt, að mjög lélegar sölur á Þýzkalandsmarkaði ættu sér einnig stað hjá öðrum útgerðarfélögum, þá mun vart nokkurt togarafélag, sem seldi á s. l. ári fisk á Þýzkalandsmarkaði, hafa borið svo skarðan hlut frá borði sem togaraútgerð bæjarins á Akranesi.

Ég hef þess vegna, með tilliti til þess ástands, sem ríkir hjá bæjarfélaginu þar í sambandi við togaraútgerðina, hversu afkoma þess hefur verið slæm á s. l. ári, leyft mér að bera fram þessa brtt. hér, auk þess sem mér er kunnugt um það, að svo er ástatt fyrir fleiri togaraútgerðarfélögum, að þeim væri hin brýnasta þörf á því að fá þann atbeina, sem í því felst að geta fengið frestun á afborgunum þeim, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1952, og þar með lengdan lánstímann um eitt ár.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um þessa till. núna, en vænti þess, að með tilliti til þeirrar brýnu þarfar, sem hér er fyrir hendi, verði vikizt vel við því, sem í þessari till. minni felst.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sé það af framsöguræðu hv. frsm. n., að nokkur nauðsyn er á að gefa fyllri upplýsingar um þetta mál heldur en enn eru komnar fram.

Svo er mál með vexti, að haustið 1950 féllst stjórn stofnlánadeildarinnar á till. núverandi ríkisstj. til úrbóta á aðsteðjandi vanda fyrir nokkurn hluta útgerðarinnar, en ríkisstj. hét því samtímis, að hún skyldi ekki eftir það eiga frumkvæði að breytingu á l. um stofnlánadeild nema með samþykki stofnlánadeildarinnar. Þegar af þessari ástæðu er ekki hægt fyrir ríkisstj. að bera hér fram frv. um annað eða meira en hægt er að ná samkomulagi um við stjórn stofnlánadeildarinnar. Það frv., sem hér liggur fyrir, er það samkomulag, sem náðst hefur. Og ég skal segja það þegar á þessu stigi málsins, að verði gerðar á því breytingar, þá mun ég óska eftir, að frv. verði stöðvað, og tel mig þar tala í nafni ríkisstj.

Varðandi svo þörfina á að gefa togurunum sams konar ívilnun eins og hér er um að ræða til handa vélbátunum, þá má náttúrlega með sanni segja, að ýmsir togaranna hafa þörf fyrir þetta. Þó er nú myndin af ástandinu sú, að það eru ekki nema 9 bátar af 108, sem staðið hafa í skilum með afborgun 1. nóv. 1952. En af 33 togurum eru á sama tíma 18 búnir að greiða, en 15 í vanskilum, og af þessum 15 staðhæfi ég að 4 muni greiða tafalítið, ef að þeim er gengið eða á þá er sótt. Þetta er þess vegna mjög ólík mynd, sem þarna kemur fram af greiðslugetu eða greiðsluvilja — öðru hvoru eða hvoru tveggja — annars vegar togaraflotans og hins vegar bátaflotans.

Það raskar svo ekki því, að einstök skip innan togaraflotans geti verið það illa stödd, að full þörf væri að bæta úr fyrir þeim. Það er bara ekki hægt í þessu sambandi. Ríkisstj. fékk líka til þess sérstaka heimild á fjárlögum. Það má náttúrlega alltaf segja, að sú heimild nægi ekki, og ég þarf ekki um það að efast, að hagur togaranna stendur höllum fæti, sumra mjög höllum, og almennt kannske hallari fæti en menn gera sér almennt grein fyrir. En í stjórnarfrv. felast þær breytingar, sem samkomulag náðist um við stjórn stofnlánadeildarinnar, og lengra getur stjórnin ekki gengið í málinu. — Ég skora á hv. dm. og sérstaklega alla þá, sem hafa löngun til að styðja bátaflotann, að samþ. þessar till. eins og þær liggja fyrir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér koma þessar upplýsingar nokkuð einkennilega fyrir sjónir, sem hæstv. atvmrh. var að gefa hér í sambandi við þetta frv. Það er að sönnu mikill vandi, sem þingmenn eru settir í í sambandi við afgreiðslu þessa máls, ef það er

svo, að þeir mega í rauninni samþykkja málið eins og það er lagt fyrir, en ekki gera á því neinar breytingar.

Ég tók nú ekki eftir því hjá honum, að hann segði, að þetta væri svo bundið samkomulag við stjórn stofnlánadeildarinnar, að það kæmi ekki til mála fyrir ríkisstj., ef henni þætti eftir athugun málsins þörf á því, að taka málið upp að nýju við stjórn stofnlánadeildarinnar og leita eftir samkomulagi við hana um að leysa einnig vandamál annarra, sem þetta frv. leysir ekki, en er þó brýn nauðsyn að leysa. Ég fyrir mitt leyti vildi mjög eindregið óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. treysti sér til þess að athuga málið á þeim grundvelli við stjórn stofnlánadeildarinnar, sem ég er alveg viss um að gerir sér fyllilega ljóst, að það ástand, sem verulegur hluti togaraflotans á við að glíma í þessum efnum, er þannig, að stjórn stofnlánadeildarinnar fær ekki heldur vikizt undan því að þurfa nokkuð að taka á sig í þeim efnum. Því þykir mér það eiginlega ekki trúlegt, að hún sé ekki til viðtals um að ætla togurunum, sem eru í allverulega miklum vanskilum við stofnlánadeildina, nokkra fyrirgreiðslu í sambandi við afgreiðslu málsins.

Um það atriði svo, hvaða almenn rök liggja að því, að togaraflotinn þurfi á þessari aðstoð að halda til jafns við bátaflotann, skal ég ekki fjölyrða, því að eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., þá er honum það fyllilega kunnugt, og það þekkja flestir, að togaraflotinn mun almennt þurfa á því að halda — og ekki sízt nú — að fá nokkra fyrirgreiðslu í þessum efnum. En ég vildi aðeins minna á það atriði, að íslenzku togararnir hafa orðið fyrir því sérstaka áfalli nú, sem allir landsmenn tala um og viðurkenna og þá ekki sízt hæstv. atvmrh., sem manna mest hefur staðið í því máli, að hafa orðið fyrir því að missa einu verulegan þátt af sínum mörkuðum, þann markaðinn, sem hefur verið þeim á margan hátt hentugastur og hjálpað þeim tiltölulega mest í þeirra rekstri. Þessi markaður hefur horfið með öllu, og hvað hefur komið í staðinn? — Eigendur íslenzka togaraflotans hafa skilið það, að þetta var að nokkru leyti afleiðing af því, sem verið var að gera í landhelgismálum okkar. Eigendur togaranna hafa hiklaust staðið með ríkisstj. og Alþ. í öllu því, sem gert hefur verið í sambandi við landhelgismálin. Þeir hafa svo að segja einir allra í landinu þurft að taka á sig þungann og erfiðleikana, sem af þeim hafa hlotizt. Þeir hafa ekki fengið neinn nýjan markað í staðinn, nema síður sé. Sá markaður, sem þeir verða þá helzt að leita til með sinn afla, er saltfisksmarkaðurinn. Það upplýsa allir, að sá markaður er yfirfullur, og þeir, sem helzt hafa með sölu á saltfiski að gera, benda beinlínis á það, að það sé mjög ógætilegt að ætla að fara að bæta við saltfisksframleiðslu landsmanna frá því, sem var á s. l. ári. Þeir, sem hafa með rekstur frystihúsanna að gera, halda þing eftir þing og fund eftir fund um það að banna með öllu að taka afla togaranna og frysta hann, og margir frystihúsaeigendur hafa þegar sett þetta bann á. Mér er líka kunnugt um það, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gefið út umboðsbréf til sinna meðlima, til frystihúsanna í landinu almennt, að taka ekki togarafisk til frystingar vegna örðugleika með markað.

Þetta er sem sagt það, sem blasir við togararekstrinum í landinu: Ekki hægt að leggja aflann upp til frystingar nema að litlu leyti. Mjög ískyggilegar horfur með að salta aflann. Hafa misst með öllu ísfisksmarkaðinn.

Afleiðing af því, að ísfisksmarkaðurinn hefur tapazt, hefur m. a. komið fram í því, sem togaraeigendur hafa nú verið á fundum um, að það kallar á stóraukið rekstrarfé í togararekstrinum. Á meðan skipin gátu nokkuð reglubundið siglt á erlendan markað með afla sinn, þá gátu þau keypt útgerðarnauðsynjar sínar svo að segja frá túr til túrs og látið sér nægja að hafa tiltölulega lítið fé í rekstri. En nú hefur þetta breytzt þannig, að það er alveg útilokað annað en að togararnir verði að leggja verulegar fjárfúlgur að nýju inn í sinn rekstur vegna þessara breyttu aðstæðna, að þeir þurfa nú að binda sig eingöngu við heimarekstur og sigla ekki lengur á erlendan markað með afla sinn og geta þar keypt útgerðarnauðsynjar sínar svo að segja frá túr til túrs, eins og áður var.

Eftir því sem togaraeigendur hafa nýlega tekið saman, þá er það áætlun þeirra, að þurfa muni a. m. k. 500—600 þús. kr. nýtt fjármagn á hvert skip inn í reksturinn til þess að liggja með óhjákvæmilegustu útgerðarvörur, sem enginn aðili á Íslandi verzlar með og þeir verða sjálfir að liggja með í sínum skemmum, ef þeir ætla að geta haldið rekstri skipanna sæmilega skammlaust úti og vandræðalaust. Þetta fé verða þeir á einn eða annan hátt að drífa inn í sinn rekstur til þess að afla sér þessara útgerðarnauðsynja og hafa þær liggjandi hér í landinu. Þeir verða eðlilega að panta til nokkuð margra mánaða í einu, því að samgöngur og annað eru nú þess eðlis, að það er ekki hægt að fá þetta alveg eftir hendinni. Þessu hafa togaraeigendur m. a. mætt í sambandi við hina breyttu aðstöðu með lokun hins erlenda ísfisksmarkaðar.

Ég efast ekkert um það, að hæstv. atvmrh. og ríkisstj. öll gerir sér það ljóst að nokkru leyti, að erfiðleikar togaraflotans eru miklir og alveg sérstakir, eins og málin standa nú. Þegar svo opinberar skýrslur liggja fyrir um það og sanna það, að rekstur togaraflotans er almennt að verða þannig, að hann er sízt orðinn hagstæðari en afkoma bátaútvegsins, þá er ekki nema von, að þegar verið er að ræða um að veita frest á afborgunum um eitt ár, þá sé lagt a. m. k. nokkuð mikið að sér til þess að koma því fram við þá aðila, sem þarna ráða mestu um.

Nú vil ég líka benda á það, að frestur á afborgun togaranna í þessu efni er alveg sérstæður að því leyti til, að lán þau, sem hvíla á skipunum hjá stofnlánadeildinni, eru orðin lág. Yfirleitt hvílir hjá stofnlánadeildinni á þessum skipum 1.7 millj. og niður í 1.4 millj. kr. á 1. veðrétti hjá stofnlánadeildinni á skipum, sem nú kosta 5—6 millj. alveg óumdeilt. Það er verið að tala um að fresta afborgun í eitt ár, þar sem veð er svona gott, svona hagstætt. Um bátana er óneitanlega öðru máli að gegna. Þörf þeirra er mikil, og við erum allir með því að veita þeim þennan frest, en frá venjulegu lánasjónarmiði

gildir allt annað um að veita þeim frest í þessu efni.

Ég skal ekki hafa mín orð fleiri um þetta. En það er hægt að segja auðvitað ótalmargt annað til stuðnings því, að hér sé verið að fara fram á réttmætt málefni, sem farið er fram á í till. þm. Borgf., um að láta þennan frest einnig ganga yfir togarana. Til viðbótar vildi ég aðeins bæta því við, að hér er líka aðeins um heimildarlög að ræða. Það er svo sem ekki verið að skylda hvorki stofnlánadeildina né ríkisstj. til þess að gera þetta, en aðeins um það að ræða að veita ríkisstj. þessa heimild að mega, eftir því sem ástæður þykja vera til, veita togurunum þetta einnig.

Ég skal svo enda mitt mál með því að óska þess alveg sérstaklega við hæstv. atvmrh., að hann vilji beita sér fyrir því við stjórn stofnlánadeildarinnar, að hún leyfi fyrir sitt leyti, að þessi frestur nái einnig yfir togarana til viðbótar við bátana, þar sem svona sérstaklega stendur á. Ég hygg fyrir mitt leyti, að það muni ekki standa á hv. alþm. að vera með þessu. Þeir þekkja orðið það mikið til þessara mála. Og ég vil ekki trúa því fyrr en í harðbakkann slær, að stjórn stofnlánadeildarinnar, sem hefur af þessu allmikinn vanda sjálf, neiti beiðni ríkisstj. í þessu efni, ef hún virkilega leitar eftir því.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það kom mjög skýrt fram hjá hæstv. atvmrh., að aðalorsökin til þess, að hann mælti gegn þessari brtt. minni, væri sú, að það væri ekki fyrir hendi samkomulag við stjórn Landsbankans um að ganga lengra í að gefa frest á afborgunum heldur en í þessu frv. felst. Hæstv. ráðh. viðurkenndi hins vegar fullkomlega þörfina á því, að hægt væri að koma þessu í kring. En þá er náttúrlega fyrir hendi, eins og raunar hefur verið bent á, sá möguleiki, að ríkisstj. tækist, ef hún vildi beita sér fyrir því, að fá um það samkomulag við stjórn Landsbankans, að þessi gjaldfrestur yrði aukinn, þannig að þetta tæki einnig til togaranna, eins og ég hef hér lagt fram.

Mér skildist á hæstv. atvmrh., að samþykkt minnar till. gæti orðið málinu til falls, þannig að þau hlunnindi, sem í frv. felast til handa bátaútvegsmönnum, mundu þá glatast. Ég hygg, að þetta þurfi nú ekki að vera, því þó að svo færi, að ríkisstj. tækist ekki að fá samkomulag við stjórn Landsbankans um að láta þetta að neinu leyti taka til togaranna, þá hefur þó ríkisstj. alltaf í sinni hendi að bjarga málinu að því er tekur til bátaútvegsmannanna, af því að þetta frv. er í rauninni ekki annað en heimild handa ríkisstj. Ríkisstj. gæti þá fallið frá þessum þætti frv., en það þyrfti ekki að hafa nein áhrif á það, að lögin kæmu til framkvæmda að því er tekur til bátaflotans, því að þar stendur svo, að stofnlánadeildin skal, „ef nauðsyn krefur og ríkisstj. óskar þess“ o. s. frv. En þetta felur það fullkomlega í sér, að ríkisstj. hefur alveg á sínu valdi að bjarga framkvæmd þessa frv. eða þessara laga hvað bátana snertir, þó að samþykkt væri mín till. um togarana, ef ríkisstj. tækist ekki að fá samkomulag um togaralánin við stjórn Landsbankans. Þess vegna held ég, að það sé alveg ástæðulaust að óttast það, að af samþykkt minnar till. þyrfti í framkvæmd málsins að leiða það, að óvirk yrðu ákvæðin að því er snertir bátana. — Ég vildi aðeins benda á þetta hér, að af samþykkt minnar till. þyrfti ekki að leiða það, að ákvæði þessa frv. að því er snertir bátaflotann gætu ekki haldið gildi sínu. Ég vildi aðeins benda á þetta, en skal svo ekki ræða frekar um málið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég heyrði það á ræðu hæstv. atvmrh., að hann telur hæstv. ríkisstj. vera það bundna í þessu máli við stjórn stofnlánadeildarinnar, að ef breyt. yrðu á frv., þá sæi ríkisstj. sér ekki annað fært en að kippa málinu til baka. Þetta teldi ég mjög miður farið, því að eins og frv. er, þá mundi það þó leysa mikinn vanda þess hluta vélbátaflotans, sem stendur í óbættum sökum við stofnlánadeildina að því er snertir árið 1952.

Það var að vísu skoðun mín og er enn, að æskilegast hefði verið að leysa um leið vanda þeirra báta, hvort sem þeir eru nú 7 eða 8 eða 8 eða 9, sem einnig standa í vanskilum við þessa sömu lánsstofnun að því er snertir árið 1951. Það var ekki mjög yfirgripsmikið mál fyrir stofnlánadeildina að leysa, og þá var þó málið í heild tekið viðunandi tökum að því er snertir vélbátaflotann, sem hefur lán sín þarna. En nú verður, ef frv. verður samþ. óbreytt, málið að nokkru leyti óleyst. Ég sé í raun og veru ekki nokkurn tilgang með því að leysa vanskil vélbátanna, sem skulda fyrir bæði árin, aðeins fyrir annað árið, og verð því að líta svo á, að hæstv. ríkisstj., ef hún getur ekki leyst málið í einu að því er bæði árin snertir með samþykkt þessa frv., hljóti að hafa í hyggju að leysa vanskil bátaútvegsmannanna fyrir árið 1951 með einhverjum öðrum hætti. Ég vil því ekki halda fast við þá brtt., sem ég bar hér fram og fór í þá átt, að einnig yrði leystur vandi þeirra, sem skulda stofnlánadeildinni fyrir árið 1951, í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. leysi einnig þann vanda, sem að þeim útgerðarmönnum steðjar með allmiklum þunga eins og að hinum, sem skulda aðeins fyrir árið 1952. Þó að málið sé minna umfangs að því er þá snertir, þá vil ég taka till. mína aftur.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af síðustu ummælum hv. þm. Ísaf. sé ég mig til neyddan að lýsa því yfir, að ég get ekki tekið á mig né stj. siðferðislegar skuldbindingar um að leysa vanda þeirra báta, sem eru í vanskilum fyrir árið 1951. Þessi megintill. stj. er borin fram til að leysa vanda bátaflotans í heild og þá auðvitað þessara báta líka, að svo miklu leyti sem þeir eiga samstöðu með hinum bátunum.

Út af því, sem hv. 2. landsk. þm. sagði, þá þóttist ég hafa kveðið alveg skýrt á um það, að ég hefði ekki eða ríkisstj. komizt lengra í okkar samningum við stjórn stofnlánadeildarinnar heldur en þetta frv. ber vott um, og hins vegar, að vegna fortíðarinnar hefði ríkisstj. ekki aðstöðu til að eiga frumkvæði að breyt. á lögunum um stofnlánadeildina nema með samþykki stjórnar stofnlánadeildarinnar og ég teldi mig þess vegna og við, sem í ríkisstj. eigum sæti, bundna af málinu í því formi, sem það liggur fyrir.

Hitt fór ég svo ekki dult með og sé ekki heldur ástæðu til að gera það, að ég tel, að vandræði togaraflotans hafi farið vaxandi og það sé mál, sem þarfnist alveg sérstakrar athugunar. Það er svo hins vegar nokkur misskilningur, að þau vandræði, sem hafa steðjað að Íslendingum vegna þeirrar réttlátu og þjóðarnauðsynlegu ráðstöfunar, sem gerð var með útvíkkun landhelgislínunnar, bitni eingöngu á togurunum. Að svo miklu leyti sem um vandræði verður að ræða í þessum efnum, — en úr því sker nú framtíðin ein, — þá má kannske álykta á þá leið, að nokkur hluti þeirra geti lent sérstaklega á togurunum, þ. e. a. s. þau óþægindi að geta ekki hagað sínum veiðum eftir því, sem hagkvæmast er fyrir þá á hverjum tíma. Hins vegar er í mínum huga sá aðalhængur á ráði okkar í þessum efnum, að ef togararnir, vegna þess að þeir eiga ekki aðgang að ísfisksmarkaðinum, neyðast til þess að stunda saltfisksveiðar, þá geti af því leitt þá hættu, að saltfisksframleiðsla landsmanna yrði of mikil. En það er hætta, sem allir sjá að er alveg jafnslæm fyrir bátaútveginn eins og togaraútveginn. Ef verðfall verður á saltfiski, verður það verðfall ekki síður á þeim saltfiski, sem framleiddur er af bátaflotanum heldur en togaraflotanum. Og þó að ég meti í hvivetna skilning, undirtektir og framkomu íslenzkra togaraútvegsmanna strax og við þá var rætt um víkkun landhelginnar, þá vil ég, að mönnum sé ljóst og ekki sízt þeim sjálfum, hvað þeir hafa lagt á sig og hvað svo aftur á móti lendir eða getur lent á landsmönnum öllum.

Ég tel ekki líklegt, þó að ég færi nú að ræða að nýju við stjórn stofnlánadeildarinnar um frekari útvíkkun á heimildum þessa frv., að það mundi leiða til annars eða meira en þær umræður, sem ríkisstj. hefur átt við stjórn stofnlánadeildarinnar að undanförnu. Ég veit líka, að hv. þm. skilja, að ríkisstj. er nokkur vandi á höndum um það að ætla um of að seilast til valda um stjórn bankanna. Það er hæpinn ávinningur fyrir ríkisstj., að það sé litið svo á, að hún stjórni bönkunum. Ofstjórn ríkisvaldsins mundi og bönkunum skaðleg, en hættulegust þó fyrir fjármálalífið í landinu. Ég hef hvað eftir annað átt samtal við bankana — og ekki sízt Landsbankann — hlaðinn rökum og sannfæringu um, að útgerðarmenn hafi verið beittir harðræði, en stundum fengið gagnrök frá stjórn bankans, sem hafa valdið því, að ég hefði heldur viljað láta niður falla þá göngu heldur en að hafa farið hana. Það er kannske ekki nema eðlilegt, að menn, sem ýmist eru í peningavandræðum eða eiga þá hættu yfir sér að verða það, — því að sú hætta grúfir auðvitað ætíð yfir í þessum áhættusama atvinnuvegi, — reyni að færast undan jafnvel tilskildum og lögbundnum afborgunum, ef þeir telja sér undankomu auðið í þeim efnum. Afleiðingin af því er sú, að ef þessir menn fyrir milligöngu ríkisvaldsins og Alþ. geta losað sig undan kvöðunum, þá standa þeir ekki í fyllstu skilum. Ég hef um þetta reynslu í viðskiptum mínum við Landsbankann, þar sem ég sem málsvari útvegsins æ ofan í æ hef fengið skýrslur og rök frá bankanum, sem hafa ekki verið í samræmi við það, sem ég hef álitið, þegar ég hef komið þangað niður eftir til að verja mál útgerðarmanna. Og ég minni enn á þann aðstöðumun, sem er á milli vélbátanna annars vegar og togaranna hins vegar, ef dæma má eftir reynslunni, að af 108 vélbátum eru 9 — held ég — í skilum, allir hinir í vanskilum fyrir árið 1952; en af 33 togurum eru 18 í skilum og a. m. k. 4 í viðbót, sem án efa geta staðið í skilum, þ. e. a. s. 22 af 33; ⅔ í skilum annars vegar eða 66%, en kannske 8 eða 9% í skilum hins vegar. Og það er ekki nema eðlilegt, að bankarnir segi: Við viljum sjálfir og einir án afskipta ríkisvaldsins glíma þessa glímu. Við höfum ekki verið þekktir að því að gera leik að því að setja útgerðarfélögin á hausinn.

Ég vil, að menn skilji það, að enginn ætti betur en ég að skilja örðugleika þá, sem togaraútgerðin á við að glíma. Ég vil einnig, að menn geri sér ljóst, að engum ber fremur skylda en mér til þess að reyna að halda hlífiskildi yfir þessari útgerð af einni orsök og annarri. Við útgerð hef ég lengi unnið og lengst af haft þaðan til daglegra þarfa minna. Ég hef mikinn kunnugleika í þeim efnum. Ég sé mér samt sem áður ekki fært að leggja þetta til gegn tillögum þeirra, sem stjórna bönkunum, af þeim rökum, sem ég þegar hef tilgreint. Og ég vil segja það hér, að mér finnst oft og einatt nokkuð mikil brögð að því, að framleiðendur í landinu snúi sér til ríkisstj. og ætli henni að vera yfirbankastjórn landsins eða a. m. k. umboðsmaður atvinnurekstrarins gagnvart bönkunum í stað þess að leita sjálfir til bankanna. Ég veit auðvitað ekkert, hvort stjórn togaraútgerðarmannafélagsins hefur sérstaklega reynt að semja um þetta við bankana, en a. m. k. yrðu slíkir samningar að vera á undan gengnir, áður en til kasta hins opinbera kæmi. Ég treysti því, að útgerðarmenn taki ekki þessa afstöðu mína sem vott um kaldan hug eða skilningsleysi í garð togaraútgerðarmanna, því að ég held, að engum bæri fremur en mér að bera þá fyrir brjósti, þó að málin liggi nú þannig fyrir, að ég sjái mér það ekki fært eins og sakir standa að bera óskir þeirra fram við bankana.

Varðandi það, sem hv. þm. Borgf. gat um, þá er það að sönnu alveg rétt, sem hann sagði, að hér er um heimild fyrir ríkisstj. að ræða, en þó er nú heimildin orðuð þannig, að ef nauðsyn krefur og ríkisstj. óskar þess, þá skuli þetta gert. Mig langar ekki að lenda í því að fá slíka heimild frá Alþ., úr því að ég þykist vita það fyrir víst, að ég geti ekki fengið samþykkt stofnlánadeildarstjórnarinnar til þess, þar sem það eru samningsrof frá minni hendi að knýja þá til þess með valdi þessara laga. Ég get þess vegna ekki, þrátt fyrir þessi rök eða þessar skýringar, mælt með þeim till. og verð að halda fast við það, sem ég áður sagði, að ég óska þess, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir og án allra breyt. Ég býst svo við, hver sem endir málsins verður, að það liggi fyrir ríkisstj. frekari athugun á vandkvæðum togaraflotans.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. — Ég skal segja það fyrir mitt leyti, að það er síður en svo, að ég mælist

til þess á nokkurn hátt, að hæstv. ríkisstj. taki fram fyrir hendur Landsbankans og taki að sér að stjórna fjármálum hans. Hér er ekki um það að ræða á neinn hátt. Ég hef sagt það áður, að ég ber mig ekkert sérstaklega undan viðskiptum mínum sem útvegsmanns við bankastjóra Landsbankans, nema síður sé. En hins vegar skal ég líka segja það, að það hefur komið fram og það ekki sjaldan hjá bankastjórum Landsbankans, að það sé ekki við þá að semja um stofnlánadeild sjávarútvegsins, það sé ríkisstj., sem hafi með hana að gera, og það sé við hana algerlega að semja í sambandi við stofnlánadeild sjávarútvegsins. Allar tilraunir mínar og annarra útvegsmanna við bankastjóra Landsbankans í sambandi við frest og annað þess háttar um gjöld til stofnlánadeildar sjávarútvegsins hafa ævinlega mætt þeim svörum frá bankastjórum Landsbankans, að þetta sé ekki á þeirra valdi, þeir hafi fyrst og fremst aðeins með framkvæmdina að gera, hér verði að koma til bein fyrirmæli frá hálfu ríkisstj., því að alveg sérstök ákvæði gildi um stofnlánadeildina. Og þar sem ég hef nú ekki enn þá heyrt hjá hæstv. atvmrh., að það hafi komið a. m. k. skýrt fram, að hann eða ríkisstj. hafi beinlínis leitað eftir slíku samkomulagi við stjórn stofnlánadeildarinnar, að þetta næði einnig yfir togarana, þá held ég mér enn við þá ósk, að ríkisstj., sem fyllilega gerir sér ljósa grein fyrir þörfum togaraútvegsins, geri þessa tilraun eða taki við heimild sér til handa til þess að halda þessum samningum áfram við stjórn stofnlánadeildarinnar síðar.

Ég vildi fyrir mitt leyti mælast til þess við hv. þm. Borgf., að hann tæki sína till. aftur til 3. umr., þannig að málið gæti nú fengið að halda áfram og við tefjum ekki fyrir því á neinn hátt, en fyrir 3. umr. yrði þá reynt að athuga nokkru nánar, hvort ekki eru tök á því með fullu samkomulagi við stjórn stofnlánadeildarinnar að veita ríkisstj. þessa viðbótarheimild, til þess að hún hafi þá þann möguleika, þótt síðar verði, til þess að greiða fram úr þeim vandamálum, sem allir sjá að muni á hana skella í þessum efnum á næstunni.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Það er aðeins örstutt athugasemd, herra forseti. — Ég hygg, að það sé um nokkurn misskilning að ræða hjá hv. 2. landsk. þm., þegar hann skýrir frá umsögnum stjórnar stofnlánadeildarinnar varðandi afskipti ríkisins og vald ríkisins yfir stofnlánadeildinni. Það er að sönnu rétt, að stjórn stofnlánadeildarinnar getur út af fyrir sig ekkert haft við það að athuga, þó að einstakir skuldunautar greiði ekki, ef ríkissjóður greiðir í þeirra stað. En það eru skýr og tvímælalaus fyrirmæli 6. gr. þessara laga, að ríkinu ber að greiða, ef hlutaðeigandi greiðir ekki. Þetta er aðalatriðið. — Hitt skal ég svo með ánægju endurtaka, svo að maður segi eins og á góðu uppboði: Fyrsta, annað og þriðja sinn — að vitaskuld hefur stj. leitað hófanna um, hvort stjórn stofnlánadeildarinnar vildi láta þetta ná til togaranna. Ef stjórn togarafélagsins vildi fara á fjörurnar líka, þá er það síður en svo á móti mínum vilja, að það sé gert. En það ætti þá að gerast fyrr en seinna, því að þetta mál getur ekki beðið lengi.

ATKVGR.
Brtt. 750 tekin aftur.
— 754 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 730, 754).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 754 felld með 16:10 atkv.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Nd. hefur nú samþ. frv. um breyt. á stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem var borið fram að tilhlutun atvmrn. Eins og 1. gr. frv. ber með sér, þá er gerð sú breyt. á gildandi l. í þessum efnum, að stofnlánadeildin skal, ef nauðsyn krefur og ríkisstj. óskar þess, veita bátaútvegsmönnum gjaldfrest á afborgunum þeim af stofnlánum vélbáta, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1952, um eins árs skeið, og lengist lánstími í samræmi við það. Verði gjaldfrestur veittur samkv. 1. mgr., frestast endurgreiðsla stofnlána samkv. 6. gr. laganna til seðlabankans sem því svarar. Í grg. eru færð rök að því, að þetta sé nauðsynlegt. Til frekari skýringar vil ég aðeins geta um það, að af 108 eða 109 vélbátum, sem lán hafa fengið hjá stofnlánadeildinni, munu ekki vera fleiri en 9, þ. e. a. s. 8% af flotanum, sem hafa getað staðið í skilum. Að því liggja meðal annars rökin, sem grg. getur um, og raunar fleiri, en það hefur verið talið óhjákvæmilegt, að þessi gjaldfrestur yrði nú gefinn, og að loknum umr. féllst hv. Nd. á, að svo skyldi verða, og felldi brtt., sem fram voru bornar við málið og áttu þó við rök að styðjast. Vil ég sérstaklega geta um það hér til að fyrirbyggja misskilning, að hv. þm. Borgf. bar fram brtt. í Nd. um það, að þessi fríðindi skyldu einnig ná til stofnlána, sem veitt hefðu verið togurum. Ég gaf í Nd. þá skýringu á málinu, sem ég tel einnig nauðsynlegt að hv. Ed. fái.

Það mun hafa verið haustið 1950, sem núverandi ríkisstj. hlutaðist til um það, að stjórn stofnlánadeildarinnar féllist á vissar óskir útvegsins og stjórnarinnar, sem þó voru ekki í samræmi við gildandi lög. Ríkisstj. gekk þá inn á það, að hún mundi ekki eiga frumkvæði að því, að þessum lögum yrði breytt, nema þá með samþykki stjórnar stofnlánadeildarinnar. Ég vil

þess vegna, að menn geri sér ljóst, að enda þótt færa megi að því ýmis rök, að nauðsynlegt sé, að togaraútvegurinn eða a. m. k. nokkur hluti hans fái notið vissra fríðinda í þessu sambandi, þá er þó, eins og málið nú horfir við, svo komið, að ríkisstj. getur ekki lagt annað eða meira til í málinu en fyrir liggur í frv. á þskj. 730 og mundi raunar verða neydd til þess að draga frv. til baka, ef á því yrðu gerðar breytingar.

Ég vil til áréttingar því, sem ég segi um togarana, taka það fram, að ef marka mætti gjaldgetu þeirra á greiðsluskilum við stofnlánadeildina, þá eru þær tölur, sem þar liggja fyrir, nokkurt sönnunargagn um, að enn sem komið er eru togararnir betur bærir um að standa skil sinna skulda heldur en bátaflotinn, því að eins og ég áðan sagði, þá eru það ekki nema um 8% af bátunum, sem hafa gert skil, og það verður að telja líklegt, að það sé almennt vegna þess, að þeir séu ekki bærir um að gera það. En af togaraflotanum hafa nú þegar 18 af 33 gert skil, og þegar ég hef kynnt mér nöfn og eigendur hinna 15, sem ekki hafa gert skil, er mér að minnsta kosti fullljóst, að fjórir þeirra geta gert skil, ef að er gengið. En þá mundi svo komið, að 66% af togaraflotanum hefðu þegar gert skil.

Ég vil auk þess setja fram þá almennu athugasemd, að ég tel, að Alþ. og ríkisstj. beri að stilla mjög í hóf að reyna að beita áhrifavaldi sínu annaðhvort með beinum fyrirmælum laga eða óbeinum afskiptum ríkisstj. til afskipta gagnvart lánsstofnunum af slíkum málum. Það hefur oft verið mitt hlutskipti sem sjútvmrh. að þurfa að bera fram óskir og kröfur útvegsmanna gagnvart bönkunum, en ég hef nokkrum sinnum orðið þess var, að fullar upplýsingar hafa ekki legið fyrir mér, eins og þær hafa komið fram frá útvegsmönnum, og ekki fyrr en ég hef verið búinn að kynnast skoðunum bankanna, einkum Landsbankans, í þeim efnum. Ég tel varhugavert, að stjórnarvöldin beiti sér fast fyrir því, að þeir menn, sem tekið hafa á sig skuldbindingar, standi ekki við þær, ef nokkur möguleiki er fyrir hendi. Um það dæmir reynslan bezt, bæði varðandi þessi sérstöku lán og annað, og reynsla Landsbankans í þessum efnum er sú, að varðandi togaraflotann hefur tekizt svona almennt talað að halda þessu í sæmilegu horfi, þó að miður hafi tekizt um bátana. Ég árétta það, að ég hygg, að það sé varlega gerandi af Alþingi að taka um of fram fyrir hendur lánsstofnana í þessum efnum og að sama skapi beri ríkisstj. einnig að fara varlega, enda er það engri ríkisstj. til heilla, að hún verði talin aðalstjórn eða yfirstjórn bankanna í landinu, og mundi þó enn síður til heilla bönkunum eða fjármálastarfsemi landsmanna yfirleitt.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því til að fyrirbyggja misskilning, að hv. þm. Borgf. leiddi í Nd. athygli að því, að hans till. hnígur ekki að öðru eða meira en því, að togararnir fái þennan rétt, ef ríkisstj. óskar eftir honum og nauðsyn er talin krefja.

Ef það er nú rétt — og það er rétt, að ríkisstj. er bundin af fyrri loforðum, og ef það er líka rétt — og það er rétt, að það, sem hér liggur fyrir á þskj. 730, er það mesta, sem ríkisstj. hefur getað samið um við stofnlánadeildina, þá er ekki þægilegt fyrir ríkisstj. að fá viðbótarheimildir eins og hv. þm. Borgf. mæltist til. Ég mælist þess vegna mjög fastlega til, að frv. verði samþ. hér í hv. d. án allra breytinga, og endurtek, að ef á því yrðu breytingar, þá mundi stj. verða að taka frv. aftur. — Herra forseti. Ég vildi aðeins mælast til, af því að þessu máli liggur nú á og er mjög einfalt mál, að hægt væri að afgr. það hér án þess, að því yrði vísað til nefndar, eins og gert var í Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram við þessa umr., fyrst málinu var ekki vísað til n. og ekki gefst neitt tækifæri til þess að ræða það þar, að ég fyrir mitt leyti hefði talið miklu æskilegra, ef sá gjaldfrestur, sem ríkisstj. er að beita sér fyrir með samþykkt þessa frv., hefði einnig náð til togaranna, eins og gert var ráð fyrir í brtt. á þskj. 754, sem borin var fram við frv. í hv. Nd. Vegna þess að það er að sjálfsögðu kunnugt, að útgerðir ýmissa togaranna eiga í mjög miklum fjárhagslegum örðugleikum, hefði verið þörf á því að geta hlaupið þar undir bagga á sama hátt og ætlazt er til að gert verði viðvíkjandi vélbátunum. En þar sem hæstv. sjútvmrh. hefur lýst því hér yfir fyrir hönd ríkisstj., að ef gerðar yrðu breytingar á frv., þá mundi hún telja sig knúða til þess að draga frv. til baka, þá mun ég ekki flytja neina brtt. í þessa átt, þó að ég, eins og ég áðan sagði, hefði talið það nauðsynlegt og æskilegt, að frv. hefði verið víðtækara og hefði einnig náð til togaraflotans.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 769).

72. Verðjöfnun á olíu og benzíni.

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni [40. mál] (þmfrv., A. 40).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 10. og 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um verðjöfnun á olíu og benzíni, sem hér liggur fyrir á þingskjali 40, er ekki nýtt mál hér í hv. þingi. Eins og skýrt er frá í grg. frv., er þessu máli fyrst hreyft hér á Alþingi árið 1949 af hv. þm. V-Húnv. og mér. Þá var af okkur flutt frv. um verðjöfnun á benzíni. Síðan hafa á hverju þingi verið fluttar þáltill. um þetta sama efni. Bjuggust sumir menn við því, að ríkisstj. gæti framkvæmt verðjöfnunina með samþykkt þáltill. bak við sig. En nú í sumar birti hæstv. viðskmrh. tilkynningu í útvarpi þess efnis, að hann teldi sér ekki kleift að framkvæma verðjöfnunina nema með lagasetningu. Þess vegna höfum við nú, nokkrir þm., sem áður höfum haft áhuga á framgangi þessa máls, sameinað okkur um flutning þessa frv.

Það sjónarmið hefur nokkuð verið uppi í umr. um þetta mál áður, að olíufélögin gætu og ættu sjálf að jafna verðið á þessari vöru. En okkur, sem byrjuðum undirbúning þessa máls 1949 og kynntum okkur aðstæður að því, varð strax ljóst, að á því voru allmiklir örðugleikar, enda býst ég við, að ráðuneytið hafi, þegar til kom, rekið sig á það sama og við gerðum í upphafi. Örðugleikarnir byggjast sérstaklega á því, að hér á landi er um nokkra aðila að gera, sem annast bæði sölu og dreifingu á olíu og benzíni. Ef olíufélögin ættu sjálf að jafna þetta verð, þá liggur í augum uppi, að það mundi verða óhagkvæmt fyrir þau, sem selja mest af þessari vöru úti um landið, samanborið við hin félögin, sem selja mest af þessum vörum á innflutningsstað. Ég býst við því, að árangurinn yrði sá, að ekkert af olíufélögunum vildi selja þessar vörur úti um landið, þar sem flutningskostnaður er mikill og allra sízt þar sem flutningskostnaðurinn er mestur og lengst að flytja. Til þess að framkvæma verðjöfnunina, þetta réttlætismál, sýnist því ekki vera annar kostur fyrir hendi en að mynda verðjöfnunarsjóð. Um hann fjalla 2. og 3. gr. frv., sem hér liggur nú fyrir, þar sem ákveðið er samkv. 2. gr., að verðjöfnunargjald skuli tekið af olíu og benzíni, sem til landsins er flutt, og í 3. gr. frv. eru ákvæði um það, að af þessu verðjöfnunargjaldi myndist sjóður, sem úr sé greiddur flutningskostnaður þessara vara til annarra útsölustaða á landinu.

Við flm. höfum ekki í frv. ákveðið upphæð verðjöfnunargjaldsins, heldur lagt til, að viðskmrn. ákveði það fyrir eitt ár í senn. Við teljum óheppilegra að binda það í lögum, hversu hátt það skuli vera, því að gjaldið byggist eingöngu á því, hversu flutningskostnaður varanna út um landið er mikill. En að flutningskostnaðinum geta verið áraskipti. Hann getur verið mismunandi mikill frá ári til árs. M. a. byggist flutningskostnaðurinn á þessum vörum mjög mikið á verði vörunnar sjálfrar, því að olía og benzín eru vörur, sem eru rekstrarvörur til flutninganna, og eru þar af leiðandi vörur, sem hafa áhrif á flutningskostnað bæði á sjó og landi. — Hráolía og brennsluolía eru, eins og allir vita, mikilsverðar rekstrarvörur fyrir sjávarútveginn. Þeir menn úti um landið, sem eins og svo margir aðrir berjast við að halda áfram útgerð til framleiðslu og atvinnu fyrir þorp og kauptún, mega sannarlega ekki við því að greiða miklu hærra verð fyrir þessa vöru en starfsbræður þeirra, sem næst búa innflutningshöfnum. — Benzínið er hins vegar sérstaklega rekstrarvara landbúnaðarins og til allra landflutninga. Flestar landbúnaðarvélar, sem bændur nota, ganga fyrir benzínmótorum, og rekstrarafkoma búanna hjá bændum er því mjög undir því komin, hvert verð þess er, en þó alveg sérstaklega rekstrarafkoma bænda, sem verða að nota mjög langar landflutningaleiðir bæði til aðdrátta á nauðsynjum búanna og til flutnings á afurðunum á markaðsstaði og meira að segja til flutnings á sjálfum sér. Aðstaða bænda hvað þetta áhrærir er fjarska misjöfn. Þeir bændur, sem verða að nota langar landflutningaleiðir, þurfa miklu meira að nota af þessari vöru, benzíni, til framleiðslu sinnar en þeir, sem búa nærri sölu- eða markaðsstað. Eins og nú er um verð benzíns, verða þeir, sem lengstar landleiðir hafa til flutninga, að greiða allt að 20 aurum meira fyrir hvern lítra en starfsbræður þeirra, sem búa við skemmstar flutningaleiðir.

Nú munu skattar og tollar til ríkissjóðs vera um 60 aurar af hverjum benzínlítra. Til þess að sýna fram á það, hversu sá skattur kemur misjafnt niður á þjóðfélagsþegnana, vildi ég taka hér ósköp lítið dæmi. Bóndi, sem býr t. d. 25 km frá kaupstað, eða markaðsstað, þar sem hann verzlar eða selur afurðir sínar, þarf að nota til flutninga og ferðalaga þessa 25 km leið, — ja, við skulum segja t. d. 300 lítra af benzíni yfir árið. Af verði þessara 300 lítra, sem hann notar til flutninganna yfir árið, renna 180 kr. í skatt til ríkissjóðs. Bóndi, sem býr 250 km frá kaupstað eða markaðsstað, sem er meðalflutningaleið fyrir menn og vörur t. d. í Vestur-Skaftafellssýslu, þarf vitanlega að nota yfir árið til flutninga á jafnmiklu afurðamagni og hinn bóndinn tíu sinnum meira benzín, eða 3000 lítra. Af verði þessara 3000 lítra fara vitanlega þarna eftir sömu hlutföllum og hjá hinum bóndanum 1800 kr. í ríkissjóð. — Ég skal ekkert segja um það, hvort þetta dæmi um benzínlítraeyðsluna hjá þessum bændum er rétt eða ekki. En það bara gerir ekki nokkurn hlut til. Hlutföllin á milli þessara framleiðenda eru nákvæmlega þau sömu, hvort sem svo er eða ekki. Aðstöðumunur þessara bænda sýnist nú vera ærið nógur, eins og þetta dæmi sýnir, þótt ekki bætist það þar ofan á, að bóndinn, sem þarf að nota tíu sinnum meira benzín, verður að greiða eins og nú er 15 aurum meira fyrir hvern lítra heldur en bóndinn, sem skemmri leiðina hefur til flutninga.

Við Íslendingar búum í harðbýlu og hrjóstrugu landi. Okkur þýðir ekkert annað en að viður-

kenna það, þó að margt sé gott um það. Og okkur liggur lífið á því að nota alla möguleika, sem fyrir hendi eru, til þess að framleiða sem mest, bæði til lands og sjávar. Við megum alls ekki við því, að sjávarþorp, þar sem skilyrði eru til fiskveiða, leggist í eyði og auðn, þótt á afskekktum stað sé á landinu. Við megum líka alls ekki við því með nokkru móti, að góð landbúnaðarhéruð séu ekki fullnytjuð, þó að þau séu þannig í sveit sett, að langar leiðir séu til markaðsstaða. En til þess að bændur og útvegsmenn á þessum afskekktari stöðum uni sínu hlutskipti, verðum við að reyna að gera eitthvað til þess að skapa þeim að einhverju leyti svipaða aðstöðu og starfsbræður þeirra hafa annars staðar. Þetta frv. er aðeins lítið spor í þá átt. — Ég vil nú ekki á þessu stigi málsins ræða meira um þetta, en legg það til, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 38. og 39. fundi í Nd., 11. og 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 40, n. 413).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get látið mér nægja að mestu leyti að vísa til nál., sem fylgir þessu máli. N. gat ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Hv. þm. Hafnf. og hv. 5. þm. Reykv. voru andvígir frv., en við 3 nm., sem skrifum undir nál. á þskj. 413, mælum með, að frv. verði samþ. með smávægilegri breyt. við 2. gr., sem er að finna á þessu sama þskj.

Það er vitaskuld, að þar sem þessar vörur, sem þetta frv. fjallar um, eru nú ódýrastar og menn eiga hægasta aðstöðu til að afla þeirra erlendis frá og hægast er um vik með afgreiðslu á þeim, þá kemur verðið til með að hækka nokkuð. Tilfinnanlegt álít ég að það verði nú ekki á benzíni og öðrum olíutegundum en brennsluolíu. Þar hækkar það sennilega nokkuð. Eins og sést á því fskj., sem prentað er hér með nál., erindi frá olíufélögunum, þá gera þau grein fyrir verðframfærslunni, sem kann að verða hér, frá sínu sjónarmiði. Þau gizka á, að verð á brennsluolíu muni hækka hér í Rvík eða frá sölustöðvunum hér um sem næst 50 kr. hver smálest, en úti um landið komi það til með að lækka um 52 kr. Vitaskuld er ekki hægt að staðhæfa neitt um þetta, fyrr en reynslan kemur og staðfestir það, hvernig þetta kann að verka. Í útreikningi olíufélaganna gera þau ráð fyrir, að öll olía, sem notuð er utan Rvíkur, verði flutt til hinna ýmsu staða og þess vegna þurfi að reikna með þeim flutningum, alveg eins og ekkert væri tekið hér nema aðeins af þeim skipum, sem gerð eru út héðan frá Rvík, og svo það, sem þær verksmiðjur nota, sem standa hér í námunda við bæinn. Meiri hl. n. getur ekki á þessar röksemdir fallizt. Við erum þeirrar skoðunar, að það hljóti að fara svo, að allmikið verði tekið hér af skipum í Rvík, sem eru gerð út frá öðrum stöðum á landinu, og þess vegna þurfi ekki að reikna með svona miklum kostnaði eins og olíufélögin gizka á. Reyndar segja þau, að vel megi svo fara, að það verði tekið meira af brennsluolíunni úti um landið heldur en aðeins það, sem skip og verksmiðjur úti um landið noti, því að ef skip, sem gerð eru út héðan frá Rvík, eigi þess kost að fá olíuna með sams konar verði og þau geti fengið hana hér, þá muni þau nota sér það. Vel má vera, að eitthvað eigi sér stað í þessu efni, að það aðeins komi fyrir, en líklegt er, að það verði lítið um það, og áreiðanlega miklu minna heldur en það, sem tekið verður hér í Rvík af skipum, sem eru skrásett úti á landi. Þau munu, sakir þess ekki sízt, hvað auðvelt er að fá afgreiðslu hér á þessari vörutegund, notfæra sér það á ferðum sínum hér, þegar þau koma við, og þess vegna verður það vafalaust ekki lítið, sem tekið verður hér í Rvík af brennsluolíu.

Þá er þess getið í erindi olíufélaganna, að ef þessu jöfnunarverði verði komið á, þá muni þau skip, sem nota þessa olíu til brennslu, ekki taka hana hér heima, heldur verði það til þess, að þau taki hana erlendis. Ég get ekki alveg sagt með vissu, hvort það kann að eiga sér aðeins stað, að þessi skip, verzlunarflotinn, taki olíu hér. En eftir því sem mér er tjáð af kunnugum mönnum, mun það vera mjög lítið. Þau taka víst sína olíu mikið til erlendis, svo að hvað þá atriði áhrærir mun þetta jöfnunarverð lítið verka á kaup eða sölu þeirrar vörutegundar. — Olíufélögin víkja að því, hversu miklu erfiðara þeim skipum verður að taka þessa olíu hér, eftir að jöfnunarverði hefur verið komið á, heldur en annars. Og hvort sem það verður nú mikið eða lítið, má gera ráð fyrir, að nokkur verðframfærsla þurfi að eiga sér stað, og þá er vitaskuld rétt, að það kostar eitthvað meira.

En hvað á þá að segja um þau skip og þau fyrirtæki, sem gerð eru út frá öðrum stöðum á landinu? Hvað á þá að segja um aðstöðu þeirra? Olíufélögin segja, að þau selji þessa brennsluolíu 100 kr. dýrari hverja smálest úti á land. Okkur sýnist þetta svo mikill verðmunur og íþyngja svo mjög útgerðinni úti um landsbyggðina, að það sé tæpast nokkur von til þess, að skipin eða útgerðin fái undir slíku risið. Og einkennilegt er það, þar sem þetta heyrir til þeim þætti í atvinnulífi þjóðarinnar, sem hefur ósegjanlega mikla þýðingu, ef á það er litið þannig, að það geri minna til, hvernig slíkri starfsemi farnast úti um landið. Aðalatriðið eftir þessari röksemdafærslu ætti þá að vera það, að útgerðinni sé fyrst og fremst borgið hér í Rvík. Ekki neita ég því, að það er þýðingarmikið og sjálfsagt að búa að henni sem bezt. En að litlu varði, hvernig fer um starfsemina úti um byggðir landsins, sams konar starfsemi sem þessa, það held ég að fáir verði til þess að fallast á, að mönnum eigi að liggja það í léttu rúmi. Og betri er þó hálfur skaði en allur. Þó að smálestin hækki — skulum við segja — um 20—30 kr., — jafnvel þó að það yrði meira, eins og olíufélögin gizka á, — þá má það undarlegt vera, ef það ætti að ríða útgerðinni í Rvík að fullu, en útgerðin úti um landið ætti að þola 100 kr. greiðsluna umfram það, sem hér gerist.

Ég held, að þessar röksemdir séu nokkuð veikar. Frá einu sjónarmiði geta þær staðizt, það skal ég reyndar játa, en aðeins frá einu sjónarmiði. Það kann að vera í augum sumra manna kjarni málsins, að það skipti ekki máli, hvernig um þetta starf fer úti um landið, það sé nóg, ef það getur gengið hér, og þurfi menn ekki þess vegna að hafa neinar áhyggjur af slíku. Þá er maður kominn að því atriðinu, sem hlýtur að ráða huga þeirra manna, sem velja sér þessa afstöðu, að það saki þá ekki þó að menn flytjist hingað og öll þessi starfsemi til Rvíkur, það sé bezt fyrir hag þjóðarinnar, að a. m. k. þessi starfsemi færist öll hingað í Rvík og þá kannske aðeins í næsta nágrenni.

Þó að þessi ákvæði yrðu nú lögfest á þann hátt, sem hér er lagt til, þá vil ég nú vona, að maður þurfi ekki að taka þessar röksemdir oliufélaganna það hátíðlega, að ekki megi gera þessa tilraun og sjá, hvernig tekst til, hvernig þetta verkar. Ef önnur leið þætti síðar meir heppilegri eða ef unnt yrði að koma þessum málum fyrir á annan hátt, þannig að séð væri fyrir hagsmunum þessara aðila beggja, þá mundi verða gripið til slíkra ráða, ef menn kæmu auga á þau, og væri þá ekki nema gott um það að segja. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um málið, og hvað þungur róður þetta er hjá útgerðinni úti um landið, m. a. af því, hvað brennsluolían er dýr, þá held ég, að það sé ekki vert að gera ekki eitthvað til að draga úr útgerðarkostnaðinum úti um landið. Ég ætla, að hv. dm. yfirleitt séu þeirrar skoðunar, að það sé svo mikilvægt atriði að hlynna að og greiða fyrir því, að bæði þessi starfsemi og önnur geti farið fram víðs vegar úti um landið, að einskis megi láta ófreistað að koma til móts við óskir fyrst og fremst útvegsmanna úti um byggðir landsins hvað þetta áhrærir.

Mig eiginlega undrar það — það segi ég nú persónulega frá mér — í þessu áliti frá oliufélögunum, að mér sýnist þau miða sína afstöðu til þessa máls nær einhliða við það, sem hentar bezt fyrir Reykjavík og þá kannske næsta nágrenni. Ég ætla, ekki sízt út frá því, að það hafi verið framin ekki lítil yfirsjón á sínum tíma, þegar ríkið, sem hafði þessa verzlun eitt með höndum eitt sinn, sleppti henni út til þessara góðgerðafélaga, sem með olíu og með eldsneyti verzla. Það er áreiðanlegt, að út af þeirri framkvæmd, hvernig hún hefur verið um langa stund og kemur vafalaust til með að vera rekin áfram, þá borgar þjóðin margan pening fyrir einn umfram það, sem þurft hefði að vera, ef ríkið hefði haft sjálft þessa vörutegund undir höndum og þótt það hefði haft fullkominn jöfnuð um hönd.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svo komnu að fjölyrða um þetta.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Við eigum sæti í allshn., hv. þm. Hafnf. og ég, sem myndum minni hlutann í þessu máli og erum andvígir þessu frv. eins og það liggur fyrir, en höfum hins vegar ekki enn þá gefið út nál. Ég vil, að það komi fram, að ég hef hlutazt til um það tvisvar sinnum í s. l. viku, að forseti tæki þetta mál út af dagskrá, vegna þess að ég beið þá eftir upplýsingum varðandi þetta mál frá útgerðarmönnum, sem ég hafði haft samband við, og reyndar frá fleiri stöðum, og því miður er það svo enn, að þessar upplýsingar hafa ekki borizt mér í hendur, en munu vera alveg á næstu grösum. Það var þess vegna að sjálfsögðu áhugamál mitt að geta komið á framfæri þeim upplýsingum, sem beðið hefur verið eftir, og það hefði verið eðlilegast, að það væri nú við þessa umr., og vil ég því segja, að hugur minn stæði mest til þess, að umr. yrði frestað, en hins vegar finn ég það líka, að ég á erfiða aðstöðu að standa í því æ ofan í æ að biðja forseta um frestun í málinu, og ef sá yrði nú ekki hátturinn, að umr. yrði frestað, þá mun ég að sjálfsögðu koma á framfæri nál. við 3. umr., sem mun vera fordæmi fyrir á þingi áður.

Ég vil aðeins á þessu stigi málsins segja það, að ég get vel skilið sjónarmið þeirra manna, sem flytja frv. eins og þetta út frá þeirri forsendu, að það séu of þungir baggar, sem hvíli á útgerðinni úti á landi varðandi olíuverð og annað, sem er einn þáttur þessa máls. Á hitt get ég ekki fallizt, að það eigi að leysa það mál með því að leggja nýja bagga á þá útgerð annars staðar á landinu, sem illa fær undir sér risið, eins og nú standa sakir. Ég hefði þess vegna viljað taka þátt í því með þeim mönnum, sem vilja létta byrðar útgerðarinnar úti á landi, að leysa málið frá öðru sjónarmiði en því að leggja nýjar byrðar á þá, sem áður eiga nógu erfitt með þann tilkostnað, sem þeir hafa af sínum atvinnurekstri hér í Reykjavík og við Faxaflóa og annars staðar í nánd. Ég tel engan vafa á því, að það sé margt, sem þar gæti komið til greina og mætti bæta aðstöðu útgerðarinnar úti á landi, eins og t. d. að koma upp stærri tönkum og að bæta aðstöðuna að öðru leyti. Ég hygg, að það muni láta nærri, að þetta frv. þýði um það bil eða fast að ½ millj. kr. aukakostnað við t. d. bæjarútgerð Reykjavíkur. Rekstur hennar hefur ekki verið með þeim hætti, að það sé hægt án frekari umsvifa að vera með í því að leggja slíkan nýjan kostnað á þá útgerð. — Í sambandi við rafmagnsframleiðsluna hér í Reykjavík, þar sem toppstöðin svo kallaða við Elliðaár er rekin með brennsluolíum, þá liggja fyrir upplýsingar um það frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að ákvæði frv. muni muna hana um 450 þús. kr. á ári í framleiðslukostnað. Þetta er líka atriði, sem við, sem erum þm. Reykv., þurfum að taka afstöðu til og ber að taka til greina í þessu sambandi.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins hafa um þetta fleiri orð, en mun reyna að koma á framfæri frekari upplýsingum, sem snerta málið, og eins og ég sagði, hefði ég helzt kosið, að umræðu gæti orðið frestað, en annars þá áður en þetta mál kemur til 3. umr.

Pétur Ottesen: Ég vil leyfa mér að benda á það, að hér liggur aðeins fyrir nú við þessa umræðu nál. frá meiri hl. allshn., sem fyrir alllöngu var falið að athuga þetta mál. Mér virðist, að þetta mál sé þess eðlis, að fullkomin ástæða væri til, að fram færi á því gagnger athugun, af því að með þessu frv. mætti líta svo á, að lagður væri grundvöllur að því, að allmiklu lengra yrði

gengið inn á þetta svið síðar meir, eftir að Alþ. væri búið að taka ákvörðun um, að verðjöfnun á einstökum vörutegundum bæri að gera með löggjöf. Ég hefði þess vegna, áður en ég tæki endanlega ákvörðun um þetta mál, talið það allmikilsvert, að fyrir lægi frá báðum nefndarhlutunum álit, þar sem þeir gerðu grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Ég álít, að meiri hl. hafi gert hreint fyrir sínum dyrum með því nál., sem hann hefur gefið út í málinu, en hins vegar skorti alveg á um, að minni hl. geri sams konar grein fyrir sinni afstöðu. Hv. 5. þm. Reykv., sem talaði hér áðan af hálfu minni hl., fór aðeins mjög skammt inn á þetta mál og miklu skemmra en gera verður kröfu til, að nefndarhluti geri um svo mikilvægt mál sem þetta er. Það er nú vitað, að hv. þm. Hafnf., sem er í minni hl. allshn. í þessu máli, á mjög annríkt þessa dagana og hefur þess vegna sjálfsagt nokkra afsökun í því að hafa ekki af sinni hálfu gert þessu máli þau skil, sem hann hefði þurft að gera.

Með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, teldi ég það vera mjög mikilsvert, að annaðhvort á þessu stigi eða þá á síðara stigi þessa máls lægi fyrir álit frá minni hl., þar sem skýrt kæmu fram þau sjónarmið, sem hann hefur í þessu máli, svo að málið bæri þannig að hér, að báðir nefndarhlutarnir gerðu rækilega grein fyrir afstöðu sinni, eins og ég álít að meiri hl. hafi þegar gert með nál. á þskj. 413. Ég fyrir mitt leyti vildi því mjög fara fram á það, að áður en endanlega væri gengið frá þessu máli, þá gerði n. málinu full skil, þannig að álit lægi einnig fyrir frá minni hl. Með tilliti til þess, að það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta mál var borið fram á þinginu, væri ef til vill rétt, að málið gengi nú til 3. umr., en ég vildi mjög skjóta því til hæstv. forseta, að hann reyndi að stilla svo til, að minni hl. gerði fulla grein fyrir afstöðu sinni, svo að fyrir lægju þau tvö sjónarmið, sem fram hafa komið í nefndinni, áður en endanlega verður gengið frá afgreiðslu þessa máls. Ég tel það allmikilsvert, af því að ég tel það ekki ólíklega til getið, að af samþykkt þessa frv. mundi leiða, að till. kæmu fram um, að það mál yrði fært síðar út á nokkru víðara svið. Hér er því allur varinn góður.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Þáltill. hafa verið samþ. á undanförnum þingum, sem hafa falið í sér að fela hæstv. ríkisstj. að hlutast til um, að jöfnunarverði á olíu og benzíni yrði komið í framkvæmd. Þrátt fyrir þessar ályktanir hefur ekkert gerzt, og er hv. alþm. kunn sú saga og því óþarft að rekja hana hér. — 7 hv. alþm. hafa auk mín flutt frv. til laga um verðjöfnun á olíu og benzíni á þskj. 40 í því trausti, að hugur hv. alþm. sé sá sami til þessa máls nú og hann hefur verið á undanförnum þingum. Frv. var vísað til hv. allshn. þessarar deildar, og hefur meiri hl. n. skilað áliti á þskj. 413, þar sem hann mælir með, að frv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum.

Það, sem ég sérstaklega vil benda á, að ekki einungis réttlæti, heldur beinlínis sýni nauðsyn þess, að þessi háttur verði á hafður, þ. e. að verðjafna vörutegundir þær, sem um ræðir í frv., er, að á undanförnum árum hefur sú þróun orðið í sambandi við sölu á fiskafurðum, að sama verðlag er ákveðið á öllum stöðum á landinu, sem hafa skilyrði til að annast móttöku þeirra og verkun, hvort heldur um er að ræða til frystingar, söltunar eða herzlu. Áður fyrr var verðlagið ávallt töluvert lægra úti á landi á innkeyptum fiski, sem byggðist á því, að hafnarskilyrði og annað snertandi fiskframleiðsluna var ýmsum erfiðleikum háð og orsakaði oft stórum dýrari framleiðslu en á þeim stöðum hér við Faxaflóa, þar sem hafnarskilyrðin og ýmiss konar aðbúnaður við framleiðsluna var lengra á veg kominn og þar af leiðandi arðbærari framleiðsla hjá þeim ýmsu fyrirtækjum og einstaklingum, sem önnuðust kaup og verkun fisksins á þessum höfnum. Í þessu sambandi má og benda á það, að nú er gert ráð fyrir, að sama kaupgjald eigi að gilda um land allt, eftir að verkfall það er afstaðið, sem nú í 14 daga hefur legið eins og mara á stórum hluta þjóðarinnar. Löggjafinn þarf nauðsynlega að gera sér grein fyrir, hvort það muni vera farsælt fyrir þjóðina, að öll útgerð landsmanna verði í framtíðinni rekin að mestu leyti frá höfnum við Faxaflóa og að allir aðrir útgerðarstaðir á landinu hætti að sinna þessum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Það leiðir af sjálfu sér, að sú hlyti þróunin að verða í þessum málum, ef ekki verður reynt að koma til móts við framleiðendur úti um land, m. a. með því að koma verðjöfnun á þær afurðir, sem keyptar eru erlendis frá og aðalatvinnuvegir þjóðarinnar þurfa að nota í stórum mæli. Það er ekki hægt að koma fram með nokkur rök fyrir því, að verðjöfnun á olíu og benzíni eigi ekki að vera lögfest, nema á þeim einu forsendum, að t. d. útgerð eigi ekki að stunda frá öðrum stöðum eða höfnum en við Faxaflóa. Hvaða hv. þm. vill halda þeirri fjarstæðu fram, að það sé sanngjarnt eða réttlátt, að hver sá togari, sem gerður er út frá öðrum stöðum á landinu en höfnum við Faxaflóa, eigi að greiða 100 kr. hærra gjald fyrir hverja smálest af olíu, sem hann brennir?

Við Íslendingar erum komnir töluvert lengra í verðjöfnunarmálunum en menn gera sér almennt grein fyrir. Vil ég leyfa mér að nefna nokkur dæmi. Öllum kornvörum og öðrum þungavörum, sem Eimskipafélag Íslands annast flutning á, er skilað fyrir sama flutningsgjald á allar hafnir úti um land, og það þrátt fyrir það, þótt búið sé áður að landsetja vörurnar í Reykjavík. Eimskip tekur á sig allan aukakostnað við upp- og framskipun á þessum vörum í Reykjavík og flutning á þeim út um land. Það var því óþarft hjá hinum virðulegu olíufélögum að ræða í umsögn sinni á þskj. 413 um hættuna á því, að ef verðjöfnun yrði framkvæmd á olíu og benzíni, væri ekki ólíklegt, að kröfur kæmu upp um að setja jöfnunarverð á fleiri þungavörur, og nefna í því sambandi matvöru. Olíufélögunum er ekki ljóst, að Eimskipafélagið er búið að annast þessa sjálfsögðu fyrirgreiðslu í rúm 30 ár, og þeir prýðilegu menn, sem því fyrirtæki stjórna, hafa á öllum tímum talið þessa fyrirgreiðslu sjálfsagða. Íslenzkar landbúnaðarvörur eru seldar á sama verði hér í Reykjavík og þær eru seldar á framleiðslustöðum úti um land. Þá má og benda á,

að olíufélögin hafa framkvæmt verðjöfnun á öllum tegundum olíu þannig, að hún er seld á sama verði á þeim stöðum öllum, sem olíuflutningaskipin annast flutning á úti um land, þegar höfnum við Faxaflóa og Vestmannaeyjum er sleppt. Á öllum öðrum stöðum á landinu er olían seld á sama verði. M. ö. o.: Án nokkurra óska frá Alþingi hafa olíufélögin sjálf komið þessari verðjöfnun á.

Það er því harla einkennilegt, eins og hv. 1. þm. Árn. tók réttilega fram áðan, að þessi sömu olíufélög vilja nú, að því er virðist vera í þeirra álitsgerð, fyrirbyggja frekari verðjöfnun. Ég er þeirrar skoðunar, að ef þessi verðjöfnun kemst á eins og kveðið er á um í frv., þá yrði það til þess m. a., að olíuflutningar út um land yrðu framkvæmdir á mun ódýrari hátt en nú tíðkast. Það er ótrúlegt, að olíuflutningaskipið Þyrill, sem annazt hefur flutningana út um land, hefur á undanförnum árum grætt á aðra millj. kr. á ári í sambandi við flutningana á olíunni. Óhætt er að gera ráð fyrir, að nokkurn veginn öryggi fengist fyrir því, að ef allt það magn af olíu, sem selt er hér við Faxaflóa, tæki þátt í flutningskostnaðinum út um land, þá væri séð fyrir því, að olíuflutningaskipin tækju jafnháar fjárfúlgur árlega af þeim einstaklingum og fyrirtækjum, sem þurfa að nota olíur úti á landsbyggðinni.

Þetta frv. er búið að vera tvo mánuði hjá hv. allshn. Það virðist því vera kominn tími til, að það verði afgr. héðan úr deildinni, og vil ég mjög eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að því verði vísað nú til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Svo sem nál. hér á þskj. 413 ber með sér, þá hef ég undirritað með fyrirvara, og ég vil leitast við að gera grein fyrir þessum fyrirvara mínum.

Ég er á þeirri skoðun, að það sé nauðsynjamál, sem ekki verði hægt að komast hjá að leysa, að koma á sams konar verði á dieselolíu og brennsluolíu á öllum aðalhöfnum landsins, þar sem möguleikar eru á því að taka við olíu með ekki allt of óhæfilegum kostnaði, — ég á við þá staði, þar sem tankar eru fyrir hendi. Mismunurinn, sem hefur verið á brennsluolíu til togaranna á hinum ýmsu höfnum, hefur verið um 145 kr. á tonn. Það er ekki rétt, sem er sagt hér í bréfi því frá olíufélögunum, sem birt er með nál. okkar í meiri hl., að það sé 100 kr. mismunur. Það er 145 kr. mismunur og jafnvel 147 kr. mismunur á Akureyri, og ef miðað er við, að togararnir þurfi 200 tonn á mánuði, sem ekki er mjög í lagt og ekki óvarlegt, og að þeir taki alla sína olíu heima hjá sér, sem sagt þeir geri út frá sinni heimahöfn og leggi upp afla sinn þar, sem er vitanlega höfuðtilgangurinn með því að vera að kaupa togarana á hina ýmsu staði úti á landinu, þá er þessi verðmismunur umfram það að hafa gert út frá Reykjavík og tekið olíu sína hér um 30 þús. kr. á mánuði. Það er ekki ólíklegt sem sagt, að yfir allt árið muni þessi mismunur geta orðið 200 þús. kr. eða jafnvel meira, og þá er gert ráð fyrir því, að allmarga mánuði ársins sé togarinn gerður út frá öðrum stað en sinni heimahöfn. Þá sér hver einasti maður í hendi sinni, að þetta er slíkur baggi á togarana, að þeir hljóta að hyllast til þess að gera yfirleitt allt mögulegt annað við sinn afla heldur en að fara með hann á sína heimahöfn. Það er betra fyrir þá að sigla til útlanda, þótt ísfisksölur séu vafasamar, til þess að geta tekið olíur þar, eða að fara með aflann til Reykjavíkur, sigla með saltfisk út til Esbjerg o. s. frv. Þarna er beinlínis verið að ýta togurunum í það að leggja upp afla sinn annars staðar en á sinni heimahöfn.

Nú er ástandið við þannig, að það þarf beinlínis að gera opinberar ráðstafanir fólki til lífsframfæris, ef ekki tekst að auka atvinnuna á hinum ýmsu stöðum. Þess vegna er nauðsynlegt, að viðskiptaaðbúð togaranna og hinna meiri atvinnutækja á hinum ýmsu stöðum sé þannig, að þeir hafi sem svipaðasta aðstöðu hvað rekstrinn snertir, þó að þeir leggi upp afla sinn á sinni heimahöfn. Þyrfti raunverulega að vera betri aðstaða við það, því að það eru mörg önnur atriði, sem valda togaraútgerðinni miklum kostnaði við það, þegar togararnir eru gerðir út frá hinum smærri höfnum hingað og þangað úti á landinu, miðað við það, sem er hér í Rvík og við Faxaflóa. En þetta er þó það, sem skyggir á allt annað og veldur úrslitum um það, að ekki er hægt að gera togarana út á ýmsum höfnum úti á landi, ef það þarf að greiða svona miklu hærra olíuverð en greitt er hér í Rvík og hér við Faxaflóa.

Sama má vitanlega segja um þær verksmiðjur, sem þurfa á miklum hita að halda, t. d. gufuframleiðslu o. s. frv., eða eyða miklum hita í að þurrka mjöl, fiskimjöl og ýmislegt þess háttar. Þær þurfa mikla olíu, og þær er varla hægt að reka úti á landsbyggðinni, ef á að kaupa olíuna jafnháu verði og nú er gert. Þetta er sem sagt orðin alveg óhjákvæmileg nauðsyn fyrir atvinnulífið í landinu.

Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að það sé dálítið annars eðlis með benzín. Þó að mörg rök mæli með því, að benzín sé á svipuðu verði á flestum höfnum landsins, þá er þó mjög miklu erfiðara að fylgjast með því. Benzín er ekki eins stór þáttur í atvinnulífinu og brennsluolía og dieselolía og þess vegna ekki eins sterk rök fyrir því að draga það inn undir verðjöfnunina eins og þær tvær olíutegundir, sem ég nefndi fyrst. Ég er þess vegna á þeirri skoðun, að benzín ætti ekki, a. m. k. ekki að svo komnu, að dragast inn undir þá verðjöfnun, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, ef að l. verður.

Þá vil ég benda á, að olíufélögin íslenzku, sem eru aðallega og raunar eingöngu þrjú, hafa á undanförnum árum haft ákaflega góða aðstöðu til þess að hafa verðlagseftirlitið í landinu eftir eigin geðþótta. Og ég býst við því, að það hafi aldrei komið fyrir, að olíufélögin, þegar þau hafa lagt saman þrjú, hafi ekki fengið að ákveða það olíuverð, sem þau hafa komið sér saman um, sem sagt að verðlagseftirlitið hafi ekki fallizt á verðkröfur þessara félaga á olíu. Ég er á þeirri skoðun, að olíuverð á Íslandi sé óhæfilega hátt og gróði olíufélaganna sé óhæfilega mikill. T. d. á s. l. sumri var olía hækkuð um 10%, án þess

að nokkur samsvarandi hækkun væri á olíu á erlendum markaði og án þess að nokkuð væri hægt að sjá, að sérstök rök lægju fyrir því að framkvæma slíka gífurlega hækkun. Olíufélögin fóru samtaka fram á þetta. Það var fallizt á þeirra sjónarmið, og þau fengu að hækka olíuna um svona mikið, um 10%. Þetta er vitanlega óhæfa, að olía sé þannig hækkuð, og ég er á þeirri skoðun, að það væri hægt að framkvæma þá verðjöfnun, sem frv. gerir ráð fyrir, án þess að olía þurfi nokkurs staðar að hækka í verði í landinu, en láta olíufélögin sjálf kosta þá verðjöfnun. Ég mun þess vegna flytja brtt. um það, að aftan við frv. komi bráðabirgðaákvæði, þar sem ákveðið skuli vera, að árið 1953 verði olíufélögunum bannað að hækka útsöluverð á olíu sem svarar því verðjöfnunargjaldi, sem þau eiga að greiða samkv. frv., ef að l. verður. Þetta bráðabirgðaákvæði geri ég ráð fyrir að gildi fyrir árið 1953 eingöngu, með það fyrir augum, að þá geti fengizt reynsla fyrir því, hvort ekki sé fullkomlega forsvaranlegt að láta olíufélögin lækka verð á olíu sem svarar kostnaðinum við þessa verðjöfnun. Ég tel, að svo sé. Ég býst við því, að flestir þm. ættu að geta fallizt á það, að þessi tilraun verði gerð og það verði þannig gengið úr skugga um það, hvort ekki séu á rökum reistar þær skoðanir manna, að olían hér sé óhæfilega há í verði.

Ég tel mikið nauðsynjamál að koma á þessari verðlækkun á olíu á hinum ýmsu stöðum, á dieselolíu og brennsluolíu, og vil fastlega mælast til þess, að hv. þdm. leitist við að hraða þessu máli, þannig að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég efast ekki um, að það, sem hv. þm., sem hér hafa þegar talað með því frv., sem fyrir liggur, hafa lýst viðvíkjandi ástandinu úti á landi almennt, sé alveg rétt. Það er alveg óþolandi aðstaða, sem nú á sér stað, í fyrsta lagi fyrir togaraútgerðina hjá bæjarfélögunum úti um allt land og í öðru lagi fyrir alþýðu manna, sem verður að greiða þetta mjög háa verð á olíum og benzíni þar. Það er ástand, sem verður að breytast. Og það er alveg rétt, að það verður að horfast í augu við það, að þetta ástand, að leyfa olíuhringunum að leggja svona gífurlega á olíuna úti um land, verður að afnemast. Það er ekki hægt að una við það, að alþýðu manna úti um land sé gert þannig miklu erfiðari öll hennar lífsbarátta af völdum nokkurra auðhringa í landinu. Þetta kemur við atvinnulífið, ekki sízt hvað snertir togarana, sem bæjarfélögin um allt land eru nú að reyna að hafa sem grundvöll að stórrekstri hjá sér, en það kemur líka við alla þá, sem þar nota olíu til annarra hluta, hita og annars slíks, og við þær rafstöðvar víða úti um land, sem verða að kynda þar með olíu. Ég held, að hv. d. þurfi að gera sér það ljóst, að hún verði þarna að taka í taumana og að það verðum við að vera sammála um.

Þá kemur hin spurningin: Með hverju móti er skynsamlegast og réttlátast að gera þetta? Hér í Rvík er olía notuð, eins og úti á landi, til togaraútgerðarinnar, til raforkuframleiðslu og til upphitunar. Hér er fjöldi húsa, og hér í bæjunum í kring er fjöldi húsa, sem kynt eru upp með olíu. Hér eru m. a. verstu híbýlin í Rvík, allir braggarnir, kynt upp með olíu. Og sannleikurinn er, að eins illa og farið er með bæjarútgerðirnar úti um land af hálfu olíuhringanna núna, svo að það er alveg óþolandi ástand, þá er hins vegar vitanlegt, að þrátt fyrir það mun lægra verð, sem togararnir hérna fá olíu á, þá virðist eins og þeir berjist í bökkum líka. Og hvað snertir það fólk, sem þarf að greiða olíuna, þá mun því vafalaust finnast — og ekki sízt þeim fátækustu — nóg vera af sér tekið. Fyrsta spurningin, sem hlýtur að vakna fyrir okkur, þegar við viðurkennum, hvað óþolandi ástandið sé úti um land, er þess vegna: Getum við bætt úr þessu okri, sem landsbyggðin býr nú undir, án þess að hækka verðið í Rvík og nágrenni? — Það hlýtur að vera það fyrsta, sem við hljótum að athuga, eins og hv. þm. Siglf. kom hér inn á áðan og leiddi nokkuð rök að, þ. e., olían verður að lækka úti á landi. En á kostnað hverra? Hver er það, sem á að borga? Og þar held ég, að við verðum alveg hreint að gera okkur ljóst, og það verður þessi hv. d. að horfast í augu við, að það er hún, sem ræður því, hverjir verða látnir borga lækkunina, sem verður að fara fram á olíunni úti um land. Ég er ekki í neinum minnsta vafa um það, að það er hægt að lækka olíuna úti um allt land niður í það verð, sem nú er í Rvík. Og ég mundi vilja taka dýpra í árinni. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að það er hægt að lækka olíuna úti um allt land og benzínið niður í sama verð eins og nú er í Rvík og lækka síðan verðið, bæði úti um land og í Rvík, niður úr því, sem nú er. Og ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að hv. d. taki það mál til alvarlegrar umr. og skorist ekki undan að rannsaka það mál fyllilega til hlítar, komi sér ekki hjá því.

Ég vil minna á það, að þetta mál með olíuokur er ekki neitt nýtt mál hér á Alþ. Íslendinga. Fyrir 40 árum lá þetta mál hér fyrir Alþ., 1912. Þá var því lýst hér af þeim þm., sem þá áttu sæti hér á þingi, m. a. af Jóni Ólafssyni ritstjóra, hvernig olíuhringurinn, sem þá hafði einokunartök hér á Íslandi, arðrændi landsbúa. Jón Ólafsson talaði þá um risablekfiskinn, sem teygði út arma sína um allt atvinnulífið og sygi til sín gróðann frá fólkinu. Og þá hafðist í gegn eftir harða baráttu ákvörðun um einkasölu á olíu hér á Íslandi. Þá stóð baráttan við félag hér heima, sem hét og heitir Hið íslenzka steinolíufélag og hafði umboðið fyrir Det Danske Petroleum Aktieselskab (D. D. P. A.), sem, eins og menn vissu þá og vita enn, er umboðshringur fyrir Standard Oil í Danmörku. Það var baráttan gegn þeim danska einokunarhring, sem var útsendari þessa ameríska einokunarhrings, sem var þá háð og um tíma með nokkrum árangri. Þeim, sem þá áttu sæti á Alþ. Íslendinga, var alveg ljóst, hvernig farið var með landsfólkið. Þeim var alveg ljóst, að það var verið að ræna það í hvert einasta skipti, sem nokkur maður keypti olíu eða annað, sem hringarnir framleiddu. Og þeim var það ljóst, að Alþ. Íslendinga hafði sjálft möguleika til þess að koma í veg fyrir þetta arðrán og lækka verðið á olíunni.

Sú spurning, sem nú hlýtur þess vegna að liggja

fyrir okkur hér fyrst og fremst að taka ákvörðun um, er: Hafa olíuhringarnir breytzt svo mikið síðan 1912, eru þeir orðnir svo uppfullir af miskunnsemi, réttlætistilfinningu og góðvilja í garð almennings, að þeim detti nú aldrei framar í hug að arðræna nokkurn mann? Eru þeir orðnir svo sérstaklega góðir við Íslendinga, að þeir selji þeim olíuna svo ódýrt, að það sé alveg ómögulegt að selja hana billegri? Eða eigum við enn þá við að búa alveg samsvarandi okur eins og meðan danskir bankar réðu hér á Íslandi, danskur olíuhringur arðrændi okkur og íslenzkir þm. risu upp hér á Alþ. Íslendinga til þess að krefjast þess, að valdi íslenzka ríkisins væri beitt til þess að vernda landsmenn á móti þessum olíuhring. Gildi olíunnar og hinna ýmsu olíuafurða hefur nú margfaldazt fyrir okkar þjóðfélag frá því 1912. Olían og benzínið — og ég á þá við allar þessar tegundir, þegar ég tala um olíu — eru orðin bókstaflega eins og blóðið í þjóðarlíkamanum hvað atvinnulífið snertir, enda er nú svo komið, að fimmti hlutinn af innflutningi Íslands er olía og olíuafurðir. Ég geng út frá því, að í ár muni innflutningur á olíu og olíuafurðum varla vera undir 150 millj. kr., miðað við verðið hér á höfninni, áður en tollar og slíkt leggjast á það.

Ég leyfi mér að fullyrða, — og skyldi færa fram rök fyrir því, ef það væri ekki of langt mál hér, — að af því olíuverði, segjum 150 millj. kr., sem Ísland greiðir hinum útlendu olíuhringum, þ. e. þeim, sem senda olíuna hingað til sinna umboðsfélaga hér, sé aldrei undir 20% hreinn gróði. Og ég býst satt að segja við, að það sé mun meira. Það hefur m. a. komið ákaflega greinilega í ljós við það uppgjör, sem átt hefur sér stað í Íran við olíuhringana þar, hvað gífurlegur gróðinn er, sem olíuhringarnir taka. Og það er vitanlegt, að sem stendur er olía fáanleg á heimsmörkuðunum 20% undir því verði, sem þeir hringar, sem hingað selja, Standard Oil og aðrir, nú skrá. Þó að maður þess vegna aðeins gangi út frá þessum verðmismun, þá er sá skattur, sem Íslendingar sem heild borga hinum útlendu olíuhringum af olíuverðinu, ef maður reiknar með 150 millj. kr., varla undir 30 millj. kr. og líklega mun meira í útlendum gjaldeyri af olíuverðinu hér við höfn. Síðan eiga íslenzku olíufélögin að taka við þessari olíu og selja hana út hér með þeirri álagningu, sem bæði ríkið leggur á og þau leggja á. Og hvernig hefur verið háttað þessari álagningu hjá sjálfum innlendu olíuhringunum, hjá þessum umboðsfélögum, sem taka hér við olíunni af Standard Oil, Anglo-Iranian og Shell? Við fengum ofur litla mynd af því fyrir tveim árum hér á Alþ., þegar upplýst var, hvernig verð það, sem innkaupastofnun ríkisins fékk hjá olíufélögunum, var í hlutfalli við það opinbera verð, sem olíuhringarnir fengu að selja á út til almennings með leyfi þáverandi verðlagsnefndar. Ég veit, að suma hv. þm. rekur minni til þessa, en ég skal itreka það, til þess að ekkert fari á milli mála. Í bréfi til fjvn. Alþ. 18. jan. 1951 lýsti fulltrúi verðgæzlustjóra því yfir, að 3. apríl 1950 hefði verð til báta, hámarksverð, verið 653 kr. á tonn. Þann sama dag hins vegar var það verð, sem innkaupastofnun ríkisins samdi um við Olíufélagið h/f til skipa í Reykjavík, 530 kr. á tonn, eða 120 kr. lægra á tonn. Og samsvarandi verðmunur var á öðru því frá útsöluverðinu, sem olíuhringarnir höfðu sannað verðgæzlustjóra, að þeir þyrftu að hafa, með mjög skynsamlegum útreikningum vafalaust og auðvitað mjög vel undirbyggðum, sem þeir höfðu lagt fyrir. Verðmismunurinn, sem hægt var að fá þá til að selja fyrir, var hvorki meira né minna en 120 kr. á tonni, sem kostaði í útsölu opinberlega 653 kr. Og ætlar nú nokkur maður, að þrátt fyrir alla ást olíuhringanna á íslenzka ríkinu hafi þeir látið íslenzka ríkið og innkaupastofnun þess fá olíuna án nokkurrar álagningar? Nei. Það dettur engum hv. þm. í hug, og því síður nokkrum manni utan Alþ. Það liggur þess vegna fyrir staðfest, að sá gróði, sem olíuhringarnir taka hér fram yfir allan sinn kostnað, er á hlutum eins og þessum slíkur, að þeir geta leikið sér að því að gefa 20% í afslátt, án þess að það gangi út yfir þeirra gróða. Ég efast ekki um, að verðmæti allrar olíu og benzíns, þegar hvort tveggja er selt út hér á Íslandi, ef það kostar 150 millj. kr. í innkaupi hér á höfn, sé komið allmikið yfir 200 millj. kr., þegar alþýða manna á Íslandi og atvinnuvegirnir kaupa það. 20% gróði á slíku er þá aldrei undir 40 millj. kr. M. ö. o.: Það er ekkert ólíklegt, að útlendu og innlendu olíuhringarnir hafi jafnvel 70 millj. kr. gróða á ári af Íslendingum, þegar Íslendingar borga 150 millj. kr. fyrir olíuna hér á höfn.

Ég nefni þetta aðeins sem lítið dæmi, til þess að sýna fram á, hvernig sópað er inn úr vösum almennings í hít olíuhringanna gróðanum nú sem stendur, enda er það vitanlegt og auðsjáanlegt á öllum þeim tankbyggingum og öllum þeim benzínstöðvum, sem upp hafa risið um allt land og olíuhringunum er leyft að skrifa niður á örfáum árum á kostnað Íslendinga, stórkostlegum mannvirkjum, sem reist eru að miklu leyti alveg að óþörfu og í hreinni vitleysu. Það er auðséð, að þessir hringar vita yfirleitt ekki, hvað þeir eiga við peningana að gera, sem þeir ná út úr almenningi. Það er þess vegna engum efa bundið, að það er hægt að lækka verðið á olíu og benzíni úti um allt land niður í það, sem er í Rvík, og jafnvel lækka það síðan niður úr því, ef aðeins Alþ. Íslendinga og ríkisstj. landsins er samhent um að láta olíuhringana borga. Það er ekkert mark takandi á neinu því, sem frá olíuhringunum sjálfum kemur í þessu efni. Það eru búmenn, sem kunna að barma sér, og þeir munu ætíð og ævinlega lýsa því yfir, að þeirra þrautpíndu bök þoli nú ekki meira.

Það rekur vafalaust ýmsa hv. þm. minni til, að einu sinni var lagður hér á sem oftar hækkaður benzínskattur, og olíuhringarnir lýstu því yfir, að auðvitað gætu þeir ekkert borið af þessum benzínskatti, vesalingarnir, og kröfðust þess og gerðu það að hækka benzínið, sem skattinum samsvaraði. En það var hins vegar hægt að velta öllum þessum skatti yfir á hringana. Og það var sannað og gert með því, að ríkisstj., sem trúði þeim og leyfði þeim að hækka, var knúin til þess að leyfa frjálsan innflutning á benzíni til landsins.

Það er engum efa bundið, að möguleikarnir

til þess að lækka verðið á olíunni eru fyrir hendi. En hitt er gefið, að skynsamlegasta aðferðin til þess að berjast við olíuhringana, vegna þess að hér er um að ræða eitthvert mesta stórveldi heims, er, að ríkið sjálft beiti sér fyrir því. Að vísu er hægt fyrir samtök almennings að gera þetta. Það er hægt fyrir sterk og harðvítug samvinnusamtök neytenda, bænda, útvegsmanna að segja olíuhringunum stríð á hendur og knýja niður olíuverðið. Það er engum efa bundið. En ef olíuverzlun á að vera á því tæknilega stigi, að allt sé gert sem ódýrast, benzínið haft á stórum tönkum og með stórum olíuflutningaskipum og slíku, þá þarf þetta að vera gert af fjárhagslega sterkum aðilum. Og ég efast ekki um, að ef samtök útvegsmanna hér á Íslandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga hér á Íslandi og önnur slík samtök tækju sig saman frjáls og óháð með velvilja ríkis og banka, þá gætu þau fyllilega sýnt olíuhringunum, sem nú okra á þjóðinni, í tvo heimana. En þetta er ekki gert. Af hverju? Það er máske ekkert undarlegt, þó að sá flokkur, sem fyrst og fremst hefur staðið með auðhringunum hér á Íslandi, Sjálfstfl., standi með þeim í svona átökum. Hitt er undarlegra, að þau samtök, sem menn alveg sérstaklega hefðu búizt við að ættu að berjast á móti okri hringanna, eins og S. Í. S., skuli ekkert gera í þessum efnum, og þó þarf ekki langt að leita að orsökunum til þess. S. Í. S. og forstjóri þess, Vilhjálmur Þór, — og ég veit, að hann á næga forsvarsmenn hér inni, svo að ég kinoka mér ekkert við að nefna hans nafn, — eru nú sjálf orðin umboðsmenn fyrir voldugasta einokunarhringinn í olíu í veröldinni, Standard Oil, þann sama hring sem teygði klær sínar í gegnum Danmörku til okkar 1912 og Jón Ólafsson átti við, þegar hann talaði um risablekfiskinn. Það, sem nú hefur gerzt, er, að langsamlega svívirðilegasti gróðahringur veraldarinnar, Standard Oil Co., hefur náð slíkum tökum á S. Í. S., að það er búið að skapa sams konar afstöðu hjá því og því olíufélagi, sem það er í hér, eins og hjá öðrum hringum, sem hér voru fyrir, þannig að allir þessir þrír hringar hafa nú sömu afstöðuna gagnvart neytendunum og standa saman um að okra á þeim, standa saman um yfirlýsingarnar um, að ekki sé hægt að lækka verðið. Þetta er það, sem gerir það að verkum, að Framsfl. hér í þinginu tekur nú ekki upp baráttuna gegn olíuhringunum, beinir nú ekki geiri sínum þangað, sem þörfin er mest fyrir að skera niður svo og svo mikið af þeim gróða, sem olíuhringarnir hafa, og lækka þannig verðið á olíunni úti um allt land, til manna í bæjum og í sveit.

Ég hjó eftir því, að hv. 1. þm. Árn. kom að því í sinni ræðu sem frsm. hér áðan, að honum þótti Alþ. lint í þessum efnum, og ég skil hann vel. Hann sem einn okkar elzti þm. man þá daga, þegar var barizt öðruvísi í þessum efnum hérna. Og ég held, að það sé tími til kominn, að Alþ. láti til sín taka um þessi mál. Það er sú ríkisstj., sem situr hér að völdum, sem lætur olíuhringana, bæði þá útlendu og innlendu, leggja 60—70 millj. kr. skatt á ári á landsbúa. Og það er á valdi þessarar stofnunar, á valdi Alþ. að binda endi á þetta olíuokur. Þegar fjöldinn allur af öðrum þjóðum heims rís upp á móti olíuhringunum, þegar jafnvel menn, sem við höfum nú ekki álitið að stæðu sérstaklega framarlega í mannréttindabaráttu, eins og Persar eða íbúar Íraks, rísa upp gegn olíuhringunum, þá erum við ekkert skuldbundnir til þess að sitja rólegir og una öllu því okri. Ég held, að það væri alveg óhætt að láta olíuhringana fá að vita af því, að það sé búið með þolinmæði Íslendinga í þessum efnum. Svo fremi sem það er ekki gert, svo fremi sem baráttunni er ekki beint gegn olíuhringunum til þess að lækka verðið úti á landinu, bæði á olíum, benzíni og öðrum slíkum afurðum, þá er það einvörðungu vegna þess, að olíuhringarnir hafa slík tök á ríkisstj. Íslands og að þm. stjórnarfl. hér á Alþ. þora ekki að láta það koma í ljós, hve sterk þau tök eru, eða þeir hliðra sér hjá því að sýna olíuhringunum í tvo heimana. Ég vil sérstaklega minna hv. þm. Framsfl. á, að hér í Rvík var mjög herskár þm. af þeirra hálfu að tala fyrir síðustu alþingiskosningar og lýsti því yfir með góðum undirtektum, að fjárplógsstarfseminni væri sagt stríð á hendur, og það hafa ekki minnkað, síðan þær kosningar fóru fram, hneykslin, sem standa í sambandi við olíuhringana, né grunur manna um að gróði þeirra og álagning þeirra á landsmenn sé ekki aðeins meiri en góðu hófi gegni, heldur líka jafnvel meiri en nokkur lög leyfa. Ég held þess vegna, að höfuðatriðið við umr. þessa mál verði að vera, hvort hv. þm. þora — svo að ég noti orð Framsfl. — að segja fjárplógsstarfseminni stríð á hendur, þora að láta olíuhringana borga fyrir fólkið úti á landi. Það, sem hér þarf að gera upp, er það, hvort alþýðan úti á landi og alþýðan í Rvík á að standa saman á móti olíuhringunum eða hvort olíuhringarnir eiga svo sterka erindreka hér, að það megi ekki róta við þeirra okri, hvort tök amerísku og ensku olíuhringanna á Framsfl. og Sjálfstfl. séu svo sterk, að það megi ekki snerta við þeim, þó að það sé vitanlegt og opinbert og skjalfest, að það skiptir tugum millj. kr., líklega 60—70 millj., sem hringarnir, þeir útlendu og innlendu, taka af Íslendingum á hverju ári með olíuverðinu.

Ég sé, að hv. þm. Siglf. hefur borið fram till. um bráðabirgðaákvæði viðvíkjandi árinu 1953, sem út af fyrir sig er mjög gott. En ég held satt að segja, að það væri alveg óhætt að taka enn þá dýpra í árinni hvað þetta snertir, og ég hef þess vegna leyft mér að útbúa hér brtt., sem enn eru skriflegar, og ég verð að biðja hæstv. forseta um afbrigði, á þá leið, sem ég nú vil greina:

1) Að í 1. gr., þar sem segir: „Söluverð á gasolíu, brennsluolíu og ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama“ — þar komi á eftir: og nú er í Reykjavík á öllum útsölustöðum á landinu — þ. e. að orðunum „og nú er í Reykjavík“ sé skotið þarna inn í, þannig að öll setningin verði sem sé, að verðið skuli vera hið sama og nú er í Reykjavík á öllum útsölustöðum á landinu.

2. Að í staðinn fyrir 2. gr., eins og hún er orðuð, komi grein, sem hljóði svo: Verð það, sem ákveðið er með 1. gr., má því aðeins hækka, að verðlagseftirlitið leyfi. — Sem sé, þessu verði sé slegið föstu og það þurfi leyfi verðlagsnefndar til að breyta því.

3. Að 3. gr. orðist svo: Nú álítur verðlagseftirlitið mögulegt að lækka útsöluverð á olíum og benzíni, og skal það þá fyrirskipa olíufélögunum að gera það. — En 4. og 5. gr. séu felldar niður.

Þó vil ég geta þess, — mér hefur ekki unnizt tími til þess enn þá, — að vafalaust er nauðsynlegt, ef þessar brtt. minar fást samþykktar, að bæta refsiákvæðum inn í staðinn fyrir 4. eða 5. gr., og mundi ég þá gera það við 3. umr., ef þær yrðu samþ.

Min hugmynd með þessum brtt. er, að Alþ. láti olíuhringana vita, að það treystir sér til og vill ákveða olíuverðið í landinu og segja þeim fyrir verkum. Ég skal taka það fram, að ef einhverjum olíuhringanna dytti í hug að fara ekki að þessu, sem ég veit að engum þeirra dettur í hug, þá þyrfti ekki annað til en að Alþ. samþ. þá heimild, sem liggur fyrir í frv. frá Sósfl. á öðru þskj. um að heimila ríkisstj. að annast öll olíuinnkaup til landsins.

Ástandið á olíumörkuðunum í heiminum er þannig í dag, að ríkisstj. Íslands getur leikið sér að, ef hún hefur á hendi öll olíuinnkaupin, að hagnýta sér samkeppnina á milli hringanna þannig, bæði þeirra þriggja, sem nú verzla hérna, og annarra, sem til eru úti um heim, að hún gæti lækkað olíuna stórkostlega. Hún getur leikið sér að því, ef hún hefur ein innflutninginn til landsins. Það er það mikil hótun fyrir olíuhringana hérna að taka þeirra tanka leigunámi og láta þá jafnvel standa ónotaða, sem ekki byðu það lágt, þegar þeir væru að bjóða í hjá ríkisstj., að þeir yrðu lægstir. Ríkisstj. hefur alla aðstöðu til þess að kúska olíuhringana, ef hún aðeins hefur vilja til þess. Það er sannarlega ekki erfitt sem stendur í veröldinni að fást við þessi olíumál, ef vilji er fyrir hendi, þannig að ég er ekki í neinum efa um, að þessar till. eru fyllilega framkvæmanlegar. Það er aðeins spurningin um vilja til þess að ganga þannig á hagsmuni hringanna. Ég vil þess vegna eindregið vonast til þess, að hv. þm. geti fallizt á þessar brtt., því að allir hljótum við að vera sammála um það, að langbezt væri að geta komið þeirri nauðsynlegu lækkun á um allt land niður í það verð, sem nú er í Rvík, með því móti, að það yrði gert á kostnað þeirra olíuhringa, sem nú taka gífurlegan gróða af öllum Íslendingum.

Svo vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessum brtt.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt brtt. þær, sem hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hafa flutt. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 464 og 465) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Mér þykir vænt um það, að flestir hv. ræðumenn hafa látið í ljós fylgi sitt við þetta mál. Hv. 5. þm. Reykv., sem er andvígur frv., gerði nú að nokkru leyti grein fyrir afstöðu sinni, og er hún skiljanleg frá hans sjónarmiði, þó að ég áliti, að lausn þessa máls ætti samt að vera þannig, að leiðréttur sé hlutur fólksins úti um landið hvað verð á þessari vörutegund áhrærir, og jafnvel hann mundi ekki vera ánægður með það fyrirkomulag, sem ríkir nú í þessari verzlun. Svo mikið ber á milli og svo óhagstætt er þetta og alvarlegt fyrir starfsemina í landinu, að brýn nauðsyn er á leiðréttingu. Mig hálffurðar á því, að þar sem hv. 5. þm. Reykv., sem talaði nú reyndar ósköp rólega um málið, hefur kunnugleika á því, að sjávarútvegurinn hér, t. d. togaraútvegurinn, á svona erfitt uppdráttar, með þá aðstöðu sem hann hefur þó hér langt umfram það, sem er nokkurs staðar úti um land, þá skuli hann ekki sjá, að óhjákvæmilegt er að liðsinna útgerðinni úti um landið hvað verðlag á þessari nauðsynjavöru áhrærir. Ef það er svo, að togararnir í Rvík berjast í bökkum með afkomu sína, þá má geta nærri, hvernig ástatt er um togarana úti um landið, sem hafa á allar lundir margfalt verri aðstöðu til sinnar starfsemi heldur en togaraflotinn hér í Reykjavík, ekki eingöngu hvað áhrærir verðlag á þessari nauðsynjavöru, heldur líka alla aðstöðu til annarrar starfsemi. Þess vegna er þetta, eins og reyndar hefur komið á daginn, það nauðsynlegt og aðkallandi mál, að óhjákvæmilegt er að sinna því.

Hv. þm. Borgf. talaði hér og hafði á orði, að vel mætti svo fara, að ef verðjöfnun yrði á þessari vörutegund, þá gæti það orðið forboði þess, að verðjöfnun á öðrum vörum ætti sér stað úti um landið, og skildist mér hann telja, að það gæti haft þær afleiðingar, að það væri nokkuð íhugunarvert. Ég vil benda hv. þm. Borgf. á, að ég ætla, að það standi ekki eins á með nokkra aðra vörutegund, sem verzlað er með, eins og þessa. Þetta er svo þýðingarmikið atriði í atvinnulífi landsmanna, og þessi viðskipti eru svo stórtæk og grípa svo inn í afkomumöguleikana, að það stendur öðruvísi á um aðrar vörutegundir í þessu landi, ég held nær undantekningarlaust. Það verður hvergi eins tilfinnanlegt fyrir afkomu manna, þó að einhver verðmunur kunni að vera, eins og einmitt með þessar vörutegundir, sem notaðar eru mikið til atvinnurekstrarins. Í því sambandi vil ég víkja að því, sem hv. þm. Siglf. sagði. Við erum að vísu í höfuðatriðum alveg sammála um þetta. En hvað benzínverðið áhrærir hefur það líka sína miklu þýðingu fyrir atvinnurekstur, og það er þeirra hluta vegna einmitt, sem hér er gert ráð fyrir verðjöfnun. Til eru héruð hér á landi, sem verða að flytja alla sína flutninga á bifreiðum og sum um langan veg, mörg hundruð kílómetra. Auk þess eru landbúnaðarverkfærin. Allmörg þeirra eru rekin með benzíni, og það er þess vegna undir því komið, hversu auðveld verður fyrir landbúnaðinn starfsemi þessara tækja, hvað verðið á þessari vörutegund er, hvað ódýr hún er. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, að hafa það í huga, þegar um verðlag á þessari vörutegund er rætt. Ég vil því vona, að samkomulag geti orðið einmitt um að láta þessar vörutegundir allar fylgjast að og ekki sé farið að gera upp á milli þeirra.

Mér var alveg ókunnugt um það, — og má vera, að maður hefði getað aflað sér upplýsinga annars staðar frá, — að það væri ekki rétt, sem olíufélög-

in hafa sagt um verðmismuninn á brennsluolíunni hér og úti um landið. Þau hafa talið í erindi sínu til n. um 100 kr. mismun á söluverði hverrar smálestar, en hv. þm. Siglf., — og mér dettur ekki í hug að efast um, að hann hafi gild rök fyrir sínu máli, — telur, að verðmunurinn nemi hátt á annað hundrað kr. á hverri smálest. Af því má þá nokkuð ráða, hvernig muni vera að halda úti skipum úti um landið með svona miklum verðmun á þessari vörutegund, sem þau taka svo mikið til sín, sérstaklega þegar þess er gætt, eftir því sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að útgerðin hér í Reykjavík með sína aðstöðu á mjög erfitt uppdráttar. En hvað sem um þetta allt saman er, þá er það alveg sjáanlegt og það liggur orðið ljóst fyrir, að málið er þannig vaxið, að óhjákvæmilegt er að taka það fyrir til úrlausnar, þannig að bætt verði aðstaðan til atvinnurekstrar hvað áhrærir verðlag á þessum vörutegundum öllum.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi, að olíufélögin hefðu það mikinn gróða, að þau stæðust vel við að taka á sínar herðar flutninginn á þessum vörum út um landið, jafna verðið, svo að það yrði ekki hærra en í Reykjavík, og jafnvel gætu þau vel lækkað verðið á þessum vörum frá því, sem er í bænum. Nú skal ég játa, að ég hef ekki þann kunnugleika, að ég treysti mér til að dæma um þetta, en svo þýðingarmikið er þetta atriði, að það á að vera vorkunnarlaust að ganga úr skugga um þetta með því að láta rannsaka verzlun olíufélaganna með þessar vörur, og sé verzlunarmáti þeirra þannig, að þetta reynist rétt, þá eiga þau að taka á sínar herðar flutningana og lækka verðið um það, sem hægt er. Það er alveg óþarfi að láta þessi félög, hvað mörg sem þau eru nú, hvort þau eru 2, 3 eða fleiri, mergsjúga þjóðina.

Hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv. hafa borið fram brtt., sem eru nú bornar fram á þessari stundu og menn hafa ekki haft tök á að athuga. En sakir þess, hvað málið er mikilvægt og nauðsynlegt, að það fái heppilega afgreiðslu, — og það vildi ég vona, að sé meiri hluti fyrir því einmitt í Alþ., að svo megi verða, — þá er nauðsynlegt að vanda sem bezt allan frágang málsins, og vil ég nú leyfa mér að fara fram á það við hv. þingmenn, hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv., að þeir tækju sínar brtt. aftur til 3. umr., svo að mönnum gefist kostur á að athuga þær vel og íhuga, hvað heppilegast muni að gera um meðferð málsins, þannig að sem allra beztur árangur náist um afgreiðslu þess í alþjóðarþágu.

Forseti (SB): Vegna þeirra óska, sem fram hafa komið um það, að umr. um þetta mál verði frestað, vil ég aðeins segja það, að frv. var vísað til hv. allshn. 14. okt. s. l. og n. hefur því haft mjög rúman tíma til þess að skila um það áliti, bæði meiri hluti og minni hluti, og enn fremur er nokkur tími liðinn síðan hv. meiri hl. n. skilaði áliti, þar sem það mun hafa verið 10. des. Ég hygg þess vegna, að heppilegast verði að hafa þann hátt á að ljúka 2. umr. nú, en hv. minni hl. gefist svo tækifæri til þess að gefa út nál. við 3. umr. Það eru fordæmi fyrir því og fyllilega þinglegt, og vænti ég, að hv. minni hl. geti sætt sig við það. Mun ekki verða hraðað svo að setja málið á dagskrá til 3. umr., að hv. minni hl. gefist ekki tækifæri til þess að gefa út sitt nál. með þeim upplýsingum, sem hann þarf að koma á framfæri. Ég vil enn fremur taka undir þá ósk hv. frsm. til hv. flm. brtt., að þeir taki sínar brtt. aftur til 3. umr. Þær snerta allmörg atriði frv. og æskilegra, að þær liggi fyrir prentaðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held, að það sé mjög slæmt að afgreiða þetta mál nú við 2. umr. í staðinn fyrir að láta fara fram betri rannsókn heldur en nú þegar hefur verið gerð í hv. allshn. um þetta mál. Satt að segja undrar það mig, að n. hér á Alþ., sem er kunnugt um okur olíuhringanna, er kunnugt um málaferlin í sambandi við þeirra álagningu, er kunnugt um margra ára og áratuga meðferð þeirra á þjóðinni, skuli taka mál eins og þetta til meðferðar án þess að taka sér fyrir hendur að einhverju leyti sjálf að rannsaka, hvernig þetta stendur. Það lágu fyrir henni þau plögg, sem ég las hérna upp áðan, og hún gat ákaflega vel vitað, hvernig aðstaðan þarna var, og enginn aðili í landinu hafði eins góða aðstöðu og ein nefnd þingsins sjálfs til að geta krafið viðkomandi aðila — í þessu tilfelli olíuhringana — allra upplýsinga um málið, þannig að það lægi alveg fyrir okkur nú við þessar umr., hvernig þetta stæði. Ég skil ekki í, að þær upplýsingar, sem ég flutti hérna áðan, séu nýjar fyrir hv. allshn., og það hefðu verið á þessum tíma, sem málið hefur legið fyrir henni, fullir mögulegar til þess að ganga úr skugga um það við hringana, hvernig þetta raunverulega stæði. Ég held þess vegna, að það langskynsamlegasta, sem verði gert nú við 2. umr. málsins, sé að samþ. þær brtt., sem ég er hérna með. Ég gæti nefnilega trúað, að þegar búið væri að samþ. þær brtt. við 2. umr., þá kæmu hringarnir hlaupandi með alls konar upplýsingar, sem þeir hafa kannske ekki verið allt of óðfúsir að láta í té. Þá gæti nefnilega hv. allshn. farið að tala við þá eins og sá, sem valdið hefur, þegar hún hefði þetta frv. fyrir sér í því formi, að þetta yrði leyst á kostnað olíuhringanna. Og rannsóknarskyldan, sem hv. frsm. n. réttilega talaði um hér áðan, lægi þá á olíuhringunum. Þeir yrðu að koma og sanna nú, að þetta væri ekki hægt, sem Alþ. hefði samþ.

Ég get þess vegna ekki á það fallizt að taka mína till. til baka. Ég vil láta atkv. ganga um það nú, hver afstaða hv. þd. er viðvíkjandi olíuhringunum. Ég held, að það dugi engin linkind í þeim efnum. Hitt er ég alveg sammála um, að síðan, þegar búið væri að breyta frv. þannig við 2. umr. málsins, þá gæti allshn. athugað sinn gang vel á milli umr., því að það verður vafalaust komið til hennar til þess að kvarta. En þá verður hennar aðstaða líka miklu betri. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að mínar brtt. séu samþ. nú við 2. umr. málsins, og síðan er þá hægt milli 2. og 3. umr. að athuga málið betur.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson). Herra forseti. Mér þykir miklu miður, ef hv. 2. þm. Reykv. ætlar að halda fast við það að halda till. sínum fram núna við þessa umr., og það er sakir þess, að hv. þm. hafa ekki haft nokkurt tækifæri til þess að athuga þær brtt. hans, sem hann hefur

hér borið fram. Ég held, að það geti ekki orðið neinn vinningur að því að halda því til streitu, því að það er eðlilegt, að menn í þessu máli vilji gjarnan sjá fótum sínum forráð og geta gert sér glögga grein fyrir, hvað þeir eru að samþ. eða þá hvað þeir eru að fella. Ég skal lofa hv. 2. þm. Reykv. því, að ef hann verður við óskum mínum um þetta efni, þá skulu hans till. verða teknar til athugunar mjög gaumgæfilega af n. — Ég vil þakka hv. þm. Siglf. fyrir það, að hann vill verða við þeim tilmælum mínum að taka sínar brtt. aftur til 3. umr. Ef það á að halda fram svona till. strax til atkvæða, þá óttast ég, að þær næðu ekki samþykki, þótt það væri kannske alveg rangt, og það gæti þá leitt af sér, að það yrði að fresta umr., til þess að það kæmu ekki fyrir nein óhöpp. Er það þó slæmt sakir þess, hvað áliðið er þings, og alveg er það víst, að mörgum hv. þm. leikur hugur á, að þetta mál nái fram að ganga, telja það svo þýðingarmikið, eins og rétt er.

Vel má vera, að allshn. hafi ekki unnið eins rækilega og hún hefði átt að gera í þessu máli, en ég vil nú benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að það er mjög takmarkað vald, sem venjuleg þingnefnd hefur um að krefja aðila upplýsinga. Þeir aðilar, sem þn. leitar til, geta hagað sínum svörum eftir því, sem þeir telja bezt henta, og venjuleg þn. hefur ekki vald á því að krefja þá til sagna umfram það, sem þeir góðviljuglega láta í té. Til þess að svo megi verða, ef um eitthvert alvarlegt mál er að ræða, þá verður að hafa sérstaka skipun á slíkri þn. og veita henni vald til þess samkv. stjórnarskránni að krefja sagna og upplýsinga um allt það, er hún telur máli skipta, og þá er ekki hægt neinum aðila að komast undan að láta slíkar upplýsingar í té, nema þá að sæta sérstökum viðurlögum fyrir það að vilja ekki láta upplýsingarnar í té, sem óskað er eftir. En venjulega þn. skortir alveg myndugleika til slíks.

Ég ætla, að hér hjá okkur alþm. mörgum — kannske öllum — sé það áhugamál að láta afgreiðslu þessa máls fara sem bezt úr hendi, og þess vegna vil ég nú vona, að hv. 2. þm. Reykv. geti fallizt á að taka sínar till. aftur til 3. umr. Ég vil vona, að ekkert missist í við góða afgreiðslu málsins, þó að hann verði við þeim óskum.

ATKVGR.
Brtt. 464 tekin aftur til 3. umr.
— 465,1 felld með 16:5 atkv.
1. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Brtt. 465,2—4 teknar aftur.
— 413 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 466, n. 523, 464, 467).

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það dróst nú fyrir okkur minni hl. í allshn. að skila nál. í þessu máli, eins og fram kom hér á þingfundi, áður en þingið fór í frí fyrir jólin. En nú liggur fyrir á þskj. 523 nál. okkar, og þar gerum við í meginatriðum grein fyrir skoðunum okkar og afstöðu til málsins, og þarf ég þess vegna ekki mjög miklu þar við að bæta, þó að ég vilji aðeins árétta nokkur þeirra atriða, sem kannske skipta mestu máli.

Frv., eins og það liggur fyrir, er um verðjöfnun á olíu og benzíni. Það hefur hins vegar komið fram till. frá einum nm., sem myndaði meiri hl., um að taka benzín út úr verðjöfnunni, þ. e. hv. þm. Siglf., og að þessu athuguðu er eiginlega meiri hl. fyrir því í allshn., að það verði ekki tekin upp verðjöfnun á benzíni. Við höfum fallizt á það, að það muni vera rétt, eins og fram kemur í grg. olíufélaganna, sem fylgir nál. meiri hl., að meiri verðjöfnun á benzíni heldur en nú er — því að hún er þegar allmikil, eins og kunnugt er — muni leiða til almennrar hækkunar á benzíninu. Við teljum, að það verði ekki hrakið, sem olíufélögin segja í áliti sínu á bls. 5 í nál. meiri hl., að jöfnunarverðið á benzíni muni því hafa í för með sér aukinn óþarfa flutningskostnað, sem að sjálfsögðu mundi hækka útsöluverðið, svo sem þau rökstyðja með því, að menn mundu hirða minna um að taka benzínið á þeim stöðum, þar sem það er ódýrast. Sér í lagi mundu stærstu benzinnotendurnir úti á landi, sem hafa umboðslaun af sölu og notkun og afgreiðslu benzínsins, meira en nú er freistast til þess að taka benzínið heima hjá sér, og á þann hátt mundi í heild leggjast meiri flutningskostnaður á benzínið og orka til almennrar hækkunar á því.

Við meðferð málsins hefur kannske verið meira rætt um verðjöfnun á olíunni, og þar má segja, að mest hafi borið á málflutningi þeirra manna, sem sagt hafa, að útgerðin úti á landi og utan Faxaflóa sérstaklega, sem býr við hærra olíuverð, megi ekki við þessum miklu meiri tilkostnaði heldur en önnur útgerð, sambærilegir starfsbræður annars staðar á landinu. Þessa staðhæfingu erum við þeim alveg sammála um. En svo auðnast okkur ekki að verða samferða lengur, vegna þess að þeir, sem bera fram þessa verðjöfnun á olíunni, segja: Til þess að rétta hag útgerðarmanna úti á landi, þá skulum við láta útgerðarmennina við Faxaflóa borga hærra olíuverð. — Í þessu er ég þessum aðilum ekki sammála. Ég mundi vilja vera þeim sammála um ýmsar aðrar leiðir til þess að greiða niður olíukostnað útgerðarinnar úti á landi, en ekki eins og sakir standa nú með því að taka fé til þess frá þeim, sem reka útgerð við Faxaflóa. Og það er vegna þess, að ég tel þá aðila, bátaútveginn og togarana, eins og nú standa sakir, á engan hátt aflögufæra. Menn segja að vísu: Ja, því skyldu þeir ekki geta borgað hærri olíu við Faxaflóa, þegar þeir borga svona miklu hærri olíu annars staðar úti á landi? — Útgerðin úti á landi berst í bökkum og getur ekki borið hinn mikla tilkostnað, og það sama gildir um útgerðina hér við Faxaflóa. Það er naumast hægt að benda á nokkra útgerð, sem ber sig nú, svo að heitið geti. Það þykir gott, ef hægt er að láta endana ná saman. Fram yfir það hefur ekki verið um mikið að ræða, hvorki hér við Faxaflóa né annars staðar.

Ég held, að öllum sé ljóst, hversu rík nauðsyn er að halda uppi útgerð og framleiðslustarfsemi sem víðast á landinu. Og ef menn halda því fram, að það sé svo erfitt að gera út á ýmsum stöðum úti á landi vegna meiri tilkostnaðar á olíu, eins og hér um ræðir, þá mundi ég vilja segja: Það er svo mikil þjóðfélagsleg nauðsyn að halda þessari útgerð áfram vegna þeirrar framleiðsluaukningar, sem hún ber í skauti sér, og vegna þeirrar atvinnuaukningar og atvinnusköpunar, sem hún hefur í för með sér, að þjóðfélagsborgararnir í heild verða að rísa undir því að gera þessari útgerð kleift að bera sig, og þess vegna sýnist mér einfaldast, að það eigi að vísa henni á almannasjóð landsmanna, á ríkissjóðinn, en ekki á sjóði nokkurra annarra útgerðarmanna, sem berjast í bökkum. Þetta er viðhorfið í sambandi við togarana. Það munu vera um 17 togarar, sem eru gerðir út utan Faxaflóa, og til þess að leysa þeirra vandræði, sem hér um ræðir, fyndist mér miklu eðlilegra að verja um 50 þús. kr. úr ríkissjóði til hvers þessara 17 togara, innan við milljón króna alls, til þess að ná því marki, sem þeir mundu ná með þessu frv.

Um bátana gegnir svo nokkuð öðru máli. Þeir eru langsamlega flestir gerðir út hér við Faxaflóa, og þær viðræður, sem nú standa yfir á milli bátaútvegsmanna annars vegar og fiskkaupenda hins vegar, þar sem ríkisstj. er þriðji aðilinn til þess að reyna að tryggja útgerð bátanna, byggjast allar á þeim rekstrargrundvelli, þar sem miðað er við núverandi olíuverð. Ef olíuverð þessara báta ætti að hækka vegna verðjöfnunarinnar, þá væri þar með raskað verulega þessum grundvelli. Og við þetta bætist svo einnig, að um bátana má segja það, að það eru margir bátar, sem gerðir eru út utan Reykjavíkur og nágrennis, utan Faxaflóa, og þurfa að vísu að borga olíueininguna dýrara verði en bátar hér í Faxaflóa, en hafa samt minni tilkostnað af olíunni, vegna þess að þeir nota minni olíu, þar sem þannig háttar til, að þeir hafa miklu styttra á miðin að fara. Það er þannig ekki einsýnt til að jafna metin á milli útgerðarinnar að fara þær leiðir, sem hér er lagt til, með verðjöfnuninni á olíunni.

Það er sagt af 1. flm. þessa máls, að það sé svo dýrt að flytja nauðsynjar austur í V.-Skaftafellssýslu, af því að þetta sé svo löng leið, að það verði að lækka benzínið fyrir bændurna þar austur frá, og þá segir þessi hv. þm.: Það á að gera það með því að láta þá bændur, sem nota benzín annars staðar, greiða hærra verð við verðjöfnunina. — Ég vil nú segja það við þennan hv. þm., sem benti réttilega á það í sinni framsöguræðu, að það væru 60 aurar, sem ríkissjóður væri búinn að taka með benzínskattinum af hverjum lítra: Hví ekki að fara og heimta sinn hluta af skattinum og segja: Við, sem höfum svona erfiða aðstöðu í þjóðfélaginu, viljum ekki borga sama benzínskatt og hinir? — Mér finnst það miklu eðlilegra sjónarmið heldur en að segja: Hækkið þið verðið hjá hinum, sem nota benzín, svo að við getum fengið lægra verð. — Það er ekki frambærilegt, að ríkissjóður taki svona gífurlegan benzínskatt af þeim, sem hafa svona erfiða aðstöðu vegna notkunar á benzíni í sveitum, þar sem landflutningar eru jafngífurlega langir. Við skulum vera a. m. k. svo sanngjarnir að segja, að það sé a. m. k. algerlega matsatriði, hvort það sé réttara að láta þá aðila, sem nota benzín líka, borga þetta eða láta borga þetta úr ríkissjóði, sem er búinn að taka 60 aura af benzíninu.

Það á sér stað margvísleg verðjöfnun í okkar þjóðfélagi á einn eða annan hátt. Það eru lagðir símar út um allar sveitir fyrir hagnaðinn af bæjarsímanum í Reykjavík t. d., og þetta er auðvitað verðjöfnun, og menn láta þetta gott heita. Og það eru auðvitað byggðir vegir úti um sveitirnar og brýr fyrir benzínskatt úr ríkissjóði, — benzínskatt, sem tekinn er í Reykjavík og nágrenni og annars staðar, þar sem vegir og brýr eru komnar. Þetta er líka ósköp eðlilegt og kemur öllum meira og minna í þarfir, og menn sjá allir nauðsynina á því. Ég held, að það sé ástæðulaust að deila um það, að menn almennt sjái nauðsynina á því, að það sé það mikið samræmi í aðstöðu atvinnurekstrar og atvinnulífs á landinu, að byggðin geti haldizt ekki síður úti um sveitir landsins heldur en í kringum höfuðstaðinn, við Faxaflóa, og næsta nágrenni; þess vegna sé spurningin aðeins um það, að menn greini á um leiðirnar, hvernig eigi að tryggja þetta. Sannleikurinn er líka sá, að þetta er ekki meira „princip"-mál um verðjöfnunina heldur en það, að við sjáum, að þm. flokkast alveg einfaldlega eftir því, hvar þeir hafa eiginhagsmuna að gæta í sínu héraði. Og það má segja með réttu, að það sé eðlilegt, að ég sé á móti þessu, þetta snerti menn, sem séu umbjóðendur mínir hér í höfuðstað landsins, o. s. frv., þar sem ég er þm. Reykv. Það mótar vissulega að verulegu leyti mína skoðun, og ég spyr sjálfan mig að því: Er rétt að taka það, sem þarf til að rétta útgerð og öðrum atvinnurekstri hjálparhönd í þessu efni, frá fáum aðilum, ef það er heildarhagsmunamál þjóðfélagsins, að þetta sé gert? — Ef það er jafnmikið hagsmunamál þjóðfélagsheildarinnar eins og einhverra einstakra hópa og meira, þá er engin ástæða til þess eða a. m. k. ekkert réttlætanlegra að fara inn í hinn þrönga hóp, til þess að málið nái fram að ganga.

Sannleikurinn er sá, að hvað sem segja má um þetta og hver sem niðurstaðan í þessu verður, þá höfum við látið fylgja nál. álit frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem ber ekki með sér, að það sé mikill áhugi í hópi bátaútvegsmanna fyrir þessari verðjöfnun, og byggi ég það á því, sem þar kemur fram, að þegar sambandsstjórnin spyr öll sambandsfélögin og alla einstaka aðila að því, hvaða álit þeir hafi á þessu máli, þá eru bara 3 aðilar, sem svara, og einn af þeim er með verðjöfnun og 2 á móti. Ég hef heyrt sagt, að þeir hafi ekki getað svarað þessu, af því að það hafi verið um hávertíð, sem þeir hafi verið spurðir. Ég veit ekki, hvort það er hægt að taka svona gilt. Þeir geta verið hér á fundum um hávertíð og gert ályktanir á þingum o. s. frv. En að þeir hafi ekki tíma til þess að tjá sig um hagsmunamál eins og þetta, vil ég ekki telja gild rök. Eitthvað annað hlýtur að liggja þar á bak við, og einnig er það víst, að þetta hefur auðvitað verið mikið deilumál á fundum L. Í. Ú., og það má kannske segja, að það sé að eðlilegum hætti, því að mestur fjöldinn af þessum bátaútvegsmönnum er við Faxa-

flóann og hér í nágrenninu og hefur þá hagsmuni af því, að olíuverðið hækki ekki vegna verðjöfnunar.

Meira skal ég nú ekki fara út í það, hvernig heimilisástæðurnar eru hjá bátaútvegsmönnunum og útgerðarmönnunum í þessu máli, sbr. það, sem fram kemur í bréfi landssambandsstjórnarinnar. En við höfum að öllu athuguðu lagt til, hv. þm. Hafnf. og ég, að það sé með afgreiðslu þessa máls ekki tekin afstaða til stefnusjónarmiðs í þessu eða „princip"-sjónarmiðsins, hvort það skuli vera verðjöfnun eða ekki verðjöfnun, — látum það liggja á milli hluta og leggjum þess vegna til, að málinu sé vísað frá með rökst. dagskrá, þar sem við teljum, að eins og sakir standa í dag sé samþykkt málsins ekki tímabær, og það teljum við að sé vegna töluvert sérstakra kringumstæðna eins og nú háttar.

Það hefur nýlega verið leyst hér allsherjarverkfall með ráðagerðum, sem kippt er til baka fyrir mikinn hluta fólks með því að samþ. þetta frv. Það hefur verið lækkað olíuverð og lækkað benzínverð, og olían hefur verið lækkuð sem liður í því að lækka framfærsluvísitöluna, sem að sjálfsögðu mundi aftur hækka við þessa verðjöfnun hjá fjölda fólks hér í Reykjavík og nágrenni. Og það hefur verið lækkað mjólkurverð. Það er alveg greinilegt, að benzínverðjöfnun mundi hækka benzínverðið á því svæði, þar sem mest mjólkurmagnið er hér í nágrenninu, eins og í Árnessýslu. Annaðhvort verður sú hækkun að koma niður á bóndanum til meiri lækkunar á mjólkinni eða þá það verður að velta þeim auknu tilkostnaði yfir á neytandann með hækkuðu mjólkurverði, og menn vita, hvað það mundi mælast vel fyrir, eftir það, sem á undan er gengið. Ég held þess vegna, að það sé mjög óráðlegt eins og sakir standa að samþ. þetta mál, vegna þess að í augnablikinu hefur það miklu víðtækari verkanir heldur en það mundi hafa haft á öðrum tímum, sökum þeirra deilna, sem nýlega hafa staðið í þjóðfélaginu og leystar hafa verið með margvíslegum ráðstöfunum, sem samþykkt þessa frv. grípur að verulegu leyti inn í. Það er nú verið að reyna að tryggja útgerð bátanna, og þeim viðræðum er ekki lokið, og þetta frv. mundi einnig raska þeim grundvelli, sem með þeim viðræðum er lagður, en það er rekstrargrundvöllur bátanna samkv. nál. ríkisskipaðrar nefndar, eins og fram kemur í grg. okkar, frá 1945, sem þeir áttu sæti í: Pétur heitinn Magnússon, Klemenz Tryggvason, núverandi hagstofustjóri, og Gylfi Þ. Gíslason alþm. og prófessor, og hefur aðeins verið breytt í samræmi við verðbreytingar, sem orðið hafa frá þeim tíma. Það er þess vegna mjög óeðlilegt að gera hér á þingi ákvarðanir, á sama tíma sem slíkar viðræður standa yfir, sem raska þeim grundvelli, sem þær eru á byggðar. Loksins held ég, að togaraútgerðin í dag standi það höllum fæti, bæði hér við Faxaflóa og annars staðar, ekki síst vegna þeirrar ófyrirséðu úrlausnar í landhelgisdeilunni, sem við stöndum í, að það sé ekki neinu á bætandi, og sé því miklu skynsamlegra að hverfa að þeim leiðum að reyna að rétta þeim hjálparhönd að öðrum leiðum, sem verst standa. Hér við verð ég líka að bæta því, sem fram kemur í lok grg. okkar og snertir Reykjavíkurbæ og mér er náttúrlega nærstæðast, að það hefur auðvitað veruleg áhrif, eftir að Reykjavíkurbær er búinn að gangast inn á ýmis atriði í sambandi við lausn vinnudeilunnar, sem miðuð eru við fjárhagsáætlun, sem á nú að fara að afgreiða, og vitaskuld miðað við það, að það breytist þá ekki aðrir liðir hennar, þ. á m. að ekki sé samþ. á þinginu frv., sem að verulegu leyti breytir niðurstöðutölum þeirrar fjárhagsáætlunar, sem við erum með. Er bent á, að munað geti t. d. á fjárhagsáætlun rafveitunnar hálfri til heilli milljón króna bara vegna olíunotkunar toppstöðvarinnar á þessu ári. Hins vegar yrði hún miklu minni á árinu 1954, eftir að Sogsvirkjunin nýja er komin í gang, svo að það á við einnig þarna, að einmitt að gera þetta nú er að minni skoðun sérstaklega ótímabært, auk þess sem þetta snertir auðvitað stórlega bæjarútgerðina í Reykjavík, sem er með 8 togara, og mundi þá muna hana um ½ millj. kr., ef þessi verðjöfnun væri samþ., í auknum rekstrarkostnaði á olíunni einni.

Af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, finnst mér, að hv. þm. þurfi ekki að karpa mjög um „princip"-atriðin í þessu máli. Þetta eru hagsmunasjónarmið, sem eru mismunandi eftir því, hvar menn eru búsettir á landinu, og það er vissulega hægt að hugsa sér fleiri leiðir til þess að ná því marki, sem þetta frv. stefnir að, heldur en þá, sem þar er á bent, og að mínu áliti skynsamlegri, eins og nú standa sakir. En okkar till. er sú — með leyfi hæstv. forseta — að málinu verði vísað frá með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Þar sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér verulega röskun á því samkomulagi, sem náðist hinn 19. des. s. l. milli ríkisstj. og atvinnurekenda og launþega til lausnar allsherjarverkfallinu, sem þá hafði staðið nærri þrjár vikur, og þar sem samþykkt þess mundi enn fremur hafa veruleg áhrif til röskunar á rekstrarkostnaði bátaútvegsins, sem lagður er til grundvallar í viðræðum L. Í. Ú., frystihúsaeigenda og ríkisstj. til þess að tryggja útgerð bátaflotans á vetrarvertíðinni, og þar sem loksins er fullvíst, að togaraútgerðin við Faxaflóa er þess allsendis óviðbúin, eins og nú standa sakir, að taka á sig þann aukna rekstrarkostnað, sem samþykkt frv. mundi orsaka, telur deildin ekki tímabært að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 467 og skal nú leyfa mér að skýra þær brtt. nokkuð.

Í fyrsta lagi er lagt til, að 1. gr. sé breytt þannig, að söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skuli vera hið sama á öllum útsölustöðum úti um land og er á hverjum tíma útsöluverð í Reykjavík. Með því að breyta þessari grein þannig, á að vera tryggt, að útsölustaðirnir úti um land njóti sama verðs fyrir allar þessar olíutegundir eins og er á hverjum tíma útsöluverðið í Reykjavík, og það er samkv. því, sem flm. þessa frv. hafa lýst yfir, höfuðtilgangur með þeirra frv.

Hins vegar vil ég fara nokkuð aðra leið til þess

að ná þeirri verðjöfnun, sem með þessari orðun 1. gr. væri ákveðin, heldur en lagt er til í 2., 3. og 4. gr. hjá þeim. Þess vegna legg ég til, að 2 gr., sem í þeirra frv. fjallar um verðjöfnunargjaldið, breytist þannig, að verðlagseftirlitið skuli á hverjum tíma ákveða útsöluverðið í Reykjavík. Ég vona, að ég þurfi ekki að taka það fram, að þegar svona ákvæði eru sett í lög eða lagafrv., að verðlagseftirlitið skuli ákveða útsöluverðið, þá er ekki gengið út frá því, að verðlagseftirlitið ákveði slíkt út í bláinn. Það er ákveðið, að verðlagseftirlitið byggi á ákveðnum forsendum, ákveðnum rannsóknum á skilríkjum, sem fyrir því liggja, og það er nauðsynlegt, — það vil ég taka fram hér, — að það sé haft þó nokkurt aðhald að verðlagseftirlitinu um ákvörðun útsöluverðs, því að reynslan, eins og ég kom nokkuð inn á við fyrri umr. þessa máls, hefur sýnt okkur, að það hefur áður verið tilhneiging til þess hjá verðlagseftirlitinu, eða verðlagsstjóra, meðan það hét nú svo, að ákveða útsöluverðið á olíutegundum og benzíni óþarflega hátt, m. ö. o. taka of mikið tillit til þeirra reikninga, sem olíufélögin leggja fram. Sýndi ég hér greinilega fram á það með tilvitnunum í bréf, sem liggja fyrir Alþ., og yfirlýsingar frá fjvn., byggðar á yfirlýsingum frá þáverandi forstjóra innkaupastofnunar ríkisins, Finni heitnum Jónssyni, að ríkisinnkaupastofnunin gat fengið olíuna með allt að því 20% lægra verði en verðlagseftirlitið hafði leyft olíufélögunum að setja á olíuna. M. ö. o.: Samkv. þessari 2. gr., 1. mgr. í henni, mundi verðlagseftirlitið ákveða útsöluverðið í Reykjavík á hverjum tíma, og geng ég þá náttúrlega út frá því, að það byggi á góðum skilríkjum eins og venjulega og meiri gagnrýni en verið hefur fram að þessu á reikningum olíufélaganna í því sambandi. Enn fremur er þarna tekið fram, að þó megi verð, þegar þessi verðákvörðun fyrst kemur til framkvæmda, ekki hækka frá því, sem það er í Reykjavík við samþykkt þessara laga, þannig að það sé alls enginn möguleiki til þess að breyta frá því, sem núna er, nema þá til lækkunar.

Svo legg ég til, að 3 gr. sé orðuð þannig, að frjálst sé að flytja til landsins allar þessar olíutegundir og eins efni til geyma fyrir þær og að bankarnir skuli skyldir til að láta gjaldeyri af hendi til greiðslu þeirra. Ég álít, að verðlagseftirlitið og þess starfsemi sé ekki nægilegt til þess að „kontrolera“ olíuhringana og þeirra verðlagsmyndun. Reynslan sýnir, að hvað eftir annað hefur það komið fyrir hér á voru landi, að stjórnarvöld, jafnt ríkisstjórn, sem verðlagsnefndir, hafa lýst því yfir, að olíuverð væri það lágt, að það væri ekki hægt að lækka það, og t. d. þegar benzínskattur var settur á af hálfu Alþ., hafa allar viðkomandi opinberar stofnanir lýst því yfir, að það yrði að hækka benzínið sem þessu svaraði, því að olíufélögin gætu ómögulega borið það. Samt hefur það sýnt sig, að á sama tíma sem þessu hefur verið haldið fram af opinberum stofnunum, þá hefur verið hægt að flytja olíu eða benzín til landsins og selja undir því verði, sem hringarnir hafa selt á, meira að segja við mun lakari tæknileg skilyrði heldur en hringarnir hafa haft. (Gripið fram í.) Hér í Reykjavík fyrst og fremst, alveg rétt, enda fer meiri hlutinn af olíusölunni fram hér í Reykjavík. Það er þess vegna gefið, að það mundi auka möguleikana til að lækka verð á olíu og benzíni á Íslandi, ef það væri tryggt, að frjálst væri að flytja inn til landsins þessar olíutegundir og jafnvel efni til geyma fyrir þær, þannig að hvaða aðilar sem vildu með þetta verzla, hvort það væru samtök útvegsmanna, neytenda eða annarra, gætu á þennan hátt reynt að keppa við þessa stóru og voldugu hringa sjálfir. Nú er vitanlegt, að á undanförnum árum hafa þeir þrír hringar, sem aðallega annast söluna á olíum hér á Íslandi, fengið gjaldeyri til þess að byggja hér bæði stóra geyma sem höfuðgeymslur og benzíntanka úti um allt land og setja of fjár í þessa geyma, þ. e. leggja í frá þjóðhagslegu sjónarmiði að miklu leyti óþarfa fjárfestingu, sem þjóðin síðan er látin borga á 5—10 árum í allt of háu olíuverði. Hefði verið hugsað um þjóðarhag í þessu sambandi og reynt að skipuleggja olíudreifinguna á Íslandi, þannig að það væri sem ódýrast fyrir þjóðina, þá hefði fyrir löngu verið tekin upp sú tillaga, sem oft hefur verið flutt og raunar ríkisstj. að nokkru leyti hefur heimild til eftir gömlum l., að taka upp einkasölu á olíunni. Það hefur hins vegar ekki fengizt fram, enda stefna ríkisstj. ekki verið neitt í þá átt. Fyrst hins vegar það hefur þótt eðlilegt, að þeir þrír hringar, sem nú annast olíudreifinguna og benzíndreifinguna á Íslandi, fengju allir að koma upp miklu af geymum og óþarflega miklu af geymum um allt land, þá er náttúrlega ekkert óeðlilegt, að Íslendingum sé sjálfum gefinn kostur á því að mega, til þess að reyna að keppa við þessa hringa, hafa frjálsan innflutning á olíum. Það er vitanlegt, að olíuhringarnir í heiminum, sem þessir íslenzku hringar eru angi af, eru það sterkir, fjárhagslega það voldugir, að það er ákaflega erfitt við þá að berjast, og svona skilyrði eins og í þessari 3. gr. — eins og ég legg til að orða hana — er þess vegna ekki nema rétt til þess að opna þann möguleika, að fólkið hafi sjálft þó nokkra möguleika til þess að eiga í höggi við þá. Þó vil ég um leið geta þess, að mér er það alveg ljóst, að slíkt er ákaflega miklum erfiðleikum bundið. Þeir geymar, sem olíuhringarnir nú hafa hér á Íslandi, eru það stórir, miðaðir við að geta flutt í 10 þúsund lesta skipum beint frá olíuhöfnunum, framleiðslulöndunum, þannig að tæknilega séð er orðið afskaplega erfitt við þá að keppa, þegar tæknilegir og verzlunarlegir yfirburðir eru þannig mjög miklir. Það þýðir hins vegar, að frá sjónarmiði þeirra, sem væru á einhvern hátt að bera hagsmuni olíuhringanna fyrir brjósti, ætti að vera alveg óhætt að ganga inn á þessa 3. gr., gefa landsbúum þetta litla frelsi, sem þar er farið fram á, Það er hverjum manni, sem eitthvert skynbragð ber á olíuverzlunina, ljóst, að það er ákaflega erfitt að hagnýta það. Yfirburðir allra voldugra auðhringa liggja fyrst og fremst í því, að þeir reka sína verzlun í svo stórum stíl, að þeim hagnýtast þess vegna allar aðstæður allt öðruvísi og betur en hverjum sem rekur eitthvað í smáum stíl, og það er þetta, sem gerir það fyrir fram ákaflega erfitt fyrir alla þá smáu, sem hefðu kannske löngun til þess hér heima að keppa við þessa hringa, að nota sér meira að segja það litla frelsi, sem þeir nú fengju með þessari 3. gr. En

aðhald gæti það samt sem áður orðið, þannig að hringarnir misnotuðu ekki aðstöðu sína, sem þeir hafa vegna sinna miklu fjárhagslegu og tæknilegu yfirburða, eins geipilega og þeir hafa gert undanfarið.

Þá legg ég enn fremur til, að 4. gr. sé breytt, og er það rökrétt áframhald af mínum brtt. við 2. og 3. gr. — 4. gr. legg ég til að sé ákveðin þannig, að ef nú innflytjendur á þessum nefndu olíutegundum selja þær að staðaldri ódýrari í Reykjavík heldur en aðrir, þá skuli verðlagseftirlitið ákveða útsöluverðið á olíum og benzíni um allt land í samræmi við þetta lægsta söluverð. Ég veit, að þessi grein muni máske vera höfuðdeiluatriðið í sambandi við þessar brtt. mínar, og ég skal alveg skýrt og greinilega og hreinskilnislega segja frá, hvað það er, sem ég hef hugsað mér með þessu. Ég hugsa mér það, að það eigi að vera möguleikar fyrir þá, sem nota benzín og olíur hér í Reykjavík, að koma sér upp þó ekki væri nema litlum olíugeymi eða olíugeymum og litilli benzín- eða olíustöð og selja frá þessum geymum olíur og benzín hér í Reykjavík. Ég set orðin „að staðaldri" hérna inn í til þess að sýna þá sanngirni gagnvart olíuhringunum, að það sé ekki hægt t. d. að fá einn lítinn farm af þessum olíutegundum og selja hann út hérna innan viku í Reykjavík á mjög lágu verði og síðan yrðu hringarnir að lækka verðið um allt land í samræmi við það. Ég orða þetta svona, þannig að þeir aðilar, sem tækju að sér að flytja inn benzín eða olíur hingað til Reykjavíkur, yrðu að geta að staðaldri fullnægt þeirri eftirspurn, sem hér yrði eftir olíum og benzíni. Ég álít, að þetta ætti að geta verið hægt, og veit ég þó, að það er miklu erfiðara að gera þetta nú en stundum áður. Það er miklu erfiðara vegna þess, að fyrir 15 árum eða svo höfðu olíuhringarnir íslenzku ekki þá aðstöðu, sem þeir hafa núna, að geta flutt í eins stórum skipum beint frá framleiðslulöndum. Ég geng út frá því, að hver sem nú ætlaði að hefja olíuinnflutning hérna, þá mundu ekki vera neinir þeir aðilar til, sem hefðu það mikið fjármagn, að þeir gætu gert meira en að koma upp hér litlum olíugeymi, sem flutt yrði í á litlum olíuskipum frá Englandi eða meginlandinu, þ. e. þeim löndum, sem sjálf flytja til sín frá framleiðslulöndunum, og það þýðir, að verðið á höfnum meginlandsins er þeim mun hærra en ef það er suður í Suður-Ameríku eða öðrum slíkum stöðum, sem við nú aðallega flytjum frá, eða í Mið-Ameríku, að það er strax erfiðara að keppa. En ég álít, að þeir tæknilegu yfirburðir, sem hringarnir hafa með sínum stóru tönkum hér nú, séu það miklir, að svo framarlega sem einhverjir gætu á þennan hátt flutt olíur eða benzín hingað inn til Reykjavíkur og selt það út hérna að staðaldri ódýrara en olíuhringarnir selja hér, þá væri það ekki nema sanngirnismál, að olíuhringarnir, vegna þeirrar sérréttindaaðstöðu, sem þeir hafa fengið í krafti sinna stóru tanka og síns gífurlega dreifingarkerfis, væru skyldaðir til að selja olíuna á sama verði úti um allt land. Ég álít, að það yrði þeim engan veginn ofvaxið, og ég álít þess vegna, að þessi 4. gr., eins og ég hef orðað hana, mundi opna möguleika fyrir jafnt t. d. bílstjórana hér í Reykjavík, útgerðarmennina, togaraeigendurna eða þá, sem nota olíu til kyndingar í húsum, til að skapa sér með samtökum nokkurn hemil á verðlagningu olíuhringanna. Og mér finnst, að þeim, sem trúa á frjálsa samkeppni, og þeim, sem prédika mest frjálsa verzlun, ætti nú að þykja óhætt að lofa fjármagnslitlum aðilum í Reykjavík að skapa sér samtök eða að reyna á annan hátt að skipuleggja þannig olíudreifinguna í Reykjavík, að hún gæti orðið nokkur hemill á verðlagsákvarðanir olíuhringanna.

Þess vegna álít ég, að þessi grein mundi þýða það, að þeir aðilar úti um land, sem núna þurfa endilega á því að halda og eiga á því sanngirniskröfu, að verð sé lækkað hjá þeim, mundu með því að opna þessa möguleika viðvíkjandi innflutningnum í Reykjavík vera að vinna að hagsmunum sjálfra sín með því. Ég hef þarna bundið þetta við Reykjavík. Ég skal að vísu játa, að þetta gæti auðvitað eins komið til greina með ýmsa bæi úti um land, og það má vel vera, að einhverjir hv. þm. vildu þarna ganga lengra en ég og leggja til, að jafnvel einhverjir aðrir staðir á landinu yrðu látnir fá þennan rétt til þess að ákveða þannig verðlagið. Ég hef nú ekki viljað ganga svo djarft til verks. Hins vegar, eins og segir í 3. gr. eftir minni tillögu, er öllum stöðum á landinu frjálst sjálfum að flytja inn. Það, að ég tel Reykjavík þarna, er af því, að ég veit, að það mundu vera mestir möguleikarnir til þess að skapa raunverulega samkeppni við hringana á þeim stað.

Ég álít þess vegna, að með þessu móti mundi þeim tilgangi, sem fyrir flm. vakir, verða fullnægt, sem sé með þessu tvennu móti, sem segir í 2.—4. gr. eins og ég legg til, að þær verði orðaðar: annars vegar með aðstoð ríkisvaldsins í gegnum verðlagseftirlitið, hins vegar með frjálsri verzlun á olíu og þeirri ákvörðun, að útsöluverð, sem að staðaldri er í Reykjavík það lægsta, skuli aftur sjálfkrafa verða hið lægsta útsöluverð úti um land. Ég held, að það væri betur búið um hagsmuni fólks úti á landi með þessum tveim aðferðum til verðlækkunar á olíunni og benzíninu heldur en með því verðjöfnunargjaldi, sem lagt er til að leggja á með frv.

Í 5. og 6. gr. er ákveðið, hvernig skuli fara með brot gegn ákvæðum þessara laga og að brot á verðlagsákvæðum gagnvart þeim skuli sæta sömu viðurlögum og brot gegn l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Ég veit, að sérstaklega hv. þm. Framsfl. muna eftir því, að l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm voru ein höfuðlögin, sem sett voru á þinginu 1949 eftir kosningarnar og áttu þá að vera kosningasigursmál Framsfl., eftir að hann hafði háð mikla kosningarbaráttu fyrir því, að kaupendur og notendur í landinu hefðu meiri rétt en áður til vörukaupanna. Það voru að vísu upprunalega í frv. Framsfl. ákaflega hörð viðurlög við brotum á l. um verðlag, m. a. svipting á atvinnuréttindum og öðru slíku, og verðlagsdómstóllinn átti að vera afskaplega harðvítugur eftir þeim till., sem form. Framsfl. bar fram í Ed. Það var nú dálítið úr þessu sniðið, og mér sýnist nú á þeim stærsta dómi, sem enn þá hefur fallið hjá verðlagsdómi, að þá hafi lítið verið notað af þeim hörðu heimildum, sem Framsfl. lagði til að

þar væri beitt, en það eru máske sérstakar ástæður fyrir hendi til þess.

Þetta er um þessar brtt. minar við þetta frv., og ég held, að með þeim mundi vera náð — jafnvel betur en með frv. sjálfu — tilganginum, sem fyrir hv. flm. þessa frv. vakir.

Þá er komið að aðalatriðinu í sambandi við þetta, sem ég veit að hv. flm. frv. og fylgjendur þess munu spyrja mig að: Er þetta hægt? Er hægt að ætla olíuhringunum, að þeirra verzlun geti borið það, að verðið sé lækkað frá því, sem nú er, og síðan miðað við útsöluverð í Reykjavík? Er það hugsanlegt, að olíuhringarnir geti borið það tvennt: í fyrsta lagi, að verðið úti um allt land á olíum og benzíni sé núna lækkað niður í verðið í Reykjavík, eins og það er nú, og í öðru lagi, að verðið í Reykjavík og þar með úti um allt land þar á eftir yrði lækkað, svo framarlega sem hægt væri að hafa samkeppni og selja með lægra verði hér í Reykjavík heldur en olíuhringarnir gera að staðaldri? Þegar við eigum að svara þeirri spurningu, hvort það sé hægt að ætla olíuhringunum að bera þetta, þá komum við alltaf að þessari sömu athugun aftur og aftur: Hafa olíuhringarnir það mikinn gróða, að það sé hægt að skella þessu á þeirra breiða bak? — Ég hef áður — og ætla ekki að endurtaka það — skýrt frá þeim einu yfirlýsingum, sem fyrir Alþingi liggja um verðlagningu olíuhringanna, þegar m. a. hráolían var seld út á 650 kr. eða eitthvað þar um kring tonnið með leyfi verðlagseftirlitsins, en innkaupastofnun ríkisins gat fengið hana fyrir 520 eða 530 krónur, svo að það var 120 króna munur. Það var sem sé hægt að fá hana 20% undir því verði, sem olíuhringarnir höfðu getað sannfært verðlagsnefndina um að væri eðlilegt útsöluverð fyrir þá. Það má af því sjá, að það er ekki sérstaklega mikið að marka það verð, sem olíuhringarnir gefa upp til verðlagseftirlits, jafnvel til nefnda hér í þinginu. Staðreyndirnar liggja þarna fyrir, að þeir hafa getað selt 20% undir því verði, sem þeir hafa gefið upp sem nauðsynlegt útsöluverð, og það hafa þeir vafalaust ekki gert sér í óhag; þeir hafa ekki gert það þannig, að þeir hafi tapað á þessari olíu. Ég álít þess vegna, að af sölu olíuhringanna hér á Íslandi sé vel hægt að ganga út frá því, að þeir mundu sjálfir, þ. e. íslenzku olíuhringarnir, þola lækkun, sem væri þannig raunverulega um 20%. Nú er ég því miður ekki nægilega kunnugur hlutfallinu á milli sölunnar hér í Reykjavík og nágrenni annars vegar og úti um land hins vegar til þess að þora að segja, hverju þarna mundi muna, hvað það mundi þýða mikið fyrir olíuhringana að verða að lækka verðið úti um land, til þess að það yrði sama eins og er í Reykjavík. En ég verð þó að álíta, að það sé nokkuð stórt, sem olíuhringarnir hafa upp á að hlaupa í þessu sambandi.

Það liggja ekki fyrir tölur um, hvað öll sala á olíu á Íslandi er í útsöluverði til notenda, og ég þori ekki að slengja á það neinni tölu nema sem hreinni ágizkun. Ef maður talar um t. d. 250 eða 300 millj., þá er það hrein ágizkun hjá mér, aðeins til þess að hafa einhverjar tölur til þess að geta reiknað með. En gizki maður á, að af útsöluverði á öllu þessu, sem væri máske t. d. 300 millj. kr., væri 20% ágóði, þá þýðir það um 60 millj. kr., sem olíuhringarnir hefðu upp á að hlaupa. En ef þetta væru 250 millj. og það væru 20%, þá væri það samsvarandi minna. Ég held nú, að það væri engu spillt, þó að sú tilraun væri gerð að láta olíuhringana horfa fram á það að gera svo vel að selja úti um allt land olíu og benzín á sama útsöluverði og í Reykjavík og sjá, hvað þeir segja. Að vísu veit ég, að það gæti verið nauðsynlegt að hressa upp á þær heimildir, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú þegar að nokkru leyti, enda lögin frá 1943 gömul lög, sem sett voru af utanþingsstj. þá. Ég held, að þau séu enn þá í gildi nema síðasta greinin í þeim um leigunámið á olíugeymunum. Það væri þó hægt að hressa þann part við, sem féll úr gildi, þannig að ríkisstj. hefði heimild til þess að taka leigunámi eignir olíuhringanna hér á Íslandi, — olíuhringarnir stæðu frammi fyrir því, að ríkisstj. mundi þá flytja inn olíu sjálf og benzín og selja það í þeirra tönkum, svo framarlega sem þeir neituðu að lækka verðið úti um allt land niður í sama verð og er í Reykjavík. Ég þykist vita, að það mundi vera hollt, að ríkisstj. hefði slíkt vopn í hendinni, þegar hún væri að tala við olíuhringana, en ég þykist líka alveg vita, að það væri nóg að hafa slíkt vopn í hendinni, það þyrfti aldrei að beita því gagnvart þeim.

Svo er hitt, að þótt með svona verðlagsákvæðum væri gengið alllangt gagnvart íslenzku olíufélögunum og þeim möguleikum, sem þau hafa til gróða, þá vil ég taka það fram, að ég efast nú um, að öll sú lækkun á olíum og benzíni, sem knúin yrði fram með svona ráðstöfunum, mundi skella á íslenzku olíufélögunum einvörðungu; þar með á ég við umboðsfélög þeirra stóru útlendu olíuhringa hér heima. Ég efast ekki um, að þegar svona verðlækkun kæmi nokkuð jafnt við öll olíufélögin hér heima, þá mundi það raunverulega þýða, að þau mundu knýja fram lægra verð á olíunni í innkaupi. Olían, sem flutt var til Íslands á síðasta ári, kostaði 150 millj. kr. komin hér í höfn. Það er fimmti eða sjötti parturinn — held ég — af öllum innflutningi Íslands, m. ö. o. langsamlega stærsti liðurinn í öllum okkar innflutningi. Við greiðum í erlendum gjaldeyri 150 millj. kr. fyrir olíutegundirnar, sem við flytjum hingað, og það vil ég alveg fullyrða, að ekki sé undir 20 — 25% af þessum 150 millj. hreinn gróði fyrir hina útlendu olíuhringa, og það getur hver maður kynnt sér, sem les núna skýrslurnar um viðureign persnesku ríkisstj. við Anglo-Iranian Oil Company, þar sem kemur fram, hvaða verð það er, sem Anglo-Iranian hefur greitt undanfarið fyrir olíuna þar, og þar sem líka kemur fram, hver gróðinn hefur verið á undanförnum árum, sem Anglo-Iranian hefur fengið, og ég veit, að það félag er samt ekki það voldugasta; Standard Oil og félögin, sem eiga olíulindirnar í Venezuela og á öðrum þeim stöðum, sem við fáum olíuna frá, hafa ekki grætt minna. Hins vegar er mér alveg ljóst, að til þess að draga eitthvað úr 30—40 millj. kr. gróða, sem útlendir olíuhringar taka af okkur á hverju ári núna í of háu olíuverði, þá þarf mjög harðvítugar aðgerðir af hálfu Íslendinga. Ég veit, að þær litlu till., sem ég geri um frelsi fyrir Íslendinga almennt til þess að mega flytja inn olíu, eru rétt eins og að fá Íslendingi

lítinn korða í hendurnar til þess að berjast við stórveldi í fjármálaheiminum, sem beita fallbyssum og hverju öðru sem er. Það er rétt til þess að gera menn ekki algerlega varnarlausa hérna heima — rétt til þess að þeir séu þó ekki reyrðir í bönd og afhentir olíuhringunum til ævarandi eignar og ábúðar. Ég veit, að til þess að ná einhverju ofur litlu — þið hafið stundum kvartað um gjaldeyrisskort hérna — af þeim 30 millj. kr., sem útlendu olíuhringarnir núna taka af okkur fyrir utan það, sem þeir íslenzku græða, þá þarf, ef vel á að vera, að beita íslenzka ríkisvaldinu gagnvart þeim, láta þá standa frammi fyrir því, að svo framarlega sem þeir ætli að rísa upp á móti þeim ákvörðunum, sem íslenzka ríkið gerir um verðlag á olíum, þá sé íslenzka ríkið reiðubúið til þess að kaupa sínar olíur annars staðar. Og ég veit, að þeim mönnum, sem þekkja þessa hluti, er kunnugt um það, að olía er boðin út á verði, sem er langt fyrir neðan það verð, sem olíuhringar, sem selja hér heima, selja á.

Það var nýlega upplýst af hálfu Bandaríkjastj., hvers konar samtök þessir olíuhringar hafa sín á milli um að okra á almenningi í heiminum. Það var nú frekar lítið gert úr því hér í þeim stjórnarblöðum, sem annars gera mikið með það, sem Bandaríkjastj. gerir. Það var frekar lítið gert með þessa málshöfðun Trumans forseta gegn olíuhringunum. En það var hins vegar mjög ljóst, hve ósvífinn gróðinn var, og það hefði raunar ekki heldur komið neitt við hjartað í Bandaríkjastjórn, þó að þessir olíuhringar þar í landi græddu eitthvað á almenningi og íbúum annarra landa, en það kom eitthvað við pyngjuna, þegar Bandaríkjastj. varð sjálf í gegnum Marshallaðstoðina að greiða óþarflega hátt okurverð fyrir olíuna til þessara hringa. Nú er auðvitað búið að afturkalla þessa málshöfðun, því að nú eru kosningarnar liðnar hjá í Bandaríkjunum. Ég veit ekki með málaferlin hér heima, hvort þau verða líka afturkölluð eftir kosningarnar og að það verði eitt í því, sem stjórnarflokkarnir munu semja um eftir kosningar, en a. m. k. það sem af er liggja þó fyrir nokkrar upplýsingar um, að meira að segja olíufélögin hér heima láta sér ekki nægja þann allmikla svo kallaða löglega gróða, sem þau fá, heldur seilast líka stundum eftir ólöglegum. En alvarlegasta málið í þessu öllu saman er, að þessir olíuhringar eru ekki aðeins mikið fjárhagsvald í okkar þjóðfélagi, voldugasti innflutningsaðilinn á Íslandi, heldur líka voldugasta stjórnmálaaflið í báðum stjórnarflokkunum, og það er það, sem gerir það erfitt að fá í gegn hér á Alþ. till., sem annars mættu virðast svo sjálfsagðar sem nokkrar till. væru, eins og þær, sem ég legg hér fram á þskj. 467.

Það er sannarlega ekki til mikils mælzt, að verðlagseftirlit ætti að ákveða útsöluverð á olíum, eins og verðlagseftirlit hefur gert það langan tíma á öðrum tegundum vara hér á Íslandi, og það er ekki heldur til mikils mælzt, að við þessa voldugu hringa, sem ræna okkur tugum milljóna króna á hverju ári, hefðu landsmenn þó það takmarkaða frelsi til þess að berjast við þá, sem þeir fengju með því að verða að flytja inn olíu með miklu lakari tæknilegum skilyrðum heldur en olíuhringarnir hafa. En ég er hræddur um, að sterkari en allir fjárhagslegir og tæknilegir yfirburðir olíuhringanna í viðureign þeirra við Íslendinga verði þeirra ægishjálmur yfir stjórnarflokkunum á Alþingi, verði þeirra ítök í stjórnarflokkunum á Alþingi. Mér hefur þótt það hart, að við þetta mál, sem hér hefur verið rætt, skuli það ekki hafa fengizt rætt af alvöru, hvort hringar, sem selja veigamestu vöruna, sem flutt er til Íslands, hringar, sem selja fimmtunginn af öllu, sem flutt er til Íslands af öllum vörum, taki óheyrilegan gróða á þessu eða ekki.

Ég álít, að í þessu máli eigi fulltrúar dreifbýlisins úti um land og alþýðan í Rvík að standa saman á móti olíuhringunum til þess að bæta kjör beggja þessara aðila á kostnað olíuhringanna, — bæta fyrst og fremst kjör þeirra, sem búa í dreifbýlinu úti um land, — og þegar ég tala um dreifbýli, á ég við bæina úti á landi líka — þannig að fyrst sé lækkað verðið á olíum og benzíni úti um allt land niður í það verð, sem nú er í Rvík, síðan sé gefið það frelsi, sem 3. og 4. gr. fjalla um, til þess að Reykvíkingar geti fengið rétt til þess að berjast fyrir því að lækka olíuna og benzínið enn frekar, og þá skuli fólkið úti um allt land njóta þeirrar lækkunar. Ég álít það vera hörmulegt, þar sem á borðinu liggur hjá útlendum og innlendum olíuhringum 50—60 millj. kr. gróði á ári, ef fólkið úti um land og fólkið í Rvík getur ekki komið sér saman um að létta þungum byrðum fyrst og fremst af fólkinu úti á landi á kostnað olíuhringanna. Og enn hefur ekki verið komið fram með nein rök, sem sýndu fram á, að þær till., sem ég hér hef flutt og að sumu leyti eru svipaðar þeim, sem ég var með við 2. umr., en að öðru leyti ekki, séu ekki raunhæfar. Það hefur enginn treyst sér til þess að halda því fram, að olíuhringarnir gætu ekki borið þessar byrðar, sem lagt er til af minni hálfu að taka af herðum fólksins úti á landi og leggja á herðar ríkasta og gróðafíknasta hlutans af auðvaldi heimsins.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. þm. geti samþ. till. mínar og fengið þannig þá lausn á þessu máli, sem tvímælalaust verður affarasælust, bæði fyrir fólkið úti um land og fyrst og fremst fyrir það, en síðan, ef vel tækist til, líka fyrir Reykvíkinga, þó þannig, að fólkið úti um land nyti þess þá einnig.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi gjarnan leiðrétta eitt atriði að minnsta kosti í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég teldi að vísu fulla ástæðu til að leiðrétta mörg atriði í ræðu hans, en það mætti æra óstöðugan, ef út í það væri allt farið.

Hann talaði um það mjög fjálglega, að nauðsyn væri á því, að hér væri frjáls innflutningur á olíu, og taldi það standa olíuverzluninni í landinu fyrir þrifum, að innflutningur væri ekki frjáls á þessari vöru.

Ég vil benda hv. þm. á, að hér er um talsverðan misskilning að ræða af hans hálfu, vegna þess að innflutningur á þessari vöru er frjáls. Geta bæði hann og hverjir aðrir sem vilja á venjulegan hátt, einstaklingar eða félög, gert það. Hygg ég, að ekki verði nein fyrirstaða á því, að þeir fái innflutningsleyfi fyrir slíkum olíum.

Hann vildi halda því fram, að verð á benzíni og olíum hér á landi væri allt of hátt, að mér skildist, af því að ekki væri haft nógu gott eftirlit með því, að félögin högnuðust ekki allt of mikið á þessari verzlun sinni. Því til sönnunar gat hann þess, að hér hefði verið eitt félag í Rvík fyrir nokkru, sem selt hefði benzín miklu lægra verði en félögin annars gerðu, m. ö. o., þetta félag hefði getað keppt við hin stóru milljónafélög. Þetta átti að sýna, eftir því sem hann meinti, að það væri enginn vandi fyrir félögin að selja t. d. benzín á miklu lægra verði en þau hefðu gert. En hv. þm. gat ekki um það, að þetta félag, sem hann ræðir um, seldi sína vöru í skjóli félaganna. Á þann hátt gat það selt sitt benzín á sama verði og félögin seldu hér í Reykjavík, en á benzín félaganna var búið að leggja talsvert hátt verðjöfnunargjald vegna benzínsölu úti á landi. Það er auðvelt, þegar svo hagar til, að selja vöru á lágu verði, ef þeir, sem maður verður að keppa við, verða að setja hærra verð á sína vöru í Reykjavík til þess að geta selt hana á lægra verði annars staðar á landinu. Þetta er því lítil sönnun fyrir því, að hægt sé fyrir hvern sem er að selja með lægra verði, að verð á þessum vörum sé óhæfilega hátt eða að minnsta kosti miklu hærra en það þyrfti að vera.

Ég skal ekki fara inn á það, hvað mikið þessir auðhringar leggja á olíuna og þá aðallega, sem hv. þm. gat um, hvað auðhringarnir, sem selja olíuna frá uppsprettunum, græða á því. En hitt getur engum dulizt, að fyrir notendur í landinu hlýtur það að vera hagkvæmara að flytja olíuna inn á 10—15 þús. tonna tankskipum en að flytja hana inn í tunnum, eins og gert var hér fyrir hálfum öðrum tug ára. Ég mundi segja, að ég ann þá þeim aðilum vel að hagnast á þessum viðskiptum, ef þeir með því að framkvæma þau á þennan hátt geta selt landsmönnum olíuna miklu ódýrari en þeir hefðu getað fengið hana ella. Og þess er ekki að dyljast, að olíuverð hér hefur farið lækkandi af þeim ástæðum, að olíuverzluninni hefur verið komið í það horf, að það hefur verið hægt að dreifa henni með miklu minni kostnaði en var áður, þegar var verið að kaupa hráolíu og benzín í tunnum frá Kaupmannahöfn.

Það er mikið talað um gróða olíufélaganna, og maður skyldi nú ætla, að félög, sem veltu jafnmiklu fé árlega eins og þessi félög, mundu græða talsvert mikið fé. En eftir því, sem mér er skýrt frá, þá eru það a. m. k. tvö af þessum félögum, sem ekki hafa greitt arð til hluthafa í mörg ár. Þetta bendir nú ekki á það, að þessi félög, sem hér starfa, hafi neinn óhemjulegan gróða af viðskiptunum við landsmenn. Hitt er svo annað mál og er vitanlegt, að þau af þessum félögum, sem hafa viðskipti við útlendinga hér á landi, hafa haft talsverðan hagnað af þeim viðskiptum. Ég sé nú ekki, að ástæða sé til út af fyrir sig að harma það, ef viðskiptin við landsmenn eru í góðu horfi og olían og benzínið er selt þeim með hæfilegu og sanngjörnu verði.

Þetta bendir til þess, að mínu áliti, að olíuverzlunin hér hafi ekki verið eins gróðavænleg eins og margir ætla og margir hafa haldið fram. Hins vegar skal ég viðurkenna, eftir því sem mér er kunnugt um verðlagningu á þessum vörum, að það hefur verið alltaf nokkuð erfitt viðfangsefni að finna leið til þess að hafa eftirlit með álagningunni eða finna form fyrir henni. Það var fyrir mörgum árum, sem það form var tekið upp og er að mestu leyti haldið enn þá, að fundinn var nettó-dreifingarkostnaður félaganna á hvert tonn af olíu og benzíni, og við þennan nettódreifingarkostnað var svo bætt 5% verzlunarhagnaði. Þetta var náttúrlega ekki nákvæmur mælikvarði, en það er líka ákaflega erfitt að finna nákvæman mælikvarða fyrir álagningu á þessar vörur, jafnflókið og dreifingarkerfið á þeim er og margvíslegir kostnaðarliðirnir, sem koma inn í slíka útreikninga.

Ég verð að segja það, að ég er á dálítið öðru máli en hv. flm. um þessar till. hans, sem hér liggja fyrir. Hann sagði, að þetta væru raunhæfar tillögur. Ég vil halda því fram aftur á móti, að þetta séu ákaflega óraunhæfar till. Hann talaði mikið um það og braut um það hugann, hvort félögin mundu nú geta staðið undir þessari byrði, sem hann vill á þau leggja með þessum till. En þær ganga í þá átt að setja á verðjöfnun, eins og hér hefur verið um rætt, án þess að félögin fái greiddan flutningskostnað og annan kostnað, sem því fylgir úti um land. Og hv. þm. vill láta félögin greiða þennan kostnað, án þess að hann komi inn í verðjöfnunina, en færir ekki fram nein rök fyrir því, að félögin geti staðið undir þessum kostnaði. Þess vegna segi ég: Þessar till. eru gersamlega óraunhæfar. En þó tekur út yfir 4. till. hv. þm., þar sem hann leggur til, að ef einhver flytur inn olíu eða benzín til neytenda, þótt ekki væri nema nokkrar tunnur, og seldi undir gildandi jöfnunarverði eða jafnvel undir sanngjörnu verði, þá á það að ákvarða verðlag um allt land. Mér finnst nú til of mikils mælzt af hv. þm. að ætlazt til, að Alþingi fallist á slíka lagasetningu.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Á þskj. 464 flutti ég við 2. umr. brtt. við frv. Í fyrsta lagi var það, að benzín yrði fellt niður, og í öðru lagi, að það kæmi þannig bráðabirgðaákvæði, að árið 1953 skyldi olíuverzlunum óheimilt að hækka útsöluverð á olíum vegna greiðslu verðjöfnunargjalds samkv. lögum þessum. Þetta fannst mér vera lágmarkskrafa, að þetta ár yrði notað til þess að sannreyna, hvort olíuverzlanirnar þurfa að fá hækkun og þá hve mikla, og það yrði bezt gert með því að láta þær sjálfar sanna sinn kostnað. Fyrri till. — um benzínið — flutti ég með það fyrir augum, að um málið gæti frekar orðið samkomulag, þar sem benzínið gæti valdið meiri deilum en olían sjálf. Ég hef hins vegar ekki komið auga á það, að þetta hafi á neinn hátt leitt til samkomulags, og þá sé ég ekki ástæðu til þess að halda við þessa till., vegna þess að ég er á þeirri skoðun, að þessar lífsnauðsynlegu vörur eins og benzín og olíur þurfi að vera á öllum stöðum á landinu, vegna þess að þetta er undirstaða alls atvinnulífs, hvar sem er á landinu. Af þeim sökum mun ég draga fyrri liðinn, 1. tölulið till. minnar á þskj. 464, aftur. Hins vegar flyt ég brtt., sem er í samræmi við það, að ég dreg fyrri liðinn aftur, um það, að till. um bráðabirgðaákvæðið breytist þannig, að á eftir orðunum „að óheimilt sé að hækka útsöluverð á olíum“ komi: og benzíni

vegna greiðslu verðjöfnunargjalds samkv. lögum þessum.

Út af till. hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég er þeim fylgjandi og mun greiða þeim atkvæði. Ég er þeirrar skoðunar, að olíuverðið sé óhæfilega hátt í landinu. Má benda á það, að olíufélögin gátu í sambandi við lausn verkfallsins, sem stóð í desember, lækkað olíuna, þegar á þau var þrýst, um 4 aura. Sú lækkun er meiri en hefði þurft að hækka olíuna hérna til þess að framkvæma verðjöfnunina, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það sýnir, að þær fullyrðingar, að olíufélögin hafi tekið óhæfilega hátt verð, eru á rökum reistar. Ég held þess vegna, að það sé full ástæða til þess að setja ströng ákvæði um verð á olíu, vegna þess að olían er orðinn slíkur undirstöðuþáttur í okkar þjóðfélagi, sem allt okkar atvinnulíf veltur á, og þess vegna framar öllu nauðsynlegt, að haft sé hið strangasta eftirlit með olíuverði í landinu. En við vitum það, að þeir aðilar, sem selja þessa olíu, hafa sterka aðstöðu bæði hér innanlands og erlendis og því góða aðstöðu til þess að selja þessa vöru með gífurlegum hagnaði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í almennar röksemdir varðandi þetta frv., — ég gerði það í ræðu, sem ég hélt við 2. umr. málsins, — en vildi aðeins undirstrika það, að ég tel, að enginn frambærilegur rökstuðningur hafi komið fram fyrir því að selja olíu t. d. til togaranna, svo að ég taki eitt atriðið, á einum stað 145 kr. dýrara en á öðrum. Og furðuleg er sú fullyrðing, að togaraútgerðin hér í Rvík þoli ekki þá hækkun, sem kunni að leiða af þessari verðjöfnun, þegar vitað er, að sú hækkun getur aldrei orðið meiri en sem svarar 60 þús. kr. á mánuði fyrir einn togara hérna í Reykjavík, en lækkunin, miðuð við sömu eyðslu á olíu, sem þetta mundi hafa í för með sér hjá öðrum byggðarlögum, á Austurlandi og Norðurlandi, *nemur hvorki meira né minna en um 300* þús. kr. yfir árið. Þetta er svo mikill munur, að það sér hver einasti maður, að ef það er ekki hægt að reka togara í Rvík með þessari hækkun, þá er hægt að hætta togararekstrinum strax úti á landsbyggðinni. Við getum alveg fallizt á það, að þá er vitleysa og fásinna að láta sér detta í hug að reka togara úti á landsbyggðinni. Það er einmitt atriði, sem Reykvíkingar ættu sérstaklega að taka tillit til. Og ég veit, að öll alþýða manna mundi skilja, að ef kippt er grundvellinum undan öllu eðlilegu atvinnulífi úti á landsbyggðinni, — og því er ekki að neita, að grundvöllurinn undir atvinnulífi úti á landsbyggðinni er þegar orðinn mjög veikur, — ef honum er kippt alveg í burtu, *eins og átt hefur sér stað með olíuna undanfarið* og verður framvegis, ef ekki verður eitthvað að gert, þá liggur ekki annað fyrir en hópar af þessu fólki, sem enn þá berst við ýmsa erfiðleika úti á landsbyggðinni *og lífir þar sínu lífi*, komi hingað til Rvíkur eða hingað að Faxaflóanum — það hefur ekkert annað að leita — og bætist hér við í hóp vinnuþiggjenda á vinnumarkaðnum bæði í Reykjavík og nágrannaþorpum Reykjavíkur. Það er atriði, sem getur líka dregið úr tekjum almennings hérna. Þetta er atriði, sem ekki má horfa yfir, þegar verið er að meta þetta. Það yrðu beinlínis peningaleg útgjöld, ef þannig yrði dengt saman óeðlilega miklu vinnuafli og þar með líka felld niður ýmis þau verkefni, sem haldið er uppi af því fólki, sem enn þá býr úti á landinu og berst við þá miklu erfiðleika, sem það á við að stríða umfram það, sem hér er í Reykjavík.

Þótt olían sé seld á sama verði úti á þessum ýmsu stöðum, þá eru þó mörg atriði önnur, margir kostnaðarliðir aðrir, sem eru miklu dýrari fyrir það fólk, sem rekur atvinnurekstur þar og þarf að hafa afkomu sína af því atvinnulífi. Það er t. d. saltið. Saltið er flutt allt í gegnum Rvík og er þeim mun dýrara sem nemur flutningnum. Allt, sem hraðfrystihúsin þurfa að flytja til sín, er flutt í gegnum Rvík og er þeim mun dýrara sem flutningnum nemur. Þannig mætti telja mjög margt. Togararnir t. d. verða alltaf að koma til Reykjavíkur til botnhreinsunar; þeir geta ekki sameinað það við sinn túr, þegar þeir eru að koma og landa afla, eins og Reykjavíkurtogararnir geta gert. Þetta kostar marga daga í hvert skipti, að sigla til Reykjavíkur og láta taka skipið í slipp hérna og hreinsa það. Þetta eru stórir útgjaldaliðir, sem þarna er um að ræða og eftir sem áður koma til með að hvíla á togaraútgerðinni og ýmsum atvinnurekstri úti á landsbyggðinni, en Reykvíkingar þurfa ekki að hafa. Þetta eru aðeins atriði, sem ég vil benda á. Annars vísa ég til þess, sem ég sagði við 2. umr. málsins, og mælist þess vegna til, að þetta mál nái fram á þessu þingi.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég mun að þessu sinni reyna að draga saman mál mitt, eftir því sem ég frekast get. Ég tel, að það muni ekki græðast býsna mikið á löngum ræðum um málið. Viðhorf manna til þess ætti að geta legið ljóst fyrir eftir efni þess og því vafalaust tilgangslítið að þreyta mjög langar umræður.

Ég leit svo á, að flutningur þessa máls hér inn í þingið stafaði af því, að menn úti um landið fyndu sárt til þess, hvað verðlag á þessum vörum er orðið óhagstætt og hvað erfitt er fyrir atvinnureksturinn, sem þessar vörur notar, að rísa undir gjöldunum, sem m. a. af þessu háa verðlagi leiðir, og það væri brýn ástæða til þess að ráða á þessu nú þegar á þessu þingi einhverja bót. Fyrir þær sakir hef ég skoðað það svo þýðingarmikið, að ekki mætti gera neitt um meðferð málsins og afgreiðslu þess, sem gæti orðið því til hindrunar, að það næði fram að ganga. Og þær till., sem fram eru bornar í málinu, verða að vera á þeim grundvelli byggðar, að þær hindri ekki aðalatriðið, sem er að fá nokkra ívilnun á vöruverði á þessum nauðsynjum úti um landsbyggðina. Hvað afstöðu mína áhrærir persónulega sem fulltrúa míns héraðs, þá má vel vera, að það skipti ekki svo ósköp miklu máli. Nokkur ívilnun hygg ég að það kunni nú að verða þeim til handa, en vafalaust ekki stórvægileg, og hjá öðrum lengra úti um landið nemur þetta auðvitað miklu meira. En þó að þannig sé ástatt með mitt hérað, þá lít ég alls ekki þannig á málið, að það eigi að ráða afstöðu minni til þess, heldur sú mikla þörf, sem er hjá fólki víðs vegar úti um landið á að fá leiðréttingu á verðlagi á þessum nauðsynjum. Það er rétt, sem fram hefur komið, að

þetta er sú vörutegund, sem grípur stórkostlega inn í atvinnulíf landsmanna og hefur meiri áhrif um afkomu manna úti um landið heldur en flestar aðrar vörur, sem við verðum að flytja inn til landsins, þar sem þetta grípur mjög inn í atvinnulíf manna til sjávar og allmikið til sveita líka. Þess vegna hef ég valið mér þá afstöðu að greiða fyrir því eftir ýtrustu getu, að málið næði fram að ganga í þeim búningi, eftir því sem ætla má, að það geti komið helzt að gagni.

Mér þykir vænt um, að hv. þm. Siglf. hefur tekið aftur fyrri till. sína á þskj. 464. Viðvíkjandi þeirri skriflegu breyt., sem hann hefur borið fram við seinni lið þá er hún afleiðing af því, að hann tók fyrri liðinn aftur, og er sjálfsögð, ef á að samþ. bráðabirgðaákvæðin, sem hann ber fram. En mjög hefði ég kosið, að hv. þm. Siglf. hefði tekið seinni till. líka aftur. Það er, eins og hv. þm. sjá, gert ráð fyrir í þessari brtt., að útsöluverð á olíu hækki ekki vegna flutninginsins út um landið. Ég óttast það, ef þessi till. yrði samþ., að þetta gæti orðið til hindrunar því, að málið næði tilgangi sínum, þótt það að öðru leyti gengi gegnum þingið. Ég hef ekki þann kunnugleika og treysti mér ekki til að staðhæfa það, að gróði olíufélaganna sé það mikill, að þau geti vel bætt þessum kostnaði á sig; það getur vel verið, ég segi ekkert um það, hvorki til né frá. En það er annarra að hafa eftirlit með því, og ég vil mega vænta þess, að það megi treysta því, að verðlagseftirlitið sé svo trútt í sínu starfi, að það hafi fulla aðgæzlu á, að verðlag á olíum og benzíni sé ekki hærra en nauðsyn ber til, og að í gegnum það eftirlit og ákvarðanir þess megi treysta því, að þessar vörur verði ekki seldar dýrari en nauðsyn ber til. Ég veit ekkert um, ef svona ákvæði yrðu samþ., nema það gæti leitt til þess, að olíufélögin spöruðu við sig flutninginn á þessum nauðsynjum út um landið eftir ýtrustu getu, sem gæti þá leitt til þess, að þessar nauðsynjar vantaði og það yrði hörgull á þeim, og orðið til stóróþæginda og tjóns. Og það álít ég illa farið. Ég vona, að það sé öllum ljóst og þá verðlagseftirlitinu ekki síður en öðrum, að þetta er svo stórvægilegt mál og þýðingarmikið, að verði á þessum nauðsynjum sé stillt í hóf, að annað henti ekki heldur en þær séu seldar eins ódýrt og frekast er hægt. Ef ekki má treysta verðlagseftirlitinu um svo þýðingarmikið atriði, ef verðlagseftirlitinu er ofvaxið ekki margbrotnara en eftirlit er með þessum vörutegundum, — ja, til hvers höfum við þá verðlagseftirlitið? Til hvers erum við að burðast með það? Ef í stórþýðingarmiklu máli hvað þetta áhrærir er ekki hægt að treysta því, þá má nærri geta, hvers virði það er um þau efni, sem minna mega sín í þjóðarbúskapnum og afkomu fólksins. Ég get því ekki fallizt á þessa brtt. hv. þm. Siglf. og mun greiða atkv. á móti henni af þessum ástæðum, sem ég hef nú dregið fram.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur borið hér fram nokkrar till. Brtt. hans við 1. gr. get ég nú ekki séð eiginlega að breyti neinu. Það er ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá frvgr. Hann tiltekur í þessari brtt., að útsöluverð á þessum olíum og benzíni skuli vera úti um land hið sama og útsöluverð í Reykjavík. En í 1. gr. frv. er sagt, að útsöluverð á þessum vörutegundum skuli vera hið sama á öllum sölustöðvum á landinu. Reykjavík telst nú enn til landsins, að ég ætla, og ég get þess vegna ekki séð, að þetta skipti neinu máli, hvorki til né frá. Það er ekki þess virði að gera þetta mikið að umtalsefni, en mér bara finnst, að þetta sé tilgangslaus brtt.

Önnur brtt. lýtur að sumu leyti að því sama. En það á að ákveða þar, að útsöluverð á þessum vörutegundum skuli ekki vera hærra en það er í Reykjavík við samþykkt þessara laga. Þegar verðákvörðun kemur nú fyrst til framkvæmda, þá á það ekki að hækka frá því, sem það er í Reykjavík við samþykkt þessara laga. Það er með öðrum orðum sams konar atriði og felst í bráðabirgðaákvæði hv. þm. Siglf., og get ég þess vegna ekki heldur fallizt á það, af sömu ástæðum og ég hef áður tekið fram.

Þá sýnist mér nú, að það sé varla hægt að búast við, að slík ákvörðun sem um er að ræða í 3. brtt. hv. 2. þm. Reykv. hafi mikið að segja að óundirbúnu máli. Ég vil meina það, að ef nýr innflytjandi ætti að koma og hann ætti að geta orðið ráðandi hér um verð á þessum vörutegundum, þá þyrfti allmikinn undirbúning og sá aðili yrði að vera sterkur til þess að standast þá samkeppni, sem gera mætti ráð fyrir að kæmi af hálfu olíufélaganna, sem fyrir eru.

Um 4. brtt. hv. þm. er það að segja, að ef nú olíufélögin létu vera að flytja þessar nauðsynjar mikið til út um landið, ef það kæmi nú nýr aðili, sem annaðist þá flutninga, þá skilst mér sem honum gæti orðið erfitt að fullnægja þörfum fólksins þar. En léti hann vera að sinna því, en hugsaði aðeins um sölu hér í Reykjavík, þá gæti það einnig dregið dilk á eftir sér gagnvart fólkinu úti um byggðir landsins með vöruskorti og stórfelldu tjóni. Þannig ætla ég, að að svona alveg óundirbúnu máli eins og þetta er vissulega, eða ég a. m. k. þekki ekki til þess, að það séu nein samtök nú í uppsiglingu um nýjan aðila til þess að flytja inn þessar vörutegundir, þá sé ekki ráðlegt að skella á svona ákvæðum; það mundi ekki verða neitt þeim til liðsinnis, sem nú eiga erfiðasta aðstöðu.

Þá eru brtt. við 5. gr. Það á að fella flugvélabenzínið alveg niður. Það ræðir aðeins eftir brtt. um það, hvernig skuli fara með brot gegn lögunum. Það mundi nú fara um slíkt eftir ákvæðum gildandi laga um þetta efni, en hvað flugvélabenzínið áhrærir, þá vafalaust annast þessi tvö félög, sem annast um flugferðir hér, um þá vöru, og ég hef ekki þann kunnugleika, að ég treysti mér til að segja um það, hvort það er heppilegt að láta þessi ákvæði ná til flugvélabenzíns, og treysti mér ekki til þess að flytja svona ákvæði, því að ég geri ráð fyrir, að það hafi verið af kunnugleika sett að undanskilja það þessum ákvæðum í frv. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till.

Ég ætla nú ekki að tala langt mál um nál. hv. minni hl. Hann leggur til, að málið sé afgreitt með rökstuddri dagskrá. Hv. minni hl. var heppinn að draga að skila nál. og niðurstöðu nógu lengi til þess að fá grundvöll fyrir afstöðu sinni til afgreiðslu málsins. Aðalgrundvöllurinn, að manni virðist, fyrir afstöðu minni hl. er þeir

samningar, sem gerðir voru um kjarabætur út af vinnudeilunni, og jafnframt það, að ef fallizt yrði á frv., þá mundi það hafa veruleg áhrif hér við Faxaflóa á tilkostnað bátaútvegsins og við útgerð togaranna. Það jafnvel raskaði grundvelli þess samkomulags, sem var gert, og enn fremur gripi þetta inn í þá samninga, sem verið er nú að gera milli útvegsmanna og hraðfrystihúsanna. Það verð, skilst mér, sem hraðfrystihúsin kynnu að vilja gefa fyrir fiskinn, væri ekki hærra en það, að það þyldi ekki þann aukakostnað, sem af því leiddi, ef verðjöfnun yrði á olíum úti um landið, og það, sem þessar olíutegundir og benzín yrðu dýrari hér fyrir þessa verðjöfnun, þyldi útvegurinn ekki hér við Faxaflóa.

Það liggur nú fyrir í erindi olíufélaganna, hvað miklu meira hver smálest af olíu kostar úti um landið heldur en hér. Hv. þm. Siglf. hefur reyndar sagt, sem ég efast ekki um að er rétt, — það þekkir hann, — að verðmunurinn sé enn meiri. Olíufélögin telja, að olían sé seld úti um landið 100 krónum dýrari hver smálest heldur en hér í Reykjavík, en hv. þm. Siglf. segir, að þetta muni allt upp í 145 kr. á smálest. Ja, hvað á þá að segja um afkomu þessara atvinnuvega úti um land, fyrst það stendur svona á tæpu með afkomu þessa sama atvinnuvegar hér, ef við höldum okkur við sjávarútveginn? Nú nær það vitaskuld ekki nokkurri átt að telja, að þessi flutningskostnaður nái til mjög mikils hluta af þessum vörum, og úr því gera olíufélögin miklu meira en ég tel að sé rétt. Vitaskuld get hvorki ég né þau staðhæft um það fyrir fram, hvernig þetta kann að reynast, — því verður reynslan að skera út, — en eftir skipafjöldanum hér og olíumagninu, sem notað hefur verið undanfarið hér og úti um landið, þá gera olíufélögin, að því er mér sýnist, miklu meira úr kostnaðinum við flutningana heldur en rétt er. En hvað sem um það er, þá sjá allir, hvað fráleitt það er, ef útgerðin úti um land á að hafa þennan kostnað svona miklu meiri eins og hér liggur nú fyrir heldur en sjávarútvegurinn hér í Reykjavík og í grennd við Reykjavík hefur, og ef stendur á svona tæpu um afkomu útvegsins hér við Faxaflóa, hvernig mun það þá vera úti um land? Og ef verðlagið á fiskinum á að miðast við þessa sérstöku aðstöðu, sem er hér til sjávarútvegsins, þá sýnist mér, að það liggi í augum uppi, ef allt þetta er rétt, að sjávarútvegurinn úti um landið, sem nota þarf þessar vörur að nokkru ráði, eins og meiri hluti hans þarf vitaskuld, sé dauðadæmdur, eigi sér enga afkomuvon. Það var þess vegna hárrétt hjá hv. þm. Siglf., sem hann drap á hér áðan, að ef ekkert verður gert, eftir því sem hér liggur nú fyrir um þetta mál, þá er langsennilegast, að útvegurinn úti um landið leggist niður og menn flytjist hingað. — Það náttúrlega þarf ekki að vera að tala um flutninga út um landið, ef allir eru komnir hingað. Þá sparast það. En hvort það kynni nú ekki eitthvað að þrengjast hér í búi, þegar svo er komið, það er annað mál. En kannske hugsa menn ekki þá hugsun til enda. Ég held þess vegna, einmitt út af því, sem fram hefur komið og fyrir liggur í þessu máli, að þá sé það nú orðið ljóst, að það er enn brýnni ástæða til þess, að þetta nái fram að ganga, heldur en nokkru sinni fyrr. Ég efast ekki um, að hv. flm. þessa frv., sem hafa mikinn kunnugleika, hefur verið þetta ljóst, þegar þeir fluttu málið. En þeir hafa fengið, þó að á óbeinan hátt sé, ákaflega góða liðsmenn sínu máli til stuðnings, og það er ekki ég eða þeir, sem mæla nú með málinu. Það eru þeir, sem hafa valið sér það hlutskipti að snúast á móti því. Þeir hafa komið með sterkustu rökin málinu til stuðnings, að það nái hér fram að ganga, og það er vel. Ég fyrir mitt leyti hef haft sannfæringu fyrir því, að þetta væri nauðsynlegt mál og rétt mál, og þess vegna hef ég líka reynt að ljá því það litla lið, sem ég get.

Mig hálfundrar, að hv. minni hl. skuli bera svona orðaða dagskrá fram eins og hann gerir. Ef hann ómögulega treystir sér nú til vegna hagsmunanna hér við Faxaflóa að vera með, þá held ég nærri því, að það hefði verið hægt að hjálpa honum til þess að koma með einhverja skaplegri ályktun en þarna er borin fram. Hitt skil ég svo mætavel hjá hv. 5. þm. Reykv., frsm. minni hl., að það er nokkur vorkunn, þó að honum sé illa við og hann sé andvígur því, að þessi verðjöfnun komist á, og það grípur vissulega inn í það fyrirtæki, sem vikið er að hér í þessu nál. og hann minntist á, og það er rafmagnsstöðin hér við Elliðaárnar, sem notar hráolíu ákaflega mikið, — það er ekki nema mannlegt. En betra hefði þó verið að reyna að fá einhverja ívilnun um það efni heldur en að snúast alveg gegn málinu.

Þá er eitt atriði, sem fram kemur hér. Það er fskj., sem hv. minni hl. hefur látið prenta, bréf frá L. Í. Ú. Í upphafi bréfsins er kvartað yfir því, að allshn. skyldi ekki senda þeim frv. til álits og umsagnar, og ég get nú játað það, að það var kannske yfirsjón, að maður gerði það ekki. Upphaflega, þegar við tókum málið fyrir í n., þá leizt okkur sem það væri ekki svo mikil ástæða til þess að senda málið í burtu, — aðallega voru það olíufélögin, sem þá var minnzt á, — og það stafaði af því, að það var ýtarleg álitsgerð, sem lá fyrir og n. hafði í fórum sínum frá olíufélögunum, sem fram hafði komið áður, þegar þetta mál var til meðferðar hér á Alþ. En svo kom ósk frá olíufélögunum um að fá málið til umsagnar, og taldi n. sjálfsagt að verða við henni og gerði það. Það varð reyndar nokkuð til þess að tefja fyrir afgreiðslu málsins, en eigi að síður var það sjálfsagt og lítið um að segja, en þá hefði náttúrlega gjarnan mátt senda það sambandi útvegsmannanna. Það skal ég játa að var yfirsjón, að gera það ekki, því að vissulega kemur það sjávarútveginum við ekki lítið, eins og fram hefur komið. Þess vegna hefði það vel mátt vera. Það bar alls ekki á góma í nefndinni. Mér þykir þetta miður, að manni skyldi ekki detta það í hug. Ekki svo að skilja, að ég telji, að það græðist svo býsna mikið á þessu áliti. Það, sem fram kemur hjá þeim um það, að það valdi erfiðleikum hjá mönnum hér við Faxaflóa, gat maður gert sér nokkuð í hugarlund. Mér sýnist reyndar þeir gera fullmikið úr því, en það er sama. Það er vafalaust rétt, að komist þetta á, þá veldur það nokkurri hækkun hjá þeim, en vitaskuld miklu minni heldur en sá tilkostnaður er hjá hverjum einstökum úti um landið, ef

engin verðjöfnun er á þessu og ekki er tekið tillit til flutningskostnaðarins. Það er náttúrlega ekki sambærilegt. Þeir víkja að því sama sem fram kemur í áliti minni hl., að þetta gripi inn í samninga milli frystihúsa og útvegsmanna hér við Faxaflóa, og það er að sjá svo þar, að verðlagið á fiskinum verði svo lágt, að slíkan gjaldaauka sem af þessu stafar þoli útvegurinn hér ekki. Og það virðist svo sem þeir séu reiðubúnir af sinni hálfu að staðfesta þá samninga eða fallast á þá, ef von er til þess, að útvegurinn við Faxaflóa geti aðeins bjargazt áfram. Þá liggur auðvitað alveg beint við að álykta eftir þessu, að það verði að ráðast, hvernig fer um útveg annars staðar. Ekki getur maður lagt mikið upp úr umtalinu um það, að þetta ætti að taka einhvern veginn öðruvísi, úr því að engin till. er um það, og þá hæpið, hvað úr því yrði.

Það er t. d. sagt, að ef flutningskostnaðinum verði jafnað svona niður, þá fórni skipin hér við Faxaflóa óeðlilega miklu, en útgerðinni úti um landið komi það að tiltölulega litlum notum. Þetta er nú eiginlega skrýtið, því að meginþorrinn af þessum vörum verður náttúrlega notaður hér, sakir þess hvað útgerðin er hér stórkostleg. Og það, sem flutt er út um landið, þó að það sé nokkuð, er vitaskuld ekki nema dálítill hluti á við það, sem er notað hér, eins og fram kemur hér í erindi olíufélaganna til n. Þau segja, að árið 1951 hafi verið flutt inn 71 þús. tonn af skipaolíu, en liðug 13 þús. hafi verið flutt út um land. Svo þegar þau aftur fara að gera athugun á því, hvað það muni verða flutt mikið út um landið, þegar búið sé að jafna flutningskostnaðinn, þá verður það vitaskuld miklu meira. Þá komast þau að þeirri niðurstöðu, að það kunni að verða um 26 þús. tonn utan Faxaflóa, bæði til togara og verksmiðja.

Yfir höfuð má segja það í stuttu máli, að erindi útvegsmannanna sýni ljóslega, að þeir miða algerlega afstöðu sína við afkomuna hér við Reykjavík og Faxaflóa og láta sig engu varða, eftir því sem fram kemur þarna hjá þeim, um afkomumöguleika hjá útgerðinni annars staðar. Þótt ekki væri til annars en að fá staðfestingu á þessu, þá má segja, að þetta bréf hafi átt erindi inn í þingið og það sé nokkurs virði fyrir þá, sem þetta mál fyrst og fremst snertir, þ. e. útvegsmennina úti um landið, að fá það nú svart á hvítu, að viðhorf stjórnar þessara samtaka, sem kenna sig þó við landið allt, til þessa máls, sem henni er trúað fyrir og hún á að vinna að, miðist eingöngu við Faxaflóa. Þeir skrifa hér undir „Stjórn L. Í. Ú.“ Það hefði farið bezt á því, að þeir hefðu skrifað undir sem stjórn íslenzkra útvegsmanna við Faxaflóa, því að þá var það í samræmi við efni þessa erindis, sem þeir hafa sent frá sér.

Ég hét því í fyrstu, að ég ætlaði ekki að tala mjög langt mál. Það getur vel verið, að ég hafi að einhverju leyti brotið það, en mér fannst ég ekki geta alveg látið undir höfuð leggjast að víkja eitthvað ofur lítið almennt að þessu, eins og það liggur fyrir. Mín afstaða til málsins er sú, að ég ætla, að það sé hyggilegast að fella brtt., sem fram eru bornar, og samþykkja frv. nú óbreytt eins og það liggur fyrir. Ég vil mega vænta þess, að hv. d. hafi víðara sjónarmið en kemur fram hjá þeim, sem mæla sérstaklega á móti þessu máli. Ég ætla, að það sé líka af fullri þörf, að á þskj. 538 — það er 204. mál — flytja nokkrir hv. þm. þáltill. í Sþ. um athugun og undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Ég held, að slíkt verk sem þarna er minnzt á eigi mikinn rétt á sér og það sé nauðsynlegt. En einstaklega er þá hjákátlegt að sjá, að þegar um jafnstórvægilegt mál er að ræða eins og hér liggur fyrir, þá skuli viðhorf sumra hv. þdm. vera þannig, að manni sýnist sem það eigi aðeins að sjá afkomunni á litlum bletti á landinu borgið, en lítil athugun fari fram á því um aðrar byggðir landsins og hvað af því gæti leitt fyrir þjóðina í nútíð og framtíð, ef slík sjónarmið verða látin vera ráðandi hér á Alþ. Ég ætla, að ekkert sé þjóðinni jafnnauðsynlegt og brýnt eins og einmitt að hafa það í huga að viðhalda sem beztri byggð víðs vegar úti um landið. Þar verður ekki síður öryggi þjóðarinnar í framtíðinni heldur en á nokkrum stöðum við sjóinn, þótt þeir kunni að vera mannmargir. Sízt ættum við Íslendingar að vera svo ómínnugir á okkar sögu, að við gerðum okkur ekki grein fyrir, hvaða þýðingu þetta kann að hafa.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Siglf. (ÁkJ) við brtt. á þskj. 464, 2. tölul. till., að á eftir orðunum „útsöluverð á olíu“ komi: og benzíni. — Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 554) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jón Gíslason: Herra forseti. Það er nú þegar allmikið farið að ræða þetta mál, og hafa komið fram við það nokkrar brtt. Hv. 2. þm. Reykv. flytur brtt., sem eru þó víðtækar, að þær blátt áfram umbreyta frv. að mestu eða öllu leyti. Einnig hefur hv. þm. Siglf. flutt brtt., sem gengur í sömu átt og einn liður af brtt. hv. 2. þm. Reykv., sem er það, að útsöluverð á olíu og benzíni, sem sagt jöfnunarverð, skuli ákveðast það sama og nú er í Reykjavík, eða m. ö. o. að hvergi megi selja benzínið eða olíuna á hærra verði. Það kann að vera, að það væri gott að geta fært verðið á þessum vörum þannig niður, en einn agnúi er á því, og hann er sá, að ef það væri bundið fast, að ekki mætti hækka neitt verð á þessum vörum í Reykjavík, þá yrði það þannig, að olíufélögin, sem selja þessar vörur og annast dreifingu á þeim út um landið, mundu telja það, og í raun réttri væri það svo, að þau hefðu ekkert fyrir flutningskostnaði á þessum vörum og dreifingarkostnaði. Ég sé ekki annað en þetta hlyti að verða til þess, að þau 3 aðalfélög, sem hafa þessa sölu og dreifingu á hendi, mundu bítast um það og öll vilja gera sem minnst að því að flytja þessar vörur út á land og selja þær þar, og mundi jafnvel leiða til þess, að á þessum vörum gæti orðið hörgull úti um landið. Það liggur í augum uppi, ef selt er á sama verði, án þess

að verðjöfnun fari fram fyrir flutningskostnaðinum, að þá er það mestur hagur fyrir þau félögin, sem selja alla sína olíu eða mest af sinni olíu og benzíni á staðnum hér í Reykjavík, en óhagur fyrir þau, sem gera mikið að því að flytja vöruna út um landið. Af þessum ástæðum sé ég ekki, að það sé hægt fyrir þá, sem vilja sanngjörnum augum líta á þetta mál, að samþ. brtt. hv. þm. Siglf., og ég legg það eindregið til, að hún verði felld.

Brtt. hv. 2. þm. Reykv. ganga miklu víðara í þessu máli, og er nú þegar búið að taka þær til athugunar bæði af hæstv. viðskmrh. og hv. 1. þm. Árn. Hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan í ræðustólnum, að menn mundu líklega spyrja sem svo, hvort hægt væri að framkvæma verðjöfnun á þann hátt, sem till. hans leggja til. Ég er nú satt að segja ekkert hissa á, þó að honum dytti í hug, að þessi spurning kæmi fram, því að mér fannst meira að segja á honum sjálfum, að hann teldi varla, að hún mundi verða, eins og nú standa sakir, framkvæmanleg á þennan hátt. Ég get sagt það fyrir mig, að ég tel, að það muni ekki vera kleift að framkvæma verðjöfnun á þann hátt, sem till. hv. 2. þm. Reykv. fara fram á, og ef þær yrðu samþ., sem ég vona að verði ekki, hér í hv. d., þá teldi ég, að þær yrðu til þess að setja þetta mál úr sögunni, sem er þó mikið sanngirnis- og nauðsynjamál.

Minni hl. allshn. hefur allmikið dregið það að skila sínu áliti. Hv. 1. þm. Árn. minntist nokkuð á það, að þeir hefðu sennilega verið að bíða eftir hentugu tækifæri, eftir því sem þeir orða sína dagskrá, og get ég vel tekið undir það. En þegar loksins nál. hv. minni hl. kemur, þá er það alllangt mál, en ég get ekki séð, að þar sé komið með svo mikil rök fram á móti áliti meiri hl., að það hefði þurft að taka hv. minni hl. langan tíma að semja það. Ég held, að þeir hefðu getað sett sitt nál., þótt alllangt sé hér, yfirleitt í eina setningu og bara þá: Við viljum, að Reykjavík og nágrenni hafi betri kjör til atvinnurekstrar á þessum sviðum en dreifbýlið úti um land.

Fyrst tekur hv. minni hl. í nál. til meðferðar benzínið, sem hann virðist leggja minni áherzlu á, þrátt fyrir það þótt benzínið sé nákvæmlega jafnmikilsverð framleiðsluvara fyrir landbúnaðinn og þá, sem í dreifbýlinu búa, eins og olían er fyrir þá, sem sjávarútveginn stunda. Í niðurlagi grg. sinnar um benzínið segja þeir, að þetta frv. um verðjöfnunina á benzíninu, sem hér er til umr., ef það yrði að l., mundi leiða af sér almenna hækkun á útsöluverði á benzíni. Það er líklegt og vitanlegt, að það mundi leiða af sér einhverja örlitla hækkun á benzíni hér í Reykjavík, en það mundi líka úti um landið, þar sem lengstir eru flutningar, leiða af sér hlutfallslega mun meiri hækkun. En ég veit ekki, hvað þeir kalla almenning hér í þessu landi eða almenn sjónarmið. Það virðist bera alveg að sama brunninum og ég gat um áðan, að almenning í þessu landi telji þeir vera í Reykjavík og aðeins í Reykjavík og nágrenni.

Þá ræða þeir allmikið um útgerðina og telja, að útgerð við Faxaflóa mundu verða lagðir allt of þungir baggar á herðar með verðjöfnunargjaldi á olíu. Þetta hefur verið tekið til athugunar hér nú í hv. d., bæði af hv. þm. Siglf. og hv. 1. þm. Árn., og hafa þeir sýnt fram á það með rökum, sem ég vil líka taka undir, að ef það á að binda útgerðinni hér við Faxaflóa ókljúfanlega bagga að taka á sig einhverja verðjöfnun á þessum vörum, þá er sannarlega ástæða til þess að ætla, að útgerð úti á landi sé óframkvæmanleg undir þeim kringumstæðum, sem nú eru með verðlagningu þessara vara. Enn fremur bendir hv. minni hl. á það, að heppilegra mundi vera að greiða beinlínis úr ríkissjóði til togara utan Faxaflóa einhverja lækkun á olíunni heldur en gera verðjöfnun á þann hátt, sem hér er um rætt. Þetta ber enn þá að sama brunninum, að leggja þá bagga á ríkissjóð, sem að öllu sanngjörnu og með sambærilegri aðstöðu ættu að hvíla á atvinnuvegunum í heild.

Þá minntist hv. 5. þm. Reykv. á það hér í framsöguræðu fyrir minni hl., — mér þykir slæmt, að hann er hér ekki, — og fór þar að gefa góð ráð til að jafna hlut dreifbýlisins í benzínmálum við þá, sem búa hér nálægt Reykjavík, og ráðið var að fá endurgreiddan benzínskattinn af þeim bílum, sem flutninga stunda á langleiðum. Í því sambandi vil ég minna hv. 5. þm. Reykv. á það, að á þingi 1949, þegar benzínskattur var síðast hækkaður með breyt. á bifreiðaskattsl., þá flutti ég ásamt hv. þm. V-Húnv. brtt., sem fór fram á það að endurgreiða bílum, sem stunda flutninga á langleiðum, 10 aura af benzínskattinum, þó aldrei svo mikið, að þeir fengju ódýrara benzín en þar, sem það væri selt með lægstu verði, t. d. í Reykjavík. Þessi till. var felld hér í hv. d. með 18 atkv. gegn 11, og ég er ákaflega hræddur um, að hv. 5. þm. Reykv. hafi verið einn af þessum 18, sem þá voru á móti þessari tillögu. Það er náttúrlega gott, ef hann hefur allt í einu breytt um skoðun á því máli. En í þetta skipti reyndist ógerningur að fá því komið hér í kring í d., að aðstöðumunur framleiðendanna yrði jafnaður á þennan hátt, og ég er mjög hræddur um, að enn þá hefði farið svo, hefði málið verið flutt á þeim grundvelli nú, að aðstöðumunurinn yrði jafnaður með því móti, og þá hefði hv. 5. þm. Reykv. orðið á móti þeirri leið, þrátt fyrir það að hann virtist nú hafa áhuga á að benda mér á þessa leið og lét líka í það skína, að hann væri líklegur til stuðnings við hana.

Það er nokkuð mikið búið að ræða þetta mál, og ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þær umr. mjög mikið, enda sé ég, að það er komið að lokum fundartímans og einhverjir eru víst eftir á mælendaskrá, en það er till. mín, og ég vonast til þess, að hv. þdm. verði líka þeirrar skoðunar, að þær brtt., sem eru nú komnar fram við frv., beri að fella og samþ. það eins og það var afgr. í þessari hv. d. við 2. umr. Ég held, að allir séu jafnvel sammála um það, að þetta sé sanngirnismál, sem sjálfsagt sé að framkvæma, og ég held jafnvel, að það gangi svo langt, að þeir, sem eru með veikum mætti að mæla á móti frv., viðurkenni það líka.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú þegar verið rætt hér allýtarlega, og tel ég því ástæðu til þess, að umræður geti farið að styttast. Ég er einn af þeim, sem hafa mikinn

áhuga á því, að málið nái fram að ganga, og mun því heldur stytta mál mitt, þótt í rauninni sé fullt tilefni til þess að ræða þetta mál í löngu máli, því að það er þess eðlis. En það eru nokkur ný atriði, sem mér þykir rétt að komi hér fram nokkru skýrara en áður hefur verið í þessum umr. og hníga að því að styðja að framgangi frv.

Það hefur réttilega komið hér fram í umr., að ein veigamestu rökin fyrir því að samþ. þetta frv. eða koma á jöfnunarverði á olíu og benzíni um allt land eru einmitt þau, að útgerðin úti á landi fær ekki risið undir þeim mikla verðmismun, sem hún verður að búa við á olíum, eins og verðlagningunni er háttað nú í dag. Það hefur m. a. verið minnzt á það, að sú olía, sem togararnir nota, fellur ekki á neinn hátt nú undir verðjöfnun. Önnur olía, sú sem bátaflotinn notar, er að talsverðu leyti nú þegar í verðjöfnun, en olían, sem togararnir nota, er ekki á neinn hátt tekin inn í verðjöfnun, og þar er því verðmismunurinn langmestur. Verðmismunurinn á togaraolíunni almennt úti á landi og í Reykjavík er ekki, eins og olíufélögin hafa látið hér uppi eða má skilja hér af bréfum þeirra, 100 kr. á tonn. Hið sanna er, að t. d. á Norðfirði er verðmismunurinn 145 kr. á tonn. Þar kostar togaraolían 600 kr. tonnið, en hér í Rvík 455 kr. tonnið. Á Akureyri kostar togaraolían 602 kr. tonnið, en hér í Rvík 455 kr., þar er mismunurinn 147 kr. á tonn. Og þannig veit ég að verðlagningunni er almennt háttað svo að segja alls staðar á landinu, að verðmunurinn er í kringum 140 kr. á tonn hér í Reykjavík og annars staðar á landinu. En þetta er miklu meiri mismunur, miðað við hvert tonn, heldur en almennt á hinni almennu bátaolíu, þar sem mjög er algengt, að verðmismunurinn á Reykjavíkurverði og verði úti á landi sé í kringum 50—70 kr. á tonn.

Nú er það kunnugt, að venjulegur togari notar á hverjum mánuði af þessari olíu í kringum 200 tonn og þó venjulega heldur meira. Ef maður gengur út frá þeim verðmismun, sem ég hef þarna nefnt, 145 kr. á hvert tonn af brennsluolíu, þá nemur þetta á hverjum mánuði í verðmismun um 30 þús. kr. Ef þessi skip stunda innanlandsveiðar eða þannig veiðar, að þau leggi saltfisk upp í sinni heimahöfn eða ísfisk til vinnslu og þurfa þá eðlilega að reyna að taka olíu í sinni heimahöfn, ef þau eiga ekki að fara langar leiðir til að ná sér í olíu, þá sem sagt, eins og menn sjá, er þetta í kringum 30 þús. á hverjum mánuði, eða bara verðmismunurinn á einu skipi, ef það væri rekið allt árið á þennan hátt, mundi vera 360 þús. kr. Þetta eru beinar tölur, sem liggja fyrir og er í rauninni ekki hægt að deila neitt um. Hitt er svo annað mál, að togararnir úti á landi, sem hafa búið við þessar kringumstæður, hafa sveigzt til þess hvors tveggja að gera meira að því en hefði annars verið óskað að sigla með afla sinn á erlendan markað til þess að búa þar við sambærilegt olíuverð við aðra, og svo hitt, að leggja leið sína til Reykjavíkur eins oft og þeir mögulega geta komið við í sínum rekstri, sem sagt verða að taka margar aukasporzlur til Reykjavíkur eða reyna að tefla sínar Reykjavíkurferðir saman við olíutökur eins og mögulegt er til þess að létta dálítið af þessum mikla mismun, en á reikningum mjög margra togarafyrirtækja núna upp á síðkastið mun mismunurinn hafa komið út yfir árið svona í kringum 200 þús. kr. En það byggist á þessu, að þeir hafa ekki verið reknir alveg allan tíma ársins með olíutöku heima fyrir.

Það sér auðvitað hver maður, að þessi gífurlegi aðstöðumunur fyrir skipin, sem nú eru orðin 17 talsins, sem eiga heima úti á landi, borið saman við skipin hér í Rvík, gerir það að verkum, að þó að allt annað gæti haldizt í hendur, þá er, á sama tíma sem afkoma skipanna hér gæti heitið mjög sæmileg, afkoma hinna vonlaus. Og því meira sem það gerist, að rekstur skipanna færist heim, því minna sem verður um utanlandssiglingar, því ómögulegra verður að búa við þetta ástand.

Nú er það líka athugandi, að þing og stjórn hefur unnið nokkuð að því að koma þessum skipum sem þýðingarmiklum atvinnutækjum út á land. Þessum skipum hefur verið beint þangað. Mörgum stöðum hefur verið veitt allrífleg fjárhagsaðstoð til þess að geta eignazt þessi skip, einmitt til þess að leysa atvinnumálin á þessum stöðum. En ef þau sveigjast svo til þess vegna þessa aðstöðumunar að verða að fara með afla sinn til Rvíkur eða leita hingað vegna þess, þá er vitanlega tilætluninni ekki náð.

Í þessu sambandi er rétt að minna á það til viðbótar, að olíufélögin gera ráð fyrir því í áætlun sinni, sem hér hefur nokkuð verið rædd, að ef það yrði jöfnunarverð t. d. á olíu togaranna um allt land, þá mundi sennilega þurfa að flytja meiri olíu út á land heldur en nú er gert. Þar með mundi aukast flutningskostnaður, eins og þau vilja gera nokkuð úr. En mætti þá bara minna á það, hvað kemur í staðinn? Hvað kostar að taka þá 17 togara, sem nú eiga heima úti um allt land, úr sínum rekstri og senda þá hingað suður eftir brennsluolíu sinni í hvern einstakan túr? Vitanlega veldur það þessum skipum gífurlegum aukakostnaði. Og auðvitað væri miklu hagstæðara þjóðhagslega að flytja olíuna í tilheyrandi tankskipum út á landið, þangað sem veiðiskipin eru og þar sem þetta fellur bezt inn í verkahring þeirra, heldur en að taka veiðiskipin frá sínum störfum og láta þau fara langar leiðir til þess að komast í hina ódýrari olíu.

Auk þessa, sem einna stórkostlegast verður í sambandi við togaraolíuna og ég hef nú minnzt á, þá er svo aftur hitt, sem allir kannast við, að rekstur bátanna úti um allt land kallar vitanlega á þetta sama. Hann á ekkert síður í vök að verjast úti á landi, heldur jafnvel enn þá frekar en hér fyrir sunnan og þolir því enn þá síður hærra olíuverð en bátarnir hér. Og nákvæmlega sama er að segja um aðra olíunotendur úti á landi, að þeir hafa sízt breiðari bök þar til þess að standa undir hærra olíuverði.

En það er enn annað atriði, sem mér þykir rétt að komi hér líka fram í sambandi við hið mismunandi háa olíuverð, en það er, að sumir hafa viljað að nokkru leyti stilla þessu þannig, að fólkið úti á landi eða atvinnurekstrinn úti á landi sé jafnvel með þessu að vinna að því, að olíuverðið verði hækkað hér á mönnum í Reykjavík eða atvinnurekstri hér, t. d. við Faxaflóa,

sér til hagsbóta. En í því efni má líka minna á það, að það hefur verið farin sú leið til hagsbóta að nokkru leyti fyrir alla landsmenn, að öll olía landsmanna hefur verið flutt inn hingað og olíuverðið í Reykjavík hefur verið lækkað stórkostlega frá því, sem það hefði getað verið, ef Reykvíkingar hefðu aðeins flutt inn sína olíu, með því að þeir hafa fengið að flytja inn alla okkar olíu líka og lækkað þannig fragt á sinni olíu. Samkv. opinberum skýrslum, sem liggja fyrir, er það svo, að bátaolían er notuð að meiri hluta til hjá aðilum úti á landi fram yfir það, sem þeir nota, sem hér búa við lægsta olíuverðið. Það er nokkur meiri hluti magnsins, sem er notaður af aðilum úti á landi. Þessi meiri hluti magnsins er fluttur með hinum stóru tankskipum hingað inn til birgðastöðvanna í Reykjavík, og á þann hátt hefur olíuverðið hér verið lækkað. Ef þeir, sem hér búa, vildu knýja það fram, að það yrðu byggðar allstórar tankstöðvar, eins og uppi hafa verið raddir um, á Norðurlandi, á Vestfjörðum og á Austfjörðum, og þeir tækju að flytja inn í eins stórum skipum og þeir fá við ráðið til sín og eftir sætu svo þeir hér við flóann að flytja inn sína olíu, þá er það alveg gefið mál, að þeir mundu þá verða að hækka sína olíu nokkuð vegna flutningskostnaðar og vegna kostnaðarins, sem hér er af tankstöðvunum, en nú er kostnaði af rekstri tankstöðvanna hér í Reykjavík dreift á allt olíumagn landsins.

Auðvitað er það eins hér hjá okkur og hjá mörgum öðrum, að það eru í rauninni fyrirkomulagsatriði, hvort við teljum það heppilegra að flytja olíuna þannig inn til landsins, að hún sé sett á land í nokkuð margar stórar tankstöðvar og þar sé síðan tiltölulega lægst verð, sem hækki eitthvað dálítið, eftir því sem því er aftur dreift út frá meginstöðvunum. Við höfum nú komizt að þeirri niðurstöðu, Íslendingar, að það væri í rauninni alveg eins hagstætt að flytja olíu til okkar, sem erum ekki fleiri en við vitum, í eina aðalbirgðastöð, flytja hana sameiginlega inn til allrar þjóðarinnar og nota síðan hagkvæm tankskip til þess að dreifa henni út um landsbyggðina. Ég er næstum sannfærður um, að þetta er í rauninni hagstæðara fyrirkomulag heldur en ef við færum að festa stórfé í því að byggja allstórar tankstöðvar í Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum og hefðum svo líka þessar stóru tankstöðvar, sem hér eru í Reykjavík. Það yrði óeðlileg fjárfesting, óhentug fjárfesting og flutningurinn á olíu til landsins gæfi sízt betri þjóðhagslega útkomu fyrir okkur heldur en með því skipulagi, sem við höfum nú.

Ég vil líka láta það koma fram í þessu sambandi, að það er ekkert nýtt fyrirbæri, þar sem nokkuð svipað stendur á eins og hjá okkur Íslendingum, að olíuverð er haft jafnt um allt land. Það liggur m. a. fyrir í þeim plöggum, sem hér hafa verið send Alþingi, að í Noregi með sína löngu og miklu strandlengju og sínar dreifðu útgerðarstöðvar er eitt og sama olíuverð um allt landið. Um allan Noreg gildir eitt og sama olíuverð. Það hefur m. a. Landssamband íslenzkra útvegsmanna þurft að upplýsa hér í sínu bréfi, þótt þeir séu annars á móti jöfnun á verðinu. Það liggur líka fyrir, að það er eitt og sama olíuverð í Danmörku allri. Í Englandi er aftur fyrirkomulagið á hina leiðina. Þar þekkjum við nokkrar meginstöðvar, þar sem eru virkilega stórar tankstöðvar, er stórir olíufarmar berast til. Þær stöðvar eru um allt England. Þær eru norður í Skotlandi, og þær eru víðs vegar um England, þessar tiltölulega stóru tankstöðvar. Og þar er olíuverðið lægst, en er aftur talsvert hærra í smærri dreifingarstöðvum víða úti um landið.

Ég held, að menn muni komast að raun um það við að athuga þetta mál, að það er ekki einasta, að það er sanngirni í því að koma á verðjöfnun á þessari vörutegund, heldur er það í rauninni alveg óhjákvæmilegt, eins og nú er komið með atvinnureksturinn í landinu. Það er alveg óhjákvæmilegt á sama tíma, sem við segjum, að vera skuli eitt og sama fiskverð um allt land. Við höfum t. d. nákvæmlega sama útflutningsverð á fiski, frá hvaða höfn sem hann er tekinn. Það skiptir engu máli, þótt það sé jafnvel ódýrara að ferma skipið til Reykjavíkur eða einhverrar annarrar hafnar á Íslandi heldur en þeirrar þriðju, að þar sé sem sagt óhagstæðast að ferma skipið; eigi að síður er sama útflutningsverð á fiski. Við höfum gengið þar út frá einu og sama verði um allt land. En þetta er svo stór liður í rekstrinum, að það verður ekki komizt hjá því, á svipaðan hátt eins og Norðmenn hafa komizt að raun um, að þar verðum við að ganga út frá sambærilegu verði líka.

Svo er aftur það atriðið, sem rétt er að víkja að nokkrum orðum. Það er nokkuð eðlilegt, að þeir, sem t. d. búa hér við Faxaflóa eða reka sína útgerð héðan frá Faxaflóa og eiga sannanlega í vök að verjast, eru almennt með báta, sem bera sig illa, og eru með togara núna, sem þeir eru að komast í þrot með að reka, engu síður en við úti á landi, — það er ósköp mannlegt og eðlilegt, að þeir segja: Ekki þolum við nokkra hækkun. — Ég hugsa kannske, að við hefðum flestir sagt það undir þessum kringumstæðum, svo að það er ekki neitt til þess að verða hissa á. En mér finnst, að sá almenni vandi, sem snýr að því hjá þeim eins og okkur, að það er mikill vandi að láta þennan rekstur bera sig, verði að vera að nokkru leyti sameiginlegt átak, hvernig á að leysa það mál, og þeir verði litlu bættari, þótt þeir sleppi aðeins lengur en allir hinir, sem eru býsna margir og víða dreifðir úti um land og annast útgerð, þótt þeir fái að sjá á eftir þeim öllum á höfuðið. En í þessu sambandi kemur maður aftur að því, hvort olíufélögin, sem hafa með höndum söluna, gætu ekki að einhverju leyti tekið eitthvað af þessu á sínar herðar. Það hefur komið hér greinilega fram, að olíufélögin taka þá afstöðu til þessa máls, að þau mæla mjög hart á móti því, að jafnað verði verðið, og hafa flutt hér inn í þingið mjög langt mál um það og greinilega mjög hlutdrægt, því að þar er í ýmsum greinum ranglega skýrt frá og áætlanir allar mjög greinilega gerðar þannig, að það er verið að sverta þá verðjöfnun, sem hér er verið að gera ráð fyrir að koma í framkvæmd. Að þessu hefur nú verið vikið nokkuð af öðrum, svo að ég skal ekki vera að fara mörgum orðum um það. En þegar olíufélögin leggja fram þessi gögn sín, eru þau svona vil-

höll í málinu eins og ég hef nú bent á og margir aðrir hafa bent á, að olíuverðið til báta mundi sennilega hækka hér í Reykjavík um 3 aura og annars staðar við Faxaflóa um 2 aura á lítra. Þau áætla sem sagt, að olíuverðið hér mundi hækka um 2—3 aura á lítra hér við Faxaflóa. Aftur komast þau að þeirri einkennilegu niðurstöðu, að annars staðar á landinu muni olían ekki lækka nema um 1½ eyri. Ég hygg nú, að flestir muni slá því föstu, eftir að hafa lesið gögn olíufélaganna, að þarna sé ríflega í lagt. Við skulum nú samt sem áður ganga út frá þessum tölum þeirra og segja, að olíuverðið með almennu jöfnunarverði mundi hækka hér um 2—3 aura á lítra. Þau stilla þessu upp í sínu plaggi sem mjög óviðráðanlegum hlut. En hvað gerist svo? Svo líður örlítill tími, og þessi sömu olíufélög verða að ganga inn á það að lækka olíuverðið um 4 aura á lítra um allt land, án þess að nokkuð hafi gerzt þeim til hagsbóta, nema síður sé, í sambandi við rekstur þeirra. Þá sannast allt í einu, að þau hefðu t. d., áður en þetta samkomulag var nú gert, sem var bundið við verkfallið, getað tekið við verðjöfnuninni samkv. þessu frv. og samkv. þeirra eigin tölum og getað framkvæmt hana þannig, að til engrar hækkunar hefði þurft að grípa hér í Reykjavík, samkv. því, sem nú er fram komið, og fullri verðjöfnun hefði verið hægt að ná, miðað við þá almennu verðlagningu, sem þá lá fyrir. Þetta hefur nú sannazt í málinu, eins og nú er komið. Og þó liggur enn annað og meira fyrir, og það er það, að við vitum allir, að í ágústmánuði í sumar fengu olíufélögin að hækka hið almenna olíuverð í landinu um rétt um 10%, og sú hækkun var leyfð án þess að þá hefði skeð nokkur verðhækkun eða nokkur sérstök hækkun í sambandi í þeirra dreifingarkostnað eða nokkuð, sem hefði getað gert þeirra verzlunarhag verri en áður var. Þessari miklu verðhækkun, sem þá var leyfð og nú hefur að vísu í sambandi við verkfallið verið skilað aftur að nokkru leyti, hefur þó ekki verið skilað aftur að öllu leyti. Mér sýnist því, að það sé bara út frá þessu full ástæða að búast við því, að olíufélögin gætu, um leið og þessi verðjöfnun yrði samþ., enn þá tekið á sig þessa 2—3 aura lækkun á lítra, sem sennilega yrði nú ekki nema 1—2 aurar, ef réttilega væri metið, sem verðlagið ætti annars að hækka um hér í Reykjavík, og það væri því hægt núna, a. m. k. á fyrsta ári verðjöfnunarinnar, að koma á jöfnunarverði án þess að þurfa að hækka verðlagið nokkuð hér við Faxaflóa, að vísu með því að leggja þar nokkuð á olíufélögin.

Það hefur nú lengi þótt við brenna, að verðlagning olíufélaganna hafi verið þannig, að það hafi verið full ástæða að taka hana til athugunar. Ef menn vildu heyra aðeins örlítið í sambandi við verðlagningu á olíu, sem við þekkjum til, þá mætti t. d. nefna þessar tölur, að þegar olíuverðið á togaraolíunni hér í Reykjavík, þar sem hún er langódýrust, eins og ég hef sagt áður, var 455 kr. á tonn, þá var verð á þessari sömu olíu úti í Esbjerg 369 kr. Og við fáum nú ekki séð, að það eigi ekki að vera nákvæmlega sama aðstaða til þess að selja t. d. þessa brennsluolíu togaranna á sams konar verði hér í Reykjavík eins og t. d. í Esbjerg, þar sem sú olía kemur frá Mexicoflóa í alveg sams konar skipum eins og við flytjum hingað, því að við flytjum þessa olíu hingað í þeim stærstu tankskipum, sem almennt eru notuð til þessara flutninga.

Verðmismunurinn á hinni almennu bátaolíu er ekki minni. Þegar verðið hér í Reykjavík á bátaolíunni var kr. 863.50 á tonn, þá var það úti í Esbjerg 648 kr., eða það munaði um 220 kr. á tonni. Í Þýzkalandi var verðmunurinn þó enn þá meiri. Þá var þessi almenna bátaolía þar ekki nema 594 kr. á tonn, en hér 863 kr. Sá mikli verðmunur, sem alltaf er á allri þessari olíu hér hjá okkur og í nágrannalöndum okkar, er okkur ekki skiljanlegur. Og slík fyrirbæri eins og þau, sem komu fram í sambandi við lausn verkfallsins, þegar þau gáfu eftir jafnverulegan hluta af olíuverðinu eins og þau gerðu þá, án þess að nokkuð hefði komið fyrir, eru okkur ekki heldur skiljanleg.

Það fyrirbæri hefur líka verið dregið inn í umræðurnar, þegar ein ríkisstofnun, innkaupastofnun ríkisins, fékk samning við eitt af olíufélögunum um það, að hún fengi 123 kr. í afslátt af hverju tonni frá hinu auglýsta olíuverði, sem var hér í Reykjavík og í Hvalfirði. Hún fékk afslátt um 123 kr. á tonn, á sama tíma sem verðlagsyfirvöldin töldu, að þau hefðu heimilað þeim 20 kr. í álagningu á tonn, og þetta hefur vitanlega ekki fengizt skýrt hér á Alþingi.

Ég álít því fyrir mitt leyti og er einn af þeim, sem eru á þeirri skoðun, að það væri ekkert of í lagt, um leið og þetta mikla nauðsynjamál er samþykkt hér, að gera jöfnunarverð á olíunni, sem ég álít að eigi hiklaust að ná fram að ganga og sé lífsnauðsyn, þá sé samt sem áður, þótt olíufélögin hafi að vísu nýlega látið nokkuð af sinni miklu álagningu, ekkert of í lagt að áætla þeim núna fyrsta árið til reynslu að taka þessa 2—3 aura á lítra, sem olían þyrfti annars að hækka um hér hjá Reykvíkingum. Því er það, að ég fyrir mitt leyti vil styðja till. þm. Siglf. um það bráðabirgðaákvæði við frv.; um leið og frv. er samþ. eins og það liggur fyrir, þá sé sett það bráðabirgðaákvæði við frv. til eins árs, að olíuverðið verði þó ekki hækkað hér í Rvík, og olíufélögunum gefist þá fullur kostur á því að sanna það að ári loknu, að þau þurfi þarna að fá svolítið ríflegra en þau hafa fengið.

Ég skal svo ekki að þessu sinni orðlengja þetta frekar, en vil aðeins segja það í sambandi við þau orð, sem hér féllu frá frsm. minni hl., sem er andvígur frv., að hugleiðingar hans, hv. 5. þm. Reykv., um það, að það væri sanngjarnt, að olíuverð úti á landi yrði lækkað á kostnað ríkissjóðs eða t. d. togurum og bátum þar yrði bættur skaðinn með því, að ríkissjóður greiddi þeim þennan verðmismun, að svona ávísanir eru auðvitað góðar út af fyrir sig, ef þær bara verða teknar gildar. Ef svona ávísanir ganga, ef hann vill tryggja það, að það sé hægt að koma þessu í gegn á þennan hátt, að við fáum sambærilegt olíuverð á við það, sem nú er í Reykjavík, á þann hátt, að ríkissjóður borgi mismuninn, þá skal ekki standa á mér í því efni. En það dugir ekki að sýna mér svona ávísun; ég þykist hafa nokkra reynslu fyrir því, að það þurfi meira til, og ég

sætti mig ekki við annað. Það verður eitthvað annað og meira að koma. (Gripið fram í.) Já, en hann er nú samt ekki alveg bankastjóri ríkissjóðs og hefur kannske ekki alveg ávísunarrétt á hann, ekki fullkomlega.

Eins er um þær athugasemdir, sem hann gerði í sambandi við þann verðlagsgrundvöll, sem menn væru nú búnir að koma sér saman um í sambandi við rekstur bátaflotans, þar sem gert hefði verið af hálfu útvegsmanna og af hálfu ríkisvaldsins ráð fyrir tilteknu olíuverði og tilteknum kostnaði í rekstri bátanna. Ekkert af þessu fær vitanlega staðizt, því að það var verið í því tilfelli að semja um fiskverð fyrir allt landið og rekstrarafkomu bátanna um allt land, en þar var bara lagt til grundvallar hið lága olíuverð í Reykjavík, svo að þar hallaðist eins og fyrri daginn á alla aðilana úti á landi. Þeir verða að gera svo vel að sætta sig við þann grundvöll, þó að hann sé byggður á hinu lága olíuverði í Reykjavík, en ekki því háa olíuverði, sem þeir verða að búa við nú úti á landi, enda kemur nú í ljós, að að dómi útvegsmanna sjálfra skakkar þetta nú ekki meiru en svo á rekstri bátanna, þó að verðhækkunin hér í Reykjavík yrði metin eins og olíufélögin telja, að rekstrarkostnaður báts hér á vetrarvertíð í Faxaflóa mundi hækka í kringum 1000 kr., svo að þar hefur nú sennilega ekki verið gerð heldur áætlun, sem er svo nákvæm.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en legg eindregið til fyrir mitt leyti, að þetta frv. nái fram að ganga og það á þeim grundvelli, sem ég hef nú lýst.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum, að hv. allshn. skuli hafa klofnað um afgreiðslu þessa máls. — Verðjöfnun á olíu og benzíni hefur verið til umr. hér á Alþ. á tveimur síðustu þingum, og var till. til þál. um verðjöfnun samþ. á báðum þingum mótatkvæðalaust. Í nál. hv. allshn. Sþ., sem samþykkti samhljóða að mæla með till. á síðasta *þingi, segir svo m. a., með leyfi hæstv.* forseta:

„Reynist torvelt að koma þessu í framkvæmd án sérstakrar lagasetningar, þá telur n., að ríkisstj. eigi að koma málinu fram með setningu brbl."

Því miður sá hæstv. ríkisstj. sér ekki fært að framkvæma verðjöfnunina á s. l. ári þrátt fyrir þessi ákveðnu tilmæli Alþingis.

Það er vitað, að hv. minni hl. allshn., sem lagt hefur fram nál. á þskj. 523, styðst mjög við umsögn stjórnar L. Í. Ú., enda er umsögnin prentuð sem fskj. með nál. Því miður er umsögn stjórnar landssambandsins mjög einhliða hvað afstöðu hennar til verðjöfnunar snertir. Verður tæplega sagt, að stjórnin beri hagsmunamál útvegsmanna úti um land fyrir brjósti, en einskorði afstöðu sína til þessara mála með tilliti til hagsmuna meðlima sinna við Faxaflóa.

Stjórn L. Í. Ú. segir, að lítill áhugi virðist vera á verðjöfnun á olíu hjá útvegsmönnum úti um land. Það sanna er, að verðjöfnunarmálið hefur verið mesta hitamál á aðalfundi landssambandsins 1950 og 1951, eins og reyndar kemur fram í umsögn stjórnar L. Í. Ú. á þskj. 523. Á aðalfundi landssambandsins á s. l. hausti virtist þetta verðjöfnunarmál enn ætla að verða hitamál, og var því þess vegna samkv. till. frá mér vísað til stjórnarinnar, að sjálfsögðu í því trausti, að stj. mundi viðurkenna þörf útvegsmanna og atvinnurekenda úti um land fyrir lagfæringu á þessum málum. Því miður hefur reyndin orðið önnur, og harma ég það mjög. Allir stjórnarmeðlimir L. Í. Ú. eru vandaðir menn og grandvarir, og er viðhorf þeirra til þessara mála óskiljanlegt.

Þá upplýsir stjórn L. Í. Ú., að hún hafi aflað sér upplýsinga, hvernig þessum málum væri hagað í nágrannalöndunum. Í Danmörku er sama verð á olíum, hvar sem er í landinu. Í Noregi er sama verð á olíu til strandferðaskipa og allra fiskibáta um land allt; að öðru leyti er ekki verðjöfnun. Í Svíþjóð er sama verð á olíu í Stokkhólmi og Gautaborg; að öðru leyti er ekki um verðjöfnun að ræða. Þrátt fyrir þessa afstöðu nágrannalanda okkar til þessara mála mælir stjórn L. Í. Ú. á móti verðjöfnun.

Þá er rétt að geta þess, að fiskiþing hefur með miklum meiri hluta samþykkt að mæla með þáltill. þeim, sem bornar hafa verið fram á Alþingi um verðjöfnun á olíu og benzíni á undanförnum þingum. Var afstaða fiskiþings mjög skelegg í þessu máli, og voru aðeins fáir fulltrúar, sem voru á móti þál. um verðjöfnun, og þeir reyndar aðeins héðan frá Faxaflóa.

Um afstöðu olíufélaganna til þessa frv. tel ég óþarft að ræða, enda hafa aðrir hv. alþm. tekið umsagnir þeirra til meðferðar, og eru þær prentaðar sem fskj. með nál. hv. meiri hl. allshn. á þskj. 413. Það er ekki ofmælt, að olíufélögin séu andvíg frv. því, sem hér er til umr. Það er hins vegar sannfæring mín, að ef frv. þetta verður lögfest á þessu þingi, megi koma þessum málum þannig fyrir, að verðlag á olíum og benzíni þurfi lítið að hækka frá því verði, sem það er nú selt á hér í Reykjavík, ef rétt er á þessum málum haldið.

Ég vil þakka hv. meiri hl. allshn. fyrir nál. á þskj. 413 og treysti því, að verðjöfnunarmálið mæti eins og áður velvilja og skilningi hv. þingmanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. talaði hér nokkur orð fyrr á fundinum, eftir að ég hafði lokið minni ræðu, og reyndi þar að gagnrýna að nokkru leyti þær brtt., sem ég hef flutt við frv. Hann byrjaði með því að halda því fram, að brtt., sem ég gerði við 3. gr., væri nú algerlega óþörf, það væri frjálst að flytja inn til landsins allar nefndar olíutegundir og efni til geyma fyrir þær, og væru bankarnir skyldir að láta gjaldeyri til greiðslu þeirra. Um leið og hann lauk þeim kafla ræðunnar, sem um þetta fjallaði hjá honum, þá sagði hann nú, að auðvitað mundu þeir, sem um þetta sæktu, fá leyfi. M. ö. o., það þyrfti leyfi til. Ég veit ósköp vel, að þetta er eitt af því, sem talið er eiga vera frjálst, en ég veit ekki til þess, að nein af þeim vörum, sem eru frjálsar til Íslands núna, sé ekki þannig, að það þurfi að sækja um *leyfi til bankanna fyrir henni og að bönkunum* sé það í sjálfsvald sett, hvort þeir láta mönnum

í té gjaldeyri fyrir þeirri vöru, sem eigi að heita frjáls, og hvort þeir setja þannig skilyrði í sambandi við það að láta þann gjaldeyri í té, að það sé ekki hægt að fullnægja þeim, t. d. með því að heimta svo mikla fyrirframgreiðslu í sambandi við vöruna, þegar þeir eru að ábyrgjast það, að það sé fyrir alla venjulega menn ókleift. Hæstv. viðskmrh. veit ósköp vel, að með alla þá vöru, sem á að heita frjáls til Íslands núna, þá er hún í fyrsta lagi ekki frjáls, hún er það takmörkuð, að það kemur hvað eftir annað fyrir, að bankarnir neita um gjaldeyri fyrir vöru, sem er á þeim frjálsa lista. Og í öðru lagi er alveg háð vilja bankanna hvað aðstöðuna snertir til þess að flytja vöruna inn. Þar að auki veit ég nú ekki betur en að efni til geymanna fyrir olíu þurfi leyfa með. Ég mundi þess vegna vilja svara hæstv. viðskmrh. á þessa leið viðvíkjandi þessum athugasemdum hans: Nú, ef þetta frelsi er til staðar nú sem stendur, sem ég efast um, þá er ekkert tjón að því, þó að það sé ítrekað í þessari 3. gr. En hins vegar frelsið hvað snertir efni til geymanna er áreiðanlega ekki til staðar, þannig að það er til bóta að setja það þarna inn í; og að bæta því við að skylda bankana til þess að láta gjaldeyri af hendi, er áreiðanlega nauðsynlegt, miðað við núverandi ástand. — Athugasemdir hæstv. ráðh. falla þess vegna um koll hvað þetta snertir. Hins vegar sagði hv. 1. þm. Árn. í sinni aths. við þessa gr., að hann vissi nú ekki til þess, að það væru í undirbúningi nein samtök hér, sem gætu tekið upp olíuinnflutning. Ég verð nú að segja honum það, að ég er hræddur um, að slík samtök yrðu varla undirbúin fyrr en menn sæju, að þeir hefðu frelsi til að starfa. Það er á hvers manns vitorði nú, að þessir þrír hringar, sem hérna starfa, hafa raunverulega einokun frá hálfu ríkisstjórnarinnar og hafa lengi haft. Það er ekki í fyrsta skipti nú, að það hefur þurft verkfall til afskipta af olíumálum; það hafa verið gerð verkföll hér áður og staðið lengur til þess að knýja fram lækkun á olíu og knýja fram, að einokun olíuhringanna væri að einhverju leyti brotin.

Þá minntist hæstv. viðskmrh. á það í sambandi við sínar aths. við 2. og 4. gr., að mín röksemd fyrir þeim hefði nú verið sú, að það hefði einu sinni verið hér félag, sem hefði lækkað benzín í Reykjavík með því að selja 4 aurum ódýrara en olíuhringarnir. Ég hafði nú satt að segja ekki minnzt á þá röksemd, þó að hún sé til, en hins vegar hefur auðsjáanlega hæstv. viðskmrh. verið sú röksemd nokkuð sterk í huga. Ég minntist á þá röksemd, sem hv. 2. landsk. þm. nú rakti hér enn þá nákvæmar áðan, — þá röksemd viðvíkjandi olíuverðinu, að forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, Finnur heitinn Jónsson alþm., hafði á sínum tíma getað knúið fram verðlækkun á hverju olíutonni, sem ríkinu er selt, um 123 kr., eða um 20% lækkun frá því olíuverði, sem var. Það hafði ég talað um. Það minntist hæstv. ráðh. hins vegar ekki á, en honum hafa kannske verið 4 aurarnir nær í huga, vegna þess að hann er nýlega sjálfur sem ráðh., sem einn úr ríkisstj. búinn að láta lækka olíu og benzín í Reykjavík og um allt land um 4 aura, eftir að hafa sjálfur við 2. umr. þessa máls í desembermánuði hér í þessari hv. deild fullyrt ásamt fleiri hv. þm. stjórnarflokkanna, að það væri óhugsandi, að olíuhringarnir gætu lækkað olíuverð. Honum er þess vegna kannske minnisstæðara að tala um 4 aura í þessu sambandi, af því að — eins og hv. 2. landsk. þm. var að sýna fram á hér áðan — olíuhringarnir og stjórnarlið þeirra hér á Alþ., sem hélt því fram í desember við 2. umr. þessa máls, að það væri ekki hægt að hreyfa neitt við olíuverðinu, hefur síðan orðið að lækka það, en það er bara þannig, að í hvert einasta skipti, sem þarf að knýja fram lækkun hér á olíuverði eða benzínverði á Íslandi, þá þarf verkalýðurinn að fara í löng verkföll og dýr til þess að „kúska“ meiri hl. hér á Alþ. til þess að lækka verðið. Þannig var það með benzínverkfallið 1936, og þannig var með þetta verkfall nú. Það er þess vegna ekki til neins fyrir þetta hv. stjórnarlið að koma hér fram og reyna að fara að halda því fram, að olíuhringarnir megi ekki við þessu, enda skýzt annað upp á eftir hjá hæstv. viðskmrh., þegar hann fer að tala um málið. Eftir að vera búinn að rekja nokkuð, að einu sinni hafi nú olía verið flutt í tunnum til landsins, en nú sé hún flutt í 10 þús. tonna skipum, og eftir að hafa lofað olíuhringana nokkuð mikið fyrir þá miklu framför í samgöngutækni, þá segir hann: Ég ann þeim vel að hagnast á þessum viðskiptum. — M. ö. o.: Þegar stórkostlegar tæknilegar framfarir eiga sér stað, þá eru það auðhringarnir í heiminum, sem eiga að hagnast á þeim viðskiptum, en ekki fólkið. Og hér situr ráðh. og ríkisstj. að völdum, sem lýsir því yfir: Ég ann þessum auðhringum þess mjög vel að hagnast á þessum viðskiptum. — M. ö. o.: Það á að ganga þannig til með allar framfarir í þessum heimi, að jafnóðum sem hugvitsmenn mannkynsins finna upp meira og meira af góðum tæknilegum aðferðum til þess að framleiða hlutina skynsamlegar eða flytja þá skynsamlegar eða reka í stærri stíl þau fyrirtæki, sem rekin eru, þá á hagnaðurinn af slíku að koma auðhringunum til góða, en fólkið á að fá að vera á sama lága stiginu eins og áður, það á að neita því um hagnaðinn af þeim tæknilegu framförum. Þetta er raunverulega innihaldið í „kapitalismanum“, krafa auðmannastéttarinnar til þess, að hún fái að njóta gæðanna af tækninni, að hún fái að njóta kostanna, sem gufuaflið, rafmagnið, atómkrafturinn, eða hvað sem mennirnir finna upp, gefur, en fólkinu sé haldið niðri og að það sé meira að segja reynt að telja því trú um, að það hafi það nú fullgott eins og það hafi og að það sé ósvinna að gera kröfur til miklu betri lífskjara. Og heil blöð eru kostuð, eins og stjórnarblöðin hér á Íslandi, af olíuhringunum til þess að telja fólkinu trú um, að olíuverðið sé sanngjarnt og lífskjör fólksins séu það góð, að það sé bara bókstaflega stórkostlega skaðvænt fyrir það að heimta hærra kaup, allt út frá þessu „prinsipi“, sem hæstv. viðskmrh. lýsti hér svo greinilega: Ég ann auðhringunum vel að hagnast á þessum viðskiptum. — Þetta er yfirlýsing hæstv. núverandi ríkisstj., sem ég veit að Framsfl. undirskrifar með mestu ánægju sem þátt í sinni hörðu baráttu gegn fjárplógsstarfsemi. Það er þess vegna mjög gott, að hæstv.

viðskmrh. skuli hafa gefið þessa yfirlýsingu. Þessi ráðh., sem kallar sig íslenzkan og talar hér um, að það sé stórhættulegt, ef menn hafi útlend ættarnöfn, — sem og er mjög slæmt, — hann ann ekki íslenzku þjóðinni að njóta ágóðans af tæknilegum framförum, en hann ann auðhringunum þess. Ég held, að hann mætti nú hafa sína umhyggju fyrir þjóðinni og hennar velferð í lagi líka, þegar hann talar um olíu, þó að það sé ódýrara fyrir olíuhringana, þegar um ríkisborgararéttinn er að ræða.

Svo kom hæstv. ráðh. með eina röksemd, og ég er satt að segja hissa á honum að koma með hana, því að hann gerir nú ekki þingmönnum það lágt undir höfði, að þeir þekki ekki neitt inn á þau vélabrögð, sem hlutafélög nota og einstakir menn í þeim til þess að svæla þau undir sig. Hæstv. ráðh. sagði, að vesalings, aumingja olíufélögin hefðu ekki borgað arð, a. m. k. ekki 2 þeirra, og það væri nú auðséð, hvað það þýddi; það þýddi, að þau græddu ekki. Kannast hæstv. viðskmrh. ekki við þá aðferð í hlutafélögum, þegar ein lítil klíka í hlutafélagi hefur náð tökum, t. d. á forstjóra og stjórn og svona dálitlu af hlutabréfum, kannske tæpum meiri hluta, en svo séu einhverjir óþægir menn, sem eiga hin hlutabréfin, þá finnist þeim, sem ráða stjórninni og eiga meiri hlutann, alveg óþarfi, að þessir óþægu menn séu að fá einhvern arð af sínum hlutabréfum, það sé miklu skynsamlegra að ráðstafa ágóðanum á þann hátt að borga forstjóranum skikkanleg laun, sérstaklega mikið í risnukostnað, láta vera allmikið af skrifstofufólki á viðkomandi skrifstofu, máske allt saman úr fjölskyldum þeirra, sem hafa meiri hlutann, launa öllu þessu skrifstofufólki tiltölulega mjög hátt, láta safnast fyrir þó nokkurn gróða smátt og smátt, sem falinn er í eignum og öðru þess háttar, og ef til vill keyptir ríflega bílar fyrir fyrirtækið, allt á þess kostnað, sem síðan hinir og þessir, sem tilheyra þeim fjölskyldum, sem eiga meiri hluta hlutabréfa, leika sér í og viðkomandi félag hefur kostnað af, en smáu hluthafarnir, sem þessir stórlaxar hafa heldur ímugust á, eru smám saman sveltir út, því að það getur ekki borgað sig fyrir þá lengi að vera að eiga hlutabréf, sem þeir fá aldrei neinn arð af? Ég er alveg hissa á hæstv. ráðh. að ætla, að þm. kannist ekki við þessa aðferð hjá félögum að borga aldrei neinn arð til þess að þreyta þannig þá smáu og ná þannig öllum hlutabréfum smám saman undir nokkra stóra. Það er að minnsta kosti aðferð, sem oft hefur verið leikin hér á Íslandi og víðar. Það eru þess vegna ekki nein rök fyrir því, að félag græði ekki, að það borgar ekki arð. Hins vegar þegar um önnur eins félög er að ræða eins og olíufélögin, þá bendir það ótvírætt til þess, að það sé verið að safna á fáar hendur því valdi og þeim auð, sem þar er að skapast.

Þá segir hæstv. viðskmrh., að það sé óraunhæft að ætla að láta olíufélögin borga flutningskostnaðinn út á land. Já, hann segir, að það sé óraunhæft. Það er maðurinn, sem einn í hæstv. ríkisstj. er nýlega búinn að taka þátt í því að láta þau lækka allt verð á landinu um 4 aura kg. Hann segir, að það sé óraunhæft að tala um að láta þau borga flutningskostnað út á land. Þetta sagði hann líka fyrir jól. Ég veit ekki, hvað raunhæft maður yfirleitt á að taka svona yfirlýsingu. Og ég er satt að segja hálfhissa á einum ráðherra að vera að koma með þetta. Ég held, að hann hefði þá gjarnan átt að minnast á, hver flutningskostnaðurinn væri. Hv. 2. landsk. þm. upplýsti það að nokkru leyti hér áðan, og hvað bátaolíuna snertir var það helmingi lægra en hvað snerti togaraolíuna, ef ég tók rétt eftir. En hvað togaraolíuna snerti, þá var það svipuð upphæð á tonn, sem flutningskostnaðurinn nam út á land, eins og afslátturinn, sem knúður hafði verið fram af Innkaupastofnun ríkisins hérna um árið á tonn, m. ö. o. nokkurn veginn samsvarandi því, sem olíuhringarnir hafa sjálfir sýnt og sannað, að þeir væru til í að slá af, ef hart væri gengið að þeim. M. ö. o.: Það er margsannað, og það er bara að slá því fram út í bláinn að ætla að neita því, að olíuhringarnir geti tekið að sér allan þennan flutningskostnað. Og það, sem hér þarf að rannsaka næst því, hvernig olíuhringarnir græða á þjóðinni, er, hvernig stendur á því, að olíuhringarnir eiga svona mikið af málsvörum hérna á Alþ. og það í báðum stjórnarflokkunum.

Svo minntist hæstv. ráðh. á, að það væri nú alveg hreint fyrir neðan allar hellur með 4. gr. hjá mér, að ef einhverjir flyttu hér inn olíutegundir og seldu þær ódýrar í Reykjavík, þá ætti að lækka útsöluverðið úti um allt land. Hann minntist á, að einhverjir tækju sig saman og flyttu inn nokkrar tunnur. Já, það er nú orðið hálfslæmt og gróði olíuhringanna orðinn nokkuð mikill, ef það er hægt að keppa við þá með því að flytja inn olíu í tunnum til Reykjavíkur og undirbjóða þar með flutning í 10 þús. tonna skipum. Þá er það nú orðið virkilega slæmt með álagninguna á olíuna. — En svo vildi hæstv. ráðh. líka láta líta þannig út eins og ég væri að gefa í skyn, að það væri nú hægt bara kannske eina viku að flytja hér inn nokkrar tunnur og einhver góðviljaður maður eða samtök einhverra olíu- eða benzínnotenda að selja sér það í óhag, og þá yrði að fara eftir því verði úti um allt land. Ég tók greinilega fram í minni framsöguræðu fyrir minum brtt., að ég ætti alls ekki við þetta, ég hefði þvert á móti sett þarna inn í orðin „að staðaldri“, að „innflytjendur seldu að staðaldri olíurnar hér í Reykjavik“, og tók nú sjálfur fram, að ég gerði þetta af sanngirni gagnvart olíufélögunum, af því að ég ætlaðist til þess, að þeir aðilar, sem flyttu þetta inn, yrðu að geta fullnægt eftirspurninni eftir þeim vörum, sem þeir þannig byðu til sölu, þannig að þarna er hæstv. ráðh. sem sé bara að snúa út úr.

Ég veit ekki, af hverju hæstv. ráðh. er svona ógurlega viðkvæmur fyrir olíufélögunum. Ég vona að minnsta kosti, að næst þegar hann talar í þessu máli, þá reyni hann að slá ekki bara fram staðleysum eins og hann hefur gert núna, heldur reyni að færa einhver rök. Ég hélt, að hæstv. ráðh. hefði ekki svo slæma afstöðu til olíufélaganna, að hann ætti ómögulegt með að fá þar upplýsingar um þeirra verðlag og þeirra álagningu á landinu, ef hann kærði sig um að láta

Alþ. þær upplýsingar í té. Ég hélt, að hann ætti frekar innangengt þar heldur en að hann væri útilokaður.

Svo kom hv. þm. Árn. og virtist nú taka undarlega mikið í sama strenginn eins og fulltrúi Reykjavíkurauðvaldsins, hæstv. viðskmrh. Hv. 1. þm. Árn. sagði: Ég treysti mér ekki til að staðhæfa, að gróði olíuhringanna sé svo mikill, að hann geti borið flutningskostnaðinn. — Sér er nú hver umhyggjan! Aumingja, vesalings olíuhringarnir! Það skyldi þó aldrei vera, að hann yrði nú til þess, hv. 1. þm. Árn., að leggja nú meiri byrðar á herðar þeim heldur en þeir gætu borið og þeir sliguðust undir. Hann er auðsjáanlega, þó að hann hafi nú einu sinni verið þm. Reykv., eitthvað ósmeykari við að leggja byrðar á Reykvíkinga. Þeir geta borið, það er engin hætta. En auðvaldið í Reykjavík, olíuauðvaldið í Reykjavík, ríkasta auðvaldið í Reykjavík, nei, guð almáttugur, ég efast um, að það sé nokkur leið, að vesalings olíuauðvaldið í Reykjavík geti borið nokkurn skapaðan hlut meir. Við skulum heldur leggja það á neytendur. — Ég verð nú að segja, að mér finnst leggjast anzi lítið fyrir kappann. Ef hann væri eitthvað að efast um, að vesalings, aumingja olíufélögin hér heima væru svo stöndug og græddu svo mikið, að þau gætu kannske borið þetta, þá held ég, að hann mætti reyna að pína þau til þess að fá olíuna eitthvað ódýrari inn í landið og klípa eitthvað pínulítið af gróðanum, sem þau hjálpa útlendu olíuhringunum til að fá.

Ég get upplýst hv. 1. þm. Árn. um gróða helztu amerísku olíufélaganna. Eftir þeirra eigin skattframtali og eftir að þau eru búin að borga alla skatta til ríkisins af sínum gróða, þá get ég upplýst hann um, hvernig sá gróði var árið 1950. Ég hef því miður ekki aðgang að nýrri tölum, en ég held, að ég megi fullyrða, að gróðinn hafi vaxið gífurlega síðan, því að olía og blóð er nokkuð skylt, og þegar blóð flýtur í heiminum, eru olíuhringarnir vanir að græða, og þess vegna eru þeir allra hringa „interesseraðastir“ í að koma stríðum af stað og sjá um sjálfir að koma þeim stríðum af stað, ef ríkisstjórnirnar eru seinar til þess. Ég býst þess vegna við, að 1951 og 1952, eftir að Kóreu-styrjöldin var komin í algleyming, þá sé gróði amerísku olíufélaganna mun meiri eins og allur gróði ameríska auðvaldsins. En ég skal upplýsa hann um, hver gróði amerísku olíufélaganna var 1950, eftir að þeir eru búnir að draga frá alla sína skatta. Hann var eftirfarandi samkvæmt ameríska tímaritinu World Petroleum: Standard Oil of New Jersey, sem er Standard Oil bara í einu einasta bandalagsríki, bara í einu einasta ríki af þeim 48 bandaríkjum, græddi 408.2 millj. dollara, eða um 6400 millj. ísl. kr. Socony Vacuum hafði á þessu sama ári gróða, sem var 128 millj. dollara, eða 2080 millj. ísl. kr. Standard Oil of New California, þ. e. Standard Oil-félagið í Californiu, hafði gróða, sem var 150 millj. dollara, eða 2400 millj. ísl. kr. Texas Oil hafði gróða, sem var 149 millj. dollara, eða nokkurn veginn sama og Standard Oil of California, um 2400 millj. ísl. kr. Gulf Oil hafði 111.1 millj. dollara, eða um 1760 millj. ísl. kr. Og ef hann skyldi ekki bara vera interesseraður fyrir Standard Oil og ameríska olíufélögum, þá get upplýst hann um, að gróði Anglo-Iranian Oil Co. á þessu sama ári var 81 millj. punda, eða um 4045 millj. ísl. kr. Þetta er nú gróði aðeins nokkurra af olíufélögunum. Það fer aldrei niður fyrir einn milljarð ísl. króna, aldrei niður fyrir þúsund millj. hjá neinum þeirra, en fer upp í 4 og fer upp í 6 milljarða, eða 6 þús. millj. ísl. kr. Þetta er gróðinn á árinu 1950. Ég býst við, að það sé frekar lélegt ár. Næstu árin tvö á eftir eru mun betri.

Heldur nú ekki hv. 1. þm. Árn., að það væri óhætt að nota vald Sambands íslenzkra samvinnufélaga til þess að knýja þessi olíufélög, sem Sambandið m. a. hefur umboð fyrir í Olíufélaginu hér heima, til þess að minnka ofur lítið þennan gróða? Heldur hann, að það væri ekki óhætt að nota þau samtök, sem neytendur eiga hér á Íslandi, og það vald, sem íslenzka ríkið hefur, til þess að taka ofur lítið af þessum gróða, sem reyttur er út af Íslendingum og öðrum þjóðum í heiminum, sem þessar blóðsugur arðræna?

Standard Oil er búið að koma við sögu hér á Íslandi lengi, og ég minntist við 2. umr. þessa máls á það, sem Jón Ólafsson ritstjóri sagði hér á Alþ. um það félag 1912, um þennan risablekfisk, sem teygði anga sína um allan heim og þá kom til okkar í líki D. D. P. A., sem, eins og ég veit að okkar gamli, góði þingmaður man eftir, þá var kallað: Danskur djöfull pínir alþýðuna. Og það er ekkert betra, þegar amerískur djöfull gerir það.

Ég held, að það sé rétt fyrir okkur að horfast í augu við það, að þetta tal um gróða olíufélaganna er enginn áróður út í bláinn. Það eru staðreyndir, sem amerísk skattayfirvöld og olíutímarit sjálfra olíuhringanna staðfesta, vegna þess að það er ekki nokkur minnsta leið til þess að dylja, hvernig þessir voldugustu hringar veraldarinnar arðræna þjóðirnar. Ég held þess vegna, að hv. 1. þm. Árn. ætti ekki að bera svo mikla umhyggju fyrir olíuhringunum, að hann þyrði ekki að prófa það, hvort þeirra gróði væri það mikill, að þeir gætu borið flutningskostnaðinn.

En svo hélt hv. 1. þm. Árn. áfram, og þar virtist mér næstum því eins og eitthvað búa á bak við, vegna þess að rétt á eftir kom hv. þm. V-Sk. með nákvæmlega sömu röksemdir. Hann sagði: Ég er hræddur um, að það, þ. e. að velta flutningskostnaðinum yfir á olíuhringana, gæti leitt til þess, að olíufélögin spöruðu flutninga út um land og að það vantaði olíu. — Hv. þm. V-Sk. endurtekur þetta sama. Nú verð ég að segja, að ég varð hissa. Mér kom á óvart að heyra einmitt frá þm. Framsfl. yfirlýsingu um það, að það sé líklegt, jafnvel yfirvofandi, svo framarlega sem olíuhringunum væri gert að greiða flutningskostnaðinn út um land, að þá mundu þeir bara ekki flytja olíu og benzín til hinna og þessara staða, sem þeir flytja það til núna. Má ég spyrja: Er það rangminni hjá mér, að Samband ísl. samvinnufélaga sé stærsti hluthafinn í ríkasta eða a. m. k. stærsta olíufélaginu á Íslandi? Er það rangminni hjá mér, að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, Vilhjálmur Þór,

sé formaðurinn fyrir Hinu ísl. steinolíuhlutafélagi og fyrir Olíufélaginu h/f? Og er það rangminni hjá mér, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi eitthvað með íslenzka bændur að gera og að það hafi verið stofnað til þess að sjá um þeirra hag? Liggur það virkilega fyrir í hugum þessa tveggja hv. þm. Framsfl., að Samband ísl. samvinnufélaga hóti að hætta að láta bændur á Íslandi fá olíu og benzín, svo framarlega sem ósviknum erlendum og innlendum olíuhringum verði gert af hálfu Alþ. að skyldu að lækka verðið til bændanna? Liggur það við? Er hér um að ræða hótun frá forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga og formanni stærsta olíufélags landsins um að hætta að láta íslenzka bændur fá olíu og benzín, svo framarlega sem verð á olíu og benzíni til þeirra verður lækkað niður í sama verð og Reykvíkingar fá það á? Er það það, sem liggur fyrir? Ég hef ekki lengi upplifað hér á Alþ., að það væri flutt svona hótun og hún flutt af þm. Framsfl. Ég verð að segja, að svo framarlega sem íhaldið væri allsráðandi enn þá í olíufélögum á Íslandi, þá hefði þetta þótt of djarft. Ég gæti trúað, að olíuhringarnir hér á Íslandi lofuðu guð fyrir, að Samband ísl. samvinnufélaga er komið inn í einokunarhringinn með þeim. Annars mundi líklega Framsfl. hafa tekið nokkuð skarpt upp svona yfirlýsingar frá íhaldsþingmönnum hérna. M. ö. o.: Það liggur þá fyrir, að Olíufélagið, sem Samband ísl. samvinnufélaga fyrst og fremst á og stjórnar, muni ætla að neita að láta íslenzka bændur fá olíu og benzín, og hv. þm. Framsfl., sem talað hafa í þessu máli, eru svo hræddir við, að þetta gerist, að þeir þora ekki annað en að sleppa því að gera olíuhringunum að greiða þennan flutningskostnað.

Ég er hræddur um, að þessi staðreynd, sem nú hefur komið fram hér í yfirlýsingum þessara hv. framsóknarmanna, verði nokkuð talandi, ekki aðeins nú kannske á þinginu, heldur líka í næstu kosningum, um hvernig Standard Oil er búið að gleypa S. Í. S., að það er ameríska olíuauðvaldið, sem nú er búið að gleypa Samband ísl. samvinnufélaga og gera það að litla hringnum sínum, gera það að einum anga af sér, einum anga af þessum risablekfiski, sem Jón Ólafsson talaði um hér fyrir 40 árum. Og ég sé, að það er svo komið, að þm. Framsfl. eru farnir að tala hér með rödd olíuauðvaldsins. Þm. íhaldsins geta bara rólega dregið sig í hlé, enda hefur lítið borið á þeim, sem maður veit nú samt, að eru þess opinberir fulltrúar. Þeir draga sig ósköp mikið í hlé hérna, nema hæstv. viðskmrh., sem af einhverri slysni fór inn í umræðurnar áðan. En nú er svo komið, að olíuhringunum finnst miklu skynsamlegra að skáka nú Framsókn, þeim flokki, sem hvað eftir annað í sinni sögu hér fyrr á tímum sótti á móti olíuauðvaldinu á Íslandi, barðist fyrir ríkiseinkasölu á Íslandi, knúði fram ríkiseinkasölu á Íslandi, hamaðist á móti engilsaxnesku olíuhringunum hérna, en nú, eftir að fjárplógsstarfsemin hefur verið sett við hásæti í Sambandinu, virðist ekki lengur þora að hreyfa við einokunarhringunum, vegna þess hvað S. Í. S. sé orðið ánetjað þeim.

Ég vil aðeins minna hv. þm. á, að það að leggja núna skatta á olíuna svo og svo víða á landinu og hækka verðið á henni, — því að auðvitað mun ríkisstj. og hringarnir gera það, — það er náttúrlega að svíkja þau loforð, sem gefin voru í sambandi við lausn verkfallsins. En því er ég ekkert hissa á. Því gekk ég eiginlega alltaf út frá sem sjálfsögðu, að ríkisstj. mundi svíkja það, sem hún lofaði. Það var náttúrlega alveg gefið mál. — Ég hef aldrei búizt við, að Framsfl. færi að berjast á móti dýrtíðinni. Ef hann með dýru verkfalli væri neyddur til þess að lækka verð á einhverri vöru, þá er það náttúrlega alveg hreint gefið, að hann hlýtur bara af sjálfu sér að verða einhvern veginn að hækka það aftur. Ef því væri haldið niðri, þá gæti það kostað olíuhringana e. t. v. eitthvað, svo að það væri náttúrlega ekki efnilegt.

Svo hafa hv. framsóknarþingm. hér talað allmikið um það, að það, sem þeir væru að hugsa um í þessum efnum, væri dreifbýlið á Íslandi, það væru byggðir úti um allt land. Ég ætla að fara nokkrum orðum um afstöðu hv. Framsfl. í því, hvað það er, sem raunverulega þarf að gera fyrir dreifbýlið á Íslandi, til þess að það geti lifað betur en það lifir núna. Það hefur verið réttilega undirstrikað hérna, ekki síst af hv. 2. landsk. þm., hver lífsnauðsyn það er að slaka á kló Reykjavíkurauðvaldsins gagnvart fólkinu úti um land. Hvað þarf að gera fyrir dreifbýlið hvað þetta snertir? Það þarf í fyrsta lagi að létta af því oki einokunarhringanna í Reykjavík. Hverjir eru það núna, sem halda því oki við? Það er Framsfl. Það dettur engum í hug að ætlast til þess, að íhaldið fari að lyfta því af, og það veit ég, að Framsókn hefur aldrei dottið í hug. Íhaldið er fyrst og fremst fulltrúi einokunarhringanna. Framsfl. var flokkurinn, sem var skapaður til þess að kveða einokunina niður, útrýma okrinu, berja niður auðvaldið, svo að bændum og vinnandi stéttum landsins gæti vegnað vel. Hvernig er það nú? Hér var fyrir skömmu af einum framsóknarmanni flutt till. um að gefa fiskútflutninginn frjálsan, að losa landsbyggðina undan fargi fiskhringsins í Reykjavík. Hvað gerðist á meðan það frv. lá fyrir þinginu og Framsfl. vissi, að við sósíalistar mundum fylgja því með honum? Þá gerðist það, að Samband ísl. samvinnufélaga samdi við fiskhringinn í Reykjavík um, að Samband ísl. samvinnufélaga og fiskhringurinn skyldu skipta á milli sín gróðanum og Samband ísl. samvinnufélaga skyldi fá umboðið í Danmörku og í Norður-Ameríku, ef ég man rétt, og síðan hélt fiskhringurinn áfram að selja meira að segja til Danmerkur, en Sambandið fékk umboðslaunin. Það var ein millj. kr., þegar það var seinast upplýst, sem Sambandið var búið að fá í umboðslaun fyrir að selja, og Framsfl. var hættur að flytja nokkrar till. um að gefa frjálsan útflutning á saltfiski frá Íslandi. M. ö. o.: Það var búið að stinga upp í S. Í. S. — S. Í. S. var innlimað í einokunarhringinn, þá var Framsfl. ánægður. Þannig fór með þá herferð til þess að létta því oki af íbúum hinna dreifðu byggða. Nú er það sama að gerast viðvíkjandi olíunni, nákvæmlega sama. Það má ekki snerta við olíuhringunum. Það er ekki full sannfæring komin í huga hv. þm. Framsfl. um, að það sé nú óhætt að staðhæfa, að þeir gætu borið þennan

flutningskostnað til fólksins, til vinnandi stétta úti um land. Það má ómögulega skella því á auðvaldið í Reykjavík, ríkasta auðvaldið í Reykjavík, jafnvel ríkasta auðvaldið í Ameríku líka.

Þannig gengur það á hverju sviðinu á fætur öðru. Samband ísl. samvinnufélaga er að vaxa saman við versta hlutann af Reykjavíkurauðvaldinu. Það er hluturinn, sem er að gerast, og vegna þess að þessir einokunarhringar, sem þannig eru að myndast hérna í Reykjavík með tilstyrk Framsfl., græða á allri landsbyggðinni, þá verður að halda landsbyggðinni áfram undir oki þessara einokunarhringa. M. ö. o.: Meðan verið er að skera niður atvinnulífið úti um land, þá er það hlutverk Framsóknar að halda landsbyggðinni undir hnífnum hjá Reykjavíkurauðvaldinu. Við höfum gert marga tilraun, Sósfl., til að létta þessu oki af. Framsókn hefur verið með því að drepa þær allar.

Í öðru lagi er það, sem þarf að gera fyrir dreifbýlið úti um land, að tryggja því miklu betri lánskjör en það hefur núna. Meðan við sósíalistar vorum í stjórn, þá börðumst við fyrir því, að nýsköpunartogararnir væru staðsettir úti um land, til þess að landsbyggðin fengi þannig stórvirk atvinnutæki, sem gætu staðið undir hennar atvinnulífi. Til þess að gera þetta kleift lögðum við til, að Landsbankinn yrði skyldaður til þess að lána þessum bæjarfélögum lán, sem voru 75% af kostnaðarverði togaranna, til 20 ára með 2—2½% vöxtum. Hvaða flokkur var eini flokkurinn, sem barðist á móti þessu frv. í þinginu? Hvaða flokkur var eini flokkurinn, sem barðist á móti því, að hin dreifða byggð úti um land gæti fengið 75% af andvirði nýsköpunartogaranna lánað út á þá með 2% vöxtum? Það var Framsfl., og núv. fjmrh. Framsfl. og formaður þingflokks hans þá var maðurinn, sem var harðvítugastur í því. Og rökin, hver voru þau? Jú, það var verið að hlífa bankavaldinu í Reykjavík. Það gerir ekkert til, þótt Vestfirðingar fái engan togara, bara ef aumingja, vesalings Landsbankinn er ekki skyldaður til þess að lána 100 millj. kr. til langs tíma með 2% vöxtum, því að þegar við svo vorum búnir að pína þetta í gegn eftir árs baráttu við Framsókn, þá neyddist hæstv. fjmrh. Framsfl. núv. til þess að fara inn á það, af því að hann sá kosningar nálgast, að vera með í því að veita þeim ekki aðeins 75% af andvirðinu sem lán, heldur bæta 10% þar við. En það vantaði bara að gera meira. Það var ekki nóg gert fyrir dreifbýlið með þessum ráðstöfunum um stofnlánadeildina, sem knúðar voru fram á móti vilja Framsóknar, það þurfti að gera meira. Það þurfti að tryggja rekstrarlán, mikil og rífleg og nægileg rekstrarlán handa öllum þessum aðilum úti á landi, helzt með enn þá lægri vöxtum, en við það var ekki komandi. Rétt eftir að við höfðum knúið fram stofnlánin handa fólkinu úti á landi, þá komst Framsfl. í ríkisstjórn, og þá var nú ekki að sökum að spyrja. Þá var byrjað að taka fyrir lánin til fólksins þarna úti í dreifbýlinu. Þá var farið að afnema lögin, sem sett höfðu verið um lán til langs tíma og með lága vexti, og ekki að tala um að láta bæjarútgerðirnar úti á landi fá virkilega ódýr og næg rekstrarlán til alls sins rekstrar, sem var auðvelt að gera, nógir peningar til þess. Nei, Framsfl. ætlaði sér að gera það, sem einn helzti auðmaður Reykjavíkur lýsti yfir, þegar nýsköpunartogararnir voru settir út á land. Hann sagði: Já, biðið þið bara, þeir lenda að lokum allir til okkar.

M. ö. o.: Með því að stjórna þannig fjármálapólitík ríkisstj. og bankanna, að bæjarútgerðirnar úti um land yrðu sveltar að fé, en beygðar um leið undir ok olíuhringsins og fiskhringsins, þá átti að gera bæjarútgerðunum úti um land ómögulegt að starfa. Þeim er neitað um lán. Þeim er neitað um að mega selja fiskinn sinn með almennilegu verði út úr landinu. Þeim er neitað um að mega kaupa olíu inn til landsins og selja hana ódýrari en núna væri gert. Með lögum eru bæjarútgerðirnar úti um allt land beygðar undir vald auðvaldsins í Reykjavík. Og það er Framsfl., sem hefur hjálpað íhaldinu til þess að gera þetta.

Það, sem þarf að gera fyrir dreifbýlið úti um land, er að skapa því góð atvinnutæki með hentugum kjörum, góða rekstrarmöguleika og fullt frelsi til þess að reka sín tæki. Og það er enginn aðili, sem hefur reynzt íhaldssamari í þjóðfélaginu gagnvart dreifbýlinu heldur en Framsfl. hvað þetta snertir. Það var þó meira að segja með íhaldinu, sem við sósíalistar fengum það í gegn að kaupa nýsköpunartogarana og dreifa þeim út til landsbyggðarinnar. Það framsýnni var sjálfur Sjálfstfl. í þessu heldur en Framsókn, enda von náttúrlega, þar sem fjmrh. Framsfl. leit á alla nýsköpunartogarana sem gums, eins og hann sagði í einni þingræðu hér, sem hann eiginlega vissi ekkert, hvað ætti að fara að gera við.

Það, sem þarf að gera fyrir dreifbýlið auk þessa, er að gefa því frelsi til þess að mega selja sínar vörur beint út úr landinu og kaupa inn, — það frelsi, sem tekið er af því með öllu því skriffinnsku- og einokunarvaldi, sem sameinað er hérna í Reykjavík í greipum ríkisstj. og þar með í greipum Reykjavíkurauðvaldsins. Þetta er það, sem þarf að byrja á að gera fyrir dreifbýlið. Það þarf að létta af því oki einokunarauðvaldsins hérna í Reykjavík.

Ég vildi mega vonast til þess, að hv. þm. þessarar deildar beri gæfu til þess að beina í þessu máli geiri sínum þangað, sem þörfin er mest fyrir, þ. e. gegn olíuhringunum, en ekki að láta Íslendinga fara að henda byrðunum sín á milli og kljást innbyrðis um, hverjir eigi að bera þær, þegar vitanlegt er, að hjá stendur sá, sem hefur það breiða bak til þess að taka að sér að bera allar þær byrðar, sem dreifbýlið núna í landinu, landsbyggðin öll, stynur undir. Þar með á ég við olíuauðvaldið og ekki hvað sízt þann hluta þess, sem hefur ánetjað Samband ísl. samvinnufélaga og Framsfl. illu heilli, með þeim afleiðingum, að menn, sem ella hefðu áreiðanlega talað af fullum kjarki á móti einokunarauðvaldinu hér í Reykjavík, gerast nú hér á þingi málsvarar þess.

Ég vil svo leyfa mér að vona, að hv. þm. geti eftir þau rök, sem ég hef nú fært fram fyrir mínum brtt. og sýnt fram á, hve fánýtt það er,

sem gagnrýnt hefur verið við þær, fallizt á að samþykkja þær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 523 felld með 19:6 atkv.

Brtt. 464,1 tekin aftur.

— 467,1 felld með 16:6 atkv.

— 467,2 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG, HV, JÁ.

nei: JR, JörB, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁB, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, SB.

KS, LJós, EmJ, GTh, JóhH greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, StJSt, StgrSt, AE, BÓ) fjarstaddir.

Brtt. 467,3 felld með 18:6 atkv.

— 467,4—6 teknar aftur.

— 554 samþ. með 17:2 atkv.

— 464,2, svo breytt, felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, LJós, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, GÞG, HV.

nei: JörB, PÞ, SkG, ÁB, EirÞ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, SB.

JR, KS, MJ, PO, SÁ, SG, GTh, JóhH greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÓTh, StJSt, StgrSt, AE, BÓ, EystJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 20:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A 466, n. 617, 628 og 638).

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og nál. bera með sér, þá hefur n. klofnað í málinu. Við, ég og hv. þm. Seyðf., leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir vilja ýmist vísa því frá eða breyta því töluvert.

Eins og frv. liggur fyrir, fer það fram á það, að þessir nauðsynlegu orkugjafar, steinolían og benzínið, séu seldir með sama verði um land allt, þannig að menn hafi hvað þann útgjaldalið snertir sömu aðstöðu hvar sem er á landinu, bæði til benzínkaupa til bílarekstrar og olíu til útgerðar. Við lítum þannig á, ég og hv. þm. Seyðf., að með því að láta þessar nauðsynlegu vörur vera miklum mun ódýrari á einum stað en öðrum, þá sé verið að hlúa að atvinnurekstrinum á þeim stað og vinna að því, að fólkið flytjist á þá staði og atvinnureksturinn einskorðist meira og minna við þá. Það er nú ekki heppilegt eins og atvinnulífi er háttað hér á landi, að allt fólk og atvinnulíf safnist og einskorðist við sárafáa staði eða einn stað á landinu, og þess vegna teljum við, að það sé liður í því að halda fólkinu úti um landið og nota gæði þess og aðstöðu sem bezt að skapa sem allra jafnasta aðstöðu fyrir þá menn, sem atvinnulífið þurfa að stunda, hvar sem þeir eru búsettir. Teljum við þess vegna, að þetta sé spor í rétta átt, og ég tel a. m. k. sjálfur, að það þurfi að fylgja ýmislegt fleira á eftir í svipaða átt. Ég taldi á sínum tíma, þegar var byrjað að leggja hér rafveitur um landið og rafvirkjanir, að hið opinbera ætti að jafna verðinu á svæðin, þannig að það yrði jafnt hjá öllum þeim, sem hefðu bezta aðstöðu til að fá raforku frá einhverju ákveðnu fallvatni. Það voru þá ósköp fáir menn, sem vildu fara inn á þá braut, og það hefur nú haft sínar afleiðingar, sem ég skal ekki fara út í hér, en það er margt fleira, sem þarf að jafna til þess að skapa fólkinu sem líkasta aðstöðu í landinu, og þetta frumvarp er einn liður í þá átt, og þess vegna fylgi ég því og vil láta samþ. það óbreytt.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Eins og nál. bera með sér, þá er n. öll í minni hl. um þetta mál, hefur þriklofnað, og þó að ég hafi ekki getað orðið samferða þeim minni hl., sem þegar hefur verið flutt framsaga fyrir, þá er það ekki af því, að ég sé honum ekki sammála um það atriði, sem reyndar er kannske meginefni málsins, að sanngjarnt sé, að þær vörur, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. brennsluolíur og benzín, séu seldar á sama verði sem víðast eða jafnvel kannske alls staðar á landinu.

Eins og hv. dm. vafalaust muna, þá flutti ég hér fyrr á þinginu frv. um það, að ríkið eða ríkisstj. f. h. þess gerðist þátttakandi í innflutningi á þessum vörum til landsins með það fyrir augum að gefa landsmönnum yfirleitt kost á því að fá þessar nauðsynjavörur fyrir lægra verð heldur en nú er á þeim. Og ég þóttist þá færa fram allsterk rök fyrir því, að verðlagið á þessum vörum hér væri allmiklu hærra en nauðsyn bæri til, ef innflutningur þeirra og verzlun með þær væri miðað við þarfir neytendanna, en ekki eins og nú er gert við gróðasjónarmið þeirra aðila, sem þessa verzlun annast, þ. e. olíufélaganna.

Í samræmi við þessa skoðun mína, sem gleggst kom fram í sambandi við flutning þessa frv., sem ég nú nefndi, lít ég svo á, að þá verðjöfnun, sem farið er fram á með þessu frv., sé hægt að framkvæma á kostnað olíufélaganna, sem nú annast innflutning og sölu á þessum vörum, vegna þess að álagning þeirra sé það mikil, að þau geti hæglega tekið á sig þá byrði, sem af því mundi leiða fyrir þau að verðjafna þessar vörur, án þess að hækka útsöluverðið, þar sem það er lægst, þ. e. hér í Reykjavík og hér við Faxaflóa, þ. e. þeim stöðum, sem næstir eru aðalbirgðastöðinni, sem olíunni síðan er dreift frá út um landið. Nú hefur mikið verið um þetta deilt í sambandi við þetta frv. í hv. Nd. og þar verið fluttar till. um að framkvæma þessa verðjöfnun á kostnað olíufélaganna. En fyrir því hefur ekki fengizt nægilegur þingvilji. Og reynslan hefur orðið sú sama við afgreiðslu hv. allshn. þessarar d. á frv., að hún hefur ekki viljað fallast á þetta sjónarmið,

og það er fyrst og fremst það, sem greinir á milli mín og 1. minni hl. n., eins og ég gat um þegar í upphafi.

Nú hef ég viljað reyna, þó að það fengist nú raunar lítið tækifæri til þess að ræða um það á nefndarfundi, eins konar milliveg í þessu efni, þannig að verðjöfnunin yrði framkvæmd án þess að hækka útsöluverðið á þessum vörum hér í Reykjavík eða á öðrum þeim stöðum, þar sem það er lægst, og að þetta yrði að sumu leyti gert á kostnað olíufélaganna, þ. e. a. s. að því leyti, að þau tækju á sig verðjöfnunargjaldið vegna olíusölunnar, þ. e. sölu á brennsluolíu og gasolíu og slíkum olíum, en að ríkissjóður tæki hins vegar á sig að greiða verðjöfnunargjaldið af seldu benzíni. Með þessu væri létt nokkrum hluta verðjöfnunargjaldsins af olíufélögunum, sem ég held þó að gætu hæglega staðið undir því öllu, en hins vegar komið í veg fyrir það, að þeir notendur olíu og benzíns, sem hafa fengið það við vægustu verði, þurfi að greiða það hærra verði eftir en áður. Ég held, að það sé tiltölulega auðvelt að færa frambærileg rök fyrir því, að ekki sé óeðlilegt, þó að ríkið taki á þennan hátt þátt í því að gefa mönnum úti um land kost á því að fá þessar vörur ódýrari en verið hefur hingað til, án þess að menn hér á Suðvesturlandi þyrftu þess vegna að greiða þær hærra verði. Ég held, að það sé tiltölulega auðvelt að færa frambærileg rök fyrir þessu, vegna þess að mjög verulegur hluti af verði benzínsins er til orðinn einmitt fyrir tolla og skatta, sem ríkissjóður tekur af þessari vöru og það í stærri stíl heldur en líklega af nokkurri annarri vöru, sem flutt er til landsins, e. t. v. að undantekinni einhverri lúxusvöru, ég skal ekki fullyrða um það, og þó dreg ég það í efa, en a. m. k. tekur ríkið í þessu tilfelli svo ríflegan hlut af benzínverðinu, að það er hægt að færa mjög frambærileg rök fyrir því, að það ætti að taka á sig þá tiltölulega litlu byrði, sem af því mundi leiða að greiða verðjöfnunargjaldið af því samkvæmt þessu frv.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé að vísu um það kunnugt, hversu mikið þetta er. Þó er ég ekki alveg viss um, að þeir hafi lagt það niður fyrir sér, því að þessar hækkanir hafa verið gerðar stig af stigi og kannske án þess, að menn hafi lagt það mjög nákvæmlega niður fyrir sér, hvað þetta væri orðið mikið, þegar síðasta hækkunin var gerð, en það er hvorki meira né minna en það, að sennilega á milli 40 og 50% af útsöluverði á benzíni hér í Reykjavík er beinlínis vegna tolla, sem á benzínið eru lagðir. Hið svo kallaða sérstaka innflutningsgjald af benzíni nemur 31 eyri á lítra. Síðan er vörumagnstollurinn 20 aurar á lítra, þannig að þar er kominn 51 eyrir. Það, sem við bætist síðan, verðtollinn og söluskattinn, get ég ekki reiknað út nákvæmlega upp á eyri, vegna þess að til þess þyrfti ég að hafa gögn í höndum, sem ég hef ekki, en ég þori að fullyrða, að þetta hvort tveggja er eitthvað yfir 20 aura á lítra, a. m. k. ekki undir 20 aurum, þannig að með þessu móti eru það a. m. k. 70 aurar og sennilega eitthvað nokkuð yfir 70 aurar á lítra, sem ríkissjóður tekur beint af benzínverðinu í innflutningsgjöldum og söluskatti.

Nú reikna olíufélögin með því í þeim umsögnum, sem þau hafa sent um þetta frv., að ef verðjöfnun yrði framkvæmd á benzíninu, þá mundi útsöluverð hér þurfa að hækka um 4½ eyri á lítra. Ég held, að það sé nú óhætt að slá því föstu, að bæði þessi áætlun og aðrir útreikningar, sem olíufél. gera um þetta, gangi nú a. m. k. fremur of langt en of skammt í því að sýna, hversu verðjöfnunargjaldið þyrfti að vera mikið. Það gera olíufélögin vegna þess, að þau eru á móti frv. og vilja ekki fá þessa verðjöfnun fram. En jafnvel þó að reiknað væri með því, að ríkið þyrfti að greiða 4—4½ eyri á lítra í verðjöfnunargjald, þá mundi það samt sem áður ekki nema nema um það bil sextánda hlutanum af þeim tollum, sem ríkið tekur af benzíninu, og ég held, að það sé ekki hægt að segja, að í því fælist nein ósanngirni, þó að ríkið gæfi eftir um það bil sextánda hluta af tollunum á benzíninu til þess að greiða þetta verðjöfnunargjald og stuðla þannig að því, að sá mikli fjöldi manna, sem þarf að nota þessa vöru úti um allt land, gæti fengið hana á sama verði eins og hér í Reykjavík, án þess að aukagjald yrði af þeim sökum lagt á benzínkaupendurna hér.

Eins og ég hef áður rætt um, bæði drepið á hér og þó sérstaklega rætt um í sambandi við frv., sem ég flutti hér áður, þá held ég, að olíufélögunum yrði síður en svo ofþyngt með því, þó að þau yrðu látin borga verðjöfnunargjaldið af brennsluolíunum, og teldi ég þá, að í raun og veru ættu allir aðilar að geta sætzt á þá lausn málsins. A. m. k. þykir mér dálítið undarlegt, ef þeir mörgu, — ég held, að það séu 8 flm. að þessu frv., — ef þeir stuðningsmenn stjórnarinnar og aðrir stuðningsmenn hennar, sem þykjast með þessu frv. vera að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna úti um land, geta ekki fallizt á slíka lausn sem þessa, og ef þeim væri einhver veruleg alvara með þetta mál, að þeir gætu þá ekki líka náð um það samkomulagi innan stjórnarflokkanna og við þá ríkisstjórn, sem þeir styðja, að leysa málið á þennan hátt fremur en að demba þeim kostnaði, sem af þessu verður, á neytendurna hér í Reykjavík. Ég held, að ef einhver virkileg alvara væri hjá þeim í þessu efni, þá gætu þeir komið þessu fram og hægt væri að leysa málið á þennan hátt.

Þetta segi ég fyrst og fremst til 1. minni hl. allshn., sem leggur til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var flutt.

Viðvíkjandi afstöðu 3. minni hl., sem birtir hér nál. á þskj. 638 og leggur til að vísa málinu frá, þá tel ég nú í raun og veru ekki sterk rök, sem fyrir því liggja. Hann vísar til þess, að ef frv. væri samþykkt óbreytt, þá mundi felast í því röskun á þeim samningi, sem gerður var til lausnar verkfallinu nú fyrir jólin. Að vísu mætti kannske segja það, ef þetta er framkvæmt á þann hátt, sem frv. nú felur í sér og 1. minni hl. vill láta standa óbreytt. En 3. minni hl. hefði getað komizt fram hjá þessum agnúa með því að fallast á sjónarmið mitt: annaðhvort að láta olíufélögin ein bera kostnaðinn af þessu eða þá að skipta honum á milli olíufélaganna og ríkissjóðsins. Og í áliti 3. minni hl. kemur einmitt fram sú sama hugsun, sem felst í þessari lausn minni, t. d. varðandi verðjöfnunargjaldið á benzíninu, þar

sem þeir taka beinlínis fram, eins og hér stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Að sjálfsögðu ber að stuðla að því að halda niðri verði á benzíni og olíu svo sem frekast eru tök á og létta undir með þeim, sem við dýrastan flutningskostnað eiga að búa“ — og bæta síðan við: „Slíkt ber að gera með beinni aðstoð hins opinbera og framlögum úr ríkissjóði.“ 3. minni hl. virðist að þessu leyti vera sammála mér um það, að það væri rétt að jafna þennan aðstöðumun þegnanna með því, að ríkissjóður tæki á sig einhverja byrði af þessu. Mér sýnist þess vegna í raun og veru, að ef — eins og ég sagði áðan — hefði verið einhver veruleg alvara í því að leysa þetta mál með samkomulagi, þá hefðu í raun og veru átt að vera möguleikar fyrir hendi til þess að ná samkomulagi um lausn eitthvað svipað því, sem ég legg til í þeirri brtt., sem fylgir hér nál. minu á þskj. 628 og ég hef nú fært rök fyrir.

Ég geri reyndar ráð fyrir því, að eins og venjulega er um afgreiðslu mála í þinglok, þá gefist nú ekki mikið tækifæri til þess að reyna frekari samkomulagstilraunir, en í raun og veru hefði þó verið ástæða til þess, því að sannleikurinn er sá, að það hefur mjög lítið tækifæri gefizt til þess að ræða málið í n. og þessi nál. þess vegna meira gefin á hlaupum heldur en að það hafi verið reynt til þrautar um samkomulag í n. áður en málinu var skilað frá henni, en eftir því var mjög fast rekið, að því yrði skilað án dráttar frá nefndinni.

Ég vil sem sagt eindregið mælast til þess, að hv. þdm. vilji taka til alvarlegrar athugunar þá lausn, sem ég hér hef bent á og tel mig hafa fært allsterk rök fyrir.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í 1. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir til umræðu, þá er tilgangur frv. sá að koma á einu verði á olíu og benzíni um land allt og fyrir því ráð gert, að ekkert tillit sé tekið til þess, hversu mismunandi dreifingarkostnaður er í sambandi við hina ýmsu staði.

Það er augljóst mál, að ef að þessu ráði á að hverfa, þá þarf að gera einhverjar ráðstafanir til þess að bera uppi þann mismun, sem er á flutningskostnaði á benzíni og olíum til hinna ýmsu staða á landinu.

Þetta frv. hyggst sjá fyrir þeim vanda með því að leggja sérstakan innflutningstoll á benzín og olíur. Þessi innflutningstollur er í frv. nefndur verðjöfnunargjald. Verðjöfnunargjaldi eða innflutningstolli þessum á svo að verja til þess að greiða með þann mismun, sem er á flutningskostnaði til hinna ýmsu staða í landinu.

Ef frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir hér, þá er mjög greinilegt, að verð á benzíni og olíum mundi mjög hækka hér í Reykjavík og við Faxaflóa og nágrenni, en lækka á öðrum stöðum á landinu. Það er talið og ekki dregið í efa, að rétt sé, að benzín mundi t. d. hækka hér í Reykjavík um 4,5 aura lítrinn og mjög svipað í nágrenninu, en lækka úti á landi um 2,5 aura frá benzíngeymum, en 6,5 aura frá benzíndælum. Gasolía mundi hins vegar hækka í Reykjavík um 3 aura lítrinn og 2 aura annars staðar við Faxaflóa, en lækka tiltölulega minna annars staðar á landinu. Brennsluolían mundi hækka hér í Reykjavík og nágrenni um 48 kr. tonnið, en lækka annars staðar á landinu sennilega um 52 kr. tonnið. Sést af þessu, að hér er um mjög verulegar upphæðir að ræða, mikla hækkun á benzíni og olíum í Reykjavík og í kringum Faxaflóa, en tilsvarandi lækkun annars staðar á landinu.

Meðan þetta frv. var til meðferðar í Nd., þá var það sent til umsagnar til Landssambands íslenzkra útvegsmanna og til allra olíufélaganna, og hafa þessir aðilar látið Alþ. í té mjög ýtarlegar og greinargóðar umsagnir um frv.

L. Í. Ú. hefur hvað eftir annað haft tækifæri til þess að taka til athugunar innan sinna vébanda, hvort rétt væri að koma á verðjöfnun á olíum. Málið hefur hvað eftir annað verið tekið fyrir á aðalfundum Landssambandsins, og það hefur jafnan komið í ljós, að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra, sem á aðalfundunum hafa verið mættir, hefur verið algerlega andvígur verðjöfnuninni. En til þess að ganga úr skugga um, hvort fyrir væri nokkur almennur áhugi utan Reykjavíkur og Faxaflóa fyrir verðjöfnuninni, þá hefur Landssambandið horfið að því ráði að senda öllum meðlimum Landssambandsins fyrirspurn um það, hvort meðlimirnir óskuðu eftir eða legðu áherzlu á, að komið væri á verðjöfnun. Þessi skoðanakönnun hefur leitt í ljós, að innan Landssambandsins er sáralítill áhugi fyrir slíkri ráðstöfun. Það var aðeins einn af meðlimum Landssambandsins, sem mælti með þessu, það var Félag útvegsmanna á Ísafirði, en meðmæli bárust ekki frá öðrum, og létu menn erindinu yfirleitt ósvarað. Hins vegar komu fram mótmæli frá fjölmennustu samtökum útvegsmanna, en það er í Reykjavík og hér við Faxaflóa.

Það er af þessari meðferð útvegsmanna um land allt á málinu alveg ljóst, að innan þeirra samtaka er ekki til að dreifa neinum verulegum áhuga um framgang málsins. Það má telja alveg víst, að ef útvegsmenn hefðu haft áhuga á að koma þessari verðjöfnun á, þá mundu þeir hafa látið þá skoðun í ljós, þegar Landssambandið leitaði eftir umsögn þeirra.

Í umsögn þeirri, sem frá L. Í. Ú. kom til hv. Nd. út af þessu máli, eru færð fram ýmis skilmerkileg rök á móti frv., og sé ég ekki ástæðu til að rekja umsagnirnar frekar hér.

Ég vil einnig benda á það, að olíufélögin öll, sem hafa látið umsögn í té um málið, virðast vera því mjög eindregið andvíg, og það er sérstaklega athyglisvert úr þeirra umsögn, að þau benda á, að verðjöfnun eins og sú, sem hér er lögð til, muni raunverulega leiða til almennrar hækkunar bæði á benzíni og olíu. Stafar þetta af því, að þegar sama verð væri komið á benzín og olíur um land allt, mundi mjög dregið úr áhuga manna fyrir því að taka þessa vöru þar, sem hún áður var ódýrust, og þar, sem flutningskostnaðurinn er minnstur. Eins og við vitum, þá hafa bæði eigendur bifreiða, sérstaklega langferðabifreiða, sem hafa fjöldamargar aðsetur hér í Reykjavík, og eins

eigendur báta utan af landi, sem gjarnan koma hingað til bæjarins, lagt áherzlu á það, að bæði bifreiðarnar og bátarnir séu birgðir upp með benzín og olíur hér í höfuðstaðnum og hér við Faxaflóa, þar sem varan er ódýrust, til þess að spara sér annan flutningskostnað á þessum verðmætum til sinna heimastaða. En ef sama verð væri orðið um allt land á olíum og benzíni, þá er alveg gefið, eins og olíufélögin benda alveg réttilega á, að áhugi þeirra, sem gera bátana og bifreiðarnar út, væri orðinn mjög veiktur fyrir því að taka benzínið hér, og hætt við því, að menn létu sig þá einu gilda, þó að þeir tækju ekki meira af þessum birgðum hér en þeir þurfa til að komast til sinna heimkynna eða næsta aðaláætlunarstaðar, en tækju svo þar það, sem þeir þyrftu frekar á að halda. Olíufélögin gera skilmerkilega grein fyrir þessu atriði, og hygg ég, að ekki verði með rökum fram hjá því gengið.

Af umsögnum þessara aðila, Landssambandsins og olíufélaganna, verður því ekki dregin önnur niðurstaða en sú, að þetta mál sé til óþurftar og eigi ekki rétt á að ná fram að ganga, og þess ber vel að gæta, að hér liggja fyrir umsagnir þeirra aðila, sem mest kynni og mesta þekkingu hafa á meðferð þessara mála og mest eiga við þau að búa.

Ég vil líka leyfa mér að benda á, eins og fram kemur í nál. okkar í 3. minni hl. allshn., að þetta frv. verður ekki afgreitt án þess, að hafðir séu í huga þeir atburðir, sem gerðust í sambandi við lausn vinnudeilunnar í s. l. desembermánuði.

Eins og hv. dm. er kunnugt, þá gerðu verkalýðsfélögin almennar kröfur til kauphækkunar í þeirri vinnudeilu. Að því ráði var horfið til lausnar vinnudeilunni að hækka ekki kaupið, heldur gera ráðstafanir til þess að færa niður vöruverðið, lækka framfærslukostnaðinn, reyna að koma vísitölunni niður og auka kaupmátt peninganna, þannig að menn fengju meira fyrir sín laun en þeir fengu áður. Í því skyni að koma þessu til leiðar beitti hæstv. ríkisstj. sér fyrir ýmsum veigamiklum aðgerðum. Einn liður í því var sá, að ríkisstj. beitti sér fyrir og lofaði að tryggja 4 aura lækkun á hverjum lítra af olíu og ef ég man rétt sömu lækkun á hverjum lítra af benzíni.

Ef þetta frv. yrði samþykkt núna, er alveg gefið mál, að í stað þess, að benzín og olíur lækkuðu hér í Reykjavík og nágrenni, eins og þau eiga að gera samkvæmt því loforði, sem var gefið til lausnar á vinnudeilunni, þá mundi a. m. k. ekki vera um neina lækkun að ræða, heldur miklu frekar jafnvel hækkun. Það var alveg tvímælalaust ákvörðunarástæða hjá mörgum, sem að lausn vinnudeilunnar stóðu, að sú verðlækkun, sem þarna var lofað á benzíni og olíu, fengist. Það er áreiðanlegt, að það var ákvörðunarástæða hjá mörgum, þegar þeir tóku afstöðu með eða móti því tilboði, sem fyrir lá um lausn vinnudeilunnar. Það eru hér t. d. í Reykjavík og við Faxaflóa ótal atvinnufyrirtæki, frystihús og fiskiðjuver og verksmiðjur, sem þurfa mikið að nota olíur og benzín, og það er ekki nokkur vafi á því, að þeim atvinnurekendum, sem með þessi fyrirtæki fara, hefur verið mjög þýðingarmikið atriði í lausn vinnudeilunnar, þegar þeir tóku afstöðu til miðlunartillögunnar, að þeim var þarna lofað lækkun á tilkostnaði í þeirra rekstri.

Nákvæmlega sama er að segja um verkafólkið og allan almenning. Það er fjöldi húsa t. d. hér í Reykjavík, sem er upphitaður með olíu, og hér er mikill fjöldi manna, sem þurfa á benzíni að halda, og það er ekki nokkur vafi á því, að sú lækkun, sem þessu fólki var lofað á benzíninu og þar með á framfærslukostnaði og vísitölu, hefur verið þessum aðilum ákvörðunarástæða, þegar þeir tóku afstöðu til miðlunartillögunnar í s. l. desembermánuði.

Það eru því hrein brigðmæli á því loforði og því fyrirheiti, sem þessum aðilum var gefið, ef þetta frv. hér á að ná fram að ganga, og ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. d. á því, að það eru ekki nema rétt nokkur augnablik síðan d. var að vísa hér frá sér till., sem hún gjarnan hefði viljað samþykkja efnislega, en hún vísaði till. frá sér vegna þess, að samþykkt tillagnanna hefði verið í ósamræmi við það samkomulag, sem lausn vinnudeilunnar byggðist á. Samþykkt þessa frv. hér mundi vera í algeru ósamræmi við það, sem d. var að enda við að gera núna fyrir nokkrum augnablikum í sambandi við almannatryggingalögin.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að í þeim grundvallarútreikningum, sem ríkisstj., L. Í. Ú. og frystihúsaeigendur hafa byggt á, þegar þessir aðilar hafa verið að semja með sér um fiskverðið og ráðstafanir til að tryggja rekstrarafkomu bátanna, er byggt á alveg ákveðnu verði á benzíni og olíu, og allir þeir reikningar og öll sú verðlagning, sem á sér stað í sambandi við þá hluti, byggist á þessu ákveðna verði, en það er það verð, sem nú gildir á þessum vörum. Sú hækkun, sem af þessu frv. leiðir, er alls ekki tekin þar með í reikninginn, en frv. mundi mjög verulega hækka tilkostnað útgerðarinnar, og væri alveg óhjákvæmlegt að gera ráðstafanir til þess að mæta þeim hækkunum, ef þetta frv. ætti að ná fram að ganga.

Ég vil líka leyfa mér að benda á það, að almennt er bæði bátaflotinn og togararnir hér í Reykjavík og við Faxaflóa gersamlega óviðbúnir því að taka á sig þá verðhækkun, sem hér mundi í sambandi við samþykkt þessa frv. verða á olíunni. Afkoma þessara útgerðarfyrirtækja er þannig, að endarnir nást ekki saman eins og er, og mundi horfa til enn meiri ófarnaðar, ef farið væri að hækka rekstrarútgjöldin á þessum lið.

Ég vil líka vekja alveg sérstaka athygli á því, að ef farið væri að taka upp eitt verð fyrir land allt á olíu og benzíni, þá er ekki nokkur vafi á því og ekki hægt með neinni sanngirni að andmæla því, að fleira mundi á eftir koma, enda tók sá frsm., sem hér talaði fyrstur, það fram, að því er mér skildist, að hann teldi, að þetta jöfnunarverð, sem hér væri talað um, væri aðeins byrjunin á öðru fleira, sem á eftir skyldi koma. Hann minntist í því sambandi á jöfnunarverð á rafmagni fyrir allt landið, en ég spyr: Hvers vegna koma þá ekki

kolin á eftir? Hvers vegna ekki matvaran? Og svo mætti lengi telja. Og hvers vegna þá ekki að koma jöfnunarverði á húsaleigu um land allt? Hér er verið að fara inn á braut, sem ómögulegt er að gera sér grein fyrir, hvar mundi enda, og það er ekki með nokkrum rökum hægt að andmæla því, að jöfnunarverð eigi yfirleitt að koma á flesta eða alla hluti, ef byrjað verður á olíum og benzíni. Ég get t. d. ekki séð, að það sé hægt að neita því, eftir að þetta frv. væri samþykkt, ef Reykvíkingar færu að heimta jöfnunarverð á húsaleigu um land allt. Mér er ekki skiljanlegt, hvernig ætti að andmæla slíku, eftir að búið væri að byrja á því að koma á jöfnunarverði á olíu og benzíni.

Ég skal þá að lokum aðeins minnast á það, sem kom fram hjá þeim hv. frsm., sem talaði næstur á undan mér. Hann hefur lagt til, að þrátt fyrir þessa verðjöfnun verði benzín og olíur hvergi látið hækka frá því, sem nú er, heldur verði olíufélögin og ríkissjóður látin bera hallann, og hann minntist á það, að í nál. okkar 3. minni hl. n. minnumst við á það, að nauðsynlegt sé að halda verði á olíu og benzíni niðri og það geti jafnvel verið nauðsynlegt, að ríkissjóður þurfi að koma til og hjálpa þeim, sem í mestu örðugleikunum eiga.

Ég verð að segja það, að það hefði verið mjög æskilegt, að það hefði verið hægt að samþykkja þessar till., sem 2. minni hl. bar fram, en eins og hann benti alveg réttilega á, þá gafst allsherjarnefnd mjög naumur tími til að athuga þetta mál. Það var rekið svo mjög á eftir afgreiðslu þess út úr n., að það fékk hvergi nærri fullnægjandi athugun hjá okkur. Til þess að hægt sé að taka afstöðu til þeirra till., sem hv. 2. minni hl. n. leggur hér fram, þarf maður að fá ýtarlegar upplýsingar um það, hvaða fjárhæðir er hér um að ræða og hvaða bagga er hér verið að binda því opinbera, ef till. hans á að samþykkja. En eins og málið liggur fyrir núna, þá vantar allar upplýsingar, til þess að hægt sé að afgreiða það á þann veg, a. m. k. á þessu stigi málsins. Þess vegna hef ég fyrir mitt leyti ekki séð mér fært að ganga lengra en að reyna að afstýra því, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, nái fram að ganga, hvaða ráðstafanir sem nauðsynlegt kann að vera að gera síðar, þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hefði náttúrlega gjarnan viljað, að fleiri væru hér við, sérstaklega 6. landsk. þm., en það verður nú að hafa það.

Ég vil fyrst leyfa mér að benda á það, að þær upplýsingar, sem 3. minni hl. kemur með í sínu nál., þegar hann er að tala um, hvað benzín muni hækka og lækka við það, að sett sé verðjöfnunargjald, eru sýnilega alrangar, hverjum sem það er að kenna. Þetta sjá menn af því, að þeir segja, að það muni hækka benzínverð í Reykjavík um 4,5 aura, en lækka það frá benzíndælum úti um land um 6,5 aura. Ef við athugum nú, að benzínverðið núna er úti um land 15 aurum dýrara fyrir hverja 200 km, sem það er flutt frá höfuðstað, og að það er flutt mest 370 km á þær dælur, sem fjærst eru nú hafnarstað, þá sjáum við í hendi okkar, að það munar um 26 aura hér um bil, sem benzínið er dýrara, þar sem það er dýrast í landinu, heldur en hér í Reykjavík. Og þá ætlar hann að ná jöfnunarverði með því að hækka það á öðrum staðnum um 4,5 aura, en lækka það á hinum um 6,5 aura. Þetta er ekki til í dæminu. Lækkunin á benzíni úti um landið verður misjöfn, ákaflega misjöfn. Það getur vel verið, að hún verði einhvers staðar 6,5 aurar, en það er enginn mælikvarði fyrir því, að hún verði það almennt séð. Hún verður auðvitað misjöfn eftir því, hvar benzínið er, því að það er núna selt 15 aurum dýrara fyrir hverja 200 km, sem þarf að flytja það frá hafnarstað. Þess vegna geta þessar tölur, sem hv. 3. minni hl. er hér með, ekki verið réttar. Þær eru vitlausar. Og líklega er sannleikurinn sá, að þegar á að taka svona verð, eins og þeir taka, bara þrjú verð, þá geta þeir ekki fundið neina tölu, sem er rétt, nema þá kannske fyrstu töluna, hækkunina hér í Reykjavík, og varla hana heldur.

Þá vildi hann halda því fram, frsm. 3. minni hl., að það að setja jöfnunarverð á benzín og olíur væri algert brot, — ja, mér skildist helzt á því samkomulagi, sem gert hefði verið til þess að leysa vinnudeiluna, og alveg sérstaklega almennt brot á útgerðarmönnum, því að þeirra olía mundi hækka frá því, sem nú er.

Nú vil ég fyrst segja það, að ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hafi aldrei haft svo heimska menn við að ákveða fiskverð til ísfiskskipanna, sem rekstur bátanna byggist að mestu leyti á, að þeir hafi ekki reynt að finna meðalverð fyrir landið. Ég hygg, að hún hafi aldrei haft svo heimska menn við að ákveða það, hvað frystihúsin um allt landið eigi að kaupa fiskinn á, svo að útgerðin geti borið sig á þeim stað, að hún hafi tekið einn einasta stað og þá þann stað, sem olían hafi verið lægst á, og miðað við hann einan. En það yrðu þeir að hafa gert, ef þetta á að standast, sem hv. frsm. 3. minni hl. vildi vera láta. Það er alveg útilokað annað, þó að mér sé ekki kunnugt um það, heldur en að miðað hafi verið við meðalrekstrarkostnað, sem var ætlað að gilda fyrir stærra svæði en fyrir einhvern einstakan stað með einhverju ákveðnu olíuverði. Ef það ekki væri, þá mætti gera ráð fyrir því, að verðið á hraðfrysta fiskinum inn í ísfiskskipin væri misjafnt frá höfn til hafnar um allt landið, eins og olíuverðið er misjafnt frá höfn til hafnar um allt landið. En það hefur ekki verið. Það er látið vera það sama, og það er af því, að tekið er meðalverð. Þess vegna er langt frá því, að nokkrum sé gert rangt með því að láta nú koma til framkvæmda það meðalverð, sem lagt hefur verið til grundvallar við það, þegar talað er um, hvað eigi að borga fyrir fiskinn á hverjum stað til að standa undir rekstrarkostnaði. Það á einmitt að láta koma til framkvæmda það, sem raunverulega hefur verið gert, þegar fiskverð og annað hefur verið ákveðið.

Ef hv. þm. hins vegar vill nú halda því fram, að sýnt hafi verið það ranglæti, að allt hafi verið miðað við Faxaflóa einan, fiskverð og

annað, og þess vegna sé það mjög ranglátt og brot á þeim samningum, sem gerðir hafa verið, þegar vinnudeilurnar hafa verið leiddar til lykta, þá skulum við bara athuga, hvernig það hefur orðið, þegar vinnudeilurnar voru leystar. Það er þrisvar sinnum búið að ræða um jöfnunarverð á olíum hér á Alþ. Það hefur alltaf haft meiri hl. Það var samþ. í fyrra till. frá hv. þm. Snæf., þáltill. til stjórnarinnar, af því að hæstv. ráðh., Björn Ólafsson, taldi þá, að hann gæti framkvæmt verðjöfnun eftir þeirri till., sem hann svo sá að hann ekki gat, þegar hann átti að fara að framkvæma hana. Þess vegna lá það ljóst fyrir, þegar var verið að tala um þessa vinnudeilu núna og samninga til lausnar henni, að fyrir lá í Alþingi frv. um jöfnunarverð og tillögur um sama efni höfðu haft fylgi þar áður. Þess vegna gátu þeir, ef þeir töldu, að það yrði eitthvað gengið á þeirra rétt með því, slegið þann varnagla að tala um það. Þeir vissu fyrir fram, að það yrði samþ. Þeir sáu, að þáltill. var samþ. í fyrra, að það var þingfylgi fyrir henni þá. Þeir sáu líka, að á þinginu í hittiðfyrra voru hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hv. þm. V-Sk. (JG) með frv. um það, þó að það næði þá ekki samþykki, af því að það var talið, að það væri nóg að afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Það var komið fram í Alþ. núna, og þeir vissu, hver þingviljinn var áður. Þess vegna máttu þeir vita, að það yrði samþ., og þess vegna áttu þeir, ef þeir að einhverju leyti héldu, að það kæmi í bága við sína hagsmuni hvað þetta snerti og hefði áhrif á vinnudeiluna, að taka tillit til þess og hefðu gert vitanlega, því að einhverjir hafa verið þar svo forsjálir menn, að þeir hafi vitað, hvað þeir voru að gera. Það er ég ekki í neinum vafa um. Þess vegna er það, hvort verðjöfnun komist á eða ekki, ekki á nokkurn hátt vinnudeilunni viðkomandi og að halda því fram byggt á algerum misskilningi. Það hefur engin áhrif á það, hefur aldrei verið um það talað í sambandi við vinnudeiluna, og ef nokkuð væri, þá er verið að framkvæma með verðjöfnuninni á olíunni það atriði, sem hlýtur að liggja til grundvallar, þegar sett var sama fiskverð á öllum hafnarstöðum inn í frystihúsin, hvort sem olían, sem til rekstrarins þarf, kostar mikið eða lítið.

Þá lagði frsm. 3. minni hl. töluvert upp úr því, að það yki kostnað að verðjafna olíu og benzín, af því að þá þyrfti að flytja meira, sérstaklega af benzíni, út um land heldur en ella. Mér þótti þetta ómaklega sagt af embættismanni, því að ég ætlast til þess, að allir embættismenn ríkisins séu það þjóðhollir, að þeir hafi hag heildarinnar í huga í öllum sínum gerðum. Og það er hagur heildarinnar, að tilkostnaður við hvað sem er sé eins lítill og hægt er. Það er þess vegna ómaklega sagt af embættismanni að ætla mönnum þá hugsun að því er snertir þá sjálfa, að þá sé þeim sama, hvort þeir kaupi benzínið þar, sem það er dýrt eða ódýrt, ef ríkið eigi í hlut, en ef þeir eigi sjálfir í hlut, þá fari þeir að hugsa um það, og þegar það sé orðið á sama verði, þá fari þeir með tóma bílana úr Reykjavík, fari bara á næstu stöð og fylli bílana þar og svo frá stöð til stöðvar, því að alls staðar kosti það jafnt.

Ég ætlast til þess, að allir embættismenn ríkisins hafi þann þegnskap við þjóðfélagið, sem þeir vinna fyrir frekar en aðrir menn, að þeir hugsi ávallt um, hvað sé þjóðarhagur, samhliða því að þeir hugsa um, hvað sé sinn hagur, og þess vegna sé illa mælt og ómaklegt af embættismanni að segja þetta. Hitt kann svo að vera, að einhverjir menn — ekki embættismenn, ég ætla þeim það ekki, — séu þeir sérhagsmunapokar, að þeir skilji ekki þörf heildarinnar og landsins og geri þetta þess vegna; það kann að vera. En einn hlutur er þá, sem vegur þar töluvert á móti, og það er það, að víðast hvar á stöðvunum, sem liggja lengra frá Reykjavík, þarf maður að bíða meira og minna eftir afgreiðslu. Og þegar menn eru komnir af stað í ferðalög út um land á sínum bílum, hvert sem er, þá vilja menn ógjarnan þurfa að bíða og flauta við benzíngeymana, sem standa fyrir utan tún eða þá að þeir standa heima á hlaði, og fólk sé allt inni og fáir heima við og kannske engir, eins og hefur komið fyrir mig á benzínstöð, — þá vilja menn ógjarnan þurfa að bíða og vilja þess vegna fylla bílana og hafa sem mest benzín til ferðarinnar, þegar þeir leggja upp í hana. Þetta vinnur þó dálítið á móti hjá þeim, sem ekki hugsa um hag heildarinnar og reyna að haga sínum framkvæmdum og verkum þannig, að það verði sem ódýrast og heppilegast fyrir heildina, heldur bara um hug og hag sjálfs sín og eigin geðþótta.

Þess vegna held ég, að þó að það sé dálítið til í þessu, að það geti orðið til þess, að það verði flutt eitthvað meira — þó ekki nema lítið — af benzíni, sem annars þyrfti ekki að flytja, vegna frv., vegna jöfnunarverðsins, þá geti það aldrei orðið nema lítið. Og ég vildi reyna að vinna með hv. frsm. 3. minni hl. að því að auka þann þegnskap hjá mönnum, að þeir skildu nauðsyn þess að spara, þó að það væru ekki aurar úr sinni eigin buddu, heldur þjóðarheildarinnar, sem væri um að ræða.

Ég held þess vegna, að það sé beinlínis áframhald á því, sem gert er, þegar byggt er á meðaltilkostnaði við útgerð á bát á stóru svæði á landinu og ákveðið það fiskverð, sem þeir eigi að fá og frystihúsin eigi að kaupa af þeim á, til þess að útgerðin geti borið sig, — það sé beinlínis áframhald af því að reyna að stuðla að því, að rekstrarkostnaðurinn sé sem jafnastur á öllum þessum stöðum, með því að gera olíuverðið jafnt, og að það hafi verið yfirsjón meira að segja að vera ekki búinn að því að gera það áður.

Hv. 2. minni hl. vill láta ríkið borga flutningskostnaðinn á benzíninu og olíunni frá hafnarstað. Hann vill láta benzínverðið vera jafnt um allt land, en ríkið borga brúsann, svo að það verði hvergi dýrara hjá einstaklingunum heldur en það er nú, þar sem það er lægst.

Mér finnst þessi till. vera þess verð, að hún sé athuguð. En mér finnst, að eftir að búið er að samþykkja fjárlög og afgreiða þau, þá komi hún ekki til mála. Áður en það hafði

verið gert, þá gat vel komið til athugunar, hvort ætti að hækka benzíntollinn í heild sinni um 2 aura og gera benzínverðið jafnt um allt land eða lækka benzíntollinn um 2 aura og spara einhvers staðar annars staðar sem því nam á útgjöldum hjá ríkissjóði, þannig að það gætu náðst rekstrarhallalaus fjárlög. En eftir að búið er að afgr. þau, þá vil ég ekki setja hæstv. ríkisstjórn í þann vanda að taka af henni 2—3 millj., sem hér er um að ræða, og láta hana standa uppi fjárvana fyrir vikið. Þess vegna get ég ekki verið með þessu. En ég skal gjarnan vera með í því á næsta Alþ. að athuga möguleika á að koma því í þetta horf og hvort ekki er hægt að gera það með sparnaði á öðrum sviðum, því að ég álít það meira um vert að reyna að gera aðalrekstrarvörurnar, sem fjöldamargur rekstur í landinu byggist á, sem líkastar alls staðar, þannig að aðstaða manna verði sem jöfnust til að stunda atvinnuna og menn þurfi ekki þess vegna að leita af einum stað, þar sem aðstaðan er erfiðari, og safnist saman þar, sem hið opinbera gerir hana auðveldasta og hægasta. En eins og sakir standa núna get ég ekki á neinn hátt verið með því, af því að fjárl. hafa þegar verið afgr.

Annað held ég að ég þurfi nú ekki að segja. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta miklu meira. Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt, að ég tel það höfuðatriði og skipta ákaflega miklu máli, að aðstaðan til rekstrar sé gerð sem líkust á landinu, og hér er um það að ræða. Ég skal viðurkenna, að það er hægt að fara aðrar leiðir til þess heldur en hér er um að ræða. En þær liggja lengra undan, og eins og málum nú er komið, þá eru þær alls ekki færar, a. m. k. ekki í bili. En það er sú leið, sem ég hér á við, að það er hægt gegnum misjafnt verð á fasteignum, sem hinn ýmsi atvinnurekstur þarf að nota á hinum ýmsu stöðum á landinu, og skatta á fasteignum að jafna aðstöðumuninn. Skattmat fasteigna er núna frá 1942 og hefur ekki verið breytt síðan, og það á eftir landslögum ekki að breytast fyrr en 1965. Á þessum árum hafa orðið svo miklar og margvíslegar breytingar, að það litla, sem fasteignamatið reyndi að gera í þessa átt áður, er alveg rokið í burtu nú, og ég efast nokkuð um, með þeim venjum og reglum, sem hér á landi hafa ríkt í þessum efnum, að þessum jöfnuði verði náð í gegnum fasteignamat, enda þótt ég viðurkenni, að það sé að ýmsu leyti eðlilegast að ná honum þar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hér er um mjög merkilegt og óvenjulegt mál að ræða og þess vegna mjög miður farið, að það skuli hafa komið fyrir, sem lýst var yfir af einum stuðningsmanni þessa frv., hv. frsm., 4. landsk. þm., að ekki hafi enzt tími til að athuga málið í n. og að það hafi eiginlega verið nánast á hlaupum, sem menn hafa afgreitt það. Ég verð að telja þetta mjög miður farið, því að hér er vissulega um slíkt mál að ræða, að ekki hefði veitt af, að n. hefði setið lengi og vel á rökstólum til þess að finna á því rétta lausn, og greinilegt er, að þær till., sem hér hafa fram komið um afgreiðslu málsins á þann veg, að frv. verði samþ. — án breyt. eða með breyt. — eru byggðar á mjög litilli íhugun.

Þess gætti t. d. mjög hjá hv. þm. N-M., frsm. eins minni hl., að hann hafði í frammi ákaflega hæpnar fullyrðingar um marga hluti. Svo að tekið sé eitt af síðustu dæmunum úr ræðu hans, einungis til þess að sanna, á hversu veikum fótum öll hans rökfærsla stendur, þá er það, að þm. sagði, að það færi betur á því að samþ. brtt. hv. 4. landsk. eða a. m. k. væri hann til með að athuga það. En hann sagðist ekki vilja gera það á þessu þingi, en hét því, að hann skyldi gera það á næsta þingi. Það var alveg skýlaus yfirlýsing frá hv. þm. (PZ: Athuga það.) — Já, athuga það. Nú stendur þannig á, að komið gæti fyrir, að hv. þm. héldi nú ekki heilsu sinni eða lifði, því að komið gæti fyrir, sem við skulum vona að ekki verði um þennan ágæta hv. þm., að maður hátt á sjötugsaldri hefði annaðhvort verið kallaður heim til feðra sinna á fund drottins á þeim mánuðum, sem líða til næsta þings, eða að hann yrði svo heilsulaus, að þó að hann vildi bjóða sig fram, þá gæti hann það ekki. Það er enn fremur alveg óvíst, að hv. þm. bjóði sig fram við þær kosningar, sem eiga að öllu forfallalausu að fara fram fyrir næsta þing. (Gripið fram í.) Það er óvíst, að hv. þm. vilji bjóða sig fram, og kynni þó að felast í orðum hans, að hann hefði í því óbifanlegan vilja. Það er óvíst, að kjósendur vilji veita honum stuðning til framboðs. Það er enn fremur óvíst, að kjósendur vilji kjósa hann, jafnvel þó að hann gæfi kost á sér og gæti fengið meðmælendur. Allt eru þetta svo mörg óviss atriði, að þegar hann heitir því, að hann skuli athuga mál á næsta þingi, þá er það ákaflega lítils virði; það er fyllilega að lofa upp í ermina sína. (PZ: Það er misskilningur.) Nei, það er enginn misskilningur, það er fyllilega rétt, nema hv. þm. hafi tekið sér vald æðra mannlegu valdi, og þó að við vitum, að hann sé nú mikils háttar og mjög vel virður, þá hefur hann nú ekki enn þá komizt til slíks máttar frekar en aðrar mannlegar verur. Ég vek aðeins athygli á því vegna þess, að þetta er einkennandi um þau loforð og fullyrðingar, sem eru hafðar í frammi í sambandi við þetta mál.

Hv. þm. taldi einnig, að það væri mjög að ástæðulausu, að nú væri vitnað til lausnar vinnudeilunnar fyrir jólin til ábendingar um það, að óheppilegt væri að afgreiða þetta frv. Og hann hélt því fram, að allir hefðu mátt sjá, að frv. mundi verða samþ. Nú veit ég ekki um það, hvert fylgi þetta frv. hefur í d., en greinilegt er það, að tveir þm., sinn úr hvorum flokki, hafa nú þegar lagt til, að frv. verði vísað frá. Ég er nú þriðji þm., sem stendur upp til þess að leggja á móti frv., og ég hygg, að svo sé um fleiri hv. þm., að þeir sýnist óráðnir eða beinlínis andvígir frv. Það kann að vera, að hv. þm. N-M. hafi ætlað sér að vera með frv. og að það hafi verið kunnugt, — ég veit ekki um það. En við þekkjum nú af reynslunni, að jafnvel þó að hv. þm. hafi í nál. og í mörg-

um ýtarlegum ræðum lagt til, að ákveðin afgreiðsla máls ætti sér stað hér í hv. þd., þá hefur hann ekki alls fyrir löngu hlaupið frá því, þegar til atkvgr. kom, svo að það, að hv. þm. sé þekktur að því að vera með máli á vissu stigi, kynni allt eins að benda til þess, að hann yrði á móti því, þegar kæmi að atkvgr.

Þegar allt þetta er athugað, þá sjá menn, að í þessu eru svo mörg óviss atriði, að það var engin von til þess, að menn gætu búizt við því, þegar vinnudeilan var leyst, að þetta óskapnaðarfrv. yrði afgreitt á þessu þingi.

Hv. þm. vitnar að vísu til þess, að málið hafi verið fyrir fyrri þingum, en það er einmitt eftirtektarvert, að þó að þá hefði í lófa legið, ef meiri hl. var með því, eins og hv. þm. segir, að afgreiða málið á þinglegan hátt, þá hefur það einmitt ekki verið gert. Það er ekki fyrr en nú, að gerð er tilraun til þess, sem ef til vill tekst, ef til vill tekst ekki, að afgreiða málið með lögum, eins og ætíð hefur verið ljóst að nauðsynlegt var að gera, ef það átti að ná fram að ganga. Þetta er slíkt atriði, að það var auðvitað með öllu ómögulegt fyrir ríkisstj. að gefa um það fyrirmæli án þess að hafa við lagabókstaf að styðjast, og það var beinlínis óviðeigandi meðferð, sem málið hlaut á síðasta þingi, þegar það var gefið í skyn í þál. eða sagt berum orðum, að ef stj. teldi sig ekki hafa næga heimild án laga, þá ætti hún að gefa út um það bráðabirgðalög. Sannleikurinn er sá, að Alþ. á aldrei á slíkan veg að vísa stj., á brbl. varðandi tiltekna úrlausn tiltekins máls. Ef Alþ. telur, að um þetta þurfi að setja löggjöf eða að það sé vissara að setja um það löggjöf, þá á Alþ. sjálft vitanlega að setja löggjöf um málið. Og það, að löggjöfin var ekki sett á síðasta þingi, var ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að það væri ekki full alvara hjá þeim hv. þm., sem í orði kveðnu beittu sér fyrir þessu máli, að ef þeir hefðu í raun og veru ætlazt til þess, að lög yrðu um þetta sett, þá áttu þeir ekki að vísa því til stj., heldur áttu vitanlega að gera það meðan þingið sat, og þingið hafði vissulega nógan tíma til þess, enda ef meiri hl. var málinu fylgjandi, þá gat hann hlutazt til um það, að þingi yrði ekki slitið fyrr en lögleg meðferð hefði átt sér stað í málinu. Sú meðferð varð þess vegna þinginu sízt til sæmdar. Og þó að einhver meiri hl. hafi greitt atkv. með slíkri þál., þá er það auðvitað með öllu óvíst, að lagafrv. geti fengið samþykkt Alþ. eða þurfi að fá samþykkt Alþ., þó að meiri hl. sé fyrir máli í Sþ. Það kynni vel svo að vera, að allir stuðningsmenn málsins eða flestir væru í Nd., en yfirleitt andstöðumennirnir, þótt þeir væru færri, væru í Ed., en með þeim hætti, að þeir hefðu fullkomlega þinglegan, löglegan og stjórnskipulegan rétt til þess að fella málið.

Hvernig sem á er litið, verður því að segjast eins og er, að málið hefur ekki hlotið skemmtilega meðferð á undanförnum þingum, og það var vitanlega fráleitt að ætlast til þess af útgerðarmönnum eða atvinnurekendum, þegar þeir gerðu samninginn í desember, að þeir teldu það alveg víst, að þetta lagafrv. yrði samþykkt.

Það er einnig mjög eftirtektarvert, að því er haldið fram, að þetta frv. sé mikið nauðsynjamál fyrir útgerðarmenn landsins, en þrátt fyrir það hafa þeir ekki fengizt til þess að veita málinu stuðning. Það hefur verið rakið áður, að málið hefur verið sent til félaga innan Landssambands ísl. útvegsmanna, flest félaganna hafi ekki virt málið þess að gera um það neina samþykkt, aðeins eitt eða örfá hafa mælt með því og önnur hafa mælt eindregið á móti frv. Ef frv. væri slíkt hagsmunamál útvegsmanna og þá sérstaklega útvegsmanna úti um land eins og hér er látið, þá mundu þeir að sjálfsögðu hafa haft sig í frammi og a. m. k. með fundarhaldi og atkvgr. á fundi sýnt, að þeir vildu styðja að framgangi málsins. Þetta hafa þeir látið undan fallast, og það verður eins og á stendur ekki skilið á neinn annan veg en þann, að þeir séu málinu andvígir.

Það er einnig ljóst, að ávinningur manna úti um land við þetta frv. er miklu minni en í fljótu bragði virðist. Það kann að vera nokkurra aura munur á olíu og benzíni, hvað þetta sé hærra víðs vegar úti um land heldur en hér, en þegar jöfnunarverð kemur á þetta, þá verður sá ávinningur, sem menn á hinum strjálbýlli stöðum hafa af þessu, svo lítill, að engan veginn samsvarar öllu því umstangi og þjóðhagslega óhagræði, sem þessari breytingu er samfara. Ef menn heyra nefndan mun á þessari vöru, annars vegar í Reykjavík og hins vegar einhvers staðar úti á landi, þá hugsa þeir, sem eru úti á landi: Ja, það væri gott, ef við gætum farið niður í það, sem Reykvíkingurinn hefur. — Það er vissulega gott frá þeirra sjónarmiði, en raunin verður alls ekki sú, að þeir lækki svo mikið, heldur aðeins einhvern lítinn hluta af þeim mismun, sem þarna er um að ræða. Málið er þess vegna engan veginn eins mikið hagsmunamál fyrir þessa aðila og sumir vilja láta líta út.

Hinu get ég ekki stillt mig um að finna að, að svo varfærinn maður og orðvar eins og hv. 1. þm. N-M. skyldi gera það að sérstöku árásarefni á hv. 6. landsk. þm., að hann hefði bent á, að það kynni svo að fara, að þetta yrði til þess að gera olíuna dýrari fyrir heildina en ella. Hv. þm. taldi, að það væri ósæmilegt fyrir opinberan starfsmann eða embættismann að láta þetta uppi, þar sem vitað væri, að ætlazt væri til þess, að slíkir menn væru mjög óeigingjarnir og hugsuðu ætíð um hag heildarinnar, en ekki sjálfra sín. Látum það nú vera sem almennt boðorð, og vissulega eigum við allir því að fylgja og reynum sjálfsagt að gera það hver eftir beztu getu, þó að það þyki nú hafa tekizt misjafnlega hjá sumum, eins og dæmin sanna. En látum það vera. Hv. 6. landsk. sagði ekkert, sem gæfi tilefni til þess að bera honum slíkar getsakir á brýn, hann benti einungis á það, hver sú almenna hætta væri í þessu sambandi, og jafnvel hv. 1. þm. N-M. komst ekki hjá því að játa, að það væri mikið til í því, sem hv. 6. landsk. sagði um þá almennu hættu, svo að ef það hefur lýst ljótum hugsunarhætti hjá hv. 6. landsk. að gera sér grein fyrir þessari almennu hættu, þá er sá ljóti hugsunarháttur alveg eins til staðar hjá hv. 1. þm. N-M., sem að vísu kemur engum á

óvart, en vert er að vekja athygli á engu að síður vegna hans rökfærslu hér.

Um það verður hins vegar alls ekki deilt, að þetta frv. hlýtur að hafa í för með sér margs konar aukinn kostnað fyrir heildina. Það liggur alveg í augum uppi, að þar sem menn nú bæði á bílum og skipum hafa beina hagsmuni af því að taka vöruna þar, sem hún er ódýrust, þá hverfa þeir hagsmunir alveg, þegar það kerfi er komið á, sem hv. 1. þm. N-M. vill hafa. Þá lendir margs konar kostnaður, sem áður hefur sparazt, á heildinni, og allir verða að standa undir. Þetta gefur auga leið, og jafnvel hv. 1. þm. N-M. komst ekki hjá því að játa þetta. Hann vildi að vísu taka að sér almenna fræðslustarfsemi til þess að venja menn á óeigingirni og annað slíkt. Þó að ég meti mikils hans orð og viti, að hann sé áhrifaríkur kennari frá fornu fari, þá held ég, að hann á sínum efri árum geti litlu áorkað miðað við það, sem hans lífsferill kann að hafa sýnt mönnum um það, hvernig menn eigi að hegða sér í þessum efnum. Ég held, að það verði það áhrifaríkasta, sem hann leggur til í þeim efnum, og met þess vegna hitt fyrirheitið ekki ákaflega mikils í þessu sambandi. En það sýnir í raun og veru, hversu langt þarf að sækja til raka fyrir þessu máli, að hv. þm. skuli telja það vera eiginlega forsendu fyrir því, að menn geti samþ. þetta frv., að þeir treysti á það, að hann taki að sér slíka kennslu í óeigingirni og umhugsun um heildina fram yfir einstaklingana.

En það er ekki nóg með það, að þetta muni á ýmsan veg orka til þess, að menn nota ekki sömu hyggindi um öflun vörunnar eins og þeir áður hafa gert, heldur hlýtur þessi verðjöfnun, sem hér á að taka upp, að leiða beinlínis til mikils aukins kostnaðar. Þessu hlýtur að vera samfara stórkostleg skriffinnska til viðbótar allri þeirri skriffinnsku og fargani, sem hér á landi er áður í þeim efnum og menn stundum tala um að sé orðið svo magnað, að fullkomin ástæða sé til þess að losa sig eitthvað undan því. Þessu er helzt jafnandi við skömmtunarskrifstofu eða eitthvað slíkt. Ég skal ekki segja, hvort það þarf marga tugi manna til þess að reikna þetta allt út, en það er a. m. k. óreynt, hversu mikill fjöldi það þarf að vera, sem á að inna þetta starf af höndum, ef vel á að fara. Og það hlýtur að vera ákaflega flókið verk að dæma um til hlítar flutningskostnað og dreifingarkostnað á hverja einustu benzíndælu og hvern einasta olíutank um allt landið, og mér skilst jafnvel, að hér eigi að reikna út heimkeyrslukostnað olíunnar, a. m. k. úti um þær dreifðu byggðir landsins, ef ekki heim á heimili í kaupstöðum. Ef þetta á að vera gert samvizkusamlega og á þann veg, sem lögin segja til um, þá eru menn vissulega að hleypa sér út í þá kostnaðar- og skriffinnskuófæru, að önnur verri hefur naumast þekkzt hér á landi.

Það má auðvitað endalaust deila um það, hvort sanngjarnt sé og að hve miklu leyti sanngjarnt sé að gera ráðstafanir til þess að bæta hag hinna strjálbýlli héraða og íbúanna þar til jafns við þéttbýlið. Að meginstefnu til og að svo miklu leyti sem hægt er að gera þetta með almennum ráðstöfunum, þá horfir þetta vitanlega í rétta átt. Það er að sjálfsögðu þjóðarnauðsyn, að gert sé mögulegt að halda uppi byggð úti um allar sveitir Íslands og strendur, eftir því sem þar eru lífsmöguleikar til. Okkar land yrði minna og fátækara og íslenzk menning svipminni og í raun og veru mergsogin, ef þannig yrði á málum haldið, að allt fólk flyttist til nokkurra þéttbýlla staða. Þetta er vissulega rétt, og þetta þarf mjög að brýna fyrir mönnum og haga löggjöf eftir því með almennum ráðstöfunum svo sem við verður komið. En þetta leiðir engan veginn til þess, að í einstökum tilfellum eigi að gera svo óhagkvæmar ráðstafanir eins og þessa, vegna þess að það legg ég höfuðáherzlu á, að þessi ráðstöfun út af fyrir sig er í eðli sínu mjög óhagkvæm og hlýtur, eins og ég segi, að leiða til óhyggilegri aðferða um flutning vörunnar út um land heldur en áður hefur verið og til mikils kostnaðar af skrifstofubákni og jöfnun á kostnaðinum.

En það er líka á það að líta, sérstaklega varðandi útgerðina, sem hér skiptir mestu máli, þótt þetta varði einnig aðra aðila, að útgerðin t. d. hér í Reykjavík á við aukinn kostnað nú þegar að búa við það, sem er úti um land. Þetta er orðið mönnum ljóst. Við sáum það síðast við lausn þess verkfalls, sem var á skipunum og fyrst fékkst aflétt fyrir fáum dögum, að þá var jafnvel krafizt meiri kostnaðar fyrir útvegsmenn við laun og kaupgreiðslur til skipverja hér í bænum heldur en í nágrannahöfnunum. Til þessa verkfalls, sem hér stóð, hefði aldrei komið, ef skipverjar hefðu viljað sætta sig við sömu kjör hér í Reykjavík eins og t. d. á Suðurnesjum og Akranesi. Það var vegna þess, að þeir heimtuðu hærra kaup hér heldur en á hinum stöðunum, sem þetta verkfall hófst og stóð í nokkrar vikur. En af þessu leiðir vitanlega aukinn kostnað fyrir útvegsmenn, sem er aðeins eitt dæmi þess, hvernig aðstaðan er misjöfn. Nú kemst hv. 1. þm. N-M. og hans sálubræður og sálusystkini í þessu máli ekki hjá því að svara því. Vilja þau þá gera ráðstafanir til þess að létta af þeim aukakostnaði, sem hvílir á útvegsmönnum hér í bænum umfram þann kostnað, sem útvegsmenn úti á landi víðs vegar verða að bera? Vilja þeir láta ríkið taka að sér miðlun í þessum efnum, t. d. með því, að það verði tekið beint á ríkið, eins og hv. þm. virtist vilja „athuga á næsta þingi“ varðandi kostnaðinn af benzíninu? Vill hann þá athuga það og gefa fyrirheit um það, að hann vilji láta ríkið taka á sig að borga þann mismun, sem kemur af hærra kaupgjaldi til skipverja hér í Reykjavík heldur en annars staðar? Vill hann ekki hafa góð orð um þetta, og góð orð af hans hálfu eru jafnmikils virði eins og fullkomin yfirlýsing, þ. e. a. s. hvorugt er allsendis að marka, þó að ekki sé alveg að engu hafandi? En hann verður að láta sem sagt hið sama gilda í þessum efnum, ef hann vill ekki verða ber að rangindum. Vonandi gefst þm. færi á að svara þessu, þó að auðsjáanlega sé

ætlunin að drífa þetta frv. hér í gegn með óhæfilegum hraða og án þess að mönnum gefist færi á því að athuga þetta mikla vandamál eins og skyldi.

Þá er einnig að líta á það, svo að við tökum annað dæmi, varðandi óhagræði útvegsmanna hér, miðað við það, sem er annars staðar, að þeir verða að borga miklu meiri húsaleigu til síns rekstrar hér í Reykjavík heldur en ef þeir hafa rekstur víðast hvar úti á landi. Og Alþ. hefur beinlínis sjálft gert ráðstafanir til þess að koma slíku misrétti á með því að fyrirskipa ýmis gjöld af fasteignum eftir hærri skattstigum hér í Reykjavík heldur en annars staðar. Hér mun vera miðað við fasteignamat sex- eða sjöfalt. Víða úti um land er það aðeins fjórfalt, að því er ég hygg, sums staðar tvöeða þrefalt. Hv. þm. með sitt góða töluminni kann vafalaust skýrslur um þetta, enda er hann sjálfur í ríkisskattanefnd og starfaði mikið að fasteignamati á sinni tíð, En hann verður, ef hann vill koma á þessum jöfnuði um atvinnurekstrinn, að tryggja útvegsmönnum hér jafnrétti í þessum efnum ekki síður en útvegsmönnunum úti á landi jafnrétti varðandi verðið á olíunni. En ég spái því, að töluverð bið verði á í þessum efnum.

Ég vil nú mjög beina því til hv. nefndar, ef þetta frv. kemst áleiðis, sem ég vona að ekki verði, að þá yrði bætt inn í það við 3. umr. ákvæðum til jöfnunar í þá átt, sem ég hef hér vikið að, og það er raunar mjög athugandi, hvort ekki á að hafa þann hátt á, sem hv. 6. landsk. þm. benti til í sinni ágætu ræðu, að taka einnig upp nú þegar jöfnun á húsaleigu um allt land. Og mér er næst skapi, að það væri nauðsynlegt að breyta þessu frv. við 3. umr. í slíka almenna heimild. En það er ákaflega einkennilegt, að Alþ. skuli gera slíkar ráðstafanir til þess að knýja fram jöfnun á einni vörutegund á sama degi þingsins og samþ. er hér í deildinni frv. varðandi alþýðutryggingarnar, þar sem er gert ráð fyrir beinlínis ólíkum verðlagssvæðum á landinu. Af hverju skyldi vera gert ráð fyrir þessum ólíku verðlagssvæðum á landinu og gert ráð fyrir því, að tilkostnaður allur sé meiri einmitt hér í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum heldur en í strjálbýlinu? Ástæðan til þess, að þetta er gert, er eingöngu sú, að kostnaður margs konar er minni, þegar á heildina er litið, úti um land heldur en hér í Reykjavík og á öðrum stöðum í þéttbýlinu. Ef Alþ. telur, að breyting sé orðin á þessu frá því, sem verið hefur, og ég skal játa, að ég geri ráð fyrir, að þessi mismunur sé nú óréttlætanlegur, þá hefði verið sjálfsagt að nota færið nú við þá breyt. á alþýðutryggingalögunum, sem fyrir liggur, til þess að afnema þennan sérstaka mun. Nei, því fer fjarri, að hann sé afnuminn, hann er látinn halda áfram einnig varðandi þau auknu hlunnindi, sem nú á að veita með breytingunum á alþýðutryggingalögunum. En þetta dæmi sýnir, eins og þau önnur, sem ég hef tekið, hversu þetta mál er aðeins hluti af miklu stærra og margþættara máli, máli, sem þarf að athuga miklu gaumgæfilegar en gert hefur verið og allsendis er óverjandi að taka eitt út af fyrir sig og ætla að afgr. á þann veg, sem einn minni hl. nefndarinnar leggur til, og það er sannast sagt ákaflega einkennilegt, að hv. 1. þm. N-M. skuli nota þetta tækifæri til þess að halda hér prédikun um óeigingirni og það, að menn verði að setja hag heildarinnar fram fyrir hag einstaklinganna, taki einmitt þetta mál til dæmis um það, mál, sem allir vita að byggist eingöngu á því, að vissir landshlutar vilja nota sína styrku aðstöðu hér á Alþ. til þess að taka fé af samborgurum sínum, meiri hluta manna í landinu, sem hafa ekki þinglegan styrk vegna rangrar kjördæmaskipunar á við þá. Þetta dæmi er þess vegna einstakt dæmi um það, hvernig menn misnota þann trúnað, sem þjóðin í heild hefur veitt þeim, til framdráttar fyrir sérstaka hagsmuni á kostnað heildarinnar.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að undirstrika það, sem hv. frsm. 3. minni hl. vakti athygli á hér áðan í framsöguræðu sinni, en það er það loforð, sem hæstv. ríkisstj. gaf í sambandi við lausn vinnudeilunnar hér um jólin og mjög hefur verið á lofti haldið í sambandi við afgreiðslu annars máls hér í d., þ. e. a. s. afgreiðslu á frv. til breyt. á almannatryggingalögunum. Ég býst við, að hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn séu ekki búin að gleyma því, að í þeim samningi, sem gerður var til lausnar vinnudeilunni, var eitt af loforðunum það, að verð á benzíni skyldi lækkað um 4 aura á lítra og á olíu sömuleiðis um 4 aura, og ég hygg, að þetta hafi þegar komið til framkvæmda, a. m. k. er það svo um benzínið. Nú vil ég spyrja þá hv. þdm. og þá hæstv. ráðh., sem í sambandi við afgreiðslu almannatryggginganna þvertóku fyrir það, að hægt væri að hagga nokkuð bókstaf þessa samnings, jafnvel þó að það væri í fullu samræmi við anda þess samnings, sem gerður var, hvernig þeir ætli þá að réttlæta það, ef þessum samningi verður breytt með því að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir og ég fæ ekki betur séð en mundi leiða til þess, að tekin yrði til baka þessi lækkun á verði bæði olíunnar og benzínsins, samkv. þeim útreikningum, sem liggja fyrir hér í umsögnum olíufélaganna. Ég lagði að vísu ekki sérstaklega mikið upp úr því í sambandi við afgreiðslu almannatryggginganna, þó að fjölskyldubótunum væri hagrætt á þann hátt, sem fluttar voru till. um, vegna þess að þótt það væri ekki í fullu samræmi við bókstaf samningsins, þá taldi ég það í miklu meira samræmi við anda hans, ef þannig hefði verið fært til, en það þótti samt sem áður ekki fært vegna loforðanna, og þeir af stuðningsmönnum stj., sem risu hér upp hver á fætur öðrum og töldu sig samþykka þessum aðgerðum, ef þær brytu ekki í bága við þetta, treystu sér þó ekki til þess að greiða atkv. með þeim vegna þessa loforðs, sem ríkisstj. hefði gefið. Nú vil ég spyrja: Hvernig ætla þessir sömu hv. þm. að stuðla að því með atkv. sínu, að tekin verði til baka sú verðlækkun, sem framkvæmd hefur verið á benzíni og olíu til uppfyllingar á

þessum samningi? Eða ætlar ríkisstj. og með hverjum hætti ætlar hún þá að tryggja það, að engin verðhækkun verði á benzíni og olíu hér í Reykjavík þrátt fyrir samþykkt þessa frv. eins og það nú liggur fyrir, ef það verður afgreitt óbreytt? Ég vildi gjarnan óska eftir því, að skýr svör kæmu hér fram viðvíkjandi þessum spurningum.

Annars þarf ég ekki að kvarta yfir því, að þeirri till., sem ég flyt hér um breyt. á þessu frv., hafi verið illa tekið. Báðir frsm., bæði 1. minni hl. og 3. minni hl., hafa eiginlega tekið mjög vel undir hana. Hv. 6. landsk., frsm. 3. minni hl., taldi, að það væri út af fyrir sig mjög æskilegt, ef hægt væri að samþ. till., en virtist hins vegar hafa áhyggjur af því, að það mundi kosta svo mikið fyrir ríkissjóðinn, að ef til vill væri það ekki hægt þess vegna. Frsm. 1. minni hl., hv. 1. þm. N-M., sagði einnig, að þessi till. væri þess verð að taka hana mjög til athugunar, og lofaði að vinna að því seinna, að það yrði gert, en taldi hins vegar, að vegna þess að búið væri að afgreiða fjárlög, þá væri ekki hægt að koma þessu í kring eins og sakir stæðu.

Ég hef nú í tilefni af þessum ummælum beggja þessara hv. frsm. leitað mér upplýsinga um það, hvað þetta mundi kosta ríkissjóð. Samkv. upplýsingum frá hagstofunni hefur innflutningur á benzíni 3 s. l. ár verið eins og hér segir: Árið 1950 var hann 24983 tonn, árið 1951 17181 tonn og árið 1952, þ. e. síðastl. ár, 24810 tonn. Þetta gerir samtals 66974 tonn, eða að meðaltali er innflutningurinn þessi þrjú s. l. ár 22324 tonn. Nú er að vísu ekki sama tonn og lítri í þessu tilfelli, en sú verðhækkun, sem olíufélögin tala um hér, er miðuð við lítra. En ef þessu er breytt í lítra samkv. þeim aðferðum, sem olíufélögin nota um þyngd lítrans, þá mundi þetta meðaltal gera 29725900 lítra á ári. Ef verðjöfnunargjaldið á benzínlítra yrði 4,5 aurar, eins og olíufélögin tala um, en ég álít að sé í raun og veru fullhátt áætlað, mundi vera fullkomlega nóg að reikna með 4 aurum, en ef reiknað er með 4½ eyri á lítra, þá mundi þetta gera samkv. þessu ársmeðaltali 1337665.50 kr. Það er nú allt og sumt. Nú gæti að vísu farið svo, að innflutningur á benzíni, t. d. í ár, yrði eitthvað meiri en þetta meðaltal, — það er ekki hægt að fullyrða um það, en það mundi muna ca. 60 þús. kr. fyrir hver þúsund tonn, sem flutt yrðu inn meira eða minna, svo að jafnvel þó að innflutningurinn yrði — við skulum segja — 3 þús. tonnum meiri á þessu ári, en ég álít ekki líklegt, að hann yrði öllu meiri en það, þá yrði það nálægt 1½ millj. kr., sem þetta verðjöfnunargjald á kostnað ríkisins mundi nema. Nú bar hv. 1. þm. N-M. því að vísu við, að það væri ekki hægt að taka gjöld af ríkissjóði, vegna þess að búið væri að afgreiða fjárlög, og mundi sennilega telja það eins, þó að ekki sé um stórkostlegri upphæð að ræða en þetta. En í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að á þeim fjárl., sem nú eru nýafgreidd, er áætlað innflutningsgjald af benzíni 9.2 millj. kr., en árið 1950, sem er síðasta ár, sem við höfum fengið í hendur ríkisreikning yfir, hefur innflutningsgjaldið af benzíni orðið ekki 9.2 millj. kr., heldur 12411128.32 kr., og ef reiknað er með því, að innflutningur benzíns fari heldur vaxandi og verði meiri á þessu ári, eins og ég gerði ráð fyrir áðan að hann gæti orðið, þ. e. meiri en þetta meðaltal og meiri en hann var árið 1950, þá mundu tekjur af innflutningsgjaldinu líka hækka samkv. því. Ég held þess vegna, að með því að samþ. það, að ríkissjóður greiddi þetta verðjöfnunargjald af benzíninu, sem mundi kosta hann 1.3 millj. kr., kannske upp í 1½ millj. kr., og það dragist frá þeim tekjum, sem hann fær samkv. fjárlögunum af innflutningsgjaldi af benzíni, þá mundi sá liður samt sem áður gera meira en að standast áætlun. Hann mundi eftir sem áður fara fram úr áætlun, þannig að ég held, að ef einhver vilji væri fyrir hendi í þessu efni, þá ætti að vera hægt að ráða fram úr því á þennan hátt.

Ummæli beggja frsm., bæði 1. og 3. minni hl., sem ég nú hef minnzt á, benda til þess, að það sé rétt, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að ef það hefði gefizt eitthvert tóm til þess að ræða málið í n., þá hefði líka sennilega verið fyrir hendi einhver samkomulagsgrundvöllur, þar sem þeir báðir hafa tekið undir þessa till. mína á þann hátt, sem þeir hafa gert. Og ég hef eiginlega ástæðu til eftir það, sem fram er komið, að óska eftir því, að umr. yrði frestað og n. fengi tækifæri til þess að ræða þetta frekar en orðið er, áður en 2. umr. lýkur, og sjá þá til fulls, í fyrsta lagi, hvort þeir hv. nm., sem í ræðum sínum hér hafa tekið undir till. mína, með vissum fyrirvara að vísu, vilja reyna samkomulag, og þar sem a. m. k. annar þeirra er nú stjórnarstuðningsmaður og stjórnarstuðningsmenn eru að sjálfsögðu í meiri hl. í n., hvort þeir vildu þá ekki um leið gera tilraun til þess að ná um það samkomulagi við þá stj., sem þeir styðja, að ríkissjóður taki á sig þessa tiltölulega litlu upphæð, sem farið er fram á í till. minni, þrátt fyrir það þó að búið sé að afgreiða fjárlög, og þannig væri hægt að leysa þetta mál án þess að íþyngja þeim mikla fjölda manna, sem búa hér í Reykjavík og á Suðvesturlandi og mundu, ef frv. yrði samþ. óbreytt, verða að taka á sig verðhækkanir, og þar með íþyngja bæði einstaklingum og atvinnufyrirtækjum á mjög tilfinnanlegan hátt. Ég sem sagt vildi gjarnan óska eftir því, að það yrði reynt enn til hlítar, hvort ekki er hægt að leysa þetta á þann hátt, sem ég hef lagt til, eða á einhvern annan sambærilegan hátt, sem hefði það í för með sér, að þetta kæmi ekki niður sem verðhækkanir á þeim vörum, sem um er að ræða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. endaði sína ræðu hér áðan þannig, að fylgi við þetta frv. væri sönnun þess, hversu menn misnotuðu trúnað sinn sem fulltrúar þjóðarinnar til þess að taka ranglega af samborgurum sínum fé. Ég verð að segja það, að ég fyrir mína parta mótmæli algerlega slíkum fullyrðingum. Ég hef á hverju þingi, sem þetta mál hefur verið til umr., lýst eindregnu fylgi

minu við málið, og ég vil á engan hátt láta dæma mig þannig, að ég sé með því að taka ranglega fé af samborgurum í þessu þjóðfélagi. Satt að segja varð ég alveg undrandi yfir því, að hæstv. dómsmrh., sá ágæti maður, skyldi láta þessi orð falla hér um þingbræður sína.

Það er sýnilegt, að þetta mál er ekki hjá neinum neitt flokksmál, þetta er hagsmunamál fyrir hin ýmsu héruð í landinu, sem vilja krefjast þess, að þeirra fulltrúar berjist fyrir því, að málið nái fram að ganga, eins og fulltrúar hér í kringum Faxaflóa og Reykjavík berjast fyrir því, að málið nái ekki fram að ganga. Þar er um fulltrúaskipti hvers aðila fyrir sig að ræða, en alls ekki undir neinum kringumstæðum brot á trúnaði í sambandi við málið. Ég tek það engan veginn illa upp hjá hæstv. dómsmrh., þótt hann beiti sínum ágætu rökum og skynsemi til þess að færa rök fyrir því, að hann hafi á réttu að standa. Honum ber skylda til þess að sjálfsögðu sem fulltrúa fyrir þá menn hér í Reykjavík, sem þykir það vera óhagnaður fyrir sig, að málið nái fram að ganga. En að brigzla okkur hinum fyrir að standa á verði fyrir hagsmuni okkar fulltrúa, það er sannarlega óverðuglega mælt af jafnágætum manni.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, hvernig þetta mál var afgr. hér á síðasta Alþingi. Hæstv. ráðh. talar um, að það hafi ekki verið þinginu til sóma að afgr. það eins og gert var. Ég ætla nú ekki út í þær deilur, hvað er þinginu til sóma nú orðið og hvað er til ósóma. Við höfum rætt það í sambandi við önnur mál. Og ég þyrði að leggja það undir dóm óvilhallra manna, að meðferðin og afgreiðslan á þessu máli á síðasta þingi er ekki meira þinginu til ósóma heldur en sumt, sem hefur verið afgr. hér nú. Skal ég ekki fara frekar út í það.

En það var samþ. hér till. með miklum meiri hl. atkvæða á Alþingi um að skora á hæstv. ríkisstj. að láta fara fram verðjöfnun á olíu um allt land. Hæstv. ráðh., sem átti að taka við þál., framkvæmdi aldrei þessa þál. og taldi sig — kannske réttilega — ekki geta gert það, nema um þetta væri gerð sérstök löggjöf. Ég ætla ekkert að álasa honum fyrir það út af fyrir sig, þótt mér hefði nú þótt eðlilegra, að hann hefði verið hér til viðræðna í dag um þetta mál, sem er svo mjög vel sótt og varið af báðum aðilum. En þó að hann hafi ekki getað það út af fyrir sig, og þó að það sé alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. segir hér, að það hefði verið ófyrirgefanlegt og ósæmandi fyrir hæstv. ríkisstj. að gefa út bráðabirgðalöggjöf, svo að hægt væri að uppfylla þingviljann, þá er eitt þó alveg víst, að hæstv. ráðh. ekki einungis gat, heldur bar honum beinlínis skylda til að láta undirbúa þetta mál í frumvarpsformi fyrir samkomudag þessa þings, sem nú er að líða. En það var bara ekki gert. Hann þurfti enga bráðabirgðalöggjöf til þess að undirbúa málið þannig, að fyrir lægi að vel athuguðu máli löggjöf um þetta atriði. Það var búið að ræða málið hér á mörgum þingum, og hann var búinn að vita um fylgi meiri hl. alþm., að þeir vildu hafa þessi mál þannig, og þá var ekkert eðlilegra en að gera þá kröfu til hæstv. viðskmrh., að hann léti undirbúa frv. um málið og það á þann viturlegasta hátt og bezta, sem hann taldi hægt að gera. En af hverju er þetta ekki gert? Það er af því, að viðkomandi ráðh. hafði ekki einungis engan áhuga á málinu, heldur var beinlínis á móti málinu. En þar er hann að bregðast meira sínum skyldum heldur en við erum að gera, sem höldum á þessum rétti fyrir okkar umbjóðendur. Stundum verða menn í ábyrgðarstöðum að gera fleira en þeim þykir gott sjálfum. Þess vegna hefði verið langeðlilegast, að hann hefði lagt fyrir þingið löggjöf um þetta atriði, byggt m. a. á rannsókn, hvernig þetta er starfrækt í öðrum löndum. Ég þekki ekki eitt einasta land, sem ég hef farið um, þar sem benzín er ekki jafndýrt, hvar sem maður kemur að, á hvaða stað, hvort það er heldur við strönd í stórum bæjum, smábæjum eða jafnvel upp til fjalla. Og ég hefði gaman af að heyra, hvort þeir menn, sem eru andstæðir þessu frv., gætu bent á eitt einasta tilfelli, þar sem það hefur skeð. En hvernig fara þá olíusalar og olíufélög og þjóðfélög þeirra landa að hafa þetta skipulag á? Það væri ákaflega upplýsandi í þessu máli að fá að vita um það. Ég þekki heldur ekkert land, þar sem brennsluolía er með mismunandi verði, nema í einstöku stöðum, þar sem um mjög stóra tankforða eða olíugeyma er að ræða og sérstök aðstaða er til að leggja olíu á land, og þá jafnan, að þaðan sé selt í stórum stíl, en ekki smásölu. Alls staðar annars staðar, sem ég þekki til, er hráolía seld á sama verði. Og mér skilst, að þær upplýsingar liggi fyrir bæði frá Norðurlöndum og sumum öðrum löndum í sambandi við þetta mál, að þannig sé þessu fyrir komið alls staðar. Og þá er spurningin þessi: Hverjir bera dreifingarkostnaðinn? Það eru sannarlega ekki ríkissjóðir þessara landa, sem gera það. Það eru olíufélögin sjálf, sem gera það.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að ef þetta frv. yrði samþ., þá væri nauðsynlegt að gera ýmsan jöfnuð á öðru verðlagi í landinu. Minntist hann m. a. hér á húsaleigu, laun manna o. fl. o. fl. Ég skal í sambandi við það leyfa mér að benda á, að það hafa komið, sem eðlilegt er, mjög róttækar kröfur undanfarin ár um að gera jöfnunarverð á rafmagni um allt land. Og ég held, ef það er athugað, að þá sé síður en svo, að það sé nokkur fjarstæða. Hæstv. ráðh. veit vel, að það er fyrir styrkleika þeirra manna, sem hafa ráðið hér í þessu landi undanfarin ár, að þéttbýlið hefur verið látið ganga fyrir um alla raforku. Hann veit, að það hafa verið teknir tugir milljóna til þess að fjárfesta í þessum orkuverum og hinir hafa orðið að bíða eftir sams konar gæðum um mörg ár og munu þurfa að bíða eftir þessu fjöldamörg ár enn. Þegar ofan á þetta á síðan að koma, að þessir menn verða að reka olíustöðvar, framleiða raforku með olíuvélum og fá ekki einu sinni aðstöðu til þess að hafa olíu með sama verði eins og hér er í Rvík, þá finnst mér nú, að það sé nú beitt nokkuð mikilli hörku í

sambandi við þessi mál yfirleitt. Við afgreiðslu fjárlaganna lá hér fyrir till. um það frá raforkumálastjóra að leggja fram fyrir dreifbýlið úti á landinu, sem neitað hefur verið um vatnsraforkuver, vegna þess að þéttbýlið varð að ganga fyrir, 1½ millj. kr. í sérstakan sjóð til þess að lána þessum mönnum, á sama hátt og þeir menn fá úr raforkusjóði, sem hafa fengið öll fríðindi um forgang í raforkumálunum, því að ekki eitt einasta raforkuver hér hefur getað staðið undir sér fyrstu árin og orðið að fá milljónir úr raforkusjóði að láni, sem teknar eru einnig af fólkinu úti á landinu, til þess að standa undir sínu tapi, þar til búið er að selja svo mikið af orku, að línurnar eru farnar að standa sjálfar undir kostnaðinum. Þessi miðlun hefur verið tekin hér á öðrum sviðum, en hún hefur bara ekki náð út fyrir þéttbýlið hér í kringum Reykjavík og í kringum Akureyri; lengra má hún ekki undir neinum kringumstæðum ná.

Mér skildist nú á hæstv. ráðh. áðan, að þetta snerti aðeins og eingöngu útgerðarmenn, en þetta er mesti misskilningur. Þetta mál snertir sannarlega engu síður bókstaflega alla þegna umhverfis landið. Það er alltaf meira og meira verið að ýta kolanotkun út og taka inn olíunotkun, jafnvel hjá hverju einasta heimili í landinu. Sumpart eru notaðar dieselvélar til þess að framleiða ljós og orku fyrir heimilið eða það er verið að setja upp olíukyntar eldavélar eða olíukynt hitunartæki í svo að segja hvert heimili umhverfis landið. Þetta snertir sannarlega meira en útvegsmenn á viðkomandi stöðum. Þetta er orðið svo stórkostlegt atriði í hinu daglega lífi svo að segja hvers einasta manns umhverfis landið, að það er svo sem ekki furða, þótt þeir knýi á sína fulltrúa um að fylgja þessu máli fast fram. Og það er sannarlega engan veginn sanngirni að kasta því svo fram hér á Alþingi, að við séum að brjóta okkar trúnað með því að bera fram og koma hér lögum í gegn í Alþingi til þess að tryggja, að það sé ekki gengið áframhaldandi á rétt þessara manna.

Hæstv. ráðh. sagði, að hér heimtuðu sjómenn hærri laun en sjómenn í öðrum landshlutum, og spurði, hvort við vildum láta ríkið taka að sér að greiða þann mismun, sem útvegsmenn hafa af þessum kostnaði. Ég vil svara þessari spurningu með því að spyrja: Vill hæstv. ríkisstj. taka að sér að láta ríkissjóð greiða þann mismun, sem menn úti á byggðinni verða að borga meira fyrir svo að segja hverja vörutegund, sem til þeirra er flutt? Ég veit ekki betur en olía, kol, matur, byggingarefni og hver og ein einasta vörutegund kosti miklu meira úti á landinu, á sama tíma sem laun eru að þokast úti á landinu upp í það sama sem sett er hér í Rvík. Hvernig hafa þá einmitt atvinnutækin aðstöðu til þess að reka atvinnu úti á landinu, samanborið við Rvík? Þau standa þannig, að þau hrynja hvert af öðru niður. Þau geta ekki annað. Launin eru orðin svo að segja þau sömu. Allur kostnaður við flutning á hráefni að og frá er orðinn margfalt meiri en var. Ég vil í sambandi við þetta af eigin reynslu leyfa mér að upplýsa, að í okkar mjög litlu verksmiðju, sem framleiddi fyrir um tæpar 2 millj. kr. á ári niðursuðuvörur, kostaði yfir 80 þús. kr. flutningurinn á hrávörunni til verksmiðjunnar og varan aftur flutt hingað til Rvíkur. Þetta er hlutur, sem verður að greiðast af framleiðslunni og ekki hægt að greiða af neinum öðrum. Fyrir stríð var þetta allt öðruvísi. Þá var það þannig, að menn fengu miklu minni laun úti á landinu. Þá voru launakjörin ekki þvinguð eins upp og nú er, og það var beinlínis vegna þess, að innlenda framleiðslan, kjöt og fiskur, garðávextir og mjólk, var miklu ódýrari úti á landinu en þá var í Rvík. Nú er þessu snúið alveg við. Nú er fiskur og kjöt í nákvæmlega sama verði, hvar sem er á landinu, en allar innfluttar vörur miklu dýrari en í Rvík, svo að þessir menn standa miklu verr í lífsbaráttunni en hér í Rvík. Þetta er sannleikurinn í málinu.

Hæstv. ráðh. sagði einnig hér: Hvers vegna var þá ekki tryggingalöggjöfinni breytt hér, og hvers vegna er þá verið enn þá að halda tveimur verðlagssvæðum? Ég skal gjarnan svara því. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum um það, hvers vegna þessu var ekki breytt. Það veit hæstv. ráðh. Því var nú ekki breytt vegna þess, að það var fyrirskipað af hæstv. ríkisstjórn, að þar skyldi engum staf breytt. Það var meginástæðan fyrir því. En alveg burt séð frá því, þá eru tekin tvö verðlagssvæði nú vegna þess, að það kostar ríkissjóðinn ákveðna tugi milljóna króna að gefa fólkinu úti á landi sama rétt og var upphaflega gefinn hér í Rvík. Vitanlega á fólkið kröfu á þessu, og það kemur að því, að það verði gert, því að það er náttúrlega engin sanngirni í því, að maður úti á landinu skuli aðeins fá 80% af bótum á móts við mann, sem býr í kaupstað. Það er engin sanngirni í því, og það getur ekki gengið lengi. Það gat aðeins gengið, á meðan þessi verðmismunur var, eins og ég sagði, á þeim neyzluvörum, sem notaðar voru áður, en þegar hann er enginn eða hann er heldur óhagstæður þeim, sem búa úti á landinu, þá er ekki hægt að halda þessu lengur áfram. Hins vegar hefur þetta verið þolað af fólki úti á landi, m. a. vegna þess, að þeir greiða þá ekki heldur nema 80% af iðgjöldum á móts við þá, sem búa á 1. verðlagssvæði. Ef þeir væru nú látnir greiða sömu iðgjöld og þeir greiða á 1. verðlagssvæði, þá væri náttúrlega gersamlega óþolandi, að þeir fengju ekki sömu bætur, svo að það er ekki hægt að bera þetta nákvæmlega saman. Hins vegar ber ekkert lítið á því nú orðið, að menn notfæri sér þetta, greiði 20% lægra iðgjald, á meðan þeir eru úti á landsbyggðinni, og feti sig síðan yfir á 1. verðlagssvæði til þess að fá 20% hærri bætur. Ef þessir möguleikar væru ekki fyrir hendi, þá mundi fólkið úti á landi rísa upp og neita að lúta þessum ákvæðum tryggingannna, svo að ég veit, að hæstv. ráðh., þegar hann athugar nú þessi mál, sér, að þetta er engan veginn sambærilegt.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það hefði ekki verið hægt að líta öðruvísi á en að afgreiðslan á þessu máli á síðasta þingi hefði ekki verið alvörumál fyrir þá, sem að því stóðu. Ég held, að það sé alveg misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ég get upplýst hæstv. ráðh. um það, að á 11 fundum, sem ég hafði í mínu kjördæmi á s. l. sumri, þá var þetta eitt af allra mestu áhugamálunum á hverjum og einum einasta fundi. Það var hvað eftir

annað gerð fyrirspurn til mín um það, hvort ég vildi ekki taka upp baráttu fyrir því, að þessi löggjöf kæmist á, og það er af þeim ástæðum, sem ég þegar hef lýst, svo að það er síður en svo, að hér sé ekki um alvörumál að ræða fyrir þá aðila, enda er það alveg skiljanlegt, að ef það er áhugamál fyrir Reykvíkinga og þá, sem búa við Faxaflóa, að þetta frv. nái ekki fram að ganga, þá er það alveg jafnmikið áhugamál fyrir hina, sem eru fyrir utan þetta svæði, að frv. nái fram að ganga. Í þessu liggur ekki nein ásökun til hæstv. ráðherra eða þeirra manna, sem fylgja því að torvelda framgang frv., síður en svo. Ég skil ákaflega vel þeirra skyldur í þessu máli. En þeir verða þá líka að skilja aðstöðu okkar hinna.

Svo sagði hæstv. ráðh., að þetta mál hefði ekki fengið skemmtilega meðferð á undanförnum þingum. Ég veit nú ekki, hvað hæstv. ráðh. á við með því. Var það ekki fullkomlega þingleg meðferð og skemmtileg meðferð, að meiri hluti hv. alþm. gerir í venjulegri þál. áskorun til hæstv. ríkisstj., sem hann styður og treystir, að koma þessum málum í framkvæmd? Ég sé ekki annað en það sé fullkomlega eðlileg meðferð á málinu. Hitt tel ég miklu óskemmtilegri aðferð í máli, sem við höfum orðið að horfa upp á nú undanfarna daga, að semja um þingmál fyrir utan þingsalina, á meðan þingið situr, og það um stórkostlega viðkvæm mál, eins og gert hefur verið, og geta svo ekki vegna þeirra samninga breytt einum einasta stafkrók í þeim frv., eins og hefur sýnt sig hér undanfarna daga. Ég tel, að þetta sé miklu óskemmtilegri meðferð. Ég er ekki að ásaka hæstv. ráðh. fyrir að hafa verið í því. Ég þekki ákaflega vel þá erfiðleika, sem hann og hæstv. ríkisstj. áttu við að stríða í þessu máli, og dettur ekki í hug að vera að ásaka hana fyrir það. En ég segi bara, að ef afgreiðslan á þessu máli var leiðinleg eða óþingleg eða óskemmtileg á síðasta ári, hvernig hefur þá verið um þau mál, sem hér hafa verið afgr. á undanförnum dögum? Ég veit bara ekki, hvort við, sem erum fulltrúar fyrir þessa menn úti á landinu, eigum bókstaflega nokkuð hægara með að láta vera að halda uppi baráttu fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga, heldur en hæstv. ríkisstj. átti í samningum um þau mál, sem hún var að semja um. Svo mikið áhugamál er þetta fyrir menn úti á landinu.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að útvegsmenn væru á móti þessu. Við þurfum nú ekki að þekkja mikið hér til L. Í. Ú. og til þeirra mála, sem það hefur haft með höndum hér undanfarin ár, til þess að vita, að þar ræður nú mergðin hér í kringum Faxaflóa, en ekki mergðin umhverfis landið. Í hverju máli, sem hér hefur verið rætt um og tekin afstaða til undanfarin ár, eru það þeir, sem hafa ráðið, en ekki mennirnir utan af landinu. Það kann að vera af því, að þeir hafa ekki verið nægilega duglegir að senda sína fulltrúa, en það kann líka eitthvað að skapast af því, að þeir menn, sem eru hér við Faxaflóa, hafa miklu sterkari aðstöðu til þess að ráða í þessum málum. Þeir eiga miklu hægara með að koma á þessa fundi. Þeir eru miklu sterkari yfirleitt og mannfleiri og hafa þar af leiðandi getað ráðið málum miklu frekar en hinir úti á landinu, auk þess sem, eins og ég tók fram áðan, þetta snertir miklu fleiri menn en útgerðarmennina.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hér mundi þurfa að setja upp ákaflega mikið skrifstofubákn í sambandi við framkvæmd þessara laga. Ég er nú sammála hæstv. ráðh. um það, að ég álít, að þessi hv. d. hafi allt of lítinn tíma til umráða í svona miklu máli. Um þetta get ég verið sammála hæstv. ráðh., og mér þykir leitt, að hv. Nd. skuli hafa haldið málinu svo lengi sem hún gerði og ekki gefið þessari hv. d. tækifæri til þess að vinna betur að því í nefnd, því að hér er ekki um neitt smámál að ræða. Hitt á ég bara ómögulegt með að skilja, að það sé þörf á því að ganga þannig frá málunum, að það þurfi að skapa þetta skrifstofubákn, sem hæstv. ráðh. talaði um. Og meðal annars vil ég vísa í það, sem ég sagði hér áðan, að ekki er þetta í öðrum löndum. Þar er ekkert skrifstofubákn í sambandi við þessi mál. Þar er þessu þannig komið fyrir, — hvort það er með lögum, skal ég ekkert segja um, eða hvort það er samkomulag við viðkomandi aðila, — en því er komið þannig fyrir, að olían kostar jafnmikið hvar sem er í landinu og benzín jafnmikið hvar sem er í landinu. Þess vegna hygg ég að meginástæðan fyrir því, að allar þessar upplýsingar um það, hvernig sé hægt að koma þessu hagkvæmlega fyrir, liggja ekki fyrir, sé hreint og beint sök hæstv. viðskmrh., því að eftir að hann var búinn að taka við þeirri þál., sem samþ. var í fyrra, þá bar honum áreiðanlega skylda til þess að láta a. m. k. allar upplýsingar liggja fyrir hv. Alþ. um þetta mál og helzt að bera fram stjórnarfrv. í sambandi við málið, hvort sem hann persónulega var sjálfur með málinu eða á móti.

Ég hefði kosið, að nokkrar breyt. hefðu verið gerðar á frv., en það er alveg sýnilegt, að ef á að fara að gera á því breyt. nú, þá mun það ekki komast í gegnum þingið, nema því aðeins að nægilega sterkur þingvilji sé fyrir því að stöðva alla þingmenn hér á þingi og framlengja þingið, þangað til þetta mál er til lykta leitt. Það verður náttúrlega ákaflega erfitt að gera það á móti vilja hæstv. ríkisstj., ef hún er raunverulega á móti því, að málið nái fram að ganga. Þó að þingið þyrfti að sitja yfir málinu nokkra daga eða jafnvel vikur, þá er það áreiðanlega þess virði, að það væri vel til vinnandi. En eins og ég tók fram áðan, þá er ákaflega erfitt að gera það á móti vilja hæstv. ríkisstjórnar.

Ég get svo að síðustu aðeins sagt það, að ég get á engan hátt samþ. þær till., sem eru lagðar fram hér frá hv. 4. landsk. Ég vil ekki, að ríkissjóður taki á sig neina fjárhagslega byrði í sambandi við verð á benzíni. Við vitum t. d. nú, að ríkið fær til þess að sinna ákveðnum verkefnum, eins og til að byggja brýr, ákveðinn hluta af benzínskattinum. Og ef hægt er að taka stærri hluta af benzínskammtinum til eins eða annars, þá á sá hluti fyrst og fremst að fara til þess að efla brúasjóðinn, því að svo mikil þörf er á því máli. Það þekki ég frá öllum þeim gögnum, sem hafa komið til Alþ. undanfarin ár, að svo mikil þörf er á að koma þar fram víðtækari og meiri framkvæmdum í þeim málum, að ég gæti aldrei fylgt því, að einn einasti eyrir af benzín-

tollinum, sem ríkissjóður annars gæti af misst, færi í neitt annað en í þann sjóð. Það er stórkostleg þörf á að auka það, og það hefur verið sótt mjög á frá vegamálastjóra að auka tekjur hans, annaðhvort hækka benzínskattinn eða fá stærri hluta af benzínskattinum inn í brúasjóðinn. Það eru svo stórkostleg verkefni, sem þar liggja fyrir ónunnin til hagsbóta fyrir dreifbýlið, að ég gæti aldrei undir neinum kringumstæðum samþ. það, að hvorki hálf önnur millj. né neitt annað yrði tekið frá þeim málum, og ég sé ekki að það þurfi að gera.

Ég hygg, að ef þetta mál væri athugað gaumgæfilega, þá væri hægt að gera þetta með samkomulagi eða fyrirskipun um, að olíufélögin sjálf skyldu annast þessa dreifingu. Og það er það, sem á að gera. Það hefur sannarlega ekki enn þá verið rannsakað um það, hvort þeim sé það um megn. Síður en svo. Ég hygg, að þeirra ágóði sé enn þá allverulegur, miklu meiri en dreifingin kostar. Að vísu kynni það að ganga nokkuð út á þá möguleika hjá Reykjavík að leggja hærri útsvör á þessa aðila, ef þeirra ágóði minnkar. En Reykjavík má þá ekki heldur eingöngu hugsa um sinn hag í því máli. Nú er það líka alveg vitað, að Reykjavík hefur ekkert lítinn hag af því, að dreifbýlið eða hinir ýmsu staðir úti á landinu geti bæði haft framleiðslu og rekið þar eðlilega atvinnu. Það veit nú hæstv. ráðherra, því að svo mjög hefur hann lagt því lið, að hægt væri að halda uppi atvinnu í þeim landshlutum. M. a. gengur ákaflega mikið af vöruframleiðslunni frá þeim landshlutum hér í gegnum höfuðborgina, þeir borga hér skatt til höfuðborgarinnar í hafnargjöldum og veita vinnu o. s. frv. við umskipun hér á vörunum, svo að það er síður en svo, að það sé nokkurt böl fyrir Reykjavík, að þessir staðir geti lifað, síður en svo. Auk þess sýnir það sig nú í sambandi við húsnæðismálin í Keflavík, að ef í einn stað streymir óeðlilega mikið fólk á óeðlilega skömmum tíma, þá skapast þar slíkt vandamál, m. a. í sambandi við húsnæðismálin, þar sem talið er, að hvert rúmstæði kosti nú í Keflavík um 200 krónur á mánuði. Það ber því að líta á þetta frá fleiri en einni hlið, og ég veit nú, að hæstv. ráðh. er svo sanngjarn og svo viti borinn maður, að þegar hann fer að athuga þessi mál, þá er ýmislegt, sem styður það, að það sé fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt fyrir okkur, sem erum fulltrúar fyrir menn utan af landinu, að halda fast á þessum málum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þar sem ég veit, að hv. þm. Barð. þarf senn að víkja af fundi, þá vil ég, áður en hann færi, nota tækifærið til þess að svara honum nokkrum orðum.

Okkur greinir alls ekki á um það, mig og hv. þm. Barð., að það sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að halda uppi hagsmunum strjálbýlisins, þannig að sveitir landsins og sjávarpláss leggist ekki í auðn. Þetta hef ég reynt að sýna með skiptum mínum af almenningsmálum og tók mjög glögglega fram í ræðu minni áðan, og hv. þm. hefur mjög beitt sér í þessum efnum sjálfur, svo að okkur greinir ekki á um það. Það, sem okkur kemur ekki saman um í þessum efnum, er hitt, hvort þessi tiltekna ráðstöfun út af fyrir sig sé heppileg eða ekki, bæði í þessu sérstaka skyni og svo hvort hún sé ekki beinlínis ósanngjörn gagnvart öðrum, vegna þess að annað er, hvort menn vilja gera almennar ráðstafanir, sem miða að tilteknum tilgangi, eða hvort menn vilja beinlínis ganga á rétt tiltekins hóps manna öðrum til hags. Þetta er gerólíkt. Og ég held því eindregið fram, að þær till., sem felast í þessu frv., séu þess eðlis, eins og ég sagði, að þar séu þm. frá strjálbýlinu að nota meirihlutavald sitt hér á þingi til þess að ganga á hag hinna.

Hv. þm. fannst ég fara um þetta of hörðum orðum. Það kann nú að vera um okkur báða, hv. þm. og mig, að við kveðum stundum fastar að orði en ætlunin sé, og er þá sætt í því sameiginlegt skipbrot, en efni málsins er óhaggað, hvað sem orðalagi líður, og það var í raun og veru játað af hv. þm. Barð., að hér er um að ræða hreina hagsmunatogstreitu. Það er um það að ræða, að tiltekinn hópur þm. vill nota sitt þinglega vald til þess að hafa fé af tilteknum borgurum sínum kjósendum til framdráttar. Þetta er óhagganleg staðreynd, sem ekki verður fram hjá komizt. Það má segja, að þetta sé gert í ýmsum öðrum tilfellum, en það er gert með óhagkvæmari hætti í þessu tilfelli en víðast hvar annars staðar. Það er farið óhyggilegar að, og ránið, ef svo má segja, er enn þá bersýnilegra og þar með illþolanlegra hér heldur en almennt gerist. Og þessi aðferð hlýtur að leiða til svo margra annarra hliðstæðra aðferða, að það verður að skoða allar afleiðingarnar, áður en menn geta samþykkt þessa einu ráðstöfun, enda er það mjög athyglisvert, að bæði hv. þm. Barð. og hv. 4. landsk. þm. leggja á það mjög ríka áherzlu í sínum málflutningi, að þetta mál hafi engan veginn fengið þá meðferð, sem því beri, og þurfi að athugast miklu betur en enn hefur gefizt kostur á, og það er mjög athyglisvert, að úr því að jafnvel fyrirsvarsmönnum frv. finnst þetta, þá er ekki óeðlilegt, að við hinir, sem sjáum enn þá fleiri annmarka á málinu, séum á sömu skoðun. Þess vegna virðist mér allt hníga að því, að það sé eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt að fresta meðferð þessa máls á þessu þingi og láta þá næsta þing um að gefa sér tíma til þess að íhuga allt þetta mál í öllum sínum margháttaða vanda, áður en löggjöf verður um það sett. — Það er líka á það að líta, sem hv. þm. Barð. svo réttilega bendir á, að það er allsendis ósannað, jafnvel þótt menn vilji koma á slíku jafnaðarverði, sem hér er um talað, að þá sé hagkvæmasta aðferðin sú að setja upp stórt skrifstofubákn, meira og minna á almenningings vegum, hvort það er ekki miklu hyggilegra að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að olíufélögin sjálf komi á slíkri verðjöfnun, án þess að ríkið hafi slík náin afskipti af málinu eins og þetta frv. vill gera ráð fyrir.

Hitt verð ég að segja út frá því, sem hv. þm. Barð. vildi halda fram, að olíufélögin græddu svo mikið, að þau gætu af gróða sínum tekið á sig þessa verðjöfnun, að það hygg ég sé algerlega ofmælt og á fullum misskilningi byggt. Í sambandi við lausn vinnudeilunnar á dögunum áttu sér stað viðræður við fulltrúa olíufélaganna, og

þar kom fram það, sem ég hygg að ekki verði vefengt, að þessi félög hafa alls ekki svo mikinn gróða sem ýmsir vilja telja sér trú um, og að svo miklu leyti sem um gróða hefur verið að ræða, þá hefur hann verið lagður í ný mannvirki til þess að gefa almenningi kost á því að fá vöruna með hagkvæmari kjörum.

Það er mjög eftirtektarvert í þessu sambandi, þegar menn eru að tala um þennan mikla gróða olíufélaganna, og rétt að rifja það upp fyrir sér, þegar fyrst voru reistir olíugeymar hér á landi af Shellfélaginu fyrir um það bil 25 árum. Ýmsir héldu því fram, að bygging olíugeymanna við Skerjafjörð væri mjög þjóðhættulegt fyrirtæki. Því var haldið fram, að það væri nánast einhvers konar landsafsal í hendur Bretum. Gauragangurinn út af því máli minnti mest á þann hamagang, sem vissir menn hér á landi nú viðhafa út af því, að komið er upp eðlilegum vörnum í landinu, og mátti segja, að sú herferð á hendur þessu Shellfélagi væri eins konar forboði þess, sem síðar hefur orðið í annarri baráttu kommúnista hér. Nú sjá allir, að það fjármagn, sem þarna var lagt í þessa olíugeyma, hefur orðið til þess að gera olíuna stórkostlega miklu ódýrari fyrir alla landsmenn en áður var, og þessi bygging olíufélaganna, fyrst á olíugeymum hér í Reykjavík, í nánd við Reykjavík og síðan smám saman úti um landið, er eitt mesta framfaraspor, sem hér hefur verið stigið í þessum efnum, og það að gera félögunum kleift að gera slíkar ráðstafanir, er auðvitað miklu hagkvæmara fyrir allan almenning til lækkunar á verðinu heldur en slík opinber íhlutun, sem hér er verið að gera ráðstafanir til.

Þar fyrir utan kom í ljós í þessum viðræðum, sem menn áttu við olíufélögin, að a. m. k. tvö þeirra hafa ekki borgað arð svo að árum skiptir, og var ljóst, að a. m. k. eitt — af sérstökum ástæðum að vísu — mundi þurfa að taka á sig verulegt tap vegna þeirrar verðlækkunar, sem samþykkt fékkst í sambandi við lausn vinnudeilunnar. Það var gerð alveg grein fyrir því, og menn áttuðu sig á því, í hverju það lá, að aðilar vildu eftir atvikum taka það á sig, en það sýndi þeirra góða vilja til þess að leysa þann vanda, sem menn þá voru staddir í, en er vitanlega engu að síður staðreynd, að þannig gengur misjafnlega fyrir þessum atvinnurekstri eins og öllum öðrum. Eina olíufélagið hér, sem hefur verulegan gróða, er Olíufélagið, sem hefur veruleg millilandaviðskipti á Keflavíkurflugvelli, en í þeim viðskiptum, sem félögin hafa við landsmenn, mun ekki vera meira en svo, að sá rekstur standi undir öllum þeim útgjöldum, sem á honum hvíla, og þar með nauðsynlegri endurnýjun og aukningu tækja til þess að gera þeim fært að starfa. Ég vildi, að þessi leiðrétting kæmist hér að, úr því að hv. þm. Barð. fór að tala um þennan mikla gróða olíufélaganna, sem raunar hv. 4. landsk. þm. hafði áður vikið að og byggir till. sínar í málinu á.

Hv. þm. Barð. vildi ekki viðurkenna, að það stæði eins á um verðlagssvæðin í tryggingunum eins og varðandi þau efni, sem við ræðum hér um. Það er auðvitað svo um allt, sem tekið er til samanburðar, að það er viss mismunur, vegna þess að atvik eru ólík, — það játa ég, — en ég verð þó eindregið að halda því fram, að samtímis því, sem menn ákveða að halda þessum mismun áfram varðandi tryggingasvæðin, þá sé ákaflega óeðlilegt að gera slíka jöfnunarráðstöfun sem hér er um að ræða, og það samrýmist alls ekki að gera svo gagnstæðar ályktanir sama daginn.

Hv. þm. segir: Ja, þessu með verðlagssvæðin, því verður ekki breytt, vegna þess að stjórnin hafði gert ákveðinn samning, sem menn eru bundnir við. — Nú geri ég ráð fyrir, að það hefði að vísu alls ekki brotið á móti þeim samningi, sem menn tala um, þó að fólki úti um land hefðu verið veitt aukin hlunnindi frá því, sem í samningnum var um að ræða, þannig að sú röksemd heldur ekki í þessu sambandi. Að samningunum skal ég koma frekar á eftir. En það, sem hv. þm. sagði að væri aðalástæðan, var, að ef þessi munur væri afnuminn, þá mundi það muna ríkissjóð tugum milljóna og menn væru ekki reiðubúnir til þess að taka þann bagga á ríkissjóðinn. En ég spyr nú: Ef það munar ríkissjóð tugum milljóna að taka þann bagga á sig, þá verður það ekki gert nema með því að taka skatta af borgurunum aftur, þannig að sú skattgreiðsla hlyti að jafnast niður á borgarana og þá ekki sízt á þá, sem mesta skattana greiða, þ. e. a. s. fólkið í Reykjavík og hér í nágrenninu, og það telur hv. þm. á þessu stigi málsins vera óframkvæmanlegt og ekki hægt að gera. Ef hann og aðrir hefðu talið það verjanlegt að gera það á þessu stigi málsins, þá hefðu þeir vitanlega einhvern tíma fyrr á þinginu en nú á þessum síðustu dögum og í sambandi við þetta síðasta tryggingalagafrv. tekið þá hugmynd upp. Nei, þeir telja, að eins og sakir standi sé ósanngjarnt og óhóflegt að breyta lögunum frá því, sem verið hefur; það er eina skýringin á þeirra atferli. En það er alveg það sama, sem þessir hv. þm. ætla að gera varðandi það mál, sem hér um ræðir. Það er ekkert annað, sem hér um ræðir, heldur en það, að það er verið að leggja skatt á neytendurna í Reykjavík, stundum útgerðarmennina, stundum neytendurna beint, og jafnvel þótt það sé lagt á útgerðina fyrst, þá lendir það á almenningi áður en lýkur. Það er verið að leggja skatt á almenning hér í Reykjavík og við Faxaflóa fólkinu úti um land til hags. Það má segja, að þetta sé gert í ýmsum tilfellum, og það má ætið deila um það, hvað eigi að ganga langt í þessa átt. Að vissu leyti er þetta eðlilegt og sanngjarnt, en það verða þó að vera ráðstafanir, sem í eðli sínu eru þjóðhagslega hyggilegar, en ekki þegar þær leiða til þess, eins og í þessu tilfelli, að verið er að efna til nýs og óþarfs skrifstofubákns og til þess, að aukinn kostnaður, aukið óhagkvæmi og ráðleysi verður tekið upp í stað sparnaðar og hygginda áður, og það er það, sem mestu máli skiptir í þessu efni. Það er nógu erfitt fyrir fólkið í þéttbýlinu að borga slíkar álögur og skatta, sem hér er um að ræða, ef það fer til nytsamlegra hluta, við skulum segja brúabygginga, jarðræktarstyrkja, símalagninga og ýmissa slíkra framkvæmda, sem eru nauðsynlegar og hollar. En ef það fer til þess að auka á kostnað við vörudreifingu, til þess að á almenningi lendi kostnaður, sem ella hefði með eðlilegum hætti

verið borinn uppi af aðilum sjálfum, þeim raunverulega að kostnaðarlausu, er það óhyggileg og óverjandi ráðstöfun, en það er það, sem verið er að gera með þessu frv., og þess vegna er þetta frv. út af fyrir sig ákaflega óhyggilegt, ósanngjarnt og þarfnast miklu rækilegri athugunar við en hægt er að gera á þeim fáu dögum þingsins, sem eftir eru.

Ég skal nú ljúka máli mínu. Ég veit, að hv. þm. Barð. er viðbundinn, og ég vil ekki halda honum hér lengur en vert er, hvort sem menn vilja halda fundinum áfram eða ekki. En ég vil aðeins segja örfá orð út af því, sem hv. þm. Barð. talar um, að það hafi verið gerður samningur á bak við þingið, sem mönnum nú eftir á sé sagt að standa við, varðandi tryggingarnar. Það má auðvitað deila um það, hvað sé samningur í þessum efnum og hvað menn þurfi að standa við af því, sem aðrir hafi gert. Ég vil hins vegar fullyrða, án þess að bera nokkuð á móti því, sem hv. þm. hefur sagt, að varðandi meginatriði þeirrar lausnar vinnudeilunnar, sem varð, þá var það gert í samráði við stuðningsflokka ríkisstj. um meginatriðin. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess, að einstakir þm. á því stigi málsins gætu athugað til hlítar, hvað fólst í einstökum atriðum þess, sem þeim var sagt frá, — það ætlast enginn til þess, — en eftir því sem atvik stóðu til og mögulegt var, þá var haft fullt samráð við hv. alþm. um lausn þess máls.

Forseti (BSt): Það eru nú tveir menn enn á mælendaskrá, tveir af frsm. hv. n. Auk þess kom nú fram ósk um það, að n. gæti komið saman, og í þriðja lagi er mér kunnugt um það, að allmargir hv. þdm. þurfa að víkja af fundi, og verður því ekki hægt að halda málinu lengur áfram, en ég vil vænta þess, að hv. n. noti þá næsta morgun til að koma saman, því að málið verður á dagskrá aftur á morgun. Er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 59. og 60. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem komu fram í ræðum þeirra, sem talað hafa síðan ég talaði seinast, sem ég sé ástæðu til þess að víkja að nokkrum orðum.

Það kom fram hjá hv. 1. þm. N-M., að hann teldi, að lausn sú, sem fékkst á vinnudeilunni í desember s. l., skipti ekki neinu máli í sambandi við afgreiðslu þessa frv., sem hér liggur fyrir. Þessa missögn hjá hv. þm. vil ég aðeins leiðrétta með nokkrum orðum.

Í tilboði því, sem hæstv. ríkisstj. átti sinn þátt í að sáttanefndin lagði fram á sínum tíma til lausnar á vinnudeilunni, segir svo berum orðum, ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, aðeins lesa það upp hér: „Ríkisstj. hefur í samræmi við till. sínar varðandi lausn núverandi kjaradeilu verkamanna og vinnuveitenda, er birtar voru 16. þ. m., ákveðið, að eftirfarandi ráðstafanir skuli koma til framkvæmda, ef síðargreind miðlunartill. verður samþ. og aflétt verður verkföllum þeim, sem nú eru háð .... f. Verð á brennsluolíu lækki um 4 aura á lítra. — Þessar verðlækkanir ásamt lækkun kolaverðs og fleira valda lækkun visitölu um 5.18 stig, miðað við vísitölu nóvembermánaðar s. l. — II. Verð á benzíni lækkar um 4 aura á lítra."

Í niðurlagi till. segir svo, að ef að þessu samkomulagi verði gengið, þá skuli það gilda til 1. júní 1953 og sé eftir það uppsegjanlegt með eins mánaðar fyrirvara.

Það er þess vegna alveg greinilegt, að í miðlunartill. þeirri, sem sáttan. lagði fram á sínum tíma, er því lofað og ríkisstj. heitir að beita sér fyrir því, að verð á benzíni og olíum skuli lækka um 4 aura á lítra.

Þegar deiluaðilar tóku afstöðu til miðlunartill., þá var það m. a. að sjálfsögðu á grundvelli þessa atriðis. Það var ákvörðunarástæða fyrir deiluaðila, þegar þeir sögðu já eða nei við miðlunartill., að þeim hafði verið boðið upp á þessa verðlækkun á benzíni og olíu.

Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá er það alveg ljóst, að sú lækkun, sem þarna er heitið, fæst ekki og það er komið í veg fyrir þá lækkun með aðgerðum frá hv. Alþ., sem almenningur hefur haft ástæðu til að ætla að hæstv. ríkisstj. hefði að baki sér, a. m. k. að meiri hluta til, þegar tilboðið var gert.

Það verður því ekki um það deilt, að samþykkt þessa frv. og sú hækkun, sem af því leiðir á verði á olíu og benzíni, er bein vanefnd á því samkomulagi, sem gert var til lausnar vinnudeilunni.

Afleiðing slíkra vanefnda er ákaflega augljós: Í fyrsta lagi geta samningsaðilar hvenær sem er lýst því yfir, að samkomulagið í vinnudeilunni sé úr gildi fallið, vegna þess að það hafi verið vanefnt af þeim þriðja aðila, sem þar gerðist meðalgöngumaður og ber að verulegu leyti ábyrgð á því. Fyrsta afleiðingin er því sem sagt sú, að það er hægt að segja samkomulaginu upp og lýsa það úr gildi fallið fyrirvaralaust. Á þessu er enginn vafi.

Næst á eftir þessu kemur svo það, að mér virðist liggja alveg beint við, ef frv. verður samþ., með þeim verðbreytingum, sem verða á olíu og benzíni, að þá fari ekki hjá því, að þeir, sem verða að kaupa þessa vöru með hinu hærra verði, eigi endurkröfurétt á ríkissjóð fyrir verðmuninn, og mundi þá ríkissjóður með þeim hætti fá á sig mjög verulegar skaðabætur, auk þess sem slík meðferð á málinu mundi áreiðanlega um alla framtíð verða mjög til að draga úr því trausti, sem deiluaðilar í vinnudeilum verða að bera til þeirrar ríkisstj. á hverjum tíma, sem kemur fram með till. til lausnar vinnudeilum. Slíkt er að sjálfsögðu mjög alvarlegur og þýðingarmikill hlutur.

Ég fyrir mitt leyti vil því leitast við að gera tilraun til, að hægt verði að komast fram hjá þessum annmörkum, með því að bera hér fram till. um það, að aftan við frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Á meðan í gildi eru kaup- og kjarasamningar þeir, sem byggjast á miðlunartillögu sáttanefndar í vinnudeilum, frá 19. des. 1952, skal verð á olíu og benzíni ekki hækka vegna framkvæmda þessara laga. Jafnframt frestast um sama tíma innheimta verðjöfnunargjalds. Allur kostnaður vegna framkvæmda laganna greiðist úr ríkissjóði, þar til verðjöfnunargjaldð verður innheimt."

Þessa till. vil ég leyfa mér að leggja hér fram og óska eftir því, að hún komi til atkvæða með frv.

Forseti (LJóh): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 6. landsk., sem er svo hljóðandi: [Sjá þskj. 699].

Það þarf tvöföld afbrigði fyrir þessari till., vegna þess að hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 699) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég saknaði þess mjög, að hv. þm. N-M. skyldi ekki gera grein fyrir þeim atriðum ræðu sinnar, sem ég sýndi fram á um daginn að voru ærið hæpin. En hann hefur af einhverjum ástæðum talið, að þögnin geymdi sinn málstað bezt, og er hans að dæma um það, en ekki okkar hinna. En það er svar fyrir sig að fá það frá svo málskrafsmiklum manni eins og honum, að hann hefur gefið upp alla vörn fyrir sínum hæpna málstað.

Út af þeirri till., sem hér er fram komin, vil ég vekja athygli á því, sem ég benti á um daginn, að með frv. er í raun og veru eingöngu um að ræða skattlagningu á nokkurn hluta landsmanna til handa öðrum, skattlagningu með ákaflega óeðlilegum hætti. Það er ætlazt til, að komið sé upp nýju skrifstofubákni til þess að jafna þessum álögum niður, og auk þess sem ég tel, að frv. allt horfi í ranga átt og sé til hins lakara, verði til þess að gera kostnað meiri við þessi mál heldur en verið hefur og þarf að vera, þá sýnist mér, að það sé eðlilegra og í alla staði heppilegra að nota þá aðferð til skattlagningar, sem við þegar þekkjum og vitum, hvernig reynist, og þegar eru til skrifstofumenn til að annast, sem sé þá venjulegu skattheimtu ríkissjóðs. Ef illt á að ske, þá sýnist mér sem sagt miklu betra, að ríkið taki að sér að borga þessar greiðslur, sem til jöfnunarinnar þarf, úr sínum sjóði, og síðan sé það innheimt með nýjum sköttum beinlínis á borgarana, heldur en að hafa þá óvenjulegu aðferð, sem hér er ætlazt til. Ég get því ekki annað sagt en að mér virðist þessi till. vera til stórra bóta og vil eindregið mæla með samþykkt hennar. — Ég hef í sjálfu sér ekki meira um það að segja. En, hæstv. forseti, verður ekki hinkrað við eð atkvgr., þangað til allir eru komnir, sem von er á? (**Forseti:** Það er ómögulegt að lofa því, því að ég veit ekki, á hvaða tíma það verður.) Nei. En ég áskil mér þá rétt til þess að tala aftur, þegar hv. þm. N-M. er kominn, nema það verði samkomulag um að fresta atkvgr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil hér að gefnu tilefni af ræðu hv. 6. landsk. leyfa mér að benda á, að því lengra sem líður á þetta ágæta þing og því fleiri mál sem eru til umræðu hér, því augsýnilegra er það, hversu miklum erfiðleikum það veldur, að gerðir séu slíkir samningar sem hér hafa verið gerðir. Það hefur verið rætt um þessa samninga í sambandi við tryggingalöggjöfina. Nú kemur inn í þetta mál annað stórmál eins og verðjöfnun á olíu, sem má ekki gera nú, alveg sérstaklega af því, að samningar hafa verið gerðir fyrir utan þingið í sambandi við vinnudeilur.

Hv. þm. sagði, að það væri alveg ljóst, að ef þetta frv. yrði samþ., þá mættu viðkomandi aðilar segja upp samningum fyrirvaralaust. Þess vegna ber hann nú fram brtt., sem gengur miklu lengra en að forða því, að ekki sé sagt upp samningum, því að það er sýnilegt, að eins og till. er nú útbúin, þá gengur hún miklu lengra en að forðast þá árekstra, og er þar af leiðandi ekki hægt að samþ. hana eins og hún er, þó að þetta væri viðurkennt. Það er þá sýnilegt, að þessir samningar hafa þau áhrif, að það er ekki hægt að koma fram þessu réttlætismáli vegna þeirra samninga, sem gerðir hafa verið, án þess að Alþ. fengi að fjalla um þá, og það eitt út af fyrir sig er ákaflega alvarlegt atriði.

Hann sagði einnig, að það væri hægt að gera hér skaðabótakröfu á ríkissjóð, þó að samningunum væri ekki sagt upp. Ég skal nú ekki fara út í þá hlið málsins hér á þessu stigi, en hins vegar benda á, að framkvæmd þessarar lagasetningar gæti orðið á þann veg, að hægt væri að fyrirbyggja hvort tveggja. Það er sýnilegt, að ef hægt er að fá lækkun á benzíni og olíu úti á landinu með því að samþ. þetta lagafrv. hér, þá gæti þó a. m. k. sú lækkun gengið til þeirra, sem mundu fá hækkun við, að frv. verði samþ., á meðan samningstíminn stendur, svo að það er nú ekki alveg útilokað að laga frv. á þann hátt, að það þurfi ekki að rjúfa samningana.

Þá sagði hv. þm. einnig, að í þriðja lagi mundi þetta verða til þess að veikja álit á ríkisstj. sem samningsaðila. Ég vil ákaflega mikið benda á það, að ég held, að það borgaði sig mjög vel fyrir hv. Alþ. að ganga svo frá þessum málum hér, að ekki nein ríkisstjórn ætti auðvelt með að gera slíka samninga, sem gripu inn í fleiri lög í landinu. Og ég teldi nú, ef þetta er ástæðan, að þá væri það nú heldur til bóta að samþ. frv., því að það er, eins og ég tók fram áðan, sýnilega að koma í ljós, að þessir samningar valda ákaflega miklum erfiðleikum á ýmsum sviðum.

En það er enn eitt atriði, sem ekki hefur komið hér fram og ég vildi nú gjarnan að hæstv. dómsmrh. hlustaði á, ef hann hugsar sér að láta allt réttlæti ríkja í þessum málum. Og það er í sambandi við olíuskipið Þyril.

Það hafa mörg undanfarin ár verið skattlagðir ákveðnir aðilar úti á landinu á þann hátt að taka svo mikið flutningsgjald fyrir að flytja olíu frá stöðum hér við Faxaflóa út um landsbyggðina, þar sem þessir menn verða að greiða olíuna miklu hærra verði, að það hefur gefið ríkissjóði á aðra millj. kr. á hverju ári fram yfir það, sem skipið hefur þurft í nauðsynleg flutningsgjöld, og það sem verra er: Það hefur á sama tíma verið liðið, að hin sterkauðugu olíufélög hafa haldið uppi

svo háum flutningsgjöldum á þessari vöru frá Reykjavík og út um landið, að þau hafa tekið, ekki sams konar gróða, heldur kannske tvöfaldan eða þrefaldan skatt af mönnum í sambandi við flutningana. Og hæstv. ríkisstj. eða hv. Alþ. hefur ekkert haft við þetta að athuga.

Ef þegar á að fara inn á að skattleggja menn, eins og hæstv. ráðh. talaði um, þá sé rétt að gera það að hinum venjulegu leiðum, þá er líka jafnframt alveg sjálfsagður hlutur að hætta að skattleggja menn úti á landsbyggðinni á þennan sérstaka hátt í sambandi við flutningana á olíunni. Það getur ekki verið nein sanngirni í því að halda fyrst og fremst áfram því kerfi að láta þá menn, sem búa úti á landinu og reka þar atvinnuvegi eins og gert er hér í kringum Faxaflóa, fyrst og fremst borga alveg nauðsynleg flutningsgjöld og ofan á það að halda úti skipi og útgerð, sem ríkið á, eins og Þyrli og á þann hátt að skattleggja um milljónaupphæðir útgerðarmenn og aðra þegna úti á landinu.

Það er alveg sýnilegt, að þeim sömu mönnum, sem ætla sér að fella þetta frv., ber bókstaflega skylda til að ganga þá frá því frv. þannig, að 1. gr. frv. a. m. k. fari í þá átt að lögbjóða, að slíkt megi ekki eiga sér stað í framtíðinni. Og ég vænti þess, að þeir menn, sem hugsa sér að setja fótinn fyrir þetta frv., sýni þá ekki einungis svo mikla sanngirni í þessu máli að taka upp baráttuna fyrir því, heldur séu og svo samkvæmir sjálfum sér í orðum og athöfnum um það að fylgja fast fram, að ekki sé verið að skattleggja neina borgara í landinu í gegnum olíusölu eins og hér er gert.

Það var alveg nýlega í fjvn. þáltill. frá einum hv. þm. um að fyrirskipa, að lækka skyldi flutningsgjald á olíu og benzíni umhverfis landið með því skipi, sem ríkissjóður hefur til þeirra flutninga. Og það var réttilega bent á það í grg. og framsöguræðu hjá hv. þm., að þetta væri engan veginn viðunandi, þessi ágóði hefði verið mörg undanfarin ár. Hann er nú látinn koma fram í að greiða stórkostlegan óþarfan og ónauðsynlegan halla, sem er á Skipaútgerð ríkisins og beinlínis stafar af því, að meiri hl. Alþingis hefur ekki viljað skipa þeim málum betur en gert er, eins og hefur verið sýnt fram á hér í þessari hv. d. Þessi till. fékk þá meðferð í hv. fjvn., að henni er raunverulega vísað frá með þeim rökum, að nú sé verið að skipuleggja þessi mál eða koma þeirri skipun á þessi mál, að allir eigi að vera hér jafnir fyrir lögunum. Ég fullyrði það, að ef nokkur hefur búizt við því, að lítill meiri hl. í hv. Ed. mundi kúga hér stóran meiri hl. í hv. Nd., þar sem sitja ⅔ allra þm., þá hefði sú málsmeðferð ekki verið höfð á málinu eins og gert var. Og ég segi fyrir mína parta, að ég geymi mér allan rétt til þess að taka upp baráttu fyrir annarri afgreiðslu á því máli, ef það á að verða svo, að ekki sé hægt að koma fram hér þessu réttlætismáli.

Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, hverjir voru studdir hér fjárhagslega, þegar þáverandi hæstv. ríkisstj. stuðlaði mjög að því, að hinum íslenzku olíufélögum hér væru gefin hundruð þúsunda, tugir hundraða og milljónir í verðmætum í sambandi við olíugeymana í Hvalfirði. Ég held, að það sé alveg óhætt, að þessir menn fari að skila einhverju af þeim gróða nú í sambandi við þetta mál, og það sé ekki ósanngjarnt að breyta till. hv. 6. landsk. þm. á þann veg, að á meðan samningarnir standa milli atvinnurekenda og atvinnuþiggjenda eða verkamanna í sambandi við það verkfall, sem nú er nýlega liðið hjá, þá skuli einmitt þeir sömu menn, sem fengu gefins milljóna kr. verðmæti í geymum í Hvalfirði, taka á sig kostnaðinn. Ég held, að það væri ekki fjarri sanni. Og þætti mér ekkert ólíklegt, að hv. 6. landsk. vildi vera með þeirri réttlætingu á till. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið hlaðið undir þessa menn. Og hvað sem sagt er um þeirra fjárhag nú, þá er það alveg víst, að það hefur verið hlaðið undir þessa menn þannig, að það er þeim engin ofraun að standa undir þessum kostnaði, sem þarf til þess að dreifa olíunni, meðan samningarnir gilda, því eins og hv. þm. tók fram, þá gilda þessir samningar ekki nema til 1. júní annars vegar og þá má segja þeim upp með mánaðar fyrirvara, en alveg er áreiðanlegt, að þeir verða ekki látnir gilda um aldur og ævi. Ég gæti hins vegar vel fallizt á og skal vera með að athuga það fyrir 3. umr., hvort ekki sé hægt að setja bráðabirgðaákvæði í sambandi við framkvæmd laganna, þannig að það sé alveg augljóst, að hvorki hæstv. ríkisstj. sé gerð vansæmd í sambandi við samningana né samningsaðilar þurfi að bera nokkrar áhyggjur út af því að þurfa að segja samningum upp eða þeim verði rift fyrir það, þótt þessi löggjöf verði samþykkt. En ég get hins vegar ekki verið með till. eins og hún er nú, því að m. a. er gengið þar svo langt, að þar er talað um að leggja þetta á ríkissjóðinn, sem er alveg óþarfi, eins og ég þegar hef bent á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 638 felld með 9:6 atkv.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.

Brtt. 628 felld með 10:5 atkv.

2. gr. samþ. með 9:4 atkv.

3.—6. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 699 samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, JJós, LJóh.

nei: PZ, RÞ, VH, GJ, HermJ, KK, BSt.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Undir umr. um þetta mál hefur talað allmikið einn af hæstv. ráðherrum, sem tók þó virkan þátt í samningunum. Hann hefur aldrei látið orð falla að því, að þetta bryti í bága við samningana. En reynist það hins vegar vera svo, að þetta frv. komi á einhvern hátt í bága við þá verkalýðssamninga, sem gerðir voru til að aflétta verkfallinu, þá er hægurinn hjá að fella 6. gr. frv. og láta lögin ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir að þau væru komin út í Stjórnartíðindunum á venjulegum tíma, þá fellur það í ljúfa löð, þó að það kunni að vera eitthvert

brot á samningunum, eða setja í greinina, að lögin taki gildi eftir að samningarnir séu runnir út. — Ég segi þess vegna nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 63. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 713, 725).

Afbrigði um brtt. 725, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. flutt hér brtt. á þskj. 725. Ég mun ekki ræða þetta mál almennt. Það hafa þegar farið fram um það, bæði fyrr og síðar, allmiklar og ýtarlegar umr. hér á hv. Alþingi. En ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir þessari brtt.

Brtt. felur það í sér, og í rauninni það eitt, að í stað þeirra bráðabirgðaákvæða, sem samþ. voru inn í frv. á síðasta fundi þessarar hv. d., komi það, að lögin taki gildi 1. ágúst 1953. Ég lít svo á, að bráðabirgðaákvæði það, sem ég hef áður vikið að, sé vægast sagt mjög vafasamt. Í fyrsta lagi hlýtur það alltaf mjög að orka tvímælis, þegar fjárlög hafa verið samþ., að samþykkja þá lög, sem fela í sér meiri og minni útgjöld fyrir ríkissjóð, útgjöld, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Þetta ætti í rauninni aldrei að eiga sér stað og er a. m. k. alltaf mjög hæpið. Hér við bætist svo það, að eins og hv. alþm. öllum hlýtur að vera ljóst, þá var afgreiðsla fjárlaganna nú þannig, að það er kannske síður en oft áður hægt að leyfa sér þetta. Ég fæ ekki betur séð en bráðabirgðaákvæðið gæti leitt til þess, að ríkissjóður þyrfti að greiða verðjöfnunargjald um óákveðinn tíma. Mér skilst, að ef kaup- og kjarasamningarnir frá í vetur yrðu framlengdir í vor, þá framlengdist bráðabirgðaákvæðið líka af sjálfu sér.

Það er svo í annan stað ákaflega hæpið að miða gildistöku löggjafar við niðurfellingu tiltekinna samninga, hvers konar samninga sem þar væri um að ræða, enda ætla ég, að það sé venja, að l. segi alveg ákveðið til um það, hvenær þau taki gildi, eða a. m. k. vitni ekki í svona hluti um gildistöku.

Það er óhætt að fullyrða, að fram hefur komið alveg ótvíræður þingvilji fyrir verðjöfnun á olíum og benzíni án þess að greiða mismuninn úr ríkissjóði. Um það bera vitni bæði þær atkvgr., sem fram hafa farið um málið fyrr og síðar, og einnig umr. En svo kemur fram núna allt í einu á þessu stigi málsins ótti nokkurra hv. þm. um það, að l., ef samþykkt yrðu, kynnu að brjóta í bága við kjarasamningana. Á þetta gátu sumir hv. þm. að vísu ekki fallizt, eins og atkvgr. í gær bar með sér, hvorki við, sem flytjum þessa brtt., né heldur nokkrir aðrir hv. dm. En við flm. till. viljum þó gjarnan koma til móts við aðra stuðningsmenn verðjöfnunarinnar með því að breyta 6. gr. l. þannig, að gildistöku l. seinki til 1. ágúst. Hitt virðist í alla staði óeðlilegt, að láta ríkið grípa inn í þetta mál á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðinu, fyrir fáa mánuði eða kannske óákveðinn tíma, þegar það er ekki hugsað sem framtíðarlausn á málinu, að ríkið borgi mismuninn. — Ég hef sýnt fram á það, að ef fresta á framkvæmd þessara l., þá er eðlilegra að gera það á þann hátt, sem brtt. okkar felur í sér, með því að tiltaka ákveðinn dag, og ég vænti þess, að allir, sem í alvöru vilja stuðla að því að koma á verðjöfnun á olíu og benzíni, geti fallizt á þessa till.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, ef ég hef orðið til að tefja fundinn, sem ég ætlaði mér ekki, — ég þurfti að láta hreinrita brtt., sem ég var með í þessu mikla máli.

Ég hef bent á það áður, að þetta frv. eins og það liggur fyrir, að ákaflega þýðingarmikið mál, það er hluti af mjög víðtækum ráðstöfunum, sem verður að gera allar í heild, ef þær eiga ekki að verða fullkomið ranglæti. Ég hef einnig sýnt fram á það, að þó að hér væri aðeins tekinn lítill hluti af þessu þýðingarmikla máli, þá er það gert með þeim hætti, að því hlýtur að verða samfara ákaflega mikil skriffinnska og nýtt skrifstofubákn, sem ég hef haldið fram, án þess að hægt væri að hrekja, að væri helzt jafnandi til skömmtunarskrifstofunnar sælu, þannig að menn eru hér að ráðast í mikinn kostnað án þess að hafa athugað til hlítar, hvað fæst í aðra hönd. Sérstaklega geri ég ráð fyrir, að það hljóti að vera ákaflega umfangsmikið og erfitt í framkvæmd, ef í raun og veru á að hafa verðjöfnun á hverjum einasta benzíntank á landinu. Það er gefinn hlutur, að það hlýtur að kosta ákaflega misjafnt að koma benzíninu á hverja einustu afgreiðslustöð, og ef þetta á að reiknast út og jafnast til hlítar, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá skilst mér, að það sé í raun og veru óvinnandi verk, ef það á að gera með samvizkusemi og án þess að handahóf og tilviljun ráði. Hins vegar er því haldið fram af útvegsmönnum, að það sé mjög mikilsvert fyrir þá að fá þetta frv. samþ. nú, vegna þess að verð á fiski sé jafnt hvar sem er á landinu, en útgerðarkostnaður misjafn, eins og komi fram í því, að þeir verði að borga hærra verð á olíum úti um land heldur en hér sé borgað. Ég hef að vísu sýnt fram á, að þetta er ekki rétt nema að litlu leyti, vegna þess að t. d. kaupgjald er hærra hér í Reykjavík en víðast hvar úti um land, einmitt á bátunum, en til viðbótar kemur það, að það er vitað, að kostnaður af húsum og mannvirkjum, sem þarf til útgerðarinnar, er ákaflega misjafn. Nú finnst mér þó sök sér að taka þetta mál á þann veg, að þetta geti orðið útvegsmönnum að gagni, en athuga hina hlið málsins varðandi verðjöfnun á benzíni betur til næsta þings og sjá, hvort hægt er að finna einhverja heppilegri lausn á því máli. Ég flyt því hér brtt. um það, að þetta frv. eigi einungis við um gasolíu og brennsluolíu af því, sem upphaflega var tekið til í frv., og að frv. verði breytt til samræmis við það. Ég legg til, með leyfi hæstv. forseta, að 1. gr. orðist svo:

„Söluverð á gasolíu og brennsluolíu skal vera

hið sama á öllum stöðum á landinu, þar sem tankskip geta landað olíunni í birgðageyma. Enn fremur skal það verð gilda fyrir fiskiskip í þeim verstöðvum, sem hafa ekki enn aðstöðu til að taka á móti olíu úr tankskipi.“

Öðrum greinum frv. verði svo breytt til samræmis við þetta, þannig að 3 af brtt. minum og raunar 4, ef fyrirsögn er talin með, eru bein afleiðing af þessari fyrstu brtt. En til viðbótar legg ég svo til, að 5. gr. orðist eins og segir, ef ég má lesa þetta upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin skal tafarlaust láta rannsaka kostnað útvegsmanna í öllum verstöðvum landsins vegna nota þeirra af húsum og öðrum mannvirkjum í þágu útgerðarinnar. Ef það sannast, að kostnaður þessi sé ójafn að tiltölu, skal viðskmrn. setja ákvæði um jöfnun hans, og skulu þau byggð á sömu meginreglum og settar eru í 1.—4. gr. laga þessara.“

Ég legg sem sagt til, að það sé haldið lengra áfram á þeirri braut, sem frv. gerir ráð fyrir, að það sé ekki látið staðar numið varðandi olíuna eina, heldur tekinn inn í til jöfnunar einnig sá kostnaður, sem menn hafa vegna afnota af húsum og öðrum mannvirkjum og þá sé settur upp sams konar verðjöfnunarsjóður í þessum efnum eins og ætlunin er að setja upp varðandi olíuna. Ég játa, að það væri eðlilegt að taka hér inn ýmsa fleiri liði, eins og mannakaup og ýmiss konar aðrar nauðsynjar, en sökum þess, að þetta frv. er rekið hér áfram með óvenjulegri og óskiljanlegri hörku á síðustu dögum þingsins, þá hefur *mér ekki unnizt tími til þess að gera brtt. eins* víðtækar og ég hefði talið þörf á. En ég vil þó telja eðlilegt, að þar sem hér eru komnar veigamiklar brtt. fram, þá gefist mönnum nokkurt færi á að athuga það, og mundi leggja til, að hv. n. tæki málið enn til íhugunar um það, hvort henni sýnist ekki greinilegt, að þessar breyt. séu til bóta, eða færi þá rök á móti þeim, ef henni sýnist ástæða til þess, og ef til vill, ef þessar brtt. eru ekki taldar ganga nógu langt, þá verði fleiri atriði tekin inn í þetta frv. En að taka aðeins eitt atriði, eins og gert er í frv. upphaflega, leiðir til slíks ójafnaðar og ranglætis, að hv. Alþ. getur ekki verið þekkt fyrir slíka afgreiðslu á jafnveigamiklu máli.

Út af þeirri furðulegu brtt., sem nokkrir stuðningmenn frv. hafa komið fram með, get ég ekki sagt annað en það, að hún er ákaflega merkileg frá sjónarmiði stuðningsmannanna. Auðvitað getur það legið nærri, að við, sem erum frv. andvígir, getum verið þeirri brtt. sammála, að frv. nái fram að ganga sem allra síðast, og þess vegna hef ég sízt á móti því að samþ. það, að frv. gangi ekki í gildi fyrr en 1. ágúst 1953, jafnvel þótt ekki væri fyrr en 1. ágúst 1957, ef í það færi. Ég get ákaflega vel fellt mig við slíkar brtt. En varðandi meginhugsunina að tengja þetta við bráðabirgðaákvæðið og halda, að það leysi eitthvað þann vanda, sem leystur er með bráðabirgðaákvæðinu, þá er það auðvitað alger misskilningur. Með brtt., eins og hún er flutt af hv. flm. hennar nú, er beinlínis verið að ýta undir það, að vinnuófriður hefjist hér aftur í landinu. Þeir eru að hvetja til þess, að samningunum, sem náðust með svo miklum erfiðleikum nú rétt fyrir jól, verði sagt upp í vor, vegna þess að þetta nýja ranglæti eigi að koma til og umturna þeim ráðagerðum, sem samningarnir hvíldu á. Og ég verð að segja, að jafnvel þó að þessum mönnum þyki mikið um það vert að geta skattlagt Reykvíkinga og íbúa kringum Faxaflóa sínum umbjóðendum til hags, þá ofbýður mér sú ákefð að vilja vinna það til að ýta undir það, að hér hefjist á ný slíkt vinnustríð, slík allsherjar ógæfa fyrir þjóðfélagið eins og tókst að afstýra með samkomulaginu, sem gert var rétt fyrir jólin. En þeirra tillaga miðar einmitt að slíkum aðförum. Þess vegna get ég ekki annað en látið uppi mjög megna undrun mína yfir því, að slík till. skuli yfirleitt geta fæðzt í hugum manna, hvað þá heldur að svo mætir menn skuli leggja nafn sitt við að flytja hana. En eins og ég segi, ég vil leggja þessar brtt. hér fram og mundi verða mjög ásáttur með það, að hv. n. vildi taka þær til íhugunar, þannig að betri tími gæfist fyrir d. til að skoða málið í ljósi þeirra nýju till., bæði frá hv. þremenningum og mér, sem nú eru komnar fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 732) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Út af ummælum hæstv. ráðh. um það, að þetta frv. sé rekið hér áfram með ofurkappi, vil ég geta þess, að ég get ekki tekið slíkt til mín. Hér er frv. á dagskrá afbrigðalaust, *og ég sé ekki*, að það hafi verið rekið neitt óeðlilega áfram frá minni hendi. Oftar en einu sinni hefur þetta mál verið tekið af dagskrá samkv. ósk.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að þetta frv. væri rekið hér með óeðlilegri og óskiljanlegri hörku. Hann fékk nú ekki samþykki hæstv. forseta fyrir því. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. hefur verið rekið óeðlilega slælega í gegnum Alþ. En það hefur líka verið fylgt fullkomlega öllum lýðræðisreglum, og einmitt rök hæstv. ráðh. fyrir þessu máli hafa öll hnigið að því sama eins og rök hans fyrir meðferð málsins hér í þessari hv. d. Það er hnigið að því að þvæla málið hér, alveg þvert ofan í það, sem hann sjálfur raunverulega vill, því að hann vill ekkert af þessu, sem hann hér hefur óskað eftir að verði samþykkt og hann ber fram. Ég er alveg hárviss um það, að þegar frv. kemur til atkvæða, þá muni hann greiða atkv. á móti frv., þó að hann sé búinn að koma inn sínum brtt., sem honum þótti alveg nauðsynlegt að koma fram við frv. Hann mun alveg eins greiða atkvæði á móti frv., þó að þær till. verði samþ., sem hann ber fram nú, og sýnir það, að það vakir allt annað fyrir honum heldur en að koma frv. í eðlilegt horf. Það vakir fyrir honum fyrst og fremst að koma frv. fyrir kattarnef, og hann veit, að málið sjálft hefur svo mikið fylgi hér í þinginu, að því verður ekki vikið frá nema með einhverjum slíkum bolabrögðum. Þingræðislegt

er það nú ekki, og sanngjarnt er það ekki heldur gagnvart hv. meiri hl. Alþ. eða gagnvart þeim mikla hluta þjóðarinnar, sem óskar eftir að þetta mál verði afgreitt á þann hátt, sem þar var borið fram.

En ég skal þá gera nokkrar athugasemdir hér við það, sem hæstv. ráðh. hélt fram, vegna þess að mér skilst nú, að hann hafi ekkert á móti því, að nokkrar umr. fari enn þá fram um þetta frv., ef það mætti tefja það. Hins vegar hygg ég, að það sé svo mikið fylgi fyrir frv., að þingi verði nú tæplega slitið fyrr en efnislega er búið að afgreiða þetta mál á einhvern hátt. Svo margir menn standa hér á bak við frv.

Hæstv. ráðh. hefur hvað eftir annað sagt það hér, að þetta frv. skapaði skrifstofubákn, en hann hefur bara ekki fært fyrir þessu nein rök, því að sú hugsun hans, að það þurfi að skrá niður hvern smátank úti á landi í sambandi við benzínafgreiðsluna, er hreinasta fjarstæða, og slík hugsun getur ekki skapazt hjá neinum manni nema þeim, sem er orðinn svo flæktur inn í skrifstofustarf, að ekkert má gera hér í þessu landi nema í gegnum skrifstofur. Sannleikurinn er sá, að það er langeinfaldast og hægast og eðlilegast, að félögin finni það út sjálf, hve miklu magni hefur verið dreift um landið af benzíni eða olíu í tonnatali og hve mikill hluti það er af heildarsölunni, og ákveði svo sjálf hjá sér hér í Reykjavík, hvað mikið gjald þarf að setja á til þess að standa undir þeim kostnaði, sem þetta hefur í för með sér. Það er allt skrifstofubáknið, og mundu þau geta gert það allt saman á sínum eigin kontor, enda er það tekið fram í l., að ef ágóði verður af þessari starfsemi, þ. e. a. s., að allt verðjöfnunargjaldið verði ekki notað, þá skuli það ganga áframhaldandi til næsta árs. Það er einmitt hugsað, að svona skuli vera farið með þetta mál. En svo kemur okkar ágæti hæstv. dómsmrh. og ætlar hvað eftir annað að telja okkur trú um, að hér þurfi álíka óvinsælt skrifstofubákn eins og skömmtunarskrifstofuna, af því að það er óvinsælasta skrifstofan, sem nokkru sinni hefur verið hér í landinu. (PZ: Hún hefur ekki verið lögð niður enn.) Hefur ekki verið lögð niður enn? Það getur vel verið. Hún er jafnóvinsæl fyrir því. — Nei, hér er nú um hreinar fullyrðingar að ræða, en ekki nein rök.

Þá sagði hæstv. ráðh., að fólk væri hér miklu dýrara en annars staðar í öðrum verstöðvum. Ég veit nú ekki betur en að tryggingin fyrir hlutum sjómanna sé nú orðin nokkurn veginn jöfn um allt land, auk þess sem hæstv. ráðh. vill aldrei viðurkenna þær staðreyndir, að þetta mál snertir engu síður aðra menn en þá, sem hafa með útveg að gera. Benzínið m. a. snertir öll flutningatæki á landinu, og olían snertir miklu meira en bátaútveginn, hún snertir allan almenning í landinu, eins og ég hef tekið fram hér áður. Þess vegna er alveg óþarfi að vera að hamra á því, að hér sé eingöngu um útvegsmál að ræða, því að það er sannarlega ekki síður hagsmunamál þeirra manna, sem búa úti í dreifbýlinu, og m. a. þeirra manna, sem árum saman hafa orðið að sæta fullkomnu ranglæti frá Reykjavík í sambandi við raforkumálin og frá þeim mönnum, sem hafa rekið þau hér með harðneskju og með miklu meiri óskiljanlegri hörku heldur en þetta mál hefur verið rekið, þar sem tugir milljóna, hundrað milljónir eru teknar til þess að skapa ódýra orku fyrir þá menn, sem hér búa, á meðan þessir sömu menn eru að níðast á mönnum úti á landinu um að verða að nota olíu til að framleiða orkuna, sem enn er miklu dýrari en hér. Hvar er þá réttlætið, sem hæstv. dómsmrh. er að tala um? Hann var að tala um, að það þyrfti að láta rannsaka kostnað við hús og annan aðbúnað úti á landinu í verstöðvunum og bera það á sama tíma við húsakynni hér í kringum Faxaflóa, og verðlagið í þessum húsum á báðum stöðunum. Ég vil nú spyrja: Vill þá ekki hæstv. ráðh. láta rannsaka eitthvað meira? Vill hann þá ekki líka láta rannsaka meðalhlut fiskimannanna úti á landinu og hér við Faxaflóa? Það liggja nú fyrir allmiklar rannsóknir í því máli, og það mætti kannske setja upp eina skömmtunarskrifstofu til að rannsaka það frekar en gert hefur verið. En sannleikurinn er sá, að meðalhlutur manna úti á landinu, sem verða að búa við dýrari olíu, dýrari veiðarfæri, dýrari báta og jafndýrt fólk, er miklu smærri en hér við Faxaflóa. Það er m. a. af því, að fólk úti á landinu fær ekki nema brot af þeirri þjónustu, sem veitt er Faxaflóa í sambandi við landhelgisgæzluna á hverju ári. En eftir að búið er að taka meginhlutann af flotanum, beztu skipin og stærstu skipin og langflest skipin, til þess að passa upp á veiðarfæri og veiðisvæðin hér við Faxaflóa og við Vestmannaeyjar, þá er þessi þjónusta ekki veitt þeim mönnum, sem verða að fiska á öðrum svæðum og verða að þola það, að þeirra veiðarfæri séu hirt af veiðiþjófum þeim til stórtjóns. Og ofan á það verða þeir að þola miklu dýrari olíu, það ranglæti, sem þessir menn vilja nú viðhalda í þessu máli, svo að það verður sannarlega meira en húsakynnin, sem þarf að rannsaka í þessu máli, ef á að fara inn á slíkt. Og þá er bezt að taka um leið og rannsaka, hvað þessir menn þurfa að greiða miklu meira fyrir rafmagnið og fyrir þá orku, sem þeir nota í sambandi við fiskiðjuverin, á meðan Reykvíkingar og þeir, sem eru hér við Faxaflóa, geta fengið í fyrsta lagi rafmagnið miklu ódýrara, í öðru lagi milljónir úr ríkissjóði til þess að standa undir rekstrartapi raforkuveranna og raforkuveitnanna, þar til þær fara að bera sig, gæði, sem neitað er um þessum mönnum úti á landinu árum saman og áratugum saman. Það er sannarlega ýmislegt fleira, sem þarf að rannsaka í þessu máli. — Og hvað er svo m. a. um gróðann á Þyrli, skipi ríkisins, sem tekur á aðra milljón í hreinan gróða við að flytja olíuna út á landið og tekur þetta sem sérstakan skatt af fólkinu úti á landinu? Vill ekki hæstv. ráðh., úr því að honum er umhugað um að koma fram svona miklum breytingum á frv., koma með brtt. um það, að þessum gróða skuli skipt upp á milli þessara manna? Að minnsta kosti hefði verið eðlilegra að setja inn í frv., að sá gróði, sem unnizt hefur á þessu undanfarin ár, skyldi standa undir dreifingarkostnaðinum, á meðan samningarnir standa við verkalýðinn. Í því var þó einhver sanngirni, en það munu vera, að ég hygg, um 4 eða 5 millj., sem ríkissjóður hefur þannig ranglega tekið af fátækum mönnum, sem búa úti á ströndinni og

verða að greiða dýrara olíuverð. Og af hverju er þessu svo haldið uppi svona nú? Jú, vegna þess, eftir því sem hefur verið upplýst hjá okkur í fjvn., að olíufélögin sjálf halda því fram, að Þyrill, sem þénar milljónir á ári í olíuflutningunum, sé beinlínis að drepa þeirra flutningatæki, sem dreifa olíunni, og þess vegna sé nauðsynlegt að fara miklu hærra með olíuflutningana heldur en þeir eru nú.

Hæstv. ráðh. tók að sér hér um daginn að verja gróða olíufélaganna og sagði, að það hefði sýnt sig með gögnum, sem hefðu verið lögð hér fram, að þau gætu á engan hátt tekið á sig meiri kostnað undir neinum kringumstæðum, þeirra hagur væri svo bágur, að það væri ómögulegt að leggja þar á nokkurn pinkil. En fyrir okkur í fjvn. lágu nýlega gögn um það, að eitt olíufélag hér gat boðið 176 þús. kr. lægra verð á olíu til ríkisstofnana heldur en það er selt almenningi. Það var ekki fátæktin þar. Að vísu hefur þetta sama félag nú síðan tekið óleyfilega, eftir því sem dómur hefur fallið um, nokkrar milljónir í sinn vasa. Og væri þá ekki rétt fyrir hæstv. dómsmrh. að benda á það fé fyrst og fremst til að standa undir þessum dreifingarkostnaði heldur en að vera að leggja hann á ríkissjóðinn eða láta hann enn vera á fátækum útgerðarmönnum og öðrum, sem búa úti á landinu. Og svo vildi ég gjarnan spyrja enn og vænti þess, að ráðh. svari því heldur en að vera að endurtaka sífellt staðlausa stafi um skrifstofubákn og annað, sem engin rök hefur við að styðjast: Hvernig fara aðrar þjóðir að í þessu máli? Hafa þær ekki stórkostleg skrifstofubákn með milljónaútgjöldum til þess að koma réttlætinu á í þessum málum? Mér er kunnugt um, og það hefur ekki verið hrakið, að í hverju og einu einasta landi, sem ég hef komið í og þekki, er benzínverð nákvæmlega það sama, hvort sem maður tekur það í einum stað niðri á ströndinni eða uppi á fjöllum. Hvernig fara þeir að? Vill ekki hæstv. ráðh. láta rannsaka það og athuga, áður en hann fullyrðir margsinnis hér, að hér sé um svo mikið skrifstofubákn að ræða, að það eitt hljóti að tefja fyrir og verði að tefja fyrir framgangi þessa máls? Mér er fullkunnugt um það líka, og hygg ég, að ég hafi ekki farið um færri lönd eða dvalið þar skemmri tíma en hæstv. dómsmrh., að engin af þessum löndum selja olíu heldur með mismunandi verði, heldur alls staðar með sama verði í löndunum. Það er engum erfiðleikum bundið. Það þarf ekkert skrifstofubákn. En sannleikurinn er sá, að þessi lönd eiga bara engan dómsmrh., sem vill berjast gegn réttlætinu í þessu máli, eins og dómsmrh. hér gerir. Það er kjarni málsins.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann undraðist mjög, hvernig við þremenningarnir skyldum láta okkur detta í hug að bera fram þá breytingu, sem við bárum fram hér á þskj. 725. Að vísu var hann mjög kampakátur yfir a-liðnum, og má þá vænta þess, að hann samþykki hann, þar sem hann sagði, að hann óskaði mjög eftir, að frestað yrði því, að þessi lög taki gildi, helzt þar til 1957, eins og hann gat um, og vænti ég þá, að sú yfirlýsing, sem hann gaf hér áðan um, að hann gæti verið sammála þeim hluta till., standi a. m. k. fram yfir atkvæðagreiðsluna, svo að hann greiði atkvæði fyrri lið till. Það getur því ekki verið nein goðgá frá okkar þremenningunum að bera þá till. fram, sem hæstv. dómsmrh. hefur sjálfur lýst yfir að sé mjög til bóta, og ekki getur það verið mjög til þess að spilla friðnum í landinu.

Þá er það b-liðurinn, að ákvæði til bráðabirgða falli niður. Ég sé nú ekki með mínu bezta viti, hvernig það getur spillt vinnufrið í landinu, þó að það ófremdarákvæði væri þurrkað út, sem raunverulega er ekki einasta flm. til skammar, heldur einnig til skammar þessari hv. d., að það var nokkurn tíma samþykkt, því að það er svo frámunalegt, að ég skil ekki, að jafngóður og glöggur maður eins og hæstv. dómsmrh. skyldi geta lagt nafn sitt og virðingu við að samþykkja slíkt ákvæði sem hér um ræðir, enda er ég hárviss um, eins og ég talaði um áðan, að hann verður aldrei með að samþykkja frv. með slíku ákvæði aftan í.

Samningurinn er útrunninn 1. júní, og að vísu er hann uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara, en mér þætti einkennilegt, ef það yrði til þess að segja upp þessum samningi, að samþ. væri að fella niður ákvæðið til bráðabirgða, sem er í fullu ósamræmi við hagsmuni landsmanna annars vegar og við það, sem þessir hv. menn sjálfir vilja. Hvað ætti það að vera, sem gæti orsakað að segja samningnum upp, þó að þetta ákvæði félli í burtu? Það ætti þá að vera það, að þessi lög eiga að taka gildi tveimur mánuðum síðar til hagsbóta fyrir þorra af fólkinu í landinu. Ég veit ekki, hvaða aðilar það yrðu, sem kæmu fram til þess að krefjast þess að segja upp samningi, svo að fólkinu liði verr í þessu landi heldur en því líður í dag, því að áreiðanlega líður fólkinu betur og hagsmunum þess er betur borgið og atvinnu þess úti á landinu er betur borgið, ef lögin eru samþykkt, heldur en ef þau eru felld. Það þættu ákaflega einkennileg rök, ef það kæmi einhvers staðar annars staðar frá en frá hæstv. dómsmrh. í sambandi við þetta frv.

Annars sýnir það sig glöggt á síðari till. hæstv. ráðh., að fyrir honum vakir ekkert annað í þessu máli heldur en að reyna að þvæla málið eins og hægt er, ekki til þess að fá það samþykkt með þeim brtt., sem hann er að reyna að telja hv. alþm. hér trú um, að séu til bóta fyrir frv., heldur til þess að skemma sjálft málið svo mikið, að jafnvel þeir menn, sem vilja samþykkja frv. og berjast fyrir að fá það til hagsbóta fyrir þjóðina, geti ekki komið nálægt því. Ég þekki þessar aðferðir, en þær eru engum til sóma, þær eru engum þm. til sóma, þær eru sízt af öllu hæstv. ráðh. til sóma. Ef meiri hl. alþm. er með ákveðnu máli og að ég nú ekki tali um þegar það er með góðu máli, eins og hér er um að ræða, máli, sem horfir til þjóðþrifa og hjálpar í örðugleikunum í sambandi við framleiðsluna, þá er það alveg óverjandi, að sú aðferð skuli vera notuð, sem hér er verið að beita í sambandi við þetta mál, og þess vegna vænti ég, að hv. alþm. felli þessar brtt., sem hæstv. forseti hefur lýst og ekki eru til neins annars en til þess að torvelda framkvæmd málsins eða að fá málið drepið, og að þeir samþykki ekki einasta a-lið á till. 725, sem hæstv. dómsmrh. hefur nú lýst yfir að hann muni fylgja, heldur einnig b-liðinn, því að við það mundi þetta mál

aftur fá sinn eðlilega svip og ákvæðin verða til stórkostlegra hagsmuna fyrir landsfólkið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ræða hv. þm. Barð. sannaði mjög ljóslega það, sem ég hef sagt, að það eru mörg atriði, sem eru mjög óupplýst í þessu máli enn þá, og þess vegna þarfnast frv. miklu nánari athugunar en það hefur enn þá fengið. Það er að vísu svo, að bæði hæstv. forseti og hv. þm. Barð. mæla því mjög á mót, að þetta frv. sé rekið hér áfram af óeðlilegri hörku og hraða. Ég vitna einungis til ummæla eins af hv. nm., hv. 4. landsk. þm., sem lýsti yfir því hér í þd. fyrir helgina, að málið hefði verið afgreitt með þeim hætti í n., að það hefði verið á hlaupum, það hefði ekki fengizt reglulegur nefndarfundur um málið, *enn þá síður íhugun þess mikla vanda, sem* hér er um að ræða, heldur hefðu menn á hlaupum hitzt og samið nál., sem að vísu ganga nú mjög á víð og dreif. Við vitum það hins vegar, að ætlunin er sú, að nm. íhugi mál af skynsemd og í næði, a. m. k. tylli sér niður, á meðan þeir eru að athuga þau mál, sem þeim eru fengin til umsagnar, en við höfum yfirlýsingu eins nefndarmanns, sem ekki hefur verið á móti mælt, því síður hnekkt, um það, að þessi sjálfsagða aðferð hafi ekki fengizt um þetta mál. Hv. nm., sem eru frv. fylgjandi, taka ekki heldur undir það að fá til íhugunar þær brtt., sem ég hef hér borið fram. Ef þeim væri í mun að athuga þetta mál, en ekki beita ofurvaldi á þingi til þess að knýja það í gegn, þá mundu þeir vitanlega taka sér þótt ekki væri nema stutta stund til þess að lesa sjálfir yfir þær brtt., sem hér hefur verið lýst og greinilega kom fram af ummælum hv. þm. Barð. a. m. k., að hann hafði alls ekki gert sér neina grein fyrir, hvað í fólst. Hann bar líka fram ýmsar spurningar og spurði réttilega um það, alveg á sama veg eins og ég: Ef á að setja löggjöf um þetta, þetta, þetta og þetta, þarf þá ekki að setja löggjöf um önnur atriði til viðbótar? Það er einmitt alveg nákvæmlega það sama, sem ég hef verið að halda hér fram í d. í dag og undanfarna daga, að hér er tekinn aðeins einn lítill angi af stóru máli, borið fram frv. um lausn á þeim litla hluta málsins, en sjálf meginatriðin látin óleyst og án þess að afstaða sé tekin til þeirra. Það er slík afgreiðsla, sem ég tel Alþ. vera með öllu ósæmandi, og þess vegna hef ég með mínum ummælum reynt að stuðla að því, að málið væri athugað frá fleiri hliðum og gaumgæfilegar en þessir hv. þm. virðast vilja gefa sér tíma til.

Hv. þm. Barð. hélt því mjög eindregið fram, að það ætti ekki að setja upp neitt skrifstofubákn hér samkvæmt þessu frv., heldur væri í lófa lagið fyrir olíufélögin sjálf að taka að sér þá verðjöfnun, sem hér um ræðir, en samkv. frv. eiga olíufélögin alls ekki að hafa þessa verðjöfnun með höndum. Hv. þm. vakti athygli á þessu sama atriði, — ég hygg, að það hafi verið annaðhvort á föstudag eða laugardag s. l. Ég benti þá á, að ef hann vildi fylgja þessu eftir, ætti hann að breyta frv. til samræmis við þetta, og það þyrfti einmitt að íhuga málið sérstaklega út frá því sjónarmiði. Hann hefur ekki fengizt til þess. Um daginn gerði hann sér grein fyrir, að þetta, sem hann vill og telur eðlilegt, felst ekki í frv. Nú, þegar komið er fram á þriðjudag, segir hann, að þetta sé vel hægt samkvæmt frv., að félögin eigi sjálf að taka þetta að sér og það þurfi ekkert skrifstofubákn til þess að annast þetta. En hvað segir frv. sjálft, með leyfi hæstv. forseta? Í 2. gr. segir:

„Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskmrn. fyrir missiri í senn, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu olíufélögin og innflytjendur greiða gjaldið til viðskmrn. ársfjórðungslega.“

Þarna er sem sagt um það að ræða, að innflytjendurnir, olíufélögin, eiga að gjalda tiltekinn skatt af höndum til ákveðinna ríkisstofnana, til viðskmrn. Þetta er ekkert annað en sérstök skattheimta, sem alls ekki lendir á olíufélögunum, heldur á neytendunum, og síðan segir í 3. gr., hvernig eigi að fara með:

„Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Viðskmrn. annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.“

Og það er ekki svo einu sinni, að viðskmrn., sem á nú að taka við fénu, eigi að geyma það, enn síður olíufélögin, eins og hv. þm. sagði. Nei, samkv. seinni málsgr. 3. gr. skal þetta fé, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, ávaxtað í banka á sérstökum reikningi. Og í 4. gr. segir enn fremur um þetta:

„Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir öllum gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.“

Það er sem sagt greinilegt og óumdeilanlegt, að þarna er verið að setja upp sérstakan sjóð, sem á að vísu að vera undir eftirliti og stjórn viðskmrn., en á að geymast í banka. Eins og ég hef margoft tekið fram, þá er það, sem hér er um að ræða, ekkert annað en það, að fulltrúar tiltekinna héraða á landinu nota sitt þinglega fylgi til þess að leggja skatt á þá menn, sem búa í þeim héruðum landsins, sem hafa að tiltölu of fáa þingmenn. Vegna þess, að þm. utan af landsbyggðinni eru hlutfallslega fleiri miðað við fólksfjölda heldur en rétt er, þá hafa þeir gert bandalag sín á milli til þess að skattleggja með þessum sérstaka hætti íbúa Reykjavíkur og þá, sem búa hér umhverfis Faxaflóa. Það er ekkert annað, sem í þessu frv. felst. Það er verið að taka með löggjöf úr vasa íbúanna hér peninga til þess að afhenda íbúunum úti á landi.

Ég hef oft tekið það fram áður í þessum umræðum, að það getur verið mjög skynsamlegt og verjanlegt og að meginstefnu til algerlega rétt

að jafna lífskjörin á milli manna, bæði innan tiltekinna byggðarlaga og í mismunandi byggðarlögum, og mikið af ríkissjóðnum gengur einmitt til þess að gera slíkar ráðstafanir, en þá er það gert með heildarhagsmuni fyrir augum, þá er það gert til þess að gefa fólkinu úti á landi færi á því að fá lagða vegi, byggðar brýr, fá síma, stunda jarðrækt og ýmiss konar aðrar þarfar og hollar framkvæmdir. Það er mjög eðlilegt og skiljanlegt, að fé úr þéttbýlinu, þar sem fólkið sýnist komast betur af í bili, sé á þennan hátt varið til þess að bæta lífskjör manna úti um land og gera mögulegt, að byggð haldist þar við. Þessari stefnu er ég algerlega sammála. En ég er hinu algerlega ósammála, sem hér er ætlazt til að gert sé, að ríkið taki eina vörutegund út úr, geri ráðstafanir til þess, að flutningur hennar um landið verði óhagkvæmari og dýrari en hefur verið fram að þessu, eins og margsannað er, vegna þess að fyrsta afleiðingin af þessu frv. verður sú, að ýmiss konar aðilar, sem fram að þessu hafa talið sér nauðsyn að taka vöruna þar, sem hún var ódýrari, missa nú alla löngun í þessa átt og leggja það yfir á þennan sjóð að standa undir flutningskostnaðinum. Jafnvel hv. þm. N-M., sem ég hef nú ekki talið skarpvitrari eða skeleggari mann í neinu heldur en hv. þm. Barð., sá þetta og játaði. Hann játaði meira að segja, að það væri svo mikil hætta af spillingu hugarfarsins í sambandi við þessa löggjöf hjá sumu fólki, að hann bauðst til þess að taka að sér einhvers konar umferðarprédikunarstarf til þess að brýna fyrir fólki óeigingirni og góða lifnaðarhætti. Ég játa, að ég hélt því fram, þegar þetta tilboð kom fram frá hv. þm. N-M., að það væri lítils virði og hann með sínum orðum, þótt kraftmikil séu, mundi ekki vega á móti því ranglæti, sem í þessu frv. felst. En hv. þm. N-M. gerði sér grein fyrir hættunni og gat ekki mælt á móti því, að þetta mundi verða til þess að skapa óþarfa útgjöld og óþarfa kostnað. Jafnvel hann er viðsýnni en hv. þm. Barð.

Hv. þm. Barð. sér nú þetta öðru hvoru, öðru hvoru játar hann hreinlega það, sem er aðalatriði þessa máls, að hér er um hreina hagsmunatogstreitu að ræða milli héraða. Það er um það að ræða, að þm. ýmissa héraða vilja nota vald sitt á þingi til þess að gera óskynsamlegar ráðstafanir til þess að bæta hag sinna kjósenda. Ef þetta væru skynsamlegar ráðstafanir og ráðstafanir, sem horfðu þjóðarheildinni til góðs, þá væri sjálfsagt að vera með þessu, en af því að þetta verður til þess að gera flutning vörunnar dýrari og allt óhagkvæmara í sambandi við þetta og af því að þetta verður til þess að koma upp nýju skrifstofubákni með ærnum kostnaði, nýjum embættismannafjölda, sem hv. þm. Barð. stundum talar mikið á móti, þá held ég, að þessi aðferð til þess að bæta kjör manna úti um land sé ákaflega óheppileg og óskynsamleg.

Hitt er svo annað mál, að ef menn vilja taka upp slíka jöfnunaraðferð eins og hér er ráðgert, þá er auðvitað sjálfsagt að jafna miklu fleiri atriði heldur en þetta eitt. Það tjáir ekki fyrir útvegsmenn utan af landi að segja: Ja, það verður að gera ráðstafanir til þess, að við fáum ódýrari olíu eða olíu með sama verði og útvegsmenn við Faxaflóa, af því að við fáum sama fiskverð og þeir. — Það er sannað og hefur ekki verið á móti því mælt t. d., að útvegsmenn hér í Reykjavík verða að borga hærra kaup en útvegsmenn víðs vegar úti um land. Það er líka sannað og óvefengjanlegt, og jafnvel hv. þm. N-M. komst ekki hjá því að játa það, að kostnaður við notkun fasteigna og annarra mannvirkja er ákaflega misjafn víðs vegar á landinu. Hér er það þannig, eins og við vitum, að það er lagt til grundvallar fasteignamat margfaldað svo og svo mikið varðandi ýmiss konar útgjöld til ríkisins, og alveg sama kemur fram varðandi mat á eigin leigu og annað slíkt og þá vitanlega einnig á húsaleigu á milli manna. Fasteignamatið í þessu sambandi er margfaldað með miklu hærri tölu í Reykjavík og á nokkrum stöðum öðrum heldur en víðs vegar úti um land, þannig að ef menn vilja koma á raunverulegum jöfnuði og sjá til þess, að menn beri raunverulega sama hlut frá borði, þá tjáir ekki að taka aðeins einn lítinn þátt þessa máls og segja: Útvegsmenn eiga í þessu efni að sitja alls staðar við sama hlut. — Þá verður að reikna dæmið alveg til hlítar.

Ég hef aðeins tekið eitt atriði um kostnaðinn af fasteignum og öðrum mannvirkjum og lagt til, að það verði stofnaður svipaður verðjöfnunarsjóður um það eins og varðandi olíuna. Ég játa það og sagði það í minni ræðu áðan, að það er auðvitað sanngjarnt að taka mörg fleiri atriði til samanburðar í þessum efnum, en einmitt þess vegna tel ég, að þetta frv. þurfi að fá miklu rækilegri íhugun en það enn hefur fengið, og það ber óneitanlega mjög mikinn keim af því, að það er sótt af ofurkappi og ekki af sanngirni eða góðvild eins og skyldi, enda kom það fram, að það var einhver illur andi, sem talaði fyrir munn hv. þm. Barð. öðru hverju í hans ræðu. Hann lét út úr sér orð, sem minntu frekar á suma lakari þm. heldur en hann, bæði mig og suma aðra, og ég ætla ekki að fara að eltast við það, en það sýnir einungis, eins og ég segi, að það eru einhver annarleg öfl, sem eru þarna að verki, en ekki hans heilbrigða og góða skynsemd, sem venjulega ræður hans till. og aðgerðum.

Fyrir mér hefur ekki vakað að tefja þetta mál með óþarfa umræðum eða málalengingum, heldur einungis að benda á þann vanda, sem hér er á höndum, og reyna að brýna fyrir þm., — ég óttast, að það sé fyrir daufum eyrum, það er alveg rétt, — en ég hef engu að síður viljað gera mitt til þess að reyna að vekja þessa menn til sanngjarnrar umhugsunar og vitundar um þá rangsleitni, sem þeir eru hér í þann veginn að fremja gagnvart vissum hluta landsfólksins, meira að segja meiri hluta landsfólksins, sem hefur ekki nógu marga þm. til þess að verja sig í slíku hagsmunatogstreitumáli eins og þessu.

Hitt er svo óvefengjanlegt, að þó að frv. allt sé til óþurftar, þá er ákvæðið til bráðabirgða til bóta. Það er til bóta vegna þess, að það frestar þó, að sú hækkun, sem á að verða á þessum vörutegundum hér í Reykjavík, komi til framkvæmda, ef það verður talið og á meðan það verður talið til riftingar á þeim kaupsamningi, sem gerður var hér fyrir jólin. Og ef ákvæðið stendur óbreytt, þá verður það til þess að draga úr lík-

unum fyrir því, að þeim samningi verði sagt upp og ný vinnustyrjöld hefjist til líkingar við það, sem var hér í desembermánuði og ég hélt a. m. k. að hv. þm. Barð. allra manna sízt vildi.

Ég vil nú enn á ný skora á hv. dm. að athuga þetta mál til hlítar og láta sanngirni ráða, en ekki einungis ákefðina eftir því að taka fé af samborgurum sínum til hags fyrir sína eigin kjósendur.

Forseti (BSt): Út af ummælum hæstv. dómsmrh. um nefndarstörfin get ég nú ekki um það borið annað en það, að það lágu fyrir nál. og ekki getið um það í þeim, að n. hefði unnið á hlaupum, enda eru engar reglur um það, hvort nm. eiga að sitja eða hvernig þeir eiga að bera sig til, þegar þeir afgreiða mál. En ég geri nú ráð fyrir, að störfum verði hagað svo í dag, að ef hv. n., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, vill athuga það, þá fái hún nokkurn tíma til þess, áður en umræðu er lokið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi nú benda hæstv. dómsmrh. á það, að ég hef allt aðra skoðun á, hvernig eigi að framkvæma þessa dreifingu, heldur en hann. Þrátt fyrir þau skýru ákvæði í frv., að hæstv. ráðh. eigi að setja um þetta reglugerð, þá skilst honum, að frv. fyrirskipi honum alveg tvímælalaust að setja hér upp stórkostlegt skrifstofubákn og ég held helzt sjálfum að láta flytja þetta hingað og þangað um landið. Ég veit nú, að hæstv. ráðh. meinar ekki þetta.

Flutningurinn á þessari vöru hefur verið framkvæmdur af olíufélögunum sjálfum, að undanteknu því, sem Skipaútgerð ríkisins hefur tekið að sér, og það ætlast víst enginn til, að það sé keypt frá þeim aðilum að flytja olíu út um landið. Það eina, sem kemur þá hér til greina, er, að hæstv. ráðh. verður að meta það, hvort sú hækkun, sem þessir aðilar krefjast til þess að flytja olíuna út um landið, sé óeðileg eða ekki. Það er allt og sumt. Nú hef ég margsinnis bent á það og vil biðja hæstv. ráðh. og aðra hv. þm. að athuga það, að eins og nú hefur verið þessum málum skipað s. l. ár, þá hefur ríkisstj. haft nokkurn hluta af þessum flutningi og þannig tekið stórkostlegt fé óleyfilega — beinlínis óleyfilega, með sérstakri óleyfilegri skattaálagningu, af þessum aðilum, og við það hefur hæstv. dómsmrh. ekkert haft að athuga. Við höfum hins vegar hvað eftir annað reynt að gera tilraun til þess að vekja á þessu athygli og hvað eftir annað verið bornar fram þáltill. um það hér í hv. Alþ. að laga þetta ranglæti, en það finnst einmitt hæstv. ríkisstj. ekkert athugavert við, þó að henni finnist nú athugavert við það, ef á með sérstökum lögum að ákveða jöfnunarverð á olíu um allt land. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstj.: Vill hún beita sér fyrir því, að ríkissjóður endurgreiði þennan ólöglega skatt? — Það verður ekki komizt hjá því að viðurkenna það, að þessi skattur er fullkomlega óleyfilega tekinn, og mér er kunnugt um, að þessi skattur hefur verið á aðra milljón kr. á hverju ári, síðan skipið fyrst byrjaði að flytja olíu, og það hefur verið varið með því, að olíufélögin sjálf hafa ekki einasta miklu hærri flutningsgjöld, heldur einnig pini þau Skipaútgerðina, eins og þeir orða það, til þess að vera niðri á þessu flutningsgjaldi, sem þó gefur á aðra milljón kr. á hverju ári í ríkissjóð, sem er algerlega ranglega tekin af þessu fólki.

Ég vildi líka gjarnan heyra, hvort það virkilega vakir fyrir hæstv. dómsmrh., — því ef það væri svo, þá þykir mér vera merkileg nýjung á ferðinni, — að vinna að því að koma á ýmsu jafnaðarverði um allt land, svo framarlega sem olían væri tekin og þetta frv. nær fram að ganga. Ég er tilbúinn til þess að tala við hann um það, hvort hann t. d. vildi styðja að því að jafna fjárfestingar, sem hafa verið gerðar hér undanfarin ár, þannig að útkjálkahéruðin fengju sinn hluta. Ég vildi gjarnan vera með í því. Annaðhvort yrði þá stöðvað fyrst um sinn, sem ég óska nú ekki eftir, að hrúga tugum og hundruðum milljóna í ákveðin fyrirtæki hér í þéttbýlinu, eða þá að það yrði að ráðstafa mörgum tugum milljóna til þeirra staða, sem hafa orðið að líða — ekki fyrir það, að margbýlið hafi ekki átt nógu marga menn á þingi, heldur fyrir það, að í þessu hafa þm. utan af landinu sýnt fulla sanngirni við þá, sem búa hér í þéttbýlinu, en nú má ekki sýna dreifbýlinu af þessum sömu mönnum, sem áður hafa fengið stórkostleg fríðindi fram yfir hina aðilana. Við skulum svo bara athuga framlög til hinna verklegu framkvæmda. Jafnvel þó að séð sé eftir hverri krónu, sem fer í vegarspotta, brúargerðir og síma, sem er eins mikið notað af þeim mönnum, sem hér búa, eins og hinum, sem úti á landinu eru, og er í beggja þágu, þá er samt sem áður sífellt verið að telja þetta eftir, og þó er það svo, og það er mér fullkunnugt um, að a. m. k. miklu meira en helmingurinn af öllu því fé, sem varið er til vegaviðhalds hér í landinu, fer einmitt í þessi sömu héruð, sem fá öll önnur gæði veraldarinnar frá hv. Alþ. Þarf ekki annað en að minnast á veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem kostar á aðra millj. kr. í viðhaldi á hverju ári, og þætti góður skildingur, ef það mætti fara í eitthvert útkjálkahérað, annaðhvort til viðhalds eða til endurbygginga á vegum. Það er því alveg rangt, að það sé á þessu eina sviði, sem menn utan af landinu eru beittir órétti, það er svo að segja á hverju einu og einasta sviði, sem rekið er hér í Alþ., þegar þau mál eru skoðuð niður í kjölinn, og það er þó ekki einskis vert, að úti á landsbyggðinni þrauki enn þá fólk til þess að halda þeim hlutum landsins í byggð. Hvað sem líður góðri afkomu hér í kaupstöðunum, sem raunverulega hefur nú alltaf verið hlaðið undir frá hv. Alþ. og ríkissjóði, þá er það ekki alveg einskis vert, að enn þá fáist menn til þess að berjast hinni góðu baráttu í hinum erfiðu héruðum, og það yrði allt annar svipur á landi og þjóð, ef allt fólkið væri komið hingað til Reykjavíkur eða við Faxaflóa. Það mundi þá sjást fljótt á, að íslenzka þjóðin yrði öll önnur, og það er ekkert lítið atriði í þessu máli.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál nánar og ekki svara öðru, sem fram kann að koma, nema sérstakt tilefni gefist til.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að svara þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. Barð. bar fram til mín.

Ég vil fyrst taka það fram, að við þurfum ekki að deila um nauðsyn á verklegum framkvæmdum úti á landi. Ég hef verið þeim jafnfylgjandi eins og hv. þm. Ég veit, að hann hefur allra manna mest beitt sér fyrir þeim í fjvn., og ég kannast ekki við, að ég hafi lagt stein í götu þeirra, hvorki innan Alþingis né innan ríkisstj., heldur geri ég mér fulla grein fyrir og hef margoft tekið fram í þessum umræðum, að ég tel nauðsynlegt, að slíkar framkvæmdir eigi sér stað ekki síður úti um landsbyggðina heldur en hér í Reykjavík. Ég er andvígur þessu frv. vegna þess, að það er í eðli sínu óhyggilegt. Ég er ekki andvígur því vegna þess, að það komi fólkinu úti um land að gagni, heldur vegna þess, að það á óhyggilegan hátt og án þess, að það nema að litlu leyti verði fólkinu úti um land að gagni, miðar að því að taka fé af mönnum hér í Reykjavík og við Faxaflóa. Það væri miklu nær að taka þetta sem beinan skatt og borga það milliliðalaust og kostnaðarlaust til manna úti um land. Það gæti verið umtalsmál, en halda þá áfram þeirri hyggilegu aðferð á flutningum á olíu og benzíni, sem verið hefur, þannig að menn hefðu hag af því að taka það þar, sem ódýrast er. Þetta gæti verið miklu skynsamlegra, að taka féð bara beint og úthluta því. En að taka það til þess að gera vörudreifinguna dýrari og til þess að koma upp skrifstofubákni, eins og hér stendur til, það held ég að verði ekki fólkinu úti um land til framdúðar að gagni, heldur öllum til óþurftar, og það er þess vegna, sem ég er á móti þessu frv. og er sannfærður um, að það er spor í ranga átt.

Hv. þm. talaði um það, hvort ég vildi, að það yrði jöfnun á fjárfestingu hér í Reykjavík við það, sem er úti um land. Auðvitað er byggt mikið hér í Reykjavík, og ýmiss konar fjárfestingar eiga sér hér stað. En ég vil þó vekja athygli á því, að ef miðað er við fólksfjölgun, ekki aðeins fólksfjölda, þá verður Reykjavík fyrir stórkostlegu misrétti, þannig að það getur auðvitað ekki komið til mála, á meðan fólksstraumurinn liggur hingað til Reykjavíkur og verður á einn eða annan veg að sjá mönnum fyrir húsnæði hér í Reykjavík, að ætla að takmarka fjárfestingu umfram það, sem verið hefur hér í Reykjavík, af því að núgildandi reglur eru allar settar til hags fólkinu í strjálbýlinu, þar sem það er miðað við fólksfjöldann, en ekki fólksfjölgunina á hverjum stað. En þegar er verið að byggja upp ný héruð, þá verður auðvitað fyrst og fremst að miða við fólksfjölgunina. Það, að hv. þm. skuli tala um það svo sem í þessu sé nú hallað á aðra staði, en Reykjavík hafi hlunnindi, sýnir, hversu jafnvel skýrum mönnum getur skotizt, þegar þeir hafa eingöngu kjördæmahagsmuni fyrir augum, sem sannast sagt eru öllu ráðandi hjá þessum hv. þm. og sumum öðrum í þessu máli, kjördæmahagsmuni, sem væri hægt að fyrirgefa, þótt væru ráðandi hjá þessum mönnum, ef hér væri um hyggilega ráðstöfun að ræða, en það er bara ekki. Ráðstöfunin sjálf horfir til óþurftar, til aukins kostnaðar, og ég endurtek enn, ef eftir frv. verður farið, til stórkostlegs skrifstofubákns. Það getur verið, að það takist að leysa þetta mál á annan veg, það tækist með reglugerð að gera ákvæði frv. að engu. En það er þá ekki að þakka hv. þd., sem hefur verið bent á, hversu þetta væri fráleitt, heldur verður það að þakka þeim mönnum í viðskmrn., sem hafa þá vit fyrir hv. þm. um setningu þessara reglna. En eins og frv. er nú, þá er það ómótmælanlegt, að það er ætlazt til þess, að það verði settur sérstakur sjóður á stofn með sérstakri skattheimtu, með sérstöku skrifstofubákni, til þess að innheimta skattinn og til þess að útbýta aftur meðal þeirra, sem verða taldir verðugir.

Hv. þm. talaði um það, að tekinn hefði verið ólöglegur skattur með gróða, sem hefði orðið á útgerð skipsins Þyrils. Ég hygg nú, að það sé hæpið að tala um það sem skatt, annars er það nú hæstv. fjmrh. að svara fyrir það, en ekki mitt. Ég held, að það sé nú tap á svo mörgum ríkisfyrirtækjum, að út af fyrir sig þurfi ekki að telja það skatt, þótt einhvers staðar græðist, og auðvitað þurfa ekki öll ríkisfyrirtæki endilega að vera með þeim ósköpum eins og Skipaútgerðin að öðru leyti, að á þeim tapist milljónir, og ég veit það, að hv. þm. mundi ekki telja það neitt óeðlilegt, þótt fyrirtæki eins og Skipaútgerðin og ýmiss konar annar opinber rekstur hefði einhvern sæmilegan ágóða. Ef hér er farið of harkalega í álagningu varðandi fragtir á olíunni, þá er það, eins og ég segi, atriði, sem sjálfsagt er að sækja hæstv. fjmrh. og Skipaútgerðina til saka um, hæstv. samgmrh., sem þarna er staddur, en ég kem út af fyrir sig lítið nærri því. Ég þykist vita, að þeir hafi í þeim efnum reynt að gera sitt bezta, og vil ekki væna þá um nein óheiðarleg brögð í því, hvernig þeir hafa ákveðið þessi farmgjöld.

Þá vil ég nú svara spurningu, sem ég gleymdi að svara áðan og hv. þm. bar fram til mín um jöfnun á olíuverði í öðrum löndum. Hv. þm. hefur mjög fullyrt það, bæði nú og áður, að benzínverð væri það sama í ýmsum löndum. Ég er þessu ókunnugur, en þá er það gert af olíufélögunum sjálfum, benzínsölunum, en ekki með slíkum tiltektum eins og hér eru ráðgerðar. Og það er einmitt eitt af því, sem ég bendi á, að það sé miklu hyggilegra að fá olíufélögin til þess að gera slíkar ráðstafanir, jafnvel knýja þau með opinberri löggjöf til þess að gera slíkar ráðstafanir sjálf, heldur en að setja upp slíkt skrifstofubákn, skattheimtu og faraldur, sem hér er ráðgert og ákveðið að setja upp. Hins vegar verð ég að mótmæla því, sem hv. þm. segir um olíuverð í öðrum löndum, að það sé jafnt þar alls staðar. Það liggur þvert á móti fyrir hér í þskj. frá L. Í. Ú. yfirlýsing um það, að í stærstu þjóðlöndum sé yfirleitt ekki slíkt jöfnunarverð á olíu, og þó að ég trúi hv. þm. Barð. að jafnaði vel, þá hefur mér nú fundizt hans málflutningur í þessu máli vera þannig, að ekki væri trúandi hverju orði hans, og ég vil að óreyndu trúa betur í þessu efni umsögn L. Í. Ú., sem hefur kynnt sér þetta sérstaklega og fullyrðir, að slíkt jöfnunarverð eigi sér ekki stað.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar ég var að þæfa í gamla daga og reyndar líka í nýja daga, — því að ég þæfði seinast rétt fyrir jólin vettlinga og sokka, — þá leiddist mér það ævinlega, og þegar Gunnar tón-

ari kom heim í Viðvík til að þæfa vaðmálið, sem var búið að vefa á veturna, og stóð í skotinu fyrir aftan rúmið, þá þótti mér leiðinlegt að horfa á hann og leiðinlegt að sjá hann vinna. Og þetta gildir um þóf enn. Mér hefur alltaf leiðzt það og aldrei þótt ánægja af að taka þátt í því að hlusta á það.

En ég vil nú minna á það, að á Alþ. 28. febr. 1950 var samþ. hér till. um verðjöfnun á olíu og benzíni. Ég vil minna á það, að viðskmrh. sagðist þá vilja athuga málið. Í því var ekki gert neitt, að menn vissu, og þess vegna var spurzt fyrir um það aftur á Alþ. 24. okt. 1951, hvað hefði gerzt í málinu. Þá spurði hv. þm. Snæf., hvað hefði gerzt í málinu, en hann hafði verið flytjandi að þáltill. á þinginu áður. Þá skýrði viðskmrh. frá því, að hann hefði lagt fyrir fjárhagsráð að athuga málið, og nú skuluð þið taka eftir, hvað bókað er hjá honum, þá getið þið bæði séð, hvað hann hefur sagt, ef rétt er bókað, og þá kannske líka, hvað góðir skrifarar náðu að bóka. Hann segir: „Það er áætlað, að verði verðjöfnunin framkvæmd, mundi verðið hækka í Reykjavík á benzíni um 3.7 aura tonnið, hráolíu um 2.9 aura tonnið, en á steinolíu um 52.3 aura tonnið.“ Þetta var hækkunin í Reykjavík. Þessar tölur eru miðaðar við síðustu endurskoðun fjárhagsráðs á upplýsingunum þar um kring. Þetta var undirbúningurinn, sem málið fékk hjá hæstv. ráðh., og þetta voru upplýsingarnar, sem hann gaf Alþ., — eftir því sem skrifararnir segja og að því er hann hefur látið standa, rétt eins og viðurkennt væri. Ekki hefur hann leiðrétt það enn. Þetta eru nú öll ósköpin, segir ráðh. Það eru hans orð, sem segja þetta. — Þegar hann nú var búinn að svara þessari fyrirspurn og ekkert kom enn fram í málinu að gagni, þá var lögð fram á ný 12. nóv. 1951 till. um verðjöfnun á benzíni og olíu, og þá taldi ráðh., að hann mundi geta framkvæmt þetta. Svo þegar hann fór að rannsaka málið nánar, þá sá hann, að það var ekki hægt, og sá ekki ástæðu til þess að gefa úr bráðabirgðalög um það, og ég skal ekkert lá honum það, en ég lái honum hins vegar hitt, að telja fyrst, að það væri hægt að framkvæma þessa þáltill., og upplýsa síðar, að það væri ekki hægt. Hann hefði átt að láta rannsaka málið, áður en hann gaf þær upplýsingar til að byrja með.

Nú er því borið við, að það sé ekki hægt að framkvæma verðjöfnunina vegna þess, að það sé brot á þeim samningum, sem gerðir voru rétt fyrir jólin vegna verkfallsins, þá hafi ríkisstj. lofað því að lækka verð á olíu og benzíni, og ef nú sé sett á verðjöfnun, sem komi til að hækka það sums staðar og lækka það annars staðar, þá sé það brot á samningunum. Nú hef ég leitað eftir því hér, og hæstv. dómsmrh., sem hefur talað hér oft í málinu, hefur aldrei tekið undir þetta, að það væri brot á samningunum. Hann hefur látið aðra halda því fram, en aldrei tekið undir það, og það liggur ekkert fyrir frá ríkisstj., að um þetta hafi verið talað. Þó liggur fyrir, þegar verið er að gera samningana, að tvisvar sinnum hafa á Alþ. af yfir 30 mönnum verið greidd atkv. — með samhljóða atkv., af yfir 30 mönnum í hvert skipti — með verðjöfnuninni, og hér var þá komið fram í Alþ. frv. til l. um verðjöfnun, svo að hver maður, sem ekki er blindur fyrir því, sem var að gerast, mátti vita, að það frv. hefði fylgi hér á Alþ. Ef þess vegna þeir menn, sem stóðu að samningunum, hafa álitið, að hér væri eitthvað, sem væri öðruvísi en þeir vildu vera láta, þá var náttúrlega sjálfsagður hlutur fyrir þá að athuga það mál um leið. Það lá alveg opið fyrir, og ég trúi því nú ekki, að það hafi verið þeir græningjar, allir þeir menn fyrir verkalýðinn, sem að málinu unnu, að þeir hafi ekki haft opin augu fyrir því, sem lá beint fram undan. Ég trúi því ekki. En svo er mér það ekki heldur alveg ljóst, fyrir hverja mennirnir sömdu. Sömdu þeir fyrir einstök félög hér við Faxaflóa, þar sem olíuverð er hækkað? Eða sömdu þeir fyrir önnur félög úti um land, þar sem olíuverð er lækkað? Voru þeir ekki aðilar fyrir þau öll 36, eða hvað þau voru nú mörg félögin, sem í verkfallinu voru, hvar sem þau voru á landinu? Ég hélt, að það hefði verið fyrir þau öll, og ég hélt þess vegna, að þó að jafnaðarverð komist á olíuna og þegar búið er að lækka hana um 4 aura áður, þá sé áframhaldandi 4 aura lækkun á olíunni í landinu í heild, svo að það raski ekki á neinn hátt samningunum, enda hefur því ekki verið haldið fram af þeim, sem að þeim stóðu hér, eins og ég áðan benti á, þar sem hæstv. dómsmrh. er einn í ríkisstj. og stóð þess vegna líka að samningunum og hefur talað oft í málinu og þæft og ekki séð ástæðu til að láta koma neitt sérstakt þykkildi á málþófið hvað þetta snertir í sinni meðferð á málinu. — Ég sé nú þess vegna ekki, að það sé nein sérstök þörf á því að taka tillit til þessa, en þó lýsti ég því yfir í gær, þegar gengið var til atkvæða um bráðabirgðabrtt., að það mætti auðveldlega komast fram hjá þessu atriði með því að setja inn í lögin ákvæði um, að verðjöfnunin kæmi ekki til framkvæmda, fyrr en eftir að samningarnir væru útrunnir, sem er í júnímánuði, og nú er komin fram brtt. um það, og þá raskar það ekki á neinn hátt samningunum. Það var auðgert að gera það, eins og ég sagði hæstv. dómsmrh. þarna inni í hinu svo kallaða „ráðherraherbergi“, þegar fyrst till. kom fram hér hjá hv. 6. landsk. þm.

Ráðh. gerði mikið úr því skrifstofubákni, sem mundi þurfa að verða þessu samhliða. Ég held nú, að það sé á miklum misskilningi byggt. Hann líkir því við skömmtunarskrifstofuna, sem hann þó sjálfur elskar svo mikið, að hann hefur ekki séð ástæðu til að nema hana úr gildi enn og hefur haft hana með miklum mannskap til að úthluta smjörlíkisskömmtunarseðlum, sem einn maður hefði óskaplega auðveldlega getað innt af hendi. Það er þess vegna mesti misskilningur, enda má framkvæma þetta verðjöfnunargjald á ýmsa vegu, meira að segja eins og l. eru, og svo má náttúrlega gera það enn einfaldara en l. eru, því að það er hægt að láta félögin gera þetta sjálf með ósköp hægu móti. Nú sem stendur er dreifingin á olíunni í landinu ákaflega dýr og þó enn þá dýrari á benzíninu, því að það er varla nokkur sá staður, þar sem benzíngeymir er, að ekki standi 2 eða 3 hlið við hlið. Það hefur verið leikið sér að því að setja í þetta fjárfestingu af fjárhagsráði og hæstv. ríkisstj. með því að

láta flytja víða um land kannske í 3 benzingeyma hlið við hlið, sem náttúrlega er gersamlegur óþarfi. Ef það verður farið inn á að verðjafna það, þá mundi þetta hverfa, þá mundu ekki öll olíufélögin þurfa að senda benzín yfir 300 km fjarlægð frá Reykjavík, eins og þarf að senda það lengst, heldur mundi bara eitt þeirra gera það og ekki þurfa að láta hvern benzínvagninn elta annan til að fylla þá alla saman. Það er ekkert annað en óþarfa sóun. Það er hægt að koma því fyrir alla vega, flutningunum og verðjöfnuninni, miklu hægar, og þarf áreiðanlega ekkert skrifstofubákn til að framkvæma það, ef rétt er á málunum haldið. En ef menn hins vegar elska skrifstofubákn og langar til að koma sem flestu fólki á skrifstofur, — og til þess virðist viss hneigð hjá hæstv. ríkisstj., sbr. skömmtunarskrifstofuna og reyndar fleira, — þá er náttúrlega hægt að búa til smugu til að hola þar inn einhverjum manni, sem langar til að sitja í hægu sæti og hafa lítið að gera, í stað þess að láta hann vinna að framleiðslunni í landinu. En af því að ég treysti nú allri ríkisstjórninni svona í meðallagi, þá styð ég þetta samt, og ég vona, að hún fari ekki inn á þá leið.

Því hefur verið haldið hér líka fram, að með því að samþ. till. um að breyta 6. gr. um gildistöku l., þá væru þeir, sem að því stæðu, að egna verkalýðsfélögin til að segja upp samningum fyrir 1. ágúst, áður en l. öðluðust gildi. Ef það væri rétt, þá eru það ekki við, sem flytjum fram brtt., heldur þeir, sem hafa haldið því fram hér í Alþ., að þetta væri brot á samningunum, sem ég tel á engan hátt vera. Það var samið fyrir alla, um allt land, sem áttu þátt í vinnudeilunni fyrir jólin, að olían eigi að lækka um 4 aura. Það er búið að lækka hana um 4 aura, og þó að jöfnunarverð sé sett á olíuna, svo að hún að meðaltali sé 4 aurum lægri um allt land frá því, sem hún var áður, þá er það ekkert brot á neinum samningum. Það hafði aldrei verið samið um það sérstaklega, að olían skyldi lækka á þessum stað. Það var samið fyrir eina heild, en ekki fyrir eitt verkalýðsfélag á einhverjum einum ákveðnum stað. Það er alger misskilningur, að svo sé, heldur er í raun og veru till. með 6. gr. óþörf, en það er þó rétt að samþ. hana samt, eins og málið er komið, svo að það sé ekki hægt að bera því við.

Hefði nú hæstv. ríkisstj. haft einhverja svolitla löngun til að láta rannsaka málið, þá var það henni óskaplega auðgert mál, a. m. k. hvað olíuna snertir, því að það er til hér í landinu Fiskifélag Íslands, sem semur árlega skýrslur um rekstur vélbátaútvegsins. Síðasta skýrsla, sem ég hef séð frá því, er frá 1949, og hún sundurliðar útgjöldin á bátana í beitu, ís, olíu, salt, akstur og aukavinnu, viðlegugjald og bjóðageymslu, hafnargjöld, veiðarfæri, hluti skipverja, tryggingu áhafnar, viðhald skipa, viðhald véla, tryggingu skipa, vexti af rekstrarlánum, útsvör og skatta, framkvæmdastjórn og bókhald, ýmsan kostnað, vexti af föstum lánum, fyrningu af skipi og fyrningu af vélum og miðar við þennan kostnað víðs vegar á landinu. Hefði ríkisstj. haft nokkra minnstu löngun til þess að rannsaka málið hvað olíuna snertir og hvernig hún skiptist í rekstri á hina ýmsu landshluta, þá var ósköp auðgert að biðja þessa skrifstofu að flokka bátana eftir stærð, þannig að bátar af sömu stærð væru í sama flokki. Nú hefur þetta verið flokkað þannig, að bátastærðin er svo misjöfn, að það er ekki hægt að sjá þetta út á skýrslunum eins og þær eru birtar. En henni var það í lófa lagið að láta haga þessari reikningsfærslu þannig lagað, að þetta hefði legið hér alveg fyrir. En í 2 ár hefur hún haft þetta mál til meðferðar og verið að rannsaka það, gefizt upp á því að koma verðjöfnuninni í framkvæmd og ekki látið rannsaka það meira en það, að viðskmrh. gefur þær upplýsingar, sem prentaðar eru eftir honum í þingtíðindunum og ég geri ráð fyrir að hver einasti maður sjái að eru vitleysa, hvort sem hann hefur fengið þær svona vitlausar hjá fjárhagsráði, gert þær svona vitlausar, þegar farið var með þær inn í þingið, eða skrifstofan hefur gert þær svona vitlausar, þegar hún skrifaði þær inn í Alþingistíðindin. Einhvers staðar að er vitleysan komin, því að það er áreiðanlega meira en fáeinum aurum á tonnið, sem hækkunin mundi nema í Reykjavík. — Þó að við gerðum það fyrir hæstv. ráðh. að skjóta á fundi núna í hléinu, sem var, þá kom nú ekkert út af honum. Menn voru sinn á hverri skoðun um hans till. um málið. En ég gleðst þó yfir einu í hans till., ég gleðst yfir 5. gr., þar sem hann virðist vera kominn á þá skoðun, að rétt sé að verðjafna rafmagn úti um landið. Ég vona, að seinna meir, þegar farið er að taka á því máli, þá hafi hæstv. dómsmrh. ekki breytt um skoðun, heldur fylgist þá líka með okkur.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan byrja á því að gefa hv. þm. N-M. þær upplýsingar, að það er engin skömmtunarskrifstofa starfandi hér nú, svo að það er mesti misskilningur hjá honum, að ríkisstj. hafi nokkra skömmtunarskrifstofu gangandi. Það er búið að leggja skömmtunarskrifstofuna niður fyrir nokkru, en hv. þm. hefur auðsjáanlega ekki fylgzt með því. Hitt er annað mál, að fjárhagsráð sér um það litla, sem eftir er af skömmtuninni, og það er gert á þeirri skrifstofu, þar sem afgreiddar eru innflutningsbeiðnir og gjaldeyrisbeiðnir ásamt öðru. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að segja, að það sé skömmtunaraðili, ef hann framkvæmir þarna eitt verk. Það er víst ekki nema smjörlíkið, sem er skammtað enn þá, svo að það er ekki hægt að segja, að hér sé um neina sérstaka skömmtunarskrifstofu að ræða, enda er það ekki. — Ef hv. þm. Barð. vill endilega vera í sömu villunni og hv. 1. þm. N-M., þá er honum það alls ekki of gott mín vegna. (Gripið fram í.) Ja, ef hv. þm. vill taka til máls, þá getur hann gert það þegar ég er búinn, en ég get því miður ekki svarað honum í sætinu.

En svo að ég komi að málinu, þá bar hv. 1. þm. N-M. það fram, að ég hefði gefið hér mjög einkennilegar upplýsingar í þinginu í fyrra um það, hverju nema mundi verðhækkun á olíu og benzíni, ef það væri verðjafnað. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur lesið allar sínar þingræður og leiðrétt allar þær vitleysur, sem þar kunna að hafa komið upp, bæði frá honum og þingskrifurunum.

En það hlýtur hver maður að sjá, að það, að það sé nokkurra aura verðhækkun á tonn, mismunurinn, er ekki rétt niður tekið. Og ég hygg, að það hafi ekki verið rangt frá skýrt. Annars er þetta ekkert meginatriði í málinu og skiptir í raun og veru engu. Það er sýnilegt, að hér eins og víðar í ræðum þm. hefur verið tekið rangt niður og þeir ekki leiðrétt af eðlilegum ástæðum, sem hver einasti þm. þekkir, að ræðurnar voru svo lélega niður teknar, að það þreyttust allir á að eltast við þær vitleysur, sem þar voru upp teknar.

Hv. þm. gaf í skyn, að ég hefði, þegar þetta kom fyrst til mála í þinginu, lýst því yfir, að ég mundi framkvæma þessa verðjöfnun. Þetta er mjög mikill misskilningur hjá hv. þm., og ég veit, að henn segir þetta ekki á móti betri vitund; þetta er sprottið af misskilningi hjá honum, því að ég hef aldrei, frá því að byrjað var að tala um þetta, gefið neitt loforð um, að ég skyldi framkvæma þetta. Hitt vita allir, sem voru við umr. í Sþ. í fyrra, þegar þetta mál var þar til umr., að þá beinlínis tók ég fram, að ég liti svo á, að þó að þál. væri samþ. um þetta atriði, þá mundi ég ekki geta framkvæmt það, vegna þess að ég teldi það ekki framkvæmanlegt nema með l. Þá var það, að það einkennilega fyrirbrigði kom fyrir, að n. í þinginu, sem fjallaði um málið, gaf það út í áliti, að mér sem viðskmrh. bæri að gefa út brbl., ef það sýndi sig, að það væri ekki hægt að framkvæma fyrirmæli þál. að öðrum kosti. Þetta er vafalaust einsdæmi, að þingn. segi við ráðherra, meðan þing situr, að ef þau fyrirmæli, sem þingið gefur honum, séu ekki góð og gild, þá skuli hann bara setja brbl. Ég sagði, að ég teldi, að þetta væri óframkvæmanlegt fyrir mig án þess að hafa lagarétt. Þegar ég lét svo rannsaka þetta með fullum vilja að framkvæma ályktun Alþ., þá kom það í ljós, sem ég svo síðar gerði grein fyrir í opinberri tilkynningu, til þess að landsmenn gætu vitað, hvernig málið stóð, að það væri ekki hægt að framkvæma það eins og þurfti að gera nema hafa lagaheimild til þess. Það liggur aðallega í því, að það er ekki hægt að skylda menn til þess að greiða gjald í verðjöfnunarsjóð, án þess að lagaheimild sé fyrir því, og á því strandaði málið. Það er mesti misskilningur, að ég hafi stöðvað málið af því, að ég væri á móti því. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég fylgi ekki málinu, en ég ætlaði að framkvæma það, ef það sýndi sig, að það væri hægt, úr því að þingvilji var til fyrir því.

Ástæðan til þess, að ég stóð nú upp hérna, var sú, að ég ætlaði að bera fram hérna litla brtt. Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að viðskmrn. skuli hafa með verðjöfnunarsjóðinn að gera og innheimta verðjöfnunargjaldið. Ég álít, að það sé hreinn óþarfi að leggja þetta starf á rn. Það hlýtur að hafa í för með sér, að rn. verður að fjölga á skrifstofu sinni einum til tveim mönnum til þess að sjá um þetta. Ég álít, að þetta sé hægt að gera með því að láta félögin sjálf hafa veg og vanda af því, en að það sé séð um það af ráðuneytisins hendi að setja reglur fyrir verðjöfnuninni og um það eftirlit, sem nauðsynlegt er með verðjöfnunarsjóðnum. Hér hefur starfað í mörg ár, frá því í byrjun stríðsins, verðjöfnunarsjóður í sambandi við kolaverzlun í Reykjavík. Þennan verðjöfnunarsjóð hafa kolaverzlanirnar haft sjálfar, og rn. hefur haft eftirlit með því, hvernig með sjóðinn hefur verið farið. Þetta hefur gengið prýðilega, og það hefur aldrei þurft neitt upp á það að klaga. Ráðuneytið hefur fylgzt með því, hvernig sjóðnum hefur verið varið, hvað í hann hefur verið greitt, hvað úr honum greitt og annað þess háttar. Og mér vitanlega hefur þetta farið prýðilega fram og ekki nein ástæða til að hafa það á annan veg. Ég vildi því leggja til, að l. verði breytt á þann veg, að innflytjendurnir sjálfir hefðu þennan sjóð í sínum vörzlum.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessa brtt.:

„2. gr. orðist svo: Til þess að framkvæma ákvæði 1. gr.“ — þ. e. að fyrirskipað er, að sama verð skuli vera alls staðar á landinu — „er innflytjendum heimilt að leggja verðjöfnunargjald á olíu og benzín, sem keypt er til landsins, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni, sem flytja þarf frá innflutningsstöðum til annarra sölustaða á landinu. Gjaldið skal greitt í sjóð, er sé í vörzlu innflytjenda. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um framkvæmd verðjöfnunarinnar og meðferð verðjöfnunarsjóðs.

3. gr. fellur niður.

4. gr. fellur niður.“

Ég álít, að með þessu sé létt af rn. miklu óþarfa starfi. Það sé sett í hendurnar á innflytjendunum sjálfum, sem eiga að bera veg og vanda af þessari verðjöfnun, og það opinbera á ekki að þurfa annað en að hafa nauðsynlegt eftirlit með því, hvernig þetta er framkvæmt, og sjá um, að ekki sé hærra verðjöfnunargjald lagt á á neinum tíma heldur en réttur flutningskostnaður segir til um þá vöru, sem flutt er frá innflutningsstöðunum og út um land.

Ég vænti þess vegna, að hv. d. geti fallizt á þessa breyt., sem að öðru leyti breytir frv. ekki neitt.

Forseti (ÞÞ): Mér hafa borizt brtt. við frv. frá hæstv. viðskmrh., og eru þær þannig: [Sjá þskj. 747].

Þessar brtt. er skriflegar og of seint fram komnar. Þarf því tvöföld afbrigði, og vil ég leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 747) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 732,a felld með 10:5 atkv.

— 732,b—c teknar aftur.

— 747,a samþ. með 9:7 atkv.

— 747,b samþ. með 9:4 atkv.

— 747,c samþ. með 9:3 atkv.

— 732,d felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HG, JJós, BBen.

nei: HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, StgrA, VH, ÞÞ, BrB, FRV, GJ, BSt.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Mér er ekki alveg ljóst, hvort það felst í kostnaði við útgerð, að útgerð-

armaður á sumarbústað, sem kostar 780 þúsund, og tekur til viðhalds á honum og í annað svipað af rekstrinum, eða hann á jörð, sem keypt hefur verið fyrir svipað og hýst upp, og telur það líka með rekstrinum, — ég er ekki alveg viss um, hvort dómsmrh. ætlast til, að þetta sé í kostnaðinum, en það kemur ekki fram í gr. Þess vegna vil ég ekki láta telja þetta til kostnaðar og segi nei.

Í tilefni af grg. PZ mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil benda á það, að í brtt. er sagt, að ríkisstj. skuli tafarlaust láta rannsaka kostnað útvegsmanna í öllum verstöðvum landsins vegna nota þeirra af húsum og öðrum mannvirkjum í þágu útgerðarinnar. Nú kemur það fram, að maður í ríkisskattanefnd veit ekki, hvort slíkar eignir, sem hann taldi upp, eru í þágu útgerðarinnar. Ég vil beina því til hæstv. fjmrh., hversu lengi það getur staðið að hafa svo vitlausan mann í svo þýðingarmikilli stöðu.

Brtt. 725,a felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, RÞ, StgrA, VH, GJ, HermJ, KK, BSt.
nei: SÓÓ, ÞÞ, BBen, FRV, GÍG, HG, JJós, LJóh.
BrB greiddi ekki atkv.
Brtt. 725,b felld með 10:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 749).

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 749).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jón Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. er nú komið hingað aftur frá Ed. og hefur tekið þar allmiklum breytingum, sem okkur sýnist nú sumum Nd.-mönnum að hafi verið lítt til bóta. Ég hef ásamt þremur hv. þm., þeim hv. þm. Snæf., hv. þm. Ísaf. og hv. 2. landsk. þm., borið fram — eða við ætlum að bera fram brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir. Þessar brtt. eru í prentun og ekki búið að útbýta þeim, en verður væntanlega útbýtt í kvöld, svo að líklega verður rétt, til þess að málið geti haldið áfram við þessa umræðu, að leggja brtt. fram skriflega. Þær eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1) 2. gr. orðist svo: Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskmrn. fyrir missiri í senn, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu olíufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskmrn. ársfjórðungslega.

2) Á eftir 2. gr. bætast tvær nýjar gr., svo hljóðandi: a) Verðjöfnunargjald samkvæmt 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Viðskmrn. annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð. — Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi. — b) Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir öllum gjöldum samkvæmt 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár."

3. brtt. er við 4. gr., að greinin orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1953" — og 4. brtt. er um, að ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Þessar brtt. eru algerlega samhljóða frv. eins og þessi hv. d. afgr. það með miklum meiri hl., að undanskilinni 3. brtt., þar sem í frv. var ákveðið, að lögin öðluðust þegar gildi, en nú er í þessum brtt. lagt til, að lögin öðlist gildi 1. ágúst 1953.

Ég mun svo ekki segja meira um þetta að sinni, en afhendi hæstv. forseta þessar brtt.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hinar fram komnu brtt. frá hv. þm. V-Sk., hv. þm. Snæf., hv. þm. Ísaf. og hv. 2. landsk. þm. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 759) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein) Herra forseti. Ég fer eindregið fram á það, að umræðu verði frestað um þetta mál. Hér koma fram mjög gagngerar brtt., og málið sætti mikilli breytingu í Ed., og þótt þetta sé að mestu leyti það sama eins og var hér, þegar það fór úr deildinni, þá þarf að skoða þetta í ljósi þeirra brtt., sem fram komu í Ed. Það eru algerlega óverjandi og óviðunandi vinnubrögð, þegar þm. eiga ekki einu sinni að fá aðstöðu til þess að sjá og fjalla um þær till., sem fram koma. Ég geri sem sagt kröfu til þess, að umræðu sé frestað.

Jón Gíslason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að þessar brtt. væru alveg gagngerar, og kvartaði um, að þær væru ekki kunnar þdm. Það er vitanlegt, að þær eru nokkuð mikil breyting á frv. frá þeim búningi, sem það er í, þegar það kemur frá hv. Ed., en hv. þdm. eru brtt. ábyggilega gagnkunnar, því að þær eru nákvæmlega eins og frv. var afgreitt hér frá þessari hv. d., svo að þeir geta haft þær fyrir sér hvar sem er til yfirlits.

Forseti (SB): Það er hv. þm. kunnugt, að þessar till. hafa í raun og veru legið í nokkrar vikur fyrir hv. þd., svo að öllum hv. þm. hljóta að vera þær kunnar og þær geta ekki komið neitt flatt upp á þá. Hins vegar skal orðið við þeirri ósk hv. 5. þm. Reykv. eða komið til móts við óskir hans með því að fresta atkvgr. um málið

um skeið. (Gripið fram í.) Það verður ekki orðið við þeirri ósk.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Ég ætla nú að leyfa mér í upphafi máls míns að víta alveg sérstaklega framkomu hæstv. forseta þessarar deildar, þegar þeir leggja nú saman, aðal- og varaforseti, í því að ætla hér að afgreiða mál þannig, að þm. gefist bókstaflega enginn kostur á því að fjalla um þau.

Það er augljóst, að þetta mál hefur tekið mjög miklum stakkaskiptum í meðferðinni í Ed., og mun þessum till. lýst þannig, að það er lagt til, að frv. sé aftur fært í þann búning, sem það var hér í þessari hv. d.

Í meðferð málsins í Ed. komu reyndar fram ýmsar athyglisverðar till. og ábendingar, sem eru nú reyndar ekki inni í frv. eins og það kemur þaðan, en ég tel eðlilegt að þessi hv. d. fái að fjalla um og mönnum gefist kostur á að flytja brtt. þar að lútandi, og þess vegna sagði ég áðan, að enda þótt þær till., sem hér eru lagðar fram, séu þess eðlis að færa málið í sinn fyrri búning, þá sé að sjálfsögðu eðlilegt, að þm. óski að skoða þær í ljósi þeirra annarra brtt., sem fram komu í Ed., og jafnframt í ljósi þess, hvernig málið er þaðan komið.

Það eru einkum tvö atriði, sem ég hefði haft hug á, að tekin væri afstaða til í þessari deild. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að tekin hafi verið til baka hér till., sem flutt var á sínum tíma um að taka benzínið út úr verðjöfnuninni. Auk þess eru það till. svipaðar því, sem fluttar voru í Ed. og eru þess eðlis, að þetta frv. verði tengt ákvæði um það, að ríkisstj. skuli rannsaka kostnað útvegsmanna í öllum verstöðvum landsins, sem telja má eðlilegt framhald af þessu máli, vegna nota þeirra af húsum og öðrum mannvirkjum í þágu útgerðarinnar, og jafnframt — sem hefur nú ekki komið hér fram í tillöguformi — verði þá rannsakaður olíukostnaður útgerðarmanna í hinum mismunandi verstöðvum. Á ég við þar, að það er í sjálfu sér ekki einhlítt, hvert verðið er á hverri olíueiningu, heldur kemur að sjálfsögðu einnig til athugunar, hver olíukostnaðurinn er á hinum mismunandi stöðum, þ. e. a. s., hvað útgerðarmennirnir þurfa að nota mikla olíu vegna þess, hvernig þeir liggja við miðum o. s. frv., því að það hygg ég að telja mætti allósanngjarnt, ef niðurstaðan í þessu máli yrði sú, að olíuverðið hækkaði miðað við einingu í þeim verstöðvum, þar sem olíukostnaðurinn er kannske langmestur í dag, því að það er hugsanlegt, að af þessu máli leiði það. Þess vegna tel ég eðlilegt, að inn í þetta mál verði a. m. k. bætt, að ríkisstj. sé falið að rannsaka þetta mál, og einhver varnagli settur um það. Tilgangur frv. var sá, að þeir, sem búa við dýrara verð á olíueiningu utan Reykjavíkur og Faxaflóa, fái nú lækkaðan sinn tilkostnað við útgerðina og það óháð því, þó að með þessu móti sé verið að hækka tilkostnað annarra. En mér sýnist, að frv. sé þá fyrst orðið verulega ranglátt, ef það stefnir að því að gera tilkostnaðinn við olíunotkun í verstöðvum landsins enn þá hærri þar, sem hann e. t. v. hefur verið mestur, ef miðað er við heildarnotkun olíunnar.

Mér hefur ekki unnizt tími til þess að skrifa þessar brtt. Ég geri ráð fyrir, að það vinnist tími til þess, ef atkvgr. er frestað, eða hvað? **(Forseti:** Ekki ef umræðunni er slitið.) Ég vil þá leyfa mér að spyrja forseta, hvort þm. gefist tóm til þess að skrifa brtt., sem þeir hafa hug á að koma fram. **(Forseti:** Hefur hv. þm. lokið máli sínu?) Ja, ég mundi hafa gert það.

Forseti (SB): Ég vil fyrst vísa á bug þeim ummælum hv. þm., að forsetar séu hér að fremja eitthvert ranglæti gagnvart hv. þm. Ég endurtek það, að þessum hv. þm., sem átti sæti í þeirri n., sem um málið fjallaði, hefur gefizt mjög gott tækifæri til þess að fylgjast með því frá upphafi og gerþekkir þær brtt., sem lagðar hafa verið fram. Ég vil hins vegar koma þar til móts við hv. þm., að hann fái tækifæri til þess að skrifa sínar brtt., og fresta umræðunni um skeið.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hæstv. forseti vildi nú vísa á bug vítum mínum í garð forsetanna beggja. En ég vil nú mér til málsvarnar í því sambandi láta það koma fram, að ég hafði spurt hæstv. forseta, á hvaða máli hann mundi byrja á dagskránni, því að ég gæti ekki komið alveg í fundarbyrjun, og hann hafði tjáð mér, að það mundu verða almannatryggingar, en þegar ég kom í fundarsalinn, var um það bil að ljúka umr. um verðjöfnun á olíu, sem forseti hafði tekið fyrst á dagskrá, og munaði því minnstu, að umr. um málið væri lokið, þegar ég kom hér í fundarsalinn, svo að menn mega af þessu sjá, hvort ekki hefur átt að láta okkur hafa heldur lítið ráðrúm, suma þm.

Ég skal svo að þessu sinni aðeins gera grein fyrir brtt. þeim, sem ég hef nú formað og leyfi mér að flytja hér skriflega við frv.

Fyrsta brtt. er sú að taka út úr verðjöfnuninni verðjöfnun á benzíni, og hljóðar hún þá þannig, að orðið „benzín“ í 1. og 2. gr. og „ákvæði til bráðabirgða“ falli niður, 3. gr. falli niður, þ. e. um flugvélabenzínið, og úr fyrirsögn frv. falli niður orðin „og benzíni“. Efni hennar, þessarar brtt., er þá það að taka út úr verðjöfnuninni benzínið, en það voru færð að því óhrekjandi rök hér við umr. málsins, að með því að taka upp benzínverðjöfnunina væri beinlínis verið að stofna til almennrar verðhækkunar á benzíni í landinu. Það kom bæði fram í álitum olíufélaganna og hér fram í umr., og því var ekki mótmælt, að verðjöfnun á benzíni hlyti að leiða til almennrar verðhækkunar, m. ö. o. gera verzlunina og viðskiptin með benzínið í landinu almennt tilkostnaðarsamari.

Þá legg ég fram aðra brtt., að á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar. Fyrri greinin er svo hljóðandi: „Ríkisstj. skal tafarlaust láta rannsaka kostnað útvegsmanna í öllum verstöðvum landsins vegna nota þeirra af húsum og öðrum mannvirkjum í þágu útgerðarinnar. Ef það sannast, að kostnaður þessi sé ójafn að tiltölu, skal viðskmrn. setja ákvæði um jöfnun hans, og skulu þau byggð á sömu meginreglum og settar

eru í 1. og 2. gr. laga þessara", þ. e. a. s., að hann sé jafn á öllu landinu. Hin greinin er svo hljóðandi, ný grein: „Ríkisstj. skal tafarlaust láta rannsaka olíukostnað útvegsmanna í öllum verstöðvum landsins. Ef það sannast, að olíukostnaðurinn sé ójafn að tiltölu vegna mismunandi langra siglinga á fiskimið og annarra aðstæðna, skal viðskmrn. setja með reglugerð ákvæði um jöfnun hans, sem tryggi, að hinn raunverulegi olíukostnaður sé hinn sami við útgerðina um allt land."

Mér skilst, að hv. flm. þessa máls hafi viljað stefna að því, að útgerðarmenn byggju við sama olíukostnað, — á því hefur málflutningur þeirra byggzt, — hvar sem þeir væru á landinu. Þeir hafa hins vegar miðað sína verðjöfnun við olíueiningu, að olíueiningin væri jafnkostnaðarsöm, hvar sem hún er keypt. En ég geri ráð fyrir því, að það vaki fyrir þeim, að aðstaða manna sé söm að því leyti, að hinn raunverulegi olíukostnaður, að tiltölu, eins og ég orðaði það, miðað við róðra eða miðað við skippund af fiski, sem veitt er, sé hinn sami hvar sem er á landinu. Ég treysti því þess vegna fullkomlega, að hv. flm. fagni þessari till., og hvað sem verður um aðrar brtt., fylgi þeir henni, og hún sé í fyllsta samræmi við þann tilgang, sem þeir hafa lýst hér með fögrum orðum að vekti fyrir þeim í sambandi við þetta mál.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komnar brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf tvöfaldra afbrigða, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 770) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 770,1 felld með 20:7 atkv.
— 759,1 samþ. með 21:8 atkv.
— 759,2 samþ. með 21:5 atkv.
— 770,2.a felld með 18:7 atkv.
— 770,2.b felld með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, EmJ, GÞG, JóhH, JR, KS, ÓTh, PO.

nei: SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HV, HelgJ, JG, JPálm, JS, JÁ, JörB, LJós, MJ, PÞ, SÁ, SB.

BÓ, EOl greiddu ekki atkv.

3 þm. (AE, GTh, IngJ) fjarstaddir.

Brtt. 759,3 samþ. með 20:2 atkv.
— 759,4 samþ. með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HV, HelgJ, JG, JPálm, JS, JÁ, SB.

nei: KS, ÓTh, SG, StJSt, BÓ, EOl, EmJ, GÞG, JóhH.

JR greiddi ekki atkv.

3 þm. (AE, GTh, IngJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:5 atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Sþ., 5. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 772).

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú verið til einnar umr. í Nd. og tekið þar mjög miklum breyt. frá þeirri afgreiðslu, sem það hlaut hér í þessari hv. d. Út úr frv. hafa verið tekin ýmis mjög gagnleg og veigamikil ákvæði, sem sett voru inn í frv. hér í þessari d., og sett inn önnur í staðinn, sem ég tel að séu til hinnar mestu óþurftar. Sérstaklega verð ég að harma það, að Nd. skyldi hverfa að því ráði að fella í burtu bráðabirgðaákvæði það, sem þessi hv. d. samþ. aftan við frv. Undir meðferð málsins hér í þessari d. var gerð mjög ýtarleg grein fyrir nauðsyn þessa bráðabirgðaákvæðis og á það bent, að samþykkt þess, ef á annað borð ætti að afgreiða frv. í svipuðu formi og það var, væri með öllu óhjákvæmileg til þess að færa frv. í skaplegt form og reyna að sneiða hjá þeim vandræðum, sem af framkvæmd frv. mundi ella leiða. Ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka þau rök hér strax, en mun síðar hverfa nánar að þessu bráðabirgðaákvæði.

Þá er og rétt að vekja athygli á því, að í Nd. hefur verið horfið að því ráði að fresta gildistöku l. um ákveðinn tíma, þannig að þeim er ætlað að öðlast gildi 1. ágúst 1953. Ég tel að sjálfsögðu til nokkurra bóta að hafa þetta í frv., þó að ég að sjálfsögðu hefði kosið, að þessu hefði verið frestað enn þá lengur og bráðabirgðaákvæðið hefði staðið eitt, en þessi tímatakmörkun við 1. ágúst hefði ekki verið sett inn í frv.

Þá hafa einnig verið felld úr frv. þau ákvæði, sem samþ. voru hér að tilhlutan hæstv. viðskmrh., og tel ég, að það sé heldur til óþurftar fyrir málið, einnig vegna þess, að eins og frá frv. var gengið í upphafi, þá var að því stefnt að gera framkvæmd laganna mjög flókna og kostnaðarsama. En þær brtt., sem hæstv. viðskmrh. kom með hér, miðuðu þó að því að gera framkvæmd laganna einfaldari, óbrotnari og kostnaðarminni, enda þótt því verði ekki neitað, að á þeim till. voru mjög verulegir gallar. En hjá því verður ekki komizt, ef það á að afgreiða frv. frá hv. Alþ. í grundvallaratriðum eitthvað svipað því, sem frá því hefur verið gengið í upphafi, að á því verði í heild meiri og minni ágallar, þó að ýmislegt, eins og þær till., sem hæstv. viðskmrh. kom með, miði að því að draga heldur úr þessum ágöllum.

Á meðan frv. til meðferðar undir 2. umr. í þessari d., þá bárum við tveir nm. úr allshn. fram till. til rökstuddrar dagskrár. Það var hv. 8. þm. Reykv. og ég. Í grg. fyrir þessari rökstuddu dagskrá var það fyllilega viðurkennt, að á því væri nauðsyn, að gerðar væru ráðstafanir til þess að lækka olíuverð úti um land hjá þeim, sem eiga við hæst olíu- og benzínverð að búa núna, og að óhjákvæmilegt væri, að það mál yrði athugað rækilega og till. til úrbóta undirbúnar. Það stóð því ekki á okkur, sem að dagskránni stóðum, að viðurkenna nauðsyn á aðgerðum í þessum efnum, en við gátum ekki fallizt á, að frv. eins og það lá fyrir væri til þess fallið að samþ. það til úrbóta í málinu. Bentum við á, að

bæði væri málið illa og losaralega undirbúið og kæmi auk þess á hinum óheppilegasta tíma. Sérstaklega var á það bent í hinni rökstuddu dagskrá, að ekki væri nema mjög skammur tími umliðinn síðan ein hin yfirgripsmesta vinnudeila, sem lengi hefur orðið í þessu landi, var leyst, m. a. á grundvelli þess, að verð á olíum og benzíni ætti að lækka um ákveðna upphæð. Það var á það bent, að þeir, sem að samþykkt á lausn deilunnar stóðu, hefðu treyst því, að þessi lækkun fengist og yrði raunveruleg. Ef frv. væri samþ. eins og það lá fyrir í upphafi og eins og það raunar liggur fyrir nú aftur, þá er alveg ljóst, að verðhækkun kemur meira en til jafns á móti þeirra lækkun, sem lofað var á sínum tíma. Það er ekki á því nokkur vafi, að fjöldinn allur af því fólki, sem að lausn vinnudeilunnar stóð og í henni átti, treystir því, að þessi verðlækkun, sem til lausnar á deilunni var lofað, fáist. Það er áreiðanlegt, að ef það kemur verðhækkun á þessar vörur við samþykkt þessa frv., þá telur þetta fólk, að ekki sé til fulls farið eftir því, sem það treysti að það mætti eiga von á. Ég fyrir mitt leyti vil taka það djúpt í árinni, þó að um það megi að sjálfsögðu deila, að ég vil fullyrða, að með samþykkt frv. eins og það lá fyrir í upphafi og eins og það liggur fyrir enn sé stefnt til hreinna vanefnda, sem hafi með sér allar þær afleiðingar, sem vanefndir í sambandi við samninga á annað borð hafa, þ. á m. þá afleiðingu, að hver aðili sem er getur lýst samkomulagið úr gildi fallið, getur gert skaðabótakröfur út af vanefndunum, að ég tali ekki um þá glötun á trausti, sem af þessu mundi leiða. Allar þessar röksemdir voru hér fyrir í upphafi, og þær eru enn til staðar. Það var líka á það bent, að þegar reiknað hefði verið út, hvaða verð bátaútvegurinn þyrfti að fá fyrir aflann til þess að tryggja afkomu hans, þá hafi verið við það miðað, að það verð væri á hans nauðsynjum, sem m. a. lausnin í vinnudeilunni gerði ráð fyrir, og að samþykkt frv. í því formi, sem það var í upphafi, og í því formi, sem það er enn, mundi algerlega brjóta í bága við þann grundvöll.

Þá var einnig á það bent með sterkum rökum, að framkvæmd frv. mundi verða mjög erfið, kostnaðarsöm og óþjál í alla staði, og um það atriði held ég að verði ekki deilt, að framkvæmd frv. eins og það nú liggur fyrir er hinum mestu erfiðleikum háð í alla staði. Það er ekki nokkur vafi á því, að upp mundi þurfa að koma mjög stóru skrifstofubákni til þess að framkvæma l., það mundi þurfa að taka marga menn í vinnu og verja miklu fé til framkvæmda l. (Gripið fram í.) Jú, svo sannarlega er það á móti stefnu Alþfl., og það er einmitt í samræmi við þá stefnu, sem ég m. a. hef gengið á móti þessu frv. En ein af sterkustu rökunum, sem mæla þó á móti þessu frv., er sú staðreynd, að ef það verður afgreitt eins og það er, þá mun hið raunverulega heildarverð til neytenda, bæði á olíum og benzíni, hækka mjög verulega vegna þess, að ganga má út frá því sem gefnu, að menn sýni ekki þá hagsýni, sem þeir sýna nú í því að kaupa inn þessar vörur á þeim stað, þar sem þær eru ódýrastar, vegna þess að flutningskostnaðurinn þangað er minnstur.

Öll þessi rök voru til staðar, þegar við lögðum okkar rökstuddu dagskrá fram hér í þessari hv. d., þegar málið var til 2. umr. Og nú, eftir að málið hefur verið til meðferðar í Nd., eru þessi rök enn til staðar, og við þau hefur bætzt enn ein mjög veigamikil röksemd. Hv. Nd. hefur horfið að því ráði að láta l. ekki öðlast gildi fyrr en 1. ágúst 1953. Nú er það vitað, að reglulegt Alþ. kemur saman ekki síðar en 1. okt., — getur hæglega orðið fyrr, ef ástæða þykir til. Af þessu er ljóst, að l. er ætlað að koma til framkvæmda réttum 60 dögum áður en hv. Alþ. kemur saman, og alls ekki á a. m. k. að líða lengri tími þar á milli. Það er því spursmál um það hér, hvort heppilegra sé að láta l. koma til framkvæmda eins og þau eru 60 dögum áður en næsta Alþ. kemur saman eða fresta að afgreiða málið þangað til Alþ. kemur saman aftur og gefa mönnum þá tóm til að athuga þetta mál betur og undirbúa það betur en gert hefur verið. Ég fyrir mitt leyti er persónulega sannfærður um það, að í sambandi við þýðingu málsins fyrir þá, sem eiga von á verðlækkuninni á benzíni og olíum, skipta þessir 60 dagar og sá tími til viðbótar, sem næsta hv. Alþ. þyrfti á að halda til að afgreiða málið aftur, ekki neinu afgerandi máli, þannig að fyrir þá og í þeirra augum ætti þetta ekki að vera svo veigamikið atriði. Hitt er langtum þýðingarmeira, að ef málið verður afgr. svona núna og ekki látið bíða næsta Alþ., þá má telja það alveg gefið, að við svo búið verði látið standa og að ekki verði gerðar nægilega víðtækar og gagnlegar tilraunir til þess að skipa þessum málum á þann veg, sem allir mega við una.

Það hefur líka komið fram hér undir umr., að til eru ýmsar leiðir, sem vel er hugsanlegt að fara megi til þess að lækka verð á olíum og benzíni úti um land, án þess að það þurfi endilega að gerast í því formi, sem þetta frv. leggur til, og án þess að það þurfi endilega að gerast með þeim hætti, að verðið á þessum vörum sé hækkað hjá þeim, sem bezta hafa aðstöðuna um flutningana. Það hefur verið á það bent hvað eftir annað undir þessum umr., að sá möguleiki er til staðar að athuga um ódýrari og hagkvæmari dreifingaraðferðir á bæði benzíni og olíum heldur en verið hefur, — dreifingaraðferðir, sem áreiðanlega mundu leiða til þess að lækka dreifingarkostnaðinn að stórum mun. Þessar leiðir þarf vissulega að athuga mjög rækilega, og það þarf að reyna að beina málunum inn á þá braut, að að þeim verði horfið miklu meir en verið hefur. Og einasta leiðin til þess að ýta undir það, svo að nokkru gagni sé, er að láta afgreiðslu málsins bíða til næsta þings, en vera ekki endilega að leysa það núna, til þess þar með að girða nokkurn veginn fyrir það, að nægilega gagnlegar ráðstafanir verði gerðar til úrlausnar í þessum efnum.

Það er líka mjög þýðingarmikið og bráðnauðsynlegt, áður en þetta frv. verði samþ. eða frv., sem er í eitthvað svipuðum anda og þetta frv. hér, að ýtarlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að athuga, undirbúa og skipuleggja, með hverjum hætti hægt er að koma þessu fyrirkomulagi á á ódýrari og umsvifaminni hátt en frv. sjálft byggir á. Það mundi vissulega verða öll-

um til hinna mestu hagsbóta, og það er einmitt sú lausn í málinu, sem allir þrá og bíða eftir og vænta að valin verði. Ég fyrir mitt leyti vil eftir þeim umræðum, sem hér hafa fram farið um málið, og eftir þeim þingvilja, sem hefur komið í ljós að því er varðar afstöðuna til málsins í báðum deildum, vænta, að ég mætti treysta því, að það yrði til þess, ef málinu væri nú frestað og það ekki afgreitt, að hæstv. ríkisstj. gerði ýtarlegar, róttækar ráðstafanir til að undirbúa þetta mál fyrir næsta þing og færa það þá í það form, að hægt sé að lækka verðið á benzíni og olíum úti á landi, án þess að þurfi að velta þeirri lækkun yfir á þá, sem búa á þeim stöðum, þar sem dreifingin er ódýrari.

Af þessum ástæðum vil ég leyfa mér að bera hér fram ásamt hv. 8. þm. Reykv., 11. landsk. þm. og 7. landsk. þm. till. um, að frv. verði afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Þar sem samþykkt frv. mundi geta haft í för með sér verulega röskun á því samkomulagi, sem náðist hinn 19. des. s. l. milli ríkisstj. og atvinnurekenda og launþega til lausnar vinnudeilunni, og þar sem hætta er á, að samþykkt frv. mundi leiða til ágreinings við þá, sem í vinnudeilunni áttu, og hafa áhrif á vinnufriðinn í landinu, þar eð öll verðhækkunin vegna verðjöfnunarinnar lendir með fullum þunga á neytendum, án þess að ráðstafanir séu gerðar til að halda niðri verði á olíu og benzíni, og þar sem loks gildistöku laganna hefur verið frestað til 1. ágúst 1953, en næsta reglulegt Alþingi kemur saman eigi síðar en 1. okt., telur deildin rétt að fresta afgreiðslu frv. nú, og í trausti þess, að unnið verði að nýrri skipan þessara mála, þannig að létt verði undir með þeim, sem við óhagstæðast verð eiga að búa á benzíni og olíu, þegar á þessu vori, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessa rökst. dagskrá, sem við þessir 4 dm. berum hér fram, vil ég leyfa mér að afhenda forseta nú þegar. (Gripið fram í.) Nei, þetta er alls ekki sama dagskráin. Rökin, sem þarna koma, eru í grundvallaratriðum svipuð og það, sem áður var, að viðbættum þeim breytingum, sem leiðir af þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd. Nd. setti inn takmörkunina, hún frestaði framkvæmd laganna til 1. ágúst, og það er að sjálfsögðu atriði, sem breytir viðhorfinu til málsins mjög. Það var ekki komið, þegar rökst. dagskráin var borin hér fram í þessari d., og rökst. dagskráin var ekki „mótiveruð" með því. Þetta er því algerlega nýtt atriði, auk þess sem þessi dagskrá er í verulegum atriðum öðrum öðruvísi „mótiveruð" og uppsett en hin fyrri dagskrá. En ef svo kynni að fara — gegn von minni — að þessi dagskrá yrði felld hér í d., þá vil ég leyfa mér að bera hér fram enn á ný till., að bráðabirgðaákvæði það, sem tekið var inn í frv. hér við 2. umr., verði tekið inn í frv. nú á ný. Ég hef í morgun afhent skrifstofu Alþingis brtt. við frv. með þessu bráðabirgðaákvæði. Það mun vera í prentun og er væntanlegt hingað í d. á hverri stundu. En ég hef það hér skriflegt við höndina og mun afhenda hæstv. forseta það skriflegt, þangað til hið prentaða kemur.

Ég þykist ekki þurfa að ræða mjög ýtarlega um ákvæðið til bráðabirgða, sem samþ. var hér við 2. umr. Fyrir því var gerð mjög ýtarleg grein þá. Aðstæðurnar hafa á engan hátt breytzt frá mínum bæjardyrum séð, eftir að málið hefur fengið meðferð í Nd., og eiga því öll þau rök, sem ég benti hér á við 2. og reyndar 3. umr. málsins líka að því er bráðabirgðaákvæðið varðar, einnig við nú. En ég vil leyfa mér til bráðabirgða að afhenda hæstv. forseta þetta skriflegt, eins og ég tók fram.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi till. til rökst. dagskrár frá Guðmundi Í. Guðmundssyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Þorsteini Þorsteinssyni, Finnboga R. Valdimarssyni: [Sjá þskj. 787].

Þá hefur mér borizt brtt. frá Guðmundi Í. Guðmundssyni, svo hljóðandi: [Sjá þskj. 778].

Þessi brtt. er of seint fram komin og verður að teljast skrifleg, þó að hún sé nú máske prentuð. Þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 778) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja menn með löngum ræðuhöldum. Eftir hina ágætu og rökföstu ræðu hv. 6. landsk. þm. og eftir það, sem ég hef áður sagt um málið, er ástæðulaust að fjölyrða um það, og er fjarri mér að tefja fyrir afgreiðslunni, ef vilji er fyrir því, þó að ekki hafi verið komizt hjá því að benda á, hvílíkt vandræðafrv., svo að vægt orð sé notað, þetta frv. er.

Ég skal þess vegna stytta mál mitt núna, aðeins lýsa því, að þó að frv. sé og hafi verið mikill óskapnaður, þá var þó mjög bætt úr því hér við 3. umr. í þessari hv. d. með samþykkt tillagna hæstv. viðskmrh. Þá voru gerðar ráðstafanir til þess a. m. k. að draga úr því stórkostlega skrifstofufargani, sem frv. hlýtur að verða samfara. En nú skilst mér, að hv. Nd. hafi bætt þessu inn í frv. aftur, ekki með nokkru móti getað misst af því skrifstofufargani og bitlingahjörð, sem auðsjáanlega er ætlunin að knýja fram. En mér finnst, að frv. verði miklu betra, ef það er fært í það horf, sem það var í, þegar það var samþ. í þessari hv. d., og mér skilst, að enn hafi enginn komið með brtt. um það, svo að ég vil leyfa mér að leggja til, að 2. gr. verði orðuð eins og gert var við 3. umr. hér í d. og 3. og 4. gr. falli niður og greinatalan breytist samkv. því. Það verður að leggja þetta fram sem skriflega brtt. — ég vil afhenda það hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá Bjarna Benediktssyni:

„1) 2. gr. orðist svo: „Til þess að framkvæma ákvæði 1. gr. er innflytjendum heimilt að leggja verðjöfnunargjald á olíu og benzín, sem keypt er til landsins, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni, sem flytja þarf frá innflutningsstöðum til annarra sölustaða á landinu. Gjaldið skal greitt í sjóð, er sé í vörzlu innflytjenda.

Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um framkvæmd verðjöfnunarinnar og meðferð verðjöfnunarsjóðs.

2) 3. og 4. gr. falli niður.“

Þessi till. er of seint fram komin, og verður að líta á hana sem skriflega, þó að hún sé nú reyndar sama till. og hér var borin fram áður. Þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 788) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan minna hæstv. forseta á, að fyrir alllöngu var hér samþ. dagskrá, sem hæstv. forseti lýsti yfir að varla gæti komið til mála að bera upp, vegna þess að hún væri ekki sannleikanum samkvæm. Nú er hæstv. forseta kunnugt um, að af því, að sú dagskrá var samþ. hér, hafa orðið ýmiss konar vandræði í þjóðfélaginu, eins og allt af verður, þegar menn segja ekki satt. Nú vildi ég spyrja hæstv. forseta að því, hvort ekki sé tvöföld ástæða til þess að víkja frá þeirri dagskrá, sem hér liggur fyrir. Annars vegar felst í henni mikið af ósannindum, og hins vegar hefur verið gerð tilraun til þess að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá, sem var felld hér, og þessi dagskrá hér felur raunverulega ekkert í sér annað en tilraun til þess að vísa málinu frá á þennan hátt. — Vildi ég óska eftir að heyra álit forseta um það, hvort ekki sé réttara að vísa dagskrártill. frá.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég vil aðeins mótmæla því hjá hv. þm. Barð., að það felist nokkur ósannindi í þeirri dagskrá, sem ég hef borið hér fram. Þar er sagt frá staðreyndum, sem allar hafa verið rökstuddar, enda hefur hv. þm. Barð. ekki gert tilraun til að mótmæla einu einasta atriði, sem í dagskránni stendur. Hann hefur ekki andmælt dagskránni með einu orði, svo að þetta eru bara fullyrðingar hjá honum út í loftið. — Þessu vildi ég aðeins mótmæla.

Forseti (BSt): Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, þá er þess að gæta, að ég bar sem forseti upp þá till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég sem þm. taldi og tel enn að í fælust ósannindi að vísu. Það er deildarinnar að sjálfsögðu að skera úr því, hvort hún vill samþykkja ósannindi eða ekki, ef um ósannindi er að ræða. Það er ekki, að mér skilst, forsetans beint að ráða fyrir því, og er ekki yfirleitt gert ráð fyrir því í þingsköpum, að ósannindi séu samþykkt í Alþingi, og þar af leiðandi ekkert um það sagt, hvernig með skuli fara, ef till. um slíkt kemur fram. Ég tel því rétt að bera þessa dagskrártill. upp, en að sjálfsögðu meta hv. þdm. það, hvort þeir telja, að í henni felist ósannindi, og getur það þá haft áhrif á þeirra atkvæði.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 787 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, JJós.

nei: KK, LJóh, PZ, SÓÓ, StgrA, VH, GJ, HermJ, BSt.

Brtt. 788 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, GJ, GÍG, HG, JJós.

nei: StgrA, VH, BrB, FRV, HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, BSt.

Brtt. 778 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, JJós.

nei: KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, GJ, HermJ, BSt.

Frv. samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ, SÓÓ, StgrA, VH, BSt.

nei: BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, JJós, RÞ.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Í trausti þess, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. verði ekki hvikað frá þeim skuldbindingum um verðlækkun á olíu og benzíni, sem felast í samningi um lausn vinnudeilunnar í des. s. l., segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 791).

73. Búnaðarbankinn, byggingarsjóður verkamanna, lánadeild smáíbúðarhúsa o. fl.

Á 14. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um að breyta ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna og lánadeildar smáíbúðarhúsa í óafturkræf framlög [98. mál] (þmfrv., A. 126).

Á 15. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum fylgja úr hlaði frv. þessu á þskj. 126, sem ég er flm. að ásamt hv. 2. þm. S-M. og hv. 8. þm. Reykv. Frv. er till. um, að Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa verði gefin eftir nokkur lán, sem þessum stofnunum hafa verið veitt úr ríkissjóði eða af fé, sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður tæki við, þegar skilað yrði. Öllum þessum stofnunum er fjár vant. Allar hafa þær lánastarfsemi að sinna, sem ekki má niður falla. Enginn þeirra má við því að skila fénu, ef rétt er á litið. Að vísu var lánadeild smáíbúðarhúsa við fæðingu í fyrra ekki hugsað fyrir nema einu tillagi í eitt skipti og ef til vill ekki ætlaðir langir lífdagar, en því meiri nauðsyn er henni nú á að þurfa ekki að skila þessu fé, vegna þess að það hefur í ljós komið, að hlutverk hennar er nauðsynlegt, og því fer fjarri, að

hún hafi tæmt verkefni sín, enda hefur hæstv. ríkisstj. nú lagt fram frv. um heimild til að afla erlends láns handa deildinni.

Í raun og veru eru þessar stofnanir eins og myllur, sem verða alltaf að mala fyrir land og lýð. Ef vatnið er tekið af þeim eða þrýtur, þá hætta þær að hreyfast. Nú hafa þær alls ekki nóg aðstreymi af nýju vatni, þess vegna verður að mynda hringrás og láta sama vatnið óskert knýja þær áfram. Að því er stefnt með frv. Óafturkræf framlög eiga að vera viðvarandi og margendurnotað hreyfiafl. Búnaðarbanka Íslands er ætlað með lánveitingum sínum að aðstoða fyrst og fremst það fólk, sem er að nema landið, rækta það við sjó og í sveitum og byggja upp sveitir landsins. Landnám er dýrt og er gert að mjög miklu leyti fyrir komandi tíma. Þess vegna er bæði nauðsynlegt og eðlilegt, að lán til þess séu löng og vaxtalág.

Ræktunarsjóður Búnaðarbankans lánar aðallega til 20 ára gegn 2½% vöxtum og heimtir inn með jöfnum árgjöldum, sem leiðir af sér, að afborganirnar eru lægri framan af lánstímanum. Ríkissjóður hefur lánað ræktunarsjóði fyrst á árunum 1948—51 20 ára lán með 1½% vöxtum. Það lán er 9 millj. 875 þús. kr. Í öðru lagi lánað af gengishagnaði 1950 6874946.51 kr. með 2% ársvöxtum. Þetta lán á að endurgreiða á 20 árum með jöfnum afborgunum. Í þriðja lagi lán af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 7½ millj. með 5½% ársvöxtum. Þetta lán á að vera afborganalaust 3 fyrstu árin, en endurgreiðast síðan á 20 árum með jöfnum afborgunum. Í fjórða lagi hluta af landbúnaðarláni frá Alþjóðabankanum 1952, ca. 8 millj. 250 þús. með 4½% ársvöxtum auk ¾% lántökugjalds. Afborgunarlaust á þetta lán að vera fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 17 árum. Þessi ríkissjóðslán, bein og óbein, til ræktunarsjóðs eru samanlagt 32499946.51 kr. Augljóst er það, að ræktunarsjóður getur hvorki látið þau bera sig að vöxtum né afborgunum. Frv. gerir ráð fyrir, að hann verði látinn hafa tvö þeirra sem óafturkræf framlög, lánið af gengishagnaðinum frá 1950 og lánið af tekjuafganginum 1951, en það eru samtals 14374946.51 kr. Þegar þetta væri að lögum orðið, yrði nær lagi um hag ræktunarsjóðs og starfsemi hans á næstu árum.

Þá er byggingarsjóður Búnaðarbankans. Hann lánar til bygginga í sveitum til 42 ára með 2% ársvöxtum. Lán, sem ríkissjóður hefur veitt honum, eru: Vaxtalaust lán 1948 til 42 ára 4 millj. 797 þús. kr. Annað er gengishagnaðarlán 1950 með 4% vöxtum. Það á að endurgreiðast með hluta Búnaðarbankans af stóreignaskatti, og er upphæð þess 6874946.51 kr. Þriðja er lán af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951. Það er með 5½% ársvöxtum, afborganalaust í 3 ár, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum. Lánsupphæðin er 7½ milljón. Og fjórða lánið er hluti af landbúnaðarláni frá Alþjóðabankanum 1952, ca. 8 millj. 250 þús., vextir 4½%, lántökugjald ¾%. Það á að vera afborganalaust 3 fyrstu árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum afborgunum á 17 árum. Samtals eru lán þessi hjá byggingarsjóði ca. 27421946.51 kr. Engum manni getur dulizt, að byggingarsjóður er ósjálfbjarga með þessi lán og starfsemi hans sligast, ef ekkert er að gert. Frv. ætlast til, að tvö lánin, gengishagnaðarlánið og tekjuafgangslánið, verði óafturkræf framlög. Þau eru samtals 14374946.51 kr. Verður þá sjóðnum rekstur og útlánastarfsemi allmiklu björgulegri.

Veðdeild Búnaðarbankans fékk eina millj. króna að láni af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 með 5½% vöxtum til 20 ára jafnra afborgana. Hún lánar venjulega til 30 ára með 4½%. Allir geta séð, hvernig henni muni ganga að standa undir lántökunni hjá ríkissjóði. Frv. gerir ráð fyrir því, að þessi eina milljón hjá veðdeildinni verði óafturkræft framlag.

Svo er byggingarsjóður verkamanna. Byggingarsjóður þessi fékk gengishagnaðarlán 1950, 6874946.51 kr. með 4% vöxtum og á að skila því með hluta sínum af stóreignaskatti jafnharðan og hann kemur inn. Enn fremur fékk hann að láni af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 4 milljónir til 20 ára með 5½% vöxtum. Byggingarsjóður verkamanna lánar út til bygginga í kaupstöðum og bæjum lán til allt að 75 ára gegn 2% og vantar fé tilfinnanlega vegna húsnæðisvandræða á þessum stöðum. Frv. leggur til, að lán þau, er honum voru veitt af gengishagnaðinum og tekjuafganginum í fyrra, verði óafturkræf framlög. Þau gera samtals 10874946.51 kr.

Á lánadeild smáíbúðarhúsanna minntist ég áðan. Hennar stofnlán var 4 millj. kr. til 20 ára með 5½% vöxtum og á samkvæmt frv. að vera óendurkræft. Hún lánar út til 15 ára með 5½% vöxtum.

Samanlagðar eru þessar lánsupphæðir allar, sem í frv. er lagt til að gerðar verði óafturkræf framlög, 44124839.53 kr. auk ógreiddra vaxta af lánunum, en ekki veit ég, hvað þeir eru miklir nú áfallnir. Þessi upphæð, rúmlega 44 millj., er mikil upphæð, það skal ég játa. Þó mundi þessara milljóna ekki gæta mikið sem eyðslueyris hjá ríkissjóði árlega á afborgunartímanum. Þær mundu hverfa eins og dropar í hafi eyðslunnar og gleymast eins og étinn matur. En segjum, að þær yrðu ekki gerðar að eyðslueyri, heldur lagðar í nauðsynleg fyrirtæki, og þá vil ég spyrja: Eru nokkrar líkur til, að þær yrðu lagðar í nauðsynlegri fyrirtæki en þau, sem þær standa inni hjá nú? Er annað til, sem kallar meira að? Eða væri nokkurt vit í því fyrir ríkið að krenkja starfsemi þessara lánsstofnana nú með því að taka af þeim fé, láta þær bíða mikinn rekstrarhalla af vaxtagreiðslum og afborgunum og tæra upp af þeim sökum, verða svo að jafna það á eftir, að svo miklu leyti sem jafnað yrði, með ærnu gjaldi? Nei, það væru bágborin búhyggindi. Ég er raunar hissa á því nú, að þegar fé var upphaflega veitt, skyldi það ekki vera haft óendurkræft, svo augljóst mátti vera, að það gat ekki orðið að viðunandi notum sem lánsfé eftir reglum og verkefnum stofnanana. Það var stofnfé til eignar, óafturkræft fé, sem þessar stofnanir vantaði til þess að vera viðvarandi vatn á myllu sinni. Frv. er lagt fram til þess að ráða nokkra bót á þessu.

Ég leyfi mér að vænta þess, að frv. verði vel tekið, og legg til, að því verði vísað til hv. fjhn. að umræðu þessari lokinni.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér virðist vera um svo mikilsvert mál að ræða hérna, að mér þykir rétt að segja nokkur orð um það þegar við 1. umr., ekki sízt með tilliti til þess, að Alþfl. á engan fulltrúa í fjhn., sem ég vil gera ráð fyrir, að fái þetta mál til meðferðar. Annars skal ég segja það, að mig furðar á því, að hæstv. fjmrh. skuli ekki sýna sig í d., þegar þetta mál er borið hér fram, því að það er vissulega ekki neitt smáræði fyrir ríkissjóðinn, sem hér er um að ræða. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að af fé almennings, eignum ríkissjóðs séu um 45 millj. kr. gefnar ákveðnum stofnunum, þ. e. a. s. ráðstafað úr ríkissjóði, sem er sameign landsmanna allra, hvorki meira né minna en 45 millj. kr. sem gjöf til ákveðinna stofnana. Mér er að vísu ekki jafnvel kunnugt og að sjálfsögðu hæstv. fjmrh. og sennilega einnig hv. flm. þessa frv., sem eru samflokksmenn hæstv. fjmrh. og sjálfsagt hans ráðunautar í fjárhagsmálefnum ríkisins, um fjárhag ríkissjóðs, en ég þykist þó vita það, að fjárhagur ríkissjóðs sé ekki sá, að það skipti ekki miklu máli fyrir hann, hvort þetta er beinlínis gefið þessum ákveðnu stofnunum eða lagt fram sem lán, sem á að endurgreiðast með vöxtum, eins og til er sett. Ekki sízt virðist mér þetta augljóst, þegar þess er gætt, að á þessu Alþ., sem nú er fyrir skömmu byrjað, eru óskir frá hæstv. ríkisstj. bornar fram í frv.-formi um að fá heimild til lántöku innanlands eða utan, aðallega erlendis, sem skiptir mörgum milljónatugum, til áburðarverksmiðju, til lánsstofnana bænda, Búnaðarbankans eða ræktunarsjóðsins, til að fullgera virkjanirnar við Sog og Laxá og fleira, sem telja mætti. Ég skal fullkomlega viðurkenna það, að þær stofnanir, sem hér um ræðir, bæði Búnaðarbankinn, byggingarsjóður verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa, eru stofnanir, sem sjálfsagt er að styrkja, og það hefur líka verið gert. Sumar af þeim, eins og Búnaðarbankinn, hafa verið styrktar mjög rausnarlega fram að þessu, og liggja hér frammi allmargar till. um að auka starfsfé hans mjög verulega með beinum framlögum úr ríkissjóði og lánum, eins og mönnum er kunnugt.

Hv. frsm. sagði að vísu, að segja mætti, að hér væri um nokkuð miklar upphæðir að ræða, en þessa gætti nú ekki mikið í öllum þeim mikla mat, sem hér væri reiddur fram á Alþ. En furðuleg bjartsýni er nú þetta hjá hv. frsm., og nokkuð kveður við annan tón stundum. (Gripið fram í.) — Já, þegar skiptist á innborgunartíma, bætir hv. þm. við. Upphæðin er sú sama, þó að hún greiðist á nokkuð löngum tíma, og ýmsar þarfir munu án efa kalla að á því tímabili, áður en þær skuldir eru að fullu greiddar. Ég vil því mega vænta þess, að áður en þessu máli er ráðið til lykta, verði það gaumgæfilega athugað af þeirri n., sem fær það til meðferðar, og hún gangi eftir ýtarlegri skýrslu um fjárhag ríkisins í sambandi við þessa fáheyrðu ráðstöfun og jafnframt um, hvaða annað fé hefur í lánaformi í gegnum ríkissjóð verið veitt þessum stofnunum. Mundi þá verða óskað með fullri sanngirni, að þær yrðu látnar sæta sömu kjörum, veitt óafturkræft framlag í staðinn fyrir lán, því að hér er ekki upp talinn nema lítill hluti af því fé, sem ríkissjóður á þann hátt hefur lagt til ákveðinna stofnana. Og sé byrjað á þessu, þá má búast við því, að fleiri komi á eftir, sem eiga alveg sama réttinn, geta ætlazt til hins sama og hv. flm. gera ráð fyrir í sambandi við þessar stofnanir í þessu frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til við þessa umr. að taka sérstaklega fram annað en að sýna, að enn í þessu frv. kemur greinilega fram sú stefna hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að mismuna einstöku atvinnustéttum í landinu ákaflega greinilega. Það er gert ráð fyrir, að af þessum 47 millj. renni rösklega ⅔ til Búnaðarbankans eins, en ⅓ til stofnana, sem annast lánveitingar til íbúðarhúsa í þéttbýli. Það þarf ekki annað en bara að líta til fólksfjöldans á hverju þessara landssvæða um sig til þess að sjá, að í raun og veru, miðað við það, ætti hlutfallið að vera öfugt, því að það eru meira en ⅔ íbúa landsins, sem búa í kaupstöðum og kauptúnum landsins; það er minna en ⅓, sem býr á þeim svæðum, þar sem Búnaðarbankanum er sérstaklega ætlað að bæta úr fjárþörfinni og lánsþörfinni. — Ég skal sem sagt ekki hafa þessi orð mín fleiri við þessa umr. Ég vildi mega vænta þess, að þetta mál fengi hina ýtarlegustu athugun og að fjhn. gangi eftir því hjá hæstv. fjmrh., að glöggar skýrslur liggi fyrir, áður en frv. er afgreitt, um getu ríkissjóðs í þessu efni og hvers vænta megi um eftirköst, þ. e. a. s., hverjir koma á eftir og fara fram á það sama, ef farið er út á þá braut, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þó að aths. hv. 4. þm. Reykv. væru ekki meiri háttar, þá vil ég þó aðeins drepa á þær með nokkrum orðum og sýna, hve grunnt þær standa.

Hans aðalathugasemd var það, að með þessu frv. væri fé almennings tekið af honum og gefið til ákveðinna stofnana. Nú er mér spurn: Hverjir eiga þessar stofnanir, sem eiga að fá þarna óafturkræfu framlögin? Það er almenningur, sem á þessar stofnanir. Og þessar stofnanir á almenningur til þess að láta þær vinna með sér og hjálpa sér til að standa straum af búskap sínum í landinu, til sjávar og sveita, í bæ og sveit. Býst hv. 4. þm. Reykv. við því, að verkefni þessara stofnana þrjóti eða þeim verði lokið innan skamms? Býst hann við því? Nei, ég er viss um, að hann býst ekki við því. Og ég hugsa, að við athugun hljóti hann að komast að þeirri niðurstöðu, að fénu, sem almenningur hefur lagt í þessar stofnanir til þess að láta vinna þar með sér, er vel varið.

Þá benti hv. þm. á það sem rök, að enn kæmi það fram hjá stuðningsmönnum ríkisstj., að þeir vildu mismuna fólkinu í landinu, því að meiri hluti fjárins, sem um ræðir, færi til sveitanna. Hann nefndi hlutfallið af samanlögðum ræktunarsjóði og byggingarsjóði móti því, sem ætlað er til þess að hjálpa til húsabygginga í þéttbýlinu, og bar þau hlutföll saman. Hann taldi, að þetta væri rangt, jafnvel öfugt, vegna þess að fleiri byggju í bæ en sveit. En ef hann athugar þessi mál nánar og lítur á það, að verk-

efni byggingarsjóðs Búnaðarbankans er hliðstætt verkefni byggingarsjóðs verkamanna og lánadeildar smáíbúða, þá sér hann, að þær upphæðir eru jafnar. En ræktunarsjóður hefur önnur verkefni, og þess vegna má ekki hafa hann í hlutfallinu, eins og hv. þm. gerði. En hann mun svara því, að jafnvel þó að bara byggingarsjóðirnir séu bornir saman, þá eigi fólkið í bæjunum að fá þar stærra hlutfall, af því að það sé fleira en fólkið í sveitunum. En þá er á það að líta, að eins og hagar til í þjóðfélagi okkar nú, þá mun öllum geta komið saman um það, að það er æskilegra, að landnámið sé aukið í sveitunum heldur en í bæjunum. Þess vegna þarf að bjóða upp á meiri aðstoð til að byggja upp sveitirnar heldur en bæina. Hann spáði því og vakti athygli á því með áherzlu, að með þessu frv. gæti verið boðið upp á það, að fleiri, sem hefðu fé að láni frá ríkinu, teldu réttmætt, að þeir fengju það sem óafturkræft framlag. En ég hefði haft gaman af því, að þm. hefði bent á hliðstæður. Ég hugsa, að það séu ekki fullkomnar hliðstæður til. En séu þær til, þá lít ég svo á, að tillögur þeirra vegna væru líka réttmætar.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi, áður en mál þetta fer til athugunar í n., segja aðeins örfá orð, — þau verða mjög fá, — til þess að skýra málið að einhverju leyti, ef unnt er. Eins og menn vita, þá stóð von til þess, þegar byggingarsjóður og ræktunarsjóður fengu lán hjá ríkissjóði, að þeir sjóðir yrðu nægilega miklir til þess að lána út um óákveðinn tíma, langan tíma. En vegna breyt. á verðgildi peninganna urðu þessir peningar, sem ríkið lánaði byggingar- og ræktunarsjóði, ekki nema örlítill hluti þeirrar fjárhæðar, sem þurfti að lána, með vaxandi dýrtíð og vaxandi kostnaði við ræktun og byggingar. Síðan hefur þetta færzt í það horf, sem er eftirtektarvert og umhugsunarvert í sambandi við þetta mál, að það er tekið að lána byggingarsjóði og ræktunarsjóði peninga, sem stundum eru taldir eftir og stundum eru talin alveg sérstök hlunnindi fyrir byggingar- og ræktunarsjóðinn, en þetta eru 5½% lán. Ákaflega mikil hlunnindi held ég að hv. þm. þætti það, ef þeir fengju 5½% lán til 20 ára, en ættu svo að lána sömu peningana út með 2½% vöxtum allt upp í 42 ár. Haldið þið, að mönnum fyndist það ekki dásamleg hlunnindi, ef það fengist af hálfu ríkisins? M. ö. o., þegar það kom í ljós, að þessir sjóðir, sem þannig var til stofnað, að veitt voru ódýr lán af ríkisins hálfu, voru alls kostar ónógir, þá er byrjað að lána sjóðum, sem ríkið ætlar að styrkja og styðja, með 5½% vöxtum, en á þeim hvílir hins vegar sú kvöð að lána til allt að 42 ára og taka allt niður í 2½% vexti. Þetta vitanlega endar með því, sem er raunar einfalt dæmi, að sjóðirnir tærast upp á stuttum tíma með þessu móti, það liggur í hlutarins eðli og þarf ekki skýringa við. Nú er það þannig, að ríkissjóður er að reyna að útvega lán að nýju, að vísu ekki þessi ódýru lán, heldur 5½% lán eða 6% lán til sjóðanna, til þess að þeir geti lánað það út aftur með 2½%. Jafnhliða því, sem verið er að reyna að útvega þessi lán og alls kostar ósýnt, að það verði hægt að ná í þessi lán, þá skulda sjóðirnir núna um 3 millj., sem þeir eiga að fara að borga ríkinu, og þetta er á sama tíma sem verið er að neita bændum um að veita þeim lán út á framkvæmdir.

Menn eiga dálítið erfitt með að átta sig á því hér í þessu landi, engu síður þm. en aðrir, og þarf einkennilega oft að minna á það, að ekki aðeins hér í þessu landi, heldur er það alls staðar talið svo, eftir því sem ég bezt veit, að það er útilokað, að landbúnaðurinn geti nokkurn tíma staðið undir jafnvaxtaháum lánum og flestir aðrir atvinnuvegir. Þetta er atvinnuvegur, sem er víðast í vexti og þarf að leggja mikið í kostnað, og í annan stað er það vitað mál, að arður af landbúnaði, þó að hann sé öruggur, er lægri en af flestum öðrum atvinnugreinum. Það var t. d. ekki neitt einkennileg pólitík í augum þess ráðh., sem núna kom frá Luxembourg og stanzaði hér í nokkra daga og var að spyrja okkur hér eftir landbúnaði, — hann upplýsti okkur um það, að það lifðu 30% af þjóðinni á landbúnaði; þeir hafa iðnað, og það eru flest hráefnin flutt inn og meira að segja kol og koks sem nauðsynlegur aflgjafi; þeirra iðnaður stendur nú samt sem áður mjög vel, af því að þeir hafa það mikla og langa æfingu og eru framúrskarandi iðnaðarmenn, — það var ekkert einkennileg pólitík frá hans hendi, þegar hann sagði okkur það, að þeir borguðu á hverju ári, Luxembourgarmenn, sem eru helmingi fleiri en við, 150 millj. í styrki til bænda og enginn bóndi borgar skatt. Þeir töldu þetta alveg sjálfsagða pólitík og heppilega fyrir þá þar. Það þyrftu 30% af þjóðinni að vera við þessa atvinnugrein og þeir teldu það eðlilega og mjög skynsamlega ráðstöfun. Og svo mikið er víst, að þó að þeir reki þessa fjármálapólitík, sem ég er hræddur um að ýmsum hér mundi þykja einkennileg, þá standa þeir nú það vel í fjármálum, að þeir hafa ákaflega sterka utanríkisverzlun og eru mjög sterkir fjármálalega, þannig að þeir hafa enga þörf fyrir lán frá útlöndum í neinni mynd. Þessi pólitík er frá þeirra sjónarmiði, sagði hann, sjálfsögð, meðan aðrar atvinnugreinar standa þannig, að þær geti staðið undir því, því að ef við missum þennan litla landbúnað, sem við höfum, þá er þjóðin illa stödd. Það er ábyggilegt. Við getum vitanlega flutt inn mjög ódýrar landbúnaðarvörur. Það er ásókn um það frá Hollandi, en við gerum það alls ekki hér.

Við verðum að reka okkur á það í sambandi við umhugsunina um landbúnaðinn, hvort sem það er hér eða annars staðar, að hann gefur minni arð en aðrar atvinnugreinar. Hann gefur öruggan arð, og hann er ákaflega sterk undirstaða að ýmsu leyti fyrir okkar þjóðfélag, og með þeim huga verðum við að athuga þetta frv., sem hér liggur fyrir, og ég vil ekki heldur að fyrra bragði efast um, að það verði gert.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að ég á sæti í þeirri n., sem að líkindum fær þetta mál til athugunar, þá mun ég ekki ræða það mikið hér nú við 1. umr. og hefði raunverulega ekki tekið hér til máls, ef hæstv. landbrh. hefði ekki gefið tilefni til þess. En hann benti einmitt

nm. á, að þeim bæri að athuga það vel, þegar málið yrði afgreitt, að skoða frv. í því ljósi, sem hann sérstaklega undirstrikar í sínum orðum, þ. e., að sú stefna væri rétt að létta þessari byrði af landbúnaðinum, á meðan aðrir atvinnuvegir geti staðið undir því, eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur þegar minnzt á. Mér verður því á að spyrja eins og hv. 4. þm. Reykv.: Er það skoðun hæstv. ráðh., að aðrir atvinnuvegir í landinu geti staðið undir þessari byrði eða öðrum nýjum byrðum, sem á þá kunna að verða lagðar? Þetta er ekki sagt af neinni andúð við málið sjálft eða neinni andúð við landbúnaðarmálin, heldur vildi ég aðeins fá það fram hér, áður en málið er afgreitt í n., hvort hæstv. ráðh. er þeirrar skoðunar, að aðrir atvinnuvegir geti staðið undir þessari byrði og öðrum byrðum, sem kunna að fylgja því, að þetta frv. verði samþ. Það er kjarni málsins og því mjög nauðsynlegt, að n. fái um það vitneskju, hvað hæstv. ráðh. álítur í því atriði, úr því að hann óskar, að það sé einmitt þetta, sem sé haft að aðalsjónarmiði, þegar málið er afgreitt.

Hv. flm. frv. viðurkenndi einnig hér, að hann mundi að sjálfsögðu fylgja hverjum þeim till. hliðstæðum, ef þær kæmu fram á síðara stigi málsins, um aðstoð til annarra atvinnuvega, sem hægt væri að sýna og sanna að væru hliðstæðar þessu máli, — viðurkenndi það hér í sinni síðari ræðu, og einmitt út af því vildi ég einnig leyfa mér að benda á, að það er alveg hliðstætt, að það fé, sem hefur verið látið í stofnlánadeildina og lánað er út með 2½% og ég hygg að muni vera um 100 millj. kr., lúti sömu reglum. Það er komið á daginn nú, að einmitt þeir atvinnuvegir, sem hafa fengið það fé lánað, geta ekki staðið undir þeirri byrði, hvað þá undir annarri nýrri. Það liggur nú fyrir hjá sérstakri n., sem til þess hefur verið valin, að athuga, hvernig eigi að forða því, að atvinnutækin, sem veðbundin eru stofnlánadeildinni með 1. veðrétti og geta ekki staðið undir afborgunum af þeim lánum eða öðrum skuldum, verði seld á opinberu uppboði til lúkningar skuldum sínum, svo að viðkomandi bæjarfélög missi ekki þannig atvinnutækin. Ég hygg, að þetta sé skýrasta sönnunin fyrir því, að þessi atvinnugrein geti ekki staðið undir þeirri byrði, sem hér um ræðir, eða tekið á sig neina aðra nýja byrði, hvað svo sem líður skoðun hæstv. landbrh., því að ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki sent þetta mál til sérstakrar athugunar til þeirra manna, sem hún trúir sjálfsagt bezt til þess að rannsaka það, ef hún væri öll óskipt þeirrar skoðunar, að þessi atvinnuvegur gæti borið þessa byrði eða tekið á sig aðra nýja. Er þetta atriði því alveg hliðstætt, og mun ég því að sjálfsögðu athuga það mjög gaumgæfilega, eftir yfirlýsingu frá hv. 1. flm., að koma með brtt. um, að einnig þær 100 millj. kr., sem látnar voru í stofnlánadeildina, verði gefnar eftir. (Gripið fram í: Hvar voru þær fengnar að láni?) Hvar þær hafa verið fengnar að láni, breytir ekki málinu. Hitt er staðreynd, að sú stofnun verður einnig að lána út sitt fé með 2½%, og verður hún því að taka ný lán með 5½%, 6% eða 7% til þess að sinna áfram sömu verkefnum, a. m. k. fyrir þann hluta, sem hún fær ekki inn og er þegar fallinn til greiðslu, eins og vitað er um þær upphæðir, sem nú á að selja atvinnutækin fyrir, svo að það er alveg nákvæmlega hliðstætt.

Þá vil ég gjarnan einnig í sambandi við þetta leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um, hvort hann líti þá ekki svo á, að einnig þær 3 millj., sem voru látnar í Iðnaðarbankann, ættu að fylgja sömu reglu. Það er a. m. k. ekki upplýst enn, hvort iðnaðurinn þarf ekki á slíkri aðstoð að halda. Hitt er alveg víst, að þessi nýi banki, Iðnaðarbankinn, sem á að standa undir ákaflega merku hlutverki í landinu, er a. m. k. enn ekki eins fjársterkur og Búnaðarbankinn, og er þetta ekki sagt af andúð til Búnaðarbankans. Ég er aðeins að draga hér fram raunverulegar staðreyndir og ekkert annað. Ég minnist þess að vísu í fyrra, þegar rætt var um Iðnaðarbankann hér í þessari hv. d., að þá var hæstv. landbrh. mjög á móti því, að hann yrði stofnaður, en það sannar ekki, að bankinn sé ekki févana annars vegar og að hann hafi ekki merkum og miklum hlutverkum að gegna hins vegar.

Mér þótti aðeins rétt að láta þetta koma fram hér við umr., alveg sérstaklega vegna ummæla hæstv. ráðh., þar sem hann benti m. a. mér, sem á sæti í n., á það að afgreiða þetta mál með hliðsjón af þeim orðum, sem hann lét falla hér áðan.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það, sem ég sagði áðan, var það, að erlendur ráðamaður hefði sagt, að þeir mundu þar í landi halda áfram að borga allt að 150 millj. ísl. króna í beina styrki til bænda árlega, meðan aðrir atvinnuvegir stæðu undir því, og teldi það hyggilega fjármálapólitík. Þetta heimfæra tveir hv. alþm., sem hér hafa talað, upp á frv., sem hér liggur fyrir. Þeir spyrja um það, hvort eigi að greiða íslenzkum bændum svo og svo háar upphæðir, sem koma frá þjóðinni og þá frá öðrum atvinnugreinum, í styrki.

Ég vil vekja athygli á, að það er ekki verið að spyrja um það í þessu sambandi. Það, sem verið er að spyrja um, er það, hvort bændur eigi hér eins og alls staðar annars staðar að hafa lægri vexti en aðrar atvinnugreinar. Það er það, sem verið er að spyrja um, og það er ekkert hliðstætt við það, hvort það eigi að borga bændum svo og svo stórar fjárhæðir í bein fjárframlög, í meðgjöf með sinni framleiðslu. Og ég vil spyrja hv. alþm., sem hér hafa talað í þá átt, að það væri óþarft að bera þetta frv. fram, og komið þar með ýmsar mótbárur, sem ég skal minnast á, — ég vil spyrja þá að því, en ekki aðeins þá, sem hafa talað, heldur alla þá, sem eiga eftir að greiða atkv. um þetta frv., hvort þeir viti til þess, að það sé til nokkurt land hér nálægt okkur, þó að þau séu miklu betri landbúnaðarlönd en Ísland, að bændurnir þar greiði ekki langtum lægri vexti en nokkur önnur atvinnugrein. Ég vil gjarnan, að mér væri bent á þetta af einhverjum þm., ef það er svo í raun og veru, að bændur í einhverju nálægu landi greiði jafnháa vexti og aðrar atvinnugreinar. Ég minnist þess, að þegar tekið var að reyna að sjá fyrir því, að bændur greiddu hér lægri vexti en aðrar

atvinnugreinar, eins og mun vera annars staðar, þá höfðu t. d. Norðmenn komið því skipulagi á hjá sér áður. Og þegar við erum að ræða þetta, þá erum við ekki að ræða um bein fjárframlög frá ríkinu; við erum að ræða um það, hvort íslenzkir bændur eigi að þessu leyti að búa við sömu kjör eins og stéttarbræður þeirra annars staðar, sem þó búa í löndum, sem eru betri landbúnaðarlönd en Ísland. Það er þetta, sem málið raunverulega snýst um. Þó að þau rök, sem ég bar hér fram fyrir því, að sjóðirnir, sem Búnaðarbankinn hefur yfir að ráða, mundu eyðast, ef sjóðirnir héldu áfram að taka lán með háum vöxtum og lánuðu með lágum vöxtum, væru notuð í rökum andstæðinganna á annan hátt en leyfilegt er, og þarf ekki að svara því, þá hlýtur það að liggja í augum uppi fyrir þá, sem vilja taka þessum rökum rétt, að um leið og sjóðirnir eiga að greiða til baka með vöxtum til ríkisins þá sjóði, sem upphaflega var álitið að mundu verða nægilegir til þess að veita bændum lán með lágum vöxtum, eða nánar tiltekið 2½%, — um leið og sjóðirnir byrja að ekki aðeins endurgreiða þetta, heldur taka á sig í vaxandi mæli vaxtamun á 5½% stuttum lánum og útlánum aftur, sem eru 2½% og allt upp í 42 ár, þá er útilokað, að sjóðirnir geti gert þetta, þeir étast upp, og þeir geta ekki veitt bændum þau lán, sem ætlazt var til með löggjöfinni, sem um sjóðina var sett. Og ég vil nú aftur spyrja, og ég álít, að sú spurning sýni fram á, að hér er ekki verið að fara með neina fjarstæðu: Vill einhver af hv. alþm. — það getur verið, að það sé af vanþekkingu minni — benda mér á einhverja sjóði eða einhverjar lánsstofnanir, sem lögð er sú kvöð á herðar að taka lán með háum vöxtum og til stutts tíma og lána út aftur á þennan hátt? Í hvaða atvinnugrein er þetta? Til dæmis er það þannig með stofnlánadeildina, að hún fær sín lán með 2½% vöxtum, eða er það ekki rétt? Ég fullyrði það, og ég vil biðja hv. þm. að athuga þetta gaumgæfilega, að það er hvergi til, að atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn, sem yfirleitt er að vísu hér stórtækur í töpum og gróða, búi við hagkvæmari vaxtakjör en landbúnaðurinn. Það er ekki hægt að búa við þá reginfjarstæðu að láta sjóð, sem átti að lána út peninga til framleiðslu og til þess að koma upp nýjum atvinnutækjum, búa við lakari vaxtakjör en þau, sem hann lánar út með. Við verðum þess vegna að horfast í augu við það, að eftir að búið var að veita ræktunarsjóði og byggingarsjóði tvö lán til stutts tíma með háum vöxtum, sem var talið að mundi vera óþarfi, þegar sjóðirnir voru stofnaðir í upphafi, — það var talið, að það framlag, sem lagt var til sjóðanna, mundi verða nægilegt, — og nú er í aðsigi að taka þriðja lánið með háum vöxtum og til stutts tíma, og sjóðunum er lagt það á herðar að lána þetta út aftur á þann hátt, sem ég hef margtekið fram, þá er verið að eyða sjóðunum, og það er það, sem menn verða að gera sér ljóst, hvort þeir vilja eða vilja ekki.

Seinasta búnaðarþing og fundur Stéttarsambands bænda gerðu ályktun um þetta, því að þau tóku eftir því, að það var ekki spurning um það, hvort bændur fengju 2½% lán framvegis, það var bara spurningin um, hvort á að loka sjóðunum eftir stuttan tíma með því að halda áfram þessari pólitík. Til dæmis getum við allir, sem hugsum um íslenzkan landbúnað, ekki horft þegjandi á það, að það er ekki hægt að lána núna út á eðlilegar framkvæmdir og umbætur í landbúnaði, og er hver eftir annan rekinn til baka út af því, og á sama tíma standa sjóðirnir í 3 millj. kr. skuld við ríkissjóð, sem þeir geta ekki staðið skil á. Er hægt að horfa á þessa pólitík áfram? Og er hægt að reka þá pólitík gagnvart íslenzkum landbúnaði að láta hann borga hærri vexti en landbúnaður borgar annars staðar? Ég efast um, að menn almennt hafi á sama hátt og Stéttarsambandið og Búnaðarfélagið gert sér þetta ljóst, og ég vil bæta því við þetta, sem ég hef sagt, að ég hef einmitt vegna áskorana Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins látið reikna út, hvað langan tíma það tekur, að sjóðirnir eyðist með þessu móti. Sá útreikningur liggur fyrir, og sjálfsagt getur n., sem fer með þessi mál, fengið yfirlit yfir það.

Við skulum gera okkur það alveg ljóst, að þessari stefnu er ekki hægt að halda áfram, ef á að veita íslenzkum landbúnaði lán í framtíðinni. Og hverjar aðrar atvinnugreinar geta staðið undir slíku? Þegar talað er um þetta eða hitt, sem gert er fyrir eina eða aðra atvinnugrein, þá er það nú sannast að segja nokkuð teygjanlegt reikningsdæmi, og ég ætla nú ekki að fara að rekja það hér. En ég vil aðeins minna á það, að við mundum æði oft þurfa að spyrja sjálfa okkur svona á þessu þingi og mundum hafa þurft að spyrja okkur á undanförnum þingum, ef við hefðum alltaf hugsað þannig. Þegar eitthvað hefur komið fyrir sjávarútveginn, þá vitum við það, að enginn okkar hefur séð eftir nokkrum tugum milljóna, sem lagðar hafa verið fram til þess að koma í veg fyrir það, að þessi atvinnugrein stöðvaðist, og sú upptalning yrði æði löng, ef við ættum að byrja á að telja það allt saman upp, svo að það yrði ekki milljónatugir, heldur yrði það nú eitthvað meira en tugir milljóna. Og þetta stafar af því, að ég held, að við höfum lagt spurninguna miklu réttar fyrir okkur heldur en hún er lögð hér fram í þessari hv. d. Við höfum spurt sjálfa okkur að því, þegar þurft hefur að halda jafnvægi milli íslenzkra atvinnugreina og ein atvinnugreinin hefur verið verr stödd en önnur, eins og þarna liggur fyrir að verður, ef sjóðurinn er látinn eyðast upp, — þá höfum við spurt okkur að því, hvort við hefðum efni á því að láta þróunina í einni atvinnugrein stöðvast. Þannig höfum við spurt, þegar við höfum verið að tala um aðrar atvinnugreinar. Þegar við settum lögin um bátagjaldeyrinn, — við vitum ósköp vel, að hann er tekinn úr vasa almennings, hann er tekinn af almannafé, ef við viljum orða það svo, nokkrir tugir milljóna á ári, — þá spurðum við ekki að því: Hafa aðrar atvinnugreinar efni á þessu? Hefur fólkið efni á að borga þetta? Eða þegar uppbætur eru borgaðar á fiskframleiðsluna, eins og aðrir hafa viljað gera, þá hefur ekki verið spurt um þetta, heldur hefur verið spurt að því: Höfum við efni á því að láta bátaflotann stöðvast? Þannig hefur spurningin verið lögð fyrir, og ég vil biðja hv. alþm. að spyrja á svipaðan hátt, þegar þeir hugsa þetta

mál og ræða það: Höfum við efni á því að láta þá þróun, sem nú er að gerast í íslenzkum landbúnaði, — þróun, sem lofar miklu, — hefur þjóðin efni á því að láta hana stöðvast með því að veita íslenzkum landbúnaði lakari vaxtakjör en landbúnaði annars staðar í þeim löndum, sem þó er betra að búa í? Það er fyrirsjáanlegt, að ef sjóðirnir verða látnir étast upp á þennan hátt, sem ég hef nú margendurtekið, þá vofir ekkert annað yfir en þetta, og það er það, sem verið er að reyna að fyrirbyggja með þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. á þessu stigi málsins neitt að ráði. Hv. frsm. sagði, að það væri rangmæli, skildist mér, að ef þetta frv. yrði að l., þá væri gefið af almenningseign til sérstakrar stofnunar. Og skýring hans á þessum ummælum hans var sú, að þær stofnanir, sem hér væri um að ræða, væru sjálfar almenningseign, þannig að það væri í raun og veru bara að færa það úr öðrum vasanum í hinn. Það má að vísu segja um margar efnahagstiltektir, að það sé verið að færa úr öðrum vasanum í hinn. En svo stendur á með þessar stofnanir, sem hér er um að ræða, að Búnaðarbankinn telst að vísu eign ríkissjóðs, en hann starfar eftir ákveðnum lögum og reglum. Honum er ætlað það sérstaka hlutverk að styrkja og styðja með lánsfé og á annan hátt bændastéttina í landinu til síns atvinnurekstrar. Allt það fé, sem honum er lagt af ríkissjóði, kemur því fram sem beinn stuðningur við þá, sem skipti hafa við bankann, gjöf til þeirra atvinnustétta, sem hafa skipti við hann, svo framarlega sem bankinn leggur ekki þetta fé á sparisjóði til þess síðar að nota það og þá væntanlega í þessu sama augnamiði. Þetta er líka alveg augljóst og þarf ekki um að deila, lesi menn greinargerð frv. og líti á mál þeirra, sem hafa mælt hér fyrir því. Tilgangurinn með þessu frv. er að tryggja það, að lán til bænda þurfi ekki að vera með hærri vöxtum eða verri kjörum en nú er, þ. e. a. s., að vaxtakjör geti orðið á þeim tilteknu lánum, sem um er að ræða, milli 2 og 2½%, hvað sem líður þeim vöxtum, sem aðrir landsmenn eiga að borga. Og það er vitaskuld það, sem skiptir máli í þessu sambandi. Það er mjög æskilegt þrátt fyrir vaxtahækkun erlendis og stórfellda vaxtahækkun hér innanlands almennt að geta haldið óbreyttum vöxtum á langs tíma lánum til bænda, ég skal játa það. Menn verða bara að gera sér grein fyrir því: Er það réttlætanlegt, þegar litið er til annarra íbúa þessa lands, sem líka þurfa á lánsfé að halda og stuðningi við sinn atvinnurekstur. Með þessu er í raun og veru verið að gefa Búnaðarbankanum, þ. e. þeim landsmönnum, sem hann sér fyrir starfsfé, af almenningseign, af fé allra landsmanna. Það er því fullkomlega rétt, sem ég áðan sagði, að hér er verið að gera ráðstafanir til að gefa af almenningseign til takmarkaðs hóps landsmanna.

Hv. frsm. sagði einnig, að það mundi verða erfitt að finna hliðstæður, benda á, að önnur fjárframlög, sem ríkissjóður hafi veitt, ættu eftir eðli sínu að hlíta sömu reglum og gert er ráð fyrir um þau framlög, sem fjallað er um í frv. Ég held, að það sé ósköp fljótlegt að finna hliðstæðu í því efni. Hér fyrir þessu hv. Alþingi liggur frv. á þskj. 5, — 5. mál í Nd., — þar sem ríkisstj. er heimilað að taka að láni 22 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt, endurlána þetta fé til stofnlánadeilda Búnaðarbankans, byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, með sömu kjörum og það er tekið, þ. e. a. s. með hærri vöxtum en þessar deildir taka af sínum viðskiptamönnum. Ég gæti tekið ótal fleiri dæmi, ef ég hefði tíma til. Ég held þetta nægi fyrir hv. flm. í bili. Þetta hefur þó verið borið fram af hæstv. ríkisstj. í hv. Nd. núna á þessu þingi. Það stendur nákvæmlega eins á með þetta lán. Hæstv. ráðh. sagði áðan: Hvaða vit er í því, að stofnun sé að taka lán með 5% og lána út með 2½%, sjóðirnir tæmast fljótlega á því. — Og það getur verið, að þetta verði líka. Er ekki sjálfsagt að fara sömu leiðina, — er ekki bezt fyrir okkur að fresta afgreiðslu þessa máls? (**Landbrh.:** Það þarf fé til að standa undir þessu). Ja, gerir það það? Það var nú það, sem ég var að benda á áðan, að það þyrfti fé til að standa undir þessu, nema ríkissjóður taki þetta á sig. Nú á náttúrlega Búnaðarbankinn sem betur fer töluvert gilda varasjóði, sem hann hefur safnað sér með skynsamlegri starfsemi, opinberum framlögum og eðlilegum rekstrarhagnaði, þannig að hann getur mætt töluverðu af þessu. En það stendur nákvæmlega eins á um þetta frv., sem hér er um að ræða, eins og t. d. um frv., sem ég minntist á áðan. Það eru mýmörg mál önnur, sem svipað má um segja, eins og hv. flm. mætavel veit; þetta er bara byrjunin. Og svo halda menn áfram, ekki með kröfur fyrir landbúnaðinn væntanlega, heldur einnig vegna annarra atvinnugreina.

Ég skal ekki karpa við hv. frsm. um, hvort þetta sé heppilegt eða eðlilegt að miða hlutföll framlaga úr ríkissjóði við íbúatölu í kaupstöðum og í sveitum. Ég benti bara á þetta sem eitt atriði, sem kæmi til greina í sambandi við það, sem ég hef áður sagt. Ég vil engu slá föstu um það efni. En það eitt sýnir þó, hversu ákaflega fjarri fer því í ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. og tillögum þessara manna, að tillit sé tekið til fólksfjöldans, því að þau hlutföll, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að verði mörkuð, eru alveg öfug að því er fólksfjölda viðkemur í þessu tilliti.

Hæstv. landbrh. gaf hér mjög fróðlegar og mikilsverðar upplýsingar, sem ég er honum þakklátur fyrir. Hann upplýsti, að ríkisstjórn Luxembourg-búa væri nú bændum velviljuð, þeir legðu fram hvorki meira né minna en 150 millj. kr. á ári sem bein framlög og styrki til bænda og þeirra stofnana og til viðbótar væri svo enginn bóndi þar í landi, sem borgaði nokkurn skatt. Það virðist ekki vera amalegt að búa í Luxembourg, — ég verð bara að segja það. Það er fjarri mér að vilja vefengja þessar upplýsingar hæstv. ráðh., þó að ég hafi nú örlitlar efasemdir um, að það sé allur sannleikurinn sagður. Ég vil ekkert draga í efa, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. segir, en að allur sannleikurinn sé sagður með þessu, verð ég því miður mjög að draga í efa. —

En svo kom framhaldið hjá hæstv. ráðh. Hann sagði, að þrátt fyrir þetta stæðu þeir sig mjög vel í fjármálum, geta þeirra í þeim efnum væri svo mikil, að þeir þyrftu ekki á neinum erlendum lánum að halda. Þetta var skýringin á þessari rausn, að fjárhagurinn væri svona góður og þeir hefðu það nægilegt fé innanlands, að þeir þyrftu ekki að leita til útlanda til að fá lán í þessu skyni, eins og bent er á að þurfi jafnvel að gera hér. En er nú víst, að við getum það sama í þessu efni eins og Luxembourg-búar, úr því að við erum stórskuldugir innanlands og utan og þurfum að sækja mikið af okkar starfsfé árlega til útlanda sem lán? Mér finnst, að ekki sé hægt að loka augunum fyrir þessum stórfellda aðstöðumun, ef maður ber saman við Luxembourg eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hefur veitt. Svo kom loksins lokasetningin hjá hæstv. ráðherra, sem ég er honum mjög þakklátur fyrir. Hann sagði, að sá ráðh., sem hér var á ferð og hann ræddi við um þessi mál, hefði sagt honum, að þetta væri mjög vel ráðið og menn teldu þetta yfirleitt hyggilegt fyrir Luxembourg, meðan aðrir atvinnuvegir geta staðið undir þessu. Þá komum við að því, sem er kjarni málsins í þessu efni: Eru aðrir atvinnuvegir í landinu svo á vegi staddir, að þeir geti lagt fram það fé, sem hér er farið fram á til stuðnings landbúnaðinum? Er sjávarútvegurinn þannig staddur, að hann geti það? Er iðnaðurinn þannig staddur, að hann geti það? Og hverjir aðrir atvinnuvegir gera það, ef þeir geta það ekki? Það var það, sem ég óskaði eftir í minni fyrri ræðu að hv. fjhn. gæti gefið svör við eða hæstv. fjmrh., áður en málið kemur til afgreiðslu hér í d. — Sé ég sannfærður um það, að aðrir atvinnuvegir geti staðið undir þessu og fjárhagur ríkisins sé svo góður, að þetta sé eðlileg ráðstöfun með tilliti til hags alls almennings, ekki bara með tilliti til bænda og óska þeirra, þá mun ég vera með þessu. Séu aftur upplýsingarnar á annan veg, þá er að taka því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að benda á tvö eða þrjú atriði í sambandi við þetta, sem eiginlega hafa ekki komið fram í umr. Ég vil fyrst minna á það, að hér var á árunum ráð, — ég man nú ekki, hvort það hét „nýsköpunarráð“ eða „nýbyggingarráð“, — sem var til húsa hérna niðri í Tjarnargötunni, uppi á lofti þar. Þetta ráð athugaði m. a. þörf landbúnaðarins íslenzka fyrir stofnlán og kom með frv. inn í þingið, þar sem mælt var fyrir, að leggja skyldi ræktunarsjóði ½ millj. kr. árlega í 10 ár og byggingarsjóði 2 millj. kr. árlega í 10 ár. Sex ár af þessu eru liðin. Þessar áætlanir, sem ég nú aldrei sá, en þetta var byggt á, munu hafa byggzt á því verðlagi, sem þá var, og því gengi, sem þá var, og þörf til þess að endurbyggja bæi á Íslandi í sveitum og þörf á að auka ræktað land í sveitum með því verðlagi, sem þá var. Jafnframt var viðurkennt af þeim og þeirri ríkisstjórn, sem hér sat þá, og af öllu Alþ., — því að það var enginn ágreiningur um þetta frv. á Alþ., — að það væri nauðsynlegt, að það opinbera sæi fyrir stofnfé í þessar lánsstofnanir. Nú vil ég biðja nefndina að fá þessa grg., sem þetta frv. hefur verið byggt á, og aðgæta, hvað þær 2 millj., sem þá voru ætlaðar byggingarsjóðnum, mundu hrökkva núna til þess að fullnægja þeim þörfum, sem allt Alþ. þá var sammála um að ætti að fullnægja, og hvort þessi ½ millj., sem þá átti að nægja á ári til að rækta fyrir, hrökkvi langt nú til að framkvæma sömu jarðabætur sem allt Alþingi taldi að ætti að gera ár hvert og til átti að lána ½ millj. kr. Allt Alþ. var sammála um að gera þetta samkv. útreikningi þessarar nefndar, — ég held það hafi nú verið kallað „nýsköpunarráð“, ég man það ekki, því að það átti að skapa, en ekki svona gefa almenn ákvæði. (**Dómsmrh.:** Var það góð nefnd?) Það má nú deila um það sjálfsagt eins og öll mannanna verk. Það gerði margt. Það kann að hafa gert eitthvað gott, þó að það hafi ekki gert allt gott. En í þessu tilfelli ákvað það, að lánsupphæðin þyrfti að vera ½ millj. til ræktunarsjóðs, 2 millj. til byggingarsjóðs, þá væri fullnægt eðlilegri þróun. Nú bið ég fjhn. um að athuga, hvað þessar tölur þurfa að vera háar núna. Allt Alþ. var sammála um, að þetta ætti að gera þá; hvað þarf núna háar tölur til þess að geta gert það sama? 4. þm. Reykv., sem var mjög með þessu þá og þetta vildi gera þá, hvað þarf mikið núna til að gera það sama? Hann mun telja vafalaust, að það þurfi að gera það sama enn þá eins og þurfti að gera þá, og hvað þarf þá mikla peninga til þess? Ég er ekki í neinum vafa um það, að hann er ekki búinn að breyta neitt um skoðun um það, að ríkissjóður eigi enn þá að leggja fram stofnfé til að lána, alveg eins og hann vildi þá, og hvað þarf þá mikla peninga í það?

Í öðru lagi vildi ég benda 4. þm. Reykv. á það, að hann er sjálfur flm. að frv. til l. á þskj. 137, þar sem er ætlazt til, að ríkissjóður ábyrgist sölu á 30 millj. kr. skuldabréfum handa verkamannabústöðunum og kaupi sjálfur skuldabréf fyrir 4½ millj. Hann sér ástæðu til þess, að ríkið sjálft leggi nú þarna fram stofnfé; það á að ábyrgjast sölu á bréfunum, ábyrgjast söluna og taka sumt af þeim sjálft. Hvað er það nú, sem hér er gert með því frv., sem fyrir liggur á þskj. 125? Það er að láta verkamannabústaðina hafa það, sem þeir þegar hafa fengið að láni. Það er verið að fullnægja að nokkru leyti frv., sem þm. sjálfur flytur og er 105. mál á þskj. 137. En þegar aðrir tala um það heldur en hann sjálfur, þá er ekki hægt að vera með því.

Það var sérstaklega þetta: Það eru eftir núna 4 ár af þeim tíma, sem ríkissjóður á að leggja fram 2 millj. í byggingarsjóðinn og 500 þús. í ræktunarsjóðinn. Það var viðurkennt af öllum alþm., hverjum einasta, sem sat á þingi, þegar álitið var hæfilegt að leggja þetta fram, til þess að þá fengjust hæfilega miklar framkvæmdir og hæfilega yrði byggt upp í sveitunum. Ég spyr þá sömu alþm., sem voru með því þá: Hvað þarf mikið fé núna til að gera þetta, sem 2 millj. kr. þurfti til þá í íbúðarhúsabyggingar og ½ milljón í ræktunarframkvæmdir?

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Við hv. þm. N-M. vil ég segja það, að frv. um verkamannabústaði, sem lagt er fram af okkur Al-

þýðuflokksmönnum í deildinni, er alveg sama eðlis og hliðstætt því frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram um lántökuheimild vegna starfsemi Búnaðarbankans og ég drap á áðan, þannig að það er eðlilegt, að það væru þau tvö frv., annað til þess að taka lánið í útlöndum handa Búnaðarbankanum, en annað til þess að aðstoða við sölu á skuldabréfum samkv. frv.

Hæstv. landbrh. sagði alveg réttilega, að það lægi í augum uppi, að ef sjóður ætti samkv. lögum að lána fé til langs tíma með lágum vöxtum, en taka að láni starfsfé sitt til skamms tíma með háum vöxtum, þá hlyti sjóðurinn að lenda í þroti. Almennt skoðað og tekið út af fyrir sig er þetta rétt hjá hæstv. ráðh. Það er að vísu barnalærdómur, sem okkur ætti að vera kunnur og er því óþarft að vera að endurtaka, en þetta er vissulega rétt. En það er fleira, sem til athugunar kemur í þessu sambandi, — fyrst það, sem ég áðan benti á: Þegar lánsfé er orðið dýrara, sem það er og verður ár frá ári, er þá mögulegt að halda þessum vöxtum óbreyttum, ekki bara til landbúnaðarins, heldur vöxtum yfirleitt? Og vaxtakjörin almennt í landinu hafa verið hækkuð núna á seinni árum, eins og hæstv. ráðh. er allra manna bezt kunnugt um. En í öðru lagi og það, sem snertir alveg sérstaklega þetta mál, sem hér er til umræðu, er það, að það kemur fleira til greina heldur en bara útlendu lánin og þessi lögbundnu lágu lán í starfsemi Búnaðarbankans. Það, sem fyrst og fremst kemur til greina, er að sjálfsögðu hlutfallið milli eigin fjár stofnunarinnar, sem hún hefur fengið sumpart sem framlag og sumpart sem arð af sinni starfsemi, og hinna dýru lána, sem tekin eru erlendis. Og við vitum það allir hér, að Búnaðarbankinn hefur safnað sér það gildum sjóðum á undanförnum árum, að hann gæti með þeim mætt verulegum hluta af þessum halla. Ég hef ekki tölur í höfðinu til þess að sýna, hve miklu þetta nemur, en það er einfalt rannsóknaratriði, sem nefndin að sjálfsögðu getur tekið upp. En sé það svo, eins og hæstv. ráðh. virtist láta liggja að í ræðu sinni, að það sé komið að því marki, að bankinn geti ekki staðið undir þessu lengur, þá furðar mig á því, að hann sjálfur skuli bera fram frv. á þessu þingi um að auka þessa svikamyllu með því að leggja á bankann að taka 5½% lán og lána með 2½% vöxtum. Ég tel þetta frv. óræka sönnun þess, að hæstv. ráðh. líti svo á, að hagur bankans sé það góður enn, að ekki sé að þessu komið, því að annars dytti honum sjálfum ekki í hug að bera fram slíkt frv. sem það, er ég nú nefndi og hann hefur borið fram í hv. deild; það er augljóst mál. Auk þess kemur að sjálfsögðu til greina hjá Búnaðarbankanum, að hann ávaxtar mikið af sínu fé í dýrum lánum, jafndýrum og hinir bankarnir gera. Og verulegur hluti af hans starfsfé er þannig ávaxtað og getur mætt þessu. Ég bendi á þetta, því að þetta eru mikilsverð atriði, bæði þessi önnur störf bankans og það eigið fé, sem hann er búinn að safna.

Hæstv. ráðh. bar fram nokkrar kennisetningar hér, sem kannske líta nógu vel út, en eru þó varhugaverðar. Hann spurði, hvort við hefðum efni á því að láta hjól landbúnaðarins stöðvast. Ég get svarað því fyrir mitt leyti, að ég álít, að við höfum það ekki. En ég vil þá svara því einnig, að við höfum alls ekki efni á því, að aðrar atvinnugreinar, eins og sjávarútvegurinn og iðnaðurinn, stöðvist, hvort það er heldur fyrir það, að þeir búi ekki við nógu ódýr vaxtakjör eða búið sé að þeim af opinberri hálfu þannig, að þeirra þroskaskilyrði séu skert. Og það hygg ég að hæstv. ráðh. hljóti að vera mér sammála um. Ég fæ ekki betur séð en að fyllstu athygli þurfi að beita, áður en þeirra hlutur er þyngdur frá því, sem nú er, til þess að styrkja landbúnaðinn, — ég segi það alveg hreinskilnislega. Auk þess er svo þess að gæta, sem ég veit að hv. flutningsmönnum þessa frv. er mætavel ljóst, — ég er ekki viss um, að hæstv. ráðh. sé það jafnvel ljóst, að sá stuðningur, sem gert er ráð fyrir að bændastéttinni sé veittur með samþykkt þessa frv., er ekki svipað því eins mikilsverður og annar stuðningur, sem miklu meira aðkallandi væri fyrir bændastéttina, því að vaxtagreiðslur landbúnaðarins eru ekki sá baggi, sem erfiðast mundi þeirri stétt að hreinsa sig af, fjarri því. Væru menn spurðir að því nú, hverjir væru erfiðleikar bændastéttarinnar og landbúnaðarins, þá mundi enginn maður með heilbrigða skynsemi svara, að það væru of dýr vaxtakjör. Þeir mundu svara því, að það væru erfiðleikarnir á því að selja framleiðslu sína, sem væru framar öðru vandræði landbúnaðarins, að ostarnir hrúgist upp óseldir og smjörið einnig, vegna þess að aðrar stéttir í landinu hafa ekki efni á að kaupa þessar góðu vörur. Mikilsverðasta sporið fyrir bændastéttina er að tryggja sölu og afurðaverð. Meðan ekki er hægt að ganga svo frá því, að hægt sé að afla þeim markaða erlendis, þá er þörf fyrir að gera ráðstafanir til þess, að innlendi markaðurinn glatist ekki, þ. e. að tryggja atvinnu og lífskjör þess fólks, sem býr í sveitum, þorpum og kauptúnum og kaupstöðum, þannig að það geti keypt framleiðsluvörur bændanna. Það er höfuðatriðið, en ekki hvort vextir, sem þeir borga, eru ½% hærri eða lægri.

Ég veit, að flutningsmönnum þessa frv. er þetta fullljóst. Ég vildi mega vona, að hæstv. ríkisstj. væri það ljóst. Öruggasti og eini einhlíti stuðningurinn við bændastéttina er sá, að markaðsskilyrði hennar og möguleikar séu gerðir tryggir og öruggir. Og því miður verð ég að játa það, að í þessum efnum hefur hæstv. ríkisstj. brugðizt málstað bændanna, eins og núverandi ástand ljóslega og glögglega sannar. Vilji þess vegna hv. flutningsmenn þessa frv. og hæstv. landbrh. virkilega gera ráðstafanir, sem hald er í, eru öruggar og trygging í fyrir landbúnaðinn, þá eiga þeir að snúa sér að því að tryggja atvinnulífið í kaupstöðum og kauptúnum, svo að þar sé opinn og greiður markaður fyrir söluvörur bænda.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er óþarfi að lengja þessar umr. frekar, því að það liggur nú alveg ljóst fyrir, sem ég er að reyna að koma til vegar að kæmi greinilega fram, að þar sem þurft hefur að bæta við byggingarsjóð og ræktunarsjóð með dýrum vöxtum fé, sem var búizt við að ekki þyrfti að bæta við þá áður með svona kjörum, þá hafa þessi lán

þær afleiðingar, að sjóðirnir eyðast, eins og kom sérstaklega fram hér hjá hv. 4. þm. Reykv. Þá er ekki nema um tvennt að ræða, að það verða engir peningar til þess að lána íslenzkum landbúnaði eða að það verður að hækka vextina stórlega, til þess að sjóðirnir eyðist ekki. Núna stendur þannig á, að bankinn hefur peninga til þess að lána í framkvæmdir, sem eru gerðar í ár, en enga peninga til þess að lána í framkvæmdir þriggja seinustu ára, sem bændur koma með núna og þurfa að fá lán út á. Og það er rétt fyrir hv. þd. að athuga það, að þetta er svona þrátt fyrir það, að lánapólitík bankans er viðurkennd af öllum innlendum og erlendum sérfræðingum það „konservatív" í þeim tilgangi að geta lánað sem flestum, að það er lánaður minni hluti af framkvæmdum bænda heldur en er lánað í framkvæmdir nokkurra annarra, eins og menn sjá, þegar lánað er núna sem hámark 60 þús. út á íbúðarhús í sveitum og í samræmi við það út á aðrar framkvæmdir. Þrátt fyrir það að lánapólitíkin sé eins og ég hef lýst, þá stendur dæmið svo, að við höfum enga peninga til að lána, en eigum að fara að borga 3 millj. í skuldum, sem ríkið taldi að fært væri að leggja á sjóðina að greiða. Það hefur verið, þegar til kom, þessi nýja lánapólitík, sem hefur orðið að reka fyrir sjóðina, til þess að þeir gætu haft fé í bráð til þess að lána út, en hefnir sín á allan hátt.

Ég skal ekkert fara að hefja alveg almennar umr. hér um stefnu stjórnarinnar, þó að tilefni gæfust til þess. En ég vil aðeins benda á það, að þó að séu lánaðar út svona miklar upphæðir, að lánsupphæðin er aðeins lítill hluti af kostnaðinum við framkvæmdina, þá kannske getur það skýrt málið fyrir einhverjum, ef við hugsum okkur, að bóndi taki 60 þús. að láni í íbúðarhús og jafnframt að hann taki í aðrar framkvæmdir svipaða upphæð, sem er þó mjög lágt áætlað. Ef gert er ráð fyrir því, að bóndinn borgi venjulega vexti af þessum upphæðum, þá er það með 7% vöxtum, eins og bankavextir eru núna, 8400 kr. Aðeins vextirnir af þessum litla hluta af framkvæmdinni eru 8400, áður en farið er að reikna með afborgun, sem hann þarf að borga til viðbótar, og ég fullyrði, að þessi upphæð ein er hærri en menn leyfa sér að taka í afgjald af heilli jörð með öllum verðmætum, þó að það séu góðar jarðir. Á því geta menn séð, að ef bændur eiga að búa við almenna vexti, þá er það fyrir þá slíkar fjárhæðir, að það er útilokað að búa á Íslandi. Ég held, að það sé yfirleitt alls staðar þannig, að menn hafa skilið, hvað landbúnaðurinn er oft naumur á arðinn, þó að hann sé öruggur og undirstaða okkar þjóðfélags, eins og maður kallar það, hér meira að segja frekar en annars staðar, en þetta er alls staðar sama reglan.

Ef þið takið bara þetta litla dæmi, þá sjáið þið, hvort bóndann munar yfirleitt um þetta eða ekki. Fullyrðing hv. 4. landsk. stafar af hreinni vanþekkingu á landbúnaði og þeim fjárhæðum, sem þar er velt. Það, sem við erum hér með milli handanna, er þá þetta, sem er nú viðurkennt í umr., eyðing sjóðanna og stöðvun lána, sem ég veit að enginn þm. vill horfast í augu við með þennan atvinnuveg frekar en aðra, eða hækkun vaxta, sem er líka útilokað að framkvæma hér. Það er þetta, sem við eigum að horfast hérna í augu við, og það liggur fyrir í umr., einmitt eftir að hv. 4. þm. Reykv. talaði um þessi mál. Það er alger misskilningur, sem verður að leiðrétta hér, að því sparifé, sem við höfum, sé blandað saman við þennan sjóð. Bankinn er í 3 deildum: byggingarsjóði og ræktunarsjóði og svo sparisjóðsdeild. Því hefur verið haldið fram af einstökum mönnum og meira að segja hér í hv. d., að bankinn ætti að lána eitthvað úr sparisjóðsdeildinni til framkvæmda í íslenzkum landbúnaði. En það verður að segja það hér, að meðan ég ræð einhverju með þennan banka, — og ég hugsa líka, að ég tali þar fyrir alla bankaráðsmennina og sömuleiðis bankastjóra, — þá förum við ekki inn á slíka pólitík. Við höfum ekki gengið inn á þá pólitík að borga 6% í vexti af sparifé og lána út til 42 ára með 2—2½%. Það erum við sammála um að gera ekki. Við verðum alltaf að hafa stóra sjóði í bankanum, vegna þess að spariféð er mjög valt, og það vita allir, og er einmitt mikil eftirsókn að fá lán í bankanum, vegna þess að sparisjóðurinn eða sjóðurinn, sem við höfum í geymslu, er venjulega hár, af því að bankinn verður að halda sér í hvíld. Þess vegna er það, að það er alveg útilokað að fara inn á þá pólitík að lána úr sparisjóði eða rétta sig af með sparisjóðnum gagnvart þessum lánum. Það verður aldrei farið inn á. Það væri gersamlega óheiðarleg pólitík gagnvart þeim sparifjáreigendum, sem trúa okkur fyrir sínu fé. Þeir verða að geta fengið það hvenær sem þeir vilja og hafa hingað til getað fengið það í þessum banka, án þess að við höfum til nokkurra þurft að sækja um að borga út það, sem sparifjáreigendurnir hafa heimtað á hverjum tíma. Það er athugandi, bara til að gera sér ljóst, hvað þetta er hreyfanlegt, að það hefur verið upplýst, að á seinasta hausti voru milli 10 og 20 millj. í sparisjóðseign. Þær voru svo að segja allar farnar um áramót. Hvar hefði bankinn staðið, ef hann hefði rekið þá pólitík, sem hér er verið að benda á að hann geti rekið, að lána fé úr þessari deild yfir í hinar deildirnar og festa það til áratuga? Það er því ekkert um að ræða annað en þetta, sem hér liggur fyrir, og það er skýrt. Þessar tvær deildir bankans, sem ekki styðjast við annað en þetta fé, sem margupplýst hefur verið hér hvert er, eyðast, og verður þar að síðustu ekki um nein útlán að ræða, eða það verður að hækka vexti. Og hvorug leiðin er fær.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tel, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi nú verið til góðs fyrir þetta mál og að hæstv. ráðh. þurfi ekki að láta í það skína, að þótt menn óski eftir ýmsum upplýsingum um málið, þá sé það af einhverjum fjandskap við það eða bændastéttina. En ummæli hans hér áðan verða varla skilin á annan hátt. Ef athugaðar eru umr. hans og einkum það, sem hann leggur megináherzlu á, hvernig megi bjarga því, að sjóðirnir étist ekki upp, þá kynnu að vera til aðrar leiðir heldur en þær að gefa eftir allar þessar milljónir, og ég veit, að hv. fjhn. og hennar ágæti formaður muni athuga það meðal annars, hvað þurfi mikið fé árlega til

þess að fyrirbyggja það. Þetta er önnur leið að marki, hvernig sem þess fjár er svo aflað. Og þó að ekki sé neitt annað að græða á þessum umr. heldur en það, þá er gott, að þær hafa farið fram, vegna þess að það opnar þá a. m. k. möguleikana til þess að láta rannsaka um leið, hvað mikið fé þarf, úr ríkissjóði eða einhvers staðar annars staðar frá, til þess að sjóðirnir ekki eyðist, eins og hæstv. ráðh. gat um, og hvernig eigi að afla þess fjár. Þetta er önnur leið í þessu máli og náttúrlega miklu heilbrigðari en að gefa eftir skuldir, sem voru ekki lánaðar á þeim forsendum að gefa þær eftir, heldur á þeim forsendum að greiða þær aftur. Kemur það þá til athugunar á sínum tíma.

Hæstv. ráðh. sneri við minni spurningu og spurði nú, hvort við hefðum ráð á því að láta þróunina stöðvast hjá einstökum atvinnuvegum. Hann sneri spurningunni við, vegna þess að hann komst í þrot um að svara hinu, hvort aðrir atvinnuvegir gætu bætt á sig nýrri byrði. Ég þykist sjá, að hann telur það ekki vera hægt á þessu stigi málsins, og þess vegna sneri hann spurningunni við.

Ég tók ekki eingöngu til máls til þess að svara þessari spurningu, heldur til þess að hrekja það, sem ávallt kemur fram hjá hæstv. ráðh. í sambandi við landbúnaðarmál, að þeim sé engin velvild eða styrkur sýndur hér á Alþ., því að það kemur þráfaldlega fram, að hvenær sem hann fær tækifæri til þess að ræða um nokkurt mál, þá fléttar hann alltaf inn hér, að þessum málum sé sýndur einhver sérstakur fjandskapur eða skilningsleysi hér á Alþ. (Landbrh. grípur fram í.) Ég skal svara hæstv. ráðh. síðar. — *Ég skal fyrst svara hæstv. ráðh. öðru hér til* þess að sýna fram á, að þetta, sem hann var að halda fram hér, er alveg rangur áburður, þótt hann síendurtaki hann hér á Alþ., því að hér í fjárlögunum núna eru hvorki meira né minna en rúmar 42 millj. kr. alveg beint til landbúnaðarins. Er það nokkur fjandskapur að leggja alveg mótatkvæðalaust, bæði í fjvn. og í Alþ., 42 millj. kr. til landbúnaðarins. Ég kann ákaflega illa við það, þegar hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, hefur fengið samúð frá fjvn. og Alþ. um að taka allar þessar upphæðir á fjárlög, að þá sé hann að nota hvert eitt einasta tækifæri, sem hægt er og hann hefur hér í þingi, til þess að núa Alþ. og fjvn. því um nasir, að það sé einhver fjandskapur rekinn gegn þessum atvinnuvegi. Þetta er alveg rangt og sannarlega ekki viðeigandi. Ég skal enn fremur benda á, að inni í þessari upphæð hér eru 2½ millj. kr. samkv. l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og 2½ millj. kr. til byggingarsjóðs. Þetta eru 5 millj. kr., sem lagðar eru árlega til þessara mála til bændanna. Ég er síður en svo að sjá eftir þeim, og það má ekki skoða það sem neina andúð, að ég er að minnast á þetta hér. En ég kann þá heldur ekki við, að hæstv. ráðh. sé að tala um það sí og æ, að hér sé rekinn sífelldur fjandskapur gegn bændastéttinni. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér líka að minna á, að þessar báðar upphæðir hér eru viðurkenndar að vera teknar inn á fjárlögin af miklum meiri hluta Alþ. Og það eru aðrar upphæðir, sem hv. 8. þm. Reykv., sem einnig er flm. að þessu frv., veit, að sjálfsagt væri að taka inn í, en urðu að víkja fyrir þessu, og það voru upphæðirnar, sem áttu að fara í þá sjóði, sem áttu að útrýma heilsuspillandi íbúðum í bæjum. Nú hefur hv. 8. þm. Reykv. fallið frá því að berjast fyrir því að fá þær upphæðir inn, og sannarlega torveldar það að fá þær upphæðir inn á fjárlögin, ef fella á hér niður rúmar 40 millj. kr., svo að það verður að mótmæla því alveg ákveðið, að þessari atvinnugrein sé sýnd nokkur andúð.

Ég vil einnig í sambandi við þetta, af því að við erum að ræða um vaxtabyrðina, 2½%, leyfa mér að benda á, að samfara því, sem bændastéttin fær ákveðnar milljónir úr þessum sjóði með 2½% til 42 ára og hagar þó sínum verklegu framkvæmdum svo, að sjálfir leggja þeir fram 40% í byggingarnar, því að ekki geta þeir fengið meira en 60% frá sjóðunum, og lágmark 50% og oft og tíðum 80% í byggingar til þess að koma þeim upp, vegna þess að 60 þúsundirnar, sem lánaðar eru frá bankanum, eru engan veginn nægilegar til þess að standa undir sérstökum stofnkostnaði, — að á *sama tíma hafa* þeir milljónir í umferð hjá S. Í. S., sem þeir taka ekki 2½% af, heldur að minnsta kosti 5%. Það ætti hæstv. ráðh. að vera kunnugt um. Og það eru engar skorður settar fyrir því — sannarlega ekki í þessum l. — að sumir menn geti ekki átt meiri upphæð en þeir fá út úr sjóðunum inni í samvinnufélögunum eða í öðrum bönkum eða einhvers staðar annars staðar, þar sem þeir eru ávaxtaðir með miklu hærri vöxtum. Ég er ekki að segja, að þetta séu nákvæmlega sömu mennirnir, sem eiga þetta fé. En bændastéttin *hefur í lánum milljónir hjá samvinnufélögunum*, sem eru þeirra rekstrarfé, á miklu hærri vöxtum en þeir greiða af lánum úr þessum sjóðum. Sambandið hefur hér hagkvæmari lánskjör heldur en ef það yrði að fara í Landsbankann og fá þar tilsvarandi upphæðir. Samtímis er svo verið að fá þessar milljónir hér með 2½% út úr Búnaðarbankanum. (Gripið fram í.) Ég er ekki að segja, að þetta sé neinn fjandskapur gegn bændunum, síður en svo. En það er bezt, að þetta sé allt saman upplýst, úr því að verið er að ræða þessi mál hér. (Gripið fram í.) Það getur vel verið, að n. óski eftir því, hæstv. ráðh. Þess vegna tel ég, að það sé vel þess virði að ræða þessi mál hér þegar við 1. umr. og það án þess að vera að núa neinum mönnum um nasir, að það sé einhver fjandskapur gagnvart ákveðinni stétt í þjóðfélaginu. Ég mun meðal annars óska þess mjög, að okkar ágæti formaður upplýsi það, hvað bændastéttin eigi mikið fé í þessum sparisjóðum Sambandsins, úr því að verið er að biðja um þetta hér.

Ég skal viðurkenna, að það er ekki neitt nýtt, þó að væri farið inn á þá braut, að ríkissjóður tæki að sér að greiða eitthvað af mismuninum á vöxtunum til bændanna, þ. e. mismuninn, sem bændurnir greiða til Búnaðarbankans og Búnaðarbankinn á að greiða öðrum. Það er ekki neitt nýtt, því að ég minnist þess, að þetta varð að gera í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands. Ég hygg, að þessar upphæðir hafi verið á sínum tíma eitthvað um 3—4 hundruð þús., á vissu árabili.

Það má sannarlega athuga það, hvort ekki sé hægt að finna einhverja leið til þess að jafna þarna á milli, án þess að koma með frv., sem hlýtur að framkalla margar aðrar jafnréttmætar kröfur og það í svo stórum stíl frá öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar og öðrum stéttum, að ríkissjóður fær ekki undir risið.

Ég skal ekki á þessu stigi ræða þetta mál nánar, en mér þótti sjálfsagt að láta þetta koma fram vegna þeirra ummæla, sem höfð hafa verið hér, og alveg sérstaklega af hæstv. ráðh. Ég fyrir mína parta frábið mér allar ásakanir um andúð eða fjandskap gegn landbúnaðinum og þykist hafa sýnt það í mínu starfi hér í fjvn. og á þingi, að það er engin ástæða til þess að vera að núa því um nasir, hvorki þeim mönnum, sem þar starfa, né öðrum, sem hafa verið sammála því að láta hæstv. ráðh. hafa yfir 40 millj. til þessara mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 745).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það var snemma á þessu þingi, sem ég ásamt hv. 2. þm. S-M. og hv. 8. þm. Reykv. flutti þetta frv. Það er búið að vera lengi til athugunar í hv. fjhn. Nú leggur n. til einróma, að það verði samþ., en með dálitlum viðauka.

Ég gerði allrækilega grein fyrir efni frv. hér í þessari hv. d. við 1. umr. Sé ég því enga nauðsyn til bera að hafa nú langa framsögu, enda n., sem það hefur haft til athugunar, sammála og naumur orðinn tími fram til þingslita.

Þó vil ég með örfáum orðum minnast á viðauka þann, sem n. leggur til að tekinn verði upp í frv. — Brtt. n. eru tvær. Fyrri till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Þær 4 millj. kr., sem lánaðar hafa verið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. 3. kafla laga nr. 44 1946, skal ríkisstj., jafnóðum og þær endurgreiðast, lána að nýju til sams konar framkvæmda. Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessu fé."

Seinni till. er um breytingu á fyrirsögn frv. til samræmis við efnisviðbótina, sem fyrri till. felur í sér.

Þegar ráðstafað var tekjuafgangi ríkisins frá 1951 með lögum, þá var ákveðið, að 4 millj. skyldu ganga til lána handa sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. 3. kafla l. nr. 44 frá 1946. Þar sem þetta er eina upphæðin, sem ekki er í frv. af upphæðum þeim, sem varið var til útlánastarfsemi af tekjuafganginum, þá þótti n. rétt að leggja til, að sú upphæð yrði tekin inn í frv. líka.

Væntir n. þess, að hv. þd. fallist á að samþ. frv. með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 745,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 745,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smáíbúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

Á 66. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr., en áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. forseti hefur lýst því, að hér yrði tekið fyrir á dagskrá til 3. umr. frv. um Búnaðarbankann. Það var fullkomið samkomulag í hv. fjhn., að frv. um Búnaðarbankann annars vegar og frv. um Iðnaðarbankann hins vegar skyldu fylgjast að út úr þessari hv. d. hér og að öðru málinu skyldi ekki hraðað frekar en hinu. Ég vil því óska þess við hæstv. forseta, að málið sé tekið út af dagskrá nú. Ég hef enga ástæðu til þess að bera traust til þeirra manna, sem berja þetta mál hér fram nú og hafa lofað í n., að málin skyldu fylgjast að, eftir að komið hefur yfirlýsing um það frá hæstv. ráðh., að hann ætli sér að, — ja, maður veit ekki hvað, e. t. v. að stoppa málið, það veit ég ekki. En ég óska mjög eftir því, að málið sé tekið út af dagskrá og haldin séu þau loforð, sem voru samþ. og lofað í fjhn.

Forseti (BSt): Ég á nú sæti í fjhn. Ég man ekki eftir þessum loforðum, að málin skyldu endilega fylgjast að hér í hv. d., en hins vegar var lofað og vitað af öllum og yfirlýst af báðum þeim flokkum, sem styðja hæstv. ríkisstj., og e. t. v. fleiri flokkum fylgi við bæði þessi mál. Ég lofa því að taka hitt málið á dagskrá á næsta fundi. Það er sá munur á þessum tveimur málum, að annað er búið að ganga gegnum Nd., en hitt er í fyrri d., þetta mál hér. — Mér þykir þetta ákaflega undarlegur áburður af hv. þm. Barð., ef hann tekur ekki orð mín trúanleg um þetta, að það verði ekki tafið fyrir málinu. Ég veit, að hæstv. fjmrh. ætlar ekki á neinn hátt að setja fótinn fyrir þetta mál, Iðnaðarbankann, heldur aðeins gefa yfirlýsingu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég býst við, að það hafi kannske ekki verið athugað, enda hef ég komizt að því, að sumir hv. þm. hafa ekki athugað það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, um Búnaðarbankann, á eftir að fara gegnum 4 umr.: eina í þessari hv. d. og 3 í hinni. Hins vegar á frv. um Iðnaðarbankann eftir að fara gegnum eina umr. hér í þessari hv. d. Það væri því nógur tími til að stöðva þetta mál, sem hér liggur fyrir, ef það lægi fyrir. En þess vegna er það, að hér er eingöngu verið að ljúka þessu máli til þess að flýta fyrir vinnubrögðum í þinginu og koma í veg fyrir, að þetta

mál tefjist sérstaklega. Ég get jafnframt upplýst það, að sú yfirlýsing, sem fjmrh. gefur hér, er, að ég hygg, eingöngu í samræmi við yfirlýsingu, sem kemur þar með frá allri ríkisstjórninni, um atriðið, en alls ekki að reyna á nokkurn hátt að stöðva málið, sem auðvitað kemur ekki til mála.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að láta undrun mína í ljós yfir þeim málatilbúningi, sem hér er hafður á Alþ. Frv. um Búnaðarbanka er búið að liggja hér í n. frá því snemma á þinginu. Till. sama efnis og nú voru samþ. hér við 2. umr. voru kolfelldar við fjárlagaafgreiðsluna. Ég geri því ráð fyrir, að allur þorri þm. hafi talið víst, að málið væri lagt til hliðar á þessu þingi í öllu falli. Nú er því feimnislaust lýst yfir hér, um leið og á að ljúka 2. og 3. umr. á einum klukkutíma í þessari d., að búið sé að gera samkomulag innan ríkisstj. um það, að Búnaðarbankanum skuli afhent af ríkisfé um 40 millj. kr., og jafnframt sé búið að lofa af hæstv. ríkisstj. að leggja Iðnaðarbankanum til 15 millj. kr. lán.

Ég verð að segja, að mér finnst það það allra minnsta, sem hægt er að ætlast til af hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá og fresti því til næsta fundar, þannig að auðið sé að bera fram brtt. við málið, áður en því lýkur hér. Annað er að svíkjast aftan að þm., sem ekki eru með í því ráðabruggi, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Trúnaðurinn innbyrðis, *milli þessara góðu manna, sést bezt á* þeim orðaskiptum, sem hér hafa orðið milli þm. Barð. og hæstv. landbrh. „Trúðu hvorir öðrum illa, enda trúðu fáir báðum."

Ég mælist mjög eindregið til þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá og það liggi ekki fyrir fyrr en á næsta fundi. Hér er um það að ræða að ráðstafa af því fé, sem með óhæfilegum skattpíningi hefur verið tekið af landsmönnum til þess að skapa tekjuafgang á ríkisreikningunum, til einnar stofnunar í landinu. Slíkt verður að sjálfsögðu að fá þinglega meðferð og athugast, áður en slíkum málum er ráðið til lykta.

Forseti (BSt): Mér kemur nú allt þetta uppistand töluvert mikið á óvart. Hér lá fyrir við 2. umr. nál., undirskrifað af fulltrúum þriggja flokka í fjhn., — að vísu átti hv. Alþfl. ekki fulltrúa þar, — þar sem þeir, að sjálfsögðu í samráði við sína flokka, leggja til, að frv. verði samþ. með nokkurri breytingu, og þar af leiðandi var full ástæða fyrir mig sem forseta að álíta, að fullt samkomulag væri um málið, enda í raun og veru tími til að bera fram brtt. við 2. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Það var skýrt frá því í hv. fjhn., að samkomulag væri um það, að þessi mál, þetta frv., sem hér er til umr., og frv. um Iðnaðarbankann, skyldu fylgjast að. Þetta var tilkynnt í n., og okkur nm. var tjáð, að þetta væri samkvæmt viðtali við hæstv. ríkisstj., málin skyldu fylgjast að, þ. e. a. s. bæði málin skyldu verða afgr. af þinginu. Ég tel þess vegna ekki neina ástæðu til þess, að málið verði tekið út af dagskrá, og ég get ekki tekið undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, að nauðsynlegt væri að taka málið út af dagskrá, vegna þess að þetta kæmi flatt upp á þm., þeir væru ekki viðbúnir að taka afstöðu til málsins. Þetta mál hefur legið mjög lengi hér fyrir Alþ., þannig að alþm. hafa haft nægan tíma til þess að taka afstöðu til þess. Og ég vil ekki láta þetta mál fara út úr deildinni án þess að lýsa ánægju minni yfir því, að hv. fjhn. skuli einróma hafa lagt til, að frv. verði samþ.

Efni þessa frv. var flutt sem brtt. við fjárl. af þm. sósíalista. Það var lagt til, að efni frv. yrði tekið upp á fjárl. á heimildagrein. Þetta var fellt. M. a. greiddu atkv. gegn því allir hv. nm. fjhn. þessarar d. nema ég. Og ég tel það mjög ánægjulegt, að þessum meðnm. mínum hefur nú snúizt hugur og eru nú reiðubúnir til þess að ljá góðu máli lið, sem þeir snerust öndverðir gegn í Sþ., þegar fjárl. voru afgr.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það kemur fram þarna vitnisburður um það, að það *hafi átt að afgr. málin út úr þinginu samtímis.* (Gripið fram í.) Þannig féllu orðin, hver sem það hefur verið, og þess vegna væri ástæðulaust að taka þetta — (Gripið fram í.) En það er dálítið annað, hvort þau eiga að fylgjast að út úr þinginu eða fylgjast að út úr þessari hv. d. (Gripið fram í.) Já, alls ekki að fylgjast að út úr d. Þarna er kominn vitnisburður úr n., sem stangast algerlega við framburð hv. þm. Barð., *þannig að það er einhver misskilningur þarna á* ferðinni. En sleppum því, það kemur ekki þessu máli við.

Það er auðséð, að það er farið að bera á því, sem vill stundum verða þegar líður á þing, að menn gerast dálítið geðstirðir, og hættulegt að vera með stór mál á ferðinni, þegar þannig stendur á. Ég get þess vegna fellt mig við það, þó að ég óskaði eftir því, að þetta mál væri tekið *á dagskrá*, að það sé tekið út af dagskrá í kvöld, jafnvel þótt það sé komið fram, að það er ástæðulaust að bera fram þær sakir, sem hér hafa verið bornar fram.

Viðkomandi hinu atriðinu, að nú eigi að samþ. frv., sem hafi verið fellt efnislega í sambandi við fjárl., er því vitanlega til að svara, að það hefði verið algerlega óformlegt í hæsta máta að afgr. slíkt mál í sambandi við fjárl. á þann hátt, sem farið var fram á í þeim brtt., sem komu fram við fjárl., ekki síst þar sem þetta frv. lá fyrir og auðvelt var að afgr. það á þinglegan hátt, eins og nú á að gera, svo að því máli er auðsvarað. — Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég ætla ekki að tefja þessar umr. lengur, en mér finnst rétt að fresta málinu og bíða þess, að menn verði í betra skapi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi einungis fram hér, að ég skaut því að hæstv. landbrh. áðan, eftir að forseti hafði ráðgert, að hér skyldi ekki verða fundur áfram, hvort það væri ekki hyggilegra að hafa nýjan fund til þess að ljúka 3. umr. um þetta mál. Okkur sýndist það báðum, vegna þess að svo virtist af 2. umr., að það væru

allir dm. sammála um málið. Og þá var það ljóst, að ef tækist að afgr. málið héðan í kvöld, þá gæti það sparað einn aukaþingdag. Ef það kemur hins vegar í ljós, að það er ósamkomulag, þá er auðvitað rétt að veita mönnum færi á því að koma fram sínum sérsjónarmiðum, og ég er fyllilega ásáttur með það að fresta málinu. Það var hins vegar auðvitað ekki í neinu sambandi við afgreiðslu á frv. um Iðnaðarbankann, sem þeirri hugmynd skaut upp að ljúka þessu máli hér í kvöld, vegna þess að það mál er miklu lengra á leið komið heldur en þetta, og þess vegna, ef málin eiga að vera samferða út úr þinginu, þá þarf þetta að hafa töluvert greiðari framgang en hitt málið. Annars geri ég ráð fyrir, að engin slík tortryggni þurfi að eiga sér stað. Menn eru sammála um meginefni þessara frv. beggja og afgreiðslu þeirra, yfirgnæfandi meiri hl. þm., eftir því sem fram er komið.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég kann ákaflega illa þeirri tortryggni, sem bæði hefur komið hér fram gagnvart mér sem forseta og frá a. m. k. einum hv. meðnm. mínum í fjhn. til mín sem form. n. Ég vil biðja hv. þm. Barð. að gera grein fyrir því, hvaða ástæðu hann hefur til þess að væna mig um að svíkjast að mönnum um mál, sem ég er búinn að lofa fylgi, eða að ég muni sitja á svikráðum við það. Við erum nú búnir að vera nokkur ár á þingi, og ég held, að hann hafi enga slíka reynslu. Ég skildi ummælin í fjhn. þannig, að þessi mál ættu að vísu að fylgjast að, þannig að menn væru með þeim báðum, en eins og hér hefur verið tekið fram af tveimur hæstv. ráðh., þá geta nú ekki málin fylgzt að algerlega. Annað er búið að ganga í gegnum Nd., en hitt ekki. Þegar tvær umr. eru búnar enn um Iðnaðarbankann, þá er það orðið að lögum, en þá á þetta frv. eftir að ganga í gegnum hv. Nd.

Nú dettur mér ekki í hug að halda það, þótt atvik hefðu legið svo, að frv. hefðu getað orðið hér samferða, að það hefði verið neitt svikizt um það að afgr. þetta mál. Mér dettur ekki í hug að halda það. En það er, eins og allir sjá, miklu meiri ástæða samt til að búast við því, það er miklu hægara að gera það. Ég kann þessu mjög illa, og ég mun að vísu, úr því að þetta hefur fram komið, sem forseti fresta þessu máli til næsta fundar, en sú eina ástæða, sem fram hefur komið til þess að gera slíkt, er yfirlýsing hv. 4. þm. Reykv. um það, að hann óski að bera fram brtt. Hitt, þessi tortryggni, finnst mér svo að segja alveg dæmalaust. En hvað snertir þessa ástæðu hv. 4 þm. Reykv., að hann segist nú þurfa að bera fram brtt., þá er það að vísu ákaflega undarlegt; hann hafði marga mánuði til þess að bera fram brtt. fyrir 2. umr. málsins.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi aðeins segja þetta út af því, sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan: Það er mikill misskilningur, að það hafi verið óformlegt að bera þetta fram sem brtt. við fjárlögin. Hér er ekki um annað að ræða en ákveðna fjárveitingu úr ríkissjóði, þannig að það er laust við, að það sé á nokkurn hátt óformlegt. Þau rök voru heldur ekki borin fram af þeim, sem greiddu atkvæði á móti till. okkar við fjárlögin, vegna þess að ég hygg, að þá hafi ekki verið ætlazt til þess, að þetta frv. næði fram að ganga. Mér kom það sem sagt alveg á óvart, þegar ég heyrði, að það væri orðið samkomulag um, að frv. skyldi verða að l. Frv. var lagt hér fram snemma á þinginu, — það er með fyrstu málum, sem lögð voru fram á þessu þingi, — og það hefur ekki verið tekið fyrir í fjhn. fyrr en nú á síðasta fundi hennar, og þá var tilkynnt, að ríkisstj. hefði ákveðið, að það skyldi ná fram að ganga. Það, sem hefur gerzt, er einmitt það, sem ég sagði, þetta ánægjulega, að þessum hv. þm. hefur snúizt hugur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var eingöngu vegna ummæla hæstv. forseta, að ég vildi taka hér til máls. Hann óskaði eftir því, að ég gæfi skýringar á þeirri tortryggni, sem ég sýndi sér. Ég vil alveg mótmæla því, að ég hafi sýnt honum nokkra tortryggni. Mér þykir það ákaflega leiðinlegt, að hann skuli hafa gleymt því, að þegar þessi frv. eru til afgreiðslu í fjhn., þá spyr ég alveg sérstaklega um það, hvort frv. verði látin fylgjast að hér í gegnum þessa hv. d. Hvorki ég á sæti í Nd. né hæstv. forseti, svo að við gátum ekkert um það rætt, hvað þar kæmi til að ske, og það er ekki af því, að ég vantreysti hæstv. forseta í meðferð málsins, en hann er bara ekki einn í þeim ágæta flokki. Ég veit ekki betur en hér hafi skeð það undur, að einn af hans ágætu flokksmönnum hefur gefið út sérstakt nál., lagt fram um 30 brtt. í ákveðnu máli, en snýst svo á móti sínum eigin brtt. og drepur þær allar í einu höggi. Ég veit, að hæstv. forseti hefði aldrei farið þannig að, en það eru aðrir menn í Framsfl., sem eru kúgaðir, heldur en hæstv. forseti. Ég hef enga tryggingu fyrir því, að þessi mál næðu bæði fram að ganga, nema orð hæstv. forseta, sem ég trúði. En þegar hann einmitt kemur hér og lýsir yfir frá sínum hæstv. ráðh., að það eigi að koma yfirlýsing, sem við vitum ekki hvað inniheldur, þá gefur það mér fullkomið tilefni til þess að spyrja um, hvers vegna málið megi ekki bíða þar til sú yfirlýsing sé komin. Ef hæstv. forseti hefði skýrt frá því, hvað var innihald þeirrar yfirlýsingar, eða sagt mér það sem nm., þá horfði málið allt öðruvísi við.

Þetta vil ég láta fram koma hér, því að það er þessi ástæða ein til þess, að ég óskaði eftir, að þessu máli yrði frestað. Ég hef enga hugmynd um það, hvað sú yfirlýsing inniheldur. Hún kann að innihalda allt milli himins og jarðar. Ég hef enga tryggingu fyrir því, hvernig hún er.

Forseti (BSt): Umr. um þetta er nú lokið, og samkv. fram komnum óskum er dagskrármálið tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 4. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 753).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3 umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3 umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A 800).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 31. fundi í Nd., 24. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér hér utan dagskrár að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., eða kannske réttara sagt ósk, hvort Alþingi mætti vænta þess, að hún gæfi nokkra skýrslu um eða léti í ljós álit sitt um þá deilu, sem við nú eigum í út af landhelginni við Breta og virðist vera komin á allalvarlegt stig nú sem stendur. Það er, eins og vitanlegt er, dálitið erfitt, þegar slík mál ber að höndum, að ætla að reyna að taka þau fyrir á þann hátt að bera fram annaðhvort fyrirspurn með venjulegu móti til hæstv. ríkisstj., því að það tekur þá meira en viku, þangað til slíku bæri að svara, eða bera fram þáltill., því að það tekur þá máske margar vikur, áður en hún kæmi á dagskrá, en hér er hins vegar um svo brýnt mál að ræða, að ég tel alveg víst, að það væri mjög almennur vilji, þegar hæstv. ríkisstj. væri til þess reiðubúin, og mundi vera fagnað mjög, ef hún gæfi nokkra skýrslu um það mál og gæfi alþm. tilefni til að ræða það, svo sem hæstv. ríkisstj. stundum áður hefur gert um slík veigamikil mál utan dagskrár. Mér þætti ákaflega vænt um að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvort við mættum ef til vill eiga von á slíku eða hvort hún mundi taka slíkt til athugunar.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil aðeins geta þess út af þessari fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv., að á þessu stigi málsins telur ríkisstj. ekki ástæðu til þess að gefa skýrslu um þetta mál.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi mega beina hér til hæstv. ríkisstj. einni fyrirspurn utan dagskrár.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá hefur enn þá ekki verið tilkynnt neitt um fiskverð á þessu ári. Ég vildi nú mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvað líði samningum hennar við útvegsmenn um fiskverð fyrir yfirstandandi ár. Nú þegar er liðinn um einn mánuður af þessu ári. Vetrarvertíðin er hafin alls staðar þar, sem fiskveiðar eru stundaðar um þetta leyti árs, og enn þá sem sagt ríkjandi það ástand, að hvorki útvegsmenn né sjómenn vita neitt um það fiskverð, sem á að gilda á þessu ári. Ég vil í þessu efni aðeins benda á það, að síðan fiskverð var síðast ákveðið — eða í byrjun ársins 1952 — þá hefur kaup hjá verkamönnum og öðrum launþegum hækkað vegna vísitöluhækkana um 10%. Hæstv. ríkisstj. hefur einnig fundið ástæðu til þess að flytja hér á Alþ. frv. til l., sem tryggja á embættismönnum og öðrum fastlaunamönnum samsvarandi launahækkun, en þessir aðilar — eins og kunnugt er — taka laun sín nokkuð eftir hækkandi vísitölu á hverjum tíma. Ef þeir menn, sem starfa á bátaflotanum í landinu, ættu að fá tilsvarandi launabætur eins og launþegar hafa nú almennt fengið fyrir samninga við ríkisstj., þá ætti fiskverðið hjá þeim að hækka um a. m. k. 10%, eða það fiskverð, sem síðast var ákveðið, kr. 1.05 fyrir kg, ætti að fara upp í kr. 1.15 á kg.

Nú sem stendur verða bátasjómenn í landinu að vinna að sínum störfum án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um fiskverð á þessu ári, og það, sem þeir heyra helzt um þetta, er það, að það séu uppi raddir hjá hæstv. ríkisstj. um það, að fiskverðið þurfi að lækka, — að laun þeirra verði beinlínis að lækka, á sama tíma sem gerðar eru hér á Alþ. ráðstafanir til þess að hækka laun t. d. embættismanna í landinu. Sömuleiðis er það kunnugt, að samningsaðili að þessu máli, eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, mun hafa sett fram kröfu um það, að það fiskverð, sem nú yrði ákveðið, yrði ekki látið ná nema yfir hluta af árinu og jafnvel ekki einu sinni alla vetrarvertíðina. Vitanlega nær slíkt ekki nokkurri átt og mundi koma mjög illa við þá sjómenn annars staðar á landinu, sem aðallega stunda fiskveiðar á öðrum tíma árs.

Ég vil nú gjarnan mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún upplýsi hér á Alþ. nokkuð um þessa samninga sína við bátaútvegsmenn um fiskverðið á þessu ári. Ríkisstj. hefur valið þann kost að taka þessi mál að mestu út úr störfum Alþ. og fjalla þar ein um við útvegsmenn, en það virðist vera sá seinagangur á þessu nú, að af þessu geti hlotizt verulegt tjón fyrir landsmenn í heild. Ég vil líka benda hæstv. ríkisstj. á það, að nú þegar ber mjög mikið á því, að erfitt sé að fá sjómenn til starfa á bátunum, og það er ofur eðlilegt, á sama tíma sem laun allra annarra aðila í landinu fara hækkandi, ef þá á jafnvel að lækka þeirra laun eða að þeir geti ekki fengið neina vissu um það, úr hvaða fiskverði hlutur þeirra á að reiknast.

Ég vildi mjög eindregið óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. gæfi hér nú þegar einhverjar upplýsingar um þetta mál.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins geta þess út af þessum fyrirspurnum hv. 2. landsk., að sá ráðh., sem þetta heyrir undir, er hér ekki viðstaddur, og að sjálfsögðu er ekki hægt að svara fyrirspurnum hans nú.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru nokkuð margir dagar síðan hæstv. ríkisstj. skýrði frá því, að það mundi vera von á tilboði frá brezku stjórninni í löndunardeilunni, sem Íslendingar eiga nú í við Breta. En það fylgdi sú skýring með, að skýrslan væri ekki komin enn þá frá brezku stjórninni og það stafaði af lélegum póstsamgöngum. Nú hefur verið talað um mjög lélegar póstsamgöngur hér innanlands, einkanlega við Hornafjörð og ýmis héruð austanlands, en mér fer að lítast þannig á, að það muni ekki vera betri póstsamgöngur við Bretland. Er mér farið að leiðast eftir að heyra eitthvað frá hæstv. ríkisstj. um þetta mikilsverða mál og vil nú vænta þess, að hægt sé að fá upplýsingar frá hæstv. ríkisstj., þar sem svona langt er um liðið, um þetta mjög svo þýðingarmikla mál. Ég get varla trúað því, að póstsamgöngurnar séu þann veg milli Íslands og Bretlands, að þessar upplýsingar liggi nú ekki fyrir, og langar til þess að vita um það frá hæstv. stjórn, hvort ekki er hægt að fá vitneskju um þetta mál, hvernig það stendur í dag.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég kom inn í fundarsalinn, meðan hv. þm. Ísaf. var með sína fyrirspurn, en þóttist þó skilja, að það, sem hann var að spyrja um, væri till. þær frá brezku stjórninni, sem utanríkisráðherra Breta hafði nefnt að væru á leiðinni til Íslands fyrir nokkrum dögum. Ég vil geta þess, að þessi bréf, till. eða hvað á að kalla það, — það er eiginlega ekki hægt að kalla það till., — eru þegar komnar og eru nú til athugunar hjá ríkisstj. Hins vegar eru nú ekki viðstaddir þeir ráðh. hér á fundi, sem þetta mál sérstaklega heyrir undir, og að sjálfsögðu er ekki aðstaða nú til þess að segja neitt frekar um þetta.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 34. fundi í Sþ., 29. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Þann 9. nóv. s.l. var vísað til hv. allshn. Sþ. till. frá mér og 1. landsk. varaþm. um bann við ferðum og vist erlendra hermanna utan samningssvæða.

Ég vil nú beina þeim tilmælum til hv. n., að hún afgreiði þessa till., svo að Alþ. geti tekið endanlega afstöðu til hennar, en nú líður mjög að þinglokum. N. hefur sem sagt haft till. til athugunar í rúma tvo mánuði, og verður varla annað sagt en að sýnd hafi verið sæmileg þolinmæði af hálfu okkar flm., að ekki skuli fyrr en þetta vera vakið máls á seinlæti n., og þó hafa aðrir sýnt meiri þolinmæði í þessum efnum. — Þann 22. okt. s. l., þ. e. fyrir rúmum þremur mánuðum, var vísað til allshn. till. frá hv. 8. þm. Reykv. og hv. þm. N-Þ. um sama efni, aðeins miklu vægari í ákvæðum, en þessi till. hefur n. ekki heldur afgreitt enn þá. Flm. hennar hafa sem sé tekið seinlæti n. með þögn og þolinmæði í bókstaflegri merkingu heilum mánuði lengur en við flm. hinnar till., og þykist ég vita, að hv. 8. þm. Reykv. muni ekki hafa á móti því, að ég hvetji nú n. til þess að afgreiða einnig þá till., og virðist reyndar rétt, að hún sitji fyrir till. okkar hinna, þar eð hún var flutt þetta miklu fyrr.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 13. jan. var vísað til hv. samgmn. frv. á þskj. 515 um samningsumleitanir við Eimskipafélag Íslands h. f. um strandferðir. Það er nú liðinn nærri heill mánuður síðan n. fékk þetta mál til meðferðar.

Hér er um að ræða mál, sem gæti sparað ríkissjóði hvorki meira né minna en 5—6 millj. kr., ef það næði fram að ganga. Og hefði ég nú haldið, að ríkissjóði veitti ekkert af að þiggja þá upphæð til þess að mæta einhverju af þeim útgjöldum, sem að ófyrirsynju hefur orðið að taka inn á fjárlagafrv. við afgreiðslu þess. Ég vil því vænta þess, að hæstv. forseti sjái svo um, að n. skili áliti, og vænti þess, að hér verði ekki slitið fundum í þessari hv. d., fyrr en það álit liggur fyrir.

Ég ásaka slíka meðferð á málum eins og hér hefur verið viðhöfð, að láta líða svo langan tíma í jafngóðu máli, án þess að það næði fram að ganga, og vænti, að hæstv. forseti styðji mig í því að knýja málið fram.

Þann sama dag var einnig vísað til hv. menntmn. frv. um breyt. á l. um útvarpsrekstur ríkisins. Það átti einnig að spara ríkissjóði allmikið fé. Það hefur ekki heldur heyrzt neitt í sambandi við það mál, og vænti ég þess einnig, að hæstv. forseti beiti sínu forsetavaldi til þess að knýja fram bæði þessi mál, áður en Alþ. er slitið.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Viðvíkjandi þessu, sem fram kom hjá hv. þm. Barð. um mál, sem hann talaði um og sagði að hefði verið vísað til samgmn. þessarar d., vil ég upplýsa það, að samgmn. hélt fund um þetta mál 23. jan. s.l. og samþykkti á þeim fundi að senda málið til umsagnar Skipaútgerðar ríkisins og Eimskipafélags Íslands. Þetta var gert þegar að þessum fundi loknum og beðið um svar frá þessum aðilum sem allra fyrst. Þetta svar hefur ekki borizt enn og þess vegna fundur ekki haldinn um málið síðan, vegna þess að beðið var eftir þessum svörum.

Á þessum fundi voru 4 nm. viðstaddir, en hv. 4. landsk., sem á sæti í n., var ekki á fundi.

Hv. þm. ásakar n. fyrir meðferð á þessu máli. Ég verð nú að segja, að það að senda slík mál sem þetta til umsagnar þeirra aðila, sem það snertir á líkan hátt eins og þetta frv. gerir, hefur nú hv. þm. ekki alltaf álitið slæma meðferð á málum.

Gísli Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Árn. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið í sambandi við frv. um Skipaútgerð ríkisins, en vil þó um leið leyfa mér að benda á, að það er ekki æskileg meðferð á máli að halda því í n. í 10 daga án þess að senda það til umsagnar. Það bendir ekki til þess, að n. sem slík hafi haft mikinn áhuga fyrir framgangi málsins og ekki mikinn skilning á, hversu nauðsynlegt það er, að málið næði fram að ganga. Þó að ekki hefði unnizt tími til að koma þessu máli gegnum þingið, sem ég nú fullyrði ekkert um, ef því hefði verið sýndur sómi, þá er það áreiðanlegt, að það er mikill stuðningur fyrir málið, hvernig sem á það er litið, að fyrir hefði legið í þingskjölum umsögn frá þessum aðilum, svo að ekki hefði þurft að senda málið til umsagnar á næsta þingi, ef það skyldi þá verða borið fram af einhverjum hv. þm. — Ég vil vænta þess, að hv. form. n. og hæstv. forseti sjái svo um, að umsögn um þetta mál komi frá þeim aðilum, sem það hefur verið sent til, eða þá umsögn frá þeim um, að þeir vilji ekki segja neitt um málið, og að málið komi til 2. umr., áður en þingi lýkur.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er svo margt skrafað hér í d., að sumt fer kannske alveg fram hjá manni og sumt að nokkru leyti. Ég hef orðið var við það, að að mestu leyti fór fram hjá mér hér fyrirspurn, sem hv. þm. Barð. bar upp hérna. En ég hef aðeins þráðinn af því, og það var um það, hvað liði máli hans um nýja skipun á útvarpi og útvarpsráði, — ég man ekki nákvæmlega titilinn á því frv.

Var því frv. vísað til menntmn., og við gerðum skjótt því máli skil, nefndin, og sendum það bæði til útvarpsstjóra og útvarpsráðs og báðum um svar fyrir 24. jan. Útvarpsstjóri gerði því mjög rækileg skil. Hann sendi fyrir tiltekinn tíma svar sitt til n., og svo litlu seinna sendi hann sams konar skjal til allra þm., að ég held, hér á þinginu. Þar að auki var þetta bréf hans birt í einu af höfuðstaðarblöðunum, — getur vel verið að það hafi verið í fleirum, þó að það hafi farið fram hjá mér, svo að hann svaraði fljótt. Hans till. voru, hafi hv. þm. ekki lesið það, að frv. væri „drepið með skjótum atvikum". Svipaður var andinn í skjali útvarpsráðs, að það vildi, held ég, ekki til langlífis það frv., ef það gengi fram. Þessi skjöl hygg ég að hv. fyrirspyrjandi hafi lesið bæði. Ég ætlaðist til þess, að hann fengi að sjá skjalið frá útvarpsráðinu. Ég man ekki betur en ég lánaði honum það. Það var stutt, en laggott. Síðan hefur hann ekki farið þess á leit við okkur, að við skiluðum nál.

Þar að auki — ég vil segja það okkur til réttlætingar — voru komnar breytingar á útvarpið. Hann var farinn frá, sá sem svaraði bréfinu, útvarpsstjórinn, en búið að skipa nýjan útvarpsstjóra, og breyttist aðstaðan að mörgu leyti við þá skipun, að það var kominn nýr útvarpsstjóri. En frv. byggðist, ef ég man rétt, að nokkru leyti á því, að það væri ekki skipaður maður í stað útvarpsstjóra, heldur settur, en þetta kom náttúrlega heldur seint, og var það illa farið og ekki líkt hv. þm., sem er bæði skjótur og snar í snúningum, að verða þannig uppi með frv. og lenda í því að koma með það allt of seint. En ég man sem sagt ekki eftir ákveðinni ósk frá þm. um það, að við tækjum það sérstaklega fyrir. Ég hélt, að með þessari breyttu aðstöðu mundi það vera réttast, að það lognaðist út af, þar sem maður vonar, að hann hafi tækifæri til, þegar næsta þing byrjar, að koma fljótt og skjótlega með frv., sem þá kemur ekki fyrir aftan endalok þingsins eins og þetta. Þess vegna held ég, að það sé ekki rétt að fara að tefja þingið á því að setjast við nefndarstörf út af þessu, en bara muna, að seinna koma ráð og seinna koma dagar. Ég hugsa það verði, því að maður væntir þess, að hann geti með allri röggsemi barizt fyrir þessu frv. nú á næsta þingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil út af ummælum hv. form. leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá honum, að frv. mitt hafi verið borið fram vegna þess útvarpsstjóra, sem frá var farandi (Gripið fram í.) eða vegna hans stöðu. Það breytir ekki neitt merg málsins, að kominn sé annar maður. Stjórnarhættir í útvarpinu og fyrirkomulag er það sama. Hins vegar skil ég ekki þessi rök hjá hv. formanni, að það sé sjálfsagður hlutur að liggja á málum og afgr. þau ekki, þó að flytjandi máls sé ekki sí og æ að óska eftir nál. Það er að sjálfsögðu skylda hverrar n. að afgr. málin og ekki hvað sízt þegar umsagnir eru komnar um þau. Þess vegna óska ég mjög eftir því, að þetta mál verði afgr. úr n., eins og ég hef þegar tekið fram áður. Hitt er svo ekki svaravert, að frv., sem hefur verið borið fram hér í byrjun janúar, sé svo seint fram borið, að það af þeim ástæðum heimili viðkomandi nefndum að leggjast á málið og afgr. það ekki; slíkt er alls ekki svaravert.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að kvarta undan því, að frv., sem ég bar hér fram mjög snemma á þinginu um tekjuöflun og tekjuaðstoð fyrir byggingarsjóð verkamanna og vísað var til fjhn. 30. okt., hefur ekki enn þá fengið afgreiðslu í nefndinni. Þessi dráttur er náttúrlega með öllu óþolandi, og það tekur alveg út yfir, þegar frv. eru látin liggja svona lengi. Það er miklu frekar ástæða til þess að reka á eftir þessu máli og reyna að flýta því heldur en því, sem hv. þm. Barð. var að minnast hér á áðan, því að þetta er miklu eldra. Ég vil leyfa mér að óska aðstoðar forseta til þess að reyna að fá nál. fram í þessu máli og reyna að hlutast til um, að það verði afgr. sem allra fyrst.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Nú skal ég ekki lengja mál mitt. En ég verð að skýra þennan misskilning, sem hér hefur verið milli mín og hv. þm. Barð. Við höfum verið nokkuð mörg ár saman á þingi, og hafi ekki málin verið með hraða, þau sem hann hefur flutt fram, afgr.

í nefndum, þá hefur hann hingað til allajafna verið að klifa á því og áminna um að koma þeim fram. Þess vegna gat það verið, að ég hafi ekki uggað að mér, þegar ég fékk enga áminningu um þetta mál, og fannst þarna maður breyta vana sínum. En sem sagt, það var, að mér virðist, sameiginleg skoðun okkar nm., að heppilegast væri fyrir frv., að það hlyti þarna hægt og rólegt andlát og þyrfti ekki að hrekjast mjög mikið á milli manna meira en það hafði gert. Þannig var þessu máli farið.

Forseti (BSt): Út af þeim umr., sem hér hafa orðið utan dagskrár um afgreiðslu nefnda, vil ég nú óska þess, að nefndir skili yfirleitt álitum um þau mál, sem til þeirra er vísað. En viðvíkjandi þeirri kröfu hv. þm. Barð., að ég sem forseti d. sjái um það, að tiltekið mál verði afgr. í d., áður en þingi er slitið (Gripið fram í.) — það hefur forseti ekki á valdi sínu. Hann getur óskað eftir því við nefndirnar, en hefur það ekki að öðru leyti á valdi sínu. Hann getur ekki neytt nefndir til að skila álitum. En ég skildi nú hv. þm. svo, að hann óskaði eftir, að ég sæi um það, að málið væri tekið fyrir, ef nefnd hefði t. d. ekki skilað áliti, og afgr. í deildinni. Það getur forseti deildar að sjálfsögðu ekki ábyrgzt, þegar mjög er liðið á þingtímann, því að hann hefur ekki á valdi sínu, hvenær þingi er slitið. Ef deildarforseti hefði það, þá mætti ætlast til þess af honum.

Út af kvörtun hv. 6. landsk. þm. stæði mér nú næst að svara, en ég get það tæplega frá þessum stað, en hans ósk mun verða tekin til athugunar.

III. Vélræn upptaka á þingræðum.

Á 3. fundi í Ed., 3. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSt): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég geta þess, sem öllum hv. þm. er nú reyndar þegar kunnugt, að með brbl. hefur verið gerð sú breyting á þingsköpum, að nú ber öllum þm. svo og ráðh. að tala frá ræðustóli, og er þessi breyting, eins og menn vita, gerð vegna þess, að nú hefur verið sett upp tæki til þess að taka upp ræður í þinginu á vélrænan hátt, og þótti ekki fært, hvorki kostnaðar vegna né þrengsla í þingsölunum, að hafa hljóðnema við hvert sæti, og varð því að koma fyrir ræðustól og ætlast til þess, að allir, sem ræður flytja á Alþingi, tali frá ræðustóli. Að sjálfsögðu er þinginu í sjálfsvald sett að fella þessi brbl., en benda má á það, að þessi breyting hér á Alþ. er gerð samkv. áskorun frá Alþ. sjálfu.

Á 3. fundi í Nd., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (SB). *Ég leyfi mér að vekja athygli hv.* þingmanna og hæstv. ríkisstjórnar á því, að samkvæmt breytingum á þingsköpum er nú gert ráð fyrir, að þingmenn allir mæli frá ræðustóli vegna *tæknilegrar upptöku, vélrænnar upptöku á þingræðum.*

Á 7. fundi í Ed., 13. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSt): Ég vil leyfa mér að tilkynna hv. þdm., að þegar ræður þm. hafa verið vélritaðar eftir segulbandi, verður hverjum þm. gerður kostur á að líta yfir ræður sínar og koma á framfæri smávægilegum lagfæringum á málfari og framsetningu, enda raskist ekki efni. Handrit með árituðum breytingum óskast afhent lestrarsalsverði innan viku frá því, að ræðan var lögð á borð þm. Að öðrum kosti verður litið svo á, að þm. óski ekki að gera neinar till. um leiðréttingar. Þeir, sem þegar hafa tekið til máls á þessu þingi, hafa fengið möppur með ræðum sínum.

Á 7. fundi í Nd., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JG): Þegar ræður þm. hafa verið vélritaðar eftir segulbandi, verður hverjum þm. gerður kostur á að líta yfir ræður sínar og koma á framfæri smávægilegum lagfæringum á málfari og framsetningu, enda raskist ekki efni. Handrit með árituðum breytingum óskast afhent lestrarsalsverði innan viku frá því, að ræðan er lögð á borð þm. Að öðrum kosti verður litið svo á, að þm. óski ekki að gera tillögur um leiðréttingar.

IV. Kosningar.

1. Síldarútvegsnefnd.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1953 að telja til 31. des. 1955, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 74 29. des. 1934.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 30. jan., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Jón Þórðarson, Björn Kristjánsson og Jónas Rafnar, á B-lista Kristján Sigurðsson verkstjóri á Siglufirði. — A-listi hlaut 37 atkv., B-listi 8 atkv., en 5 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Þórðarson framkvæmdastjóri,
Björn Kristjánssson fyrrv. alþm.,
Jónas Rafnar alþm.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:

Ólafur Ragnars kaupmaður,
Jakob Frímannsson kaupfélagsstjóri,
Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður.

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1952, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 30 jan., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson og Sigurjón Á. Ólafsson. Á B-lista var Ásmundur Sigurðsson alþm. — A-listi hlaut 41 atkv., B-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Pálmason alþm.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm.

3. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá
kosning fimm manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1953 að telja til 31. des. 1955, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 19. maí s. á.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 30 jan., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri (A),
Eysteinn Jónsson fjmrh. (A),
Sigurður Ágústsson alþm. (A),
Jón Kjartansson bæjarstjóri (A),
Þóroddur Guðmundsson bæjarfulltrúi (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Júlíus Havsteen sýslumaður (A),
Karl Kristjánsson alþm. (A),
Jón Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Hólmsteinn Helgason útgerðarmaður (A),
Tryggvi Helgason útgerðarmaður (B).

4. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar:
kosning þriggja manna nefndar samkv. 15. gr. A. X. í fjárlögum fyrir árið 1953, til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Þorsteinn Þorsteinsson, Þorkell Jóhannesson og Helgi Sæmundsson, á B-lista **Magnús Kjartansson.** — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 9 atkv., en einn seðill var auður. Samkv. þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Þorsteinn Þorsteinsson alþm.,
Þorkell Jóhannesson prófessor,
Helgi Sæmundsson blaðamaður.

5. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

a. Kosning í Ed.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var tekin á dagskrá
kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Bernharð Stefánsson og Gísli Jónsson, á B-lista Finnbogi R. Valdimarsson. — A-listi hlaut 14 atkv., B-listi 3 atkv. Samkv. þessu lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Bernharð Stefánsson alþm.,
Gísli Jónsson alþm.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, sem á voru tvö nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:

Rannveig Þorsteinsdóttir alþm.,
Lárus Jóhannesson alþm.

b. Kosning í Nd.

Á 62., 63. og 64. fundi í Nd., 2. og 3. febr., var tekin á dagskrá
kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 4. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson og Stefán Jóh. Stefánsson, á B-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 6 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Sigurður Bjarnason alþm.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Stefán Jóh. Stefánsson alþm.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, sem á voru þrjú nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Magnús Jónsson alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.,
Emil Jónsson alþm.

6. Bankaráð Framkvæmdabankans.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var tekin á dagskrá
kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Framkvæmdabanka Íslands fyrir tímabilið frá 15. febr. 1953 til ársloka 1958, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 14. og 24. gr. sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um Framkvæmdabanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 5. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Jóhann Hafstein, Eysteinn Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason, en á B-lista var Lúðvík Jósefsson. — A-listi hlaut 38 atkv., B-listi 9 atkv., en 1 seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jóhann Hafstein alþm.,
Eysteinn Jónsson fjmrh.,
Gylfi Þ. Gíslason alþm.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson alþm.,
Skúli Guðmundsson alþm.,
Haraldur Guðmundsson alþm.

V. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Kristrún Guðmundsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ó. Ásmundsson.
Tímavinna: Guðmundur Eyþórsson (lét af starfi 9. okt.; var þá ráðinn í hans stað Ársæll Júlíusson), Guðrún Thorarensen, Kirsten Thorberg, Kristín Þorbjarnardóttir, Kristján Gíslason, Sigfríður Bjarnar.

Dyra- og pallavarzla.
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Þórður Jónsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Guðmundur Arnar Sigurjónsson, Ingimar Karlsson.

Þingsveinsstörf:
Rafn Ragnarsson, Bergþór Úlfarsson, Jónas Runólfsson, Ásgeir Höskuldsson, Magnús Guðmundsson (lét af starfi um áramót, og var ráðinn í hans stað Magnús Þorsteinsson), Sigurður Elías Þorsteinsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Svala Sigríður Nielsen, Birgir Guðjónsson.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

VI. Þinghlé.

Á 47. fundi í Ed., 19. des., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Þetta verður án efa síðasti fundur deildarinnar nú fyrir jólafríið. Vil ég leyfa mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs, og þeim hv. þdm., sem heima eiga utan Rvíkur og fara heim um jólin, óska ég góðrar ferðar heim og góðrar heimkomu og vona og óska, að við megum allir hittast hér heilir og hressir eftir jólafríið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit ég mæli fyrir munn dm. allra, þegar ég þakka hæstv. forseta góðar óskir og eins þegar ég flyt honum beztu óskir um ánægjuleg jól, farsælt nýár, góða ferð heim, góða heimkomu og óska, að hann komi heill til endurfunda að jólafríinu loknu. Bið ég hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. góðar óskir mér til handa og hv. þdm. undirtektirnar, endurtek óskir mínar og segi svo fundi slitið.

Á 48. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur í hv. þd. fyrir jól, vildi ég leyfa mér að óska hv. þdm. gleðilegra jóla, þeim þeirra, sem fara heim, góðrar ferðar og góðrar heimkomu og láta þá ósk í ljós, að við hittumst allir heilir að loknu jólafríi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og ég veit, að ég mæli þar fyrir hönd allra hv. þdm. — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir til okkar þm., og ég vil leyfa mér að óska honum gleðilegra jóla og að við megum sjá hann aftur hér að loknu þessu þinghléi og þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm., það sem af er. Ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. um að gera svo vel að taka undir heillaóskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir og hv. þm. öllum fyrir að hafa tekið undir þær. Endurtek ég svo árnaðaróskir mínar til hv. þingmanna og segi fundinum slitið.

Á 26. fundi í Sþ., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JPálm): Það hefur nú verið ákveðið að fresta fundum Alþingis frá í dag þangað til 12.

jan. n. k., og verður fundur, sem þá verður haldinn, að öðru leyti boðaður með dagskrá. Nú þegar við skiljum hér og förum nokkuð sinn í hvora áttina, þá vil ég óska hv. þm., hæstv. ríkisstjórn og öllu starfsfólki Alþingis gleðilegrar jólahátíðar, góðs og farsæls komandi nýárs. Utanbæjarmönnum, sem fara nú heim til sín, óska ég góðrar ferðar og góðrar heimkomu og vona og óska, að við megum hér allir heilir hittast, þegar Alþingi kemur saman að nýju, og að okkur auðnist að gera þá ráðstafanir til ýmissa endurbóta í okkar landi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og ég veit, að ég segi það fyrir munn allra hv. þm. — að þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Og ég vil um leið leyfa mér fyrir hönd okkar þm. að þakka honum fyrir gott samstarf, það sem af er, og óska honum gleðilegra jóla, góðrar heimferðar og að við megum sjá hann heilan á húfi hér aftur, óska honum um leið gleðilegs nýárs. Ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. um að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég vil þakka hv. 2 þm. Reykv. fyrir góðar óskir og vinsamleg orð í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir það.

VII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 72. fundi í Ed., 5. febr., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Þetta verður að öllum líkindum síðasti fundur hv. d. á þessu þingi. Það getur að sjálfsögðu komið fyrir, að d. verði enn kölluð saman á fund. — Ég vil þá í fyrsta lagi biðja um umboð til þess að undirskrifa gerðabók fyrir þennan fund, það mun ekki vera um fleiri að ræða — skoða það samþykkt, ef enginn mælir í gegn. Í öðru lagi vil ég leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir samveruna á þessu þingi og góða samvinnu við mig sem forseta, og vil ég þá alveg sérstaklega þakka starfsmönnum d., hv. varaforsetum fyrir það, þegar þeir hafa hlaupið í skarðið fyrir mig, og skrifurum d. fyrir alveg sérstaklega mikla skyldurækni og góð störf og aðstoð við mig.

Það standa kosningar fyrir dyrum. Það er þar af leiðandi óvíst, hverjir okkar sitja hér saman oftar, og vil ég því einnig nota tækifærið til þess að þakka öllum hv. þdm. án undantekningar fyrir góða viðkynningu fyrr og síðar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra deildarmanna, þegar ég flyt forseta þakkir fyrir hans árnaðaróskir nú, jafnframt því, sem ég þakka honum fyrir ágæta og röggsama fundarstjórn hér og ágætt samstarf í heild sinni hér í d. Ég vil leyfa mér að óska honum góðrar heimferðar og heillar heimkomu og enn á ný í nafni deildarmanna þakka honum fyrir samstarfið og liðinn tíma. Ég vænti, að hv. deildarmenn taki undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. hlý orð í minn garð og hv. þm. fyrir undirtektirnar. Endurtek ég óskir mínar þeim til handa og segi svo þessum fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 69. fundi í Nd., 6. febr., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. á þessu þingi, vil ég nota tækifærið til þess að flytja hv. dm. þakkir mínar fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf við mig sem forseta á því kjörtímabili, sem nú er á enda. Því er stundum haldið fram af þeim, sem lítið þekkja til vinnubragða hér á þingi, að störf þingmanna mótist fyrst og fremst af illdeilum og persónulegu níði, en þessi skoðun á sér, að mínu viti, enga stoð í raunveruleikanum. Þrátt fyrir eðlilegan skoðanamun og andstæð sjónarmið í þjóðmálum er hér starfað saman af góðvild og einlægum vilja til þess að efla þjóðarheill. Þetta er oss sjálfum rétt og skylt að viðurkenna, og þetta á þjóðin að vita.

Þegar við skiljum nú, árna ég utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þdm. persónulegs velfarnaðar og heilla.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og ég veit ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm. — að þakka hæstv. forseta fyrir góð orð og óskir í okkar garð. Ég vil enn fremur leyfa mér fyrir hönd þdm. að þakka honum röggsama og réttláta fundarstjórn og gott samstarf við okkur þm. Ég vil svo óska honum alls velfarnaðar og biðja hv. þm. um að rísa úr sætum til að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þær, endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

VIII. Þinglausnir.

Á 41. fundi í Sþ., 6. febr., las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 1. okt. 1952 til 6. febr. 1953, að meðtöldu jólahléi, eða alls 129 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	69
– efri deild	72
– sameinuðu þingi	41
Alls	182 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:
   a. Lögð fyrir neðri deild 30
   b. — — efri deild 16
   c. — — sameinað þing .. 2
   ——— 48
2. Þingmannafrumvörp:
   a. Borin fram í neðri deild .. 75
   b. — — – efri deild .. 33
   ——— 108
   ——— 156

Í flokki þingmannafrumvarpa er talið 31 frumvarp, sem nefndir fluttu, þar af 24 að beiðni ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:
   Stjórnarfrumvörp .. 38
   Þingmannafrumvörp 35
   ——— alls 73 lög
b. Felld:
   Stjórnarfrumvarp .. 1
   Þingmannafrumvörp 5
   ——— alls 6
c. Afgr. með rökst. dagskrá:
   Stjórnarfrumvörp .. 3
   Þingmannafrumvörp 3
   ——— alls 6
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:
   Þingmannafrumvörpum 3
e. Ekki útrædd:
   Stjórnarfrumvörp .. 6
   Þingmannafrumvörp 62
   ——— alls 68
   156

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi 51
b. Borin fram í neðri deild 1
——— 52

Þar af:
a. Ályktanir Alþingis 23
b. Felldar 3
c. Afgr. með rökst. dagskrá 1
d. Vísað til ríkisstj. 2
e. Ekki útræddar 23
——— 52

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 17, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 7
Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls 215
Tala prentaðra þingskjala alls 804

Síðan mælti:

forseti (JPálm): Það Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, er meðal stytztu þinga, sem háð hafa verið á síðari árum. Hefur það þó haft til meðferðar mjög mörg vandasöm og örðug mál. En það hefur ekki haft við neinar deilur að stríða um stjórnarbreytingu, og veldur það mestu um, að störfum þess hefur þokað svo fram sem raun er á.

Þing og stjórn hefur að þessu sinni átt við að etja margvíslega örðugleika, sem stafa af örðugu árferði, viðskiptastríði frá erlendu stórveldi og stéttarlegu ósamlyndi meðal þjóðarinnar. Allt þetta hefur haft það í för með sér, að störf og aðstaða Alþingis hefur verið miklu ógeðfelldari en oft áður, og margt af því, sem samþ. hefur verið, ber eðlilega svip af því örðuga ástandi, sem við hefur verið að fást. En fyrir utan það, sem þannig er vaxið, hefur þetta þing afgreitt margvíslega löggjöf og ákvarðanir til nytja og bjargræðis fyrir atvinnu- og fjármálalíf landsins. Mun ég ekki hér gefa neina lýsingu af þeim málum, sem þingið hefur afgreitt, eða hinum, sem eftir liggja óafgreidd. Þeim hefur öllum verið lýst fyrir alþjóð af fréttamanni Alþingis og um mörg þeirra skrifað í blöðum. En ég vil í umboði Alþingis óska þess, að sú löggjöf og þær ákvarðanir, sem þetta þing hefur afgreitt, verði þjóð vorri til gagns og gæfu. Ég vil óska landi voru og þjóð árs og friðar, gæfu og gengis á þessu ári og framvegis. Ég óska þess, að atvinnuvegir þjóðarinnar til lands og sjávar megi blessast og blómgast betur en verið hefur um skeið.

Þetta þing mun að öllum líkindum verða hið síðasta á yfirstandandi kjörtímabili. Það veit því enginn um, hverjir af núverandi alþm. verða á næsta þingi. En ég vil flytja öllum hv. þm. beztu þakkir fyrir góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta, og ég óska öllum hv. þm., hæstv. ríkisstj. og öllu starfsfólki Alþingis góðrar heilsu og persónulegrar hamingju. Þeim þingmönnum, sem í fjarlægðinni búa, óska ég góðrar ferðar og góðrar heimkomu.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd allra hv. þm. að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og hlý orð í okkar garð. Ég vil enn fremur — og ég veit, að ég geri það líka fyrir hönd allra hv. þm. — leyfa mér að þakka honum fyrir röggsama og réttláta fundarstjórn og fyrir gott og ánægjulegt samstarf við okkur þingmenn. Ég vil svo óska honum, nú þegar hann heldur heim, góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og honum persónulega og hans fólki alls velfarnaðar. Ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. að rísa úr sætum sínum og taka undir þessar óskir mínar til hæstv. forseta. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í minn garð, og öllum hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Í dag hefur verið gefið út svolátandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 72. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, föstudaginn 6. febr. 1953.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gert í Reykjavík 6. febr. 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

Steingrímur Steinþórsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt bréfi því, sem ég hef lesið, segi ég þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum sínum, slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni heilla og bið þingheim að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.